

**ÚRSKURÐARNEFND
Í
VÁTRYGGINGAMÁLUM**

Samantekt úrskurða 2014

Mál nr. 1/2014
M og
V vegna sjúkdómatryggingar.

Ágreiningur um synjun persónutryggingar vegna umsóknar dags. 8. janúar 2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið 3. janúar 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 16. janúar 2014 ásamt afriti váttryggingarumsóknar dags. 8. janúar 2013, afrits verklagsreglna endurtryggjanda, skilmála sjúkdómatryggingar og afrit ítrekana og niðurfellingarbréfa dags. 7. ágúst 2012, 4. september 2012 og 2. október 2012.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M hafði verið tryggður hjá V með líf- og sjúkdómatryggingum en skv. yfirliti V féllu þær váttryggingar niður vegna vanskila á árinu 2012. M kveðst hins vegar hafa sagt upp fyrrnefndum tryggingum fyrir mistök. M sótti um sjúkdómatryggingu með váttryggingarumsókn dags. 8. janúar 2013. Þar gaf hann upplýsingar um heilsufar sitt, m.a. nefndi hann krankleika sem komið hafði upp á árinu 2009 („TIA - minniháttar, fullur bati 8. des 2009“) og að hann væri í rannsóknnum vegna mögulegs brjósksloss í tengslum við umferðarslys á árinu 2011. Með bréfi V dags. 21. janúar 2013 var M tilkynnt að umsókn hans um váttryggingu væri ekki samþykkt að svo stöddu á grundvelli upplýsinga í heilsufarskafla umsóknar og vegna „mats trúnaðarlæknis félagsins eftir reglum endurtryggjanda.“ Ekki kemur fram að M hafi óskað eftir rökstuðningi vegna þessarar höfnunar, sbr. heimild sem hann hefur í 3.mgr. 82.gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

M vísar til þess í málskoti sínu að V hefði átt að leita eftir frekari gögnum, vegna þeirra heilsufarsupplýsinga sem hann gaf upp í váttryggingarumsókn sinni í janúar 2013, áður en það tók afstöðu til umsóknar hans. M kveðst hafa gefið umræddar upplýsingar með það fyrir augum að V myndi afla frekari gagna um heilsufar hans í því ljósi. Einnig vísar M til þess að hann hafi áður fengið sjúkdómatryggingu hjá V þrátt fyrir að hafa verið í hærri mörkum kólesteróls. Einnig vísar M til þess að ekki hafi reynst rétt að hann hafi fengið svokallað TIA-kast heldur hafi verið um að ræða álagseinkenni. Ekki verður annað séð af málskoti en að M fari fram á að nefndin taki afstöðu til þess hvort höfnun váttryggingarumsóknar af hálfu V hafi verið rétt í skilningi laga og reglna sem gilda um slíkar tryggingar þó það sé ekki sérstaklega orðað í málskoti.

V telur að félagið hafi ekki getað veitt M sjúkdómatryggingu vegna upplýsinga í váttryggingarumsókn hans, þ.e. sérstaklega þar sem hann upplýsti um yfirstandandi læknisrannsóknir vegna mögulegs brjósksloss og þess að hann hefði áður fengið TIA kast svokallað, eða skammvinnt blóðþurrðarkast í heila. V vísar til reglna um áhættumat sem birtar eru á heimasíðu félagsins sem og vinnureglna endurtryggjanda V og byggir á því að í þeim reglum komi fram að V geti ekki samþykkt váttryggingarumsókn á meðan umsækjandi er í rannsóknnum vegna heilsufarsvandamála. Þar sem þannig hafi staðið á hjá M hafi höfnun V verið óumflýjanleg.

Álit.

Nefndin lítur svo á að ágreiningur málsins lúti fyrst og fremst að því hvort V hafi fært fram fullnægjandi rök fyrir því að hafna sjúkdómatryggingarumsókn M í janúar 2013. Þó ákvæði 3.mgr. 82.gr. laga um váttryggingarsamninga segi að váttryggingarfélag skuli rökstyðja slíka höfnun *sé eftir því leitað* má benda á að skilaboð til umsækjanda, eins og M, verða miklu mun skýrari sé það gert strax. Í máli þessu telur M að þær upplýsingar sem hann gaf á váttryggingarumsókn geti ekki leitt til þeirrar niðurstöðu að honum sé hafnað að taka sjúkdómatryggingu þar sem hann hafi í raun ekki fengið blóðþurrðarkast í heila eða brjósksloss. Engar læknisfræðilegar upplýsingar liggja hins vegar fyrir í málinu því til stuðnings. Í bréfi V til nefndarinnar dags. 16. janúar 2014 koma fram

röksemdir V fyrir því að hafna umsókn M um sjúkdómatryggingu og hefur því bréfi verið komið á framfæri við M undir meðferð málsins.

Í greinargerð frumvarpi til laga um váttryggingarsamninga, sem varð að lögum nr. 30/2004, kemur fram að litið hafi verið svo á í norrænu váttryggingarétti að játa beri einstaklingum nokkurn rétt til váttryggingarverndar í persónutryggingum. Þegar litið er til þessara orða verður að gera nokkrar kröfur til rökstuðnings váttryggingafélaga þegar þau hafna því að veita persónutryggingu. Rökstuðningurinn þarf að vera skýr og byggja á málefnalegum sjónarmiðum. Þegar litið er til þess hvort þær röksemdir, sem V byggir á í bréfi sínu, uppfylla þær kröfur verður að líta til þess að V hefur sérstaklega lagt fram gögn um TIA (Transient Ischaemic Attack) í reglum endurtryggjanda síns og vísað til þeirrar almennu reglu félagsins við áhættumat að geta ekki veitt váttryggingu þegar umsækjandi er til rannsókna vegna heilsufarsvandamála og niðurstaða liggur ekki fyrir úr þeim rannsóknum. M.v. þau gögn sem liggja fyrir í málinu þykir V hafa fært fram málefnaleg sjónarmið við áhættumat sitt vegna sjúkdómatryggingarumsóknar M í janúar 2013. Ekki liggur annað fyrir í umsókn M en að hann hafi fengið svokallað TIA í október 2009 án þess að því hafi fylgt lækisfræðileg gögn um annað og ljóst er að niðurstöður lækisrannsókna vegna brjós-kloss lágu ekki fyrir á þessum tíma. Lækisfræðileg gögn, sem styðja sjónarmið M um að umrædd heilsufarsvandamál hafi ekki reynst alvarleg, liggja því ekki fyrir og verður því ekki byggt á öðru en upplýsingum sem koma fram í umsókn. Gerir nefndin því ekki athugasemd við höfnun V á váttryggingarumsókn M í janúar 2013.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr sjúkdómatryggingu hjá V.

Reykjavík 7. febrúar 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 2/2014
M og
V v. frítímaslysáttryggingar fjölskyldutryggingar.

Maður telur sig hafa slasast þegar hann var að ganga niður tröppur og féll illa þ. 24.1.2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.3.1.2014 ásamt fylgiskjölum 1-9
2. Bréf V dags. 20.1.2014.

Málsatvik.

M var að ganga niður tröppur þegar hann hrasaði og féll illa. M segist hafa fengið áverka á vinstri öxl við fallið. M krefst bóta úr frítímaslysáttryggingu sinni hjá V og segir að hann hafi fengið áverka á hægri öxl sumarið 2012 og hafi því reynt að hlífa henni í fallinu og hafi staðið í þeirri trú að hann mundi jafna sig fljótlega eftir fallið í janúar 2013. M segir að þegar hreyfigeta hafi farið þverrandi og verkir vaxandi þá hafi hann leitað til læknis þ. 22.4.2013. M byggir á því að orssakatengsl séu á milli slyssins og núverandi einkenna hans í vinstri öxl. Þá vísar M til niðurstöðu myndgreiningar og segir M hafa verið greindan með rifu í sin ofankambsvöðvans. Þá vísar M til þess að hann eigi enga sögu um einkenni frá vinstri öxl fyrir slysið þ. 24.1.2013. V hafnar bótaskyldu og vísar til þess að M hafi fyrst leitað til læknis 3 mánuðum eftir umræddan atburð. Þá vísar V til þess að einkenni M eins og þau hafi verið greind við fyrstu komu til læknis séu ekki sértæk fyrir afleiðingar slysa heldur geti einnig verið um að ræða hægfara rýrnun. Þá telur V að orsakatengsl séu ósönnuð milli umrædds atviks og þeirra verkja sem hrjá M í dag.

Álit.

M leitaði ekki til læknis fyrr en um þrem mánuðum eftir slysið. Á grundvelli þeirra gagna sem liggja fyrir um áverka M er ósannað að um orsakatengsl sé að ræða milli þeirra verkja sem eru að hrjá M í vinstri öxl í dag og falls hans í tröppum þ. 24.1.2013. M á því ekki rétt á bótum úr frítímaslysáttryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frítímaslysáttryggingu sinni hjá V

Reykjavík 7.2.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 3/2014

M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
vátryggingafélagið Y v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur á götu um bifreiðastæði austan við Húsgagnahöllina að Bildshöfða þ. 12.12.2013.**Gögn.**

1. Málskot, móttekið 3.1.2014, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf Y, dags. 9.1.2014, ásamt fylgigögnum.
3. Bréf X, dags 18.12.2013, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Bifreiðinni A var ekið til norðurs eftir ónefndri götu sem liggur frá Bildshöfða til suðurs um bifreiðastæði austan við verslunarbyggingu Húsgagnahallarinnar. Er A var komin að útkeyrslu frá bensínsölu Atlantsolíu austan götunnar var bifreiðinni B ekið frá útkeyrslunni og inn á götuna. Rákust þá saman hægra framhorn A og vinstra framhorn B.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið norður fyrrgreinda götu þegar B hafi skyndilega komið frá hægri út frá stæðinu við Atlantsolíu og lent á A. Í gögnum málsins kemur fram að áður en áreksturinn varð hafi ökumaður A gefið stefnumerki til hægri þar sem hann hafi ætlað að beygja til hægri austur Bildshöfða.

Ökumaður B kvaðst hafa verið á leið vestur af stæðinu og ætlað beint yfir götuna inn á stæðið við Húsgagnahöllina. Hafi honum fundist sem A hafi ætlað að beygja til hægri inn á stæðið austan götunnar þar sem stefnuljós til hægri hafi logað á bifreiðinni. Hins vegar hafi A ekki verði beygt.

Álit.

Ekki er um það deilt að gata sú sem A var ekið eftir sé ætluð til almennrar umferðar og telst vera vegur, sbr. 2. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 (ufl.). Ökumaður sem ætlar að aka inn á veg af bifreiðastæði, bensínstöð eða svipuðu svæði skal veita umferð í veg fyrir leið hans forgang, sbr. 3. mgr. 25. gr. ufl. Samkvæmt þessu bar ökumaður B að víkja fyrir A. Á því varð misbrestur og ber ökumaður B sök á árekstrinum. Af gögnum málsins þykir nægilega í ljós leitt, eins og fyrr greinir, að stefnumerki til hægri hafi logað á A þegar áreksturinn varð. Þótt ökumaðurinn hafi gefið stefnumerkið í því skyni að beygja til hægri inn á Bildshöfða var stefnumerkjagjöfin til þess fallin að villa um fyrir ökumanni B um fyrirhugaða akstursleið A. Bar ökumanni A við þessar aðstæður að hafa í huga að stefnumerkjagjöfin gæti valdið misskilningi eins og reyndin varð. Gætti ökumaður að þessu leyti ekki þeirrar varúðar sem af honum mátti krefjast. Á hann því einnig nokkra sök á því hvernig fór. Eftir atvikum öllum þykir rétt að ökumaður A beri 1/3 hluta sakar og ökumaður B 2/3 hluta sakar.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber 1/3 hluta sakar og ökumaður B 2/3 hluta sakar.

Reykjavík, 7. febrúar 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 5/2014
M og
V1 v/ bifreiðarinnar A og V2 v/ bifreiðarinnar B.

Árekstur á bifreiðastæði við Turninn á Smáratorgi 13. mars 2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið 6. janúar 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V2 dags. 17. janúar 2014
3. Tölvupóstur V1 dags. 24. janúar 2014 ásamt myndum af vettvangi áreksturs.

Málsatvik.

Skv. sameiginlegri tjonstilkynningu okumanna bifreiða A og B var báðum bifreiðum ekið niður af bifreiðastæði við Turninn á Smáratorgi í Kópavogi, samsíða sitthvora leiðina. Af myndum og athugun nefndarinnar á vettvangi er aksturleiðum beggja bifreiða þannig háttað að þær aka báðar að biðskyldumerki inn á Smáratorg. Á vettvangi er einnig umferðarmerki sem bannar vinstri beygju og ekki verður staðsetning umferðarmerkja skilin öðruvísi en að vinstri beygja sé bönnuð í akstursstefnu beggja bifreiða, A og B. Árekstur varð með bifreiðunum þegar þær voru rétt komnar framhjá umræddum umferðarmerkjum. Á fyrrgreindri tjonstilkynningu er merkt við og sýnt á mynd að ökumaður B hafi verið að beygja til hægri en ökumaður A hafi verið að aka beint áfram.

M telur að ekki sé sannað að ökumaður bifreiðar A hafi ætlað að beygja til vinstri þar sem ljósmyndir af hjólbörðum bifreiðarinnar sýni frekar að lagt hafi verið á hana til hægri þegar árekstur varð. Einnig telur M að ökumaður B hafi átt að gæta varúðar frá hægri við aksturinn og hafi átt að veita A forgang þess vegna.

V1 telur að hvorugur okumanna hafi gætt nægilega að sér og skipta eigi sök til helminga. V2 telur að myndir af vettvangi sýni að ef ökumaður A hafi ætlað að aka beint áfram á bifreiðastæðinu við Smáratorg hafi hann þurft að beygja fyrst til vinstri. V2 vísar einnig til mynda af bifreiðunum sjálfum og telur þær sannað slíka akstursstefnu bifreiðar A.

Álit.

Í málinu liggja fyrir ljósmyndir af bifreiðum A og B eftir áreksturinn sem sýna akstursstefnu bifreiðar B til hægri, sem er í samræmi við merkingu og teikningu sameiginlegrar tjonstilkynningar. Þegar litið er til ljósmynda sem tekin er aftan á báðar bifreiðarnar verður hins vegar ekki hjá því litið að bifreið A vísar til vinstri á myndinni. Þegar litið er til annarra mynda verður ekki séð að þær geymi eins skýr sönnunargögn um akstursstefnu bifreiðar A til hægri, eins og haldið er fram í málskoti. Verður ökumaður A að bera hallann af því og telst bera alla sök á árekstrinum fyrir að hafa ekki gætt þess að haga akstri eftir umferðarmerkjum, sbr. 5.gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með því að vera með akstursstefnu til vinstri eftir umferðarmerki sem bannar vinstri beygju.

Niðurstaða.

Öll sök á bifreið A.

Reykjavík 7. febrúar 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 6/2014
M vegna ófjárráða dætra sinna
S og R og
V v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.

Krafa um bætur vegna líkamlegs og geðræns tjóns vegna áreksturs þ. 8.8.2007.

Gögn.

1. Málskot móttækið þ. 4.1.2014 ásamt fylgiskjölum 1-13
2. Bréf V dags. 24.1.2014.

Málsatvik.

M rekur mál þetta f.h. ófjárráða dætra sinna S og R. Málavexti segir M vera að hún hafi lent í árekstri þegar hún ók bifreið sinni og A var ekið inn í hlið bifreiðar hennar. R var þá farþegi í bifreiðinni en móðir málskotsaðila var þá ólétt af S. Af hálfu málskotsaðila er því haldið fram að R hafi fengið verki í magann 5 dögum eftir áreksturinn og við skoðun hafi hún virkað hrædd en ekkert óeðlilegt hafi fundist. Þá segir að R hafi verið haldin ofsahræðslu eftir áreksturinn og þolað illa hávaða og eftir áreksturinn hafi hún sýnt töluverð hræðslu- og kvíðamerki. Þá er varðandi S vísað til vottorðs Þórðar Þorkelssonar lækni um að stúlkan virðist haldin “scoliosis”. Gerð er krafa um bætur til handa S og R og er af þeirra hálfu vísað til fyrirbyggjandi lækisfræðilegra gagna. Varðandi R er vísað til geðrænna vandamála sem rekja meggi til árekstursins og ótvírætt að hún hafi orðið fyrir geðrænu tjóni vegna hans. Varðandi S er vísað til þess að móðir hennar hafi fengið högg á kviðinn í árekstrinum og lækisfræðileg gögn varðandi hana sýni að hún hafi orðið fyrir líkamlegum áverkum svo sem að framan greinir.

V hafnar bótaskyldu og telur ósannað að dætur M hafi orðið fyrir nokkru líkamstjóni af völdum framangreinds áreksturs. Varðandi S er vísað til þess að hún hafi verið í móðurkviði þegar áreksturinn varð og samkvæmt vottorði heilsugæslu hafi barnið ekki verið talið hafa orðið fyrir neinum skaða í móðurkviði. Þá vísar V til þess að S hafi greinst með smávægilega hryggskekkju og allir læknar sem skoðuðu S á fyrsta aldursári hafi talið tengsl milli hryggskekkju S og árekstursins mjög óljós. Þá vísar V til þess hvað S varðar að nú séu liðin 6 ár frá árekstrinum og engar upplýsingar séu á sjúkraskrá heilsugæslu um neinar afleiðingar hans. Þá vísar V til vottorðs Yngva Ólafssonar lækni um að hryggskekkjan hafi ekki verið greinanleg við sjö mánaða aldur S. Varðandi R segir V að farið hafi verið með hana á heilsugæslu daginn eftir árekstur og hún kvartað undan verkjum í maga og virst hrædd en ekkert óeðlilegt hafi komið fram og á næstu misserum hafi alloft verið leitað á heilsugæsluna með R vegna kviðverkja sem voru taldir standa í sambandi við hægðatregðu. Þá segir V að engin gögn liggja fyrir sem sýni fram á geðræn vandamál R sem rekja meggi til árekstursins. Einnig segir V að rannsóknarbeiðni hafi verið lögð fram þ.9.6.2008 á BUGL og hafi félagið lagt til að upplýsinga yrði aflað um afdrif þeirrar beiðni og niðurstöðu BUGL en engar upplýsingar hafi borist V hvað það varðar. V segir að nákvæmlega ekkert styðji fullyrðingar M um að R hafi orðið fyrir tjóni á geðsmunum af völdum árekstursins.

Álit.

R var farþegi í bifreið móður sinnar M, sem rekur málið fyrir hönd hennar og S systur hennar sem er einnig ófjárráða, þegar þær lentu í árekstri við aðra bifreið. Þau gögn sem liggja fyrir í máli R teljast ekki sýna fram á að R hafi orðið fyrir líkamlegu eða geðrænu tjóni vegna árekstursins þ. 8.8.2007. Þá staðfesta lækisfræðileg eða önnur gögn heldur ekki líkamsáverka S í móðurkviði

við sama áreksur. M á því ekki rétt á bótum vegna ófjarráða dætra sinna úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna ofangreinds áreksurs.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík 7.2.2014

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 7/2014**M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar verktaka.****Tjón á bifreið er hún rakst á skóflu af gröfu sem lá á bifreiðastæði.****Gögn.**

4. Málskot, móttakið 8.1.2014, ásamt fylgigögnum.
5. Bréf X, dags 15.1.2014, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Síðdegis hinn 10.1.2013 ók M bifreið sinni, A, utan í skóflu af gröfu sem lá á bifreiðastæði við íþróttahús Ármanns og Þróttar í Laugardal í Reykjavík. Þegar óhappið varð mun hafa verið myrkur, rigning og auð jörð. Framkvæmdir munu hafa staðið þarna yfir um einhvern tíma á vegum verktakans V.

M kvaðst hafa ekið innst inn á bifreiðastæðið og beygt í áttina að íþróttahúsunum, en í beygjunni, í aksturslínunni, hafi skóflan legið og hún ekið utan í hana.

Af hálfu V er aðstæðum á vettvangi lýst svo að bifreiðastæðinu hafi verið skipt í þrjár einingar og hafi V verið með aðstöðu á einni einingunni. Henni hafi ávallt verið lokað með keilum og merkjum og stundum vinnuvélum að auki. Oft hafi komið fyrir að fólk hafi verið troðast inn á svæðið vegna álags á hinum stæðunum.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

A var ekið utan í skóflu af vélgröfu. Af ljósmyndum af vettvangi má ráða að skóflan hafi verið upp við kantstein en skagað að nokkru út í akbrautina á bifreiðastæðinu sem ökumaður A var að beygja inn á. Lítið eitt framur í beygjunni má sjá tvær varúðarkeilur. Ekki verður ráðið að staðsetning keilnanna hafi verið til þess fallin að loka þeim hluta stæðisins sem M ók inn á eða til að vara sérstaklega við skóflunni. Þegar horft er til þess að myrkur var og auð jörð verður að telja að skóflan hafi sést illa auk þess sem hún var á varasömum stað þegar beygt var inn á þennan hluta bifreiðastæðisins. Frágangur á svæðinu var að þessu leyti hættulegur og til þess fallinn að skapa hættu á að ekið væri utan í skófluna. Til þessa verður óhappið að nokkru leyti rakið og ber V því nokkra ábyrgð á tjóni M. M átti engu að síður að sjá keilurnar og gera sér grein fyrir að aðstæður gætu að einhverju leyti að vera varasamar. Henni bar því að gæta ýtrustu varúðar er hún beygdi inn á stæðið. Á því varð misbrestur og ber af þeim sökum einnig ábyrgð á tjóninu. Eftir atvikum öllum þykir rétt að M fái tjón sitt bætt að hálfu úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

Tjón M á A bættist að hálfu úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 7. febrúar 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 8/2014
M og
V v/ábyrgðartryggingar N.

Slys í snúningshurð 24. apríl 2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið 8. janúar 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 17. janúar 2014.

Málsatvik.

Af gögnum málsins má ráða að M, sem er 6 ára gömul, hafi fótbrotnað þegar fótur hennar festist við snúningshurð í húsnæði N1 á Bíldshöfða. Í tjónstilkynningu kemur fram að þá hafi jafngamall bróðir hennar verið að ýta umræddri snúningshurð af miklum krafti.

M telur að N beri skaðabótaábyrgð vegna afleiðinga slyssins þar sem engin viðvörunarmerki séu við hurðina, né neyðarbremsur. M telur að hurðin uppfylli ekki skilyrði byggingarreglugerðar nr. 441/1998, sem var í gildi þegar hús N var byggt árið 2008, og vísar til gr. 108.1 þar sem gerð er sú krafa að húsnæðið sé vandað og hagkvæmt m.t.t. öryggis, heilbrigðis, aðgengis og afnota allra. M telur að húsnæði N sé ekki eins öruggt og gera verði kröfu um þar sem hurðin sé greinilega hættuleg börnum.

V hafnar því að skaðabótaábyrgð N sé til staðar og vísar til þess að umrædd hurð sem M slasaðist við sé handdrifin og ekki búin vélrænum búnaði. Um sé að ræða hurðabúnað sem tíðkast víðsvegar sem inngöngudyr í húsnæði opinberra aðila, þjónustu- og rekstaraðila. V telur að hurðabúnaðurinn uppfylli þær kröfur byggingarreglugerðar og ekki hafi verið sýnt fram á að slys M sé hægt að rekja til vanbúnaðar hurðarinnar.

Álit.

Í málinu liggur fyrir að M slasaðist við snúningshurð í húsnæði, en af lýsingum í tjónstilkynningu má ráða að bróðir hennar hafi á sama tíma verið að snúa hurðinni af miklum krafti. Verður ekki annað séð en að tjón M sé fyrst og fremst að rekja til þeirrar háttsemi. Gögn málsins sýna ekki að hurðabúnaður hafi verið þess eðlis að hann skapi sérstaka hættu sem forsvarsmenn N áttu að bregðast við eða að hurðin uppfylli ekki kröfur sem gerðar eru í lögum og reglum þar að lútandi. Ekki telst því sannað að slys M hafi orðið vegna aðstæðna sem N ber skaðabótaábyrgð á hún því ekki rétt á skaðabótum úr ábyrgðartryggingu þess hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu N hjá V.

Reykjavík 7. febrúar 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 10/2014
M og
V+atryggingafélagið V v. fjölskyldutryggingar.

Innbrot í hús þ. 10.6.2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.8.1.2014 ásamt fylgiskjölum 1-8
2. Bréf V dags. 16.1.2014

Málsatvik.

Samkvæmt lögregluskýrslu var lögreglan kölluð á heimili M vegna innbrots og segir að rótað hafi verið í munum og tilgreindir munir teknir og áætlað verðmæti þeirra. Í lögregluskýrslu segir að gluggar séu lokaðir með gluggajárnum sem þó séu þannig að því að losa þau sé hægt að opna gluggann alveg upp á gátt og í gluggakistu í stofu hafi mátt sjá gras og mold sem merki þess að þar hafi verið farið inn. M taldi tilgreindan aðila hafa brotist inn í umrætt sinn, en engar frekari upplýsingar liggja fyrir um það. V krefst bóta úr innbútryggingarlið heimatryggingar sinnar hjá V. V hafnar bótaskyldu og vísar til þess að gluggar hafi verið lokaðir með gluggajárnum sem hægt hafi verið að opna upp á gátt með því að losa þau og miðað við upplýsingar í málinu þá hafi verið farið inn í íbúðina um opnanlegt gluggafag í stofuglugga á suðurhlíð hússins en þar hafi verið smá rifa en því haldið föstu með stormjárn. V vísar til yfirlitsmyndar í gr.17.1 í skilmálum heimatryggingar og þar komi fram á bls. 18 í váttryggingaskilmálum að váttryggingin taki til tjónsatvika sem verði vegna þjófnaðar við innbrot í læsta íbúð og skilyrði greiðsluskyldu séu ótvíræð merki þess að brotist hafi verið inn. Þá telur V að einu ummerkin sem hægt sé að rekja til innbrots séu einungis smá gras og mold í stofuglugga á suðurhlíð íbúðarinnar og geti það ekki talist ótvíræð merki þess að brotist hafi verið inn og því sé bótaskylda V ekki fyrir hendi.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en farið hafi verið inn í íbúðina í gegn um opnanlegan glugga í stofu íbúðarinnar. Eftir því sem segir í skýrslu lögreglu var sá gluggi einungis lokaður með stormjárn sem auðvelt var að losa og opna gluggann upp á gátt. Með því að yfirgefa íbúðina og gæta ekki þeirrar varúðarreglu að gluggar væru tryggilega lokaðir sýndi M af sér gáleysi sem leiðir til þess að M á ekki rétt á bótum miðað við ákvæði í váttryggingaskilmálum sem hér um ræðir sbr. 26. gr. laga um váttryggingasamninga nr. 30/2004.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr heimatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 7.2.2014

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 11/2014**M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar verktaka.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns í tengslum við endurgerð baðherbergis.****Gögn.**

6. Málskot, móttakið 4.1.2014, ásamt fylgigögnum.
7. Bréf X, dags 22.1.2014, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Með samningi M og A, dags. 9.11.2012, tók M að sér að endurgera baðherbergi í íbúð A. Tók samningurinn til efnis og vinnu við endurgerðina. Fékk M verktakann V til að annast vinnu við endurgerðina, sem m.a. fólst í vinnu við flísalögn í baðherberginu og múrverk við sturtubotn. V hóf störf við verkið strax í kjölfar þess að samningur við hann var undirritaður 9.11.2012 og lauk verki nokkru fyrir jól. Fljótlega mun hafa komið í ljós leki út frá flísalögninni. Byggingatæknifræðingur og húsasmíðameistari var fenginn til að skoða aðstæður í baðherberginu. Í minnisblaði hans um skoðunina kemur fram að sprungur séu í fúgum á milli flísa á trévegg inni í sturtunni en ekki á steiptum veggjum. Einnig kemur þar fram að líkur séu á að vatn berist í gegnum sprungur inn í vegg og hafi valdið rakaskemmdum sem hafi komið fram á vegg í holi íbúðarinnar.

Í tengslum við lagfæringu af hálfu M á því sem kunnir að hafa valdið lekanum framseldi A hugsanlega bótakröfu á hendur V til M. M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu og hefur m.a. borið fyrir sig að ábyrgðartrygging sú sem V hafði hjá félaginu hafi ekki tekið til tjóns eins og hér um ræðir og að auki hafi vátryggingin fallið úr gildi vegna vanskila 5.12.2012 og því ekki ljóst að tjónið verði rakið til atvika sem urðu á gildistíma vátryggingarinnar.

Álit.

Samkvæmt 2. gr. í vátryggingarskilmálum ábyrgðartryggingar þeirrar sem V hafði keypt hjá X tekur ábyrgðartryggingin til skaðabótaábyrgðar sem fellur á vátryggðan vegna líkamstjóns eða skemmda á munum vegna starfsemi þeirrar, sem getið er í skirteini eða iðgjaldskvittun, enda verði líkamstjónið eða skemmdirnar raktar til skyndilegs og óvænts atburðar. Þá segir í skilmálunum, gr. 6.3, að vátryggingin taki ekki til ábyrgðar vegna skemmda á munum eða glötunar muna sem vátryggður tekur að sér að gera við, hreinsa, setja upp eða vinna við með einum eða öðrum hætti, ef tjónið verður af verkinu eða við verkið. Hliðstæð ákvæði um gildissvið frjálsrar ábyrgðartryggingar og takmarkanir á gildissviði vátryggingarinnar hafa verið í skilmálum velflestra vátryggingafélaga hér á landi um árabil. Engum vafa er undirorpið að bótakrafa M á hendur V er reist á meintum mistökum V við vinnu hans við endurgerð baðherbergisins. Með vísan til fyrrgreindra ákvæða í vátryggingarskilmálunum fellur skaðabótakrafa af því tagi sem hér um ræðir ekki undir gildissvið vátryggingarinnar. Eins og málið liggur fyrir verður ekki séð að það verði rakið til ófullnægjandi upplýsingagjafar af hálfu X við töku vátryggingarinnar eða annarra atvika sem X ber ábyrgð á að gildissvið vátryggingarinnar var háð þeim takmörkunum sem að framan greinir. Samkvæmt þessu fæst krafa M ekki bætt úr ábyrgðartryggingu þeirri sem V hafði keypt hjá X. Í ljósi þessarar niðurstöðu er ekki talin þörf á að taka afstöðu til þess hvort M eigi skaðabótakröfu á hendur V eða hvort vátryggingin hafi verið í gildi þegar þau atvik urðu sem kunna að hafa leitt til tjónsins.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 7. febrúar 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 12/2014
M og
Vátryggingafélagið V v. slysaftryggingar ökumanns og eiganda A

Árekstur, líkamstjón. Tilkynningarskylda vátryggingafélags þ. 11.11.2011.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.10.1.2014 ásamt fylgiskjöllum 1-23
2. Bréf V dags.

Málsatvik.

Af hálfu M er málavöxtum lýst með þeim hætti að M hafi ekið norður Snorrabraut þegar bifreið var ekið í veg fyrir A bifreið M, sem rann þá stjórnlaust á aðra bifreið og skemmdist mikið og M varð fyrir líkamstjóni. Um málið var fjallað í úrskurði nefndarinnar í máli nr. 325/2012, en viðkomandi vátryggingafélög þ.m.t. V tilkynntu að þau höfnuðu úrskurðinum. M greindist með tognun og ofreynslu á háls hrygg og mar á öxl og upphandlegg vegna slyssins. Þ. 21.júlí 2013 tilkynnti V að það mundi fella niður rétt M til bóta úr slysaftryggingu ökumanns og eiganda A vegna stórkostlegs gáleysis hans. M féllst ekki á þá niðurstöðu V og telur að V hafi tilkynnt honum of seint þá ákvörðun sína að fella niður rétt M til bóta úr slysaftryggingunni. Af hálfu M er vísað til tilkynningarskyldu V sbr. 94. gr laga um vátryggingasaminga nr. 30/2004 og þess að vanræki V að senda slíka tilkynningu glati það rétti til að bera fyrir sig atvikin sbr. 2.mgr.94.gr. vátryggingasamningalaganna, en V beri að senda slíka tilkynningu án ástæðulauss dráttar. Af hálfu M er vísað til þess að þrátt fyrir höfnun á bótaskyldu úr kaskótryggingu þ.16.mars 2012 og ofangreindan úrskurð Úrskurðarnefndar í vátryggingamálum hafi V þá ekki tilkynnt um að það mundi bera fyrir sig ábyrgðartakmörkun 90. gr. vátryggingasamningalaga vegna kröfu M um bætur fyrir líkamstjón úr slysaftryggingu ökumanns og eiganda A. Af hálfu M er því haldið fram að V hafi haft allar forsendur til að taka afstöðu og tilkynna hana þ.16.mars 2012, en það hafi V ekki gert fyrr en þ. 21.júní 2013 þegar liðnir voru 15 mánuðir frá því að V hafnaði bótaskyldu úr kaskótryggingu A. M telur ljóst að V hafi ekki tilkynnt án ástæðulauss dráttar um að það hyggðist fella niður rétt M og byggir M á því að V hafi glatað rétti sínum til að bera fyrir sig ábyrgðartakmörkunina með vísan til 2. mgr. 94. gr. vátryggingasamningalaga og er því af hálfu M krafist að hann fái líkamstjón sitt bætt að fullu. V hafnar bótaskyldu og vísar til þess að M hafi ekið allt of hratt í umrætt sinn og með bréfi dags. 12.3.2012 hafi V tilkynnt M um algeran missi bótaréttar vegna kaskótryggingar A og þá hafi legið fyrir afstaða V um stórkostlegt gáleysi M og í ofangreindum úrskurði Úrskurðarnefndar í vátryggingamálum hafi verið komist að sömu niðurstöðu og því bæri að skerða bótarétt M um 50% vegna stórkostlegs gáleysis en V hafi hafnað þeirri niðurstöðu. Þá bendir V á að engin formleg krafa hafi verið send V og tilkynningarskylda skv. 94. gr.vátryggingasamningalaga því ekki orðið virk.

Álit.

M telur að V sé ekki stætt á að skerða bótarétt sinn úr slysaftryggingu ökumanns vegna ákvæða 94. gr. laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004 þar sem fram kemur að hyggist vátryggingafélag bera fyrir sig rétt til takmörkunar á ábyrgð í heild eða að hluta samkvæmt reglum IV. kafla laganna, t.a.m. vegna stórkostlegs gáleysis, skal það tilkynna vátryggingartaka eða vátryggðum um afstöðu sína án ástæðulauss dráttar eftir að félaginu varð kunnugt um atvik sem leyst gátu það undan ábyrgð. V var ljóst fljótlega eftir áreksturinn að M hafði orðið fyrir líkamstjóni. V hafði allar forsendur til að tilkynna M um afstöðu sína varðandi

ábyrgðartakmörkun úr slysatryggingu ökumanns þ. 16.3.2012 en gerði það ekki fyrr en þ. 21.júní 2013. Svo langur tími leið frá því að V vissi um afleiðingar slyssins og bar að tilkynna M um að það mundi bera ábyrgðartakmörkun fyrir sig varðandi slysatryggingu ökumanns, að sú tilkynning var ekki send til M innan eðlilegs tíma. Þannig að tilkynningin barst ekki innan ástæðulauss dráttar sbr. 94.gr. váttryggingasamningalaga. . V hefði getað upplýst M eða lögmenn M mun fyrr en gert var þar sem allar upplýsingar sem máli skiptu lágu fyrir löngu áður en umrædd tilkynning um ábyrgðartakmörkun var send M. Af þeim sökum var tilkynning V frá 21.júní 2013 of seint fram komin og félagið hafði glatað rétti sínum til að bera fyrir sig ábyrgðartakmörkun úr slysatryggingu ökumanns gagnvart M.

Niðurstaða.

V er óheimilt að skerða bótarétt M úr slysatryggingu ökumanns.

Reykjavík 18.2.2014

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 13/2014
M og
V vegna ábyrgðartryggingar Reykjavíkurborgar vegna hundahalds X.

Tjón á hundi vegna atviks í Trönuhjalla í Kópavogi 10. desember 2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið 10. janúar 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 22. janúar 2014 ásamt tjónstilkynningu dags. 17. desember 2013 og höfnunarbréfi félagsins dags. 23. desember 2013.

Málsatvik.

Atvikum máls þessa er lýst í tjónstilkynningu frá M til V, dags. 17. desember 2013. Þar kemur fram að hundur M hafi stokkið út úr bíl hennar og að tveimur hundum sem voru nálægt. Annar þeirra tveggja hunda, sem M kveður hafa báða hafa verið í ól, hafi þá bitað hund M illa. Ekki liggur fyrir lýsing frá eiganda eða vörslumanni umræddra hunda (X) vegna atviksins eða hvor hundanna hafi valdið tjóni á hundi M en ekki verður ráðið af gögnum málsins að sérstakur ágreiningur sé um atvikin sjálf.

M telur að bæta eigi tjón hennar vegna sjúkrakostnaðar hundsins og byggir kröfu sína á 10. gr. samþykktar um hundahald í Reykjavík, en þar segir að í gildi skuli vera ábyrgðartryggingar vegna hunda á grundvelli heildarsamnings heilbrigðisnefndar sveitarfélagsins við tryggingafélag. Einnig segir í þeirri greina að ábyrgðartryggingin skuli ná til alls þess tjóns, sem hundurinn kundi að valda mönnum, dýrum, gróðri eða munum.

V vísar til þess að ekki hafi komið fram í málinu að tjón á hundi M sé vegna saknæmrar háttsemi X, sem er leyfishafi hunds sem vísað er til í tjónstilkynningu. V bendir á að ekki gildi hér á landi hlutlæg bótaábyrgð hundaeigenda og ekki sé hægt að skilja ákvæði 2. mgr. 10. gr. samþykktar um hundahald í Reykjavík með þeim hætti.

Álit.

Ljóst er af 10. gr. samþykktar um hundahald í Reykjavík að skylda til að kaupa ábyrgðartryggingarvernd hvílir á leyfishafa hunds. Ábyrgðartrygging hjá V, sem nær til X sem leyfishafa, tekur til skaðabótaskyldu X skv. þeim reglum sem gilda um slíkt í íslenskum rétti. X er því vátryggð í ábyrgðartryggingunni vegna tjóns sem hundur hennar kann að valda „mönnum, dýrum, gróðri og munum“, sbr. 2. mgr. 10. gr. samþykktanna. Til þess að háttsemi X sé skaðabótaskyld þarf sá sem verður fyrir tjóni að sýna fram á sök X. Til dæmis að vörslur X vegna hundsins hennar hafi ekki verið nægilega tryggar eða gáleysi sem lýtur að meðferð hundsins. Ekki gildir í íslenskum rétti hlutlæg bótaábyrgð, þ.e. ábyrgð án sakar, um hundaeigendur. Í þessu máli telst ekki sannað, af þeim gögnum sem liggja fyrir, að X hafi getað komið í veg fyrir tjónið eða sýnt gáleysi við vörslur hunda sinna, sem skv. lýsingu M sjálftrar voru í ól þegar atvikið átti sér stað ólíkt hundi M sem slapp frá henni. M á ekki rétt á skaðabótum úr ábyrgðartryggingu hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu hjá V.

Reykjavík 7. febrúar 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 14/2014**M og
V vegna slysatryggingar
og innbúskaskótryggingar fjölskyldutryggingar.****Fall í rúllustiga og tjón á tönnum 3. september 2013.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 8. janúar 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 5. febrúar 2014.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu M til V kemur fram að hann hafi misstigið sig og fallið við í rúllustiga með þeim afleiðingum að hann lenti með andlitið á stálklæddum stiganum. Við það brotnaði úr efri gómi gervitanna sem M var með.

M telur að tannsbrotsákvæði slysatryggingar eigi við um tennur hans, þ.e. að þær hafi verið vel viðgerðar miðað við það sem tíðkaðist í tannviðgerðum á þeim tíma sem þær voru viðgerðar. Einnig bendir M á að skv. upplýsingum frá V geti gervitennur talist vel viðgerðar séu þær fastar og ef svo sé þá ætti slíkt einnig að ná til lausra gervitanna. Einnig telur M að gervitennur teljist til persónulegra muna í skilningi innbúskaskótryggingar og sé því atvik það sem leiddi til tjóns bótaskyldt úr þeirri tryggingu.

V telur að gervitennur M sem hafi verið fastar á lausum plastheilgómi, teljist ekki til heilbrigðra og vel viðgerðra tanna í skilningi gr. 6.4.1. í skilmálum slysatryggingar, en þar komi fram þau skilyrði til greiðslu bóta vegna tannbrots. Einnig vísar V til gr. 1.1.1. í innbúskaskótryggingar þar sem kemur fram að váttryggingin taki til tjóns á almennu innbúi og persónulegum munum sem fylgja almennu heimilishaldi. V telur að plastheilgómur sá sem tjón varð á sé bundinn tiltekinni persónu og til hjálpar þeim sem búa við tannleysi. Vegna hinna sérstöku og persónulegu notkunar slíks góms geti hann ekki talist fylgja almennu heimilishaldi í skilningi skilmálanna.

Álit.

Ágreiningur er um hvort gervitanngómur M, sem brotnaði þegar M lenti með andlitið á stálstiga, teljist til heilbrigðra og vel viðgerðra tanna annars vegar og/eða persónulegra muna sem fylgja almennu heimilishaldi hins vegar. Þó tennur M hafi verið viðgerðar á sínum tíma með þeim hætti að gervitönnum hafi verið komið fyrir í heilgómi verður ekki talið að slíkur gómur geti talist til heilbrigðra og vel viðgerðra tanna í skilningi gr. 6.4.1. í skilmálum V. Orðnotkun í gr. 1.1.1. í innbúskaskótryggingu, að persónulegur munur þurfi að tilheyra almennu heimilishaldi, verður ekki skilinn öðruvísi en að gerð sé sú krafa að slíkur munur sé algengur á heimilum. Notkun tanngóma verður ekki talin svo útbreidd að þeir geti talist til muna sem tilheyra almennu heimilishaldi, sbr. sambærilegan úrskurð nefndarinnar í máli nr. 30/2006.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu eða innbúskaskótryggingu F+2 fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík 4. mars 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 15/2014
M og
Vátryggingafélagið V v. frjálsrar ábyrgðartryggingar H.

Maður féll af þaki þegar hann var við vinnu á þakinu þ. 29.10.2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 13.1.2014 ásamt fylgiskjölum 1-25
2. Bréf V dags. 20.1.2014.
3. Bréf Fulltingi dags. 27.1.2014.

Málsatvik.

Málavexti segir M vera þá að hann hafi verið á sínum fyrsta vinnudegi í vinnu á þaki við taka niður vinnupalla og slípa festingar sem skornar voru af vinnupallinum. M segir að hann og samstarfsmaður hans hafi lokið verkinu og gengið réttisælis í kring um tank á þakinu til að fullvissa sig um að þeir hefðu lokið verkinu svo sem til var ætlast. Þá segir M að samstarfsmaður hans hafi fallið og byrjað að renna niður þakið og hugðist M grípa samstarfsmanninn og bjarga honum en féll þá sjálfur og datt niður fyrst á kranabómu og síðan niður á plan alls 5.8 metra fall. Í málinu er ekki deilt um skaðabótaábyrgð H heldur hvort M skuli bera hluta tjóns síns sjálfur svo sem V telur að hann eigi að gera. Af hálfu M er vísað til 23.gr. a. skaðabótalaga nr. 50/1993 sbr.1.gr. laga nr. 124/2009 hvað varðar stranga sakarábyrgð vinnuveitanda og við það sé miðað að bætur til starfsmanns skerðist ekki nema tjónið megi rekja til ásetnings eða stórkostlegs gáleysis. Af hálfu M er á því byggt að H hafi ekki tryggt starfsmönnum sínum fullnægjandi öryggisbúnað við framkvæmd verksins og verkstjórn hafi verið verulega ábótavant. Þá vísar M til þess að hálkumyndun á þakinu hafi einnig átt þátt í slysinu og H hafi ekki sinnt leiðbeiningarskyldu sinni þar sem M hafi ekki fengið fræðslu um verklag eða öryggisráðstafanir. H hafi þannig brugðist skyldum sínum sbr. lög nr. 46/1980 með alvarlegum hætti. Þá vísar M til skýrslu Vinnueftirlits ríkisins dags. 31.10.2012 þar sem segir að slysið megi rekja til þess að engar fallvarnir hafi verið notaðar við lokafrágang verksins né aðrar öryggisráðstafanir gerðar til að koma í veg fyrir fall, þá gæti hálka hafa myndast á þakinu vegna veðurfarslegra áhrifa. Einnig er vísað til þess að ekki hafi legið fyrir skriflegt áhættumat og áætlun um forvarnir varðandi umræddan verkþátt og M hafi ekki fengið viðeigandi fræðslu um öryggisreglur fyrirtækisins. Af öllu framansögðu telur M að hann eigi ekki að þola skerðingu á bótum. M vísar til dóma Hæstaréttar í málum nr. 375/2010, 90/2013 og 2000 bls. 3305. Einnig vísar M til niðurstöðu EFTA dómstólsins í máli nr. E-2/10. V viðurkennir bótaskyldu en telur að M eigi að bera 1/3 hluta tjóns síns sjálfur vegna eigin sakar. V segir að skýrar reglur hafi legið fyrir á vinnustaðnum um notkun öryggisbúnaðar og fallvarnarbelta og hafi öryggisbelti verið notuð þegar það var mögulegt. Þá hafi H ekki fengið kvartanir eða athugasemdir vegna öryggisbúnaðar og ekkert liggi fyrir að M eða aðrir starfsmenn hafi kvartað vegna ágalla eða vanbúnaðar. Þá segir V að ekki verði annað séð en að M hafi sjálfviljugur ákveðið að virða reglur H að vettugi og verið við störf án þess að hafa fullnægjandi fallvarnabúnað. V segir að stuttu áður en slysið varð hafia verkstjóri á staðnum gert athugasemd við M og samstarfsmann hans vegna þess að þeir voru ekki með fallvarnarbelti en þrátt fyrir það hafi M haldið áfram vinnu sinni án fallvarna. Þá vísar V til þess að M hafi verið lærdur pípulagningamaður. Loks vísar V til dóms Hæstaréttar í máli nr. 286/2009. Í athugasemdum lögmanns M segir að verkstjóri hafi ekki kynnt M efni þeirra öryggisreglna sem giltu á staðnum eða leiðbeiningar hvað það varðaði.

Álit.

Ekki er um það deilt að H ber skaðabótaábyrgð á tjóni M. Ágreiningur er um hvort M skuli bera hluta tjóns síns sjálfur eða 1/3 eins og V váttryggingarfélag H telur eðlilegt eða M skuli fá óskertar bætur eins og krafist er af M. Af gögnum málsins m.a. skýrslu Vinnueftirlits ríkisins er ljóst að M vann við mjög hættulegar aðstæður og því óforsvaranlegt að starfsmenn ynnu á þakinu án þess að öruggar fallvarnir væru til staðar. H gætti því ekki nægjanlega vel að öryggi M við vinnu hans á þakinu. Þó M hafi mátt gæta sín betur við vinnu sína í umrætt sinn, þá getur atferli hans ekki fallið undir að hann hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi. M á því rétt á óskertum bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu H hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á óskertum bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu H hjá V.

Reykjavík 7.11.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 16/2014**M
og
váttryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðar.****Ágreiningur um hvort líkamstjón verði rakið til aftanákeyrslu hinn 22.4.2013.****Gögn.**

8. Málskot, móttakið 14.1.2014, ásamt fylgigögnum.
9. Bréf X, dags 29.1.2014.

Málsatvik.

Að morgni 22.4.2013 var bifreiðinni A, sem er lítil hópibifreið, ekið aftan á tengivagn vörubifreiðar sem M stjórnaði og var kyrrstæð í vegkantinum í Hveradalabrekku á leið til austurs. Í lögregluskýrslu kemur fram að A hafi verið ekið á 30-40 km hraða á klst. og mikið sjáanlegt tjón hafi orðið á A. M leitaði samdægurs á bráðadeild Landspítalans. Í læknisvottorði frá deildinni er haft eftir M að verulegt högg hafi komið við áreksturinn. Um 20 mínútum síðar hafi hann farið að stífna upp í hálsinum og verið orðinn nokkuð stíður. Engin óþægindi hafi verið frá baki. M leitaði 24.4.2013 á bráðamóttöku Heilsustofnunarinnar á Selfossi. Hann leitaði einnig til heimilislæknis 7.5., 9.8. og 1.10.2013 auk þess sem hann fékk beiðni um sjúkrapjálfun 26.8.2013. Við síðustu komuna til heimilislæknisins var skráð að M hafi fyrst verið með verki út í handlegg og höfuðverk, en minni verkir séu nú út í handlegginn. Við segulómun af hálsinum hafi ekki verið klárt brjóskað eða önnur áverkamerki. Væg slitgigt sé til staðar og M sitji eftir með verk aftan í hálsinum ofarlega vinstra megin og höfuðverkur sé áfram. Hann sé enn þá í sjúkrapjálfun.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá X. Að beiðni X hefur fyrirtækið Aðstoð og öryggi reiknað út þyngdarkrafta sem verkuðu á A og tengivagn vörubifreiðarinnar sem M stjórnaði við áreksturinn. Samkvæmt útreikningnum nam þyngdarkraftur á A 8,17g og á tengivagninn 0,47g. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Eins og að framan greinir leitaði M á bráðadeild sama dag og slysið varð vegna einkenna í hálsi sem hann rakti til árekstursins. Einnig leitaði M til læknis í fjögur skipti vegna einkenna sem hann rakti til slyssins á tímabilinu 24.4.-1.10.2013. Útreikningur á þyngdarkröftum sem verkuðu á hlutaðeigandi ökutæki dugir einn og sér ekki sem sönnun þess að M hafi ekki orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn. Á hinn bóginn liggja ekki fyrir nein gögn um heilsufar M fyrir slysið og engin matsgerð liggur heldur fyrir í málinu um það líkamstjón sem M kann að hafa hlotið við óhappið. Við svo búið og gegn andmælum X verður af virtum gögnum málsins ekki talið nægilega sannað að M hafi þá orðið fyrir líkamstjóni. Hann á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá X.

Reykjavík, 18. febrúar 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 17/2014
M og
V vegna ábyrgðartryggingar sveitarfélags vegna hundahalds X.

Líkamstjón vegna hundbits 3. júlí 2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið 9. janúar 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 3. febrúar 2014 ásamt lögregluskýrslum dags. 3. júlí, 24. júlí, 3. október, 4. október og 17. desember 2012. Tjónstilkynning skráðs eiganda hunds dags. 17. desember 2012 og afstöðuteikning tjónþola ódags.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að hundur sem skráður er í eigu X beit M í Elliðaárdal þar sem M var á reiðhjóli að hjóla framhjá hundinum og vörslumanni hans. Í frumskýrslu lögreglu bar M þannig um atvik málsins að hann hafi verið að hjóla yfir brú á eftir fólki með hund. Þegar M hafi komið yfir brúna hafi hann tekið fram úr fólkinu og þá hafi hundurinn glefsað aftan í kálfa hans. Vörslumaður hundsins og samferðamaður hennar báru á sama veg um atvik og M gerði í frumskýrslu lögreglunnar. Aðspurð sögðu þau bæði að hundurinn hafi verið í taumi en M hafi hjólað mjög nálægt í greint sinn. Vörslumaður hundsins bar í skýrslum lögreglu að hundurinn, sem er af tegundinni Doberman, hafi verið níu ára og aldrei bitið áður svo hún viti. Í lögregluskýrslu M frá 24. júlí 2012 segir M að fólkið sem hafi verið með hundinn hafi átt að sjá hann koma hjólandi og hann hafi verið búinn að hjóla framhjá þegar hundurinn hafi bitið hann. Auk þess vildi M meina að hundurinn hafi ekki verið í taumi þegar hann beit en hafi verið kominn í taum síðar.

M telur að greiða eigi skaðabætur vegna líkamstjóns hans þar sem 2,5-3 metrar hafi verið á milli hans og fólksins með hundinn þegar hundurinn hafi hlaupið að honum og bitið. M telur auk þess að ekki sé sannað að hundurinn hafi verið í taumi, en ef svo hefði verið hefði vörslumaður hans getað komið í veg fyrir bitið. M vísar til skyldu hundaeigenda að vera með hunda í taumi, sbr. 14.gr. samþykktar um hundahald í Reykjavík. M telur að brotið hafi verið gegn þeirri grein auk þess sem vörslumaður hundsins hafi sýnt gáleysi og séu skilyrði til greiðslu skaðabóta því uppfyllt.

V vísar til þess að vörslumaður hundsins og vinur hennar, sem hafi verið á staðnum M hlaut líkamstjón, hafi bæði borið á sama veg frá upphafi um atvik málsins. Það er að hundurinn hafi verið í taumi og M hafi komið skyndilega aftan að þeim á brúnni þannig að öllum hafi brugðið við. V telur að ekki sé sýnt að vörslumaður hundsins hafi sýnt gáleysi við vörslur hans, ósannað sé að hann hafi verið laus, hundurinn hafi ekki orðið uppvís að bitum áður eða hann þjálfaður til slíks. Verði því helst hægt að rekja slys M til óhappatilviljunar.

Álit.

Í gögnum málsins má sjá að M bar strax í frumskýrslu lögreglu þannig um atvik máls að hundur hefði bitið hann um það bil sem hann fór fram úr vörslumanni hundsins og vini hennar á göngubrú í Elliðaárdal. Kemur það heim og saman við lýsingu vörslumanns hundsins og vinar hennar. Verða þau atvik lögð til grundvallar en talið er ósannað að hundurinn hafi hlaupið á eftir M og bitið hann í fjarlægð frá brúnni eins og má lesa út úr síðari lýsingum hans á atvikum.

Af gögnum málsins verður ekki talið sannað hundurinn hafi verið laus en bæði vörslumaður hundsins og vitni bera um að hundurinn hafi verið í taumi. Skýringar M á því að hundurinn hafi

Líklega ekki verið í taumi koma ekki fram í frumskýrslu lögreglu heldur síðar. Þó umrætt vitni sé tengt vörslumanni hundsins verður að horfa til þess að sönnunarbyrði hvílir á M fyrir því að vörslumaður sá sem eigandinn fól vörslur hundsins hafi sýnt saknæma háttsemi í greint sinn. Ósannað er að brotið hafi verið gegn 14. gr. samþykktu um hundahald í Reykjavík og ekki er heldur talið sannað að vörslur hundsins hafi verið með öðrum hætti saknæmar í greint sinn. Ber M hallann af slíkum sönnunarskorti. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðatryggingu hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðatryggingu hjá V.

Reykjavík 18. febrúar 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 18/2014
M
og V v/ sjúklingatryggingar L.

Afleiðingar speglunar á öxl þann 20. janúar 2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið 15. janúar 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 21. janúar 2014 ásamt gögnum.

Málsatvik.

M fór í speglun á vinstri öxl þann 20. janúar 2012 vegna langvarandi óþæginda og verkja. Var hún framkvæmd af L og samkvæmt aðgerðarlýsingu átti hún að hafa gengið vel. Sex dögum síðar kom M til L í endurkomu og lýsti þá líðan sinni á þann hátt að gengið hefði ágætlega með öxlina og að hann hefði ekki fundið fyrir svo miklum verkjum. Var þokkalegur liðleiki til staðar og var M byrjaður í sjúkráþjálfun.

Í endurkomu þann 7. febrúar 2012 upplýsti M að hann hefði fyrir nokkrum dögum fengið sára verki í öxlina og átt erfitt með svefn af þeim sökum. Sterk verkjalyf og bólgueyðandi lyf hefðu lítið slegið á verkina. Hann hafi því leitaði til slysadeildar kvöldið fyrir endurkomuna þar sem teknar voru blóðprufur en þær sýndu hækkun á hvítum blóðkornum.

Á tímabilinu 7. febrúar 2012 til 19. júlí 2012 virðist M meira og minna hafa verið með sýkingu í öxlinni. Virðist af gögnum málsins sem M hafi verið á sýklalyfjum mest allt þetta tímabil, ýmist í æð eða í töfluformi. Enn fremur kemur fram í gögnum málsins að M hafi legið inni á smitsjúkdómadeild LSH á tímabilinu 7. febrúar 2012 til 14. febrúar 2012 og svo aftur 23. apríl 2012 til 3. maí 2012.

Þrátt fyrir framangreinda meðferð tókst ekki að uppræta sýkinguna og fór svo að gera þurfti aðgerð á öxlinni þann 19. júlí 2012. Í aðgerðinni voru sýktir vefir fjarlægðir og m.a. þurfti að fjarlægja hluta af beini í öxlinni. Samkvæmt skoðun læknis þann 4. október 2013 nær M með fingrum að eyrum en að mjöðm vinstra megin. Kemur einnig fram að M nái ekki með upphandlegg fyrir ofan axlarhæð. Þannig er M með greinilega hreyfiskerðingu á vinstri öxlinni.

Í málskoti kemur fram að M telur sig eiga rétt til bóta skv. 4. tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu nr. 111/2000. Þar komi fram að greiða eigi bætur vegna tjóns sem að öllum líkindum megi rekja til þess að tjón af sýkingu eða öðrum fylgikvilla sem er meiri en svo að sanngjarnt sé að sjúklingur þoli það bótalest. M telur að skilyrði til greiðslu bóta á grundvelli þessa liðar séu uppfyllt þar sem afleiðingar sýkingar þeirrar sem M hlaut hafi verið til verulegra óþæginda fyrir M og ósanngjarnt sé að hann þoli það bótalest.

V telur ekki hafi verið sýnt fram á að eitthvað hafi farið úrskeiðis við þá aðgerð sem L framkvæmdi þann 20. janúar 2012 og því sé bótaréttur ekki fyrir hendi skv. 1. tl. 2. gr. laganna. Enn fremur telur V ekkert komið fram í málinu sem bendi til þess að skilyrði 2. og 3. tl. 2. gr. laganna séu uppfyllt. V telur einnig að ekki hafi verið sýnt fram á að skilyrði 4. tl. 2. gr. laganna séu uppfyllt.

Álit.

Í málinu er fyrst og fremst ágreiningur um hvort skilyrði 1. - 4. tl. 2.gr. laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu séu uppfyllt. Það þýðir að ágreiningur er um hvort sýnt sé fram á að þau líkamlegu óþægindi sem M hafði vegna afleiðinga sýkingar í vinstri öxl séu „að öllum líkindum“ hægt að rekja til atvika sem rakin eru í 1.- 4. tl. 2. gr. umræddra laga. M vísar eingöngu til 4. tl 2. gr. laganna máli sínu til stuðnings en nefndin telur að skoða verði málið út frá 2. gr. í heild sinni

og þar af leiðandi sé hún ekki bundin af málatilbúnaði M sem vísi eingöngu til 4. tl. 2. gr. Auk þess má vísa til þess að V vísar sjálft til 1. – 3. tl. 2. gr. laganna í svari sínu til M með bréfi dags. 21. janúar 2014.

Til þess að um bótaskyldu sé að ræða skv. 1. tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu þarf tjón að öllum líkindum að vera rakið til þess að ætla megi að komast hefði mátt hjá tjóni ef rannsókn eða meðferð við þær aðstæður sem um ræðir hefði verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði. Til þess að um bótaskyldu sé að ræða skv. 2. tl. 2. gr. laganna þarf tjón að hafa hlotist af bilun eða galla í tæki, áhöldum eða öðrum búnaði sem notaður er við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð og til þess að um bótaskyldu sé að ræða skv. 3. tl. 2. gr. laganna þarf mat sem síðar er gert að leiða í ljós að komast hefði mátt hjá tjóni með því að beita annarri meðferðaraðferð eða -tækni sem vöð var á og hefði frá læknisfræðilegu sjónarmiði gert sama gagn við meðferð sjúklings.

Í máli þessu hefur ekki verið sýnt fram á að tjón M sé að öllum líkindum að rekja til atvika sem tilgreind eru í 1. – 3. tl. 2. gr. laganna.

Einnig kemur til greina að líta til 4. tl. sömu greinar þar sem kemur fram að greiða eigi bætur vegna tjóns sem að öllum líkindum hlýst af meðferð eða rannsókn og tjónið er af sýkingu eða öðrum fylgikvilla sem er meiri en svo að sanngjarnt sé að sjúklingur þoli það bótalaust. Annars vegar skal líta til þess hve tjón er mikið og hins vegar til sjúkdóms og heilsufars sjúklings að öðru leyti. Þá skal taka mið af því hvort algengt er að tjón verði af meðferð eins og þeirri sem sjúklingur gekkst undir og hvort eða að hve miklu leyti gera mátti ráð fyrir að hætta væri á slíku tjóni.

Þegar litið er til gagna málsins í heild verður að líta til þess að mat nefndarinnar tekur mið af því að nefndarmenn eru ekki sérfróðir á sviði læknisfræði og byggja mat sitt því eingöngu á þeim gögnum sem liggja fyrir. Þegar umrædd skilyrði laga um sjúklingatryggingu eru metin verður að líta til þess sem kemur fram í frumvarpi til laga um sjúklingatryggingu um að slakað sé á almennum sönnunarkröfum skaðabótaréttarins.

Hvað varðar skilyrði 4. tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu kemur fram í málinu að líkur á sýkingu vegna aðgerða sem þessar séu litlar eða 2-3%. Af lögskýringargögnum má ráða að ef fylgikvilli í skilningi 4. tl. 2. gr. er algengur er rétt að sjúklingur þoli hann bótalaust en ef hann er sjaldgæfur séu skilyrði 4. tl. 2. gr. uppfyllt. Ekki er ljóst af sömu gögnum hvað telst algengt hlutfallslega. Miðað við þau gögn sem hér liggja til grundvallar verður að telja líkur á sýkingu í aðgerðum sem þessum það litlar að ekki sé sanngjarnt að sjúklingur þoli hana bótalaust og á 4. tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu því við. Með þessari niðurstöðu nefndarinnar ber þó að taka fram að engin afstaða er tekin til þess hvaða tjón hlaust af umræddri sýkingu öðruvísi en að ætla megi að skilyrði 2. mgr. 5. gr laganna um lágmarksfjárhæð tjóns eru talin vera uppfyllt.

Niðurstaða.

Viðurkenndur er réttur M til bóta fyrir líkamstjón úr sjúklingatryggingu L hjá V.

Reykjavík, 7. febrúar 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 20/2014
M og
V v. ábyrgðartryggingar húseigendatryggingar.

Fall af stigapalli þ. 5.6.2011.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 15.1.2014 ásamt fylgiskjöllum 1-16
2. Bréf V dags. 6. febrúar 2014.

Málsatvik.

M stóð á stigapalli fyrir utan íbúð þar sem handrið er um 74 sentimetrar að hæð. Maður fór að kýta við M og hrinti honum. M hrasaði og steptist yfir handriðið og féll rúma 3 metra og slasaðist. M gerir kröfu um bætur vegna tjóns síns úr húseigendatryggingu M hjá V. M telur húseigandann bera ábyrgð á tjóni sínu á grundvelli sakarreglunnar. M segir að hefði handriðið verið eðlilegt hefði hann sennilega ekki fallið niður. M segir að það hafi verið gáleysi af húseiganda að leyfa ölvuðu fólki að vera á dyrapallinum og vísa því þangað út til að reykja. Maðurinn sem ýtti M var ákærður fyrir líkamsárás á grundvelli 1.mgr. 218.gr. alm. hgl nr. 19/1940 fyrir að hafa ýtt á bringu M þannig að hann féll aftur fyrir sig og yfir handrið. V hafnar bótaskyldu og segir að maðurinn sem ýtti í M hafi játað sök samkvæmt ákæru fyrir dómi. V vísar til þess að handriðið hafi verið í samræmi við byggingarreglugerð og lög þegar húsið var byggt árið 1947. V mótmælir því sem ósönnuðu að gestum í húsinu hafi verið vísað út á stigapallinni til að reykja og húsráðandi hefði átt að vara við meintri hættu við að vera á pallinum. V segir að vettvangur verknaðarins sé heimili vátryggingartaka þar sem ekki sé rekin nein starfsemi og öllum mátt vera ljóst að fara yrði varlega á dyrapallinum. Þá vísar V til þess að einkaðilum hafi ekki verið gert að breyta húsnæði sínu til samræmis við breytingar á byggingarlöggjöf. Báðir aðilar vísa til dóms Hæstaréttar í máli nr. 180/2008.

Álit.

Maðurinn sem ýtti M hefur játað fyrir dómi að hafa gerst sekur um líkamsárás sbr. 1.mgr. 218.gr alm. hgl. nr. 19/1940 þegar hann ýtti M í umrætt sinn þannig að hann slasaðist. Fyrir liggur að hús vátryggingartaka er byggt í samræmi við þágildandi byggingarreglugerð. Ekki hefur verið sýnt fram á sök húseigenda eða húsnæðið hafi verið vanbúið miðað við aðstæður með þeim hætti að leiði til sakar húseiganda á umræddu atviki. M á því ekki rétt á bótum úr húseigendatryggingu V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr húseigendatryggingu hjá V.

Reykjavík 4.3.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 21/2014
X
vegna ólögráða dóttur sinnar M
og V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.

Orsakatengsl vegna mögulegs líkamstjóns í árekstri 29. október 2007.

Gögn.

1. Málskot móttakið 14. janúar 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 21. janúar 2014.

Málsatvik.

Samkvæmt lögregluskýrslu varð árekstur með bifreið sem M var farþegi í og bifreiðinni A, þar sem síðarnefndu bifreiðinni var ekið í veg fyrir hina fyrrnefndu við akstur í gegnum Búðardal þann 29. október 2007. Af myndum af vettvangi má ráða að ákoma hafi verið á hægri hlið bifreiðarinnar sem M var farþegi í en hún sat í miðju aftursæti bifreiðarinnar. Af gögnum málsins og málatilbúnaði V er ekki deilt um ábyrgð eiganda A á mögulegu tjóni vegna árekstursins, þ.e. bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu hjá V. Ágreiningur er hins vegar um hvort M, sem var átta ára gömul á slysdegi, hafi hlotið líkamstjón í árekstrinum.

M telur að sannað sé að hún hafi hlotið líkamstjón við áreksturinn. M hafi leitað til læknis á slysdegi og þar hafi verið talað um hálsþnykk og í vottorði heimilislæknis komi fram það álit hans að einkenni M í dag svari til umferðarslyssins og skaði hennar sé varanlegur. Öll læknisfræðileg gögn, önnur en matsgerð dags. 31. maí 2013 styðji þessa niðurstöðu heimilislæknisins.

V telur að ekki sé sannað að orsakatengsl séu milli kvartana M nú og fyrrnefnds áreksturs og vísar fyrst og fremst til niðurstöðu tveggja matsmanna dags. 31. maí 2013 þar sem kemur fram að orsakasamhengi sé ekki til staðar milli kvartana M í dag og afleiðinga árekstursins 29. október 2007.

Álit.

Mat nefndarinnar liggur í því að meta hvort meiri líkur eða minni eru á því að líkamstjón hafi orðið í árekstrinum 29. október 2007. M leitaði læknis þann dag í Búðardal en af gögnum málsins verður ekki ráðið að hún hafi leitað næst læknis fyrr en á árinu 2010 þegar hún fékk beiðni um sjúkraþjálfun, sem og á árinu 2012, vegna m.a. almennra höfuðverkjaeinkenna og stifleika í hálsi og herðum. Í gögnum málsins liggur fyrir mat tveggja lækna á því að orsakatengsl séu ekki fyrir hendi milli einkenna M í dag og árekstursins í október 2007. Heimilislæknir M telur að orsakatengsl séu fyrir hendi. Á M hvílir sönnunarbyrði um að hún hafi hlotið líkamstjón í umræddum árekstri. Þegar læknisfræðileg gögn málsins eru virt verður mati tveggja matslækna ekki hnekk með tilvitnuðu álitni heimilislæknis. M hefur ekki leitt nægar líkur að því að hún hafi orðið fyrir líkamstjóni sem rekja má til notkunar ökutækisins A.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu ökutækis hjá V.

Reykjavík 7. febrúar 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 22/2014**M
og
váttryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar atvinnureksturs.****Kona varð fyrir meiðslum er grind utan um mjólk féll á hana af vörulyftu sendibifreiðar.****Gögn.**

10. Málskot, móttakið 10.1.2014, ásamt fylgigögnum.
11. Bréf X, dags. 31.1.2014.

Málsatvik.

Hinn 7.12.2012 var starfsmaður V að koma tómun grindum utan um mjólk inn í sendibifreið við verslun. Hafði hann komið grindunum, sem eru á hjólum, fyrir á vörulyftu fyrir aftan flutningsrými sendibifreiðarinnar. Er hann hafði lyft grindunum í um 1 m hæð vildi það til að ein grindin rann út af lyftunni og lenti á M sem í sömu andrá átti leið fram hjá vörulyftunni. Varð M fyrir meiðslum á vinstri hendi. Slysið var tilkynnt Vinnueftirlitinu, en vettvangur var ekki rannsakadur af þess hálfu þar sem um minni háttar slys hafi verið að ræða.

Af hálfu V hefur komið fram að starfsmaður sá sem var að koma grindunum fyrir í sendibifreiðinni hafi staðið á lyftunni og haldið um grindurnar. Er lyftan hafi verið að koma í efstu stöðu hafi mikil vindhviða komið, en við það hafi starfsmaðurinn misst jafnvægið og misst takið á hárrí grind. Hann hafi ekki náð að grípa grindina áður en hún rann út af lyftupallinum með fyrrgreindum afleiðingum.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

M hefur sönnunarbyrðina um að slysið verði rakið til atvika sem V ber ábyrgð á. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að starfsmaður V, sem var að koma grindunum fyrir í sendibifreiðinni, hafi hagað störfum sínum með gálauslegum hætti eða verkið hafi að öðru leyti verið unnið á þann hátt að leitt geti til bótaábyrgðar V. Verður talið að óhappatilviljun hafi valdið slysinu. Að þessu virtu telst M ekki eiga rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 4. mars 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 23/2014
M og
V vegna ábyrgðartryggingar atvinnureksturs N.

Skaðabótaábyrgð vegna vinnuslyss 17. nóvember 2011.

Gögn.

1. Málskot móttakið 16. janúar 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 11. febrúar 2014 ásamt bréfi lögmanns M dags. 3. maí 2012, tölvupósti sama dags. 4. apríl 2013, slysatilkynningu til V dags. 20. desember 2011 og slysatilkynningu til SÍ, dags. 12. desember 2011.

Málsatvik.

M slasaðist þegar hann var að þrifa færribönd við vinnu sína hjá N 17. nóvember 2011. Nánar tiltekið kemur fram í tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands dags. 12. desember 2011 að M hafi verið við þrif á snyrtilínu þegar hann hafi tekið stút af slöngu sem hann notaði til þrifanna og beint slöngunni í átt að fiskbita. Næsta sem M vissi var að hann var fastur í tannhjóli með vinstri hendi, en hann náði að losa sig úr því eftir 20-30 mínútur og hringdi þá á hjálp. Í skýrslu verkstjóra dags. 10. janúar 2014 kemur fram að ekki hafi verið fyrir hendi svokallaður kraftstútur til að setja á slöngu sem notuð var til þrifa, en með notkun slíks stúts hafi starfsmenn ekki þurft að fara eins nálægt vélum og ella. Verkstjórinn staðfestir einnig að ekki hafi verið fyrir hendi svokölluð yfirálagsvörn þegar slysið átti sér stað. Í gögnum málsins liggja einnig fyrir skýrslur Vinnueftirlits ríkisins sem gerð var eftir reglubundna skoðun í húsnæði N 20. febrúar 2012 og 2. september 2013 þar sem þónokkrar tillögur eru gerðar um úrbætur í húsnæði N.

M telur að N beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M þar sem búnaður hafi verið ófullnægjandi, þ.e. að kraftstút hafi vantað á slöngu sem notuð var til þrifa á færriböndum N. Einnig telur M að öryggisrofa hafi skort á þá vél sem M var að þrifa í greint sinn auk þess sem á eftirlit hafi skort með vélum í húsnæði N. Einnig bendir M á að svokallaða yfirálagsvörn hafi skort á vél þá sem M vann við, hann hafi verið einn við þrifin og skriflegt áhættumat hafi skort vegna verksins. Einnig vísar M til ólögfestrar hlutlægrar ábyrgðar vinnuveitanda vegna bilunar eða galla í tækjum skv. nokkrum fordæmum Hæstaréttar í kringum árið 1970.

V telur að ósannað sé skv. gögnum málsins að kraftstút hafi vantað á slöngu þá sem M notaði við þrif þar sem í tjónstilkynningu hans sjálfs sé talað um að hann hafi tekið stút af slöngunni rétt áður en slysið atvikaðist. Ekki komi fram í öðrum gögnum en yfirlýsingu verkstjóra frá 10. janúar sl. að umræddan stút hafi vantað og það sé ekki nægilegt til sönnunar. Einnig telur V að ekki sé hægt að rekja líkamstjón M til þess að vélin sem hann var að vinna við hafi verið vanbúin neyðarrofa. Vélin hafi verið með svokallaða CE-merkingu og hafi öryggiskröfur því verið uppfylltar hvað hana varðaði. V telur að ekki séu orsakatengsl milli slyssins og þess að M hafi verið einn við þrifin eða að skriflegt áhættumat hafi ekki verið gert. V vísar auk þess til þess að ekki sé staðfest af hálfu vátryggingartaka að umrædda yfirálagsvörn hafi vantað á slysdegi og vísar auk þess á bug að það gildi regla í íslenskum rétti um hlutlæga ábyrgð vinnuveitanda vegna bilunar eða galla í tæki og vitnar þar til ályktana fræðimanna.

Álit.

Ágreiningur aðila snýr að því hvort nægilega sannað sé að skilyrði skaðabótaábyrgðar N séu uppfyllt vegna slyss M þegar hann var við þrif á færriböndum í húsnæði N. Ekki er annað að sjá í gögnum málsins en að M hafi verið einn við umrædd störf og þau hjálpartæki sem hann hafði voru aðallega vatnsslanga sem hann stýrði á böndin og við þau. Þegar lítið er til gagna málsins verður

talið sannað að ekkert skriflegt áhættumat hafði verið gert vegna verks sem þessa hjá N. Það eitt og sér verður þó ekki talið nægileg orsök þess að slysið varð. M var að vinna verk sem hann þekkti, með slöngu sem ekki er ljóst hvort vantaði á svokallaðan kraftstút eða ekki. Einnig er óljóst hvort svokölluð yfirálagsvörn hafi verið á vélinni sem hefði getað takmarkað tjón að einhverju leyti. Það sem er þó ljóst er að Vinnueftirlit ríkisins gerði athugasemdir eftir slysið við aðbúnað í húsnæði N og gaf fyrirmæli um uppsetningu fleiri neyðarstöðvunarrofa þar sem slys M varð. Þegar allir þessir þættir eru metnir saman telst nægilega sannað að slys M sé rakið til atvika og aðstæðna sem N ber skaðabótaábyrgð á. M á því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu N hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr úr ábyrgðartryggingu N hjá V.

Reykjavík 14. mars 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 25/2014
M og
Vátryggingafélagið V v. frjálsrar ábyrgðartryggingar S

Umferðaróhapp þegar ekið var á kú í Skagafjarðarsveit þ. 16.12.2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.17.1.2014 ásamt fylgiskjöllum 1-4
2. Bréf V dags. 31.12.2014
3. Tölvupóstur frá Vegagerðinni, dags. 20. febrúar 2014.

Málsatvik.

M og eiginmaður hennar voru á ferð í bifreið M í Viðvíkursveit í sveitarfélaginu Skagafirði þegar holdanautakýr hljóp fyrir bílinn, þau óku á kúna og bíllinn skemmdist. M segir að kýrnar hafi verið á hlaupum um allt af því að þennan sama dag hafi kálfarnir verið teknir frá þeim. Þá segir M að gripirnir hafi verið hafðir í hólfi við þjóðveginn og þrjú hlið hólsins opin og vel girt að vegi beggja vegna. Þá segir M að kýrnar hafi verið á veginum í nokkurn tíma og vísar til vitnis í því sambandi. Eigandi kýrinnar segir að þennan dag hafi kálfarnir verið skildir frá kúnum og ókyrrð verið í þeim. Farið hafi verið með kýrnar vestur fyrir veginn í hólfi og búið að loka því. Eigandinn segist hafa verið að vinna inni og farið út um klukkustund síðar, en þá hafi kýrnar verið að koma heim. Þær hafi rutt niður hliðinu og um það leyti hafi bíll ekið á eina kúna. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu S hjá V þar sem að vörslum kúnna hafi verið áfátt og þess ekki gætt að þær væru ekki á veginum og hlið hafi verið skilin eftir opin á hólfi þar sem kýrnar hafi verið settar í. V hafnar bótaskyldu og segir að S hafi brugðist við um leið og hann áttaði sig á því að kýrnar voru lausar og komið þeim í hólfið aftur. Lausaganga búfjár sé ekki bönnuð á umræddu svæði samkvæmt upplýsingum sem V aflaði. Þá telur V að ákvæði vegalaga gildi ekki, m.a. sé ekki ristarlíð á svæðinu. Samkvæmt sérstökum upplýsingum frá Vegagerðinni var girðingin vestanmegin við þjóðveginn ekki fjárheld.

Álit.

S heldur því fram að hann hafi lokað kýrnar inni í þar til gerðu hólfi en þær rutt hliðinu niður. M heldur því hins vegar fram að hlið á hólfinu hafi verið opin. Gegn neitun S á því að hann hafi skilið hliðin í hólfinu eftir opin er það ósannað miðað við gögn málsins. Ekki er því sýnt fram á vanrækslu S á vörslum búfjár í umrætt sinn. M á því ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu S hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu S hjá V.

Reykjavík 25.2.2014

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 26/2014**M****og****vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B****og****vátryggingafélagið Y v/ ábyrgðartryggingar strætisvagnsins A.****Árekstur á Selásbraut við gatnamót Þingáss hinn 21.12.2012.****Gögn.**

12. Málskot, móttakið 21.1.2014, ásamt fylgigögnum.
13. Bréf X, dags 22.1.2014, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Strætisvagninum A var ekið norður Selásbraut og beygt til vinstri áleiðis vestur sömu götu. Í sömu andrá kom bifreiðin B úr vestri að beygjuni. Rákust þar saman aftanverð vinstri hlið A og vinstra afturhorn B.

Ökumaður A kvaðst hafa verið að taka beygjuna þegar B hafi verið ekið of langt inn í beygjuna. Ökumaður B hafi svo stöðvað og ekið aftur á bak, en hafi þá farið inn á vinstri helming götunnar miðað við akstursstefnu sína og stöðvað þar er A hafi verið að koma úr beygjuni („klára beygjuna“). Ökumaður B hafi svo aftur tekið af stað og hliðar ökutækjanna þá nuddast saman.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið að gatnamótunum og ætlað að beygja til hægri suður Selásbraut, þegar A hafi komið á móti og verið að taka vinstri beygju. Hann hafi stöðvað en A hafi haldið áfram og virst stefna á B. Þá hafi hann bakkað og stöðvað en A hafi haldið viðstöðulaust og hann hafi ekkert annað gert en bíða þess að A rækist í B.

Í skýrslu vitnis sem mun hafa ekið á eftir A segir að B hafi verið ekið of langt inn í beygjuna þannig að A hafi ekki komist áfram út úr henni. B hafi svo verið ekið aftur á bak og A áfram í tveimur áföngum. Er ökumaður B svo að nýju tekið af stað aftur á bak hafi hann lagt vitlaust á B og farið utan í A sem þá hafi verið á ferð.

Álit.

Áreksturinn varð í nokkuð krappri beygju sem myndaði nánast 90° horn á Selásbraut. Erfitt var um vik fyrir A, stóran strætisvagn að taka vinstri beygju öðruvísi en að fara yfir á vinstri helming götunnar. Því var ógerlegt fyrir ökutækin að mætast í beygjuni. Af gögnum málsins má ráða að ökumaður B hafi ekið óþarflega nálægt beygjuni þegar A var í beygjuni. Af þeim sökum þurfti ökumaður B að bakka svo A kæmist leiðar sinnar. Einnig mun ökumaður B hafa sveigt bifreið sinni til vinstri inn á akstursleið A. Þrátt fyrir þær ógöngur sem ökumaður B rataði í hélt ökumaður A ferð sinni áfram fast í kjölfar B og var á ferð þegar árekstur varð. Báðir öikumenn sýndu ekki þá varkárni og tillitssemi sem af þeim mátti krefjast og til þess verður áreksturinn rakinn. Þeir eiga því báðir sök á því hvernig fór og eftir atvikum öllum þykir rétt að skipta sökinni á milli þeirra að jöfnu.

Niðurstaða.

Hvor öikumanna ber helming sakar.

Reykjavík, 7. febrúar 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 27/2014
M og
V1 v/bifreiðarinnar A og V2 v/ bifreiðarinnar B.

Árekstur á Reykjanesbraut í Reykjanesbæ 24. nóvember 2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið 21. janúar 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V1 dags. 23. janúar 2014.
3. Bréf V2 dags. 23. janúar 2014.

Málsatvik.

Skv. sameiginlegri tjónstilkynningu ökumanna bifreiða A og B var bifreið A ekið af götunni Stekk út á Reykjanesbraut og bifreið B var ekið um Reykjanesbraut, þannig að hún lenti aftan á bifreið A þegar sú bifreið var komin út á Reykjanesbraut. Athugun á vettvangi staðfestir að stöðvunarskylda er fyrir umferð af Stekk inn á Reykjanesbraut.

M telur að ökumaður bifreiðar B hafi ekið aftan á bifreið A um 100-150 metrum frá gatnamótum Stekks og Reykjanesbrautar, til móts við verslun Hagkaups við Fitjar. Ökumaður bifreiðar A hafi því sinnt stöðvunarskyldu sinni áður en hann ók inn á Reykjanesbraut og áreksturinn megi fyrst og fremst rekja til hraðaksturs bifreiðar B.

Á bakhlíð sameiginlegrar tjónstilkynningar kemur fram að ökumaður B telur að ökumaður A hafi ekið af stöðvunarskyldu í veg fyrir sig. V2 tekur undir þau sjónarmið og telur ósannað að áreksturinn hafi orðið 100-150 metra frá fyrrnefndum gatnamótum auk þess sem ekki sé sannað að ökumaður A hafi ekið of hratt í greint sinn. Í bréfi V1 kemur fram að félagið hafi ekki sérstakar athugasemdir vegna málsins.

Álit.

Í málinu er óumdeilt að bifreið A var skömmu fyrir áreksturinn ekið inn á Reykjanesbraut af gatnamótum við Stekk en stöðvunarskylda er fyrir slíka umferð. Bar ökumanni A því að veita umferð um Reykjanesbraut forgang skv. 1.mgr. 25.gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Ágreiningur er með aðilum hvar árekstur varð með bifreiðunum, þ.e. hvort hann varð það langt frá gatnamótunum að ætla megi að ökumaður bifreiðar A hafi verið búinn að virða stöðvunarskyldu sína. Í gögnum málsins kemur ekki nákvæmlega fram hvar árekstur varð. Í ljósi skyldu ökumanns A til að veita umferð um Reykjanesbraut forgang ber hann hallann af þeim sönnunarskort. Ekki telst heldur sannað að ökumaður bifreiðar B hafi ekið hratt eða með öðrum hætti gáleysislega þannig að hann beri einnig sök. Verður því öll sök lögð á ökumann bifreiðar A.

Niðurstaða.

Öll sök á bifreið A.

Reykjavík 7. febrúar 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 28/2014**M
og
váttryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar orkuveitu.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna stíflu í heitavatsleiðslu.****Gögn.**

14. Málskot, móttekið 24.1.2014, ásamt fylgigögnum.
15. Bréf X, dags 29.1.2014, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Samkvæmt málskoti var árið 1984 lögð hitaveita í hús M í tilteknu frístundahúsaahverfi og var um svo kallað opið hitaveitukerfi að ræða. Mikið grugg safnaðist í síur blöndunartækja, en talið var að orsakir þess hafi mátt rekja til ófullkominnar kaldavatslagnar án þess þó að það hafi verið skoðað sérstaklega. Árið 2004 var hitaveitukerfinu breytt og því lokað. Síur sem hitaveituvatn rann um héldu áfram af stíflast og mátti þar finna ýmis aðskotaefni að sögn M, svo sem mosa, gras og flugur auk ólífræns salla. Fyrir um þremur árum hafi svo komið í ljós „20 - 30 sm ryðstífla“ í svo kölluðu PEX röri sem leiddi hitaveituvatn í gestahús. Í tengslum við þessa bilun voru kallaðir til viðgerðarmenn frá V sem á og rekur hitaveituna á svæðinu. Einnig var A, pípulagningameistari, fenginn til að annast viðgerð og endurbætur á hitaveitukerfinu.

Í bréfi A til M, dags. 24.6.2013, kemur fram að það sé mat A að þurft hefði að skoða vandlega „hvort það sem skili sér í hitaveitu síu hússins og það sem settist inn í PEX rörin á milli húsanna sé sama efnið.“

Í tölvuskeyti svæðisstjóra hjá V til M hinn 27.8.2013 segir: „Ég hef áður sagt að mér finnst líklegt að útfellingin í plastpípunum hafi komið áður en kerfinu var lokað, sérstaklega ef þessi rör hafi ekki verið með súrefnissperru, en þau eru líkast til lögð um það bil á þeim tíma sem pexpípur með súrefnisvörn voru að koma á markaðinn. Varðandi útfellinguna þyrfti þó að koma til álit sérfræðinga.“

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá X vegna þess tjóns sem hann telur sig hafa orðið fyrir. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Gögn málsins eru mjög óljós varðandi tjón M og orsakir þess. Ekki verður af þeim ráðið að tjónið verði rakið til mistaka starfsmanna V við starfrækslu hitaveitunnar eða annarra atvika sem V ber ábyrgð á að lögum. Er því ósannað að V beri ábyrgð á tjóninu og af þeim sökum fæst tjónið ekki bætt úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 18. febrúar 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 29/2014
M og
V-1 v. bifreiðanna A og B og V-2 v. bifreiðarinnar C.

Árekstur bifreiða á Hagamel í Reykjavík þ. 6.4.2010.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 23.1.2014 ásamt fylgiskjölum 1-3
2. Bréf V-1 dags. 7.2.2014.
3. Bréf V-2 dags. 21.2.2014.

Málsatvik.

Bifreiðinni B var beygt inn að húsi við Hagamel í Reykjavík, en þá ók A aftan á B og utan í framendann á C, en ökumaður C var að aka út af bílastæðinu um svipað leyti. Ökumaður C segist hafa verið að aka út af bílastæðinu til hægri og hafa stoppað við enda bílastæðisins og þá hafi hann séð B koma og beygja inn á bílastæðið. Ökumaður C segir að A hafi komið eftir B og reynt að bremsa en það ekki dugað til og þá beygt til vinstri og lent á B og C. Ökumaður A segist hafa ekið á eftir B sem hafi beygt til vinstri og hafi hann þá reynt að stöðva bílinn en vegna mikillar hálfu þá hafi það ekki tekist og hann lent á B og C.

Álit.

Ökumaður A ók of hratt og sýndi ekki nægjanlega aðgæslu við aksturinn miðað við aðstæður, sem leiddi til þess að A lenti í árekstri við bifreiðarnar B og C. Ökumaður A ber því alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök á árekstrinum

Reykjavík 18.3.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfræðingur.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 30/2014
M og
V v. slysáttryggingar eiganda og ökumanns bifreiðarinnar A

M missti stjórn á bifreið sinni í hálfu og hún lenti á staur þ. 2.2.2011

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 27.1.2014 ásamt fylgiskjölum 1-17
2. Bréf V dags. 10.2.2014 ásamt fylgiskjölum 1-2.

Málsatvik.

M segir að hann hafi misst stjórn á bifreið sinni í hálfu, hún snúist í hringi, farið upp á umferðareyju og lent á staur og hann orðið fyrir meiðslum. M krefst bóta úr slysáttryggingu eiganda og ökumanns A og telur að PC-Crash forritið sem V hafi notað hafi takmarkað upplýsingagildi í tilvikum eins og þeim sem hér ræðir um. M segist almennt hafa verið heilsuhraustur og ekki leitað til læknis vegna stoðkerfisvanda fyrr en eftir slysið. M telur ljóst að hann hafi orðið fyrir líkamstjóni í umrætt sinn þá vísar M til dóms Hæstaréttar í máli nr. 107/2009. V hafnar bótaskyldu og segir ósannað að M hafi orðið fyrir nokkru tjóni af völdum umferðaróhappans. V bendir á að fyrir liggja niðurstaða dómkvaddra matsmanna, sem M hafi sjálfur kvatt til, um að M hafi ekki orðið fyrir tímabundnum eða varanlegum afleiðingum af völdum atviksins og því mati hafi ekki verið hnekk.

Álit.

Í málinu liggur fyrir matsgerð dómkvaddra matsmanna dags. 20. október 2013, sem voru dómkvaddir að beiðni M. Niðurstaða matsins er sú að tímabundið atvinnutjón M telst ekkert vera og þjáningatímabil telst ekkert vera auk þess sem M búi ekki við varanlegt heilsutjón vegna afleiðinga umferðarslyssins þ. 2.2.2011. Þessu mati hinna dómkvöddu matsmanna hefur ekki verið hnekk og þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt á bótum úr slysáttryggingu eiganda og ökumanns bifreiðarinnar A.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysáttryggingu eiganda og ökumanns bifreiðarinnar A.

Reykjavík 4.3.2014

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 31/2014**M****og****vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.****Maður við málningarstörf utanhúss féll úr tröppu og slasaðist.****Gögn.**

16. Málskot, móttakið .2014, ásamt fylgigögnum.

17. Bréf X, dags. 13.2.2014, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 9.10.2013 vann M við málningarstörf utanhúss við íbúðarhús á vegum, V, vinnuveitanda síns. Í tilkynningu V um atvikið til Vinnueftirlitsins, dags. 10.10.2013 að því er virðist, kemur fram að M hafi verið að skera (pensla) undir þakkant. Hafi hann staðið klotvega í næstefsta þrepi í tröppu þegar spýta undir tröppunni hafi sporðreist með þeim afleiðingum að M hafi misst jafnvægið og dottið aftur á bak. Við það mun M hafa hlotið meiðsl á efri hluta baks, öxl og höfði.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Af hálfu X er haft eftir V að M hafi margra ára reynslu við málningarstörf. Á verkstaðnum hafi verið stigi sem M hafi hæglega getað stillt upp við húsvegg með öruggum hætti. Tröppuna hafi aldrei átt að nota við framkvæmd þess verks sem M vann við er hann slasaðist. Spýtur sem hafi verið undir tröppunni hafi ekki verið lagðar þar til að notast sem undirstaða fyrir tröppuna heldur hafi þær verið settar af húseiganda í beð við húsið í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að kettir pissuðu í beðið. M hafi átt samkvæmt viðurkenndu verklagi meðal starfsmanna V átt að kanna vel hvort undirstöður tröppunnar væru nógu traustar áður en hann hóf störf í þeim. Hafi M því átt að vera ljóst að hann hafi ekki stillt tröppunni upp með nægilega öruggum hætti. Slysið hafi orðið síðla dags og M hafi haldið áfram störfum, en í lok vinnudags hafi hann svo gengið frá eftir sig. Það hafi fyrst verið um hádegisbil daginn eftir að fyrirsvarsmenn V hafi fengið vitneskju um að M væri óvinnufær af völdum slyssins. M hefur andmælt því að annar stigi hafi verið á verkstaðnum sem hann hafi átt að nota í umrætt sinn í stað tröppunnar.

Álit.

Ljóst er af gögnum málsins að undirstöður tröppunnar sem M vann í er hann slasaðist voru ekki nægilega traustar og til þess verður slysið rakið. Fyllsta öryggis á vinnustaðnum var því ekki gætt eins og krafist er skv. 13. og 42. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, sbr. og gr. 4.2.1 í II. viðauka reglugerðar nr. 367/2006 um notkun tækja. M hefur sönnunarbyrði um að slysið verði rakið til atvika sem V ber ábyrgð á. Ekki verður ráðið af fyrirliggjandi gögnum að V hafir tilkynnt um slysið til Vinnueftirlitsins of seint, sbr. 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980, þannig að sönnunarbyrði um málsatvik verði að einhverju leyti varpað yfir á V. Ekkert liggur fyrir um það í gögnum málsins hvernig það atvikaðist trappan var sett ofan á spýtuna sem síðan sporðreistist undan henni. Þannig er ekki ljóst hvort M hafi átt þar hlut að máli eða hvort verkstjóri hafi haft einhver afskipti af því eða starfsmenn V aðrir en M. Að öllu virtu þykir ekki vera nægilega í ljós leitt að orsakir slyssins verði raktar til

atvika sem V getur borið ábyrgð á. Af þeim sökum á M ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 4. mars 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 32/2014
M og
V vegna fjölskyldutryggingar.

Vátryggðir í fjölskyldutryggingu vegna slyss 14. október 2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið 22. janúar 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 3. febrúar 2014.

Málsatvik.

Eiginkona M er vátryggingartaki fjölskyldutryggingar hjá V. Í vátryggingarskilmálum vátryggingarinnar kemur fram að vátryggðir í vátryggingunni séu vátryggingartaki, maki hans eða sambýlismaki og ógift börn, enda eigi þessir einstaklingar sameiginlegt lögheimili á Íslandi, búi á sama stað og hafi sameiginlegt heimilishald. Fram kemur í gögnum málsins að M og vátryggingartaki séu hjón en M er ekki með skráð lögheimili á sama stað og vátryggingartaki, en hann hefur verið skráður með lögheimili í Noregi síðan á árinu 2012.

M telur að hann eigi að teljast vátryggður þar sem lögheimili hans sé í raun á sama stað og eiginkonu hans í skilningi laga um lögheimili nr. 21/1990. Einnig telji norsk tollayfirvöld hann til heimilis á Íslandi en ekki í Noregi.

V telur að þegar skilyrði fyrir því hverjir eru vátryggðir í umræddri Heimilisvernd verði að líta til opinberra upplýsinga um skráð lögheimili. V telur einnig að vísan M til laga um lögheimili og álits norskra tollayfirvalda á heimilisfesti hans breyti ekki því að hann hafi ekki átt skráð lögheimili á sama stað og vátryggingartaki á tjónsdegi.

Álit.

Skýrt ákvæði í skilmálum fjölskyldutryggingarinnar segir að vátryggðir í vátryggingunni geti meðal annarra verið maki vátryggingartaka sem hefur sama lögheimili og vátryggingartaki. Þó hjón hafi alla jafna sama lögheimili, liggur fyrir í þessu máli að M hafði ekki skráð lögheimili á sama stað og vátryggingartaki, eiginkona hans, þegar hann slasaðist 14. október 2013. Þegar litið er til jafn skýrra skilyrða og þess sem kemur fram í umræddum skilmálum verður að leggja til grundvallar þær opinberu upplýsingar sem liggja fyrir um skráð lögheimili hans. Ekki hafa komið fram skýringar í málinu um að skráning hafi bersýnilega verið röng. Ekki verður því hægt að líta svo á að M hafi verið vátryggður í skilningi vátryggingarskilmála Heimilisverndar þegar hann slasaðist.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu hjá V.

Reykjavík 4. mars 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 34/2014
M
og V v/ábyrgðartryggingar ökutækisins X.

Krafa um bætur fyrir líkamstjón vegna umferðaróhapps 2.janúar 2012. Orsakatengsl.

Gögn.

1. Málskot móttakið 31. janúar 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf lögmanns M dags. 15. febrúar 2014 ásamt læknisvottorði dags. 11. febrúar 2014.
3. Matsgerð dags. 1. september 2014.
4. Tölvupóstur lögmanns M dags. 14. nóvember 2014.
5. Tölvupóstur V dags. 26. nóvember, 4. og 11. desember 2014.

Málsatvik.

Í gögnum málsins liggur fyrir tjónstilkynning um umferðaróhapp sem varð með þeim hætti að bifreiðinni X var ekið í hlið bifreiðar sem M ók. Ekki er ágreiningur um að ökumaður bifreiðar X beri ábyrgð á árekstrinum. Í málinu liggur fyrir framhlið tjónstilkynningar þar sem koma fram upplýsingar um að slys hafi orðið á fólki. Einnig kemur fram að M hafi fyrst leitað til læknis vegna afleiðinga árekstursins 9. febrúar 2012. Því til viðbótar liggur fyrir skýrsla um niðurstöður svokallaðs PCcrash-forrits um að líkleg þyngdarhröðun bifreiðar M við áreksturinn hafi verið 0,27 g í höggþyngd og hraði áreksturs líklega 0,12 sekúndur. Í skýrslunni kemur ennfremur fram að ekki tókst að ná tali af ökumanni bifreiðar X í tengslum við gerð hennar. Einnig liggur fyrir vottorð sjúkrahjálfa um meðferð M, upplýsingar um fyrra heilsufar, læknisvottorð sérfræðings og matsgerð læknis og lögfræðings vegna afleiðinga umferðaróhappsins.

M telur að með umræddum gögnum sé sýnt að M hafi orðið fyrir líkamstjóni í umferðaróhappinu og eigi því rétt á skaðabótum úr ábyrgðartryggingu ökutækisins X.

V taldi með bréfi 1. febrúar 2013 til lögmanns M „að ósannað sé að um orsakatengsl sé að ræða milli slyssins og meintra líkamsáverka umbjóðanda þíns“. Ekki liggur fyrir efnisleg afstaða V til málsins eftir að frekari gögn bættust við það, þ.á.m. áður nefnd matsgerð.

Álit.

Mat nefndarinnar liggur í því að meta hvort nægilega miklar líkur eru á því að M hafi hlotið líkamstjón í umferðaróhappi 2. janúar 2012. Merkt er á framhlið tjónstilkynningar að slys hafi orðið á fólki og er ekki varhugavert að ætla að sú merking eigi við um M. Þó M hafi ekki leitað til læknis vegna umræddra afleiðinga fyrr en um mánuði síðar verður litið svo á að umrædd merking feli í sér næga sönnun um að einhverra líkamlegra afleiðingar hafi verið vart strax. Í málinu liggur einnig fyrir matsgerð bæklunarskurðlæknis og lögfræðings. Í þeirri matsgerð kemur fram að matsmenn telji meiri líkur en minni á að M hafi hlotið líkamstjón við áreksturinn. Þó gera megi athugasemdir við að forsendur fyrir því mati séu ekki ítarlega rökstuddar verður ekki litið hjá því að matið byggir á gögnum málsins sem og læknis- og líkamsskoðun á M. Umræddu mati hefur ekki verið hnekktt og m.v. gögn málsins í heild verður talið sannað að M hafi hlotið líkamstjón í árekstrinum.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík 22. janúar 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 35/2014
M og
V1 v/ bifreiðarinnar A og V2 v/ bifreiðarinnar B.

Árekstur á brú yfir Jökulsá við Jökulsárlón 23. október 2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið 29. janúar 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V1 dags. 6. febrúar 2014 ásamt gögnum.
3. Bréf V2 dags. 12. febrúar 2014 ásamt ljósmyndum.
4. Bréf f.h. ökumanns B, dags. 17. febrúar 2014.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu vegna málsins kemur fram að árekstur varð með bifreiðunum A og B við vesturenda brúarinnar yfir Jökulsá við Jökulsárlón á Breiðamerkursandi. Bifreiðinni B var ekið til vestur yfir brúna en bifreið A til austurs. Ökumaður bifreiðar A kveðst hafa verið að aka að brúnni á miðjum vegi þegar hann varð var við bifreið sem kom á móti yfir brúna. Ökumaður A ætlaði þá að aka aftur á bak en nánast í sömu mund hafi orðið árekstur með bifreiðunum. Ökumaður B kveðst hafa verið kominn inn á brúna þegar hann sá bifreið koma á móti. Þá hafi hann snarhemaði en runnið áfram á bifreið B. Í lögregluskýrslu kveðst ökumaður B hafa ekið á um 70-80 km/klst og þar kemur einnig fram að á vettvangi sé 50 km/klst hámarkshraði

M telur að ekki séu efni til þess að leggja nokkra sök á ökumann bifreiðar A vegna málsins heldur að ökumaður bifreiðar B beri alla sök á árekstrinum. M vísar til þess að ökumaður B hafi ekið allt of hratt miðað við aðstæður auk þess sem hann beri í lögregluskýrslu að hafa ekki verið að fylgjast með veginum.

V1 vísar til 1.mgr. 19.gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og telur ökumann A, sem V1 telur hafa komið seinna að brúnni, bera megin sök á árekstrinum fyrir að hafa ekki vikið fyrir þeim sem fyrir kom að brúnni, eða ökumanni B. V1 telur þó að ökumaður B eigi að bera 25-50% tjónsins vegna hraðaksturs.

V2 vísar til þess að brúarstæðið við Jökulsá sé einbreitt frá ristarhliði við afleggjara að austanverðu og að stuðningsvirki brúarinnar að vestanverðu. Einbreiður vegkafla sé því um 234 metrar á meðan brúargólfíð sjálft sé um 110-115 metrar. Í bréfi V2 kemur fram það mat félagsins að bifreið A hafi verið ekið um 32 metra af þessum einbreiða kafla þegar árekstur varð en ökumaður B hafi ekið um 202 metra. Einnig bendir V2 á að ökumaður A hafi komið að brúnni af afleggjara rétt áður og því ekki sýnilegur ökumanni B með löngum fyrirvara. V2 vísar til 1.mgr. 19.gr. umferðarlaga þar sem kemur fram að þegar ökutæki mætast þar sem hvorugt kemst framhjá hinu áhættulaust skuli sá víkja eða aka til hliðar sem betur fær komið því við. Ökumaður A hafi borið umrædda skyldu og beri því nokkra sök á árekstrinum. V2 vísar hins vegar einnig til þess sem haft er eftir ökumanni B í lögregluskýrslu um ökuhraða og að hann hafi litið til hliðar rétt fyrir áreksturinn. Með hliðsjón af þessum þáttum telur V2 að sök eigi að skipta til helminga.

Lögmaður ökumanns B vísar til þess að skjólstæðingur hans hafi slasast alvarlega í árekstrinum og og verði að skoða það sem haft sé eftir honum á vettvangi í ljósi þess. Einnig vísar hann til þess að ökumaður B hafi verið kominn fyrir inn á brúna og ósannað sé að hann hafi ekið of hratt miðað við aðstæður, en ökumaður B kveðst hafa ekið á um 60 km/klst, það hafi verið rigning og hann því keyrt varlega.

Álit.

Af gögnum málsins má ráða að árekstur hafi orðið við vesturenda brúar sem báðir ökumenn hugðust aka yfir. Við brúna þeim megin er vegur að brúnni einbreiður rúma 30 metra að brúnni sjálfri. Í ljósi þess hvar áreksturinn síðan varð eru nokkrar líkur á því að ökumaður B hafi komið fyrir að brúnni. Í 1.mgr. 19.gr. umferðarlaga kemur fram að við aðstæður sem þessar beri að aka varlega og sýna öðrum vegfarendum tillitssemi og nema staðar, ef nauðsyn ber til. Einnig kemur fram að ef ökutæki ná ekki að mætast hættulaust skuli sá ökumaður sem betur fær því við komið, aka út af vegi eða aftur á bak.

Við sakarmat í þessu máli verður litið til þess að báðum ökumönnum bar að aka varlega og sýna tillitssemi. Við akstur yfir brú sem þessa, þar sem útsýni er aðeins skert sitt hvoru megin við, verður að gæta þess að aka með þeim hætti að auðvelt sé að stöðva bifreið og eftir atvikum víkja ef slíkar aðstæður myndast. Þessa gætti hvorugur ökumanna nægilega vel. Þegar litið er til upplýsinga í lögregluskýrslu er þó ljóst að ákomustaður er á brúnni í um 55 metra fjarlægð frá þeim stað sem B stöðvaðist eftir áreksturinn. Virðist ökumaður B hafa byrjað þá að nauðhemla, eins og hann lýsir í lögregluskýrslu. Bendir það, sem og framburður ökumanna um ökuhraða, eindregið til þess að bifreið B hafi verið ekið mun hraðar en aðstæður leyfðu. Miðað við hversu stutt bifreið A hafði verið ekið inn að brúnni verður að ætla að auðvelt hefði verið fyrir ökumann bifreiðar B að stöðva bifreið á þeirri vegalengd sem eftir var þegar hann sá bifreið A, þ.e. ef bifreið B hefði verið ekið af nægri tillitssemi yfir brúna. Verður því meginástæða árekstursins rakin til þess að ökumaður B sýndi ekki nægilega tillitssemi við aksturinn þar sem hann ók of hratt miðað við aðstæður og ber hann því 2/3 hluta sakar. Það verður þó ekki hjá því litið að ökumaður A virðist hafa komið síðar að brúnni en ökumaður B og gat hann því betur komið því við að aka aftur á bak eða út af veginum m.v. skýr fyrirmæli 1.mgr. 19.gr. umferðarlaga. Það gerði hann ekki og ber hann því 1/3 hluta sakar.

Niðurstaða.

Sök skiptist þannig að ökumaður bifreiðar B ber 2/3 hluta sakar en ökumaður bifreiðar A 1/3 hluta sakar.

Reykjavík 14. mars 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 36/2014**M
og
vátryggingafélagið X v/ sjúklingatryggingar tannlæknis.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna tannréttingarmeðferðar.****Gögn.**

18. Málskot, móttakið 31.1.2014, ásamt fylgigögnum.
19. Bréf X, dags. 24.2.2014, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Af því sem ráða má af gögnum málsins mun M í lok árs 2004 hafa byrjað tannréttingarmeðferð hjá V, tannlækni og sérfræðingi í tannréttingum. Í upphafi meðferðarinnar var M sagður vera með „djúpt bit og retroklineraðar tennur sem halla innávið, cl II bitskekkju sem þýðir að tannboginn í efri var framar en tannboginn í neðri. Tannvöntun á 2 forjöxlum í neðri kjálka og því voru bil þar.“ Þá má ráða að í meðferðinni hafi V dregið tvær tennur, sem nefndar eru „fyrstu forjaxlar“ eða „tennur 14 og 24“, úr efri kjálka M. Er komið var fram á árið 2008 mun M hafa að einhverju leyti hafa verið orðinn ósáttur með gang meðferðarinnar og í apríl það ár er skráð í sjúkraskrá: „Sj. eitthvað ósáttur, finnst tennurnar í neðri vera innarlega.“ Í febrúar 2009 virðist svo nýr tannlæknir, sem starfar á sömu tannlæknastofu og V, hafa tekið yfir meðferðina. Var M til meðferðar hjá þeim tannlækni a.m.k. fram á árið 2011 að því er ráða má af málgögnum. Í sjúkraskýrslu 24.3.2011 segir svo: „Farið yfir að bitið er gott en loka þarf bilum með krónum á 5+5, 6+6, sj gat ekki sætt sig við að fá framtennur í efri innar og ofar og því þurfti að skilja eftir bil.“

V hefur í gildi sjúklingatryggingu hjá X. Með bréfi 11.7.2011 til X kveður M að V hafi fjarlægt tvær tennur úr gómi sínum og eftirmeðferð vegna þessa tanndráttar hafi að hámarki átt að taka tvö til tvö og hálf tennur en hafi er bréfið var ritað staðið yfir í um sex ár. Sé ljóst að vegna sjúklingatryggingaraburðarins hjá V þurfi að smíða upp í M sex tennur í stað þeirra tveggja sem teknar voru. Einnig hafi V gert ítrekuð mistök við eftirmeðferð tanndráttarins. Hafi M orðið fyrir alvarlegum afleiðingum við meðferð V. Var þess óskað að X tæki m.a. afstöðu til bóta úr sjúklingatryggingu V á grundvelli þeirra gagna sem fylgdu með bréfinu.

X og M leituðu sameiginlega álits A, tannlæknis og sérfræðings í tannréttingum, á tilteknum atriðum er lutu að meðferð þeirri sem M fékk hjá V. Af beiðninni verður ráðið að þess sé óskað að álitid taki til þeirrar meðferðar sem fór fram á árunum 2005 til 2011. Í greinargerð A kemur fram að smíði á fjórum tönnum í efri gómi til að fylla upp í bil sé afleiðing af tannréttingunni og meðferðin hafi verið innan eðlilegra marka, en það að ekki yrði meiri „mesialfærsla“ á jöxlum við lagfæringu á framtönnum hafi verið óvænt aukaáhrif af meðferðinni. Þá telur A að minnka hefði mátt verulega það tjón sem M telur sig hafa orðið fyrir með því að „setja fljótlega innplönt í neðri góm og bráðabirgðatennur á þá planta.“ Það sé hins vegar réttmæt athugasemd hjá meðferðaraðilum „að fylling í 16 var ekki af fullri stærð og vegna rótfyllingar þá var þörf á krónu þar hvort sem var og forjaxlar voru mjóslegnir, þannig að e.t.v. hefði þurft að breikka þær eitthvað með fyllingum. Einnig hefði mátt bjóða upp á gómplanta með beinfestu til að toga í jaxla fram á við. Sú færsla hefði getað átt sér stað án samvinnu við sjúkling að mestu leyti.“

Meðferðin hafi verið innan eðlilegra marka, en of seint hafi verið brugðist við að loka útdráttarbilum og í þessu tilfelli hefði þurft sértæka lausn til að það hefði tekist, en ekki komi fram í sjúkraskýrslu hvort slíkt hafi verið boðið. Einnig kemur fram í greinargerð A að til að laga mætti þau bitvandamál sem M bjó við hafi verið nauðsynlegt að breyta framtannabiti til að koma „innplöntum“ niður í neðri góm. Sú meðferð hafi tekist með ágætum en því hafi fylgt sá aukakvilli að ekki hafi tekist að loka bilum í efri gömi á jaxlasvæði með þeirri meðferðartækni sem notuð var. Ennfremur er þess getið í greinargerð A að ástand það sem M rekur til tannréttingarmeðferðarinnar sem framkvæmd var á árunum 2005-2011 sé sjaldgæft en komi fyrir.

X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga um sjúklingatryggingu nr. 111/2000 eiga rétt til bóta samkvæmt lögnum þeir sjúklingar, sbr. 2. gr. laga um réttindi sjúklinga, sem verða fyrir líkamlegu eða geðrænu tjóni hér á landi í tengslum við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð m.a. hjá sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanni sem hlotið hefur löggildingu til starfans. Í 2. gr. laganna eru í fjórum tölulíðum talin upp þau atvik sem leitt geta til bóta úr sjúklingatryggingu án tillits til þess hvort einhver ber skaðabótaábyrgð samkvæmt reglum skaðabótaréttarins, enda megi að öllum líkindum rekja tjónið til umræddra atvika. Í málskoti kveður M að bótaskylda hafi stofnast á grundvelli 1., 3. og 4. tölul. 2. gr. laganna.

Í gögnum málsins eru það einkum sjúkraskýrslur og greinargerð A sem helst varpa ljósi á læknismeðferðina, gang hennar og þær aðgerðir sem M gekkst undir hjá V meðan á meðferðinni stóð. Af þessum gögnum, einum og sér, er örðugt að átta sig á hvað beinlínis hafi farið úrskeiðis í meðferðinni og í hverju tjón M kann að vera fólgið. Þá má ráða af gögnum málsins að M hafi sjálfviljugur horfið úr meðferðinni hjá V í febrúar 2009 áður en henni var lokið og fengið annan tannlækni á sömu tannlæknastofu til að halda meðferðinni áfram. Samkvæmt fyrirliggjandi vátryggingarskírteini var í gildi sjúklingatrygging fyrir V hjá X en ekki fyrir þann tannlækni sem síðar tók við meðferðinni. Kemur því einungis til skoðunar hvort atvik hafi orðið á því tímabili sem M var til meðferðar hjá V, þ.e. á tímabilinu frá desember 2004 til 6. febrúar 2009, sem leitt geti til bótaskyldu úr sjúklingatryggingunni.

Samkvæmt 1. tölul. skal greiða bætur ef ætla má að komast hefði mátt hjá tjóni ef rannsókn eða meðferð við þær aðstæður sem um ræðir hefði verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði. Ekkert í málgögnum gefur til kynna að meðferð sú sem M fékk hjá V hafi ekki verið hagað eins vel og unnt var í samræmi við þekkingu og reynslu á sviði tannréttinga. Getur því ekki komið til greiðslu bóta á grundvelli þessa tölulíðar.

Bætur skal greiða ef mat sem síðar er gert leiðir í ljós að komast hefði mátt hjá tjóni með því að beita annarri meðferðaraðferð eða tækni sem vól var á og hefði frá læknisfræðilegu sjónarmiði gert sama gagn við meðferð sjúklings, sbr. 2. tölul. Í greinargerð sinni getur A þess að hann telji að hægt hefði verið að minnka skaðann verulega með annarri meðferðaraðferð sem hann tilgreinir, en getur jafnframt ástands á tilteknum tönnum sem virðist geta haft áhrif á árangur þeirrar aðferðar þótt það sé ekki tekið fram berum orðum. Hvað sem því líður verður ekki ráðið með skýrum hætti af greinargerð A að komist hefði verið hjá tjóni þótt beitt hefði verið annarri

meðferðaraðferð eða tækni. Bætur verða af þeim sökum ekki reistar á þessum tölulið 2. gr. laganna.

Samkvæmt 4. tölul. stofnast bótaskylda ef tjón hlýst af meðferð og tjónið er af sýkingu eða öðrum fylgikvilla sem er meiri en svo að sanngjarnt sé að sjúklingur þoli það bótalaust. Er í ákvæði þessu tilgreind nánar atriði sem líta ber til þegar metið er hvort bótaskilyrðum sé fullnægt. Ekki verður ráðið af greinargerð A eða öðrum gögnum málsins að M búi við fylgikvilla af völdum meðferðarinnar hjá V sem séu meiri en svo að sanngjarnt sé að hann þoli þá bótalaust. Þegar af þeirri ástæðu geta bætur samkvæmt þessum tölulið ekki komið til álita.

Að öllu framangreindu virtu verður ekki talið að fullnægt sé skilyrðum fyrir greiðslu bóta úr sjúklingatryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu V hjá X.

Reykjavík, 18. mars 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 37/2014
M og
Vátryggingafélagið V v. frjálsrar ábyrgðartryggingar A

Maður slasast á hendi þegar bor festist í álplötu þ. 25.3.2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 30.1.2014 ásamt fylgiskjölum 1-12
2. Bréf V dags. 4.12.2013 og 17.2.2014.

Málsatvik.

M var að bora álplötu þegar borinn festist í plötunni og M greip í plötuna og reyndi að halda henna en við það vafðist vinnuhanski M utan um borinn sem varð til þess að M slasaðist á fingri. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V og telur að A og verkstjórar hafi ekki sinnt skyldum sínum skv. lögum nr. 46/1980 og/eða reglugerðum samkvæmt þeim lögum. M segir að borvélina hafi ekki verið útbúin líkt og kveðið sé á um í 46.gr. 1. nr. 46/1980. Þá byggir M á því að ekki hafi verið gert áhættumat á vinnustaðnum og ljóst sé að borvél sú sem um ræðir sé vanbúin. Í skýrslu Vinnueftirlitsins vegna slyssins segir að hanski M hafi vafist utan um borvélina og við það hafi M kippt að sér hendinni og skorist hafi af fingri við fremsta lið. Þá segir að M sé læður vélvirki sem hafi unnið mikið við umrædda vél. Í skýrslu Vinnueftirlitsins segir einnig að borvélina sé ekki útbúin með neyðarstoppi og eingöngu hægt að stöðva borvélina með rofa sem staðsettur er á borvélinni sjálfri. V hafnar bótaskyldu og bendir á að ekki hafi verið gerðar athugasemdir við umrædda borvél af hálfu Vinnueftirlitsins. V segir að M hafi starfaða hjá A í rúm 8 ár og sé menntaður málmiðnaðarmaður og unnið mikið við umrædda vél þar á meðal verk eins og það sem hann var að vinna í umrætt sinn. Þá segir V að neyðarrofi hefði ekki komið í veg fyrir slysið miðað við lýsingu á málavöxtum.

Álit.

M hafði unnið um árabíl hjá A og meðal annars við umrædda borvél. Fyrir liggur að vélin er komin til ára sinna og neyðarrofi er ekki á vélinni. Hanski M vafðist utan um borinn í umrætt sinn sem varð þess valdandi að M slasaðist á fingri þegar hann kippti hendinni að sér. Ekki hefur verið sýnt fram á af hálfu M að orsakatengsl séu á milli slyss hans og þess að neyðarrofi var ekki á vélinni. Af framngreindum ástæðum og þess að ekki er sýnt fram á að verkstjórn hafi verið ábótavant eða borvélina vanbúin að því leyti, sem leiddi til slyssins þá á M ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 14.3.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 38/2014
M og
V vegna ábyrgðartryggingar atvinnureksturs H.

Skaðabótaábyrgð vegna vinnuslyss 18. október 2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið 3. febrúar 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 5. mars 2014 ásamt gögnum.
3. Bréf lögmanns M dags. 17. mars 2014.

Málsatvik.

Af gögnum málsins má ráða að M hafi slasast þegar hún féll við og datt aftur fyrir sig á vinnustað sínum hjá H. Ekki liggja fyrir samtímagögn um atvik málsins en af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að óumdeilt sé að M hafi fallið við og slasast þennan dag og það hafi gerst í vinnuaðstöðu M í húsnæði H. Ekki virðist heldur ágreiningur um að M hafi verið að ganga frá uppvaski þegar hún féll við og á gólfinu hafi verið nokkrar gúmmímottur.

M byggir á því að skv. 23.gr.a. skaðabótalaga nr. 50/1993 beri vinnuveitandi hlutlæga ábyrgð á tjóni starfsmanns og þess vegna eigi að greiða bætur úr ábyrgðartryggingu H hjá V. M telur einnig að slysið megi rekja til til þess að vinnuaðstæður hennar hafi verið ófullnægjandi þar sem vatn úr uppþvottavél hafi runnið út á gólf og skapað bleytu sem M hafi síðan runnið í. M vísar um það til ýmissa ákvæða í lögum nr. 46/1980 og reglum þeim tengdum og telur að H hafi ekki uppfyllt þær skyldur sem þar eru tilgreindar um fullnægjandi vinnuaðstæður. Saknæmt hafi verið af hálfu H að láta M og aðra starfsmenn handleika þungar byrðar þar sem vænta mátti bleytu og ósannað sé að sérstakur skóbúnaður hafi verið tiltækur fyrir starfsmenn H. Einnig telur M að með því að tilkynna ekki um slysið til Vinnueftirlits ríkisins hafi H vanrækt skyldu sína skv. 79.gr. laga nr. 46/1980 og beri H því hallann af sönnunarskortum um að aðstæður hafi verið fullnægjandi í greint sinn.

V telur að vinnuaðstæður M hafi verið fullnægjandi í greint sinn. V bendir á að ómögulegt sé að koma í veg fyrir að einhver bleyta myndist þar sem uppvaski á sér stað, eins og á vinnusvæði M, og þess vegna sé gólfið búið stömu gólfefni og nokkrum gólfmottum. Slíkar ráðstafanir af hálfu H hafi uppfyllt skyldur fyrirtækisins sem atvinnurekanda skv. lögum og reglum sem um slíkar aðstæður gilda. Auk þess bendir V á að M sjálf hefði átt að benda á ef aðstæður voru óvenjulegar þann dag sem slysið varð, skv. 26.gr. laga nr. 46/1980. V vísar því á bug að uppþvottavél hafi lekið og vísar þar til sérstakrar athugunar á vélinni eftir slysið þar sem engar athugasemdir voru gerðar við ástand hennar. Auk þess hafi M átt þess kost að klæðast sérstökum skóbúnaði sem tiltækur hafi verið á vettvangi. Einnig telur V að ekki séu orsakatengsl milli þess að slys M hafi ekki verið tilkynnt og þeirra athugasemda sem voru gerðar af hálfu Vinnueftirlitsins í febrúar 2014. Þar hafi ekki verið gerðar athugasemdir við gólfefni, gólfmottur, gönguleiðir eða vinnuaðstæður M, en þær séu þær sömu og voru í húsnæði H þegar slys M varð.

Álit.

Í málinu kemur fram að lögmaður M telur að H beri hlutlæga ábyrgð á líkamstjóni M vegna ástæðna sem liggja að baki setningu 23.gr. a skaðabótalaga nr. 50/1993, sbr. lög nr. 124/2009. Ekki verður fallist á þau rök og vísast um það til röksemda í dómum Hæstaréttar í málum nr. 472/2011 og 90/2013.

Fyrir liggur að slys M var ekki tilkynnt Vinnueftirlits ríkisins innan þess frests sem kemur fram í 2. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980. Við þær aðstæður verður sönnunarstaða málsins með þeim hætti

að lýsing M á málsatvikum verður lögð til grundvallar og ber H hallann af sönnunarskorti um að atvik máls hafi verið á annan hátt en M lýsir. Ljóst er að M rann til og líklega má rekja það til bleytu á gólfi í vinnuaðstöðu hennar. Að beiðni H tók Vinnueftirlitið út vinnuaðstöður í febrúar 2014. Þar eru ekki gerðar athugasemdir eða gerðar kröfur um úrbætur vegna vinnuaðstæðna þar sem M slasaðist. Ekki verður annað séð en að aðstæður hafi verið þær sömu í úttekt Vinnueftirlitsins og þegar slys M varð. Með hliðsjón af þessum aðstæðum hefur það ekki ráðandi áhrif í málinu að umrædd tilkynningaskylda hafi verið vanrækt.

Við þær vinnuaðstæður sem lýst er í gögnum málsins er ekki hægt að útiloka með öllu að bleyta berist frá uppvaski á gólf sem M þarf að ganga á. Þó aðstæður séu þannig verður ekki fallist á að það leiði til þess að vinnuaðstæður hafi verið í ósamræmi við ákvæði í lögum nr. 46/1980 eða tengdum reglum. Um er að ræða svipuð atvik og aðstæður og voru uppi í máli Hæstaréttar nr. 662/2010 og með vísan til niðurstöðu þess máls verður slys M rakið til óhappatilviljunar en ekki til atvika sem voru á ábyrgð H.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr úr ábyrgðartryggingu H hjá V.

Reykjavík 1.apríl 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 39/2014**M og
V v/kaskótryggingar ökutækisins X.****Ætlað tjón á sjálfskiptingu vegna útafaksturs 30. nóvember 2012.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 31. janúar 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 28. febrúar 2014 ásamt gögnum.
3. Tölvupóstur M dags. 28. febrúar 2014.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu vegna málsins kemur fram að M ók bifreiðinni X út af vegi í Lundaskógi í Fnjóskadal þann 30. nóvember 2012. Skemmdir urðu á bifreiðinni og samþykkti V að greiða bætur á grundvelli útafaksturs í skilningi kaskótryggingar bifreiðarinnar. Ágreiningur stendur um hvort það hafi orðið tjón á sjálfskiptingu bifreiðarinnar við áður nefndan útafakstur.

M telur að tjón á sjálfskiptingu hafi ekki getað komið fram öðruvísi en við umrætt tjónsatvik. Bifreiðin hafi hallað mikið og verið lengi eftir útafaksturinn í „drive“ við þær aðstæður að hann stóð ekki í öll hjólin. M telur að tjón á sjálfskiptingunni megi rekja til að hægri framhjól hafi verið á loft og snúið í nokkurn tíma og þess vegna hafi sjálfskiptingin misst þrýsting og gleypst loft sem hafi leitt til tjónsins. M leggur einnig áherslu á að nýlega hafi sjálfskipting bifreiðarinnar verið uppgerð og bifreiðinni ekki ekið nema um 4000 km eftir það.

V vísar til álits sérfræðings sem V fékk til að meta ástand sjálfskiptingarinnar eftir útafaksturinn og er álit hans á meðal gagna málsins. Sá sérfræðingur telur mjög litlar líkur á að sjálfskiptingin hafi skemmt við umrætt tjónsatvik í ljósi þess að slit á diskum í skiptingunni sé miklu mun líklegra til að koma fram á lengri tíma. Einnig vísar V til þess að ekki liggja fyrir gögn um með hvaða hætti sjálfskipting hafi verið uppgerð áður en tjónsatvikið varð. Að lokum vísar V til þess að ef upplýsingar frá V séu réttar varðandi það að sjálfskipting hafi verið uppgerð nokkru áður sé líklegt að eitthvað hafi amað að og að það sé því alveg eins það sem geti hafa orsakað bilun í sjálfskiptingu nú. V telur því ósannað að bilun í sjálfskiptingu hafi komið til vegna útafaksturs.

Álit.

Þegar ágreiningur er um hvort orsakatengsl séu á milli tjónsatviks og tiltekinnar bilunar verður vátryggingartaki að sýna fram á að meiri líkur en minni séu á því að þá bilun sé hægt að rekja til tjónsatviksins. Í málinu liggja fyrir annars vegar ályktun M og hins vegar ályktun V sem byggð er á mati sérfræðings í sjálfskiptingum og bifvéla virkjamestara. Þegar gögn málsins eru skoðuð í heild telst ekki nægilega sýnt fram á að tjón á sjálfskiptingu hafi orðið við útafakstur bifreiðarinnar X. Verður M að bera hallann af þeim sönnunarskorti og á því ekki rétt á bótum fyrir þann hluta tjónsins úr kaskótryggingu X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á frekari bótum úr kaskótryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Reykjavík 18. mars 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 40/2014**M****og****vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.****Starfsmaður slasaðist er hann féll við og fingur lentu í hnífum sláttuvélar.****Gögn.**

20. Málskot, móttakið 4.2.2014, ásamt fylgigögnum.

21. Bréf X, dags. 24.2.2014, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 10.7.2012 vann M, starfsmaður golfklúbbsins V við að slá gras með handsláttuvél í nokkrum halla við sandglompu á golfvelli V. Í lögregluskýrslu er haft eftir M að hann hafi staðið ofan við hallann og stigið til hægri. Þá hafi hann misstigið sig, en grasið hafi verið blautt og hann runnið á vélina sem hafi endastungist og hann farið með fingur hægri handar í hníf sláttuvélarinnar. M var ráðinn tímabundið til starfa hjá V og hafði unnið þar í tæpan hálfan mánuð er slysið varð.

Í umsögn Vinnueftirlitsins um slysið kemur fram að sláttuvélin sem M notaði hafi verið af gerðinni Flymo með tveggja hestafla Briggs & Stratton vél. Halli bakkans niður í glompuna hafi verið um 45° og verið um 1,5 m á lengd. M hafi staðið við efri brún hallans þegar hann hafi misstigið sig og skrikað fótur á grasinu sem hafi verið nýbúið að vökva. Við það hafi hann runnið á sláttuvélina sem hvolfdi með þeim afleiðingum að lenti með tvo fingur í ljánum. Í umsögninni eru aðstæður á slysstað sagðar hafa verið erfiðar þar sem verið var að slá í miklum halla með loftpúðasláttuvél en erfitt sé að stjórna slíkum vélum í hallandi landslagi og hún því hentað illa til verksins. Til þessa megi rekja orsök slyssins. Var í umsögninni mælt fyrir um þær úrbætur að áhættumeta skuli vinnu við slátt í hallandi landslagi og tryggja að aðeins séu notuð tæki sem henta til þeirra verka.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá X. X kveður M hafa fengið leiðsögn um virkni sláttuvélarinnar og hann ætti einnig að hafa aldur til að þekkja til virkni sláttuvéla og hættueiginleika þeirra. Þá kveður X, samkvæmt upplýsingum frá V, að sláttuvél sú sem M notaði sé sambærileg þeim sem hafa í yfir 20 ár verið notaðar til að slá svæði áþekkt þeim M var að slá í umrætt sinn. Að auki sé sláttuvélin viðurkennd til vinnu á slíkum svæðum. Ekki sé hægt að nota aðra sláttuvél við verkið. Þessu til stuðnings kveðst X vísa til umfjöllunar í 2. tbl. Neytendablaðsins 2010 þar sem fram komi í gæðakönnun um garðsláttuvélar að Flymo loftpúðavél af gerðinni Turbo 400 fái góða einkunn fyrir slátt í halla og við graskant auk þess sem hún slái gras jafnt og vel. Hefur X hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu V.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en V hafi látið M í té sláttuvélina sem hann notaði til að slá grasið í hallanum við sandglompuna, en M hafði unnið um skamma hríð hjá V þegar slysið varð. Samkvæmt umsögn Vinnueftirlitsins hentaði sláttuvélin illa til að slá við þær aðstæður sem þarna voru. Staðhæfingar sem hafðar eru eftir V um að umrædd sláttuvél sé viðurkennd til vinnu við slíkar aðstæður og að ekki hafi verið unnt

að nota aðrar gerðir sláttuvéla við verkið eiga sér ekki stoð í gögnum málsins. Þær teljast því ósannaðar. Af ljósmyndum í lögregluskýrslu af sláttuvélinni verður ekki annað ráðið en um sláttuvél með bensínvél hafi verið að ræða. Það verður einnig ráðið af lýsingu á sláttuvélinni í umsögn Vinnueftirlitsins eins og áður greinir. Sláttuvél sú sem V vísar til í Neytendablaðinu er allt annarrar gerðar, minni og er auk þess rafmagnsknúin. Af þeirri gerð sláttuvélar verður ekkert ráðið um eiginleika vélarinnar sem M notaði umrætt sinn.

Að öllu virtu verður að telja nægilega í ljós leitt að með því að láta M slá grasið í hallanum með téðri sláttuvél hafi það brugðist af hálfu V að velja handa honum vél sem hentaði við þau sérstöku vinnuskilyrði, aðstæður og áhættu sem þarna voru hendi, sbr. 2. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 367/2006 um notkun tækja. Fyllsta öryggis við framkvæmd verksins hefur því ekki verið gætt af hálfu V, sbr. 13. og 37. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Samkvæmt þessu ber V ábyrgð á því líkamstjóni sem M hlaut í slysinu og það bætist því úr ábyrgðartryggingu V hjá X. Ekki eru skilyrði að lögum til að skerða bótarétt M úr ábyrgðartryggingunni vegna hugsanlegrar meðábyrgðar hans.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 14. mars 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 41/2014**M og****V vegna slysaftryggingar ökumanns og eiganda bifreiðarinnar X.****Umferðarslys á Gullinbrú í Grafarvogi 27. desember 2012.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 16. janúar 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 21. febrúar 2014 ásamt lögregluskýrslu og myndum af hjölbörðum bifreiðarinnar DL 326.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu vegna málsins kemur fram að vitni lýsir umferðarslysi M þannig bifreið M hafi byrjaði að rása á veginum og endaði á ljósastaur, vestan megin við veginn. Ekki liggur fyrir í málinu framburður M sjálfur sem ökumanns bifreiðarinnar X en af málinu má ráða að ekki sé ágreiningur um sjálf atvik málsins heldur einungis hvort háttsemi M við aksturinn megi jafna til stórkostlegs gáleysis.

Með bréfi dags. 11. febrúar 2013 tilkynnti V lögmanni M um þá ákvörðun sína að takmarka ábyrgð um 1/3 hluta tjónsins með vísan til gr. 8.1. í skilmálum, sbr. heimild í 1. mgr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. V rökstuddi afstöðu sína með hliðsjón af því að M hafi ekið bifreið sem var búin sumardekkjum um hávetur, í veðurastæðum þar sem var hálka og snjór. V ítrekar afstöðu sína í athugasemdum til nefndarinnar og vísar þar til þess að sumardekk bifreiðarinnar hafi verið vanbúin þar sem yfirborð dekkjanna hafi nánast verið slétt.

M telur hins vegar að V hafi ekki sýnt fram á að bifreiðin hafi verið vanbúin eða að M hafi sýnt stórkostlegt gáleysi með akstri sínum. Þar vísar M til þess að hvergi liggja fyrir úttekt á hjölbörðum bifreiðar M sem staðreyni vanbúnað sem og að aðstæður til aksturs hafi verið góðar, dagsbirta hafi verið og góð færð skv. upplýsingum í lögregluskýrslu og M hafi ekið á eðlilegum hraða með fyllstu aðgát áður en óhappið varð.

Álit.

Þegar litið er til gagna málsins lýtur ágreiningur þess að því hvort skilyrði 1. mgr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga séu uppfyllt, þ.e. hvort M hafi sýnt stórkostlegt gáleysi við akstur um Gullinbrú í greint sinn og eftir atvikum þannig brotið gegn fyrirmælum í vátryggingarsamningi. V ber sönnunarbyrðina um að það teljist til stórkostlegs gáleysis að hafa ekið á sumardekkjum við umræddar aðstæður. Í málinu liggja fyrir gögn sem staðfesta notkun sumardekkja þó ekki liggja fyrir ítarleg greining á því hversu slitnir þeir voru. Ekki liggur heldur fyrir skýrsla af M vegna málsins, eins og áður hefur komið fram. Með hliðsjón af þessu og myndum af vettvangi þar sem ekki er að sjá mikla hálku eða snjó má ætla að gáleysislegt hafi verið að aka um á sumarhjölbörðum. Hins vegar verður, með tilliti til aðstæðna, ekki talið nægilega sannað slíkt feli í sér stórkostlegt gáleysi og á M því rétt á fullum bótum úr slysaftryggingu ökumanns og eiganda.

Niðurstaða.

M á rétt á fullum bótum úr slysaftryggingu ökumanns og eiganda hjá V.

Reykjavík 14. mars 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 42/2014
M og
Vátryggingafélagið V v. A og B

Árekstur bifreiða við útakstur af bensínstöð þ. 4.2.2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.7.2.2014 ásamt fylgiskjölum 1-3
2. Bréf V dags. 21.2.2014

Málsatvik.

Árekstur varð milli bifreiðanna A og B við útakstur af bensínstöð Skeljungs í Ártúnsholti. Bifreiðin B var kyrrstæð við útakstur og beið ökumaður B færís að aka inn á aðrein að Vesturlandsvegi þegar A ók fram með hægri hlið B og stöðvaði við biðskyldu, en um það leyti var B ekið áfram og árekstur varð milli bifreiðanna.

Álit.

Ökumaður A ók hægra megin fram úr B þar sem ekki voru aðstæður til slíks aksturs og ber því alla sök á árekstrinum. Ekki verður séð að ökumaður B hafi hagað akstri sínum með þeim hætti að hann beri sök eða hluta sakar. Ökumaður A ber því alla sök.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök á árekstrinum.

Reykjavík 14.3.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 43/2014
M og
V v. örorkutryggingar.

Afleiðingar vinnuslyss þann 27. desember 2009.

Gögn.

1. Málskot móttekið þann 6. febrúar 2014 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V frá 21. febrúar 2014.

Málsatvik.

M lenti í vinnuslysi þann 27. desember 2009 þegar hann var staddur um borð í fraktskipi. Var M að vinna við lestun skipsins þegar hann féll af dekki þess niður á bryggju og lenti hann á fótunum með þeim afleiðingum að hann slasaðist alvarlega, m.a. á fótleggjum og baki. Var fallið um 8 metrar.

Í málinu liggur fyrir matsgerð tveggja matsmanna frá 22. janúar 2013. Niðurstaða þess mats er m.a. sú að M hafi hlotið 40 stiga varanlegan miska, 55% varanlega örorku samkvæmt 5. gr. skaðabótalaga og 40% varanlega læknisfræðilega örorku.

Í gr. 8.4 skilmála vátryggingarinnar kemur m.a. fram að bætur greiðist ekki úr vátryggingunni ef örorka er metin lægri en 50%.

V hafnaði bótaskyldu með bréfi þann 11. febrúar 2013. Höfnunin var rökstudd með því að M hafði ekki hlotið 50% varanlega örorku sem væri skilyrði fyrir greiðslu bóta úr vátryggingunni.

M er ósáttur við niðurstöðu fyrrgreindrar matsgerðar og hyggst leita álits Örorkunefndar.

Í málskoti er þess óskað að úrskurðarnefndin kveði ekki upp úrskurð í málinu fyrr en álitsgerð Örorkunefndar liggja fyrir. Ekkert er vikið að þessu atriði í bréfi V til nefndarinnar.

Álit.

Samkvæmt 2. mgr. 7. gr. samþykktu úrskurðarnefndar í vátryggingamálum skal nefndin úrskurða í máli innan fjögurra vikna frá því að mál taldist úrskurðarhæft. Að mati nefndarinnar telst mál þetta úrskurðarhæft þótt eigi sé fram komið álit Örorkunefndar. Verður að úrskurða í málinu á grundvelli þeirra gagna sem fyrir liggja. Að mati nefndarinnar hefur málskotsaðili, með málskoti sínu, rofið þann frest sem um er getið í 2. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga.

Eins og fyrr er getið liggur fyrir matsgerð tveggja matsmanna sem aflað var af hálfu beggja aðila, M og V. Ekki hefur verið aflað annars mats eða álits sem hnekkir niðurstöðu matsgerðarinnar. Verður því að byggja á niðurstöðum hennar.

Þar sem að niðurstaða matsgerðarinnar er á þá lund að M hlaut 40% varanlega læknisfræðilega örorku verður óhjákvæmilega komist að þeirri niðurstöðu að M á ekki rétt til greiðslu bóta úr örorkutryggingunni vegna varanlegrar örorku, enda er bótaskylda háð því að um sé að ræða a.m.k. 50% varanleg læknisfræðileg örorka.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr örorkutryggingu hjá V.

Reykjavík, 18. mars 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 44/2014**M og****V vegna slysaftryggingar ökumanns og eiganda bifreiðarinnar X.****Tilkynningafrestur 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 vegna umferðarslyss 6. júlí 2011.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 6. febrúar 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 20. febrúar 2014 ásamt tjónstilkynningu dags. 20. mars 2013.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu kemur fram að M lenti í umferðaróhappi þann 6. júlí 2011 á aðreina að Vesturlandsvegi. Haft er eftir M í Í skýrslunni kemur að hún finni ekki til eymsla en ætli að leita á slysadeild vegna slyssins. Í læknisvottorði kemur fram að hún leitaði til læknis 12. ágúst sama ár sem og 8. september vegna afleiðinga þessa slyss og 5. október 2011 fær hún endurnýjun lyfja. Í maí 2012 leitaði M næst til læknis vegna afleiðinga slyssins þegar hún fann fyrir einkennum í tengslum við erfiðisvinnu, þá leitaði hún einnig til læknis 4. september 2012 og til sérfræðings í höfuðbeina- og spjaldhryggsmeðferð í nóvember 2012. Slysið var tilkynnt til V 1. mars 2013.

M telur að hún hafi fyrst vitað um atvik að baki kröfu sinni í skilningi 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga í nóvember 2012 þegar hún byrjaði í meðferð hjá sérfræðingi í höfuðbeina- og spjaldhryggsmeðferð, alla vega ekki fyrr en í maí 2012 þegar hún leitar til læknis eftir að hafa verið vetrarlangt erlendis þar sem einkenni hennar vegna slyssins voru mun vægari.

V telur M hafi vitað um atvik að baki kröfu sinni í skilningi umræddrar greinar í september 2011 þegar hún leitaði aftur til læknis vegna einkenna sem hún hafði lýst í ágúst sama ár og fékk tilvísun til sjúkraþjálfunar. V telur að með vísan til þess að einkenni hafi ekki breyst frá þeim tíma að M hafi mátt vera atvikin ljós þá. Þess vegna hafi ársfrestur 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga verið liðinn þegar M tilkynnti tjónið til V í mars 2013 eða um 20 mánuðum eftir tjónsatvikið sjálf. V vísar til fjölmargra úrskurða nefndarinnar máli sínu til stuðnings.

Álit.

Meta þarf sérstaklega atvik hverju sinni þegar reynir á hvenær vátryggður fær vitneskju um atvik að baki kröfu sinni í skilningi 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga. Varðandi kröfu um bætur fyrir varanlegt líkamstjón verður, í ljósi dómaframkvæmdar Hæstaréttar, að líta til þess hvenær honum eru slíkar afleiðingar kunnar. Með hliðsjón af læknisfræðilegum gögnum í þessu máli telur nefndin hæpið að ætla að tveimur mánuðum eftir tjónsatburð hafi M verið slíkar afleiðingar kunnar eins og V heldur fram. Þegar hún leitar til læknis í maí 2012 vegna sömu einkenna verður hins vegar að líta svo á að slík vitneskja hafi stofnast. Það þýðir að tilkynningafrestur var ekki liðinn þegar slysið var tilkynnt til V 1. mars 2013 og hefur M því ekki misst rétt til bóta hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á fullum bótum úr slysaftryggingu ökumanns og eiganda hjá V.

Reykjavík 14. mars 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 45/2014
M og
Vátryggingafélagið V v. slysatryggingar ökumanns bifreiðarinnar A

Líkamsáverkar vegna umferðaróhapps, skerðing bóta. þ. 29.2.2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 11.2.2014 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 28.2.2014.

Málsatvik.

M fór með A í bifreiðaskoðun og stóðst A ekki skoðun og var sett í akstursbann. M ók síðan A frá skoðunarstöð og ætlaði að beygja til hægri inn götu en missti þá stjórn á A og ók út af veginum og á stóran stein. M krefst bóta úr slysatryggingu ökumanns hjá V en V telur að skerða eigi bætur til M um 1/3 vegna þess að hún hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi með því að aka bifreiðinni í umrætt sinn. M krefst fullra bóta og vísar til 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingasamninga sem sé undantekningarregla frá meginreglunni um fullar bætur og beri að skýra þröngt og meta og sanna verði sökina og orsakasamhengi milli háttseminnar og vátryggingaáttburðarins. Af hálfu M er á það bent að hún hafi ekið á litlum hraða í umrætt sinn af skoðunarstofu til að láta gera við A og það geti ekki talist stórkostlegt gáleysi. Þá er af hálfu M vísað til dóma Hæstaréttar í málum nr. 336/2005, nr. 107/2009 nr. 666/2008 og 591/2007. V viðurkennir bótaskyldu en telur að M eigi að bera tjón sitt sjálf að 1/3 hluta vegna þess að hún hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi. Af hálfu M er bent á að A hafi verið á mjög slitnum hjólbörðum og hafi verið meðvituð um ástand A. V bendir á að gerðar hafi verið athugasemdir við skoðunina m.a. við stýrisenda, spindla og hjólalegur, en það allt hafi áhrif á aksturseiginleika A. Þá bendir V á að M hafi bortið gegn ákvæðum 36. og 59.gr.umferðarlaga nr. 50/1987 með því að aka A í því ástandi sem hún var í. Þá telur V að bifreiðinni hafi verið ekið of hratt miðað við ástand hennar.

Álit.

M ákvað að taka áhættu af því að aka A þrátt fyrir að hún hefði verið sett í akstursbann þegar M fór með A til skoðunar. Þegar bifreið er sett í akstursbann þá er það vegna þess að bifreiðin uppfyllir ekki þær kröfur sem gerðar eru til ástands og búnaðar ökutækja í umferðinni. Miðaða við það sem rakið er í skoðunarskýrslu verður ekki annað séð en orsakasamhengi sé á milli umferðaróhappsins og ástands bifreiðarinnar og M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi við akstur hennar í umrætt sinn og beri því tjón sitt sjálf að 1/3 hlutum.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns A en ber tjón sitt sjálf að 1/3 hlutum vegna þess að hún sýndi af sér stórkostlegt gáleysi með akstri bifreiðarinnar.

Reykjavík 18.3.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 46/2014**M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar orkuveitu.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns af völdum skemmda í malbiki.****Gögn.**

22. Málskot, móttækið 13.2.2014, ásamt fylgigögnum.
23. Bréf X, dags 24.2.2014, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Að kvöldi sunnudagsins 26.1.2014 ók M bifreið sinni vestur Stórhöfða í Reykjavík. Var henni þá ekið ofan í holu eða rauf í malbikinu sem rekja má til þess að skurður hafði verið grafinn yfir götuna á vegum V og fyllt upp í hann að nýju án þess þó að yfirborð götunnar hafi verið malbikað. Er bifreiðin skall ofan í holunni munu felgur á framhjólum hennar hafa beyglast. Kveður M að þarna hafi hraði verið tekinn niður og umferðarkeilur verið í vegkantinum. Önnur viðvörunarmerki hafi hann ekki séð.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá X. Í skýrslu V (tölvuskeyti) vegna atviksins kemur fram að holan hafi verið fyllt 21.1. en ekki hafi verið hægt að malbika vegna skurðar við hlið götunnar. Sitt hvoru megin við vinnusvæðið hafi verið viðvörunarmerki um vegavinnu ásamt undirmerki til að vara við vinnusvæði og þar fyrir neðan viðvörun um hálán veg. Að auki hafi verið merki um 30 km hámarkshraða á klst. og keilur verið í vegköntum. Er starfsmaður V varð þess var mánudagsmorguninn 26.1. að hvassar brúnir höfðu myndast hafi verið settar upp merkingar um brotholur í malbikinu og fyllt í með jarðvegi og daginn eftir var svo sett kalt malbik. X hefur hafnað bótaskyldu í máli þessu.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki ráðið að frágangur af hálfu V og merkingar við holuna áður en tjónið varð hafi verið áfátt þannig að skaðabótaábyrgð verði felld á V. Þá verður ekki annað ráðið en strax hafi verið brugðist við er starfsmaður V varð þess var að hvassar brúnir höfðu myndast við holuna. Að öllu athuguðu verður því ekki talið að bótaskylda hafi stofnast úr ábyrgðartryggingu V hjá X vegna þess tjóns sem M varð fyrir á bifreið sinni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 18. mars 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 47/2014**M og
V v/ frjálsrar ábyrgðartryggingar F.****Líkamstjón við vinnu þann 19. júlí 2011.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 12. febrúar 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 28. apríl 2014 ásamt gögnum.
3. Tölvupóstur lögmanns M dags. 29. apríl 2014.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M hafi verið við vinnu sína hjá F þann 19. júlí 2011 þegar hann varð fyrir líkamstjóni. Það hafi gerst þannig að hann hafi rekið vinnuhanska sinn ofan í zinkkar með þeim afleiðingum að zinkið hafi runnið inn í hanskan og valdið verulegum brunasárum. Læknisfræðileg gögn málsins staðfesta líkamstjónið og að M hafi verið óvinnufær í um 10 daga vegna þess. Af hálfu F var ekki tilkynnt um slysið til lögreglu eða til Vinnueftirlits ríkisins, en m.v. afleiðingar verður ekki annað séð en að F hafi, skv. 79.gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, verið skylt að tilkynna atvikið til Vinnueftirlitsins. Þegar gögn málsins eru skoðuð virðist þó ekki vera ágreiningur um málsatvikin sem slík þ.e. að zink hafi runnið inn í vinnuhanska M þegar hann var við vinnu sína með þeim hætti sem hann sjálfur lýsir.

M telur að slys M hafi orðið vegna þess að hann hafi ekki fengið viðunandi hlífðarbúnað hjá F. Ekki hafi verið fyrir hendi fullnægjandi vinnuhanskar, en F átt þess kost að kaupa dýrari og öruggari búnað sem var ekki gert. Verkstjóri hefði átt að gæta þess að viðeigandi persónuhlífar voru notaðar við verkið vísar M um það til reglna nr. 497/1994 um persónuhlífar.

V telur að M hafi verið búinn viðeigandi hlífðarbúnaði við vinnu sína hjá F. Sá hlífðarbúnaður sem notaður var hafi verið notaður lengi við vinnu hjá F án óhappa og ósannað sé að líkamstjón M sé hægt að rekja til þessa.

Álit.

Þegar litið er til gagna málsins er ljóst að F sem atvinnurekandi vanrækti skyldu sína til að tilkynna um líkamstjón M til viðeigandi yfirvalda, sbr. 79.gr. laga nr. 46/1980. Skv. dómvenju verður því að leggja framburð M til grundvallar við mat á málsatvikum. Af framburði M í lögregluskýrslu, þó hún sé gerð nokkru eftir tjónsatvikið, verður ekki annað ráðið en að málsatvik séu óumdeild og hefur V staðfest það. Réttaráhrif vanrækslunnar eru því hverfandi. Ágreiningur er hins vegar fyrst og fremst um hvort M hafi átt kost á fullnægjandi hlífðarbúnaði við vinnu sína. Um það beri M sönnunarbyrði. Þegar litið er til gagna málsins teljast fullyrðingar M í þá átt ekki studdar nægilega skýrum gögnum til þess að sannað þygi að annað búnaður eða verklag hafi átt að vera við vinnu hans hjá F og það hafi leitt til tjónsins. Ósannað er því að F beri skaðabótaábyrgð vegna líkamstjóns M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu hjá V.

Reykjavík 13. maí 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 48/2014
M og
Vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar ökutækis og tjóns á bifreiðinni A

Ágreiningur um hvort tjón hafi orðið við árekstur þegar bílbretti var ryðgað þ. 27.12.2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 14.2.2014.
2. Bréf V dags. 20.2.2014 ásamt fylgiskjöllum 1-3.

Málsatvik.

Bifreiðin A lenti í árekstri þ. 27.12.2013. V viðurkennir bótaskyldu vegna tjónsins sem varð á vinstra framhorni A. Skemmdir urðu á framstuðara og frambretti og samþykkti V viðgerð á tjóninu þ.á.m. að rétta frambrettið. Í ljós kom að ekki var hægt að rétta frambrettið þar sem það var of slitið af ryði. M krefst þess að nýtt bretti yrði keypt á A en því hafnaði V þar sem um er að ræða 14 ára gamlan bíl og brettið óviðgerðarhæft. Ágreiningur í málinu varðar því hvort V beri skylda til að kaupa nýtt bretti en M bendir á að brettið hafi fyrir áreksturinn virkað vel til notkunar.

Álit.

M á ekki rétt á bótum umfram verðmæti frambrettis bifreiðarinnar sem um ræðir. Ekki liggja fyrir gögn frá M sem sýna fram á fjárhagslegt tjón hans vegna þessa miðað við ástand framabrettis þess sem um ræðir. M á því ekki miðað við fyrirbyggjandi gögn rétt á bótum umfram það sem V hefur boðið í umræddu máli.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á frekari bótum frá V.

Reykjavík 14.3.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 49/2014
M og
V v/ almennrar slysátryggingar og slysátryggingar launþega.

Líkamstjón við vinnu dags. 21. júlí 2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið 14. febrúar 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 28. febrúar 2014.
3. Tölvupóstur lögmanns M dags. 4. mars 2014.
4. Áverkavottorð vegna líkamstjóns M dags. 19. mars 2014.

Málsatvik.

Tilkynnt var um líkamstjón M, sem varð 21. júlí 2013, til V með tjónstilkynningu dags. 10. október 2013. Þar lýsir M atvikum þannig: „var að losa dekk undan dráttarvél með átaksskafti. Róin losnar með smá rykk og við það kemur slinkur á líkamann.“ Í tjónstilkynningu til Sjúkrátrygginga Íslands sama dag lýsir M atvikum með sama hætti og í tilkynningu til V. Ágreiningur er í málinu um hvort atvik falli undir skilgreiningu vátryggingarskilmála slysátrygginga um slys. Þ.e. hvort um sé að ræða skyndilegan utanaðkomandi atburð sem valdið hafi meiðslum á líkama M og hafi gerst án vilja hans, en umrædd skilgreining markar gildissvið þeirra vátryggingarsamninga þar sem M er vátryggður hjá V.

M telur að ljóst sé af lýsingu í tjónstilkynningu að líkamstjón hans megi rekja til skyndilegs utanaðkomandi atburðar í skilningi fyrrnefnds slyshugtaks vátryggingaréttarins. M bendir á að skv. lækisfræðilegum gögnum málsins hafi verið tekin röntgenmynd af mjóbakshrygg M um mánuði fyrir slysið og þarf hafi ekkert óeðlilegt komið fram. Atvikið þann 21. júlí 2013 hafi hins vegar leitt til samfallsbrots á hrygg og slíkt líkamstjón geti ekki komið til nema vegna utanaðkomandi áhrifa. M vísar einnig til lækisvottorðs sérfræðings í bæklunarskurðlækningum dags. 19. mars sl. þar sem kemur fram sérfræðilít viðkomandi um að áverkar M hafi ekki getað komið til nema vegna skyndilegs utanaðkomandi atburðar. Einnig bendir M á að Sjúkrátryggingar Íslands hafi samþykkt umsókn M um bætur vegna slyss, en sambærileg skilgreining slyshugtaksins sé í lögum um almannatryggingar nr. 100/2007 á og í vátryggingarskilmálum V.

V vísar til þess að tjónstilkynningar hafi verið fylltar út nokkru eftir atvikið og vísar til orðalags lækisvottorðs þar sem haft er eftir M að hann hafi heyrt smell í baki þegar hann var að beygja sig og nota mikinn kraft til að losa um dekk frá felgu. V telur því líkamstjón M ekki vera rakið til utanaðkomandi atburðar í skilningi slysátryggingarskilmála heldur til þess að M hafi reynt of mikið á sig. Einnig vísar V til eldri dómaframkvæmdar Hæstaréttar varðandi túlkun á umræddu slyshugtaki sem og þess að M hafði átt við að stríða óþægindi frá baki áður.

Álit.

Þegar metið er hvort líkamstjón M verði rakið til skyndilegs, utanaðkomandi atburðar verður að líta til þeirra gagna sem liggja fyrir um atvik þau sem leiddu til líkamstjónsins. Þar verður fyrst og fremst litið til lýsinga M sjálfs í tjónstilkynningum. Þó lýsingar í lækisvottorðum geti verið til stuðnings mati á atvikum geta þær ekki fortakslaut gengið framar lýsingum M sjálfs. Þegar litið er til þessa þykir nægilega sannað að slinkur hafi komið á líkama M þegar ró sú sem M var að taka á losnaði með rykk. Fær þessi niðurstaða einnig stoð í álitum sérfræðings í bæklunarskurðlækningum sem telur að áverki sá sem M hlaut hafi ekki getað komið til nema vegna utanaðkomandi atburðar. Með hliðsjón af ofansögðu telst sannað að líkamstjón M verði rakið til áhrifa utan líkama M en ekki til sjúkdóma eða annars innra ástands í líkama M, sbr. nýleg túlkun Hæstaréttar á slyshugtaki vátryggingaréttarins í máli nr. 412/2011. Verður að leggja hana til grundvallar í máli

Þessu. Skilyrði slyshugtaksins teljast því uppfyllt og á M rétt á bótum úr slysatryggingum vegna líkamstjóns sem tengist umræddu atviki.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr almennri slysatryggingu og slysatryggingu launþega hjá V.

Reykjavík 30. apríl 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 50/2014**M og
V vegna ábyrgðartryggingar fjölskyldutryggingar R.****Skaðabótaábyrgð vegna tjóns á bifreið og húseign 26. janúar 2013.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 17. febrúar 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 4. mars 2014.

Málsatvik.

Þann 26. janúar 2013 brotnaði tré í eigu R og féll það á húseign og bifreið M, en M býr í næsta húsi við R. Umrætt tré er inni á lóð R og staðsett við lóðamörk R og M, af myndum af vettvangi að dæma. Ekki liggur fyrir sérstök skýrsla vegna atvika málsins en þeim er lýst í gögnum frá M og V. R er váttryggður með ábyrgðartryggingu hjá V og gerð er bein krafa um viðurkenningu bótaskyldu úr þeirri váttryggingu.

M telur að R beri skaðabótaábyrgð vegna tjóns á húseign og bifreið sinni þar sem R hafi ekki sinnt skyldum sínum sem húseigandi nægilega vel. Nánar tiltekið hafi R ekki gert ráðstafanir vegna trésins, sem áður hafði verið sagað til hálfis og drepið. Það hafi aukið verulega hættu á því að tréð myndi falla t.d. vegna vindhviðu, eins og gerðist í umrætt sinn. M vísar til þess að það hafi verið gáleysi af hálfu R að saga í umrætt tré og skilja það síðan eftir þannig án frekari ráðstafana. Ekki skipti máli hver sagað hafi í tréð, R hefði átt að gera frekari ráðstafanir til að koma í veg fyrir tjónshættu. M telur það vera stórkostlegt gáleysi af hálfu R að hafa ekki búið fasteign sína þannig að hún þoli íslenska veðráttu og ástand trésins hafi blasað við, sem og viðurkenni R að hafa veitt því athygli að tréð laufgaðist ekki sumarið áður.

V vísar til þess að R hafi ekki sjálfur sagað í umrætt tré og hafi verið ókunnugt um ástand þess þegar tjónið varð. R hafi ekki keypt húsnæðið fyrr en í nóvember 2011 og hafi verið alls ókunnugt um háttsemi fyrri eigenda hvað umrætt tré varðaði. Það að R hafi veitt því athygli að tréð laufgaðist ekki sumarið 2012, þýði ekki að hann hafi mátt gera sér grein fyrir ástandi þess og mögulegri tjónshættu.

Álit.

Eins og áður segir er ekki ágreiningur í málinu um þau málsatvik að tré í eigu R féll og olli tjóni á eigum M. Ágreiningur er hins vegar um vitneskju R um ástand trésins og hvort R hafi borið að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir mögulega tjónshættu vegna þess. Samkvæmt almennum sönnunarreglum ber M sönnunarbyrði um að R hafi vitað að sagað hafi verið í tréð þannig að hætta hafi verið á að það félli. Í gögnum málsins er ekki að finna sönnun þess efnis. Gegn upplýsingum V um að R hafi ekki vitað af ástandi trésins, verður ekki talið sannað að R hafi vitað um ástand þess eða borið að gera sérstakar ráðstafanir vegna þess. Verður því ekki fallist á bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr úr ábyrgðartryggingu fjölskyldutryggingar R hjá V.

Reykjavík 1. apríl 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 52/2014
M og
Vátryggingafélagið V v. vagnakaskótryggingar

Pallhýsi varð fyrir tjóni þegar verið var að setja það á pallbíl þ. 22.10.2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 19.2.2014.
2. Bréf V dags. 4.3.2014.

Málsatvik.

M segist hafa verið að setja pallhýsi sitt á pallbifreið sína og skrúfað fætur þess upp og bakkað síðan að því en þá hafi hann orðið þess var að hann hefði ekki skrúfað einn fótinn á pallhýsinu nægjanlega hátt upp. M segist hafa ætlað að hækka fótinn sem var lægri og hafi verið byrjaður að snúa sveif í því skyni þegar hann hafi heyrt brak og bresti og pallhýsið hrapað niður að aftan og orðið fyrir tjóni. M segist að í beinu framhaldi hafa hann fengið kranabíl til að hífa pallhýsið á bifreiðina og þegar þeir hafi verið að koma stroffum fyrir hafi pallhýsið hrapað að framan líka og orðið fyrir tjóni. M krefst bóta vegna tjónsins úr vagnakaskótryggingu sinni hjá V og vísar til greinar 4.5 í vátryggingarskilmálum þar sem fjallað er um að reisa og tæki fellur á hliðina. M segist ekki hafa verið að gera neitt rangt í umrætt sinn. V hafnar bótaskyldu og telur umrætt tjón ekki falla undir vagnakaskótryggingu þá sem hér um ræðir og vísar í 4.gr. vátryggingaskilmála í því sambandi tl. 1-7

Álit.

Vátryggingaskilmálar þeir sem gilda um vagnakaskótryggingu hjá V taka ekki til tjóns eins og þess sem M varð fyrir þegar hann ætlaði að setja pallhýsið á pallbíl sinn. M á því ekki rétt á bótum vegna þess tjóns sem hann varð fyrir í umrætt sinn. Eins og vátryggingaskilmálar V eru orðaðir veita þeir takmarkaða tryggingarvernd fyrir pallhýsi þar sem tryggingarverndin tekur fyrst og fremst til eftirvagna en ekki pallhýsa.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr vagnakaskótryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 25.3.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 53/2014
M og
Vátryggingafélagið V v. fjölskyldutryggingar

Kona féll þegar hún var á gangi á Laugavegi í Reykjavík þ. 6.6.2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.18.2.2014 ásamt fylgiskjölum 1-6 og viðbótargögnum 7-14
2. Bréf V dags. 7.3.2014.

Málsatvik.

Af hálfu M er atvikum lýst með þeim hætti að hún hafi verið á gangi á Laugaveginum í Reykjavík þegar hún hafi rekið tána í hellu sem hafði skarast við aðra hellu í gangstéttinni og við það fallið í götuna og slasast. M krefst bóta úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V og byggir á því að um skyndilegan utanaðkomandi atburð hafi verið að ræða sem leiddi til þess að hún varð fyrir meiðslum. Af hálfu M er haldið fram að aðalorsök slyssins sé að hún hafi rekið tána í hellubrún og við það fallið. Vitni að atburðinum segir að trúlega hafi M rekið fótinn í hellubrún með ofangreindum afleiðingum. V hafnar bótaskyldu og vísar til tjónstilkynningar dags.2.desember 2013 þar sem segir að M hafi misst jafnvægið og hrasað. Þá er vísað til þess sem segir að M hafi verið að ganga og hnéð hafi gefið sig. Einnig vísar V til læknaþréfs Jóns Baldurssonar frá 6.6.2013 þar sem segir að “fóturinn hafi stundum gefið sig á hættulegum augnablikum. V telur að leggja berfi frásögn M sjálftrar til grundvallar varðandi málsatvik um að hægra hné hafi gefið sig með ofangreindum afleiðingum og það sé því ekkert utanaðkomandi sem hafi valdið meiðslum M í umrætt sinn heldur eingöngu hennar eigin hreyfing.

Álit.

Í tilkynningu um slys dags. 2. desember 2013 segir M að hún hafi hrasað og misst jafnvægið og fallið í götuna. Sama atvikalýsing kemur fram í læknaþréfi dags. 6. júní 2013. Frásögn M verður að leggja til grundvallar þó að vitni telji líklegt að M hafi rekið tána í hellubrún, en sú fullyrðing ósönnuð. Meiðsli M verða því rakin til veikleika í líkama M en ekki vegna skyndilegs utanaðkomandi atviks. M á því ekki rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 1.4.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfræðingur.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 54/2014
M og
Vátryggingafélagið V v. slysátryggingar ökumanns bifreiðarinnar A

Umferðaróhapp á Sæbraut í Reykjavík, skerðing bóta þ. 27.10.2013

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.12.2.2014 ásamt fylgiskjölum 1-5
2. Bréf V dags.27.1.2014.

Málsatvik.

M ók eftir Sæbraut í Reykjavík og ók á ljósastaur. Ökumaður A segir að hún hafi ekið á um 60 km. hraða og teygt sig aftur í í bifreiðina til að ná sér í drykk og sveigt þá til hægri út af akbrautinni án þess að gera sér grein fyrir því. Farþegar í bifreiðinni bera með sama hætti og ökumaður. Ökumaður næsta bíls á eftir A segir að bifreiðinni hafi verið ekið út af akbrautinni og á ljósastaur og uppeftir honum. M krefst bóta úr slysátryggingu ökumanns hjá V. V viðurkennir bótaskyldu en telur að M eigi að bera 1/3 tjón síns sjálf þar sem hún hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi. Af hálfu M er því hafnað að hún hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi og vísar M til dóms Hæstaréttar frá 1994 bls. 2154 sérstaklega sératkvæðis eins dómara. V telur að umferðaróhappið verði eingöngu rakið til stórkostlegs gáleysis M þegar hún teygði sig aftur í bifreiðina og því ekki horft fram fyrir sig í ákveðinn tíma og ekki getað leiðrétt stefnu bifreiðarinnar eða hemlað þrátt fyrir að bifreiðin stefndi á ljósastaur.

Álit.

M segist hafa teygt sig aftur í bifreiðina eftir drykkjaríláti sem ekki liggur fyrir hvar var nákvæmlega staðsett. M fylgdist því ekki með akstursstefnu bifreiðarinnar í nokkra stund á fjölfarinni götu og sýndi með því af sér stórkostlegt gáleysi. M ber því tjón sitt sjálf að 1/3 hluta en fær það að öðru leyti bætt úr slysátryggingu ökumanns hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr slysátryggingu ökumanns hjá V en ber 1/3 tjóns síns sjálf vegna stórkostlegs gáleysis.

Reykjavík 18.3.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 55/2014**M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar sveitarfélags.****Ágreiningur um bótaskyldu sveitarfélags er vatn lak inn í kjallara húss.****Gögn.**

24. Málskot, móttakið 18.2.2014, ásamt fylgigögnum.
25. Bréf X, dags 28.2.2014, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 8.1.2014 í kjölfar mikillar rigningar lak vatn inn í kjallara húseignar í sveitarfélaginu S. Húseignin var í eigu M sem og húsgögn sem voru í kjallara hússins. Telur M að tjón sem hann varð fyrir af völdum vatnsins megi rekja hækkaðrar vatnsstöðu í tjörn handan götunnar og starfsmenn S hafi ekki brugðist við í tæka tíð með því að dæla vatni úr tjörninni, en af þeim sökum hafi frárennslisleiðslur bæjarins ekki náð að anna rennslinu og vatn hafi flætt inn í nokkur önnur hús í námunda við tjörnina. Kveður M að vatn hafi lekið inn um vegg og upp um gólf í kjallaranum, en ekki upp um niðurföll.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu S hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Af gögnum málsins má ráða að talsverð úrkoma hafi verið í S dagana áður en tjónið varð. Þá liggur fyrir að vatnsyfirborð tjarnarinnar hafði hækkað og starfsmenn S hófu að dæla úr henni þegar þeir fengu vitneskju um að vatn væri farið að leka inn í hús í nágrenninu. Ekkert liggur fyrir um ásigkomulag útveggja hússins þar sem tjónið varð eða drenlagna í kringum það. M hefur sönnunarbyrðina um að tjónið af völdum vatnslekans megi rekja til hækkaðs vatnsyfirborðs tjarnarinnar og það sé af völdum vangæslu eða annarra mistaka starfsmanna S. Af gögnum málsins verður ekki ráðið með nægri vissu að vatnslekann megi rekja til hækkaðs yfirborðs tjarnarinnar eða starfsmönnum S hafi orðið á mistök sem hafi valdið hækkun yfirborðsins. Í ljósi þessa verður að telja ósannað að S beri skaðabótaábyrgð á tjóni M. Af því leiðir að M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu S hjá X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu S hjá X.

Reykjavík, 18. mars 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 56/2014**M og
V v. ábyrgðartryggingar X.****Vinnuslys við viðhald fasteignar að Básenda þann 30. júlí 2012.****Gögn.**

1. Málskot móttakið þann 19. febrúar 2014 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V frá 6. mars 2014 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Samkvæmt gögnum málsins var M, sem er lærður smiður, þann 30. júlí 2012 að vinna við að fjarlægja glugga úr gömlu húsi að Básenda með slípirokki. Um var að ræða timburglugga í steypu húsi. Þegar slysið vildi til var M að hreinsa eða snyrta gluggagat til að hægt væri að gera við gluggann. Notaður var slípirokkur með steinsagarblaði við hreinsun á gatinu. Gerðist slysið með þeim hætti að mikið högg kom á slípirokkinn og skaust hann þá í andlit M með þeim afleiðingum að hann slasaðist mikið.

Lögreglu og Vinnueftirliti ríkisins var tilkynnt um slysið samdægurs. Samkvæmt umsögn Vinnueftirlitsins frá 7. ágúst 2012 má rekja orsök slyssins til þess að aðstæður voru mjög óheppilegar vegna þrengsla, að rusl í skurði hafi gert undirlag og aðstæður ótryggar og að ekki var búið að gera áhættumat fyrir þennan tiltekna verkþátt.

Álit.

Í málskoti er byggt á því að X eigi að bera skaðabótaábyrgð á vinnuslysinu á grundvelli reglna skaðabótaréttar um ábyrgð atvinnurekanda á vanbúnaði á vinnustað og ófullnægjandi verkstjórn. Fram kemur í málskoti að M hafa ekki fengið neinar leiðbeiningar um hvernig vinna ætti verkið eða hann varaður við þeim hættum sem kynnu að stafa af því.

Enn fremur segir að slípirokkurinn hafi ekki hentað til verksins þar sem hann hafi verið þungur. Engu máli skipti að hann hafi ekki verið bilaður.

Jafnframt kemur fram að ekki hafi átt að nota steinsagarblað þegar ljóst var að það gæti komist í snertingu við timbur en þá eigi slípirokkurinn það til að kippast til. Þetta atriði hefði komið fram ef gert hefði verið áhættumat í samræmi við lög.

Fram kemur að M hafi keypt nýjan og öðruvísi slípirokk eftir slysið og að það hafi væntanlega verið gert til að fyrirbyggja frekari slys.

V hefur f.h. X mótmælt því að fyrir hendi sé skaðabótaábyrgð vegna slyssins. Kemur fram hjá V að um óhappatilvik hafi verið að ræða. Umræddur slípirokkur hafi verið í góðu standi og Vinnueftirlitið ekki gert neinar athugasemdir við hann eða notkun hans. Vísar V enn fremur til þess að það staðið M næst að fjarlægja rusl og fyrirstöður og þannig tryggja að aðstæður væru sem bestar. M sé lærður smiður og hafði starfað sem slíkur í fjögur ár þegar slysið gerðist.

Ekki liggur fyrir í gögnum málsins nægjanleg sönnun þess efnis að aðstæður á vinnusvæði hafi verið óforsvaranlegar. Ef aðstæður voru ekki nægilega góðar stóð það M næst að sjá til þess að þær yrðu nógu góðar áður en hafist var handa við umrætt verk. Ósannað er að orsakatengsl séu milli þess að ekki hafi verið gert áhættumat fyrir þetta tiltekna verk og slyssins. Ef steinsagarblað hentaði ekki til verksins hefði M átt að óska eftir öðru blaði eða skipta sjálfur um önnur blöð voru aðgengileg. Enn fremur hefur ekki verið sýnt fram á að slípirokkurinn sjálfur hafi verið óhentugur til verksins. Skiptir þá ekki máli að X hafi keypt nýjan slípirokk eftir slysið.

M var búinn að skipta út þremur gluggum í sama húsnæði með sömu aðferð. Ef hún hentaði ekki hefði M átt að eiga frumkvæði að því að breyta verklagi.

M er lærður smiður og hafði starfað sem slíkur í um fjögur ár þegar slysið varð. Verður að ætla að hann hafi sjálfur áttað sig á aðstæðum við verkið og hefði því átt að gera breytingar á aðstæðum eða að fara fram á að gerðar yrðu breytingar. Það virðist M ekki hafa gert.

Miðað við allt framangreint verður ekki talið að sönnun hafi tekist um skaðabótaábyrgð X í tengslum við vinnuslysið 30. júlí 2012.

Niðurstaða.

Bótaábyrgð er ekki fyrir hendi.

Reykjavík, 1. apríl 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hdl.

Mál nr. 57/2014**M og
V v/ bifreiðanna A og B.****Árekstur í hringtorgi við Fossveg á Selfossi.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 18. febrúar 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 10. mars 2014.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að árekstur hafi orðið með bifreiðum A og B í hringtorgi. Bifreið A var ekið inn á hringtorgið gegn biðskyldu þegar bifreið B var við akstur í hringtorginu. Í kjölfarið virðist ökumaður bifreiðar A hafa hemlað og þá lenti bifreið B aftan á bifreið A. Í gögnum málsins eru athugasemdir frá gangandi vegfaranda sem var vitni að árekstrinum. Þar lýsir vitnið aðdraganda árekstursins þannig að bifreið A hafi verið ekið í veg fyrir bifreið B og hemlað án sýnilegrar ástæðu fyrir áreksturinn.

M kveðst hafa ekið bifreið A inn í hringtorgið, strax út úr því og þar hemlað í vegkanti þegar bifreið B var ekið aftan á bifreið A. M vísar til þess að ökumaður bifreiðar B hafi sagt á vettvangi að hann hafi óvart stigið á bensíngjöf bifreiðar A áður en árekstur varð. M kveður V hafa metið sig í fullum órétti vegna árekstursins og vill láta reyna á hvort það sé rétt.

V bendir á framburð vitnis um aðdraganda árekstursins og að ökumaður bifreiðar A hafi brotið gegn 2. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 með því að hafa keyrt af biðskyldu inn á hringtorgið sem og brotið gegn 2. mgr. 17. gr. sömu laga með því að snarhemlað án tilefnis um 15 metra frá þeim stað sem hann ók inn á hringtorgið. Það hafi skapað hættu fyrir umferð sem var þá þegar í hringtorginu, eins og bifreið B, og því til stuðnings megi sjá af vitnisburði vitnis að ökumaður bifreiðar B hafi flautað til að gera vart við sig rétt áður en árekstur varð. Einnig vísar V til úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 320/2013 máli sínu til stuðnings.

Álit.

Við sakarmat í málinu skv. 89. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 verður að taka mið af skýrslum aðila, skýrslu vitnis og aðstæðum öllum í málinu. Ekki er ágreiningur um að M ók bifreið A inn á hringtorg þar sem bifreið B var fyrir. Með slíku aksturslagi braut M gegn fyrirmælum 2. mgr. 25. gr. umferðarlaga um að víkja fyrir umferð vegna biðskyldu. Þegar M stöðvaði skyndilega stuttu síðar verður að telja, sérstaklega með hliðsjón af framburði vitnis, að M hafi stöðvað bifreiðina án sýnilegrar ástæðu. Ekki er sannað að hann hafi vikið út í vegkanti þannig að ökumaður B hafi átt greiða leið framhjá. Braut M því einnig gegn fyrirmælum 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga um stöðvun án hættu fyrir aðra umferð. Sönnunarbyrði um að ökumaður B hafi ekið of hratt eða ógætilega hvílir við þessar aðstæður á M. Gögn málsins þykja ekki styðja að ökumaður B hafi ekið of hratt eða ógætilega og verður því öll sök lögð á M, ökumann bifreiðar A.

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðar A ber fulla ábyrgð á árekstri við bifreið B.

Reykjavík 25. mars 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 58/2014**M****og****vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðar og frítímaslysatriyggingar.****Ágreiningur um greiðslu dánarbóta vegna ungs drengs sem lést í umferðarslysi.****Gögn.**

26. Málskot, móttakið 21.2.2014, ásamt fylgigögnum.

27. Bréf X, dags 10.3.2014.

Málsatvik.

Hinn 1.3.2013 lést 12 ára gamall sonur M er bifreiðinni A var ekið út af Norðurlandsvegi í Norðurárdal í Skagafirði, en drengurinn var farþegi í A. Mun vindhviða hafa komið á A og við það hafi ökumaður tekið í stýrið jafnvel of fast með þeim afleiðingum að bifreiðin hafnaði utan vegar og valt.

A var vátryggð lögboðinni ábyrgðartryggingu hjá X. M hefur krafist dánarbóta úr ábyrgðartryggingu A, svo og dánarbóta úr frítímaslysatriyggingu sem hún hafði í gildi hjá X. Útfararkostnaður mun hafa verið greiddur úr ábyrgðartryggingu A. Þá kveður X að ekki sé loku fyrir það skotið að M geti átt kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingunni hafi hún orðið fyrir fjártjóni, en samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hafi ekki verið sýnt fram á slíkt tjón. Að auki kveður X að frítímaslysatriyggingin taki ekki til slysa sem hljótast af völdum skráningarskylds vélknúins ökutækis.

Álit.

Samkvæmt 2. másl. 1. mgr. 12. gr. skaðabotalaga nr. 50/1993 skal sá sem ber skaðabótaábyrgð á dauða annars manns greiða þeim sem misst hefur framfæranda bætur fyrir tjón það er ætla má að af því leiði fyrir hann. Svo sem fyrr greinir var sonur M einungis 12 ára gamall er hann lést. Þegar til þessa er litið og að engin sönnunargögn liggja fyrir sem sýna fram á að M hafi notið framfærslu frá syni sínum á M ekki kröfu um skaðabætur úr ábyrgðartryggingunni vegna missis framfæranda. Af gögnum málsins verður ekki séð að ökumaður A hafi valdið slysinu af stórkostlegu gáleysi. M á því ekki rétt á miskabótum skv. 26. gr. skaðabotalaganna. Þá hefur heldur ekki verið sýnt fram á að M hafi orðið fyrir öðru fjártjóni vegna andlátsins. Getur því ekki komið til álita samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum að M eigi rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A.

Í 19. gr. í skilmálum þeim sem gilda um frítímaslysatriyggjuna er tekið fram að vátryggingin nái ekki til slyss sem vátryggður verður fyrir af völdum skráningarskylds vélknúins ökutækis á Íslandi. Með vísan til þessa ákvæðis getur ekki til þess komið að M eigi rétt á dánarbótum úr slysatriyggjunni. Engin rök standa til þess að ákvæði 63. gr., 69. gr. eða 1. mgr. 71. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga fái haggð þessari niðurstöðu.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A né úr frítímaslysatriyggingu hjá X.

Reykjavík, 1. apríl 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 59/2014**M og****V1 v/ bifreiðarinnar A og V2 v/ bifreiðarinnar B.****Áræktur á Fálkagötu í Reykjavík 29. nóvember 2013.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 24. febrúar 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V1 dags. 4. mars 2014 ásamt gögnum, þ.e. tjónstilkynningu og niðurstöðu tjónanefndar váttryggingarfélaganna.
3. Tölvupóstur ökumanns bifreiðar B dags. 10. mars 2014.
4. Tölvupóstur V2 dags. 17. mars 2014.

Málsatvik.

Í sameiginlegri tjónstilkynningu ökumanna bifreiðanna A og B kemur fram að áræktur varð með bifreiðunum 29. nóvember 2013 á Fálkagötu. Nánar tiltekið var bifreið A ekið aftur á bak eftir götunni gegn einstefnu og bifreið B var ekið aftur á bak úr stöðureit við götuna þegar áræktur varð.

M telur að hann sem ökumaður bifreiðar A hafi gætt þeirrar varúðar sem hann gat áður en árækturinn varð og að hann hafi stöðvað bifreiðina og flautað í sömu mund og hann varð bifreiðar B vart. M telur að ökumaður bifreiðar B hafi ekki orðið bifreiðar A vart og hafi eingöngu horft til hægri en ekki til vinstri þar sem bifreið A var staðsett. M telur árækturinn fyrst og fremst rakinn til þessa og þess að ökumaður bifreiðar B hafi átt að gæta sérstakrar varúðar þar sem hún ók aftur á bak inn á götu úr stöðureit.

V1 telur að M hafi nokkuð til síns máls þar sem ökumaður B hafi verið að aka úr stöðureit en M hafi verið að aka eftir akbraut. V2 telur að skipta eigi sök til helminga þar sem hvorugur ökumann hafi gætt nægjanlega að sér þegar þeir óku aftur á bak. Ökumaður B gerir þær athugasemdir við málskotið að ökumenn bifreiðanna hafi bakkað á hvorn annan og ekki óeðlilegt að hún hafi eingöngu horft í aðra áttina í ljósi þess að Fálkagata er einstefnugata.

Álit.

Við sakarskiptingu í máli þessu verður að líta til þess að báðir ökumenn höfðu þá skyldu að gæta að umferð fyrir aftan sig þegar þegar þeir óku aftur á bak, sbr. 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Sú skylda hvíldi jafnt á báðum ökumönnum, þeim sem ók úr stöðureit út á akbraut og þeim sem ók aftur á bak eftir akbrautinni, sérstaklega þegar litið er til þess að sá sem það gerði (M) ók gegn einstefnu. Þykir hvorugur ökumanna hafa gætt nægilega vel að annarri umferð við þessar aðstæður, þ.e. eðli aðgæsluskyldu þeirra var hið sama í ljósi þess að annar ók út úr stöðureit en hinn gegn einstefnu og verður sök þeirra lögð að jöfnu vegna árækstursins.

Niðurstaða.

Sök skiptist að jöfnu milli bifreiða A og B.

Reykjavík 8. apríl 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 60/2014
M og
Vátryggingafélagið V v. forfallatryggingar

Ágreiningur hvort forföll hefðu orðið fram að brottför til Orlando frá heimili þ. 14.5.2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.21.2.2004.
2. Bréf V dags. 5.3.2014 ásamt fylgiskjölum 1-4

Málsatvik.

M keypti farmiða frá Keflavík til Orlando þ. 14.5.2013 og hugðist ferðast frá heimili sínu í Reykjavík og aftur til baka að ferð lokinni. M heldur heimili á tveim stöðum annars vegar í Edinborg í Skotlandi og hinsvegar í Reykjavík. Í umrætt sinn fór M frá heimili sínu í Skotlandi þ.2.5. til Íslands og dvaldi á heimili sínu í Reykjavík frá þeim degi og ætlaði að fara þaðan í ofangreinda ferð þ. 14.5.2013. Ekki varð af ferðinni til Orlando vegna veikinda M. M krefst þess að fá endurgreiðslu ferðakostnaðar úr forfallatryggingu þar sem hann greiddi ferðina með Amex korti. M vísar til þess að hann eigi lögheimili í Edinborg og hann búi einnig og haldi heimili í Reykjavík. M telur að hann hafi mátt ætla að forfallatryggingin gildi í umræddu tilviki frá þeim tíma að hann fór frá lögheimili sínu í Edinborg og hefði annað átt að gilda hefði þurft að taka það fram í vátryggingaskilmálum með ótvíræðum hætti. V hafnar greiðsluskyldu vegna forfallatjóns M og vísar til greinar 7.1.í vátryggingaskilmálum þar sem segir að bætur séu greiddar fram að brottför frá heimili vátryggðs. V segir að M telji Skotland sitt dvalarland og þar sé hann með skráð lögheimili og því hafi M verið farinn frá heimili sínu í umrætt sinn í þá verð sem hér um ræðir þegar hann fór frá Skotlandi til Íslands.

Álit.

M er með skráð lögheimili í Skotlandi og skráning vegna kaupa á farmiða til Orlando eru á heimili hans í Skotlandi. Í gögnum málsins liggja ekki fyrir upplýsingar um heimli M í Reykjavík nema fullyrðingar hans sjálfs. Ljóst er að M lagði af stað frá heimili sínu í Skotlandi nokkru fyrir fyrirhugaða ferð til Orlando og nokkru áður en hann forfallaðist með þeim hætti að hann gat ekki farið frá Íslandi til Orlando. Miðað við fyrirbyggjandi gögn liggur ekki annað fyrir en að M hafi verið farinn frá heimili sínu í umrædda ferð áður en til forfalla kom og á hann því ekki rétt á bótum úr forfallatryggingu sinni hjá V sbr. ákvæði í tl. 1.1. og 7.1. í vátryggingaskilmálum þeim sem um ræðir í máli þessu.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr forfallatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 25.3.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 61/2014
M og
Vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar G

Maður rann í bleytu um borð í togara þegar hann var að koma úr sturtu þ. 24.11.2012

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 25.febrúar 2014 ásamt fylgiskjölum 1-10
2. Bréf V dags. 11.3.2014. ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

M var veiðieftirlitsmaður Fiskistofu um borð í fiskiskipi í eigu G, þ.24.11.2012. Þegar M kom úr sturtu segist hann hafa runnið í bleytu vegna stíflaðs niðurfalls og reyndi M að grípa í hurðarhún í fallinu með þeim afleiðingum að tog kom á hægri öxl M að hans sögn. M segist ekki hafa áttað sig á því strax hve alvarleg meiðsli hans voru og því ekki leitað til læknis fyrr en þ. 12.2.2013. Hins vegar bendir M á að vélstjóri skipsins viðurkenni með yfirlýsingu að M hafi kvartað undan stíflu í niðurfalli og því telur M að óbein sönnun liggi fyrir um að umrætt slys hafi orðið. M telur að ágallar hafi verið á þeirri vistarveru sem hann hafði um borð þar sem niðurfall virkaði ekki en það hafi orsakað slysið og yfirmenn á svæðinu hafi verið meðvitaðir um að frárennslisrörið var í ólagi en ekkert aðhafst í málinu. V hafnar bótaskyldu og segir að vátryggingartaki geti ekki staðfest að umrætt slys hafi átt sér stað enda hafi M ekki tilkynnt yfirmönnum skipsins um það og ekkert sé skráð í skipsdagbók um slys á M. Þá bendir V á að M hafi fyrst leitað til læknis þ. 12.2.2013 og þar segir “Sjómaður, var um borð í skipi, líklega í byrjun desember, missteig sig eitthvað og tognaði á hægri öxl.” V bendir á að þessi lýsing í læknisvottorði sé ekki í samræmi við þá lýsingu sem M gefi í tilkynningu til rannsóknarnefndar sjóslysa. V telur að ekki hafi verið sýnt fram á að slys hafi orðið í ofangreindu fiskiskipi sem falli undir ábyrgðartryggingu G hjá V. Þá segir V að yfirmönnum á skipinu hafi ekki verið kunnugt um stíflu í frárennslisföri.

Álit.

Ekkert er skráð um meint slys M í skipsdagbók. M leitaði ekki til læknis fyrr en tveimur og hálfum mánuði eftir meint tjónstilvik. Í lýsingu M á atvikinu hjá lækni þ. 12.2.2013 kemur fram önnur atvikalýsing en sú sem M byggir bótakröfu sína á í máli þessu. Af hálfu M liggja ekki fyrir nein samtímagöng sem sanna að M hafi orðið fyrir slysi með þeim hætti sem hann lýsir í máli þessu þ. 24.11.2012. Þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu G hjá V

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu G hjá V

Reykjavík 1.4.2014

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 62/2014**M og
V v. fasteignatryggingar.****Vatnstjón á parketi þann 26. nóvember 2013.****Gögn.**

1. Málskot móttakið þann 26. febrúar 2014 ásamt fylgiskjölum.
2. Tölvupóstur V frá 13. mars 2014.

Málsatvik.

Ekki er ágreiningur um málsatvik. Lak vatn úr þvottahúsi fram á gang með parketi. V hefur viðurkennt bótaskyldu úr fasteignatryggingu vegna skemmda á parketi en ágreiningur stendur um hvernig skemmdirnar teljast fullbættar af hálfu V. Skipt var um þær parketfjalir sem skemmdust en M telur að litamismunur sé á nýju fjölnum og þeim eldri. V greiddi svo út bætur vegna kostnaðar við slípun og lökkun á öllum gólfpletinum, 92 m², en ágreiningur er um hvort slípun og lökkun muni skila tilætluðum árangri, þ.e. að eyða út lita- og áferðarmun nýja og eldra parketsins. M telur sig eiga rétt til þess að skipt verði um parket á öllum gólfpletinum ef litamismunur verður áfram eftir slípun og lökkun. Þessu hefur V hafnað og telur sér ekki skylt að greiða fyrir umskipti á stórum óskemmdum hlutum fasteignar í þeim tilgangi einum að útlitslegt samræmi verði sem best eftir tjón.

Álit.

Í gr. 21.1 skilmála fasteignatryggingarinnar kemur fram að vátryggingarbætur miðist við sannanlegar vatnsskemmdir á hinni vátryggðu húseign. Bætur greiðist einnig fyrir kostnað við uppbrot og rask, sem óhjákvæmilegt er til þess að komast fyrir leka, svo og frágang að nýju vegna slíkra aðgerða þannig að húseignin sé ekki í lakara ástandi en fyrir tjón. Ákvæði þetta verður skilið á þann hátt að V beri að þessu leyti að bæta tjónið þannig að eignin verði í sama ástandi hvað snertir verðgildi og gæði og hún var fyrir tjónið.

Í máli þessu er um að ræða skemmdir á parketi á mjög afmörkuðu svæði á gangi fyrir framan þvottahús. Miðað við gögn málsins virðist hafa verið sett eins eða mjög sambærilegt parket og fyrir var á gólfinu þegar skemmdin var löguð. Eins og áður hefur komið fram telur M mikinn litamismun á hinu nýja og eldra parketi. Þótt einhver litamunur kunni að vera á parketinu nú er ekki ljóst hvort eða hvernig hann verður eftir slípun og lökkun. Það leiðir heldur ekki sjálfkrafa til þess að M eigi kröfu á að skipt verði um parket á gólfpletinum í heild sinni og kostnaður vegna þess greiddur af V. Vátryggingin greiðir bætur vegna fjártjóns. Ekki hefur verið sýnt fram á af hálfu M að fjártjón verði til staðar eftir að slípun og lökkun hefur farið fram á öllum gólfpletinum. Verður því talið miðað við stöðu málsins að M eigi ekki rétt á frekari bótum frá V.

Niðurstaða.

Frekari bótaábyrgð er ekki fyrir hendi.

Reykjavík, 8. apríl 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 63/2014**M
og
vátryggingafélagið X v/ frítímaslysátryggingar.****Kona slasaðist er hún kom út af veitingastað, fékk aðsvif og datt á gangstétt.****Gögn.**

28. Málskot, móttakið 27.2.2014, ásamt fylgigögnum.
29. Bréf X, dags 31.3.2014, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Að kvöldi 3.11.2012 er M kom út af veitingastað í Reykjavík fékk hún aðsvif með þeim afleiðingum að hún féll af lágum dyrapalli og lenti með andlitið á steyptri gangstétt, en veður hafi verið kalt og hryssingslegt, að því er fram kemur í málskoti. Við fallið hlaut M hásmænuskaða, C7 heilkenni, vegna tognunar á háls hryggjarliðum ásamt broti á hryggendi C6 hryggjarliðar. M var flutt á bráðadeild Landspítala háskólasjúkrahús í Fossvogi þar sem hún var fyrst til meðferðar en síðan innlögð á endurhæfingardeild spítalans.

Meðal gagna málsins eru tvö læknisvottorð L, sérfræðings í taugasjúkdómum, endurhæfingardeild LSH að Grensási, hið fyrra dagsett 6.5.2013 og hið síðara 14.10.2013 og ber það yfirskriftina „Athugasemdir við ákvörðun vegna frítímaslyss“. Í fyrra vottorði L segir: „Allt bendir til að hún hafi hlotið hnykk á háls hrygg í fallinu sem olli háls mænuskaða og lömun. Það var aftakaveður þetta kvöld, mikill kuldi og rok úti fyrir, gríðarleg hitastigsbreyting er ein margra hugsanlegra samverkandi orsaka sem gæti skjýrt þetta yfirlit, sem ber með sér öll dæmigerð einkenni s.k. vasovagal syncope.“ Í seinna vottorði L segir m.a.: „Ekkert er vitað með vissu hvað olli þessu falli. Túlkun hinnar slösudu að hún hafi fundið fyrir aðsvifi og yfirlitáfinningu getur samræmst því að gríðarleg hitastigsbreyting ásamt roki, kulda, snjókomu og öðrum ytri þáttum gæti hafa átt þátt í orsakakeðjunni sem leiddi til þessa slyss, en aftur á móti er það einnig vel þekkt að einstaklingar sem hljóta framvirkt (og þá oftast líka afturvirkt) minnistap (anterograd og retrograd amnesia) vegna höfuðáverka upplifa það oft sem þeir gliðni inn í meðvitundarleysi. Þess vegna er augljóst að alvarlegt slys hafi átt sér stað, en það er erfitt að segja með vissu hvaða utanaðkomandi atvik olli þessu slysi.“

Á slysdegi hafði M í gildi hjá X heimilistryggingu, en í þeirri vátryggingu er innifalin sérstök frítímaslysátrygging. M hefur krafist bóta úr slysátryggingu þessari hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Í 19. gr. þeirra skilmála sem um vátrygginguna gilda segir að félagið greiði bætur vegna slyss sem vátryggður verður fyrir í frístundum, við heimilisstorf, við skólanám eða almennar íþróttaiðkanir, enda leiði það m.a. til varanlegrar örorku. Í ákvæðinu segir einnig að með orðinu slys sé hér átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist án vilja hans. M hefur sönnunarbyrðina um að öllum skilyrðum sé fullnægt þannig að meiðsl þau sem hún hlaut í umrætt sinn falli undir hugtakið slys í skilningi vátryggingarskilmálanna, þ. á m. að hún hafi orðið fyrir meiðslunum af völdum utanaðkomandi atburðar. M hefur haldið því fram að hún hafi fengið aðsvif vegna mikilla hitabreytinga sem urðu við það að fara úr hita inni á

veitingastaðnum og út í mjög kalt veður. Þessu til stuðnings hefur M vísað til fyrrgreindra læknisvottorða L. Ekkert liggur fyrir um veður á slystað, t.d. vottorð veðurstofu, þegar slysið varð. Engin gögn liggja heldur fyrir um hitamun í umrætt sinn annars vegar inni á veitingastaðnum og hins vegar fyrir utan hann. Hvorki af vottorðum L né öðrum gögnum málsins verður talið nægilega sannað að aðsvifið verði rakið til utanaðkomandi atburðar þannig að um slys hafi verið að ræða í skilningi váttryggingarskilmálanna. Af því leiðir að tjónið bætist ekki úr slysatryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frítímaslysatryggingu hjá X.

Reykjavík, 15. apríl 2014.

Póra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 64/2014**M****og****vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A****og****vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.****Árekstur á Tryggvagötu á Akureyri á móts við hús nr. 22 þann 13.5.2013.****Gögn.**

30. Málskot, móttakið 20.1.2014, ásamt fylgigögnum.

31. Bréf X, dags 5.3.2014, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Bifreiðunum A og B var ekið austur Tryggvabraut á Akureyri og var A ekið á undan B. Til móts við hús nr. 22 var B ekið hægra megin fram úr A, en í sömu andrá var A beygt til hægri áleiðis í bifreiðastæði hægra megin við götuna. Rákust þá saman hægra framhorn A og framanverð vinstri hlið B. Við áreksturinn kastaðist B áfram og rakst hægra framhorn hennar á hægra afturhorn kyrrstæðrar bifreiðar sem var í bifreiðastæði hægra megin við götuna. Hemlaför eftir hægri hjól B mældust 20,15 m og 18,3 m eftir vinstri hjól. Ein akrein er á Tryggvabraut í hvora átt þar sem áreksturinn varð. Leyfilegur hámarkshraði á götunni er 50 km á klst. Litlar sjáanlegar skemmdir eru sagðar hafa orðið á bifreiðunum.

Ökumaður A kvaðst hafa ætlað að beygja til hægri í stöðureit fyrir framan hús nr. 22. Hann hafi ekið á um 30-40 km hraða á klst. og verið búinn að draga úr hraða. Hann taldi sig hafa gefið stefnumerki til hægri. Þegar hann beygði til hægri hafi B verið hægra megin við A og árekstur orðið.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið á 60 km hraða er hann síðast vissi fyrir áreksturinn. Hann hafi séð A sem hafi verið ekið vinstra megin á akbrautinni og því farið hægra megin fram úr A, en árekstur þá orðið. Hann kvaðst ekki hafa séð séð stefnuljós kveikt á A.

Álit.

B var ekið nokkuð yfir leyfilegum hámarkshraða hægra megin fram úr A. Ekki var heimilt að aka hægra megin fram úr við þær aðstæður sem þarna voru, sbr. 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Með tilliti til þessa og hversu hratt B var ekið telst ökumaður B eiga frumsök á árekstrinum. Á hinn bóginn verður ekki fram hjá því litið að nægilega þykir sannað samkvæmt gögnum málsins að A hafi verið ekið nokkuð langt til vinstri á akbrautinni sem nemur a.m.k. bílbreidd B. Við hægri beygju ber að aka sem næst hægri brún akbrautar og skal beygjan tekin eins kröpp og unnt er, sbr. 1. másl. 3. mgr. 15. gr. ufl. Á þessu varð misbrestur hjá ökumanni A. Á hann því einnig lítils háttar sök á því hvernig fór. Eftir atvikum öllum þykir rétt í máli þessu að skipta sök þannig að $\frac{3}{4}$ hlutar sakar verði lagðir á ökumann B og $\frac{1}{4}$ hluti sakar á ökumann A.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber $\frac{1}{4}$ hluta sakar og ökumaður B ber $\frac{3}{4}$ hluta sakar.

Reykjavík, 25. mars 2014.

Póra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 65/2014
M og
V v/ ábyrgðartryggingar atvinnureksturs H.

Skaðabótaábyrgð vegna vinnuslyss 31. október 2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið 27. febrúar 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 25. mars 2014 ásamt gögnum.

Málsatvik.

M slasaðist þegar hann var við vinnu sína hjá H. Í tjónstilkynningum og lögregluskýrslu er slysinu lýst þannig að M hafi verið að vinna við dekkjaskipti á sendibíl ásamt samstarfsmanni sínum. Þegar dekkjaskiptum var lokið hafi M verið að setja dekk, sem höfðu verið tekin undan sendibílnum, inn í hann í gegnum hliðarhurð bílsins. Þá hafi lyfta, sem hélt bílnum, verið látin síga og hægri fótur M hafi orðið á milli lyftunnar og gólfsins. Í lögregluskýrslu kemur fram að stjórnbúnaður lyftunnar sé staðsettur þannig að stjórnandi hennar hafi ekki séð M vegna bílsins sem verið var að láta síga niður. Haft er eftir stjórnanda lyftunnar að hann hafi vitað af M hinumegin við bílinn þegar hann lét lyftuna síga en ekki orðið var við að M hafi meiðst fyrr en M öskraði þegar lyftan lenti á fæti hans. Í skýrslu Vinnueftirlitsins kemur fram að rekja megi orsök slyssins til þess að M hafi verið með fótinn undir lyftubitanum þegar lyftunni var slakað án þess að gera sér grein fyrir klemmuhættu, sem og að meðvirkandi þáttur hafi verið samskiptaleysi stjórnanda lyftunnar og M.

M telur að H beri skaðabótaábyrgð vegna afleiðinga slyssins, fyrst og fremst vegna gáleysis samstarfsmanns hans, stjórnanda lyftunnar, þegar samstarfsmaðurinn lét lyftuna síga án þess að gæta þess að það væri óhætt m.v. staðsetningu M. Einnig er vísað til þess að H hafi ekki sinnt skyldum sínum skv. gildandi lögum og reglum um vinnuöryggi og að lyftan sem notuð var hafi ekki uppfyllt þær kröfur sem gert er ráð fyrir í slíkum lögum og reglum. M vísar sjónarmiðum V á bug um að slysið sé hægt að rekja til hans eigin gáleysis og bendir á að slíkt gáleysi þurfi a.m.k. að vera stórkostlegt, m.t.t. 23.gr.a í skaðabotalögum nr. 50/1993, til þess að V geti takmarkað ábyrgð sína.

V telur að slys M megi fyrst og fremst rekja til óhappatilviks sem rekja má til aðgæsluleysis M en ekki atvika eða aðstæðna sem H beri skaðabótaábyrgð á. V telur ekki sýnt að lyftan sem notuð var hafi verið vanbúin og að verklag sem viðhaft var hafi verið venjubundið. M hafi átt að vera fullmeðvitaður um það verklag og geti slysið því ekki verið rakið til atvika sem vinnuveitandi hans (H) ber ábyrgð á.

Álit.

Í málinu liggur fyrir að M slasaðist þegar bíllyfta á dekkjaverkstæði var slakað niður eftir dekkjaskipti. Í lögregluskýrslu er haft eftir stjórnanda lyftunnar að hann hafi vitað af M þegar hann hóf að slaka lyftunni niður. Ekki kemur fram að hann hafi gert sérstakar ráðstafanir til að tryggja að M væri farinn frá lyftunni til að koma í veg fyrir hættu vegna aðstæðna sem geta skapast við það að lyftan sé látin síga þegar einhver stendur nálægt henni. Þó um hafi verið að ræða venjubundið verklag á verkstæði H verður að gera þær kröfur til t.d. stjórnanda vinnuvéla eða lyftubúnaðar, eins og þess sem var notaður í þessu máli, að þeir gangi úr skugga um að athafnir þeirra séu hættulausar, eða að minnsta kosti hættulitlar fyrir aðra. Með tilliti til niðurstöðu Vinnueftirlitsins, um að meðvirkandi þáttur í slysi M hafi verið samskiptaleysi milli stjórnanda lyftunnar og M, verður að telja það gáleysi af hálfu stjórnandans að hafa ekki gætt meiri varúðar

vegna staðsetningar M þegar hann lét lyftuna síga. Á því gáleysi ber H ábyrgð á grundvelli reglunnar um vinnuveitendaábyrgð.

Að þessu sögðu er þó einnig ljóst að staðsetning M skapaði ákveðna hættu þegar lyftan var látin síga og byggt hefur verið á því að um hafi verið að ræða nokkuð venjubundið verklag á vinnustaðnum sem M átti að þekkja. Þegar litið er til þess hvort M þurfi að bera hluta af tjóni sínu eða allt tjón sitt sjálfur vegna gáleysis verður hins vegar að líta til 23.gr.a í skaðabótalögum þar sem kemur fram að starfsmaður sem lendir í vinnuslysi beri einungis hluta af tjóni sínu sjálfur hafi hann sýnt háttsemi sem felur í sér stórkostlegt gáleysi eða ásetning. Þó M hafi sýnt eitthvað gáleysi, eins og stjórnandi lyftunnar, við þessar aðstæður, verður ekki séð að gáleysi M feli í sér þau frávik frá því sem eðlilegt má teljast til þess að gáleysi hans sé stórkostlegt. Hann ber því ekki hluta tjóns síns vegna meðábyrgðar heldur er fallist á fulla bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu H hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr úr ábyrgðartryggingu H hjá V.

Reykjavík 8.apríl 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 66/2014
M og
V v/ ábyrgðartryggingar atvinnureksturs Í.

Meðábyrgð tjónþola vegna vinnuslyss 2. febrúar 2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið 3. mars 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 31. mars 2014 ásamt gögnum.

Málsatvik.

M slasaðist í vinnuslysi við vinnu sína hjá Í þann 2. febrúar 2013. Slysið atvikaðist þannig að M var að vinna við þrif í fiskvinnslusal. M var með vatnsslöngu og var að smúla gólf og færíbönd í vinnslusalnum. Þegar hún náði ekki að losa loðnu, sem sat föst í færibandinu, með vatnsþrýstingi ákvað hún að grípa með höndum í loðnuna til að reyna að losa hana þannig. Við það festist hún í færibandinu og dróst með því nokkurn spöl án þess að geta stöðvað færibandið sjálf. Vegna vanbúnaðar á öryggisbúnaði færibandsins féllst V á að greiða bætur úr á ábyrgðartryggingu Í vegna slyssins en ágreiningur er um meðábyrgð M, m.t.t. 23.gr.a skaðabótalaga nr. 50/1993. Í þeirri grein kemur fram að stórkostlegt gáleysi eða ásetning þurfi til að starfsmaður í vinnuslysi beri hluta tjóns síns sjálfur vegna meðábyrgðar.

M telur að skilyrði 23.gr.a skaðabótalaga séu ekki uppfyllt þar sem hún hafi ekki sýnt stórkostlegt gáleysi við vinnu sína eins og V heldur fram. M telur að hún hafi gert það sem henni var falið að gera við þær aðstæður og með þau áhöld og tæki sem vinnuveitandi hennar útvegaði. Ekki hafi verið um svokölluð lokaprif að ræða í fiskvinnslusalnum þannig að ekki hafi verið slökkt á færíböndum eða þau tekin í sundur. M hafi því ekki getað annað en unnið það verk sem henni var falið við þrifin með þeim hætti sem hún gerði. M rekur síðan þau atriði sem leiða til skaðabótaábyrgðar Í og telur slysið rakið til þeirra og að hún hafi í mesta lagi sýnt einfalt gáleysi við störf sín sem geti, skv. fyrrnefndri grein skaðabótalaga, ekki leitt til meðábyrgðar hennar.

V telur að M eigi að bera helming tjóns síns vegna meðábyrgðar og telur að háttsemi M, sem fólst í því að fara með hönd inn í færiband sem var í gangi, hafi verið stórkostlegt gáleysi af hennar hálfu. V bendir á að M hafi unnið hjá Í í fimm ár og hafi m.a. sinnt nýliðafræðslu. Þar komi skýrt fram að það eigi alls ekki að fara með hendur inn í færíbönd sem eru á hreyfingu. Það komi m.a. fram í sérstöku öryggismyndbandi sem sýnt sé í þeirri nýliðafræðslu sem M hafði sinnt. Það sé því alveg ljóst að hún hafi vitað af þeirri hættu sem skapast gæti við þessar aðstæður og með því að fara gegn fyrirmælum í verklagsreglum Í hafi hún sýnt stórkostlegt gáleysi við störf sín og eigi að bera helmingi tjóns síns sjálf þess vegna.

Álit.

Í málinu er einungis deilt um meðábyrgð M en fallist hefur verið á að skilyrði skaðabótaábyrgðar Í séu fyrir hendi og V þess vegna viðurkennt bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu Í. Verða því ekki raktar ástæður skaðabótaábyrgðarinnar sérstaklega hér. Þegar metið er hvort sú háttsemi M, að fara með hönd inn í, eða nálægt færibandi sem var í gangi, sé stórkostlegt gáleysi verður að horfa til þess að M hafði nokkurra ára starfsreynslu hjá Í og m.a. sinnt þar nýliðafræðslu. Almennt má starfsmönnum vera það ljóst að hætta getur skapast af því að fara með hendur inn í færíbönd sem eru í gangi. M var í lófa lagið að láta stöðva færibandið eða tilkynna um að hún næði ekki að þrifa að fullu vegna þeirra aðstæðna sem uppi voru. Í ljósi þeirrar augljósu hættu sem hún setti sig í sem og þess að skýrlega kemur fram í nýliðafræðslu, sem M sinnti að einhverju leyti, að þessi háttsemi væri bönnuð, verður að telja að M hafi sýnt gáleysi sem er stórkostlegt í skilningi 23.gr.a

skaðabótalaga. Með hliðsjón af öllum gögnum málsins og aðstæðum verður hún látinn bera þriðjung tjóns síns sjálf.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr úr ábyrgðartryggingu Í hjá V en ber þriðjung (1/3) tjóns síns sjálf vegna meðábyrgðar.

Reykjavík 15. apríl 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 67/2014
M og
V-1 v. bifreiðarinnar A og V-2 v. bifreiðarinnar B

Árekstur bifreiða á Hringbraut í Hafnarfirði þ. 5.1.2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.5.3.2014 ásamt fylgiskjölum 1-2.
2. Bréf V-1 dags. 28.3.2014.
3. Bréf V-2 dags. 19.3.2014 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Árekstur varð með A og B á Hringbraut í Hafnarfirði við Fögrukinn. Bifreiðunum var ekið úr gagnstæðum áttum og var A ekið utan í opnar hurðir á vinstri hlið B. Ökumaður A segist hafa fengið glýju í augun vegna ljósa á B og sem hafi verið komin inn á sinn vegarhelming. Ökumaður B segist hafa verið stopp og B verið á réttum vegarhelmingi hann segir að nafngreindur maður hafi opnað farþegahurð vinstra megin að aftan og gert sig líklegan til að setjast inn í B. Ökumaður B segir að þar sem rúðan á öikumannshurðinni hafi verið óvirk hafi hann opnað hurðina til að ræða við manninn. Tveir farþegar í B bera með sama hætti og ökumaður B og umræddur maður var á staðnum áberandi ölvaður skv. lögregluskýrslu

Álit.

Ökumaður A ók utan í hurðir B þar sem B var kyrrstæð á húsagötu þar sem hámarkshraði er 30 km/klst. Ökumaður A segir að hún hafi fengið glýju í augun og að B hafi verið á röngum vegarhelmingi. Ekki hefur verið sýnt fram á að B hafi verið á röngum vegarhelmingi og sérstök skylda hvílir á öikumanni að aka nægjanlega hægt miðað við aðstæður sbr. 36.gr umferðarlaga nr. 50/1987 m.a. þegar hætta er á að ljós valdi glýju. Ökumaður A ber því alla sök á árekstrinum. Ekki hefur verið sýnt fram á að ökumaður B hafi brugðist við með röngum hætti þegar hann varð fyrir áreiti í umrætt sinn frá gangandi vegfaranda.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök á árekstrinum.

Reykjavík 15.4.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 68/2014
M og
V v. frjálsrar ábyrgðartryggingar K.

Kona datt í verslun þ. 6.9.2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.6.mars 2014 ásamt fylgiskjölum 1-10
2. Bréf V dags. 17.3.2014 og 22.7.2014.
3. Bréf lögmanns M dags. 21.10.2014 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

M segir málavexti vera þá að hún hafi verið að skoða vörur í verslun K, runnið í bleytu og slasast. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu K hjá V og byggir á því að starfsfólki K hafi verið kunnugt um að eitthvað hafi helst niður á gólf verslunarinnar áður en slysið varð. en ekki brugðist við með viðeigandi hætti og starfsmaður hafi fengið fyrirmæli frá öðrum starfsmanni um að þrífa en ekki brugðist við sbr. ódagsetta yfirlýsingu Birnu F. Arnarsdóttur þar sem Birna segir m.a. að starfsmaður á kassa í versluninni hafi sagt að hún hafi verið búin að segja öðrum starfsmanni að þrífa upp bleytunar sem varð M að falli ekki liggur fyrir hvaða starfsmenn þarna er um að ræða. M segir aðstæður í versluninni hafi verið ófullnægjandi og starfsfólki K hafi verið kunnugt um bleytuna á gólfinu og ekki brugðist við og því sé slysið bótaskyld úr frjálsri ábyrgðartryggingu K hjá V. V hafnar bótaskyldu og segir að engin sjónarvottur hafi verið að slysi M og ekki sé vitað nákvæmlega hvar það hafi átt sér stað. M hafi gert lítið úr slysinu á vettvangi og þegar krafa barst frá M um bætur hafi verið búin að eyða myndefni af vettvangi. V segir að K hafni því alfarið að starfsfólki K hafi verið kunnugt um bleytu/slettur á gólfi verslunarinnar fyrr en slysið varð. V telur ósannað að slysið verði rakið til vanrækslu starfsmanna K. V vísar til dóma Hæstaréttar í málum nr. 29/2011 og 354/1996 sem félagið telur að hafi fordæmisgildi í máli þessu.

Álit.

Ekki er deilt um það að M féll í bleytu á gólfi í verslun K og datt með þeim afleiðingum að hún slasaðist. Deilt er um hvort að starfsfólki K hafi verið kunnugt um að umrædd bleyta hafi verið á gólfinu áður en slysið varð og ekki gert viðeigandi ráðstafanir. K hafnar því alfarið að starfsfólki verslunarinnar hafi verið kunnugt um bleytu á gólfinu áður en slysið varð og því ekki getað brugðist við þeim aðstæðum. M hefur ekki tekist að færa sönnur á að starfsfólki verslunarinnar hafi verið kunnugt um bleytu á gólfinu áður en slysið varð og er því ekki hægt að fallast á það með M að slys hennar verði rakið til saknæmrar vanrækslu starfsmanna K. M á því ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu K hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu K hjá V

Reykjavík 7.11.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 69/2014**M
og
vátryggingafélagið X v/ kaskótryggingar bifreiðar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns á bifreið eftir að henni var ekið á ljósastaur.****Gögn.**

32. Málskot, móttakið 28.2.2014, ásamt fylgigögnum.
33. Bréf X, dags 31.2.2014 (svo), ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Um kl. 3.10 aðfaranótt laugardagsins 18.11.2011 var lögreglunni á Eskifirði tilkynnt að bifreiðinni A hafi verið ekið á ljósastaur á Strandvegi við gatnamót Botnabrautar á Eskifirði. Um 10 mínútum síðar var lögregla komin á vettvang. Samkvæmt athugun lögreglu á vettvangi hafði A verið ekið austur Strandveg upp á gangstétt og þar utan í vegvísa og fór m.a. yfir einn þeirra áður en hún hafnaði á ljósastaur. Mæld vegalengd frá Kirkjustíg og að þeim stað þar sem A stöðvaðist voru 62 m. Frá Kirkjustíg að vegvísunum sem A var fyrst ekið á voru um 50 m. M var ekki á vettvangi er lögregla kom á staðinn. Kl. 3.35 var M handtekinn á heimili sínu í þágu rannsóknar málsins.

Í sakamáli sem höfðað var á hendur M vegna meints aksturs undir áhrifum áfengis bar M fyrir dómi að hann hafi fyrr um kvöldið drukkið tvo til þrjá 33 cl. bjóra á veitingastað, en um kl. 1.30 hafi hann farið í samkvæmi í heimahúsi. Þar hafi hann ákveðið að hætta áfengisneyslu og aka heim. Síðar um nóttina hafi hann lagt af stað akandi ásamt þáverandi unnustu sinni, B, áleiðis heim til sín. Hann hafi gefið A í botn í beygju þegar þau voru nýlögð af stað og fundist sem bensínjölfín hafi festst inni þótt hann sleppti henni. Hafi hann misst stjórn á A sem hafi hafnað á ljósastaur. B hafi farið aftur í samkvæmið til vina sinna. Hann sjálfur hafi hins vegar hlaupið heim til þeirra þar sem hann hafi drukkið töluvert magn af óblönduðu viskí. Hann kvaðst hafa verið heima hjá sér í „einhvern klukkutíma“ áður en lögregla kom á heimili hans.

B bar fyrir dómi að Hún hafi ásamt M farið á veitingastað og þaðan í gleðskap í heimahúsi. Þau hafi bæði drukkið á veitingastaðnum en hún muni ekki hvað M hafi drukkið. Hún hafi verið „hálfdaud“ í aftursæti A þegar M ók af stað. Hún hafi verið M afar reið og hlaupið til baka í gleðskapinn. Hún hafi verið búin að banna M að aka, enda hafi hann drukkið áfengi fyrr um kvöldið. Er hún hafi komið heim til sín hafi flaska af viskí, sem geymd hafi verið í skáp í stofunni, ekki verið á sínum stað heldur ofan á skápnunum. M hafi tjáð henni síðar að hann hafi drukkið úr flöskunni eftir að akstrinum lauk.

Fyrir dómi bar vitnið C að það hafi hitt M í fyrrgreindu samkvæmi. Vín hafi verið á flestum gestanna. Því hafi virst ákærði hafa verið drukkin og hann hafi verið að drekka „allavega bjór“. Vitnið og M hafi drukkið bjór úr sama drykkjaríláti og hafi það séð M bæði halda á bjór og taka sopa þótt það hafi ekki fylgst með hve mikið hann drakk. Um einni og hálfri klukkustund eftir að vitnið kom í samkvæmið kvaðst það hafa verið utandyra að reykja ásamt M og B er þau lögðu af stað á A. Það hafi beðið M um að aka ekki bifreiðinni, en M hafi fyrst bakkað A og síðan tekið „handbremsubeygju“ út á aðalgötuna þar sem aksturinn hafi endað nánast strax með árekstri við vegskilti.

Vitnið D kvaðst hafa haldið samkvæmi fyrir 9-10 gesti, þ. á m. M og B. Vitnið kvaðst ekki muna hvort það hafi gefið M bjór í samkvæminu og ekki muna hvað aðrir, þ. á m. M, hafi verið að drekka í samkvæminu. Vitnið fullyrti að það hafi séð M drekka áfengi en gat ekki gefið nánari lýsingu. Vitnið kvaðst hafa verið „miðlungsölvað“ og muna í grófum dráttum eftir kvöldinu. B hafi verið svipað mikið ölvuð, en M hafi virkað meira ölvaður.

Tvö þvagsýni voru tekin hjá M, hið fyrra kl. 3.44 og hið síðara kl. 4.31 eða 4.38. Áfengismagn í fyrra sýninu mældist 2,02% og 1,65% í því síðara. Blóð var einnig tekið tvisvar úr M, kl. 4.28 og 5.04. Áfengismagn í fyrra sýninu mældist 1,35% og 1,24% í hinu síðara. Samkvæmt matsgerð Rannsóknarstofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði er komist að þeirri niðurstöðu að etanólstyrkur í blóði M hafi verið 1,6% til 1,7% milli kl. 2.45 og 3.10 umrædda nótt.

A var kaskótryggð hjá X og hefur M krafist bóta úr kaskótryggingunni við vegna þess tjóns sem varð á A. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

M kvaðst hafa drukkið tvo til þrjá 30 cl bjóra á veitingastað áður en hann hélt í samkvæmi í heimahúsi, en þar kvaðst M hafa hætt áfengisdrykkju. M hélt af stað akandi úr samkvæminu ásamt þáverandi unnustu sinni á A áleiðis heim til sín. Skömmu eftir að akstur hófst missti hann stjórn á A með þeim afleiðingum að hún rakst á ljósastaur. Hann hvarf af vettvangi án þess að gera lögreglu viðvart, en er lögregla kvaddi dyra á heimili hans nokkru síðar eða um kl. 3.30 um nóttina kvaðst M hafa drukkið óblandað viský af flösku heima hjá sér eftir að akstri lauk. Af framburðum vitna, eins og að framan greinir, og niðurstöðu matsgerðar Rannsóknarstofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði verður á hinn bóginn að telja nægilega sannað að M hafi neytt áfengis fram undir það að hann hélt af stað akandi úr samkvæminu og áfengismagn í blóði hans hafi þá verið í þeim mæli sem greinir í niðurstöðu matsgerðarinnar. Hann var því ófær til að aka A, sbr. 3. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 með síðari breytingum og olli þar með tjóninu með háttsemi sem verður virt honum til stórkostlegs gáleysis. Með vísan til gr. 3.2 í skilmálum vátryggingarinnar, sbr. 2. mgr. 27. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga, hefur M fyrirgert rétti sínum til bóta úr vátryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu A hjá X.

Reykjavík, 15. apríl 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 70/2014
M og
Vátryggingafélagið V-1 v. bifreiðarinnar A og
Vátryggingafélagið V-2 v. bifreiðarinnar B.

Ekið á kyrrstæða bifreið sem varð bensínlaus á Kringlumýrarbraut í Reykjavík 29.12.2013

Gögn.

1. Málskot móttækið þ. 7.3.2014 ásamt fylgiskjölum 1-5
2. Bréf V-1 dags. 19.3.2014.
3. Bréf V-2 dags.20.3.2014 ásamt fylgiskjölum 1-2.

Málsatvik.

Árekstur varð á Kringlumýrarbraut skammt frá Bústaðabru. A var ekið norður Kringlumýrarbraut á hægri akrein þegar A varð bensínlaus. Ökumaður A segist hafa sett viðvörðunarljós á og verið að hringja eftir aðstoð þegar ekið var aftan á A eftir að bifreiðin hefði verið stöðvuð í 2-3 mínútur fyrir áreksturinn. Ökumaður B ók norður Kringlumýrarbraut eftir hægri akrein og áttaði sig ekki á því að A var kyrrstæð fyrr en of seint. Ökumaður B segir að engin viðvörðunarljós hafi logað á A og hafi hún litið niður til að skipta um gír og þegar hún leit upp aftur hafi hún séð A með viðvörðunarljósin á en þá hafi hún ekki getað komið í veg fyrir árekstur.

Álit.

Ökumaður A ber sök á árekstrinum vegna þess að A varð bensínlaus í akstri sbr. 59. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Ökumanni og umráðamanni gætti þess ekki að A væri þannig búin að A skapaði ekki hættu eða óþægindi fyrir aðra vegfarendur. Lagt er til grundvallar að ökumanni A hafi mátt vera ljóst að bifreiðin gæti orðið bensínlaus í akstrinum í umrætt sinn. Ökumaður A gerði þó viðeigandi varúðarráðstafanir strax og A stöðvaðist. Ökumaður B gætti ekki nægjanlega að umferð fyrir framan sig sbr. 3. mgr. 14. gr. umferðarlaga og ber því einnig sök á árekstrinum. Við mat á sakarskiptingu telst eðlilegt að hvor ökumaður beri helming sakar.

Niðurstaða.

Hvor aðili ber helming sakar.

Reykjavík 8.4.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 71/2014**M og
V vegna ábyrgðartryggingar atvinnureksturs H.****Slys í líkamsræktarstöð 5. mars 2012.****Gögn.**

1. Málskot móttækið 5. mars 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 26. mars 2014 ásamt gögnum.

Málsatvik.

M slasaðist þegar hún var á byrjendanámskeiði hjá Crossfit Hafnarfirði sem rekið er af H. Slysið atvikaðist þannig skv. tjónstilkynningu M að teygja, sem átti að notast við upphífingar á stöng, spratt í andlit hennar þannig að hún datt aftur fyrir sig og vankaðist. Í gögnum málsins kemur fram að blætt hafi inn á vinstra auga eftir atvikið og M hafi verið í lækni meðferð vegna þessa.

M telur að H beri skaðabótaábyrgð vegna atviksins. Hún hafi verið á sinni fyrstu æfingu í Crossfit og verið að toga teygju, sem átti að nota við upphífingar á stöng, niður úr stönginni til að smeygja undir fætur sína, þegar teygjan spratt upp og lenti í vinstra auga hennar. M vísar til þess að hún hafi ekki fengið neinar leiðbeiningar um hvernig hún ætti að bera sig að á sinni fyrstu æfingu þegar kom að því að smeygja umræddri teygju undir fætur. H hafi borið að gera frekari varúðarráðstafanir gagnvart byrjendum þar sem augljós hættu hafi verið vegna notkun teygjanna og byggir M á því að starfsmenn H hafi ekki sinnt leiðbeiningarskyldu sinni gagnvart henni né brugðist við á viðeigandi hátt eftir slysið.

V telur að ekki sé sýnt fram á að aðstæður við líkamsræktariðkun M hafi verið ófullnægjandi eða skort hafi á leiðbeiningar starfsmanna H. Þær teygjur sem notaðar hafi verið hafi verið venjulegar og þjálfari hafi sýnt hópnum sem M tilheyrði hvernig ætti að gera æfingu sem fyrirhuguð var. Ekki sé hægt að rekja slys M til atvika sem H beri skaðabótaábyrgð á eða að viðhöfð hafi verið röng vinnubrögð eftir slysið sem leiddu sérstaklega til tjóns.

Álit.

M varð fyrir líkamstjóni þegar hún var að undirbúa líkamsræktaræfingu. Til þess þurfti M að nota teygju sem strekkja þurfti á til að koma henni undir fætur hennar en ekki fór betur en svo að teygjan fór í andlit hennar. Um er að ræða nokkuð einfalt verk og ekki er að sjá af gögnum málsins að slysið verði rakið til þess að teygjan hafi verið vanbúin eða aðstæður hafi verið með þeim hætti að H hefði getað gert frekari ráðstafanir til að koma í veg fyrir slys af þessu tagi. Verður slys M rakið til óhappatilviljunar sem H ber ekki skaðabótaábyrgð á.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr úr ábyrgðartryggingu H hjá V.

Reykjavík 15. apríl 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 72/2014**M****og****vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bankastofnunar.****Kona féll á hálfu fyrir framan húsnæði bankaútibús.****Gögn.**

34. Málskot, móttakið 5.3.2014, ásamt fylgigögnum.
35. Bréf X, dags. 18.3.2014, ásamt fylgigögnum.
36. Tjónstilkynning, dags. 29.10.2012.

Málsatvik.

Samkvæmt því sem ráðið verður af gögnum málsins mun M hafa hinn 22.12.2009 verið á leið frá húsnæði útibús bankans V á Sauðárkróki í bifreið sína á bifreiðastæði við útibúið er hún féll á hálfu og varð fyrir meiðslum. Samkvæmt fyrirbyggjandi dagbók lögreglu kom M á lögreglustöð hinn 26.10.2010 og kvaðst hafa dottið á svellbunka skammt utan við anddyri útibúsins um það bil ári áður, en taldi sig þá ekki hafa hlotið meiðsl. Síðar hafi hún farið að kenna til og hafi hún meiðst á fæti og hlotið heilahristing. Hún kvað starfsfólk bankans hafa komið út og boðið aðstoð, en hún hafi ekki talið þörf á því þótt síðar hefði annað komið í ljós. Í tilkynningu um tjónið, dags. 29.10.2012, til X, vátryggjanda V, kemur fram að M hafi hinn 22.12.2009 kl. 14.00 dottið á hálkubletti fyrir utan bankann.

Í yfirlýsingu starfsmanns V, dags. 5.2.2013, kemur fram að hann hafi séð þegar M hrasaði við bifreiðina á bifreiðastæðinu eftir að hafa gengið út úr bankanum. Kvaðst starfsmaðurinn hafa hlaupið út til að kanna hvort M hafi meitt sig, en hún kvaðst ekki hafa meitt sig og þau þyrftu ekki að hafa áhyggjur af henni. Nokkrum dögum síðar hafi M komið í bankann og aðspurð sagðist hún ekki hafa meitt sig neitt.

Meðal málgagna eru nokkrir samskiptaseðlar og önnur gögn varðandi samskipti sem M hefur átt á heilsugæslustöð. Þar kemur fram að M hafi leitað á heilsugæslustöðina 23.12.2009 vegna þess að hún hafi deginum áður dottið fram fyrir sig er hún var á leið út úr bankanum.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum um veður var 3,8 stiga frost á Bergstöðum í Skagafirði kl. 12 á hádegi slysdaginn og 6,0 stiga frost kl. 15. Kl. 14 sama dag var 4,7 stiga frost á sjálfvirkri veðurathugunarstöð á Sauðárkróksflugvelli og kl. 15 var þar 5,5 stiga frost.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá X vegna þess líkamstjóns sem hún kveðst hafa orðið fyrir við byltuna. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Ekki er um það deilt að M hafi dottið og orðið fyrir meiðslum er hún var á leið í bifreið sína úr húsnæði V. Ekki liggur fyrir nákvæmlega hvernig aðstæðum var háttað fyrir utan bygginguna þar sem V er til húsa, þ. á m. hversu löng vegalengd var frá útidyrum að bifreiðinni. Ekki er heldur ljóst hvar M var nákvæmlega stödd þegar hún féll við, en hún kvaðst hafa dottið á hálkubletti fyrir utan bankann. Starfsfólk V kom út og bauð M aðstoð sína. Hún afþakkaði hins vegar alla hjálp og kvaðst ekki hafa meiðst. Eins og hér

stóð á er ekki unnt að áfella V þótt lögregla hafi ekki verið kvödd á staðinn eða aðrar ráðstafanir verið gerðar til að rannsaka frekar tildrög þess að M féll í jörðina. Þótt nokkurra stiga frost hafi að líkindum verið þegar slysið varð er ekki í ljós leitt að það megi rekja til þess að V hafi vanrækt hálkuvarnir á gönguleiðum við húsnæðið eða annarra atvika sem V getur borið ábyrgð á. Að því sögðu hefur ekki stofnast réttur til skaðabóta til handa M úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 8. apríl 2014.

Sigríður Thorlacius lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 73/2014**M****og****vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.****Starfsmaður varð fyrir meiðslum er hann vann við að stafla fatapokum gám.****Gögn.**

37. Málskot, móttekið 10.3.2014, ásamt fylgigögnum.

38. Bréf X, dags 7.4.2014.

Málsatvik.

Samkvæmt málskoti var M hinn 3.4.2012 að störfum fyrir V, vinnuveitanda sinn, við að stafla fatapokum í 40 feta gám. Kveður M að raðað hafi verið í gáminn með þeim hætti að byrjað var að raða pokum, sem eru um 10 kg á þyngd hver, á gólfið innst í gámnum og svo staflað ofan á þá og alveg upp í loft. Þegar slysið varð hafi M nýlukið við að stafla í stæðu og var að byrja að raða í næstu stæðu fyrir framan. Þá hafi stæðan skyndilega gefið sig og hrunið yfir M. Hann hafi borið hendur fyrir höfuð sér til að til að fá ekki pokana í höfuðið, en misst fótanna og fallið aftur á bak í gólfið. Hann hafi strax fundið að hann hafi meitt sig en samt haldið áfram að vinna. Hann hafi svo fundið fyrir auknum verkjum og leitað á slysadeild 23.4.2012.

Í læknisvottorði frá slysa- og bráðadeild Landspítala – háskólasjúkrahúss, dags. 4.3.2013, segir að M hafi leitað á deildina 23.4.2012 þar sem hann hafi fengið slink á hægri öxl viku fyrir komu og hafi hann kvartað um verk í öxlinni. Í vottorðinu er slysdagur tilgreindur 16.4.2012. Í ódagsettu vottorði heimilislæknis kemur fram að M hafi hringt í lækinn 2.5.2012 og greint frá vinnuslysi 24.3.2012 er hann hafi misst poka á sig í vinnunni og fengið högg á öxl og háls.

M kveður V bera skaðabótaábyrgð á líkamstjóni því sem hann hlaut í slysinu, þar sem ekki hafi verið gætt fyllsta öryggis, góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustaðnum. Í því sambandi vísar M til ýmissa ákvæða í lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, svo og ákvæða í reglugerðum settum á grundvelli laganna. Hefur M krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá X. X hefur á hinn bóginn hafnað bótaskyldu.

Álit.

V mun ekki hafa fregnað af atvikinu fyrr nokkru eftir að það gerðist. Ekki verður ráðið af málgögnum að verk það sem M vann í umrætt sinn hafi verið flókið eða slysaþætta hafi almennt verið því samfara. Þá verður ekki ráðið að meiðsl M megi rekja til þess að óforsvaranleg vinnubrögð hafi verið látin viðgangast af hálfu V eða það verði rakið til annarra atvika sem V getur borið ábyrgð á. Líkamstjón M fæst því ekki bætt úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 30. apríl 2014.

Póra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 74/2014
M og
V vegna ferðasjúkra- og ferðarofstryggingar erlendis fjölskyldutryggingu.

Skilyrði greiðslu bóta vegna ferðarofs og kostnaðar vegna þess 18.-20. febrúar 2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið 10. mars 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 25. mars 2014.

Málsatvik.

Atvik málsins eru þau að M fór ásamt öðrum til Belgíu þann 18. febrúar 2014 í þeim erindagerðum að sækja son sinn sem hafði skyndilega veikst vegna undirliggjandi sjúkdóms. M mat það svo að vegna aðstæðna hafi verið nauðsynlegt að hafa með sér aðstoðarmann til að koma syni sínum heim og undir læknishendur. Af þessari ferð hafi hlotist ferða- og dvalarkostnaður sem nánari grein er gerð fyrir í gögnum málsins en M ásamt syni sínum og aðstoðarmanni komu til Íslands 20. febrúar sl. Í málinu liggja einnig fyrir læknisvottorð sem staðfesta veikindi sonar M.

M telur að greiða eigi bætur vegna umrædds ferða- og dvalarkostnaðar úr ferðasjúkra- og ferðarofstryggingu V á grundvelli skilmála sem um þá tryggingu gilda.

V telur að gr. 8.8. í váttryggingarskilmálum ferðasjúkra- og ferðarofstryggingar eigi við í málinu þar sem fram kemur að váttryggingin bæti ekki sjúkrakostnað vegna langvinnra sjúkdóma og slysa sem váttryggður hefur notið læknishjálpar við á síðastliðnum 12 mánuðum. V vísar ennfremur til læknisvottorða sem liggja fyrir í málinu þar sem kemur fram að sonur M hafi verið í reglubundnu eftirliti vegna sjúkdóms síns og tekið lyf vegna hans og eigi fyrrnefnd undanþága því við í málin hans. V vísar einnig til úrskurða nefndarinnar sem fjalla um forfallatryggingu, í máli nr. 139/2009 og 411/2009, og telur þá sambærilega varðandi mat á aðstæðum sonar M.

Álit.

Í máli þessu virðist ekki vera ágreiningur um að M sé váttryggður í ferðasjúkra- og ferðarofstryggingu erlendis, en um bótasvið hennar er fjallað í 8.gr. váttryggingarskilmálum. Þar kemur fram að ef váttryggður veikist á ferðalagi erlendis bæti váttryggingin tiltekinn kostnað sem sérstaklega er tilgreindur í gr. 8.1.- 8.6, þ.á.m. sjúkrakostnað, aukinn kostnað, sjúkraflutning o.fl. Það ákvæði sem á við í máli M fellur undir gr. 8.2. sem fjallar um aukinn kostnað. Nánar tiltekið gr. 8.2.3. þar sem kemur fram að váttryggingin bæti auka ferða- og dvalarkostnað náins ættingja þegar váttryggður veikist alvarlega á ferð sinni ef sá er með í för eða kvaddur til dvalarstaðar váttryggðs með samþykki ráðgefandi læknis félagsins.

Þegar metið er hvort gr. 8.8., sem V hefur vísað til, eigi við um aðstæður M verður að áréttá að hún gildir skv. orðanna hljóðan einungis um sjúkrakostnað. Hún gildir því ekki um svokallaðan aukinn kostnað, þ.e. ferða- og dvalarkostnað náins ættingja eins og kveðið er á um í gr. 8.2.3. Verður því ekki byggt á gr.8.8. í málinu þar sem það snýst ekki um kröfu vegna sjúkrakostnaðar.

Hvað varðar frekari skilyrði gr. 8.2.3. til greiðslu bóta er ljóst að í ákvæðinu kemur fram tilvísun til náins ættingja. Í ákvæðinu kemur ekki fram með skýrum hætti hvort þar sé átt við einn náinn ættingja eða fleiri. Verður V að bera hallann af óskýru orðalagi váttryggingarskilmála að þessu leyti en af gögnum málsins má álykta að aðstoðarmaður M í ferðinni hafi verið annar sonur hans, eða bróðir váttryggðs. Bæði faðir og bróðir eru nánir ættingjar í skilningi orðalags

vátryggingarskilmála V, en ekki eru eru í skilmálunum sérstakar orð- eða hugtakaskýringar sem gefa tilefni til annarrar túlkunar.

Seinna skilyrði gr. 8.2.3. er að samþykki ráðgefandi læknis V hafi legið fyrir vegna ferðar M. Í málinu kemur ekki fram að þess hafi verið leitað fyrirfram. Það verður þó ekki litið framhjá þeim upplýsingum sem fram koma í lækni-fræðilegum gögnum málsins um að það hafi skipt sköpum í veikindum sonar M að hann hafi komist fljótt undir læknishendur. Með hliðsjón af þeim upplýsingum og eðli málsins að öðru leyti verður V að sýna fram á að samþykki ráðgefandi læknis hefði ekki verið veitt vegna málsins. Hallann af því verður V einnig að bera.

Í ljósi þessa kemst nefndin að þeirri niðurstöðu að skilyrði gr. 8.2.3. í vátryggingarskilmálum V séu uppfyllt og eigi M því rétt á greiðslu ferða- og dvalarkostnaðar síns sem og annarra sem teljast til náinna ættingja. Í vátryggingarskilmálum er ekki sérstaklega skilgreint hvað telst til ferða- og dvalarkostnaðar auk þess sem ekki er að finna því stöð í þessum skilmálum að fæðiskostnaður sé ekki hluti af ferða- og dvalarkostnaði, eins og V hefur haldið fram. Með hliðsjón af þessu telur nefndin ekki ástæðu til frekari umfjöllunar um einstaka kostnaðarliði á annan hátt en þann að orðalag skilmálanna um ferða- og dvalarkostnað verði að skilja með frekar víðtækum hætti en þröngum.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ferðasjúkra- og ferðarofstryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík 8.apríl 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 75/2014
M og
V v. kaskótryggingar bifreiðarinnar A.

Bifreið stolið þ. 17.12.2013 og hún skemmd - skerðing bóta.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 14.3.2014 ásamt fylgiskjölum 1-2.
2. Bréf V dags. 17.3.2014.

Málsatvik.

Bifreiðinni A var stolið frá bifreiðastæði þar sem A hafði verið skilin eftir læst, en varakveikjuláslykill var í hanskahólfi. Þegar bifreiðin fannst var hún töluvert skemmd samkvæmt lögregluskýrslu. Eigandi A krefst bóta úr kaskótryggingu sinni hjá V og segir A hafa verið læsta þegar farið var inn í hana og það eigi ekki að skipta máli þó að lykklar hafi verið geymdir í hanskahólfi því bifreiðin hafi verið örugglega læst. V viðurkennir bótaskyldu en telur að það eigi að takmarka bætur úr kaskótryggingunni um 50% og vísar í því sambandi til greinar 7.3. í váttryggingaskilmálum þar sem kemur fram sú varúðarregla m.a. að bifreið skuli vera læst og lykklar og opnunarbúnaður bifreiðar geymdir á öruggum stað. V telur það ekki örugga vörslu á kveikjuláslyklum að geyma þá í hanskahólfi bifreiðar jafnvel þó bifreiðin sjálf hafi verið læst í umrætt sinn. Þá vísar V til 26. gr.laga nr. 30/2004 um váttryggingasamninga.

Álit.

Hanskahólf bifreiðar telst ekki öruggur geymslustaður kveikjuláslykla þótt bifreiðin sé læst, sbr. Hrd. 92/2009. Braut M þannig gegn varúðarreglu í gr. 7.3 í váttryggingaskilmálum. Um réttaráhrif þessa segir í 26. gr. laga nr. 30/2004 að félagið geti við þær aðstæður verið laust úr ábyrgð í heild eða að hluta. Áskilið er þó að sök sé ekki óveruleg og að orsakatengsl séu milli brotsins og þess að váttryggingaratburður varð. Með því að geyma kveikjuláslykla í hanskahólfi bifreiðarinnar sýndi umráðamaður A af sér gáleysi, sem telja verður að sé verulegt. Skýr orsakatengsl eru milli þessa brots á varúðarreglu og tjónsins, þar sem sá sem braust inn í bifreiðina gat frekar ekið burtu og ollið tjóni ef lykklar bifreiðarinnar voru í henni. Verður M þess vegna að sæta því að réttur hans til váttryggingarbóta takmarkist um helming (50%).

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr kaskótryggingu hjá V en ábyrgð V takmarkast um helming (50%).

Reykjavík 8.4.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 76/2014
M og
V-1 v. bifreiðarinnar A og V-2) v. bifreiðarinnar B.

Umferðaróhapp á Reykjanesbraut í Garðabæ 10.12.2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.14.3.2014 ásamt fylgiskjöllum 1-4
2. Bréf V-1 dags. 31.3.2014.
3. Bréf V-2 dags. 17.3.2014.

Málsatvik.

Ökumaður A segir að hann hafi lent í umferðaróhappi þegar hann hafi mætt snjóruðningstækini B en við mætingu hafi snjór kastast af tönninni á B og á húdd A, sem hafi orðið fyrir skemmdum. Ökumaður B kannast við að hafa verið á þessum stað á þeim tíma sem ökumaður A vísar til, en kannast ekki við að hafa varpað snjó yfir á mótakreinina og valdið skemmdum á A.

Álit.

Ökumaður A heldur því fram að snjór hafi kastast af tönn B og valdið skemmdum á húddi A m.a. valdið því að stór dæld myndaðist á húddinu. Engin vitni eru að atvikinu. Ökumaður B hafnar því alfarið að hafa valdið tjóni á A með þeim hætti sem ökumaður A heldur fram. Engum gögnum öðrum en framburði ökumanns A er til að dreifa varðandi umrætt tjón hans og gegn eindreginni neitun ökumanns B er ekki nægjanlegar sönnur færðar á að B hafi valdið tjóninu á A.

Niðurstaða.

Ekki er sýnt fram á sök B og á því eigandi A ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V-2.

Reykjavík 15.4.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 77/2014**M
og
vátryggingafélagið X v/ flutningstryggingar.****Búslóð varð fyrir skemmdum eða munir úr búslóðinni glötuðust í flutningi.****Gögn.**

39. Málskot, móttækið 14.3.2014, ásamt fylgigögnum.

40. Bréf X, dags 27.3.2014.

Málsatvik.

Hinn 29.11.2013 mun M hafa verið að flytja búslóð sína á pallbifreið úr Mosfellsbæ til Reykjavíkur. Kveður M að á leiðinni hafi bifreið þröngvað honum fram fyrir bifreið hans með þeim afleiðingum að hann hafi snögghemlað. Að auki hafi vindhviða feykt ábreiðu af pallinum. Á leið til baka hafi M séð glerplötu af borði í vegkantinum, svo og ábreiðuna af pallinum og kodda. Við nánari eftirgrennslan hafi svo komið í ljós að talsvert fleiri muni hafi vantað í búslóðina.

M hefur krafist bóta úr sérstakri flutningstryggingu fyrir tiltekna viðskiptavini hjá X. X hefur viðurkennt að umrædd flutningstrygging hafi tekið til búslóðarflutnings M, en hefur á hinn bóginn hafnað bótaskyldu með vísan til gr. 2.1.2 í skilmálum vátryggingarinnar þar sem frágangur á palli bifreiðarinnar hafi verið ónógur. Tjónið verði heldur ekki rakið til skyndilegra og óvæntra atvika líkt og krafa er gerð um í skilmálum innbúskaskótryggingar félagsins.

Álit.

Samkvæmt gr. 2.1.2 í skilmálum flutningstryggingar þeirrar sem hér er til skoðunar bætir vátryggingin aldrei tap, skemmdir eða kostnað sem stafar af ónógum eða óhæfum umbúðum eða lélegum frágangi á hinu vátryggða. Ákvæði þetta ber að skýra sem varúðarreglu skv. 1. tölul. e. liðar 2. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga, en samkvæmt því ákvæði teljast til varúðarreglna fyrirmæli í vátryggingarsamningi um að vátryggður eða aðrir skuli gera tilteknar ráðstafanir sem fallnar eru til þess að fyrirbyggja eða takmarka tjón eða sjá til þess að þær verði gerðar. X getur því aðeins borið ákvæði þetta fyrir sig að því marki sem slíkt er heimilt skv. 26. gr. vsl., sbr. og 22. gr. skilmálanna, og hefur X sönnunarbyrðina um að lagaskilyrðum sé fullnægt þannig að það sé laust úr ábyrgð í heild eða að hluta sökum þess að varúðarregla hefur verið brotin. Ekkert liggur fyrir í gögnum málsins hvernig frágangi farmsins var háttað né heldur á hvern hátt frágangi var áfátt. Í því sambandi tjóir ekki að benda á það eitt að farmurinn hafi fokið af palli bifreiðarinnar. Skv. gr. 1.1 í skilmálunum bætist „allt tap eða skemmdir á hinu vátryggða“. Að öllu virtu hefur X ekki sýnt fram á að það sé laust úr ábyrgð í heild eða að hluta með vísan til gr. 2.1.1 í vátryggingarskilmálunum. Engin haldbær rök hafa heldur komið fram um að ákvæði skilmála fyrir innbúskaskótryggingu félagsins um að það sé skilyrði bótaskyldu að tjónið verði rakið til skyndilegra og óvæntra atvika eigi að koma til skoðunar í máli þessu. Að öllu framangreindu virtu telst tjón M bótaskyldt úr flutningstryggingunni.

Í málskoti hefur M einnig krafist viðurkenningar á því að bæta skuli nánar tilgreinda muni með tiltekinni fjárhæð. Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. samþykkt fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, sbr. auglýsingu nr. 1090/2005, úrskurðar nefndin um bótafjárhæðir að fengnu samþykki allra málsaðila. Ekki liggur fyrir að X hafi samþykkt að fjallað verði um bótafjárhæðir í máli þessu. Kröfum M um að úrskurðað verði um fjárhæð bóta vegna einstakra muna er því vísað frá nefndinni.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr flutningstryggingu hjá X.

Vísað er frá nefndinni kröfu um að úrskurðað verði um bótafjárhæðir.

Reykjavík, 15. apríl 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 78/2014
M og
V1 v/ bifreiðarinnar A og V2 v/ bifreiðarinnar B.

Árekstur á þjóðvegi 1 við Leirársveit.

Gögn.

1. Málskot móttakið 17. mars 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V1 dags. 19. mars 2014.
3. Bréf V2 dags. 26. mars 2014.

Málsatvik.

Ökumenn skiluðu inn sitthvorri tjónstilkynningu vegna áreksturs sem varð með bifreiðunum A og B. Af þeim má þó ráða að áreksturinn hafi orðið þannig að bifreið A hafi verið kyrrstæð að bíða eftir að beygja til vinstri af þjóðvegi 1 inn í Leirársveit þegar bifreið B hafi komið úr gagnstæðri átt og ekið utan í hliðarspegil á bifreið A.

M telur að ökumaður bifreiðar B eigi að bera alla sök á árekstrinum fyrir að hafa ekið á bifreið A sem hafi verið kyrrstæð. Ekki sé hægt að líta svo á að ökumaður bifreiðar A hafi ekið í veg fyrir bifreið B þar sem ákoma hafi verið á hliðarspegli bifreiðar A en ekki framan á bifreiðinni eins og líklegra hefði verið hefði henni verið ekið í veg fyrir bifreið B.

V1 tekur undir afstöðu M og telur að ökumaður bifreiðar B beri sök á árekstrinum og vísar einnig til ákomu á bifreið A. V2 telur ekki ljóst af gögnum málsins hvar bifreiðar A og B voru staddar á þjóðveginum þegar áreksturinn varð og hvorri bifreiðinni hafi verið ekið yfir miðlínu vegarins.

Álit.

Við sakarskiptingu skv. 89. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 verður að líta til þess að báðum ökumönnum bar að sýna tillitsemi við akstur á fjölförnum þjóðvegi með því að halda sig innan vegarhelmingss þess sem akstursátt þeirra krafðist. Óumdeilt er að bifreið A var kyrrstæð þegar árekstur varð m.v. skráningu á tjónstilkynningar ökumanna en hins vegar er ósannað hver staðsetning bifreiðanna var á veginum. Af gögnum málsins verður ekki ráðið með vissu hvort rekja megi áreksturinn til rangrar staðsetningar bifreiðar B sem kom akandi eftir veginum, eða bifreiðar A sem var kyrrstæð á leið í fyrirhugaða vinstri beygju. Þegar svo háttar til verður hallinn af þeim sönnunarskorti ekki lagður á annan ökumann frekar en hinn og verður sök á árekstrinum því skipt að jöfnu.

Niðurstaða.

Sök skiptist að jöfnu milli bifreiða A og B.

Reykjavík 15. apríl 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 80/2014
M og
V1 v/ bifreiðarinnar A og V2 v/ bifreiðarinnar B.

Árekstur á Háholti í Hafnarfirði 4. desember 2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið 13. mars 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V2 dags. 2. apríl 2014.
3. Bréf V1 dags. 3. apríl 2014.

Málsatvik.

Árekstur varð með bifreiðinni A og strætisvagninum B þar sem B var ekið aftan á A, þar sem þeim var ekið eftir Háholti í Hafnarfirði. Áreksturinn varð við gatnamót við götuna Hörgsholt. Skömmu fyrir áreksturinn hafi bifreið A verið ekið fram úr B en ágreiningur er í málinu um hvort það hafi gerst við biðskýli strætisvagna við Bæjarholt eða við gatnamót við Hörgsholt þar sem áreksturinn varð. Á milli þessara staða er um 150 metra vegalengd m.v. gögn málsins.

M telur að hún, sem ökumaður bifreiðar A, beri ekki ábyrgð á árekstrinum, heldur ökumaður strætisvagnsins B, sem hafi verið ekið aftan á bifreið hennar. M vísar til lýsingar vitna um háttsemi ökumanns strætisvagnsins þegar hann hafi ekið beint aftan á bifreið A.

V1 telur að ökumaður strætisvagnsins B hafi ekki gætt þess að hafa nægilegt bil á milli bifreiða, sbr. 3. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og verði því að bera alla ábyrgð á árekstrinum. V1 vísar einnig til þess að framburður vitna styðji frásögn M. V2 telur að áreksturinn verði fyrst og fremst rakinn til þess að M hafi upptekið hemlunarvegalengd strætisvagnsins B með framúrakstri rétt áður en árekstur varð og hafi þannig brotið gegn ákvæðum 22. gr. og 2. mgr. 20. gr. umferðarlaga.

Álit.

Í málinu liggja fyrir framburðir ökumanna, lýsingar á tjónsstað sem og framburðir vitna. Þó þeir framburðir hafi komið til nokkru eftir tjónsatburðinn verður, með hliðsjón af skýringum í gögnum málsins, ekki litið framhjá þeim framburðum vitna við mat á sakarskiptingu vegna árekstursins. Ljóst er að ökumanni B bar að hafa nægilegt bil á milli bifreiða skv. 3. mgr. 14. gr. umferðarlaga. Ágreiningur er um nákvæma staðsetningu framúraksturs M sem ökumanns A. Með hliðsjón af framburðum vitna verður þó að telja að ökumaður strætisvagnsins B beri hallann af sönnunarskorti um að M hafi, sem ökumaður bifreiðar A, upptekið hemlunarvegalengd B. Sú sönnun liggur ekki fyrir. Verður ökumaður bifreiðar B því talinn bera alla ábyrgð á árekstrinum.

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðar B ber ábyrgð á árekstri við bifreið A.

Reykjavík 30. apríl 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 81/2014**Steinþór Ólafsson****og****vátryggingafélagið X vegna bifreiðar A****og****vátryggingafélagið (Y) vegna bifreiðar B.****Árekstur á frárein frá Höfðabakka inn á Vesturlandsveg dags. 13.2.2013****Gögn.**

- 1) Málskot, móttakið 20.3.2014, ásamt fylgiskjöllum
- 2) Tölvubréf X, dags. 8.4.2014
- 3) Bréf Y, dags. 4.4.2014

Málsatvik.

Ökumaður B og ökumaður A óku báðir bifreiðum sínum suður Höfðabakka, hinn fyrrnefndi á vinstri akrein en sá síðarnefndi á þeirri hægri. Báðir beyja inn á frárein sem liggur inn á Vesturlandsveg í vesturátt. Ökumaður B kveðst hafa verið aðeins utarlega á sinni akrein og ekki séð neina bifreið í hliðarspegli. Kveðst hann skyndilega hafa séð A og heyrt hljóð en ekki fundið neitt högg. Ökumaður A segir ökumann B hafa tekið víða beygju inn á hægri akreinina og ekið í hlið bifreiðar sinnar.

X telur að ökumaður B beri alla sök.

Y telur ósannað að árekstur hafa orðið.

Málskotsaðili kvartar yfir álitni tjónanefndar vátryggingafélaganna sem taldi að fella bæri alla sök á hann.

Álit.

Af fyrirliggjandi gögnum verður ekki annað ráðið en að bifreiðin B hafi farið yfir á hægri akrein og rekist utan í A. Verður af þeim sökum að telja að hann hafi ekki gætt nægilegrar aðgæslu og verður hann því að bera sök í málinu.

Niðurstaða.

Málskotsaðili, ökumaður bifreiðar B, ber óskipta sök á árekstrinum.

Reykjavík, 8. maí 2014

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Jóna Björk Guðnadóttir hdl.

Sævar Þór Jónsson hdl.

Mál nr. 82/2014
M og
V1 v/ bifreiðarinnar A og V2 v/ bifreiðarinnar B.

Árekstur á Biskupstungnabraut, sunnan við Kerið, 31. janúar 2014.

Gögn.

1. Málskot ásamt gögnum.
2. Tölvupóstur V2, dags. 8. apríl 2014.
3. Bréf V1, dags. 9. apríl 2014, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Árekstur varð með bifreiðum A og B á Biskupstungnabraut, sunnan við Kerið. Bifreið B var ekið suður Biskupstungnabraut á eftir bifreið A. Bifreið A tók U-beygju á veginum í þann mund sem bifreið B ætlaði að aka fram úr bifreið A og varð árekstur er bifreið B var ekið á vinstra framhorn bifreiðar A. Samkvæmt frásögn ökumanns bifreiðar A í lögregluskýrslu hafði hann ætlað að beygja til vinstri að Kerinu en missti af afleggjaranum og fór því að svipast um eftir stað til að snúa við er hann ók niður aflíðandi brekkuna frá Kerinu. Tók ökumaðurinn eftir því að bifreið B væri mjög nálægt fyrir aftan hann. Hann hafði séð útskot til vinstri fljótlega og hafði gefið stefnuljós til vinstri og beygt. Þá hafði bifreið B verið ekið fram úr og lent á vinstra framhorni bifreiðarinnar. Hann kveðst ekki hafa verið kominn yfir á öfugan vegarhelming þegar áreksturinn varð.

Samkvæmt framburði ökumanns bifreiðar B í lögregluskýrslu var hann að aka suður Biskupstungnabraut og hafði séð bifreið A úti við hægri vegaröxl, nánast kyrrstæða neðst í brekkunni, þegar hann var efst í brekkunni. Hann hafði þá ætlað fram úr og hafði verið kominn yfir á vinstri akrein þegar bifreið A var beygt frá vegaröxlinni til vinstri í veg fyrir bifreiðina. Ökumaðurinn tók fram að hann hafði ekki séð ökumann bifreiðar A gefa stefnuljós til vinstri.

Í lögregluskýrslu kemur fram að þarna sé brotin miðlína en á myndum má sjá að á vettvangi er hálfbrotin miðlína.

Álit.

Samkvæmt 2. mgr. 15. gr., sbr. 1. mgr. 16. gr. umferðarlaga nr.50/1987 bar ökumanni bifreiðar A að gæta sérstaklega að umferð fyrir aftan sig þar sem hann hugðist beygja til vinstri þar sem ekki voru vegamót. Ekki er sannað að hann hafði gefið stefnuljós í tæka tíð og er því ósannað að hann hafði gætt nægilega vel að umferð fyrir aftan sig. Á vettvangi var jafnframt hálfbrotin miðlína en samkvæmt b-lið 23. gr. reglugerðar nr. 289/1995 gefur hún til kynna að varhugavert sé að aka yfir línurnar og óheimilt nema með sérstakri varúð. Ökumaður bifreiðar B gætti ekki nægilegrar varúðar í umrætt sinn og ber hann því hluta sakar.

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðar A ber 2/3 hluta sakar og ökumaður bifreiðar B 1/3 hluta sakar á árekstrinum.

Reykjavík 13. maí 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 83/2014
M og
V v/ slysatryggingar ökumanns bifreiðarinnar X.

Upphaf fyrningafrests vegna umferðarslyss 24. janúar 2002.

Gögn.

1. Málskot móttakið 18. mars 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 24. mars 2014.
3. Tölvupóstur M dags. 1. apríl 2014.

Málsatvik.

M slasaðist í umferðarslysi þar sem hann ók bifreiðinni X út af vegi milli Egilsstaða og Fáskrúðsfjarðar þann 24. janúar 2002. Bifreiðin var tryggð hjá V á tjónsdegi. M slasaðist nokkuð og var hluti málsins til umfjöllunar í dómi Hæstaréttar 15. júní 2006 í máli nr. 19/2006. M lenti síðan aftur í umferðarslysi í Svíþjóð þann 26. febrúar 2005, en uppgjör vegna þess líkamstjóns sem M hlaut í því slysi var hjá sænsku váttryggingafélagi. Af gögnum málsins má ráða að M hafi verið óvinnufær að miklu leyti síðan árið 2009 og rekur hann óvinnufærni sína að einhverju leyti til svokallaðs tinnussjúkdóms. Í málinu liggja fyrir mjög ítarleg lækisfræðileg gögn og gögn úr sænsku dómsmáli þar sem fram kemur að ekki liggur fyrir sönnun um tengsl þessa sjúkdóms og seinna umferðarslyss M en vangaveltur um tengsl hans við það slys sem hér er til umfjöllunar.

M telur að hann hafi orðið fyrir mun meira líkamstjóni í slysinu í janúar 2002 en lagt var til grundvallar þegar málið var gert upp með fyrrnefndum dómi Hæstaréttar. M telur að ljóst sé að áverki hafi leitt til svonefnds tinnussjúkdóms hans og það sé áverki sem hann hafi hlotið í því slysi þó afleiðingar hafi ekki komið fram fyrr en síðar. Ekki verður annað ráðið af málskoti en að M fari fram á við V að mál hans vegna umferðarslyssins í janúar 2002 verði endurupptekið í skilningi 11. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. M telur jafnframt að kröfur hans vegna þess slyss geti ekki verið fyrndar og vísar þar til 125. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Nánar tiltekið að vitneskja M um frekara tjón vegna þessa slyss hafi ekki komið til fyrr en eftir að sænskir dómstólar höfðu fjallað um líkamstjón hans vegna umferðarslyssins 2005. M sjálfur gerir, í tölvupósti til nefndarinnar, frekari grein fyrir líkamstjóni því sem hann telur að rakið sé til umrædds slyss 2002.

V telur að kröfur M vegna slyssins séu fyrndar og vísar þar til 99. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 þar sem fram kemur að kröfur fyrnist í síðasta lagi 10 árum frá tjónsdegi. V vísar einnig til þess að ekki hafi verið sýnt fram á að skilyrði 11. gr. skaðabótalaga um endurupptöku hafi verið uppfyllt.

Álit.

Til þess að fjalla efnislega um eðli líkamstjóns M þarf að liggja fyrir að kröfur hans, vegna þess slyss sem hann rekur tjónið til, séu ekki fyrndar. Ágreiningur er með aðilum málsins hvort svo sé og hvaða lagaákvæði eigi við um kröfur M.

Þegar litið er til þess hvort ákvæði laga um váttryggingarsamninga um fyrningu eigi við í þessu máli, eins og lögmaður M heldur fram, verður að líta til lögskýringargagna. Í 8.tl. almennra athugasemda í frumvarpi til umræddra laga er sérstaklega áréttað, með vísan til lögskýringarreglna, að sérákvæði í öðrum lögum um einstakar tegundir váttrygginga gangi framar hinum almennu ákvæðum laga um váttryggingarsamninga. Með vísan til sama tölulíðar eru tekin af öll tvímæli um að ákvæði XIII.kafla umferðarlaga eru dæmi um slík sérákvæði. Verða því fyrningareglur umferðarlaga taldar ganga framar almennum ákvæðum í lögum um váttryggingarsamninga.

Í XIII. kafla umferðarlaga eru sérstök ákvæði um bótaábyrgð og vátryggingaskyldu eigenda skráningarskyldra, vélknúinna ökutækja. Þegar litið er til eðli þeirrar kröfu sem uppi er í málinu er ljóst að bótaréttur M byggist á ákvæði í þeim kafla laganna, nánar tiltekið 1.mgr. 92.gr., en þar kemur fram að hver ökumaður sem ökutæki stjórnar skuli tryggður sérstakri slysatryggingu. Eigandi bifreiðarinnar X sinnti vátryggingarskyldu sinni og keypti umrædda slysatryggingu hjá V og gildir því XII.kafla umferðarlaga um kröfu M, enda hefur hann fengið greiddar bætur úr þeirri vátryggingu vegna slyssins. Í 99. gr. umferðarlaga er fjallað um fyrningu bótakrafna sem byggja á umræddum kafla laganna. Þar kemur fram með fortakslausum hætti að kröfur fyrnist í síðasta lagi á tíu árum frá tjónsatburði og vísast um túlkun þess ákvæðis til nýlegs dóms Hæstaréttar í máli nr.86/2013. Sá tíu ára fyrningafrestur sem vísað er til í ákvæðinu er ótvírætt liðinn vegna slyss M, en ljóst er tjónsatburður sá sem hann reisir kröfur sínar á var 24. janúar 2002.

Kröfur M vegna umferðarslyss 24. janúar 2002 voru því fyrndar eftir 24. janúar 2012 þegar tíu ár voru liðin frá umræddum tjónsatburði.

Niðurstaða.

M ekki rétt á frekari bótum úr slysatryggingu ökumanns hjá V.

Reykjavík 30. apríl 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Sævar Þór Jónsson hdl.

Mál nr. 85/2014
M og
V1 v/ bifreiðarinnar A og V2 v/ bifreiðarinnar B.

Árekstur við Stórhöfða í Reykjavík 28. febrúar 2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið 24. mars 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V2 dags. 26. mars 2014 ásamt niðurstöðu tjónanefndar váttryggingarfélaganna.
3. Tölvupóstur V1 dags. 8. apríl 2014.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu sem Akstur og Öryggi sáu um að gera kemur fram að árekstur varð með bifreiðunum 28. febrúar 2014 við Stórhöfða í Reykjavík. Kemur fram í almennri atburðalýsingu að bifreiðarnar hafi verið að bakka út úr stæðum andspænis hvor annarri, tóku ökumenn ekki eftir bifreið hins og lentu þær saman.

Í tjónstilkynningu kemur fram í framburði ökumanns bifreiðar B að hann hafi sest upp í sína bifreið, horft í alla spegla en ekki séð neina bifreið, bakkað rólega og svo orðið var við högg. Framburður ökumanns bifreiðar A er mjög sambærilegur en sérstaklega tekið fram að bifreið A hafi verið bakkað inn í hlið bifreiðar B.

Í málskoti M kemur fram að bifreið B hafi lent um 1,7 meter frá afturenda bifreiðar A og að það sanni að það hafi verið bifreið B sem ók á bifreið A.

Álit.

Við sakarskiptingu í máli þessu verður að líta til þess að báðir ökumenn höfðu þá skyldu að gæta að umferð fyrir aftan sig þegar þegar þeir óku aftur á bak, sbr. 2.mgr. 17.gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Sú skylda hvíldi jafnt á báðum ökumönnum. Þykir hvorugur ökumanna hafa gætt nægilega vel að annarri umferð við þessar aðstæður, þ.e. aðgæsluskyldu þeirra var hin sama. Skiptir eigi máli hvar ákomurnar voru í þessu tilfelli.

Niðurstaða.

Sök skiptist að jöfnu milli bifreiða A og B.

Reykjavík 30. apríl 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 86/2014
M og
V. v/ bifreiðanna A og B.

Árekstur á Sæbraut í Reykjavík 17. desember 2011.

Gögn.

1. Málskot móttakið 24. mars 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 11. apríl 2014 ásamt gögnum.
3. Bréf lögmanns M dags. 15. apríl 2014 ásamt afriti tölvupóstsamskipta við V.

Málsatvik.

Árekstur varð með bifreiðum A og B á Sæbraut. Áreksturinn varð rétt eftir að M, sem ökumaður bifreiðar A, ók af stoppistöð fyrir strætisvagna inn á hægri akrein Sæbrautar. Bifreið B var ekið eftir Sæbrautinni og aftan á bifreið A í kjölfar þessa. Ökumaður bifreiðar B viðurkenndi í samtali við lögreglu að hafa ekið greitt og hafa haft skert útsýni um rúður bifreiðar B. Ágreiningur er um hvort og þá með hvaða hætti eigi að skipta sök vegna árekstursins, sbr. 89. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

M telur að áreksturinn megi rekja til þess að ökumaður B hafi ekið of hratt miðað við aðstæður og þannig brotið gegn fyrirmælum 36. gr. umferðarlaga. Einnig að hann hafi verið að skipta um akrein á miðjum gatnamótum, skv. framburði vitnis um að bifreið B hafi verið ekið á báðum akreinum, og þannig brotið gegn fyrirmælum 2. mgr. 17. gr., sbr. 1. mgr. 15. gr. umferðarlaga. Sem og hafi ökumaður B haft verulega skert útsýni úr bifreiðinni vegna ísingar og móðu og þannig brotið gegn 1. mgr. 59. gr. umferðarlaga. Með hliðsjón af þessu telur M að leggja eigi alla sök á árekstrinum á ökumann B og bendir á að sá hinn sami hafi játað strax á vettvangi að hann teldi sökina sína. Að lokum vísar M til þess að niðurstaða lögreglurannsóknar vegna málsins hafi verið sú að áreksturinn megi rekja til aksturslags ökumanns B.

V telur að frumorsök árekstursins sé sú að M, sem ökumaður bifreiðar A, hafi ekið skyndilega og óvænt inn á Sæbraut án þess að gæta nægilega að umferð um Sæbraut. Þannig hafi M brotið gegn fyrirmælum 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga, sem leggur aðgæsluskyldu á þá sem aka inn á veg. V telur að ekki hafi verið orsakatengsl á milli aksturslags ökumanns B og þess að það hafi orðið árekstur með bifreiðunum en mögulega megi fella einhverja minniháttar sök á ökumann bifreiðar B vegna þess að ökuhraði bifreiðar hans hafi verið meiri en gera mátti ráð fyrir m.v. aðstæður.

Álit.

Ljóst er skv. 2. mgr. 17. gr. að ökumaður sem ekur af stað frá vegbrún og inn á veg skal ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu og óþæginda fyrir aðra. Sú skylda hvíldi skilyrðislaust á M sem ökumanni A þegar hún ók af stoppistöð strætisvagna inn á hægri akrein Sæbrautar. Þess gætti hún ekki nægilega vel m.v. aðstæður og sannað þykir að áreksturinn hafi orðið strax í kjölfar þess að bifreið A var ekið inn á Sæbraut. Ber ökumaður A því frumábyrgð á árekstrinum.

Til þess að ökumaður bifreiðar B beri einnig sök vegna árekstursins þarf að sýna fram á að akstur hans hafi ekki verið í samræmi við það sem honum bara að gera og orsakatengsl séu milli þess aksturslags og þess að árekstur varð. Með hliðsjón af frumábyrgð M vegna árekstursins hefur hún sönnunarbyrði fyrir því að ökumaður bifreiðar B hafi ekið ógætilega í aðdraganda árekstursins. Með hliðsjón af gögnum málsins um ökuhraða ökumanns B, veðuráðstæður á vettvangi og færð sem og viðurkenningu ökumannsins á skertu útsýni úr bifreiðinni telst hann bera nokkra sök á árekstrinum sbr. fyrirmæli sem koma fyrir í 36. gr. um hæfilegan ökuhraða og 59. gr. umferðarlaga um búnað ökutækja. Þykir nægilega sannað með framburði ökumanns B sjálfs að ökuhraði hans

haf verið meiri en aðstæður buðu upp á sem og að hann hafi ekki haft nægilega gott útsýni út úr bifreiðinni í greint sinn. Orsakatengsl eru milli þessa og árekstursins og með hliðsjón af atvikum öllum er sök vegna hans skipt til helminga.

Niðurstaða.

Sök skiptist að jöfnu milli ökumanns bifreiðar A og ökumanns bifreiðar B.

Reykjavík 8. maí 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 87/2014
M og
V-1 v. bifreiðarinnar A og V-2 v. bifreiðarinnar B.

Árekstur bifreiða í Þverholti í Mosfellsbæ þ. 5.3.2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 20.3.2014 ásamt fylgiskjölum 1-7
2. Bréf V dags.

Málsatvik.

Árekstur varð milli bifreiðanna A og B á Þverholti í Mosfellsbæ. A var ekið inn á Þverholtið af hliðargötu, en B var ekið eftir Þverholtinu. Ökumaður A segist hafa verið að aka út frá bifreiðastæði við Þverholt 2 til austurs og ekki séð B. Ökumaður B segist hafa ekið vestur Þverholtið og ætlað áfram þá götu og þegar hann hafi komið að útkeyrslunni hafi A ekið út frá útkeyrslunni í veg fyrir B. Upplýst hefur verið að gatan sem A ók af inn á Þverholtið er hluti af gatnakerfi Mosfellsbæjar og eftir áreksturinn var ákveðið af bæjaryfirvöldum að setja upp biðskyldumerki við umrædd gatnamót. Nefndin skoðaði vettvang.

Álit.

Þegar árekstur varð milli A og B þá voru engar merkingar á gatnamótunum. Báðar göturnar sem bifreiðarnar óku um eru hluti af gatnakerfi Mosfellsbæjar og áreksturinn varð því á gatnamótum þar sem almennur umferðarréttur gildir. Ökumanni B bar að veita A, sem kom frá hægri forgang á gatnamótunum, skv. fyrirmælum 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga, en gerði það ekki og ber því alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber alla sök.

Reykjavík 13.5.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 88/2014
M og
V v. ábyrgðartryggingar ökutækis.

Örorkubætur. Umferðarslys. þ. 17.7.2011.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 24.3.2014 ásamt fylgiskjölum 1-29
2. Bréf V dags. 22.4.2014

Málsatvik.

M lenti í umferðarslysi þ.17.7.2011 þegar bifreiðin A ók í veg fyrir bifreið sem M ók. V viðurkenndi bótaskyldu og hefur greitt M vegna slyssins, en telur nú að M hafi veitt V rangar og ófullnægjandi upplýsingar sbr. 2. mgr. 47. gr., sbr 120. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga og hafnar bótaskyldu á þeim grundvelli. Af hálfu M er krafist að honum verði greiddar fullar bætur vegna slyssins. M hefur starfað sem leigubifreiðastjóri og krafðist bóta frá V vegna tímabundins atvinnutjóns sem slíkur. Í matsferli vegna varanlegrar örorkuupplýsti M að hann hefði verið ráðinn sem háseti á fiskiskipi og var tóku matsmenn mið af þeim upplýsingum við matið. Útgerð skipsins upplýsti síðar að M hefði ekki verið ráðinn til starfa hjá fyrirtækinu, en skipstjóri skipsins lýsti því yfir að hann hefði haft í huga að ráða M til afleysinga um borð í skipinu. Af hálfu M er því haldið fram að M hafi eingöngu gefið þær upplýsingar að hann hafi fengið loforð um pláss á skipinu og því haldið fram af M að V hafi ekki sýnt fram á að sú staðhæfing hans sé röng. Þá vísar M til þess að hann hafi ekki með að gera hvernig skipstjóri skipsins orði yfirlýsingar sínar og umræddur skipstjóri standi við þær. M segist ekki hafa veitt V rangar eða ófullnægjandi upplýsingar og sú ákvörðun matsmanna að lækka mat á varanlegri örorku eftir að útgerðin dró yfirlýsingu skipstjóra til baka sé örökrétt og gangi í berhöggi við það sem fyllilega hafi verið færðar sönnur á. V hafnar bótaskyldu af ofangreindum ástæðum. Af hálfu V er á það bent að M hafi veitt matsmönnum rangar og ófullnægjandi upplýsingar þegar M sagði að hann myndi byrja að vinna sem háseti í júlí 2011, en í samtímasamskiptum vegna slyssins sé alltaf talað um tjónauppgjör og bætur vegna tekjutaps vegna starfa M sem leigubifreiðastjóra. V bendir á að í yfirlýsingu skipstjóra komi fram að hann hafi hugsað sér að ráða M til afleysinga kæmi til þess og segir V að langur vegur sé á milli þess að vera ráðinn um borð í skip og verða hugsanlega ráðinn. V segir að M hafi vitað og mátt vita að tekjur milli níu og tólf milljónir sem hann hefði fengið sem háseti á umræddu skipi skiptu máli og það gæti leitt til þess að M fengi greiddar bætur sem hann ætti ekki rétt á. Þá vísar V til þess að matsmenn hefðu talið rétt að lækka mat á varanlegri örorku M vegna þess að þeir hefðu áður fengið rangar og/eða ófullnægjandi upplýsingar. Þá vísar V því á bug að ónákvæmar upplýsingar hafi ekki stafað frá M heldur skipstjóra og hafi yfirlýsingin um störf M sem háseti á skipi verið fengin eingöngu til þess að staðfesta það sem M hafi haldið fram á matsfundum. Þá bendir V á að M hafi verið lágtekjumaður en ekki tekjuhár sjómaður og sýni skattaframtöl M það glögglega og þau ár sem M hafi verið til sjós hafi hann haft mjög lágar tekjur.

Álit.

Ágreiningur í máli þessu varðar það hvort M hafi af ásetningu veitt V rangar og/eða ófullnægjandi upplýsingar, sem hann hafi vitað að mundu leiða til þess að hann fengi greiddar bætur sem hann ætti ekki rétt á. Samkvæmt 47. gr sbr. 120. gr. laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004 getur réttur vátryggðs til bóta vegna hins tiltekna vátryggingaáburðar fallið niður, sannist að hann hafi

veitt slíkar rangar og ófullnægjandi upplýsingar. V verður að sanna að M hafi hagað upplýsingagjöf með þeim hætti sem V heldur fram og veitt vísitandi rangar og ófullnægjandi upplýsingar sem hefðu leitt til þess að hann fengi greiddar bætur sem hann hefði ella ekki átt rétt á. Af gögnum málsins verður því ekki slegið föstu að M hafi veitt af ásetningi rangar og/eða ófullnægjandi upplýsingar í viðtali við matsmenn eða í þeim gögnum sem matsmenn báðu um vegna málsins. Ekki þykir nægilega leitt í ljós að þau gögn hafi verið þess eðlis að ásetningur til að veita rangar upplýsingar sé sannaður enda sé mat matsmanna á umræddum gögnum alltaf þáttur í matinu. Þegar af þeirri ástæðu á M rétt á greiðslu fullra bóta frá V vegna slyssins sem hann varð fyrir þ. 17.7.2011.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum vegna slyssins sem hann varð fyrir þ. 17.7.2011.

Reykjavík 13.5.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 89/2014**M
og
vátryggingafélagið X v/ slysátryggingar sjómanna.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna meiðsla sem skipverji á smábát kveðst hafa orðið fyrir.****Gögn.**

41. Málskot, móttakið 28.3.2014, ásamt fylgigögnum.
42. Bréf X, dags 11.4.2014, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 4.6.2011 gaf M skýrslu hjá lögreglunni á Húsavík vegna slyss sem hann kvaðst hafa orðið fyrir um borð í bátnum A við bryggju á Raufarhöfn 1.4.2011, er hann hafi verið að koma úr gráslepputúr. Hann hafi verið búinn að spúla allt dekkið og ganga frá og ætlað í land. Hann hafi stigið upp á lok yfir lestarlúgunni en þá hafi lokið runnið undan honum. Hann hafi skolið með bringuna í lúgukarminn og síðan fallið niður í lestina. Hinn 4.4.2011 hafi hann verið orðinn mjög slæmur af verkjum hægra megin í bringunni og síðunni og þá haft samband við tiltekinn lækni (hér eftir nefndur L) og einnig leitað á heilbrigðisstofnunina á Húsavík 5.4.2011. Kvaðst M hafa farið á sjóinn í nokkra daga eftir þetta, en allan tímann verið kvalinn af verkjum í bringunni og baki, en eldri bakmeiðsl hafi tekið sig upp. Hann hafi gefist upp á að stunda sjómennsku og verið búinn að selja bátinn er hann gaf skýrsluna hjá lögreglu.

Í fyrirbyggjandi læknisvottorði L kemur fram að L muni ekki eftir fyrrgreindu símtali við M 4.4.2011. Hann hafi hins vegar skoðað M 4.5.2011. Í nótu vegna þeirrar skoðunar segir að M hafi verið með hratt versnandi verki í baki síðustu tvo daga, en ekkert eiginlegt „trauma“ en hann sé á sjó í alls konar hnjaski. Hann hafi verið alveg stífur frá því deginum áður og geti nánast ekkert beygt sig í bakinu. Verkinn leiði í gegn fram í kvið. Einnig liggur fyrir samskiptaseðill frá heilsugæslunni á Húsavík vegna samskipta 12.4.2011. Hafði M þá sögu um verk í brjóstvöðva sem hafi byrjað hægra megin og jafnvel talið hann vera í lungum. Hafi M verið með hósta „með uppgangi, óvíst með hita, er slappur.“ Var talið að um bronchitis væri að ræða, hugsanlega rifbrot eða verk frá millirifjavöðvum.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu útgerðar A hjá X. X kveður enga ábyrgðartryggingu vera í gildi hjá félaginu vegna útgerðar A, einungis slysátrygging sjómanna og um þá vátryggingu gildi skilmálar félagsins nr. S-4. X hefur hafnað bótaskyldu úr slysátryggingunni.

Álit.

Telja verður að um mistök sé að ræða þegar í málskoti er krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A, enda má af síðari gögnum ráða að M geri kröfu um að viðurkennd verði bótaskylda úr fyrrgreindri slysátryggingu sjómanna. Verður við það miðað að krafist sé bóta úr slysátryggingunni, en samkvæmt 2. gr. í skilmálum vátryggingarinnar eru þeir vátryggðir sem ráðnir eru í skipsrúm á A og verða fyrir slysi um borð eða við vinnu í beinum tengslum við rekstur bátsins. Í greininni segir einnig að með orðinu „slys“ sé átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess

sem tryggður er og gerist án vilja hans. Í læknisfræðilegum gögnum málsins er þess ekki getið að M hafi orðið fyrir slysi. Umfjöllun í þessum gögnum um þau sjúkdómseinkenni sem þar er gerð grein fyrir rennir ekki stoðum undir að þau megi rekja til slyss í skilningi váttryggingarskilmálanna. Þannig hefur t.d. ekki verið staðfest að einkennin megi rekja til rifbrots. Þegar til þessa er litið verður af frásögn M hjá lögreglu, einni og sér, ekki talið nægilega sannað að hann hafi í umrætt sinn orðið fyrir meiðslum af völdum slyss sem er bótaskyldt úr fyrrgreindri slysatryggingu hjá X. Hann á því ekki rétt til bóta úr slysatryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu sjómanna hjá X.

Reykjavík, 8. maí 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 90/2014**M og
V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar X.****Upphaf fyrningafrests vegna umferðarslyss 13. nóvember 2005.****Gögn.**

1. Málskot fyrst móttakið 23. október 2013 ásamt gögnum.
2. Tölvupóstur V dags. 15. nóvember 2013, vegna samkomulags um frestun málsins þar til matsgerð liggur fyrir.
3. Matsgerð dags. 16. febrúar 2014.
4. Bréf V dags. 25. mars 2014.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M lenti í umferðarslysi þann 13. nóvember 2005. Hún leitaði á slysadeild í kjölfarið sem og til annarra lækna af og til eftir það. Tilkynning barst V 25. maí 2012 og félagið telur kröfur M vegna afleiðinga slyssins hafa verið fyrndar þegar sú tilkynning barst og vísar til 99. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 því til stuðnings.

M vísar til 52.gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 og telur að hún hafi fyrst fengið nauðsynlegar upplýsingar um kröfu sína í nóvember 2009 þegar hún leitaði á Heilsugæsluna Miðbæ vegna afleiðinga slyssins. Það sé því í fyrsta lagi um áramótin 2009/2010 sem upphaf fjögurra ára fyrningafrests sé, sbr. orðalag þeirrar greinar. M vísar einnig til þess að hún hafi einungis verið 17 ára þegar slysið varð og verði að taka tillit til þess varðandi mat á upphafi fyrningafrests.

V telur að M hafi fengið vitneskju um kröfu sína og átt þess fyrst kost að leita fullnustu hennar um ári eftir slysið, eða á árinu 2006. Skv. 99. gr. umferðarlaga fyrnist kröfur fjórum árum frá lokum þess almanaksárs og hafi kröfur M því fyrnst um áramótin 2010/2011. Kröfur hafi ekki verið hafðar uppi við V fyrr en í maí 2012 og hafi þær þá verið fyrndar. V vísar sérstaklega til sameiginlegrar matsgerðar lögmanns M og V þar sem komi fram að stöðugleikapunktur vegna afleiðinga slyssins sé í febrúar 2006 og matsmaður hafi metið það svo að M hafi mátt gera sér grein fyrir að um varanleg einkenni væru að ræða vegna slyssins um ári eftir slysið eða á árinu 2006.

Álit.

Um kröfur M gilda ákvæði XIII. kafla umferðarlaga. Þar kemur fram í 99. gr. að allar bótakröfur skv. þessum kafla fyrnist á fjórum árum frá lokum þess almanaksárs, sem kröfuhafi fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar. Gögn málsins sem og álit matsmanns, sem mat afleiðingar slyss M, styðja það eindregið að M hafi fengið þessa vitneskju og átt þess kost að leita fullnustu kröfu sinnar á árinu 2006. Þessu mati hefur ekki verið hnekk og teljast kröfur M því fyrndar.

Niðurstaða.

Krafa M í ábyrgðartryggingu bifreiðar hjá V er fyrnd.

Reykjavík 30. apríl 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 91/2014
M
og V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar X.

Orsakatengsl vegna mögulegs líkamstjóns í árekstri 5. apríl 2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið 28. mars ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 5. maí 2014 ásamt gögnum.

Málsatvik.

Samkvæmt tjonstilkynningu, gerðri af fyrirtækinu Aðstoð&Öryggi, var bifreiðinni X bakkað í hlið bifreiðar sem M ók þann 5. apríl 2013. Ekki kemur fram í þeirri tjonstilkynningu að slys hafi orðið á fólki. Í læknisvottorðum sem fylgja málskoti kemur fram að M hafi leitað til heimilislæknis 20. júní 2013 og í júlí sama ár þar sem hún greinir frá því að hún hafi lent í bílslysi í apríl og haft óþægindi í baki síðan. Í sömu gögnum liggur einnig fyrir að M hafi fyrir umrætt atvik haft óþægindi í baki.

M telur að sannað sé að orsakatengsl séu milli þeirri einkenna sem hún hefur í dag og áreksturs við bifreiðina X þann 5. apríl 2013. M vísar til skemmda á bifreiðunum sem og læknismeðferðar sinnar og sjúkraþjálfunar eftir tjonstvikinu. M telur að ekki skipti máli að M hafi ekki greint frá líkamstjóni sínu strax þar sem veita verði tjonstholum svigrúm til að átta sig á líkamstjóni sínu. Ekki sé heldur sýnt fram á að annað en þessi árekstur hafi orsakað meiðsli M.

V telur að ekki sé sannað að árekstur við bifreiðina X hafi orsakað umrætt líkamstjón M. Hún hafi um það sönnunarbyrði skv. almennum sönnunarreglum og hafi slík sönnun ekki verið leidd fram.

Álit.

Mat nefndarinnar er liggur í því að meta hvort meiri líkur eða minni eru á því að líkamstjón hafi orðið í árekstrinum 5. apríl 2013. M leitaði til heimilislæknis vegna einkenna rúmum tveimur mánuðum eftir áreksturinn en ekki liggja fyrir gögn fyrir þann tíma um líkamstjón hennar eftir dagssetningu árekstursins. Í þeim læknisvottorðum sem liggja fyrir í málinu er að mestu greind frásögn M um einkenni frá baki en einnig liggja fyrir upplýsingar um einkenni frá baki áður en árekstur varð. Þegar litið er til þessa og þess að það liggur ekki fyrir sérstakt mat á því hvort orsakatengsl séu milli einkenna sem M lýsir og árekstursins, telst vafi um orsakatengsl í þessu máli verulegur. Að öllu virtu telst M ekki hafa leitt nægar líkur að því að hún hafi orðið fyrir líkamstjóni sem rekja má til notkunar ökutækisins X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Reykjavík 20. maí 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 92/2014**M
og
váttryggingafélagið X v/ frítímaslysáttryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu er kona varð fyrir meiðslum er hún féll í gólfið heima hjá sér.****Gögn.**

43. Málskot, móttakið 31.3.2014.

44. Bréf X, dags. 29.4.2014, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi tjonstilkynningu, dags. 2.1.2014, kvaðst M hafa að kvöldi 7.12.2013 verið á labbi eftir gangi á heimili sínu er hún hafi fallið skyndilega í gólfið. Þá segir í tilkynningunni: „Trúlega fengið aðsvíf. Féll á vi. hlið.“

M var flutt á bráðadeild Landspítala – háskólasjúkrahúss. Í bráðasjúkraskrá deildarinnar segir að M hafi skrikað fótur og fallið á jafnsléttu heima hjá sér og komið niður með vinstri hlið á gólfið. Í komunótu á almenna skurðdeild spítalans, dags. 8.12.2013, segir að M geri sér ekki grein fyrir því hvað gerðist og heldur ekki að hafa hrasað. Hún hafi ekki borið fyrir sig hendur og farið eins og sandpoki í fríu falli á gólfið að því er M hefur eftir dóttur sinni, sem mun hafa verið vitni að atvikinu.

Við innlagnarskráningu á þvagfæraskurðdeild 8.12.2013 kemur fram að M hafi verið stödd í eldhúsinu og runnið til á gólfinu og dottið og vinstri hlið. Ekki verið með yfirliðatilfinningu og ekki nánar lýst hvernig atvikið gerðist, en dóttir hennar hafi séð hana renna til. Þá kemur fram í dagál deildarinnar 10.12.2013 að M sé 57 ára gömul með sögu um hjartsláttaróreglu sem hafi verið til staðar í mörg ár en tíðni kasta farið vaxandi síðastliðið haust. Þau standi yfir í hálfu til tvær mínútur og geti komið hvenær dagsins sem er. Henni finnst þau koma þegar hún reisi hendurnar yfir höfuð eða reyni á þær. Þau leggist þungt yfir brjóstakassann, en engir verkir, svimi eða sjóntruflanir. Þegar köstin komi reyni hún að slaka höndum og róa sig. Ennfremur segir í dagálnum að M hafi staðið á jafnsléttu heima hjá sér er hún féll þremur dögum áður og rankað skyndilega við sér liggjandi á gólfinu. Hún hafi munað fyrst eftir verkjum við að anda. Hún neiti fyrirboðaeinkennum, hafi ekki verið „post-ictal“ og engir krampar sést. Hafi einnig dottið niður tröppur u.þ.b. ári áður er hún var tiltölulega nýstaðin upp úr rúmi og stóð efst í tröppunum. Einu sinni fyrir löngu síðan hafi hún einnig fengið kast sem hafi svipað til krampa en hafi annars enga krampasögu.

Meðan á dvöl á þvagfæraskurðdeildinni stóð gekkst M undir ómskoðun á hjarta. Í aðgerðarlýsingu vegna skoðunarinnar, dags.11.12.2013, segir svo: „Athugun vegna gruns um aðra hjarta- og æðasjúkdóma.“ Í samantektarkafli aðgerðarlýsingar í fyrirbyggjandi skjali kemur aðeins þetta fram: „Ómskoðun af hjarta sem sýnir eðlilega stóran vinstri slegil með nokkuð eðlilegum samdrætti. Væg...“ Í útskriftarnótu frá þvagfæraskurðdeildinni, dags. 11.12.2013, sem og í læknabréfi sérfræðings á deildinni, dags. 13.12.2013, segir að hjartsláttaróregla sé talin hugsanlega hafa valdið fallinu, en M hafi fallið fyrirvaralaust fram fyrir sig og ekki borið fyrir sig hendur.

Í málskoti kveður M dóttur sína hafa orðið vitni að atvikinu. Kveðst M hafa eftir henni að hún, þ.e. M, hafi rekið tána í upphækkun á milli parkets og flísa og við það hafi hún fallið, en ekki náð að bera hendur fyrir sig.

Við byltuna brákaðist a.m.k. eitt rifbein í vinstri síðu M og blæddi inn á vinstra nýra hennar. Hún hefur krafist bóta úr frítímaslysaftryggingu sem hún hefur í gildi hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Í 4. gr. vátryggingarskilmála sem gilda um þá slysaftryggingu sem hér er til skoðunar segir að félagið greiðir bætur vegna slyss er vátryggður verður fyrir í frístundum, við heimilisstörf, skólanám eða almennar íþróttaiðkanir, ef það m.a. leiðir til varanlegrar læknisfræðilegrar örorku eða tímabundins missis starfsorku. Þá kemur fram í 3. gr. skilmálanna að með hugtakinu slys sé átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem vátryggður er og gerist án vilja hans. Í máli þessu snýst ágreiningur aðila um það hvort M hafi fallið í gólfið og orðið fyrir meiðslum af völdum utanaðkomandi atburðar þannig að um slys hafi verið að ræða í skilningi vátryggingarskilmálanna.

M hefur sjálf ekki skýringu á því hvers vegna hún féll í gólfið, en gaf í tjónstilkynningu þá skýringu að trúlega hafi hún fengið aðsvif. Í læknisfræðilegum gögnum málsins verður ekki ráðið með ótvíræðum hætti hver hafi verið orsök fallsins önnur en sú sem greinir í útskriftarnótu þvagfæraskurðeildar LSH um að talið sé hugsanlegt að hjartsláttaróregla hafi valdið því. Þá verður ekki annað ráðið en M hafi ekki verið með yfirliðatilfinningu í aðdraganda þess að hún féll eða haft önnur einkenni sem gátu verið fyrirboðar fallsins. Skýring sem gefin er í málskoti og höfð er eftir dóttur M um að hún hafi hnotið um upphækkun á milli parkets og flísa verður ekki álitin sönnun þess að atvikið hafi borið að með þessum hætti. Ekki verður fram hjá því horft að M varð fyrir meiðslum er hún skyndilega féll í gólfið og náði ekki að bera hendur fyrir sig og sjálf hefur hún gefið þá skýringu að trúlega hafi hún fengið aðsvif. Þegar til þessa er litið, svo og þess að síðustu mánuðina fyrir atvikið hafði M vaxandi tíðni hjartsláttaróreglukasta og í læknabréfi þvagfæraskurðlæknis við útskrift af spítalanum var talið hugsanlegt að fallið mætti rekja til hjartsláttaróreglu, verður að telja líkur þess að fallið megi rekja til ástands í líkama hennar svo yfirgnæfandi að nægilega telst sannað að fallið verði rakið til þess. Að svo vöxnu verður ekki talið að M hafi fallið í gólfið af völdum utanaðkomandi atburðar. Hún hefur því ekki hlotið meiðslin vegna slyss í skilningi vátryggingarskilmálanna. Hún á því ekki rétt á bótum úr slysaftryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frítímaslysaftryggingu hjá X.

Reykjavík, 13. maí 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 93/2014**M og
V1 v/ bifreiðarinnar A og V2 v/ bifreiðarinnar B.****Árekstur bifreiðastæði á Njarðarvöllum í Reykjanesbæ 4. febrúar 2014.****Gögn.**

1. Málskot ásamt gögnum.
2. Tölvupóstur V2 dags. 3. apríl 2014.
3. Bréf V1 dags. 14. apríl 2014.
4. Bréf ökumanns bifreiðar B (TF 135) dags. 14. apríl 2014.

Málsatvik.

Árekstur varð með bifreiðum A og B við innkeyrslu á bifreiðastæði við Njarðarvelli. Bifreið A var ekið inni á bifreiðastæðinu meðfram röð bifreiða í stöðureitum þegar bifreið B var ekið inn á bifreiðastæðið af Njarðarbraut. Útsýni beggja ökumanna var að einhverju leyti skert vegna sendibifreiðar sem var í stöðureit rétt við innkeyrsluna inn á bifreiðastæðið. Gögn málsins sem geyma ljósmyndir sem og aðgangur nefndarmanna af ljósmyndum af vettvangi gefur mjög skýra og lýsandi mynd af aðstæðum og þykir þar af leiðandi ekki þörf á sérstakri vettvangsrannsókn.

M telur að ökumaður bifreiðar B hafi ekki sýnt næga aðgæslu við akstur sinn þar sem hann hafi ekið bifreið sinni langt til vinstri við akstur inn á Njarðarvelli og þannig brotið gegn fyrirmælum 1. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Þetta sjáist á myndum af vettvangi. M segist hafa ekið bifreið sinni á eðlilegan hátt um bifreiðastæði Njarðarvalla og vísar til þess að nokkru meiri umferð hafi verið um Njarðarvelli en á Njarðarbraut og því hefði ökumaður bifreiðar B átt að gæta sérstakrar varúðar við akstur inn á Njarðarvelli.

Ökumaður bifreiðar B vísar því á bug að bifreið hans hafi verið staðsett of langt til vinstri við akstur inn á bifreiðastæðið þar sem hann hafi fært bifreiðina úr stað eftir árekstur og myndir af vettvangi sýni þar með ekki rétta staðsetningu bifreiðarinnar við áreksturinn. Hann telur að ökumaður A beri alla sök þar sem honum hafi borið að veita umferð frá hægri forgang. V1 hefur ekki sérstakar athugasemdir vegna málsins en V2 telur að ökumaður bifreiðar A beri alla sök á árekstrinum með því að virða ekki forgang frá hægri.

Álit.

Gögn málsins sýna greinilega aðstæður á vettvangi. Ljóst er af þeim að um umferð á bifreiðastæði við Njarðarvelli gildir almennur umferðarréttur. Bar M sem ökumanni bifreiðar A því að veita umferð frá hægri forgang, sbr. fyrirmæli 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga. Þess gætti hann ekki og ber því sök á árekstrinum og sönnunarbyrði um að ökumaður bifreiðar A hafi ekið ógætilega. Þegar litið er til mynda af vettvangi og framburða ökumanna telst ekki sannað að ökumaður bifreiðar B hafi sýnt gáleysi við akstur sinn. Hallann af því ber ökumaður bifreiðar A.

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðar A ber alla sök á árekstrinum.

Reykjavík 13. maí 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 95/2014
M og
V vegna ábyrgðartryggingar P.

Umferðaróhapp er bifreið ók á hross á Eyjafjarðarbraut skammt sunnan við bæinn Grund í Eyjafirði 25. nóvember 2012.

Gögn.

1. Málskot ásamt gögnum, móttakið 31. mars 2014.
2. Bréf V, dags. 14. apríl 2014, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Þann 25. nóvember 2012 var bifreið ekið norður Eyjafjarðarbraut skammt sunnan við bæinn Grund, þar sem M býr en M er eigandi bifreiðarinnar. Sonur M ók bílnum og sá hann skyndilega hross á veginum og gat ekki forðast árekstur og ók á hrossið. Bifreiðin skemmdist töluvert og hrossið slasaðist en slapp í burtu. Í ljós kom að hrossið var í eigu P og var það geymt í hólfi með öðrum hrossum á jörðinni Torfum sem liggur að jörðinni Grund.

Ekki liggur ljóst fyrir með hvaða hætti hrossið slapp úr girðingunni en lausaganga búfjár er bönnuð á svæðinu. Fyrir liggur að girðing í hólfi því sem hrossin voru var ekki í samræmi við reglugerð nr. 59/2000 um vörslu búfjár þar sem ekki var rafmagn á girðingu á þeirri hlið sem sneri að Grund. Jafnframt liggur fyrir að hross höfðu áður sloppið úr girðingunni.

Álit.

Í 2. mgr. 6. gr. þágildandi laga nr. 103/2002 um búfjánhald, kom fram að þar sem sveitarstjórn hafi gert umráðamönnum búfjár skylt að hafa búfé í vörslu skuli veri gripaheld girðing og ber umráðamaður búfjár ábyrgð á að svo sé. Fyrir liggur að girðingin var ekki í samræmi við reglugerð nr. 59/2000 um vörslu búfjár þar sem ekki var rafmagn á þeim hluta girðingarinnar sem sneri að Grund. Ekki liggur fyrir með hvaða hætti hrossin sluppu úr girðingunni en hallan af þeim sönnunarskorti verður umráðamaður hrossins að bera í ljósi þeirra skyldna sem á honum hvíla varðandi vörslu þess og ber því að bæta tjónið úr ábyrgðartryggingu V.

Niðurstaða.

Tjónið bætist úr ábyrgðartryggingu P hjá V.

Reykjavík 13. maí 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 96/2014
M og
V v. starfsábyrgðartryggingar byggingarstjóra B.

Ágreiningur um bótaábyrgð byggingarstjóra vegna galla á fasteign á árinu 2007.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 2.4.2014 ásamt fylgiskjöllum 1-5
2. Bréf V dags. 9.5.2014.

Málsatvik.

M gerir kröfu til bóta úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjórans B vegna tjóns af völdum leka undir rennihurð og glugga í borðstofu og leka undir aðalinngang, sem M telur að rekja megi til brota á ákvæðum byggingarreglugerðar sem B beri ábyrgð á.

Í matsgerð matsmannsins Hjalta Sigmundssonar frá því í febrúar 2013 sem aðilar komu sér saman um að fá til að skoða og meta umrædd atriði með tilliti til bótakröfunnar, kemst matsmaður að þeirri niðurstöðu hvað varðar leka undir rennihurð og glugga í borðstofu að ekki liggi fyrir teikning frá aðalhönnuði sem sýni hvernig ganga átti frá undir rennihurð og glugga í borðstofu og því ekki hægt að segja hvernig frágangur átti að vera. Þá er það einnig niðurstaða matsmanns að frágangur undir rennihurð og glugga í borðstofu sé ekki í samræmi við burðarvirkjateikningar, að því leyti að ekki sé steypdur og járnbentur stallur undir rennihurð og glugga. Matsmaður telur að til þess að koma í veg fyrir leka undir rennihurð og glugga þurfi að ljúka frágangi úti þ.e. leggja asfaltduk eins og matsmaður segir að ætla megi að þar eigi að vera sbr. ófullgerða deiliteikningu aðalhönnuðar, en ekki sé nauðsynlegt að breyta steypum stalli undir hurðinni til samræmis við burðarvirkjateikningu. Matsmaður staðreyndi að lekið hafði með glugga og rennihurð og skemmdir hefðu hlotist af. Varðandi leka undir aðalinngang segir matsmaður að frágangur sé áþekkur því sem er varðandi rennihurð þá sem minnst er á hér að framan. Niðurstaða matsmanns varðandi þann lið er að ekki liggi fyrir teikning frá aðalhönnuði sem sýni hvernig hafi átt að ganga frá undir aðalhurð og því ekki hægt að segja hvernig frágangur hafi átt að vera. Þá segir matsmaður að frágangur undir aðalhurð sé ekki í samræmi við burðarvirkjateikningar hvað það varðar að ekki sé steinsteypdur og járnbentur stallur undir aðalhurð. Að öðru leyti vísar matsmaður til umfjöllunnar í matsgerðinni um frágang og aðgerðir vegna rennihurðar og glugga í borðstofu.

M byggir á því að skylda B til að haga framkvæmdum í samræmi við samþykktar teikningar sé svo rík og afdráttarlaus að vísan til ófullgerðrar óútgefinnar deiliteikningar geti aldrei með réttu vikið þeirri skyldu til hliðar. Fyrir liggi að B hafi vikið frá teikningum og beri alla ábyrgð á því. Þá vísar M til þess að steypdur stallur sé úr öðru efni en fyrirskrifað hafi verið. Einnig bendir M á að vítavert hafi verið af hálfu B að gera engan vatnslás á steypuskilum við stall. Þá telur M fjarstæðukennt að halda því fram að hugmyndir matsmanns um asfaltduk upphefji brot B. M heldur því einnig fram að ályktun matsmanns um að pappalag dugi til að koma í veg fyrir leka fái ekki staðist m.a. vegna þeirrar vansmíði sem sé fyrir hendi.

V hafnar bótaskyldu hvað þessi atriði varðar. V bendir á að byggingarstjóraskipti hafi orðið í júní 2008 og þá hafi B látið af störfum sem byggingarstjóri og annar byggingarstjóri tekið við og þá hafi verið tekið fram að uppsteppu hússins sé lokið og gluggar og hurðir komnar í. Eftir sé að ganga frá utanhúsklæðningu og áfellum. V segir að tjón það sem staðreynt sé í matsgerð og ágreiningur aðila standi um, sé ekki að rekja til þess frávíks frá samþykktum teikningum sem um ræðir hvað varðar steypnan stall. Í því sambandi bendir V á að matsmaður telji ekki nauðsynlegt að

breyta þessu til samræmis við burðarvirkisteikningu eins og fram komi í niðurstöðu matsmanns. Þá vísar V til þess að til þess að til þess að koma í veg fyrir leka undir rennihurð þurfi að ljúka frágangi með því m.a. að leggja asfaltduk eins og ætla megi að þar eigi að vera. V bendir einnig á að framkvæmdum við rennihurðina hafi ekki verið lokið þegar byggingartjóraskipti urðu og geti B ekki borið ábyrgð á verkþáttum sem hafi ekki hafi verið lokið þegar hann fór af verkinu. V segir að tjónið hvað rennihurðina varðar megi því rekja til þess að endanlegum frágangi við rennihurðina var ekki lokið en ekki þess að vikið hefði verið frá burðarvirkisteikningu hvað varðar stallinn undir rennihurðina. Þá segir V að burðarvirkisteikning geri ekki grein fyrir hvernig haga skuli steypuskilum.

Álit.

Aðilar komu sér saman um að fá Hjalta Sigmundsson til að skoða og meta þá galla sem komið hafa fram á fasteign M. Matsgerð Hjalta Sigmundssonar frá því í febrúar 2013 er sú faglega úttekt sem fyrir liggur sem byggja verður á í máli þessu þar sem öðrum gögnum sem máli skipta við mat á mögulegri sök og bótaskyldu B er ekki til að dreifa í málinu. Upplýst er að B lét af störfum byggingarstjóra áður en húsið var fullgert. Ágreiningslaust er að B steypiti ekki stall eða hagaði járnabindingum í hann í samræmi við burðarvirkisteikningar. Í matsgerð Hjalta Sigmundssonar kemur ekki fram að það hafi skipt máli varðandi lekatjónið. Þá kemur fram í matsgerðinni að ljúka þurfi frágangi á þeim stöðum þar sem lak og bendir matsmaður á aðgerðir sem þurfi að gera og ætla megi að hafi átt eftir að framkvæma. Með vísan til niðurstöðu matsmanns í þeim þáttum sem ágreiningur aðila stendur um þá verður því ekki slegið föstu með óyggjandi hætti að B hafi gerst sekur um vanrækslu við störf sín sem byggingarstjóri sem leiði til skaðabótaábyrgðar hans. Þá er ekki sýnt fram á að orsakatengsl séu á milli þeirra frávika við bygginguna, sem sannanlega voru til staðar og B ber ábyrgð á, og lekans á gluggum og rennihurð í borðstofu og leka við aðalinngang. Af framangreindum ástæðum á M ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu B byggingarstjóra hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu B hjá V

Reykjavík 3.6.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 97/2014
M og
V-1 v. bifreiðarinnar A og
V-2 v. bifreiðarinnar B.

Árekstur bifreiða á gatnamótum Hólshrauns og Fjarðarhrauns í Hafnarfirði. Ágreiningur um stöðu umferðarljósanna þ. 8.1.2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.2.4.2014 ásamt fylgiskjölum 1-6
2. Bréf V-1 dags. 15.4.2014 ásamt fylgiskjali.
3. Bréf V-2 dags. 5.5.2014.
4. Bréf lögmans ökumanns A dags. 15.4.2014.
5. Bréf lögmans ökumanns B dags. 6.5.2014.

Málsatvik.

Árekstur varð á gatnamótum Fjarðarhrauns og Hólshrauns í Hafnarfirði. Ökumaður A sagðist hafa ekið vestur Fjarðarhraun og ætlaði að aka beint yfir gatnamótin enda hefði grænt ljós logað fyrir akstursstefnu sína. Ökumaður B ók austur Fjarðarhraun og hugðist beygja inn á Hólshraun og sagði að grænt ljós hefði logað fyrir akstursstefnu sína og hann verið að taka af stað þegar áreksturinn varð. Ekkert vitni gaf sig fram á vettvangi. Tvö vitni sem segjast hafa verið í bifreið fyrir aftan B gáfu sig fram og taldi annað þeirra að grænt ljós hefði logað fyrir akstursstefnu B miðað við það hversu stuttu eftir áreksturinn hafi verið komið rautt ljós fyrir þeirra akstursstefnu, en hitt hafði ekki vitneskju um stöðu umferðarljósanna. Vitni sem segist hafa verið í bifreið á eftir A sagði að ljósin hefðu skipt af rauðu yfir á grænt fyrir akstursstefnu hans og A skömmu fyrir áreksturinn.

Álit.

Aðeins eitt vitni segist hafa séð stöðu umferðarljósanna þegar áreksturinn varð og það vitni fullyrðir að A hafi verið ekið yfir gatnamótin gegn grænu ljósi. Ekki hefur verið sýnt fram á neitt sem varpað getur rýrð á trúverðugleika þess vitnis. Miðað við framburð vitnisins telst nægjanlega sannað að B hafi í umrætt sinn verið ekið inn á gatnamótin gegnt rauðu ljósi og ber ökumaður B því alla sök.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber alla sök

Reykjavík 20.5.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 98/2014
M og
V v/ bifreiðarinnar A og v/ bifreiðarinnar B.

Árekstur við framúrakstur á Lyngdalsheiði 22. mars 2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið 7. apríl 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 16. apríl 2014.
3. Tölvupóstur M dags. 30. apríl 2014.

Málsatvik.

Árekstur varð með bifreiðum A og B við akstur á Lyngdalsheiði. Í lögregluskýrslu kemur fram að ökumaður bifreiðar B hafi ekið skyndilega til vinstri út af veginum áleiðis inn á vegslóða í sömu mund og bifreið A var ekið framúr.

M telur að ökumaður bifreiðar B beri alla sök á árekstrinum með því að beygja til vinstri án þess að gæta að umferð fyrir aftan sig. Einnig bendir M á að ökumaður bifreiðar B hafi ekki gefið stefnumerki til vinstri til að sýna fyrirhugaða akstursleið sína. Þannig hafi ökumaðurinn hindrað framúrakstur ökumanns bifreiðar A sem hafi verið fyrirhugaður að vel athuguðu máli og með fyllstu varúð, sbr. viðeigandi ákvæði umferðarlaga þar um. Vísar M einnig til framburðar vitna um ógætilegt aksturslag bifreiðar B.

V telur að skipta eigi sök þannig á árekstrinum að ökumaður A beri þriðjung sakar fyrir að hafa ekki gætt nægilega að sér við framúrakstur og ökumaður B 2/3 sakar fyrir að hafa ekki gætt nægilega að umferð fyrir aftan sig sem og að hafa ekki gefið stefnumerki.

Álit.

Óumdeilt er að bifreið B var ekið eftir vegi þegar ökumaður hennar ók skyndilega til vinstri fyrirhugaða leið út á vegslóða. Ökumanni bifreiðar B bar að gæta að umferð fyrir aftan sig, sbr. fyrirmæli 2. mgr. 15. gr., sbr. 16. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Einnig bar honum skv. 31. gr. umferðarlaga að gera öðrum öikumönnum vart við breytta akstursstefnu sína með því að gefa stefnumerki. Ekki þykir sannað m.v. gögn málsins að ökumaður bifreiðar B hafi gætt þessa og ber hann því meginsök vegna árekstursins. Ekki verður hjá því litið að fyrirmæli umferðarlaga, sbr. 20.- 22. gr. þeirra, segja að sá sem ekur fram úr öðru ökutæki verði að gæta fyllstu varúðar við slíkan akstur. Með hliðsjón af því, sem og Hrd. 1986, bls. 376 verður þriðjungur sakar lagður á ökumann bifreiðar A, sem átti að gæta þess að framúrakstur hans væri hættulaus.

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðar B ber 2/3 hluta sakar og ökumaður bifreiðar A ber 1/3 hlut sakar vegna áreksturs þann 22. mars 2014.

Reykjavík 13. maí 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 99/2014
M og
V v. innbúskaskótryggingar fjölskyldutryggingar.

Tjón á fatnaði, þvottavél og þurrkara 27. mars 2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 4.4.2014.
2. Bréf V dags. 15.4.2014

Málsatvik.

M segir að lýsisflaska hafi dottið út úr ísskáp þegar hann var opnaður og brotnað. M segir að lýsi hafi farið í föt og reynt hafi verið að þrifa upp lýsið með handklæðum og tuskum, sem síðan hafi verið sett í þvottavél ásamt öðrum þvotti. M segir að við þetta hafi lýsislykt smitast í annan fatnað og þvottavél og þurrkara og mikið af fatnaði heimilisins. M krefst bóta úr innbúskaskótryggingu sinni hjá V og telur að um sé að ræða skyndilegan utanaðkomandi atburð sem sé bótaskyldur úr tryggingunni. V hafnar bótaskyldu og telur að tjónið sé ekki vegna skyndilegs og óvænts utanaðkomandi atviks. V segir að þrátt fyrir að lýsisflaskan hafi brotnað skyndilega og óvænt þá verði tjónið sem hlaut af því að lýsi barst í þvottavél og þurrkara og síðan í annan þvott heimilisins verði ekki rakið til þess að lýsisflaskan brotnaði heldur að olíusmitaðar tuskur hafi verið settar í þvottavél og þurrkara heimilisins og þaðan hafi lyktin borist í annan fatnað.

Álit.

Samkvæmt 10. gr. váttryggingaskilmála tryggingar þeirrar sem hér ræðir um er það skilyrði bótaskyldu að tjónið verði vegna skyndilegs og ófyrirsjáanlegra utanaðkomandi atvika. Lýsisflaskan sem datt úr ísskápnum brotnaði vegna skyndilegs og óvænts utanaðkomandi atviks. Þær aðgerðir til hreinsunar, sem gripið var til í framhaldi af því að lýsisflaskan brotnaði voru hins vegar ekki skyndilegar og ófyrirsjáanlegar. M á því ekki rétt á bótum vegna þess að tuskur og föt voru sett í þvottavél og smituðu lykt í annan fatnað, þvottavél og þurrkara.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr innbúskaskótryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 13.5.2014

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 100/2014**M og
V v. ábyrgðartryggingar X.****Sprungur í vegg aftan við veitingastað eftir sprengingar vegna byggingaframkvæmda****Gögn.**

1. Málskot móttekið þann 8. apríl 2014 ásamt fylgiskjölum.
2. Tölvubréf V frá 22. apríl 2014.

Málsatvik.

Samkvæmt tjónstilkynningu frá M mun á tímabilinu september til október 2013 hafa orðið skemmdir á vegg aftan við veitingastað, sem í er í eigu M, og rekur M tjónið á veggnum til sprenginga sem fyrirtækið X framkvæmdi vegna byggingaframkvæmda við s.k. Hampiðjureit. Kemur fram í tilkynningunni að sprengingarnar hafi náð að gera sprungu í vegginn.

V og X hafa ekki hafnað því að um orsakatengsl kann að vera milli sprenginganna og sprungunnar í veggnum. Aftur á móti er því hafnað að um sé að ræða saknæma og ólögmæta háttsemi af hálfu X.

Álit.

Það er meginregla í skaðabótarétti að tjónþoli sem krefst skaðabóta frá öðrum aðila vegna tjóns sem hann telur sig hafa orðið fyrir verður m.a. að færa sönnur á saknæma og ólögmæta háttsemi tjónvalds.

V hafnar því fyrir hönd X að sýnt hafi verið fram á saknæma og ólögmæta háttsemi X. Er tekið fram að við upphaf sprenginga hafi verið komið fyrir hröðunarmæli á nálægu húsi til að mæla hröðun höggbylgna við sprengingar. Í niðurstöðu aflestrar á mælinum, sem framkvæmd var af Rannsóknarmiðstöð í jarðskjálftaverkfræði við Háskóla Íslands, hafi komið fram að þær sprengingar sem ollu mestu hröðuninni voru á bilinu 1,6-8,9 mm/sek og væru því vel fyrir innan viðmiðunarmörk skv. reglugerð um sprengingar nr. 684/1999 sem sett eru fyrir titring í húsum af völdum sprenginga, eða 30-70 mm/sek.

Engin sérstök sönnunargögn hafa verið lögð fram fyrir nefndina sem sýna fram á hugsanlega sök X. Með hliðsjón af atvikalýsingu og fyrirliggjandi gögnum er því óhjákvæmilegt að telja að sönnun hafi ekki tekist um saknæma og ólögmæta háttsemi X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á skaðabótum úr ábyrgðartryggingu X.

Reykjavík, 13. maí 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 101/2014**M og
V v/ innbúskaskóliðar fjölskyldutryggingar.****Þjófnaður á síma 6. júní 2013.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 9. apríl 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 22. apríl 2014.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu sem fylgir gögnum málsins kemur fram að M var staddur á mannamóti á Bjarnastöðum við Tungufljót þann 6. júní 2013. Hann lýsir tjónsatviki þannig að hann hafi fundið hönd læðast niður í buxnavasa sinn en ekki áttað sig á hver hafi þar verið að verki. Þegar hann hafi síðan ætlað að ná í símann sinn í sama buxnavasa hafi hann verið horfinn.

V fékk tilkynningu um tjónið og hafnaði greiðslu bóta þann 30. júlí 2013 og vísaði til þess að ekki hafi verið um innbrot að ræða og að þjófnaðurinn á símanum verði því ekki bættur. Í því sambandi vísaði V aðallega til ákvæðis váttryggingarskilmála um að váttryggingin bæti ekki tjón þegar váttryggður leggur frá sér hlut á almannafæri. Í athugasemdum V við málskot M kemur auk þess fram að félagið telur að samkoma sú sem M sótti í greint sinn uppfylli skilyrði þess að teljast almannafæri í skilningi almennrar málvenju.

M telur að V eigi að greiða honum bætur úr innbúskaskótryggingu og mótmælir þeirri túlkun V að síminn hafi verið á almannafæri og vísar um það til skilgreiningar í lögreglusamþykkt fyrir Reykjavíkurborg sem og lögfræðiorðabók.

Álit.

Gildissvið innbúskaskótryggingar V markast af því að tjón hafi orðið á innbúi af völdum skyndilegra og ófyrirsjáanlegra utanaðkomandi atvika. Tjón á síma M telst hafa orðið vegna skyndilegs og ófyrirsjáanlegs utanaðkomandi atviks þegar einhver laumaði hendi í vasa hans og tók símann. Fellur tjónsatvikið því undir gildissvið innbúskaskótryggingar.

Í váttryggingarskilmálum eru ákvæði sem takmarka gildissvið váttryggingarinnar, t.d. vegna þjófnaðar á almannafæri. Um er að ræða undantekningarákvæði og verður því V að sýna fram á að skilyrði þess ákvæðis séu uppfyllt. Þegar litið er til einfaldrar orðskýringar er ljóst að skv. orðanna hljóðan tekur váttryggingin ekki til þjófnaðar á almannafæri. Verður ekki annar skilningur lagður í slíkt orðalag en að hið váttryggða, þ.e. innbúið, verði að vera á almannafæri til að undantekningarákvæðið eigi við. Í þessu máli var sími M í vasa hans og verður slíkur geymslustaður vart metinn sem almannafæri. V ber hallann af því að frekari skýringar á orðalagi komi ekki fram í stöðluðum váttryggingarskilmálum, sem samdir eru einhliða af V. Telst undantekningarákvæði þetta því ekki eiga við eða önnur sem í skilmálunum eru.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr innbúskaskótryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík 13. maí 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 102/2014**M
og
vátryggingafélagið X v/ verktryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu úr verktryggingu hjá vátryggingafélagi með starfsleyfi í Lettlandi.****Gögn.**

45. Málskot, móttakið 3.4.2014, ásamt fylgigögnum (nr. 1-45).
46. Tölvuskeyti lögmanns hins erlenda vátryggingafélags, dags. 2.5.2014.

Málsatvik.

Með verksamningi, dags. 20.9.2102, tók verktakafyrirtækið V að sér að annast einn verkáfang, nánar tiltekið frágang innanhúss, við byggingu hjúkrunarheimilis í eigu M. Skyldi verkið hefjast 30.8.2012 og vera að fullu lokið 2.3.2013. Til tryggingar efndum samkvæmt verksamningnum lagði V fram verktryggingu útgefna 6.9.2012 af lettnesku vátryggingafélagi, X. Samkvæmt vátryggingarskírteini er V vátryggingartaki („Insured“) og X vátryggður („Assured“). Vátryggingarfjárhæð nemur 29.964.310 krónum. Samkvæmt skilmálum vátryggingarinnar er svohljóðandi ákvæði um rétt til greiðslu úr vátryggingunni: „*Verkkaupi getur krafð undirritaðan, tryggingaraðila, um greiðslu ábyrgðarfjárins að einhverju eða öllu leyti, einhliða og án undangengins dóms, ef hann telur það nauðsynlegt til að bæta galla sem fram hafa komið á verki tryggingartaka, eða til greiðslu á hvers konar kostnaði, sem verkkaupi hefur orðið fyrir vegna vanefnda tryggingartaka á ákvæðum verksamnings og skal greiðslan innt af hendi þegar í stað er hennar er krafist.*“ Þá er tekið fram í skilmálunum að um verktrygginguna skuli farið að íslenskum lögum.

Í byrjun árs 2013 kveður M að orðið hafi ljóst að framvinda verksins hafi ekki verið í samræmi við verkáætlun og fjárhagsstaða V hafi verið orðin verulega bág. Með samkomulagi, dags. 27.2.2013, á milli M og V gekk V alfarið frá fyrrgreindum verkáfangi og M tók verkið yfir í þeirri stöðu sem það var í. Við stöðuúttekt, sem framkvæmd var af óháðum aðila 28.2.2013, er gerð grein fyrir þeim verkþáttum samkvæmt verksamningnum sem þá var ólokið. Með tölvuskeytum lögmanns M, dags. 19. mars 2013, var ýmsum gögnum komið til X auk þess sem þar var gerð grein fyrir því að M taldi tjón sitt vegna yfirtökunnar nema hærri fjárhæð en sem nemur vátryggingarfjárhæðinni og var því krafist greiðslu á þeirri fjárhæð úr verktryggingunni. Með bréfi lögmanns X, dags. 18.6.2013, var kröfum M hafnað þar sem ekki þótti séð að M ætti lögvarða kröfu á hendur X á grundvelli verktryggingarinnar.

Af málskoti M er að skilja að þess sé krafist að viðurkennd verði skylda X til að greiða M vátryggingarfjárhæðina auk dráttarvaxta frá 19.4.2013 til greiðsludags. Af hálfu X er því hafnað að ágreiningur málsaðila heyri undir nefndina auk þess sem X samþykkir ekki að nefndin taki málið fyrir.

Álit.

Samkvæmt 1. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum frá 21. nóvember 2005, sbr. auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 1090/2005, starfar úrskurðarnefnd í vátryggingamálum samkvæmt samkomulagi viðskiptaráðuneytisins (nú fjármála- og efnahagsráðuneytisins), Neytendasamtakanna og Sambands íslenskra tryggingafélaga (nú Samtaka fjármálafyrirtækja). Þá segir í 1. mgr. 3. gr. samþykktanna að nefndin úrskurði um ágreining varðandi bótaskyldu, þ.m.t. sök og sakarskiptingu, milli málskotsaðila og vátryggingafélags sem starfsleyfi hefur hér á landi.

Jafnframt segir að nefndin úrskurði um ágreining sem varðar ákvæði laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga. Í 2. mgr. 3. gr. er tekið fram að nefndin úrskurði um bótafjárhæðir að fengnu samþykki allra málsaðila. Nefndin úrskurðar hvort ágreiningur aðila heyri undir nefndina og telji nefndin svo ekki vera vísar hún málinu frá, sbr. 3. mgr. 3. gr. samþykktanna.

X er lettneskt váttryggingafélag og veitir þjónustu hér á landi á grundvelli starfsleyfis í heimalandi sínu, sbr. 1. mgr. 67 gr. laga um váttryggingastarfsemi nr. 56/2010. Það telst því ekki hafa starfsleyfi hér á landi og á ekki aðild að Samtökum fjármálafyrirtækja. Það hefur heldur ekki, að séð verður, undirgengist með samningi að hlíta samþykktum nefndarinnar. Af ákvæðum laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 verður ekki ráðið að nefndinni sé skylt að taka mál til meðferðar ef skilyrðum 1. mgr. 3. gr. samþykktanna er ekki fullnægt. Þessu breytir ekki þótt svo kunni að vera að með því að krefjast meðferðar málsins fyrir nefndinni rjúfi M þann frest sem M hefur til að halda kröfu sinni laga eftir að X hafnaði kröfu hans, sbr. 2. mgr. 51. gr. laga nr. 30/2004. Með því að mál þetta lýtur ekki að ágreiningi M við váttryggingafélag sem hefur starfsleyfi hér á landi fellur það ekki undir úrskurðarvald nefndarinnar skv. 1. mgr. 3. gr. samþykktanna. Ber því að vísa máli þessu frá nefndinni.

Niðurstaða.

Máli þessu er vísað frá úrskurðarnefnd.

Reykjavík, 20. maí 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Sævar Þór Jónsson hrl.

Mál nr. 103/2014
M og
V v. málskostnaðartryggingar fjölskyldutryggingar.

Málskostnaðartrygging vegna veðskuldar á fasteign þ. 28.8.2010.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.8.4.2014 ásamt fylgiskjölum 1-5
2. Bréf V dags. 23.4.2014 ásamt fylgiskjölum 1-4

Málsatvik.

M krefst bóta úr málskostnaðartryggingu sinni hjá V vegna ágreinings í máli sem M, ásamt systkinum sínum, eru aðilar að um að veðskuldabréf sem hvílir á fasteign þeirra verði dæmt ógilt á grundvelli 36. gr. samningalaga. M byggir á því að ágreiningur í máli því sem um ræðir varði þau ekki sem eigandur fasteignar heldur sé um gildi veðsamnings, þar sem lánveitandi gætti ekki að reglum varðandi upplýsingagjöf við töku lánsins og veðsetningu. V hafnar bótaskyldu og telur ótvírætt að málið varði M sem eiganda fasteignar þar sem málið varði veðsamning á fasteign þar sem M á ásamt systkinum sínum. V segir að orðalag váttryggingasamningsins sé skýrt og nægjanlegt sé að málið varði váttrygðan sem eiganda fasteignar og á því leiki engin vafi að málið varði M sem eiganda fasteignar.

Álit.

Ágreiningur sá sem lýst er í málskoti lýtur að því að M hyggjast freista þess að fá veðsamningi vegna veðláns á fasteign M og fleiri vikið til hliðar á grundvelli 36.gr. samningalaga nr. 7/1936. M væru ekki aðilar að umræddum ágreiningi nema vegna þess að þau eru eigendur fasteignarinnar að hluta, þar sem ágreiningurinn varðar það að veðsetning fasteignarinnar skv. tilteknnum lánasamningi verði niðurfelld. Þessi tiltekni ágreiningur varðar því M sem eigendur fasteignar og á því ákvæði greinar 3.6 í 8. grein váttryggingaskilmála við um þetta tilvik. Ekki er um að ræða sambærilegan ágreining og reyndi á í máli nefndarinnar nr. 366/2013 þar sem ágreiningur varðaði endurútreikning eftirstöðva lánsamnings en ekki veðsetningu. Af þessu leiðir að M eiga ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu hjá V.

Niðurstaða.

M eiga ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 13.5.2014

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 104/2014**M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar verktaka.****Bifreið ekið ofan í holu í malbiki þar sem unnið var við viðgerð á malbiksyfirborði götu.****Gögn.**

47. Málskot, móttakið 9.4.2014, ásamt fylgigögnum.
48. Bréf X, dags. 28.4.2014.

Málsatvik.

Að morgni 14.2.2014 var bifreiðinni A, sem er í eigu M, ekið vestur Flókagötu og áleiðis yfir Snorrabraut í átt að plani við Domus Medica vestan götunnar. Kveður M að undirvagn og framstuðari A hafi rekist hart niður í djúpa holu næst nyrðri vegkantinum við innkeyrslu á planið með þeim afleiðingum að skemmdir urðu á A. Þarna var unnið að viðgerð á malbiki á Snorrabraut á vegum verktakafyrirtækisins V. Í málskoti kveður M að skorið hafi verið niður í malbikið á þremur stöðum og hafi verið þrjár langar og mjóar holur langs eftir götunni. Hafi A verið ekið þversum yfir eina holuna og þess vegna lent svo illa í henni.

Kveður M að merkingar sem V hafi sett upp hafi ekki gefið til kynna að um djúpar holur hafi verið að ræða. Þess í stað hefði V átt að loka svæðinu af með keilum eða girðingu. Telur M að V beri ábyrgð á tjóni því sem varð á A og hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá X. X kveðst hafa eftir V að á svæðinu hafi verið skiltavagn, um 4 m hár, með blikkljós. Að auki hafi keilur verið á svæðinu og skilti þar sem fram kom að hvassar brúnir væru framundan. Fjöldi bifreiða hafi verið ekið ofan í holurnar, bæði þvert á þær og langsum, en ekki hafi verið tilkynnt um tjón á öðrum bifreiðum en A. Telur X að viðvörunarmerkingar hafi verið með eðlilegum hætti á vinnusvæðinu og hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Ekki hefur verið sýnt fram á að hola sú sem A var ekið ofan í hafi verið dýpri eða að öðru leyti frábrugðin því sem almennt má gera ráð fyrir þar sem viðgerð á malbaki fer fram. Óumdeilt er að merki voru uppi þar sem varað var við hvössum brúnum. Ökumanni A var því ljóst að aka þurfti með sérstakri aðgát yfir holuna sem þarna var í götunni. Að öllu virtu verður að telja ósannað að skemmdir þær sem urðu á A, þegar henni var ekið ofan í holuna, megi rekja til ófullnægjandi varúðarráðstafana af hálfu V eða annarra atvika sem það getur borið ábyrgð á. V ber því ekki skaðabótaábyrgð á tjóni því sem M varð fyrir vegna skemmdanna á A og af því leiðir að M á heldur ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 13. maí 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 105/2014
M og
V v. kaskótryggingar bifreiðar A

**Bifreið varð fyrir tjóni þegar hún lenti á stórum steini í vegkanti á Uxahryggjaleið þ.
25.10.2013.**

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 7.4.2014 ásamt fylgiskjölum 1-7.
2. Bréf V dags. 13.5.2014.

Málsatvik.

M segist hafa ekið A eftir Uxahryggjavegi og mætt jeppabifreið, sem hafi ekki vikið og hafi hann því orðið að víkja og hafi farið með hægra hjól vel út í vegkantinn og hafi A lent á stórum steini sem hafi farið undir bifreiðina og valdið töluverðum skemmdum. A krefst bóta úr kaskótryggingu sinni hjá V og bendir á að umræddur vegur sé þjóðvegur sbr. vegalög nr. 80/2007. M segir að tjónið hafi ekki orðið vegna ósléttar akbrautar heldur lausra hluta í vegkanti. Þá hafi tjónið ekki orðið vegna hryggs eftir veghefil eða jarðfast grjót á vegi enda hafi tjónið ekki orðið á vegi heldur utan hans. Þá tekur M fram að tjónið hafi ekki orðið vegna grjótkasts. M telur því í samræmi við vátryggingaskilmála, málsatvikalýsingu og önnur atvik málsins að tjónið á A sé bótaskyld. V hafnar bótaskyldu og telur tjónið á A undanskilið með vísan einkum staflíð d, f og g í 12 .gr. vátryggingaskilmála.

Álit.

M lýsir atvikum með þeim hætti að tjónið hafi orðið vegna þess að hann ók út í vegakant og lent þar á stórum steini sem hafi farið undir bifreiðina. Eins og M lýsir tjónsatvikinu verður ekki annað séð en að það falli undir ákvæði staflíð d í 12. gr. vátryggingaskilmála en þar segir m.a. að vátryggingin taki ekki til skemmda af akstri á ósléttri akbraut. M á því ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 3.6.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 106/2014
M og
V v/ ábyrgðartryggingar farsala og flutningsaðila R.

Líkamstjón sem M rekur til atviks um borð í bát 25. ágúst 2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið 8.apríl 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 30. apríl 2014 ásamt gögnum.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu M til V dags. 12. desember 2012 tilkynnti M um slys sem hún lýsir að hafi orðið við Vestmannaeyjar um kl. 14 þann 25. ágúst 2012. Af gögnum málsins má ráða að M hafi þá verið í skipulagðri sjóferð með fyrirtækinu R, þar sem siglt var á sérstökum skemmtibáti. M kveðst hafa fengið slæmt högg í bakið þegar bátnum, sem hún var í, var siglt hratt og þannig að hann skall harkalega niður með þeim afleiðingum að hún fékk umrætt högg. M leitaði til heimilislæknis vegna einkenna frá baki í byrjun október 2012. M var í kjölfarið vísað til meðferðar hjá sjúkráþjálfara fram á árið 2013.

M telur að R beri skaðabótaábyrgð vegna líkamstjóns sem hún rekur til umrædds atviks um borð í báti R. M vísar í þeim efnum til þess að Rannsóknarnefnd sjóslysa hafi í öðrum málum komist að þeirri niðurstöðu að um varhugaverðar siglingar hafi verið að ræða í sambærilegum ferðum R og hafi Rannsóknarnefndin mælst til endurskoðunar á búnaði bátanna og fyrirkomulagi við ferðir eins og þær sem M fór í. Ekki hafi verið brugðist við þessum ábendingum Rannsóknarnefndarinnar af hálfu R og séu með þeim komnar fram yfirgnæfandi líkur á því að M lýsi atburðum með réttum hætti og að bátnum sem hún var í hafi verið gáleysislega stjórnað. Einnig bendir M á að hún hafi staðfastlega borið um líkamstjón sitt frá því í október 2012, þegar hún leitaði fyrst til læknis vegna þessa og verði að leggja frásögn hennar til grundvallar til sönnunar um líkamstjónið.

V vísar til 4. mgr. 140. gr. siglingalaga nr. 34/1985, en þau lög gilda að nokkru um bótakröfu M, þar sem kemur fram að sá sem krefst bóta beri sönnunarbyrði um að tjónið hafi stafað af yfirsjónum eða vanrækslu farsala eða einhvers manns sem hann ber ábyrgð á, sbr. bótaregla sem fram kemur í 137.gr. sömu laga. V telur ekki sé sannað að M hafi hlotið áverka í umræddri ferð, hún hafi ekki tilkynnt um það til R auk þess sem hún leitaði ekki læknis fyrr en rúmum mánuði síðar. Þannig hafi hún ekki uppfyllt sönnunarbyrði sína og ósannað sé að líkamstjón hennar sé hægt að rekja til umræddrar ferðar.

Álit.

Þegar litið er til þeirra gagna sem liggja fyrir í málinu er ljóst að engin samtímagögn liggja fyrir um að M hafi hlotið líkamstjón í ferð sinni með R þann 25. ágúst 2012, en ekki virðist vera ágreiningur milli aðila um að hún hafi verið í umræddri ferð. Í 4. mgr. 140. gr. siglingalaga er tiltekið að sönnunarbyrði um ábyrgð farsala og flutningsaðila hvíli á þeim sem kröfu gerir um bætur. Þessi lagaregla er í takt við almennar sönnunarreglur skaðabótaréttarins. Ljóst er að M getur í fyrsta lagi ekki lagt fram skýr gögn um ætlað atvik þann 25. ágúst 2012, í öðru lagi leitaði hún ekki til læknis fyrr en rúmum mánuði eftir ætlað atvik og í þriðja lagi eru þau einkenni sem hún lýsir hjá læknum þess eðlis að þau geta komið til vegna ýmsa atvika. Að því sögðu telst ekki nægilega sannað að M hafi hlotið líkamstjón í ferð með R þann 25. ágúst 2012 og á hún því ekki rétt til greiðslu bóta úr ábyrgðartryggingu farsala og flutningsaðila hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu farsala og flutningsaðila hjá V.

Reykjavík 20. maí 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 107/2014
M og
V v/ frítímaslysáttryggingar fjölskyldutryggingar.

Takmörkun ábyrgðar vegna arðbærra starfa vegna slyss 11. febrúar 2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið 10. apríl 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 25. apríl 2014.

Málsatvik.

M slasaðist í húsnæði netagerðarverkstæðis þar þegar hann var að ganga aftur fyrir sig yfir troll og rak fótinn í netamöskva með þeim afleiðingum að hann féll hlaut áverka á vinstri öxl. Í lögregluskýrslu kemur fram að M hafi verið að vinna við trollið, sem lá á gólfinu. Í lögregluskýrslu kemur einnig fram og haft eftir eiganda netaverkstæðisins að M sé ekki beinlínis starfsmaður fyrirtækisins heldur komi og hjálpi til við létt verk á verkstæðinu þegar hann treysti sér til. M hafi enga vinnuskyldu og þiggi ekki laun fyrir vinnu sína.

V hefur hafnað því að greiða bætur vegna slyss M og vísar um það til 2. gr. frítímaslysáttryggingar fjölskyldutryggingar sinnar þar sem fram kemur að „*vátryggingin taki ekki til slysa sem vátryggður verður fyrir í starfi, hvort sem um er að ræða launað starf eða arðbært í eigin þágu eða annarra sem atvinnuslysaþætta fylgir.*“ V telur að viðvera M á netaverkstæðinu hafi falið í sér störf sem hafi verið arðbær í þágu eiganda netaverkstæðisins og atvinnuslysaþætta hafi fylgt henni. Því eigi takmörkun 2.gr. fyrrnefndra skilmála við.

M telur að hann eigi rétt á greiðslum vegna slyssins úr frítímaslysáttryggingu sinni þar sem hann hafi ekki verið við störf hjá netaverkstæðinu heldur verið í sínum frístundum staddur þar þegar hann slasaðist. M vísar til þess að í 19. gr. frítímaslysáttryggingar sé vísað til þess að félagið greiði bætur vegna slyss sem vátryggður verður fyrir í frístundum sínum en ekki í vinnu. M telur að þannig sé fyrst og fremst verið að gera greinarmun á þeim slysum þar sem hægt sé að krefjast bóta úr slysáttryggingu launþega og annarra slysa. M telur að V beri sönnunarbyrði um að slysið hafi ekki orðið í frístundum M. Einnig verði að benda á að viðvera M á netaverkstæðinu er fyrst og fremst hægt að rekja til þess að bróðir M, sem á netaverkstæðið, hafi verið að gera M greiða með því að leyfa honum að vera með viðveru á verkstæðinu en M sé ófær til flestra starfa vegna alvarlegs slyss fyrir nokkrum árum. Viðvera M á verkstæðinu hafi fyrst og fremst verið hugsuð til að hjálpa M að komast á ról eftir það slys, hann hafi ekki haft vinnuskyldu og ekki þegið laun, viðveran hafi verið skipulögð í samráði við heimilislækni M og ekki liggi fyrir að störf M hafi verið arðsöm að nokkru leyti.

Álit.

Ljóst er að bótaskylda úr frítímaslysáttryggingu fjölskyldutryggingar V er háð því að slys vátryggðs hafi orðið í frístundum hans, við heimilisstörf, við skólanám eða almennar íþróttaiðkanir skv. 19. gr. skilmála umræddrar tryggingar. Í 2. gr. þeirra skilmála kemur einnig fram frekari takmörkun á gildissviði vátryggingarinnar þar sem tilgreint er að vátryggingin taki ekki til slysa sem vátryggður verður fyrir í starfi sem er arðbært í hans þágu eða annarra og atvinnuslysaþætta fylgir. Álitæfni þessa máls er hvort M hafi í greint sinn verið við arðbær störf sem atvinnuslysaþætta fylgir.

Í gögnum málsins er ítrekað vísað til þess að M hafi slasast við vinnu sína og í lögregluskýrslu kemur fram að M hafi verið að „vinna við troll sem var á gólfinu“ og þrír starfsmenn hafi verið að „vinna við trollið með [M] þegar slysið varð og staðfestu þeir frásögn hans.“ Með umræddum

orðum telst nægilega sýnt fram á að M hafi verið við einhvers konar störf hjá netaverkstæðinu í umrætt sinn og þykir einnig ljóst að hvers konar slík störf verða almennt að teljast arðbær í skilningi 2. gr. váttryggingarskilmála frítímaslysáttryggingar. Þó aðstæður M hafi verið sérstakar þykir ekki hægt að líta framhjá því að meiri líkur en minni eru á því að framlag hans til starfa á netaverkstæðinu, hversu lítið sem það er, sé almennt arðbært í þágu verkstæðisins. Einnig er ljóst að atvinnuslysahætta fylgir almennt störfum á netaverkstæði. Af þeirri ástæðu telst nægilega sannað að ákvæði 2. gr. váttryggingarskilmála eigi við og slys M falli ekki undir gildissvið frítímaslysáttryggingar fjölskyldutryggingar hjá V.

Niðurstaða.

M ekki rétt á bótum úr frítímaslysáttryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík 20. maí 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 108/2014**M****og****V v. frjálsrar ábyrgðartryggingar H.****Skaðsemisábyrgð vegna fiskbeins í fiskrétti vegna líkamstjóns 22.8.2013.****Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 10.4.2014 ásamt fylgiskjölum 1-9
2. Bréf V dags. 23.4.2014.

Málsatvik.

M var að borða plokkfiskrétt sem var útbúinn af fyrirtækinu H í mötuneyti á vinnustað sínum þegar fiskbein festist í hálsi hennar og hún varð fyrir heilsutjóni. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu H hjá V vegna þess að vara sú sem H framleiddi í umrætt sinn hafi búið yfir hættulegum eiginleikum. Í því sambandi vísar M til laga nr. 25/1991 um skaðsemisábyrgð einkum 6.gr. og bendir á að H hafi fullunnið fiskréttinn og selt. M byggir á því að plokkfiskurinn sem H seldi hafi verið vara í skilningi laga um skaðsemisábyrgð. M telur að H hafi sýnt aðgæsluleysi við að útbúa þann fiskrétt sem fiskbeinið var í og bendir á að um hafi verið að ræða stórt bein eða 3 cm á lengd, en hún hafi gert ráð fyrir og mátt gera ráð fyrir að hún væri að borða beinlausan fiskrétt. V hafnar bótaskyldu og vísar til 5.gr. laga um skaðsemisábyrgð og telur að M hafi ekki sýnt fulla aðgát í umrætt sinn þar sem hún hafi kyngt beininu og ekki fundið fyrir því fyrr en það festist í hálsi hennar. Þá segir V að M hafi ekki mátt ganga út frá því að fiskrétturinn væri algjörlega beinlaus og alþekkt sé að bein leynist í fiski og bein í fiski geti ekki talist ágalli. Þá vísar V til þess að ekki hafi verið loforð frá H um að fiskréttuinn væri beinlaus og ávallt þurfi einstaklingur að sýna fulla aðgát þegar hann leggur sér fisk til munns.

Álit.

H seldi fiskrétt inn í mötuneyti sem var tilbúinn til neyslu. Engar varúðarmerkingar eða leiðbeiningar voru vegna fiskréttarins að hann gæti verið haldinn hættueiginleikum. Neytandi sem kaupir og borðar fiskrétt eins og þann sem um ræðir má ganga út frá því að um beinlausan rétt sé að ræða. Þá kröfu verður að gera til þeirra sem útbúa fullbúna fiskrétti að þeir gæti fullnægjandi varúðar m.a. varðandi það að fjarlægja bein og aðskotahluti þannig að rétturinn sé öruggur til neyslu. Þessa gætti H ekki. Fiskbein það sem um ræðir var 3cm langt og sú staðreynd sýnir að umrædd vara þ.e. fiskrétturinn hafði ekki þá eiginleika sem M mátti ætla að hann hefði og var því haldinn ágalla í skilningi 5. gr. laga um skaðsemisábyrgð nr. 25/1991. M á því rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu H hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu H hjá V.

Reykjavík 13.5.2014

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 109/2014**M
og
vátryggingafélagið X v/ kaskótryggingar bifreiðar.****Ágreiningur um bótaskyldu er tjón varð á húsbíl af völdum vatns.****Gögn.**

49. Málskot, móttakið 11.4.2014, ásamt fylgigögnum.
50. Bréf X, dags 28.4.2014, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M, er eigandi bifreiðarinnar A sem er húsbíl af gerðinni Chevrolet Eldorado, árg. 1994. A er kaskótryggð hjá X. A mun hafa verið ástandsskoðuð hjá X hinn 17.7.2013 í tengslum við töku vátryggingarinnar.

Með tjónstilkynningu, dags. 27.2.2014, kvað M að í austan hvassviðri hafi hlíf af miðstöð/kælikerfi á toppi A fokið af og brotnað auk þess sem dúkur á toppnum hafi rifnað. Af þessum sökum hafi vatn lekið inn í hliðar A og þær losnað og bólgnað út. Einnig séu taumar inni í bifreiðinni auk þess sem dýna o.fl. hafi skemmt. Þá segir í tilkynningunni að A hafi ekki verið hreyfð síðan skráningarnúmer voru lögð inn og hafi M farið og skoðað A hinn 26.2.2014 og þá hafi hann tekið eftir skemmdunum. Hann viti ekki hvenær atvikið gerðist en á tímabilinu október til febrúar 2014.

M hefur krafist bóta úr kaskótryggingu A hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Í 4. gr. vátryggingarskilmála sem gilda um kaskótrygginguna eru í sex liðum taldar upp þær tjónsorsakir sem vátryggingin nær til. Þar á meðal, skv. gr. 4.3, bætir félagið tjón á vátryggðu ökutæki af völdum óveðurs ef það fýkur eða ef vélarhlíf, skottlok eða hurðir fjúka upp. Hið sama gildir um tjón af völdum áfoks eða áhruns. Einnig segir í ákvæðinu að með óveðri sé átt við að vindhraði, þegar tjón varð, hafi náð 28,5 metrum á sekúndu á tjónsstað, samkvæmt vottorði frá Veðurstofu Íslands. Séu ekki fáanlegar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað þegar tjónið varð skuli hafa til hliðsjónar hvort almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu af völdum óveðurs. Tjón sem varð á A í umrætt sinn verður ekki rakið til þess að A hafi fokið né heldur að vélarhlíf, skottlok eða hurðir hafi fokið upp. Að auki liggur ekkert fyrir um það í gögnum málsins að tjónið hafi orðið af völdum óveðurs eins og það er skilgreint í ákvæðinu. Tjón á A fæst því ekki bætt á grundvelli gr. 4.3 í skilmálunum. Aðrar tjónsorsakir sem tilgreindar eru í 4. gr. skilmálanna geta ekki komið til álita í máli þessu. Framangreint tjón sem varð á A fæst því ekki bætt úr kaskótryggingunni. Ástand A þegar hún var skoðuð af X 17.7.2013 í tengslum við töku vátryggingarinnar hefur ekki þýðingu varðandi niðurstöðu málsins.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu A hjá X.

Reykjavík, 13.maí 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 110/2014
M og
V-1 v. víðtækrar eignatryggingar og
V-2 v. ábyrgðartryggingar K.

Myndavél og myndavélabúnaði stolið úr geymslu á vinnustað þ. 17.2.2014

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 11.4.2014 ásamt fylgiskjölum 1-3
2. Bréf V-1 dags. 23.4.2014 ásamt fylgiskjölum 1-3.
3. Bréf V-2 dags. 5.5.2014.

Málsatvik.

Verðmætri myndavél og myndavélabúnaði var stolið úr geymslu á vegum K. M segir að hann hafi m.a. haft þann starfa að ljósmynda veitingar og veislur sem K býður upp á. Í umrætt sinn segist M hafa verið að mynda viðburði og uppstillingar á sölum, en þegar það var búíð hafi hann sett myndavélina og búnaðinn í geymslu inn af vinnusvæði á vegum K og læst geymslunni. M telur sig hafa gert allt sem grandvar maður gerir þegar hann gangi frá búnaði eins og þeim sem hér um ræðir. Þá segist M hafa sagt starfsfólki V-2 að hann mundi nota myndavélina og búnaðinn á þeim stað sem um ræðir og geyma hana með þeim hætti sem hann gerði þegar mununum var stolið. M telur að verði ekki á það fallist að bæta eigi honum tjónið úr víðtækri eignatryggingu hjá V-1. M gerir einnig kröfu til bóta úr ábyrgðartryggingu K hjá V-2 þar sem starfsfólk K hafi valdið tjóninu með saknæmum hætti þar sem það hafi ekki gætt að því að skilja umrædda geymslu eftir læsta. V-2 hafnar bótaskyldu og telur að tjónið verði ekki rakið til saknæmrar háttsemi starfsfólks K og ósannað sé hvernig tjónið bar að og ekkert sem liggja fyrir um að K beri ábyrgð á tjóninu. V-1 hafnar einnig bótaskyldu og vísar til greinar 3 í váttryggingarskilmálum þar sem segir að váttryggingin taki ekki til tjóns af völdum þjófnaðar sem ekki teljist innbrotspjófnaður.

Álit.

Ekki hefur verið sýnt fram á sök K eða starfsfólks K. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu K hjá V-2. Ekki eru bornar brigður á að M hafi í umrætt sinn gengið frá myndavél sinni og myndavélabúnaði í læstri geymslu. Þá liggur fyrir að hópur fólks hafði lykla að geymslunni og gekk þar um vegna starfa sinna. Í 4. tl. 4. gr. váttryggingarskilmála þeirra sem gilda um váttryggingu M hjá V-1 undir kaflaheitinu ”varúðarreglur og viðhald”, segir ”Dyr, gluggaop og önnur op inn á þann stað sem hið váttryggða er geymt skulu vera tryggilega læst og lykill geymdur þannig að óviðkomandi hafi ekki aðgang að þeim.” M skildi þá muni sem hér um ræðir í læstri geymslu þar sem óviðkomandi höfðu ekki aðgang. Hins vegar var þó nokkur hópur fólks sem hafði lykjavöld og gekk um geymsluna. Geymslan gat því ekki talist svo örugg sem nauðsynlegt hefði verið þar sem ekki var nægjanlega tryggt að geymslan væri læst á öllum tímum. M sýndi því af sér gáleysi, sem er ekki óverulegt, með því að geyma jafn verðmæta muni og um ræðir í geymslu eins og þeirri sem hér um ræðir. Með hliðsjón af 26. gr. laga um váttryggingasamninga nr. 30/2004 verður fallist á að M eigi rétt á bótum úr váttryggingu sinni hjá V-1, en beri sjálfur helming tjónsins með því að brjóta gegn varúðarreglu 4.tl. 4.gr.

vátryggingarskilmála vegna þess gáleysis að skilja munina eftir í geymslu þar sem nokkur fjöldi fólks hafði aðgang að og ekki var tryggilega frá því gengið að hún væri jafnan læst.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr vátryggingu sinni hjá V-1 víðtækri eignatryggingu, en ber sjálfur helming tjónsins.

Reykjavík 20.5.2014

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 111/2014**M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðar.****Ágreiningur um bótaskyldu er hjólreiðamaður hjólaði aftan á bifreið á Krýsuvíkurvegi.****Gögn.**

51. Málskot, móttakið 9.4.2014, ásamt fylgigögnum.
52. Bréf X, dags 8.5.2014.

Málsatvik.

Hinn 13.7.2013 var M á ferð norður Krýsuvíkurveg á reiðhjóli er hann rakst aftan á bifreiðina A sem er af gerðinni Toyota Aygo og var við hægri brún vegarins. M varð fyrir alvarlegum meiðslum og skemmdir voru á afturhurð og þaki A og afturrúða brotnaði. Í lögregluskýrslu kemur fram að engin hemlaför eða önnur för hafi verið sjáanleg eftir A eða reiðhjólið. Þar sem slysið varð sé vegurinn beinn og rúmlega 8 m breiður. Ein akrein er í hvora átt. Bjart hafi verið að degi, rigning og malbikað yfirborð vegarins hafi verið blautt.

Í skýrslu hjá lögreglu kveðst M ekki muna hvað gerðist. Hann hafi verið einn á hjólaæfingu þar sem hann hafi verið að æfa fyrir mót (hálfan járnkarl) sem átti að fara fram daginn eftir. Hann kvaðst venjulega hjóla þessa leið á 60-70 km hraða á klst., en ekki geta sagt til um hvort hann hafi horft nægilega vel fram fyrir sig á þessum tíma. Á reiðhjóli M var staðsetningartæki og samkvæmt aflestri af tækinu hafði hraði hjólsins verið um 47 km á klst. í um tvær mínútur áður en slysið varð.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið suður Krýsuvíkurveg að Bláfjallavegi. Vegna rigningar hafi hann hætt við að stöðva þar til að hleypa hundi út úr bifreiðinni til að pissa. Hann hafi ekið til baka í átt til Hafnarfjarðar þegar hann hafi fyrir ofan Hafnarfjörð ákveðið að hægja á A og stöðva til að hleypa hundinum út. Kvaðst ökumaðurinn hafa gefið stefnummerki til hægri og verið á 40-50 km hraða á klst. Tvö ökutæki sem voru fyrir aftan A hafi tekið fram úr og því næst hafi hann stöðvað A við hægri vegöxl. Er hundurinn hafði pissað hafi hann sett hundinn aftur inn í A, en þetta hafi tekið um eina mínútu. Hann hafi svo sest inn í A og ætlað að aka af stað þegar mikið högg hafi komið aftan á A. Ökumaðurinn kvaðst ekki muna til þess að hafa ekið fram úr hjólreiðamanni á leið sinni til Hafnarfjarðar.

Í vettvangsskýrslu lögreglu er haft eftir tveimur vitnum, B og D, að þeir hafi verið að koma frá kvartmílubrautinni og séð þegar M hafi snúið við á Krýsuvíkurveginum og hjólað af stað til baka í átt að sjónum. Þeir hafi ekið á eftir M og haldið að hann væri að stöðva við kyrrstæða bifreiði (A) á veginum. Er þeir hafi fært sig yfir á vinstri vegarhelming til að aka fram hjá A og um það leyti sem bifreið þeirra var að fara fram hjá A hafi þeir heyrt konu öskra. Hvorugur þeirra mun þá hafa áttað sig á að M hafði skolið aftan á A.

Í sjálfstæðum framburðarskýrslum sem teknar voru af vitnunum rúmum hálfum mánuði eftir atvikið má ráða að vitnin B og D hafi ekið sitt hvorri bifreiðinni norður Krýsuvíkurveg á eftir M. Í símaskýrslu af vitninu D kemur fram að hann hafi verið einn í bifreið sinni að koma frá kvartmílubrautinni og séð M snúa þar við. Hann hafi hins vegar þurft að bíða vegna umferðar til suðurs og er hann hafi komist inn á veginn hafi M verið löngu farinn. Hann hafi séð A kyrrstæða í fjarska, en er hann hafi svo komið nær A hafi hann séð M liggjandi og þá séð hvað hafði gerst. Hann minnti að blikkljós hafi logað aftan á A, en man það þó ekki. Í skýrslu af vitninu B kemur

fram að hann hafi séð M fyrst við akstursípróttasvæðið og ekið á eftir honum. Hann hafi séð A útundan sér og hans fyrsta hugsun hafi við hvort M hafi verið að fara að A þar sem honum hafi fundist M fara svolítið hratt að A. Síðan hafi M farið aftan á A og hafi það gerst rétt áður en hann kom að. Hann heldur að hann hafi þá átt 5-10 m ófarna að A. Hann kvaðst ekki þora að segja til um það hvort A hafi verið ekið af stað úr kyrrstöðu þegar slysið varð, en haldi að það hafi ekki verið þannig. Hafi honum fundist A vera kyrrstæð og yrði það eitthvað áfram. Hann kvaðst ekki hafa séð neina aðra bifreið sem hafi getað hindrað M að aka fram hjá A. Þá kvaðst hann ekki muna hvort viðvörnarljós hafi logað á A er hún var kyrrstæð.

M kveður slysið mega rekja til notkunar A sem ökutækis í skilningi 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 (ufl.) þar sem A hafi verið stöðvuð skyndilega ellegar verið að taka af stað þegar hann lenti aftan á henni. Að auki beri ökumaður A ábyrgð á tjóninu á grundvelli almennra skaðabótareglna. Hefur M krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 88. gr. ufl. skal sá sem ábyrgð ber á skráningarskyldu vélknúnu ökutæki bæta það tjón sem hlýst af notkun þess enda þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á tækinu eða ógætni ökumanns. Ökumaður A hafði stöðvað á veginum og hleypt út hundi til að pissa. Hann hafði komið hundinum að nýju inn í bifreiðina og sest undir stýri í því skyni að halda ferð sinni áfram er M skall aftan á A. Af gögnum málsins, þ. á m. framburðum vitna, verður ekki annað ráðið en A hafi verið kyrrstæð er slysið varð og verið svo um nokkra stund. Ekkert í gögnum málsins gefur tilefni til að ætla að M hafi rekist aftan á A í kjölfar þess að A var stöðvuð skyndilega á veginum. Þótt ökumaður A hafi ætlað að aka af stað í þann mund sem slysið varð er ekkert sem bendir til þess að A hafi þá verið komin af stað. Að öllu virtu verður ekki séð að slysið megi rekja til hættueiginleika A sem ökutækis eða að það verði að öðru leyti rakið til notkunar A í skilningi 1. mgr. 88. gr. ufl. Líkamstjón M telst því ekki bótaskyldt samkvæmt hinni ströngu ábyrgðarreglu sem mælt er fyrir um í lagaákvæði þessu. Ekki verður ráðið af gögnum málsins að óheimilt hafi verið að stöðva A á umræddum stað á veginum né heldur að slysið verði að öðru leyti rakið til atvika sem ökumaður A getur borið ábyrgð á. Samkvæmt þessu verður líkamstjón M ekki rakið til atvika sem ökumaður og eigandi A getur að lögum borið ábyrgð á. Líkamstjón M fæst því ekki bætt úr ábyrgðartryggingu A hjá X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá X.

Reykjavík, 27. maí 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 112/2014

M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
vátryggingafélagið Y v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur á Vatnagörðum í Reykjavík við innkeyrslu á bifreiðastæði við Holtagarða.**Gögn.**

- 53. Málskot, móttakið 9.4.2014, ásamt fylgigögnum.
- 54. Bréf Y, dags 5.5.2014, ásamt fylgigögnum.
- 55. Bréf X, dags 6.5.2014.

Málsatvik.

Hinn 4.3.2014 var bifreiðunum A og B ekið austur Vatnagarða og var A ekið á undan B. Var A beygt til vinstri áleiðis að akleið (rampi) sem liggur upp á efri hæð bifreiðastæða við verslunarmiðstöðina Holtagarða. Í sömu andrá var B ekið vinstra megin fram úr A. Rákust þá saman vinstri hlið A og hægri framhorn B.

Á vettvangi var haft eftir ökumanni A að hann hafi ætlað að „taka U-beygju“ til að geta ekið akleiðina upp á efri hæð bifreiðastæðanna. Þegar hann hafi verið að taka beygjuna hafi B lent í hlið A. Ökumaðurinn kvaðst ekki muna hvort hann hafi gefið stefnuljós, en geri það yfirleitt alltaf. Í nánari rökstuðningi sem ökumaður A hefur veitt í tengslum við málskotið kveðst hann mjög líklega hafa gefið stefnumerki og staðsett A við miðlínu götunnar áður en hann beygði. Í tölvupósti, sem einnig liggur fyrir í málinu kveðst ökumaður A hafa tekið örlitla sveigju til hægri áður en hann tók beygjuna til vinstri, en ekki farið af akbrautinni né of nærri kantinum. Þá kveður ökumaður A að hann hafi gefið stefnumerki þegar hann beygði en spurning sé hversu snemma. Ökumaður B hafi mistúlkað akstursáætlanir hans og hafið akstur fram úr A þegar hann, þ.e. ökumaður A, hafi síðan tekið U-beygjuna ómeðvitaður um gjörðir ökumanns B.

Eftir ökumanni B var haft á vettvangi að hann hafi ekið á eftir A. Er komið var að athafnasvæði N1 á hægri hönd hafi A verið sveigt til hægri eins og ökumaður hennar ætlaði að inn á svæðið við N1. Hann hafi því sveigt að miðlínu til að komast fram hjá A. Þegar hann hafi verið að fara fram hjá A hafi A verið beygt til hægri í veg fyrir B og árekstur varð. Ökumaðurinn kvaðst ekki hafa séð stefnumerki á A.

Álit.

Af gögnum málsins og athugun á aðstæðum á vettvangi þykir ljóst að A var ekið austur Vatnagarða og beygt til vinstri áleiðis út af akbrautinni með fyrirhugaðan akstur í gagnstæða átt upp akleið að efri hæð bifreiðastæðisins. Samkvæmt 2. og 3. mgr. 15. gr., sbr. 1. mgr. 16. gr., umferðarlaga nr. 50/1987 bar ökumanni A að ganga úr skugga um að það hafi verið unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra sem fara í sömu átt og skyldi hann sérstaklega gefa gaum umferð sem á eftir kom. Einnig skyldi hann aka sem næst miðju akbrautar. Þá bar ökumanni A að gefa merki með stefnuljósi um fyrirhugaða beygju sína til vinstri öðrum til leiðbeiningar tímanlega og á greinilegan og ótvíræðan hátt, sbr. 2. og 4. mgr. 31. gr. ufl. Eins og ökumaður A hefur í gögnum málsins lýst akstri sínum í aðdraganda árekstursins þykir ljóst að hann hafi sveigt bifreið sinni að einhverju leyti til hægri áður en hann beygði og, hafi hann gefið merki um fyrirhugaða beygju til vinstri, hafi hann ekki gert það nógu tímanlega þannig að ökumaður B hafi í tæka tíð getað tekið tillit til þess. Þá verður enn fremur ráðið af framburði ökumanns A að hann hafi ekki vitað af

ferðum B fyrir aftan sig áður en hann beygði. Samkvæmt þessu þykir nægilega sannað að áreksturinn megi rekja til þess að ökumaður A hafi ekki farið eftir fyrrgreindum lagafyrirmælum er hann beygði til vinstri út af akbrautinni. Telst hann því eiga sök á árekstrinum.

Umferð í gagnstæðar áttir er skipt með hálfbrotinni línu sem gefur til kynna að varhugavert sé að aka yfir hana og óheimilt nema með sérstakri varúð, sbr. b. lið 23. gr. reglugerðar nr. 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra. Þegar litið er til þess að ökumaður A sveigði bifreið sinni til hægri áður en hann beygði síðan til vinstri og gaf heldur ekki stefnumerki til vinstri í tæka tíð verður ekki talið, eins og hér stóð á, að áreksturinn megi rekja til þess að ökumaður B ók yfir hálfbrotna línu. Eru því ekki næg efni til að leggja sök á ökumann B. Ber því ökumaður A alla sök á því hvernig fór.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann A.

Reykjavík, 3. júní 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 113/2014**M og
V v. málskostnaðartryggingar í fjölskylduþryggingu.****Gildistaka málskostnaðartryggingar****Gögn.**

1. Málskot móttakið þann 14. apríl ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V frá 30. apríl 2014.

Málsatvik.

Íslenskt fjármálafyrirtæki höfðaði mál á hendur M vegna ágreinings um hvort fasteign M stæði að veði vegna fjárskuldbindinda þriðja aðila. M er með heimilistryggingu hjá V þar sem finna má málskostnaðartryggingu. V hefur hafnað bótaskyldu úr málskostnaðartryggingunni á þeim grundvelli að hún hafi ekki verið í gildi í tvö samliggjandi ár eins og gerð er krafa um í skilmálum vátryggingarinnar þegar ágreiningur kemur upp.

Fyrir liggur að heimilistryggingin var í gildi frá 21.12.2004 til 31.12.2008 og svo frá 28.08.2012. Þann 18.12.2013 var fyrrgreint dómssmál þingfest í héraðsdómi. Þá höfðu liðið rétt tæplega 16 mánuðir frá því að málskostnaðartryggingin tók gildi. Ekki er upplýst í málinu hvort M hafi verið sérstaklega upplýst um tveggja ára regluna í gr. 50.1 við töku vátryggingarinnar.

V hafnaði bótaskyldu úr málskostnaðartryggingu heimilistryggingar og því var máli þessu skotið til nefndarinnar.

Álit.

Í gr. 50.1 í skilmálum heimilistryggingar V segir að hægt sé að fara fram á að málskostnaður verði greiddur ef vátrygging er í gildi þegar ágreiningur kemur upp og hún hafi þá verið í gildi í að minnsta kosti tvö samliggjandi ár hjá félaginu.

M telur orðalag skilmálanna óljóst og að V verði að bera hallann af því. V hafi samið skilmálana með einhliða hætti og túlka beri óskýra staðlaða samingsskilmála neytanda í hag. Telur M að skýra beri orðalag skilmálanna á þann hátt að nægjanlegt sé að vátryggingin hafi verið í gildi yfir ein áramót en ekki að vátryggingin þurfi að hafa verið í gildi í tvö heil ár áður en ágreiningur kemur upp.

V hafnar bótaskyldu úr málskostnaðartryggingunni á þeim grundvelli að ágreiningur hafi komið upp áður en tvö heil ár hafi liðið frá því að vátryggingin var tekin. Þurfi að líða tvö heil ár frá töku vátryggingarinnar þar til málskostnaðartryggingin tekur gildi að þessu leyti.

Samkvæmt orðskýringu þarf vátryggingin að hafa verið í gildi í tvö heil ár hjá félaginu. Það er ekki nægjanlegt heldur þurfa þessi tvö ár að vera samliggjandi, þ.e. í röð. Ekki er fallist á með M að orðalag skilmálanna sé óskýrt.

Niðurstaða.

Bótaábyrgð er ekki fyrir hendi.

Reykjavík, 20. maí 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hdl.

Mál nr. 114/2014
M og
V1 v/ bifreiðarinnar A og V2) v/ bifreiðarinnar B.

Árekstur á Dalshrauni í Hafnarfirði 14. mars 2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið 15. apríl 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V1 dags. 30. apríl 2014 ásamt greinargerð ökumanns bifreiðar B.
3. Tölvupóstur V2 dags. 5. maí 2014 ásamt gögnum.

Málsatvik.

Aðdragandi áreksturs með bifreiðum A og B er að þeim var báðum ekið suður götuna Dalshraun í Hafnarfirði. Bifreið A var ekið á undan bifreið B og árekstur varð þegar bifreið A var ekið til hægri áleiðis inn í bifreiðastæði við götuna og bifreið B var ekið hægra megin eftir götunni áleiðis fram úr bifreið A. Í tjónstilkynningu Aðstoðar&Öryggis kemur fram að líklega hafi bifreið A verið ekið aðeins til vinstri áður en henni var ekið til hægri inn í bifreiðastæðið. Ökumaður B segir í sinni skýrslu að hann hafi ekið eftir bifreið A og sýnst hún ætla að beygja til vinstri og því hafi hann ekið hægra megin við hana. Ökumaður bifreiðar A kveðst hafa ekið til hægri áleiðis inn í bifreiðastæði þegar bifreið B hafi verið ekið í hlið bifreiðar A.

M, sem ökumaður bifreiðar A, telur að alla sök vegna árekstursins eigi að leggja á ökumann bifreiðar B þar sem hann hafi ekið hægra megin fram úr A og þannig farið gegn 20. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 sem mæli fyrir um framúrakstur vinstra megin. M segist hafa gefið stefnumerki til hægri og því hafi ökumanni bifreiðar B átt að vera ljós aksturstepna hennar.

V1 telur að skipta eig sök til helminga þar sem ökumaður A hafi tekið hægri beygju á rangan hátt en ökumaður B ekki gætt nægjar varúðar við framúrakstur hægra megin. V2 tekur undir sakarmatið og vísar sérstaklega til ákoma á bifreiðunum máli sínu til stuðnings.

Álit.

Gögn málsins sýna aðstæður á vettvangi og ákomur á bifreiðum A og B. Í ljósi framburða ökumanna sem og staðsetningu ákoma á bifreiðunum telst nægilega sýnt fram á að M sem ökumaður bifreiðar A hafi tekið beygju til hægri án þess að gæta að umferð fyrir aftan sig og án þess að taka hana frá hægri brún akbrautar, en það bar honum að gera í samræmi við fyrirmæli í 15., sbr. 16. gr. umferðarlaga. Áreksturinn verður einnig talinn rakinn til óaðgæslu ökumanns bifreiðar B sem ók hægra megin fram úr bifreið A án þess að gæta að stefnumerkjagjöf eða breyttri akstursstefnu hennar, sbr. fyrirmæli 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga. Að öllu virtu teljast báðir ökumenn bera jafna sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

Sök vegna áreksturs bifreiðar A og bifreiðar B skiptist til helminga.

Reykjavík 20. maí 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 115/2014
M og
Vátryggingafélagið V-1 v. bifreiðarinnar A og
Vátryggingafélagið V-2 v. bifreiðarinnar B.

Árekstur bifreiða á bílastæði við íbúðarhús þ. 3.3.2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 15.4. 2014 ásamt fylgiskjölum 1-6.
2. Bréf V-1 dags. 30.4.2014.
3. Bréf V-2 dags. 23.4.2014.

Málsatvik.

Bifreiðinni A var bakkað út úr innkeyrslu við heimili ökumanns A, en B var á sama tíma ekið inn á bílastæðið til að snúa við og varð árekstur með bifreiðunum inni á lóðinni við heimili ökumanns A.

Álit.

Hvorugur ökumaður sýnir nægjanlega aðgæslu við aksturinn í umrætt sinn. Ökumanni A bar að sýna sérstaka aðgæslu þegar hann bakkaði A út úr innkeyrslunni við heimili sitt, en hann mátti ekki sérstaklega eiga von á að aðvífandi bifreið æki inn á einkalóð heimilis hans. Ökumaður B gætir ekki nægjanlegrar varúðar þegar hann ekur inn á einkalóð og gætir ekki að aðvífandi umferð. Eðlilegt þykir miðað við aðstæður og gögn málsins, að hvor ökumaður um sig beri helming sakar.

Niðurstaða.

Hvor ökumaður um sig ber helming sakar.

Reykjavík 20.5.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 117/2014
M og
V v. frítímaslysáttryggingar fjölskyldutryggingar.

Tilkynningarfrestur skv. 124. gr. laga um váttryggingasamninga nr. 30/2004.

Gögn.

1. Málskot móttakið þann 14. apríl ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V frá 2. maí 2014.

Málsatvik.

M lenti í frítímaslysi þann 26. janúar 2011 þegar hún rann til í hálfu fyrir utan leikskóla dóttur hennar. Vildi slysið nánar þannig til að M var að stíga út úr bifreið sinni þegar hún rann og féll á vinstri öxlina.

Leitaði hún til heimilislæknis síns þann 18. febrúar sama ár enda fóru einkenni frá öxl og hálsi versnandi. Við skoðun komu í ljós eymsli yfir supraspinatus vöðvafestu og skert hreyfing í vinstri öxl og hálsi sem einnig var aumur. Samkvæmt læknisvottorði frá heimilislækni M þann 17. janúar 2014 leitaði M nokkrum sinnum til hans í kjölfar slyssins vegna þessara sömu einkenna, síðast 13. janúar 2014. Kemur fram í niðurlagi vottorðsins að fullvíst megi telja að axlareinkenni M megi beint rekja til slyssins og að batahorfur séu óljósar.

Samkvæmt læknisvottorði Sveinbjörns Brandssonar leitaði M fyrst til hans 27. maí 2013 að tilvísun hnykkjara hennar. Fram kemur í vottorðinu að líklegt sé að ástand hennar skáni með tímanum en að hugsanlegt sé að hún muni hafa varanleg óþægindi af slysinu.

V var tilkynnt um slysið þann 13. desember 2013. Með bréfi þann 27. janúar 2014 hafnaði V bótaskyldu úr slysáttryggingu heimilistryggingar M hjá V. Grundvöllur höfnunar V var að slysið hafði ekki verið tilkynnt innan eins árs frá slysinu. Eftir ósk um endurskoðun afstöðu V hafnaði V bótaskyldu úr fyrrgreindi váttryggingu öðru sinni.

Þar sem M var ósammála þessum rökum V var málinu skotið til úrskurðarnefndarinnar.

Álit.

Í 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga kemur fram að sá sem rétt á til bóta samkvæmt slysáttryggingu, sjúkratryggingu eða heilsutryggingu með eða án uppsagnarréttar glatar þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur til félagsins innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á.

M telur m.a. að frestur samkvæmt 1. mgr. 124. gr. laganna hefjist ekki ávallt á slysdegi og vísar í því samhengi til dóms Hæstaréttar nr. 7/2009 frá 22. október 2009. Þar kemur orðrétt fram: “Af lögskýringargögnum verður ekkert ráðið um hvernig ætlast hafi verið til að beitt yrði framangreindri reglu um frest tjónþola til að hafa uppi kröfu á hendur váttryggingafélagi í skjóli slysáttryggingar. Með því að upphaf frestsins ræðst eftir hljóðan þessa ákvæðis af því tímamarki þegar tjónþoli fær vitneskju um atvik, sem bótakrafa hans er reist á, getur á hinn bóginn ekki staðist að ávallt skuli miðað í þeim efnum við þann dag, sem slys verður, enda liggur beint við að það hefði verið tekið berum orðum fram í ákvæðinu ef sú hefði verið ætlunin.” Enn fremur segir í dóminum: “Í skilningi 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 getur tjónþoli samkvæmt þessu ekki talist hafa vitneskju um atvik, sem leiða af sér rétt hans til bóta úr þessum váttryggingum vegna tímabundins missis starfsorku eða varanlegrar lækisfræðilegrar örorku, fyrr en slíkar afleiðingar slyss eru kunnar.”

Það er afstaða V að M hafi haft vitneskju um þau atvik sem leitt gætu til bótaréttar í síðasta lagi þann 23. apríl 2012, þ.e. þegar M fékk samþykktan endurhæfingarlífeyri hjá Tryggingastofnun. Þessu hafnar M og telur tilkynningarfrestin ekki hafa verið liðinn þegar V var tilkynnt um slysið.

Ekki verður fallist á með V að ársfresturinn hafi byrjað að líða þann 23. apríl 2012 þegar M fékk samþykktan endurhæfingarlífeyri frá Tryggingastofnun. Heimilt er að greiða einstaklingum á aldrinum 18-67 ára endurhæfingarlífeyri í allt að 18 mánuði þegar ekki er ljóst hver starfshæfni verður til frambúðar í kjölfar sjúkdóma eða slysa. Þannig er ljóst að samþykktur endurhæfingarlífeyrir getur ekki talist til þeirra atvika sem vísað er til í 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga.

Eins og áður hefur komið fram sendi M tilkynningu til V um slysið þann 13. desember 2013. V hefur ekki sýnt fram á að M hafi þann 13. desember 2012 haft vitneskju um þau atvik sem krafa hennar er reist á. Gögn málsins benda heldur ekki til þess.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr frítímaslysatryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 20. maí 2014

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 118/2014
M og
V1 v/ sjúklingatryggingar L og
V2 vegna sjúklingatryggingar G.

Sjónhinnulos sjúklings sem greint var þann 7. október 2010.

Gögn.

1. Málskot móttækið 22. apríl 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V2 dags. 6. maí 2014.
3. Bréf V1 dags. 7. maí 2014.

Málsatvik.

Tjónsatvik þau sem er til umfjöllunar í þessu máli má rekja til þess að M greindist með sjónhinnulos þann 7. október 2010 eftir að hafa leitað á Landspítala-Háskólasjúkrahús sama dag vegna óþæginda í auga. Í gögnum málsins eru greindar víðtækar afleiðingar sem umrætt sjónhinnulos hefur haft fyrir M. Í málskoti kemur fram að M fór fyrst að finna fyrir óþægindum í hægra auga þann 30. september 2010. Áður en sjónhinnulos M var greint þann 7. október 2010 leitaði hann annars vegar til L 2. október 2010 og síðan til augnlæknisins G þann 4. október 2010. M telur að meðferð sú sem hann fékk hjá hvorum aðila um sig hafi verið ófullnægjandi og hefur krafið hvorn um sig um bætur á grundvelli bótareglna laga um sjúklingatryggingu nr. 111/2000.

Kröfur M á hendur L og V1, þar sem L hefur vátryggingu, eru byggðar á því að þegar M leitaði til L 2. október 2010 hafi læknir hjá L ekki brugðist rétt við kvörtunum hans en í samtali M við lækninn hafi komið fram að læknirinn hafi íhugað að kalla til sérfræðing í augnlækningum en ákveðið að gera það ekki heldur skrifa út lyfseðil fyrir M vegna augndropa. M vísar til ákvæða 1. og 3.tl. 2.gr. laga um sjúklingatryggingu þar sem sönnunarkröfur eru vægari en almennt í skaðabótarétti og að öllum líkindum hefði mátt komast hjá tjóni M með því að haga meðferð þannig að kallaður væri til sérfræðingur í augnlækningum strax.

V1 telur fyrir hönd L að ekki sé sýnt fram á bótaábyrgð L skv. lögum um sjúklingatryggingu. Vísað er til þess að ekki liggi fyrir nokkuð faglegt mat um tjón M eða orsakir þess. Ekki sé sannað að íhugað hafi verið hjá L að kalla til sérfræðing í augnsjúkdómum og vísar V1 einnig til þess að í gögnum málsins komi fram að sjónhinnulos hafi ekki byrjað fyrr en 5. október 2010 og því ekki unnt að greina það fyrr en þá. Það hafi því ekki verið sýnt fram á að rannsókn eða meðferð L á M hafi verið ófullnægjandi eða á annan hátt uppfyllt skilyrði laga um sjúklingatryggingu, þrátt fyrir vægar sönnunarkröfur í þeim lögum.

Kröfur M á hendur G og V2, þar sem G hefur vátryggingu, eru einnig byggðar á 1. og 3. tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu. M telur að þegar hann leitaði til G, sem sérfræðings í augnlækningum, þann 4. október 2010 hafi sjúkdómur hans verið vangreindur sem hreyfing á glerhlaupi í auga M og honum tjáð að einkenni myndu ganga yfir á 3-4 vikum. G hafi ekki gætt þess að senda M í myndatöku eða nota frekari greiningaaðferðir sem vænta mátti af sérfræðingi í augnlækningum. Að mati M má því ætla að öllum líkindum hefði sjónhinnulos M verið réttilega greint og komast hefði mátt tjóni hans hefði réttum aðferðum verið beitt.

V2 telur fyrir hönd G að skoðun á M þann 4. október 2010 hafi verið fullnægjandi og ekki hafi komið fram í gögnum málsins að greining G á glerhlaupslosi M hafi verið röng þegar hún var gerð. Að sögn G hafi sjón M verið eðlileg þennan dag og augnþrýstingur innan marka sem og að frekari skoðun hafi verið ítarleg og ekki bent til þess að um sjónhinnulos væri að ræða. Engu að síður hafi G ráðlagt M að leita strax aftur til læknis ef hann fyndi tiltekin einkenni slíks. Það

hafi hann hins vegar ekki gert fyrr en 7. október 2010 eftir að hafa fengið einkenni um svartan blett og skerta sjón á auga 5. eða 6. október s.á. V2 telur ekki sýnt að 1. eða 3.tl. 2.gr. laga um sjúklingatryggingu eigi við.

Álit.

Þrátt fyrir vægari almennar sönnunarkröfur í lögum um sjúklingatryggingu nr. 111/2000 er þó gert ráð fyrir því í lagatextanum að tjón megi *ad öllum líkindum* rekja til atvika sem koma fram í 1.-4.tl. 2.gr. laganna. Samkvæmt athugasemdum við 2. gr. í frumvarpi laganna dugar í þeim efnum að sýnt sé fram á að líklegra sé að tjónið stafi af rannsókn eða meðferð en öðrum orsökum. Sönnunarbyrðin um að svo sé hvílir á tjónþola sem í þessu máli er M.

Í málinu hefur M vísað til 1.og 3.tl. 2.gr. máli sínu til stuðnings, en í umræddum greinum kemur fram að tjón þurfi að öllum líkindum að vera rakið til þess að ætla megi að komast hefði mátt hjá tjóni ef rannsókn eða meðferð við þær aðstæður sem um ræðir hefði verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði eða ef mat sem síðar er gert, leiðir í ljós að komast hefði mátt hjá tjóni með því að beita annarri meðferðaraðferð eða -tækni sem völ var á og hefði frá læknisfræðilegum sjónarmiði gert sama gagn við meðferð sjúklings.

Í málinu liggja fyrir ítarleg gögn um afleiðingar sjónhimnuloss M en það liggja hins vegar ekki fyrir álit sérfræðinga um þá meðferð sem M fékk hjá L eða G í greint sinni eða greiningaraðferð sem hefði átt að beita og var ekki gert eða meðferðaraðferð eða -tækni sem völ var á. Miðað við þau gögn sem fyrir liggja frá M telst ekki fyllilega ljóst að læknir hjá L eða G hafi beitt rannsóknum eða meðferð sem voru í ósamræmi við þekkingu og reynslu viðkomandi. Þó strangari kröfur mætti gera til sérfræðings á sviði augnlækninga, eins og G, í samanburði við lækna L verður ekki fullyrt án frekari læknisfræðilegs mats á greiningaraðferðum G að hægt sé að rekja tjón M til rannsókna eða meðferðar G fremur en aðstæðna sem hefðu komið upp óháð læknismeðferðinni. Það er því ekki sýnt að líklegra sé að tjónið stafi af rannsókn eða meðferð L eða G en því að ekki hafi verið hægt að greina sjúkdóm M fyrr en gert var, en eins og áður segir hvílir sönnunarbyrði um slíkt á M. Á meðan svo er telst ósannað að skilyrði laga um sjúklingatryggingu séu uppfyllt þannig að M eigi rétt á skaðabótum úr sjúklingatryggingu L eða G.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu hjá V1 eða V2.

Reykjavík 27. maí 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 119/2014
M og
V1 v/ bifreiðarinnar A og V2 v/ bifreiðarinnar B.

Árekstur gatnamótum Reykjavíkurvegjar og Hjallabrautar 27. desember 2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið 22. apríl 2014 ásamt gögnum.
2. Tölvupóstur V2 dags. 30. apríl 2014.
3. Bréf V1 dags. 5. maí 2014.

Málsatvik.

Árekstur varð með bifreiðunum A og B á ljósastrýðum gatnamótum Hjallabrautar og Reykjavíkurvegjar í Hafnarfirði þann 27. desember 2013. Ökumaður bifreiðar A kveðst í lögregluskýrslu hafa ekið Reykjavíkurveg til suðurs og hafi stöðvað á rauðu ljósi við gatnamótin. Hún hafi síðan farið af stað þegar grænt ljós kviknaði og umferð við hlið hennar hægra megin fór af stað og þá hafi árekstur orðið. Ökumaður bifreiðar B kveðst hafa ekið norður Reykjavíkurveg og þegar hann kom að gatnamótunum við Hjallabraut hafi logað grænt ljós og hann hafi ekið áleiðis yfir þau þegar árekstur átti sér stað.

M telur að ranglega hafi verið haft eftir ökumanni bifreiðar A á vettvangi um vinstri beygju og vísar til yfirlýsingar hennar þar sem kemur fram að hún hafi ætlað að aka beint suður Reykjavíkurveg og ætlað beint áfram en ekki ætlað að beygja á gatnamótunum. Því sé ósannað að hún hafi ekið inn á gatnamótin á rauðu ljósi auk þess sem staðsetning bifreiðanna eftir áreksturinn bendi frekar til þess að ökumaður bifreiðar B hafi ekið gegn rauðu ljósi í veg fyrir bifreið A.

V2 telur að leggja eigi alla sök á ökumann bifreiðar A þar sem í lögregluskýrslu komi fram að þeirri bifreið hafi verið ekið í vinstri beygju af Reykjavíkurvegi í veg fyrir bifreið B auk þess sem framburður ökumanns bifreiðar A bendir helst til þess að henni hafi verið ekið í veg fyrir bifreið B. V1 hefur ekki sérstakar athugasemdir vegna málsins.

Álit.

Ef akstursstefna ökumanna bifreiða A og B hefðu verið suður og norður Reykjavíkurveg í greint sinn hefðu leiðir ökumanna ekki skarast þar sem upplýsingar um stöðu umferðarljósa sýna grænt ljós á sama tíma norður og suður Reykjavíkurveg. Með hliðsjón af stöðu bifreiðanna við áreksturinn og framburði ökumanns A um stöðu ljósa og að hún hafi farið af stað þegar umferð við hlið hennar hafi gert slíkt hið sama, verður að telja meiri líkur en minni að akstur ökumanns A hafi verið á akrein sem stýrir umferð til vinstri og að rautt ljós hafi logað fyrir þá akstursstefnu þegar ökumaður A ók inn á gatnamótin. Ber ökumaður bifreiðar A því sök á árekstrinum. Ekki eru nokkur sönnunargögn í þá átt að ökumaður bifreiðar B hafi ekið inn á gatnamótin á rauðu ljósi eða með öðrum hætti ógætilega þannig að hann beri einnig sök.

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðar A ber alla ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 20. maí 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 121/2014**M
og
V v. ábyrgðartryggingar B.****Maður slasast þegar hann rann á yfirborði trébrúar þ. 25.1.2013.****Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 22.4.2014 ásamt fylgiskjöllum 1-11
2. Bréf V dags. 8.5.2014 ásamt fylgiskjöllum 1-2

Málsatvik.

M var á baðstað á leið yfir trébrú á áleiðis að gufubaði, þegar hann segist hafa fallið á hálu yfirborði brúarinnar og brotnaði á vinstra úlnlið. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu B hjá V og segir að umræddan dag hafi verið nokkuð frost á svæðinu og ekkert liggi fyrir um að fullnægjandi hálkuvarnir hafi verið settar á umrædda brú. Þá byggir M á því að viðeigandi viðvaranir hafi ekki verið bið trébrúna um að hún kynni að vera hál í frosti og ekkert aðvörunarskilti við slysstaðinn. M byggir á því að gera verði ríkari kröfu til hálkuvarna en ella þar sem meginhluti gesta á umræddum stað séu erlendir ferðamenn og ekki hægt að gera sömu kröfu til þeirra og staðkunnugra. Af hálfu M er vísað til reglugerðar nr. 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum einkum 8. og 12. gr. og því haldið fram að B hafi brotið gegn þeim reglum. V hafnar bótaskyldu og segir ósannað að slysið verði rakið til saknæmrar háttsemi starfsmanna B, ófullnægjandi hálkuvarna eða merkinga, vanbúnaðar eða annarra atvika eða aðstæðna sem B beri skaðabótaábyrgð á. V mótmælir sem ósönnuðum staðhæfingum M um að hálkuvörnum hafi verið ábótavant og búið hafi verið að salta palla og göngustíga við staðinn. V segir að gestum bað- og sundstaða megi almennt vera ljóst að hálka geti myndast við ákveðnar aðstæður og beri að sýna aðgæslu í samræmi við það. Þá segir V að ítarlegar varúðarmerkingar megi finna við baðstaðinn. Loks segir V að M hafi verið búinn að vera drjúga stund á staðnum áður en slysið varð og því mátt gera sér grein fyrir aðstæðum. V telur að slysið megi rekja til óhappatilviljunar. V vísar til þess að myndband hafi verið af atburðinum, en það sé ekki nothæft.

Álit.

Gera verður strangar kröfur til B að hann gæti fyllsta öryggis gesta bæði með því að koma upp fullnægjandi varúðarmerkingum og og hálkuvörnum, þar sem um er að ræða fjölsóttan stað þar sem útlendingar eru stór hluti gesta og þekkja því ekki vel til aðstæðna. Gögn málsins sýna ekki fram á að viðunandi varúðarmerkingar hafi verið fyrir hendi á baðstaðnum og gönguleiðum um staðinn í umrætt sinn, þar sem varað var við skyndilegri hálkumyndun. Þá liggur ekkert fyrir um það að hálkuvarnir hafi verið fullnægjandi eða nákvæmlega með hvaða hætti þær hafi verið á þeim stað þar sem slysið varð. Ágreiningslaust er að frost var þegar slysið varð og því nauðsynlegra en ella að gæta fyllstu varúðar. Ekki verður séð af gögnum málsins að B hafi gætt þeirrar varúðar sem nauðsynleg var í umrætt sinn og ber hann því ábyrgð á slysinu. M á því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík 27.5.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 122/2014

M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B
og
vátryggingafélagið Y v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.

Árekstur í Lækjargötu í Reykjavík við gatnamót Amtmannsstígs þann 9.4.2014.**Gögn.**

56. Málskot, móttakið 25.4.2014, ásamt fylgigögnum.
57. Bréf Y, dags. 7.5.2014.
58. Bréf X, dags 9.5.2014.

Málsatvik.

Strætisvagninum A var ekið af stað áleiðis til norðurs frá biðstöð strætisvagna í Lækjargötu sunnan Amtmannsstígs. Í sömu andrá var bifreiðinni B ekið norður Lækjargötu á vinstri akrein og beygt til hægri áleiðis austur (upp) Amtmannsstíg. Rákust þá saman vinstra framhorn A og hægri hlið B.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið af stað frá biðstöðinni og heyrð smell þegar ökutækin rákust saman. Er hann ók af stað hafi hann ekki tekið eftir B sem var að beygja til hægri fyrir framan hann.

Ökumaður B kvaðst hafa tekið eftir tveimur kyrrstæðum strætisvögnum á biðstöðinni rétt áður en hann kom að Amtmannsstíg. Hann hafi ekið rólega fram hjá þeim á vinstri akrein og gefið stefnumerki til hægri um fyrirhugaða beygju. Er hann beygði áleiðis upp Amtmannsstíg hafi vagnarnir enn verið kyrrstæðir á biðstöðinni og engin stefnumerki verið gefin á A til merkis um að honum yrði ekið af stað. Er hann hafi verið kominn vel inn í beygjuna hafi A verið ekið af stað og lent í hægri afturhurð B.

Álit.

Ökumaður A vissi ekki af ferðum B fyrir framan sig þegar ók af stað frá biðstöðinni. Samkvæmt 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga skal ökumaður, áður en hann ekur frá vegarbrún, ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra. Á þessu varð misbrestur hjá ökumanni A. Samkvæmt 1. mgr. 18. gr. ufl. skal ökumaður, sem í þéttbýli nálgast biðstöð þar sem hóp bifreið hefur numið staðar og ökumaður hennar hefur gefið merki um að hann ætli að aka af stað, draga úr hraða og, ef nauðsyn ber til, nema staðar þannig að hóp bifreiðin geti ekið frá biðstöðinni. Af gögnum máls þessa telst ósannað að ökumaður A hafi gefið merki um að hann hafi ætlað að aka af stað frá biðstöðinni. Að öllu virtu verður því ekki talið að ökumaður B hafi hagað akstri sínum andstætt téðu lagaákvæði eða hann hafi á annan hátt hagað akstrinum þannig að á hann verði lögð sök. Ber því að leggja alla sök á ökumann A.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann A.

Reykjavík, 27. maí 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 123/2014
M og
V v/slysatryggingar launþega.

Takmörkunarákvæði váttryggingarskilmála um tímasetningu örorkumats
vegna slyss 24. júní 2005.

Gögn.

1. Málskot móttækið 25. apríl 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 22. maí 2014.

Málsatvik.

M slasaðist þann 24. júní 2005 og var metinn til örorku með matsgerð dags. 3. febrúar 2009. V greiddi bætur á grundvelli þeirrar matsgerðar í kjölfarið. Nú liggur fyrir álitsergerð læknis dags. 15. desember 2013 þar sem hann telur að afleiðingar slyssins séu nokkuð meiri en áður metnar í matsgerðinni frá 2009.

M telur að V eigi að standa að mati á afleiðingum slyssins á ný þar sem álit sérfræðings liggja fyrir á því að afleiðingar slyssins séu miklu mun meiri en áður voru metnar og ákvæði í váttryggingarskilmálum eigi ekki að koma í veg fyrir það.

V telur að ákvæði í 4. gr. váttryggingarskilmála kom í veg fyrir frekari bótagreiðslur úr slysatryggingunni. Þar komi fram að örorkumat skuli metin í síðasta lagi þremur árum eftir slysið. Um sé að ræða takmörkunarákvæði sem hafi sjálfstæða þýðingu og hafi verið staðfest í dómi Hæstaréttar í máli nr. 22/2004 þar sem málsatvik hafi verið sambærileg við mál M.

Álit.

Álitaefni þessa máls lýtur fyrst og fremst að því hvort fordæmisgildi dóms Hæstaréttar í máli nr. 22/2004 eigi við atvik í máli M. Þegar litið er til þess er ljóst að slys M átti sér stað 24. júní 2005 og voru afleiðingar þess fyrst metnar 3. febrúar 2009. Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 22/2004 slasaðist stefnandi 1. febrúar 1996 og voru afleiðingar slyss hennar metnar með álitsergerð dags. 9. apríl 1999. Í báðum málum var sambærilegt ákvæði í skilmálum sem giltu um bótagreiðslur vegna slyssins þar sem kom fram að endanlegu örorkumati væri ekki hægt að fresta lengur en í þrjú ár. Af þessu má ráða að atvik máls M séu sambærileg og í umræddum dómi. Ekki hafa komið fram ástæður til þess að draga fordæmisgildi þess dóms í efa.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á frekari bótum úr slysatryggingu hjá V.

Reykjavík 10. júní 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 124/2014
M og
V-1 v. bifreiðarinnar A og V-2 v. bifreiðarinnar B.

Árekstur bifreiða við Litlu Kaffistofuna á Suðurlandsvegi þ. 20.3.2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 16.4.2014 ásamt fylgiskjölum 1-3
2. Bréf V-1 dags. 16.5.2014.
3. Bréf V-2 dags. 6.5.2014 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Árekstur bifreiða varð á Suðurlandsvegi við Litlu Kaffistofuna. Ökumaður A ók á eftir B og segir ökumaður A að hann hafi ætlað að aka fram úr B sem hafi verið ekið mjög hægt en þá hafi B verið beygt til vinstri og árekstur orðið. Ökumaður B segist hafa verið að skafa efri leiðina inn á bifreiðaplanið við Litlu Kaffistofuna með blikkljós á topnum ásamt því að hafa gefið stefnumerki til vinstri þegar hann beygði. Ökumaður A segist ekki hafa séð nein stefnumerki.

Álit.

Ökumaður B var að skafa snjó af veginum í umrætt sinn með blikkljós tendruð á toppi B. Ökumanni A var því ljóst þegar hann hóf framúrakstur að hann var að aka framúr ökutæki í vegavinnu, en skv. 4. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 var honum það heimilt á þann hátt sem hentugastur væri enda væri sýnd full aðgæsla. Að virtum gögnum málsins verður ekki séð að ökumaður A hafi sýnt nægjanlega aðgæslu við framúraksturinn í umrætt sinn og ber hann því sök á árekstrinum. Ökumaður B tók vinstri beygju af hægri akgrein yfir óbrotna línu og gegn einstefnu inn að bensínstöð án þess að ganga úr skugga um að það væri unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra umferð og ber hann því einnig sök á árekstrinum. Við mat á sakarskiptingu verður ekki séð að rétt sé að leggja meiri sök á annan ökumann umfram hinn og skiptist sök því til helminga.

Niðurstaða.

Hvor ökumaður ber helming sakar.

Reykjavík 10.6.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 125/2014
M og
V v/starfsábyrgðartryggingar lögmans.

Ætluð skaðabótaábyrgð lögmans vegna opinberra skipta dánarbús.

Gögn.

1. Málskot móttakið 25. apríl 2014 ásamt gögnum.
2. Tölvupóstur M dags. 18. apríl 2014.
3. Bréf M dags. 25. maí 2014 ásamt gögnum.

Málsatvik.

M hefur gert kröfu til greiðslu bóta úr starfsábyrgðartryggingu lögmans sem lauk opinberum skiptum á dánarbúi þar sem M var einn margra erfingja. Krafa M lýtur að því að þeir lögmenn sem sinntu starfi skiptastjóra í dánarbúi hafi tekið ákvarðanir sem ekki voru í samræmi við gildandi erfðalög og ekki veitt M rétta ráðgjöf varðandi möguleg ágreiningsmál hennar sem erfingja við skiptastjóra. Í málskoti og gögnum málsins sem M hefur lagt fram koma fram ítarlegar upplýsingar um dánarbú það sem var til skipta, eignir þess, erfðaskrár og annað sem lýtur að skiptum dánarbúsins. Ekki verða málsatvik erfðamálsins Einnig liggur fyrir að M átti aðild að máli Hæstaréttar nr. 553/2011 þar sem reyndi á hvort hún kæmi að kröfum sínum gagnvart öðrum erfingjum dánarbúsins á meðan opinber skipti áttu sér stað. Málinu var vísað frá Hæstarétti.

V telur að ekki hafi verið sýnt fram á að skiptastjóri dánarbús þess sem M vísar til hafi sýnt gáleysi í störfum sínum vegna dánarbúsins og gagnvart M og kröfum hennar. Einnig vísar V til þess að kröfugerð M sé ekki mjög skýr um í hverju saknæm háttsemi skiptastjóra hefði átt að vera. Ekki hefur því verið fallist á greiðslu bóta úr starfsábyrgðartryggingu lögmans.

Álit.

Gerð er krafa um viðurkenningu greiðsluskyldu V úr starfsábyrgðartryggingu lögmans. Krafan byggist á því að lögmenn þeir sem sinntu skiptastjórn vegna dánarbús sem M átti aðild að sem erfingi hafi ekki sinnt starfi sínu sem skyldi. Sá sem gerir kröfu sem þessa ber sönnunarbyrði fyrir því að atvik hafi verið þannig að þau uppfylli skilyrði skaðabótaréttarins um skaðabótaábyrgð lögmansins. Þessa skyldu ber M í þessu máli. M hefur lagt fram fjölda gagna um dánarbúið sem var til skipta sem og sínar útlistanir á því hvernig haga átti skiptum búsins. Ljóst er að M hafði aðgang að réttarlegum úrræðum til að fá leyst úr ágreiningi sínum vegna dánarbússkiptanna, sbr. Hrd. 553/2011. Ekki verður séð að skiptastjóri hafi gert nokkuð til að koma í veg fyrir að M nýtti sér þau úrræði eða ljóst af gögnum málsins að þær ákvarðanir sem teknar hafi verið hafi verið í andstöðu við gildandi lög. Ekki verður því séð að skiptastjórn hafi verið þannig háttáð að skapast hafi skaðabótaábyrgð gagnvart M. Ekki verður því fallist á kröfur M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu lögmans hjá V.

Reykjavík 10. júní 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Sævar Þór Jónsson hdl.

Mál nr. 126/2014**M og
V1) v/ bifreiðarinnar A og V2 v/ bifreiðarinnar B.****Áræktur á bifreiðastæði við Bónus á Nýbýlavegi 4. apríl 2014.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 28. apríl 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V2 dags. 7. maí 2014 með athugasemdum.
3. Tölvupóstur V1 dags. 9. maí 2014.

Málsatvik.

Áræktur varð með bifreiðum A og B í greint sinn og skv. lögregluskýrslu voru þær staðsettar beint á móti hvor annarri í stöðureitum bifreiðastæða við Bónus á Nýbýlavegi. Þegar ökumenn óku aftur á bak á sama tíma hafi bifreiðarnar lent saman og ákomur aftan á þeim báðum. Í lögregluskýrslu kemur einnig fram að vitni hafi orðið að árækrinum sem greinir þannig frá að umræddar bifreiðar hafi bakkað úr sitthvoru stæðinu og síðan rekist saman. Að mati vitnisins ók hvorugur ökumanna of hratt eða ógætilega í greint sinn.

Í málskoti sem og í lögregluskýrslu kemur fram að ökumaður bifreiðar B hafi verið handtekinn í kjölfar áræktursins vegna gruns um ölvun við akstur og sá grunur síðan verið staðfestur með mælingum á áfengi í blóði hans. M telur að ökumaður bifreiðar B hafi reynt að flýja vettvang og telur rétt að kalla til fleiri vitni því til staðfestingar. Einnig telur M að það vitni sem tilgreint sé í lögregluskýrslu hafi ekki greint rétt frá háttsemi ökumanns bifreiðar B eftir árækturinn þar sem hann hafi sýnt öll merki um að vilja fara af vettvangi. V2 telur að ekki séu orsakatengsl milli ölvunar ökumanns B og áræktursins og hafi hún því ekki áhrif við sakarmat. V2 telur að báðir ökumenn beri ábyrgð á árækrinum með því að gæta ekki nægrar varúðar þegar þeir bökkudu á sama tíma. V1 hefur ekki frekari athugasemdir við málskotið.

Álit.

Gögn málsins eru skýr um aðdraganda árækturs og þarfnast ekki frekari rannsóknar. Ökumenn segjast báðir hafa ekið aftur á bak án þess að sjá hinn og vitni að árækrinum lýsir aksturslagi ökumannanna þannig að hvorugur hafi ekið of hratt eða ógætilega. Á báðum ökumönnum hvíldi varúðarskylda skv. 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Verður, með vísan til ofangreinds, að leggja til grundvallar að hvorugur ökumanna hafi gætt nægilega vel að umferð fyrir aftan sig þegar þeir óku út úr stöðureitum bifreiðastæðis hvor á móti öðrum. Hvað ölvun ökumanns bifreiðar B varðar verður ekki talið sýnt fram á að hún hafi haft afgerandi áhrif á aksturslag hans þannig að hún eingöngu hafi leitt til áræktursins, en vitni á vettvangi gerði engan greinarmun á aksturslagi ökumanna í greint sinn. Hvað varðar háttalag ökumanns B eftir árækturinn átti sér stað telur nefndin það ekki hafa áhrif á sönnun um aðdraganda árækturs.

Niðurstaða.

Sök vegna árækturs bifreiðar A og bifreiðar B skiptist til helminga.

Reykjavík 27. maí 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 127/2014
M
og
V v. ábyrgðartryggingar O.

Starfsmaður meiddist þegar hann var að lesta olíuflutningabíl þ. 24.9.2012 og 21.12.2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 29. apríl ásamt fylgiskjölum 1-16 og bréf dags. 26.5.2014.
2. Bréf V dags. 16.maí 2014 ásamt fylgiskjölum 1-2.

Málsatvik.

M var að lesta olíubíl þ.24.9.2012 og notaði til þess slöngu og var með hana í hendinni þegar hann færði hana á milli lestunarstúta og þá snérist ofan af slöngunni og M hrasaði og meiddist á hné. M var á sama stað þ. 21.12.2012 uppi á áfyllingarpalli og var byrjaður að draga lestunarbarkann þegar snérist upp á hann þegar M var að stíga niður þrep á áfyllingarpallinum og kippti barkinn í M þannig að hann fékk hnykk á bakið. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu O hjá V. M telur aðstæður á slysstað hafi ekki verið forsvaranlegar og vinnuaðstaða verið ófullnægjandi og það hafi orsakað slysin. Þá vísar M til meginreglna l. nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Einnig vísar M til rgl. nr. 36/2006 um notkun á tækjum einkum 5.gr. og rgl. nr. 499/1994 einkum 3. gr. og 5. gr. Bent er á að seinna slysið hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlits og verði að byggja á frásögn M hvað það varðar. V hafnar bótaskyldu og segir að tjón M verði ekki rakið til saknæmrar háttsemi váttryggingartaka eða annarra atvika sem hann beri skaðabótaábyrgð á og telur V að um óhappatilvik hafi verið að ræða. Þá hafnar V að aðstæður á vinnustað hafi verið óviðunandi eða að brotið sé gegn skyldum sem hvíli á O samkvæmt lögum nr. 46/1980 eða þeim reglugerðum sem M vísi til. V bendir á að gert hafi verið áhættumat fyrir þann verkþátt sem um ræði og hafi Vinnueftirlitið ekki gert athugasemdir við það og starfsaðstaðan hafi verið tekin út af Vinnueftirlitinu þ.4.3.2013 og engar athugasemdir gerðar. Þá vísar V til þess vegna atviksins þ. 21.12.2012 að ekki hafi verið ljóst að M hafi orðið fyrir áverka og hafi O síðan hlutast til að starfsaðstaðan var tekin út af Vinnueftirlitinu eftir að M tilkynnti um óhöppin.

Álit.

Ekki er ágreiningur um málsatvik. Af hálfu M er ekki sýnt fram á að aðstæður á vinnustað hafi verið óviðunandi eða ábótavant með þeim hætti að leiði til skaðabótaskyldu O. Þá hefur ekki verið sýnt fram á það eða rennt stöðum undir þær staðhæfingar M að vinnuaðstaða hafi verið með þeim hætti að farið hafi í bág við ákvæði laga og reglugerða. Ekkert liggur því fyrir í málinu sem sýnir fram á saknæma og bótaskylda háttsemi O. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu O hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu O hjá V.

Reykjavík 3.6.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 128/2014**M****og****vátryggingafélagið X v/ vatnstjónstryggingar fasteignatryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna vatnsskemmda.****Gögn.**

59. Málskot, móttakið 29.4.2014, ásamt fylgigögnum.

60. Bréf X, dags 13.5.2014, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Helgina 6.-7. apríl 2013 tók V, eigandi íbúðar í fjölbýlishúsi, og eiginmaður hennar eftir bólgu á vegg fyrir framan svefnherbergi íbúðarinnar niðri við gólfíð sem var lagt með parketi. Voru langbrúnir parketsins farnar að lyftast upp vegna raka sem hafði safnast saman undir þeim. Þá voru tæp þrjú ár liðin frá því V keypti íbúðina af byggingaraðila hússins.

Með matsgerð dómkvaddis matsmanns, dags. 23. nóvember 2013, var m.a. lagt mat á þær skemmdir sem orðið höfðu á eigninni og orsakir þeirra. Í matsgerðinni (bls. 18) kemur fram að rakaskemmdir séu á veggjum íbúðarinnar á nánar tilgreindum stöðum og líkur séu til þess að afmarkað atvik, eitt eða fleiri, hafi valdið því að vatn barst undir gólf í baðherbergi sem sé ekki þétt í samræmi við byggingarreglugerð og hafi valdið skemmdum á veggjum. Sé gólfíð í faglegum og tæknilegum skilningi gallað vegna þessa. Til að bæta úr þurfi að gera gólf vatnspétt. Er í matsgerðinni svo gerð nánari grein fyrir því hvernig að úrbótunum skuli staðið. Þá kemur fram í matsgerðinni (bls. 19) að líkur séu til þess að dökkur litur á endum parketborða meðfram veggjum stafi af uppgufun á byggingarraka frá steypu og ílögn og/eða lekavatni frá baðherbergisgólf. Þar segir einnig að rifur á parketstöfum og vinding megi skýra með innþornun á viðnum vegna gólfhitakerfis sem er í íbúðinni. Ekki séu merki um að parket sé skemmt af raka eða vatni.

M, húsfélag fjölbýlishússins, hafði í gildi fasteignatryggingu hjá X. Hefur M krafist þess að skemmdir sem urðu í íbúð V samkvæmt framangreindu fáist bætt úr vatnstjónstryggingu A sem er sérstakur vátryggingarliður í fasteignatryggingunni. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt gögnum málsins verður að telja óumdeilt að M hafi gert vátryggingarsamning við X um fasteignatryggingu og þar með vatnstjónstryggingu þá sem er til skoðunar í máli þessu. Telst M því vera vátryggingartaki. Í inngangi í vátryggingarskilmálum fasteignatryggingarinnar kemur fram að vátryggðir séu þinglýstir eigendur hinnar vátryggðu eignar eða eignarhluta. Ekki verður annað ráðið af gögnum málsins en að skemmdir þær sem hér um ræðir séu bundnar við eignarhluta V í húsinu. Verður því að líta svo á að hún sé vátryggð og eigi af þeim sökum kröfu um bætur úr vátryggingunni vegna þess tjóns sem varð í íbúð hennar, sbr. 2. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Þótt málsaðild sé hagað með þeim hætti sem raun ber vitni verður ekki talið að það standi því í vegi að málið verði tekið til efnismeðferðar fyrir nefndinni.

Í 1. gr. vátryggingarskilmála vatnstjónstryggingar í fasteignatryggingu þeirri sem M hafði í gildi hjá X þegar tjónið varð eru í þremur stafliðum talin upp þau tjónstilvik sem bætast úr vátryggingunni. Samkvæmt a. lið bætir vátryggingin skemmdir á vátryggðri húseign sem eiga upptök sín innan veggja hússins og stafa eingöngu af ófyrirsjáanlegum, skyndilegum og óvæntum leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennslislögnum hennar. Þá bætist úr vátryggingunni

samkvæmt b. lið m.a. tjón sem verður þegar vatn flæðir úr hreinlætistækjum vegna mistaka eða skyndilegra bilana á þeim. Önnur tjónstilvik samkvæmt greininni koma ekki til álita í máli þessu.

Um það þarf vart að deila að tjón það sem varð í íbúð V megi rekja til vatns sem barst upp í íbúðina um leiðslur hússins. Það eitt dugir þó ekki svo um vátryggingaratburð sé að ræða sem leiðir til bótaskyldu úr vátryggingunni. Til að svo geti orðið verður atburðurinn að vera rakinn til einhverra þeirra tjónstilvika sem talin eru upp í 1. gr. skilmála vatnstjónstryggingarinnar. Af áðurnefndri matsgerð dómkvadds matsmanns verður ekki annað ráðið en tjónið megi rekja til galla í baðherbergisgólfi íbúðarinnar sem ekki hafi verið þétt í samræmi við byggingarreglugerð. Hvorki af matsgerðinni né öðrum gögnum málsins verður ráðið að tjónið verði rakið til annarra atvika af völdum þess vatns sem barst upp í íbúðin um leiðslur hússins. Í ljósi þessa verður ekki talið að skemmdirnar stafi af ófyrirsjáanlegum, skyndilegum og óvæntum leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennislögnum hússins. Þá verður heldur ekki séð að tjónið hafi orðið við það að vatn hafi flætt úr hreinlætistækjum vegna mistaka eða skyndilegra bilana á þeim. Að þessu virtu telst tjón það sem varð á íbúð V ekki bótaskyld úr vatnstjónstryggingunni.

Niðurstaða.

Tjón af völdum skemmda í íbúð V bætist ekki úr vatnstjónstryggingu í fasteignatryggingu hjá X.

Reykjavík, 3. júní 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 129/2014**M
og
vátryggingafélagið X v/ slysatryggingar launþega.****Starfsmaður varð fyrir meiðslum er hann var að losa fleyg á móti í verksmiðju.****Gögn.**

61. Málskot, móttakið 30.4.2014, ásamt fylgigögnum.
62. Bréf X, dags 23.5.2014, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 14.5.2013 vann M við að losa fleyg á móti í verksmiðju V. Samkvæmt því sem fram kemur í tjónstilkynningu vegna atviksins þurfti M að taka töluvert á til að losa fleyginn. Það hafi tekist í þriðju tilraun og í sömu andrá hafi hann fundið nístandi verk í hægri öxlinni, svo mikinn að hann svitnaði.

M hefur krafist bóta úr slysatryggingu launþega sem V hafði í gildi hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt 1. gr. vátryggingarskilmála þeirra sem gilda um slysatryggingu launþega hjá X greiðir félagið bætur vegna slysa sem vátryggður verður fyrir eins og greinir í skilmálunum, vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun. Þá segir í greininni að með orðinu „slys“ sé átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist án vilja hans. Eins og atvikum er lýst í fyrirliggjandi gögnum verður ekki annað ráðið en M hafi orðið meiðslum í hægri öxl er hann með eigin líkamsátaki reyndi losa fleyginn. Enginn utanaðkomandi atburður varð þess valdandi að hann hlaut meiðslin. M varð því ekki fyrir meiðslunum vegna slyss eins og það hugtak er skilgreint í vátryggingarskilmálunum. Af því leiðir að hann á ekki rétt á bótum úr slysatryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega hjá X.

Reykjavík, 10. júní 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 130/2014
M og
V1 v/ bifreiðarinnar A og V2 v/ bifreiðarinnar B.

Ekið aftan á bifreið á Vatnsendavegi 19. febrúar 2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið 2. maí 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V1 dags. 20. maí 2014.
3. Bréf V2 dags. 23. maí 2014 ásamt gögnum.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu kemur fram að þegar M ók bifreið A austur Vatnsendaveg var henni ekið aftan á bifreið B. Engin lýsing var á veginum og veður var slæmt. Af gögnum málsins má ráða að ágreiningur sé um staðsetningu bifreiðar B þegar áreksturinn varð. Þ.e. hvort bifreiðinni hafi verið lagt inni á veginum eða utan hans, en í skýrslu ökumanns bifreiðar B kemur fram að hún hafi skilið bifreiðina eftir vegna bensínleysis skömmu fyrir áreksturinn. Ekki er ágreiningur um að bifreið B var ljóslaus og ekki var varúðarþríhyrningur á veginum. Í lögregluskýrslu kemur einnig fram vitnisburður vitnis sem ók framhjá bifreið B um kl. 19:30 er á þá leið að bifreið B hafi staðið að mestu leyti inni á veginum. Í gögnum málsins kemur einnig fram að ökumaður bifreiðar B hafi fyrst skilið bifreiðina eftir vegna bensínleysis um kl. 19 en komið aftur að henni um kl. 20 ásamt unnusta sínum og föður til að reyna að setja bensín á bifreiðina en það hafi ekki tekist vegna veðurs. Þá hafi þau, á þeim tíma, ýtt bifreiðinni alveg út fyrir veginn. Áreksturinn hafi síðan orðið eftir það.

M telur að ökumaður bifreiðar B hafi sýnt stórkostlegt gáleysi með því að skilja bifreið A eftir þannig að augljós hættu skapaðist fyrir umferð um veg þar sem engin lýsing var og skyggni slæmt vegna veðurs. M vísar á bug skýringum ökumanns bifreiðar B um aðra staðsetningu bifreiðarinnar en vitni ber um.

V1 telur að ökumaður bifreiðar B hafi brotið gegn 30. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 með því að skilja bifreið sína eftir án varúðarráðstafana. Einnig hafi verið dragfór eftir bifreið A inni á akbrautinni sem bendi til þess að áreksturinn hafi orðið inni á henni en ekki utan hennar. V2 telur að ökumaður B hafi sýnt fram á að hún hafi gert nægar varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir hættu þegar hún þurfti að skilja bifreið sína eftir utan við veg vegna bensínleysis.

Álit.

Í máli þessu er ágreiningur um sakarskiptingu vegna árekstur milli bifreiðanna A og B. Ljóst er af gögnum málsins að bifreið A, sem M ók, var ekið aftan á bifreið B sem var mannlaus og yfirgefin. Framburður M í lögregluskýrslu bendir til þess að hann hafi misst stjórn á bifreið sinni og síðan lent aftan á bifreið B. M hefur gefið aðrar skýringar í frekari skýrslum þannig að hann hafi ekið aftan á bifreið B og síðan misst stjórn á bifreið A. Með vísan til þessa verður sönnunarbær lögð á M um að ökumaður bifreiðar B hafi skilið þannig við bifreið sína að það hafi skapað hættu fyrir umferð um Vatnsendaveg. Þó vitni hafi borið um staðsetningu bifreiðar B inn á vegi um kl. 19:30 á tjónsdegi er ekki hægt að líta framhjá skýringum ökumanns bifreiðar B um að hann hafi fært bifreiðina út af veginum eftir að hafa reynt að koma bensíni á hana. Þessar skýringar eru studdar með vitnisburðum tveggja vitna. Þó þau vitni séu unnusti og faðir ökumanns bifreiðar B verður að líta svo á að kvittun fyrir viðskiptum föður hennar á bensínstöð í nágrenninu um kl. 20 gefi vitnisburðinum trygga stoð. Verður því niðurstaða málsins byggð á því hvort nægilega sé sannað að frágangur bifreiðar B hafi verið inni á akbrautinni en ekki utan hennar eins og hún hefur borið um sem og umrædd tvö vitni. Gegn skýrslum þeirra og sönnunargögnum verður ekki lagt til

grundvallar að áreksturinn hafi orðið inni á akbrautinni og verða dragför á akbrautinni ekki talin breyta þeirri niðurstöðu. Verður því öll sök lögð á M sem ökumann bifreiðar A fyrir að hafa misst stjórn á bifreið sinni og ekið aftan á bifreið B.

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðar A ber alla ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 10. júní 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 131/2014
M og
V v. kaskótryggingar A.

Umferðaróhapp á Strandgötu í Hafnarfirði þ. 24.3.2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 25.4.2014
2. Bréf V dags. 27.3.2014 áamt fylgiskjölum 1-3.

Málsatvik.

M ók A eftir Strandgötu í Hafnarfirði þar sem hámarkshraði er 15 km. á klukkustund. A var ekið á 6 steypa stólpa við akbrautina. Ökumaður A segist hafa ekið á um 40 km.hraða í umrætt sinn og bleyta hafi verið í hjólförnum og þess vegna hafi hann misst stjórn á A og ekið á stólpana. V krefst bóta úr kaskótryggingu sinni hjá V. V telur að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi við stjórn A í umrætt sinn með því að hafa ekið langt yfir leyfðum hámarkshraða og þess vegna misst stjórn á A. V telur með hliðsjón af þessu rétt að skerða bætur úr kaskótryggingunni til M um 50% sbr. gr. 3.2. í váttryggingarskilmálum sbr. 2. mgr. 27. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

Álit.

Ekki liggur fyrir miðað við gögn málsins sönnun á því að M hafi í umrætt sinn ekið með það vítaverðum hætti og með því sýnt af sér stórkostlegt gáleysi, þannig að leiði til lækkunar eða brottfalls bótaskyldu V vegna þess tjóns sem hér ræðir um. M á því rétt á bótum án skerðingar úr kaskótryggingu sinni vegna A hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr kaskótryggingu sinni vegna A hjá V.

Reykjavík 10.6.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 132/2014
M og
V v. brunatryggingar lausafjár.

Skáli í Bláfjöllum eyðilagðist í bruna. Ágreiningur um bótafjárhæð. Þ. 9.11.2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 6.5.2014 ásamt fylgiskjölum 1-4
2. Bréf V dags. 30.5.2014.

Málsatvik.

Skáli í eigu M eyðilagðist í bruna og krefst M þess að fá bætur úr smíðatryggingu hjá V. M var með smíðatryggingu á skála í Bláfjöllum hjá V frá 1.9.2009 til 31.8.2012, en frá 1.9.2012 var M með lausafjártryggingu vegna sama skála þar sem V skipti einhliða um tryggingu vegna skálans og ekki verður séð að V hafi tilkynnt M um þessa breytingu. FME hefur gert athugasemdir við að M voru ekki veittar viðeigandi upplýsingar sbr. 2. mgr.15. gr. og einnig 6. gr. laga nr. 56/2010 um váttryggingastarfsemi. V hafnar bótaskyldu og segir að skálinn hafi verið verðlaus vegna ástands hans og kröfu um flutning þar sem engin lóðarréttindi voru til staðar. M hafnar því að skálinn hafi verið verðlaus og vísar m.a. til mats á virði efnis í húsinu frá einni af stærstu byggingarvörverslunum landsins. V viðurkennir að hafa skipt einhliða um tryggingu en heldur því fram að tryggingarvernd M hafi ekki verið lakari eftir breytinguna en fyrir hana og hafi umræddur skáli verið tryggður vegna bruna í bæði smíða og lausafjártryggingu V. V segir að ekki sé deilt um bótaskyldu og V hafi þegar greitt ákvæðna fjárhæð vegna skoðunar og hreinsunar eftir brunann. V segir að hins vegar sé deilt um bótafjárhæð í málinu og samþykkir ekki að Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum úrskurði um fjárhæð bóta.

Álit.

Ekki er ágreiningur um bótaskyldu í máli þessu. V hafnar því að úrskurðarnefnd í váttryggingarmálum úrskurði um fjárhæð bóta, en ágreiningur í málinu varðar það efni. Í 2. mgr. 3.gr. samþykta um störf Úrskurðarnefndar í váttryggingarmálum sbr. auglýsingu nr. 1090/2005 segir: "Nefndin úrskurðar um bótafjárhæðir að fengnu sérstöku samþykki allra málsaðila." Í máli þessu liggur fyrir að V hafnar því að Úrskurðarnefndin úrskurði um bótafjárhæð og er málinu því vísað frá nefndinni með vísan til ofangreinds ákvæðis samþykta nefndarinnar. Ekki er því forsenda til frekari umfjöllunar um málið.

Niðurstaða.

Máli þessu eru vísað frá úrskurðarnefnd í váttryggingarmálum.

Reykjavík 19.6.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 133/2014**M****og****vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar líkamsræktarstöðvar.****Kona varð fyrir meiðslum er hún féll í gólf líkamsræktarstöðvar.****Gögn.**

63. Málskot, móttekið 6.5.2014, ásamt fylgigögnum.

64. Bréf X, dags 2.6.2014, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 12. nóvember 2012 var M að iðka svonefnt „Fit Pilates“ undir leiðsögn þjálfara í líkamsræktarstöðinni V. Mun M hafa verið „að rúlla fram á bolta og höndin skrikaði á hálum bletti á gólfinu og öxl brotnaði.“ M kveður slysið mega rekja til bleytu á gólfinu, en bleyta hafi fengið að liggja á gólfinu vegna vanrækslu við gólfþrif í líkamsræktarstöðinni. Eftir vitni, sem hafi verið með M í tímanum, er haft að gólfíð í salnum umræddan dag hafi verið „extra“ sleipt og haft orð á því við stúlku sem hafi verið að kenna hópnum. Einhver hafi þá sagt „að það gæti bara verið sviti á gólfinu síðan í tímanum á undan.“

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Af gögnum málsins þykir ekki hafa verið sýnt fram á að slysið verði rakið til ófullnægjandi skipulags við þrif á gólfi salarins sem M slasaðist í. Vera kann að bleyta hafi myndast á salargólfinu vegna svita frá þeim sem þar voru við íþróttaiðkun. Þótt nauðsynlegt kunnir að vera að þurrka upp slíka bleytu svo fljótt sem unnt er til að draga úr hættu á hálkumyndun verður ekki talið að leitt hafi verið í ljós með nægilega skýrum hætti að starfsmönnum V verði kennt um að ekki hafi verið búið að þurrka upp bleytuna áður en M varð fyrir slysinu eða það verði að öðru leyti rakið til atvika sem V getur borið ábyrgð á. Líkamstjón M fæst því ekki bætt úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 19. júní 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 134/2014**M****og****vátryggingafélagið X v/ starfsábyrgðartryggingar byggingarstjóra.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna rakaskemmda í byggingu sem reist var 2003-2004.****Gögn.**

65. Málskot, móttakið 30.4.2014, ásamt fylgigögnum.

66. Bréf X, dags 23.5.2014, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Fjölbýlishúsið A mun hafa verið byggt á árinu 2003 og tekið í notkun 4. febrúar 2004. Byggingarstjóri við byggingarframkvæmdirnar var B og byggingaraðili var D. Með kaupsamningi, dags. 30. nóvember 2012, var A seld fyrirtækinu E, en E mun hafa sameinast M í maí 2013 og í kjölfarið mun M hafa orðið eigandi eignarinnar. Lokaúttekt á eigninni hefur ekki farið fram.

Um sumarið 2013 mun M hafa ákveðið að skipta um gólfefni á tilteknum íbúðum hússins, en þá munu hafa komið í ljós rakaskemmdir meðfram gólfsíðum gluggum í húsinu. Aflaði M skýrslu verkfræðistofunnar F um ástand hússins með tilliti til frágangs með gluggum og svalalokunum í húsinu. Í ástandsskýrslu F, sem dagsett er í september 2013, kemur fram í 2. kafla sem ber heitið „Almenn lýsing“ (bls. 2) að borið hafi á leka inn með gólfsíðum gluggum að neðanverðu. Rifið hafi verið frá glugga að innan í íbúð 201 og þá komið í ljós „að engin þétting var með glugga né rakavörn. Steypt gólfplata nær ekki út fyrir glugga og er glugginn festur í hliðarvegg. Klætt er að utan með bárujárnri og er málm-vatnsbretti yfir glugga að neðan. Glugginn er um 5 cm fyrir ofan steypa gólfplötu og var frágangslisti þar á milli.“ Þá segir einnig í skýrslunni að á svölum sé „glugginn festur ofan á svalagólfplötu en engin þétting er með glugganum að neðanverðu né rakavörn að innanverðu. Einnig er þess getið að samkvæmt samþykktum teikningum arkitekts megi sjá að gert sé ráð fyrir að gólfplata nái út fyrir glugga og það sama megi sjá á samþykktum burðarþolsteikningum. Engin deili séu þó til af frágangi glugga hjá byggingarfulltrúa.

Í kafla 2.2 í skýrslunni sem ber heitið „Gluggar og hurðir“ (bls. 3-4) kemur fram, hvað suðurhlið hússins varðar, að gluggar séu timburgluggar úr furu og klæddir að utan með áli. Vatnsbretti að utan nái niður fyrir bárujárnsklæðningu. Glugginn sé festur í lóðréttan útvegg en engin festing sé að neðanverðu. Einangrað sé með steinull á milli en ekkert rakavarnarlag sé til staðar. Lekið hafi inn með glugganum og valdið skemmdum. Þá hafi klæðning/álfellur verið fjarlægðar frá gluggum með hliðum og komið í ljós að þéttingum hafi einnig verði ábótavant á öðrum stöðum. Við skoðun hafi mátt sjá að einungis þéttipulsu (bakfyllingu undir kíttri) hafði verið troðið á milli karms og steypu á lóðréttum hlutum glugga. Á þeim stöðum þar sem gluggar ná saman fyrir efri og neðri hæð sé einungis ál-fella sem þétti á milli þeirra (U-skúffu). Þegar klæðning var opnuð hafi mátt sjá að gluggar sitja á plötubrún en þéttingu hafi vantað. Þá hafi vantað einangrun á milli glugga. Varðandi norðurhlið hússins séu gluggar þéttir í ytri brún steypu með tjöruborða („ilmod eða sambærilegt“) sem þenst út við hita. Víða megi sjá að borðinn sé laus og auðvelt að koma járnsgarblaði eða tommustokk á milli tjöruborða og steypu. Viðloðun tjöruborðans við steypu virðist því mjög léleg, að því er segir í skýrslunni, auk þess sem borðinn nái illa saman í kverkum. Finna megi glugga á norðurhlið hússins þar sem borðann vanti alveg og þar megi einnig sjá að engin einangrun sé á milli glugga og steypu. Ekki liggja fyrir hvernig þétt hafi verið með gluggum að innanverðu en álfellur séu yfir þeim glugga sem skoðaður var. Samkvæmt kostnaðaráætlun í skýrslunni nemur kostnaður við að lagfæra það sem er ábótavant 8.105.000 krónum.

M hefur krafist bóta úr starfsábyrgðartryggingu B hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingunni og vísað í þeim efnum til fjögurra nánar tilgreindra atriða, þ. á m. að krafan sé fyrnd.

Álit.

Ekki virðist um það deilt að byggingarframkvæmdum við A hafi lokið 4. febrúar 2004 og þá hafi eignin verið tekin í notkun. Framkvæmdum við þéttingu glugganna átti að vera lokið á því tímamarki, en krafa M byggir á því að B hafi orðið á mistök í störfum sínum í tengslum við þá framkvæmd. Sá váttryggingaratburður sem M byggir kröfu sína á í máli þessu varð því eigi síðar en 4. febrúar 2004, enda var ábyrgðartrygging sú sem B hafði hjá X þá í gildi. Þá voru enn fremur í gildi lög nr. 20/1954 um váttryggingarsamninga og verður að telja að þau gildi um váttryggingarsamning þann sem hér er til skoðunar. Samkvæmt 29. gr. þeirra laga fyrnast kröfur, sem rísa af váttryggingarsamningi, á 4 árum frá lokum þess almanaksárs, er kröfuhafinn fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar. Kröfur um greiðslu bóta eða váttryggingarfjárhæðarinnar fyrnast þó í síðasta lagi á 10 árum frá því að váttryggingaratburðurinn gerðist. Þar sem meira en 10 ár eru liðin síðan váttryggingaratburðurinn gerðist og ekki verður séð af gögnum málsins að fyrningu hafi verið slitið telst krafan fyrnd. Þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt til bóta úr starfsábyrgðartryggingu B hjá X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu B hjá X.

Reykjavík, 10. júní 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 135/2014**M
og V v/ slysatryggingar launþega S.****Tilkynningafrestur laga um vátryggingarsamninga vegna slyss 3. maí 2011.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 12. maí 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 30. maí 2014.

Málsatvik.

Tilkynnt var um slys M til V þann 2. október 2013 þar sem tjónsatvikinu var þannig lýst að hún hafi klemmst með vinstri þumal í hurð kælis. Slysið hafði átt sér stað rúmum tveimur árum áður eða 3. maí 2011. Ágreiningur lýtur að því hvenær M hafi vitað um atvik að baki kröfu sinni í skilningi 1.mgr. 124.gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Þar kemur fram að vátryggður hafi eitt ár til að tilkynna um tjón sitt frá þeim tímapunkti. Í áverkavottorði kemur fram að á tjónsdegi hafi M verið greind með brotinn þumal sem hafi leitt til þess að hún hafi þurft þumalspelku í þrjár vikur og ekki ráðlögð vinna á meðan. Í einu öðru læknisvottorði sem lagt er fram í málinu kemur fram að M hafi sennilega verið óvinnufær í um 5 vikur en ekki áætlað að hún hafi framtíðar óþægindi vegna þessa.

M telur að hún hafi ekki vitað um atvik að baki kröfu fyrr en hún hafi mátt gera sér grein fyrir því að hún hafi orðið fyrir varanlegu líkamstjóni vegna slyssins og það hafi ekki verið fyrr en í árslok ársins 2012. Þegar M losnaði úr þumalspelku sumarið 2011 hafi henni verið ráðlagt að gera æfingar þannig að henni hafi ekki verið ljóst þá strax hvort hún hefði orðið fyrir varanlegu líkamstjóni. Einnig vísar M til þess að vinnuveitandi hennar hafi ekki kynnt henni reglur um tilkynningarfresti.

V telur að M hafi mátt vita um atvik að baki kröfu sinni í skilningi 124. gr. umræddra laga sumarið 2011 en engin læknisfræðileg gögn liggja fyrir um líkamstjón hennar eftir þann tíma.

Álit.

Ljóst er af gögnum málsins að meðferð við líkamstjóni M, sem fólst í því að hún brotnaði á þumli, tók mið af því að eftir um þriggja vikna meðferð með þumalspelku ætti hún að gera æfingar til þess að liðka þumalinn. M var sennilega óvinnufær vegna áverkans í um fimm vikur. Engin gögn liggja fyrir um meðferð eða líðan hennar eftir þann tíma. Til þess að sýna fram á að atvik að baki kröfu M hafi ekki verið ljós fyrr en í lok árs 2012 þurfa að liggja fyrir sönnunargögn sem styðja þá staðhæfingu. Á meðan þau liggja ekki fyrir verður að telja, m.v. fyrirliggjandi gögn, að líkur séu á því að M hafi mátt gera sér grein fyrir atvikum að baki kröfu sinni á árinu 2011. Var því tjónstilkynning til V of seint fram komin í október 2013 m.v. ákvæði 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr slysatryggingu launþega hjá V.

Reykjavík 19. júní 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 136/2014
M og
V v. forfallaliðar fjölskyldutryggingar.

Maður varð að hætta við utanlandsferð samkvæmt læknisráði þ. 16.4.2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 8.5.2014 ásamt fylgiskjölum 1-8
2. Bréf V dags.16. júlí 2014.

Málsatvik.

M pantaði og greiddi fyrir utanlandsferð, en þurfti að hætta við ferðina þar sem læknir ráðlagði honum það. M. M krefst bóta úr forfallalið fjölskyldutryggingar fyrir sig og eiginkonu sína vegna þessa. M byggir á því að forföll hans hafi ekki stafað af sjúkdómi heldur hafi verið um fyrirbyggjandi aðgerð að ræða. Þá byggir M á því að V sé óheimilt að gera fyrirvara í skilmálum sínum um að V sé laust úr ábyrgð vegna sjúkdóms sem sé til staðar þegar ferðakostnaður sé greiddur og því sé það ákvæði sem V byggir afstöðu sína um höfnun bótaskyldu ógilt skv. 1.mgr. 86. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. V hafnar bótaskyldu úr forfallatryggingu fjölskyldutryggingar M hjá V. V vísar til vottorðs læknis þar sem kemur fram að M sé í eftirliti og meðferð vegna hjartasjúkdóms og hafi læknirinn ráðlagt M að fresta fyrirhugaðri utanlandsferð um óákveðinn tíma af heilsufarsástæðum. V vísar til ákvæðis gr. 2.8. í váttryggingaskilmálum þar sem segir að tryggingin bæti ekki fyrirframgreiddan ferðakostnað vegna sjúkdóms sem var fyrir hendi þegar váttryggingin var tekin eða til staðar þegar ferðakostnaður var greiddur. V segir að sjúkdómur M hafi verið til staðar þegar ferðakostnaðurinn var greiddur. Þá hafnar V að 1.mgr. 86. gr. váttryggingasamningalaga eigi við um þetta tilvik þar sem hér sé um skaðatryggingu að ræða sbr. 2. mgr. 1.gr. laga um váttryggingasamninga, en ekki persónutryggingu sbr. 2. mgr. 61. gr. laganna. Tilvísun M til ákvæða 1.mgr. 86.gr. váttryggingasamningalaganna eigi því ekki við þar sem hún eigi við um persónutryggingar en ekki skaðatryggingar. V telur heimilt að undanskilja félagið ábyrgð með þeim hætti sem það gerir í váttryggingaskilmálum. Þá vísar V til þess að M hafi ekki orðið veikur skyndilega heldur sé hann haldinn hjartasjúkdómi og skilyrði skilmála tryggingarinnar um skyndileg veikindi séu ekki uppfyllt og M hafi verið undir eftirliti læknis vegna hjartasjúkdóms þegar hann greiddi fyrir ferðina.

Álit.

M var haldinn hjartasjúkdómi sem leiddi til þess að hann varð að hætta við fyrirhugaða utanlandsferð þegar hann greiddi fyrir utanlandsferðina. Læknir M taldi ráðlegt að M hætti við fyrirhugaða utanlandsferð þar sem læknirinn ákvað að setja M á önnur lyf en hann hafði áður notað eftir því sem segir í málskoti. Í gr. 2.8 í váttryggingaskilmálum þeim sem hér um ræðir segir að tryggingin bæti ekki fyrirframgreiddan ferðakostnað vegna sjúkdóms sem var fyrir hendi þegar váttryggingin var tekin eða til staðar þegar ferðakostnaður var greiddur. Fyrir liggur að M var haldinn þeim sjúkdómi sem leiddi til þess að hann varð að hætta við fyrirhugaða ferð þegar hann greiddi fyrir ferðina. Ákvæði gr. 2.8 í váttryggingaskilmálunum á því við hvað þetta tilvik varðar. Af hálfu M er á því byggt að V hafi verið óheimilt að setja undanþáguákvæði eins og um ræðir í gr. 2.8 í váttryggingaskilmálum sbr. 1. mgr. 86. gr. laga um váttryggingasamninga. Ekki verður á það fallist með M að V hafi verið óheimilt að undanskilja þau tilvik sem nefnd eru í gr. 2.8 í váttryggingaskilmálunum þar sem slíkar takmarkanir eiga ekki við um skaðatryggingar sbr. I.hluta

vátryggingasamningalaga. Einnig er bent á það að þó svo um persónutryggingu væri að ræða sbr. II.hluta vátryggingasamningalaganna gefa ákvæði c.liðar 1. mgr. 86. gr. laganna félaginu heimild til að undanskilja sjúkdóma þegar um vátryggingu er að ræða þar sem félagið aflar ekki upplýsinga um heilsufar fyrir töku vátryggingar. M á því ekki rétt á bótum úr forfallalið fjölskyldutryggingar sinnar hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr forfallalið fjölskyldutryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík 16.9.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 137/2014**M og
V vegna frjálsar ábyrgðartryggingar E.****Tjón á bifreiðum vegna notkunar gámalyftara 1. apríl 2014..****Gögn.**

1. Málskot móttakið 12. maí 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 23. maí 2014.
3. Bréf Vátryggingafélags Íslands hf. dags. 26. maí 2014.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur með skýrum hætti hvernig tjón varð á tveimur bifreiðum í eigu M, nánar tiltekið bifreiðarnar A og B. Tjónið varð þannig að starfsmaður E færði gám með gámalyftara yfir gám sem bifreiðarnar stóðu við og varð tjón á þaki bifreiðanna þegar gámurinn sem verið var að flytja lenti ofan á þeim. Stjórnandi gámalyftarans varð var við fyrirstöðu og lyfti gámnum áður en frekara tjón varð. Bifreiðar M voru staðsettar inni á hefðbundnu vinnusvæði E en í gögnum málsins kemur ekki skýrt fram að umferð annarra sé bönnuð á svæðinu með þar til gerðum merkingum.

M telur að greiða eigi bætur úr ábyrgðartryggingu E hjá V vegna tjónsins þar sem stjórnandi gámalyftarans hafi ekki gætt að sér áður en hann setti gám niður þar sem bifreiðar M voru staðsettar. Einnig vísar M til þess að starfsmenn M hafi skilið bifreiðarnar eftir á sama stað án athugasemda frá E í fjölmörg skipti áður en til þessa tjóns kom. V telur að tjónið verði að öllu leyti rakið til staðsetningar bifreiða M og þeirrar áhættu sem þeir tóku með þeirri staðsetningu, vitandi að þeir væru inni á vinnusvæði E þar sem algengt væri að verið væri að færa gáma fram og tilbaka. Starfsmönnum M hefði átt að vera ljós tjónshættan af því að skilja bifreiðar eftir bak við gám á vinnusvæði E. Vátryggingafélag M telur að sýnt sé að saknæm háttsemi starfsmanns E hafi leitt til tjónsins og ósannað að staðsetning bifreiða M hafi verið þannig að augljós tjónshætta væri af.

Álit.

Málsatvik eru skýr hvað það varðar að stjórnandi gámalyftara setti gám niður á þak tveggja bifreiða í eigu M. Verður að telja það gáleysi af hans hálfu að hafa ekki athugað hvort hægt væri að setja gáminn niður á þann stað sem hann ætlaði án þess að valda tjóni. Það sem kemur þá til skoðunar er hvort staðsetning bifreiða M hafi verið með þeim hætti að M beri hluta tjónsins vegna meðábyrgðar. Þegar litið er til þeirra gagna sem liggja fyrir í málinu er ekki hægt að sjá með skýrum hætti að umferð annarra en vinnuvéla E sé bönnuð eða takmörkuð með afgerandi hætti. Ekki verður litið svo á að staðsetning bifreiða M hafi verið með þeim hætti að augljós tjónshætta hafi verið fyrir hendi þegar þær voru skildar eftir vegna erindis starfsmanna M í skip á vinnusvæði E. Þegar gáleysi stjórnanda gámalyftarans er vegið með háttsemi starfsmanna M telst ósannað að þeir hafi hagað sér með þeim hætti að M beri hluta tjónsins.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu E hjá V.

Reykjavík 10. júní 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 138/2014
M og
V v. innbúskaskótryggingar fjölskyldutryggingar.

Veski stolið á vinnustað. Brot á varúðarreglu þ. 29.8.2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 14.5.2014 ásamt fylgiskjölum 1-5
2. Bréf V dags. 2. júní 2014

Málsatvik.

Bakpoka M var stolið á vinnustað á stól inn af verslun sem er fremst í húsnæðinu. Í bakpokanum var kortaveski með bankakortum, ökuskírteini og ýmsum persónulegum munum. M tilkynnti um þjófnaðinn til lögreglu daginn eftir. M segir að bakpokinn hafi verið á svæði sem eingöngu sé ætlað starfsfólki og hún hafi ekki yfirgefið svæðið og það hafi hreinlega verið læðst aftan að sér þar sem hún var að svara í síma og vinna í tölvu. M krefst bóta úr innbúskaskótryggingu sinni hjá V. V hafnar bótaskyldu og segir að M hafi geymt bakpokann eftirlitslausan á stað þar sem almenningur komst að óheft og án hindrana. V vísar til greinar 5.2 og 5.3 í II kafla váttryggingaskilmála í þessu sambandi og telur að M hafi brotið gegn varúðarreglu með því að skilja bakpokann eftir eftirlitslausan á þeim stað sem hún gerði.

Álit.

M skildi bakpoka sinn eftir á vinnustað inn af verslun þar sem annað starfsfólk og jafnvel viðskiptavinir hafa aðgang að. M gerði engar ráðstafanir til að ganga frá bakpokanum tryggilega og braut með því gegn varúðarreglu greinar 5.2. í II. kafla váttryggingaskilmála sem um tryggingu hennar gilda. Hins vegar ber að líta til þess að M yfirgaf ekki svæðið þar sem bakpokinn var og þrátt fyrir að varúðarregla hafi verið brotin þykir M eiga rétt á bótum úr innbúskaskótryggingu sinni hjá V, en ber helming tjónsins sjálf vegna brots á varúðarreglu þeirri sem að ofan greinir.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr innbúskaskótryggingu sinni hjá V, en ber helming tjónsins.

Reykjavík 1.7.2014

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 139/2014
M
og V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar X.

Takmörkun ábyrgðar vegna líkamstjóns farþega með ölvuðum öikumanni 10. apríl 2011.

Gögn.S

1. Málskot móttakið 15. maí 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 16. júní 2014.

Málsatvik.

M slasaðist í umferðarslysi þann 10. apríl 2011. Ökumaður og eigandi bifreiðarinnar X lést í slysinu. Sá og M höfðu verið saman á Akureyri að skemmta sér áður en þeir ákváðu að aka af stað um klukkan 5 að morgni áleiðis til Fjarðabyggðar þar sem þeir voru báðir búsettir. Frásögn M í lögregluskýrslu er á þá leið að hann hafi ekið bifreiðinni SN 508 frá Akureyri og áleiðis austur en ökumaður bifreiðarinnar síðan tekið við akstri hennar þar sem M hafi verið orðinn þreyttur og ekki treyst sér til að aka áfram. M kveðst hafa séð öikumanninn drekka bjór fyrir um kvöldið þegar þeir óku frá Fjarðabyggð til Akureyrar þangað sem þeir komu kl. rúmlega 23 um kvöldið. Af þeirri skýrslu má ráða að þeir hafi stoppað um sex klukkustundir á Akureyri áður en þeir hófu akstur heim áleið. M kveðst hafa drukkið um hálfan bjór fyrir um kvöldið og því ekki verið undir áhrifum áfengis þegar hann ók af stað frá Akureyri eins og áður sagði. Í skýrslu M kemur einnig fram að hann hafi viljað hvíla sig rétt eftir að þeir óku framhjá Mývatnssveit en þá hafi ökumaður og eigandi SN 508 endilega viljað taka við akstrinum og viljað meina að hann hafi ekki verið undir áhrifum áfengis. M hafi síðan farið yfir í farþegasæti bifreiðarinnar og verið sofandi þegar bifreiðin lenti út af með þeim afleiðingum að hann sjálfur slasaðist og ökumaðurinn lést. Í blóði öikumansins mældust 0,66 prómill.

M telur að hann hafi ekki sýnt stórkostlegt gáleysi í skilningi 2. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 þegar hann tók sér far með öikumanni og eiganda bifreiðarinnar X þegar sá hinn sami krafðist þess að halda áfram akstri þar sem þeir voru staddir á hringvegi nr. 1 milli Mývatnssveitar og Egilsstaða, fjarri mannabyggðum. M bendir á að langur tími hafi liðið síðan hann sá öikumann bifreiðarinnar neyta áfengis og þar til hann tók við akstrinum eða um miðnætti kvöldið áður. Einnig hafi áfengismagn í blóði öikumansins verið lítið miðað við prómillmælingu og ekki hægt að fullyrða að M hafi mátt sjá áfengisáhrif á öikumanninum við þær aðstæður en sá hinn sami hafi einnig staðhæft að hann fyndi ekki til áfengisáhrifa þegar hann tók við akstrinum. Einnig vísar M til tveggja dóma Hæstaréttar í málum nr. 129/2001 og 243/2004 þar sem í báðum málum hafi verið óyggjandi að öikumenn væru undir áhrifum áfengis þegar farþegar tóku sér far með bifreiðum sem þeir óku.

V telur að M hafi sýnt stórkostlegt gáleysi með því að taka sér far með fyrrgreindum öikumanni og að það eigi að takmarka rétt M til bóta fyrir líkamstjón sitt um 2/3 hluta. V bendir á að M hafi verið kunnugt um áfengisneyslu öikumansins fyrir um kvöldið og hafi ekki átt að dyljast að hann væri ófær um að aka bifreiðinni þess vegna.

Álit.

Í gögnum málsins kemur skýrt fram að M var kunnugt um að ökumaður bifreiðarinnar sem hann var farþegi í hafði neytt áfengis fyrir um kvöldið, enda hafi M ekið fyrri hluta leiðarinnar frá Akureyri vegna þess. Sú ferð hófst ekki fyrr en kl. 5 að morgni án þess að M eða ökumaðurinn hefðu fengið nætursvefn þá nótt. Þó einhver tími hafi liðið frá því að M sá öikumanninn neyta áfengis verður að álykta af þátttöku þeirra í skemmtanalífi Akureyrarbæjar þá um nóttina, að líklegt væri að ökumaðurinn hefði neytt meira áfengis á meðan á því stóð. Þegar þeir ákváðu að

keyra áleiðis heim um kl. 5 að morgni var það enda M sem hóf aksturinn. Þó M hafi verið fjarri mannabyggðum þegar hann treysti sér ekki lengur til að halda áfram akstri bifreiðarinnar verður að telja að honum hafi ekki mátt dyljast að það að fela ökumanni bifreiðarinnar akstur hennar með þeim aðdraganda sem var, bæði áfengisneyslu hans og tíma sólarhrings, væri hættuspil. Verður sú hegðun M metin til stórkostlegs gáleysis að hafa tekið sér far með bifreiðinni áfram þegar ökumaðurinn settist undir stýri og verður ekki talið að aðstæður réttlæti þá ákvörðun M. Í ljósi þess hversu langur tími leið frá þeim tíma sem M sá ökumanninn drekka áfengi sem og lágs áfengismagnsins sem mældist í blóði ökumannsins verður hins vegar að meta háttsemina vægari en í dómfordæmum Hæstaréttar í málum nr. 129/2001 og 243/2004. Að öllum atvikum virtum er rétt að takmarka bætur fyrir líkamstjón M um helming.

Niðurstaða.

Viðurkenndur er réttur M til bóta fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X en bætur takmarkast um helming vegna stórkostlegs gáleysis hans.

Reykjavík, 1. júlí 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 141/2014
M og
V-1 v. bifreiðarinnar A og V-2 v. lyftarans B.

Árekstur milli bifreiðar og lyftara á Hafnarsvæði í Vestmannaeyjum þ. 1.4.2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.14.5.2014 ásamt fylgiskjölum 1-2
2. Bréf V-1 dags. 16.5.2014 ásamt fylgiskjölum 1-3
3. Bréf V-2 dags. 12.6.2014.

Málsatvik.

Árekstur varð milli bifreiðarinnar A og lyftarans B á hafnarsvæðinu í Vestmannaeyjum. Ökumaður A segist hafa verið að aka um hafnarsvæðið og verið upptekinn við að horfa á bát og ekki tekið eftir lyftara sem hafði stöðvað þegar hann hafi sveigt til hægri. Ökumaður A segir að lyftarinn hafi verið á vinstri vegarhelmingi. Ökumaður B segir að ökumaður A hafi verið að horfa á bát og hafi B verið kyrrstæður en þegar ökumaður B hafi séð í hvað stefndi hafi hann byrjað að bakka rétt í því að A var að nálgast. V-1 hefur viðurkennt bótaskyldu úr kaskótryggingu vegna tjóns á A en V-2 hefur hafnað bótaskyldu úr frjálstri ábyrgðartryggingu B, en M krefur í máli þessu um bætur úr þeirri tryggingu. Af hálfu V-1 er bent á að B hafi ekið frá vinstri akrein inn á hafnarsvæðið og haft A á hægri hönd. V-1 telur því að ökumaður lyftarans hafi brotið gegn 1. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 þegar hann ók eftir vinstri akrein götunnar. V-2 telur alla sök liggja hjá ökumanni A sem hafi ekið á B kyrrstæða og sýnt algjört aðgæsluleysi.

Álit.

Áreksturinn varð á hafnarsvæði þar sem brýnt er að ökumenn sýni ítrustu varkárni við akstur. Ökumaður A horfði ekki fram fyrir sig og ók þannig einhverja stund þangað til hann ók á B kyrrstæða. Ökumaður A gerði sér því enga grein hvað var fyrir framan bílinn og sýndi algjört aðgæsluleysi og ber því sök á árekstrinum. Aksturslag og viðbrögð ökumanns B eru ekki þess eðlis miðað við aðstæður að rétt sé að leggja hluta sakar á hann .

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök.

Reykjavík 1.7.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 142/2014**M****og****vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar byggingarverktaka.****Tjón í fataverslun við byggingarframkvæmdir í sama húsi.****Gögn.**

67. Málskot, móttakið 15.5.2014, ásamt fylgigögnum.

68. Bréf X, dags. 19.6.2014, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Með húsaleigusamningi, dags. 25.11.2010, tók M á leigu verslunarhúsnæði á jarðhæð í fasteignina F auk skrifstofuhúsnæðis á 2. hæð samkvæmt viðauka við húsaleigusamninginn, dags. 30.11.2010. Leigutími var til 10 ára og hófst 1.12.2010. Upphaflegur leigusali varð gjaldþrota og með kaupsamningi við þrotabú hans, dags. 20.2.2013, keypti A fasteignina. A yfirtók leigusamninginn við M að meðtöldum viðaukanum.

Fram kemur í gögnum málsins að 24. maí 2013 mun húsfundur hafa verið haldinn að F þar sem A mun hafa kynnt áform sín um breytingar á fasteigninni og að framkvæmdir myndu hefjast um haustið.

Í september 2013 gerði A verksamning við byggingarverktakann V um byggingu hótels í F og skyldi framkvæmdum að fullu lokið eigi síðar en 1.5.2014. Með bréfi af hálfu A, dags. 11.10.2013, var M tilkynnt „um fyrirhugaðar endurbætur og viðhald á sameign“ að F. Þar kom fram að þriðjudaginn 15.10.2013 yrði ráðist í að fjarlægja stiga og breyta stiga- og lyftuhúsi fasteignarinnar og niðurrifinu myndi fylgja umtalsverð röskun á umgengni á milli hæða auk þess sem endurbæturnar krefðust þess að fjarlægja þyrfti allar eigur sem geymdar eru án heimildar í stigahúsinu og/eða annars staðar í sameigninni. Með öðru bréfi af hálfu A, dags. 20.11.2013, var M m.a. tilkynnt um að vegna niðurrifs húss á baklód og breytinga á húsinu yrðu verkpallar reistir götumegin við fasteignina og „framhlið þess fjarlægð næstu daga“, auk þess sem unnið yrði við að fleyga klöpp á baklód. Vegna þess yrði allt húsið, að frátöldu verslunarrými M á 1. hæð, og port skilgreint sem byggingarsvæði (hættusvæði) og því lokað fyrir óviðkomandi umferð.

Eftir að framkvæmdir hófust í húsinu kom í ljós að þær voru ekki bundnar við sameign hússins eða stiga- og lyftuhús enda miðuðust framkvæmdirnar við að breyta húsinu í hótél. Í málskoti kveður M að hinn 23.10.2013 hafi V brotið niður vegg frá stigaganginum inn í geymslu sem tilheyrði húsnæði hans án þess að hafa kannað áður hvað hafi verið á bak við vegginn, sem augljóslega hafi legið að verslun M. Við það hafi steypa og ryk lagst yfir allan vörulagerinn og inn í verslunina og skemmt mikið magn af fatnaði.

Hinn 24.10.2013 kvartaði M til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um hávaða og rykmengun vegna framkvæmdanna. Í bréfi heilbrigðisfulltrúa til A, dags. 25.10.2013, kemur fram að sama dag hafi heilbrigðisfulltrúar farið á vettvang og staðfest að kvörtunin væri á rökum reist. Verulegur hávaði hafi verið inni í versluninni vegna framkvæmda við hlið hennar. Einnig bærist ryk á milli þilja og setjist m.a. á föt sem voru til sölu í versluninni. Var þess krafist að A sem eigandi hússins og ábyrgðaraðili framkvæmdanna gerði þegar í stað ráðstafanir þannig að hávaði og rykmengun valdi ekki ónæði.

Hinn 26.11.2013 var húsnæðið skoðað að nýju af hálfu umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur. Í skýrslu um skoðunina segir m.a. svo um aðstæður í verslunarrýminu á 1. hæð: „Þegar komið er inn á fyrstu hæð hússins, þar sem verslun og lager er til staðar, þá blasir við ryk hvert sem litið er, hiti er ekki á versluninni og loftið mettað af ryki. Göt eru komin á veggjum sem skilja að verslun og rými það, sem verið er að vinna við breytingar á.“

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá X vegna þess tjóns sem hann kveðst hafa orðið fyrir af völdum framkvæmdanna í húsinu. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt gr. 4.1. í váttryggingarskilmálum X fyrir ábyrgðartryggingu atvinnureksturs bætir váttryggingin m.a. beint munatjón þriðja manns vegna skaðabótaábyrgðar váttryggðs sem fellur á hann samkvæmt íslenskum lögum.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum er óumdeilt að í septembermánuði 2013 hófust framkvæmdir í F í því skyni að breyta því í hótél. Ekkert liggur fyrir um það að M hafi vitað eða mátt vita um umfang framkvæmdanna. Af tilkynningu þeirri sem M var send af hálfu A 11.10.2013 verður ekki annað ráðið en að M hafi mátt gera ráð fyrir að framkvæmdirnar væru bundnar við sameign hússins og stiga- og lyftuhús og þær myndu ekki hafa áhrif á verslunarrekstur hans eða valda tjóni á vörum í versluninni.

Í verksamningi á milli A og V er þess ekki getið hvernig framkvæmdum skyldi hagað með tilliti til þess að M hafði með höndum verslunarrekstur á 1. hæð og hafði jafnframt á leigu húsnæði á 2. hæð fyrir skrifstofuaðstöðu. Þá verður heldur ekki séð af gögnum málsins að M hafi í tæka tíð vitað eða mátt vita, né heldur að hann hafi samþykkt, að framkvæmdir í húsinu myndu hafa þau áhrif sem raun bar vitni í hinu leigða húsnæði. Verður samkvæmt þessu ekki annað ráðið en framkvæmdirnar hafi ekki átt að hafa áhrif á starfsemi í því húsnæði sem M hafði á leigu. V bar því að haga framkvæmdunum þannig að þær hefðu ekki áhrif á rekstur M eða vörur í húsnæðinu yrðu fyrir skemmdum. Af gögnum málsins verður að telja nægilega upplýst að eigi síðar en 23.10.2013, er fulltrúar á vegum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur skoðuðu vettvang, hafi vörur í versluninni og á lager m.a. óhreinkast af völdum ryks sem hafði borist inn í húsnæðið. Verður það rakið til þess að ekki hafi verið gerðar fullnægjandi ráðstafanir af hálfu V til að koma í veg fyrir að ryk og önnur óhreinindi bærust inn í húsnæðið. V ber því skaðabótaábyrgð á tjóni því sem varð á vörum og eftir atvikum öðrum munum í eigu M í verslunarhúsnæðinu af völdum byggingarframkvæmdanna sem V annaðist. Það tjón ber að bæta úr ábyrgðartryggingu V hjá X. Hins vegar verður ekki séð af gögnum málsins að tjón hafi orðið á lausafjármunum í eigu M í skrifstofuhúsnæðinu á 2. hæð. Verður því ekki tekin afstaða til bótaábyrgðar V vegna þess tjóns sem M kann að hafa orðið fyrir vegna skemmda sem urðu í því húsnæði.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu V hjá X vegna skemmda á lausafjármunum í verslunarhúsnæði á 1. hæð í F.

Reykjavík, 5. ágúst 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 143/2014
M og
V v. ábyrgðartryggingar sveitarfélagsins R.

Kona flæktist í rafmagnssnúru og datt og fótbrotnaði þ. 30.3.2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 15.5.2014 ásamt fylgiskjölum 1-12.
2. Bréf V dags. 22.5.2014

Málsatvik.

M var að standa upp frá skrifborði sínu á vinnustað og datt um fótaskemil og rafmagnssnúru sem voru flækt saman en fótaskemillinn lá yfir rafmagnssnúruna. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu R vinnuveitanda síns hjá V og telur að ekki hafi verið gengið frá rafmagnssnúru á fullnægjandi hátt og beri R ábyrgð á því. M vísar m.a. til laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum í því sambandi og rgl. nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum. M telur að R hafi vanrækt að uppfylla lögbundnar kröfur og athafnaskyldur og byggir á almennu sakarreglunni og meginreglum um ábyrgð vinnuveitanda á skaðaverkum sem starfsmenn valda öðrum við starfa sinn. Vinnueftirlitið segir í skýrslu um atvikið að orsök slyssins sé, að ekki hafi verið gengið frá rafmagnssnúru á öruggan hátt. V hafnar bótaskyldu og bendir á að ekki sé hægt að sjá alla atburði fyrir og í vinnuumhverfisvísi Vinnueftirlitsins fyrir skrifstofur sé ekki vikið að frágangi á rafmagnssnúrum eða staðsetningu fótaskemils. V telur að slys M hafi verið ófyrirséð og R hafi hvorki verið kunnugt um að rafmagnssnúrur væru lausar við skrifborð M né að þær væru flæktar í fótaskemilinn við skrifborðið. Þá vísar V til þess að M hafi ekki tilkynnt vinnuveitanda sínum um lausar rafmagnssnúrur og ekki sé sýnt fram á orsakatengsl milli óhappsins og þess að ekki var gert áhættumat fyrir umræddan þátt. V segir að ekki hafi sbr. framangreint verið sýnt fram á saknæma háttsemi R.

Álit.

Ekki hefur verið sýnt fram á að aðstæður á vinnustað M hafi varið óforsvaranlegar eða hættulegar þannig að leiði til bótaskyldu R í máli þessu. Þá hefur ekki verið sýnt fram á sök R eða aðila sem R ber ábyrgð á. Þegar af þeim ástæðum á M ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu R hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu R hjá V.

Reykjavík 19.6.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 144/2014

M
og
X v/ óþekkts ökutækis.

Ágreiningur um bótaskyldu af völdum óþekkts ökutækis er kona á reiðhjóli
varð fyrir meiðslum.

Gögn.

69. Málskot, móttakið 15.5.2014, ásamt fylgigögnum.

70. Bréf X, dags.23.5.2014.

Málsatvik.

Hinn 7. ágúst 2013 um kl. 14.00 kveðst M hafa orðið fyrir meiðslum af völdum óþekkts ökutækis er hún var á leið á reiðhjóli til suðurs yfir gangbraut á Hringbraut við gatnamót Ljósvallagötu og Hringbrautar. Umferð yfir gangbrautina er stjórnað með umferðarljósum. Í skýrslu sem hún gaf hjá lögreglu 9. sama mánaðar kvaðst hún hafa komið að gangbrautinni er grænt ljós logaði fyrir gangandi umferð yfir gangbrautina en rautt ljós fyrir akandi umferð. Er hún fór af stað yfir gangbrautina hafi gangbrautarljósinn byrjað að blikka og umferðarljósinn blikkað á gulu. Hún kvaðst hafa komist yfir á umferðareyjuna sem skilur að umferð til austurs og vesturs. Er hún var að fara yfir syðri akbrautina, þ.e. fyrir umferð til austurs, hafi bifreið komið þar að og hafi henni verið ekið nokkuð hratt að henni fannst miðað við að gult ljós hafi blikkað. Henni hafi brugðið mikið við þetta og taldi að bifreiðin myndi lenda á sér. Til að varna því að bifreiðin myndi lenda á sér hafi hún bremsað og reynt að setja fætur sínar í jörðina. Þegar hún reyndi það hafi hún lent með lífbein á stönginni á hjólinu þar sem stöngin hafi verið svo há. Hún hafi fengið mikinn verk við það en komist yfir götuna. Er hún var komin yfir götuna hafi hún orðið þess vör að ljósið breyttist úr því að blikka yfir í rautt ljós á gangbrautinni. M kvað umrædda bifreið hafa verið silfurlitaðan jeppling eða eitthvað í þá líkingu. Hún vissi ekki tegund eða skráningarnúmer bifreiðarinnar og gat ekki gefið lýsingu á ökumanni hennar.

Kvaðst M hafa verið með talsverðan verk en taldi að það myndi lagast. Hún hafi hins vegar verið áfram með talsverðan verk og síðan orðið þess vör að hún hafi verið farin að bóligna upp við lífbeinið og vefi þar í kring. Hún hafi farið heim til sín og tekið verkjatöflu og sett kælípoka á bólguvæðið. Það hafi ekki haft áhrif og að ráðleggingum Læknavaktarinnar hafi hún farið á bráðamóttöku Landspítalans.

Í læknabréfi frá bráðadeild spítalans kemur m.a. fram að M hafi leitað á bráðamóttökuna 7. ágúst 2013 kl. 18:05. M sé 20 ára stúlka sem sama dag hafi verið að hjóla á „racer“ hjóli og dottið á stöngina. Miklir verkir hafi verið í klofi og bólignað hratt upp á „labia majora“. Ekki var um aðra verki að ræða og hún gat losað þvag. Við skoðun kom í ljós að M var með gríðarstórt „hematoma á labia majora vinstra megin“, en ekki hafi verið að sjá skurð eða sár. Miklir verkir hafi verið við þreifingu yfir lífbeininu og niður að „sacrum“.

Hinn 15. ágúst var M vísað á kvennadeild Landspítalans til mats á því hvort skynsamlegt væri að „hleypa út hematominu.“ Í dagnótu frá kvennadeildinni þennan sama dag kemur fram að M hafi dottið á stöngina á hjóli sínu 8 dögum áður. Hafi bíll keyrt í veg fyrir hana og hún náð að forða sér undan honum með fyrrgreindum afleiðingum. Einkennum er lýst í dagnótunni, en engin aðgerð var þá framkvæmd. Í endurkoma viku síðar, eða 23. ágúst, gekkst M undir aðgerð „til að tæma út hematoma“.

M hefur gert bótakröfu á hendur X, sbr. 3. mgr. 18. gr. og 2. mgr. 20. gr. reglugerðar nr. 424/2008 um lögmæltar ökutækjatrýggingar. X hefur hafnað bótaskyldu einkum vegna þess „að ekki sé hér um að ræða slíkt orsakasamband að bótakröfu verði beint að félaginu.“

Álit.

Samkvæmt 3. mgr. 18. gr. reglugerðar nr. 424/2008 er lögð sú skylda á X vegna lagalegrar stöðu sinnar, sem nánar er gerð grein fyrir í reglugerðinni, að greiða bætur fyrir tjón sem hlýst af notkun óþekktis eða óvátryggðs skráningarskylds vélknúins ökutækis eins og nánar er kveðið á um í 20. gr. Í fyrri málsl. 2. mgr. 20. gr. er svo mælt fyrir um það að X skuli greiða tjónþola bætur fyrir líkamsáverka eða missi framfæranda vegna slyss á Íslandi ef ætla má að tjónið hafi hlotist af notkun óþekktis vélknúins ökutækis. M hefur sönnunarbyrðin um að fullnægt sé öllum skilyrðum þess að líkamstjón hennar fái bætt úr hendi X.

Svo sem að framan greinir gaf M greinargóða skýrslu um atvikið hjá lögreglu og er sú lýsing í samræmi við það sem fram kemur í gögnum frá bráðadeild og kvennadeild Landspítalans um tildrög þess að M varð fyrir meiðslum sínum, en við atvikið hlaut hún áverka á viðkvæmum stað á líkama sínum. Að virtum öllum gögnum málsins þykir mega leggja frásögn hennar til grundvallar við mat á því hvort telja megí nægilega sannað að hún hafi orðið fyrir áverkunum af völdum óþekktis vélknúins ökutækis. Verður þannig að telja nægilega í ljós leitt að óþekkt bifreið hafi komið aðvífandi austur Hringbraut í sömu andrá og M hugðist hjóla yfir syðri hluta götunnar. Hafi hún þá orðið að bremsa með bremsubúnaði hjólsins auk þess sem hún setti fæturna í jörðina til að stöðva hjólið og þannig að afstýra því að hún yrði fyrir bifreiðinni, en við það varð hún fyrir þeim meiðslum sem áður er lýst. Varð M því fyrir meiðslunum í það nánnum tengslum við akstur hinnar óþekktu bifreiðar í veg fyrir akstursleið hennar að ætla má að tjónið hafi hlotist af notkun bifreiðarinnar. Skilyrði greiðsluskyldu X teljast því vera fyrir hendi.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum vegna líkamstjóns af völdum óþekktis vélknúins ökutækis hjá X.

Reykjavík, 19. júní 2014.

Bóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 145/2014
M og
V v. ábyrgðartryggingar X.

Bárujárnsplötur fuku á bifreið þann 10. nóvember 2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið þann 19. maí 2014 ásamt fylgiskjölum.
2. Tölvupóstur V frá 12. júní 2014.

Málsatvik.

Óumdeilt er í málinu að þann 10. nóvember 2013 fuku bárujárnsplötur af byggingarsvæði X í Kópavogi á bifreið í eigu M sem lagt var í stæði við heimili hans. Ljóst er af gögnum málsins að veður var mjög vont þennan dag.

Fram kom hjá X að verkstjóri hafi, áður en óveðrið skall á, farið á byggingarsvæðið til að tryggja að ekki yrðu skemmdir á eignum annarra, þar sem veðurspáin var slæm. Hafi m.a. verið sett vörubretti, hellur og ljósastaurar ofan á bárujárnsafgangana í það miklu magni að það var talið duga. Engu að síður fuku nokkrar plötur og skemmdist bifreið M.

Álit.

Það er meginregla í skaðabótarétti að tjónþoli sem krefst skaðabóta frá öðrum aðila vegna tjóns sem hann telur sig hafa orðið fyrir verður m.a. að færa sönnur á saknæma og ólögmæta háttsemi tjónvalds.

Svo virðist sem X hafi gert einhverjar ráðstafanir en ekki liggur fyrir með nákvæmum hætti hvernig þær ráðstafanir voru. Það stendur X nær að sýna fram á nákvæmlega hvernig frágangi var háttað en hann hefur ekki gert það í þessu máli. Svo virðist sem þær ráðstafanir sem gerðar voru hafi ekki verið fullnægjandi miðað við það veður sem í vændum var. Hefði þurft að tryggja með betri hætti að bárujárnsplötur myndu ekki fjúka á nærliggjandi hluti. Verður því að álykta að X hafi sýnt af sér gáleysi með því að gera ekki nægilegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir að bárujárnsplöturnar myndu fjúka af stað.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 1. júlí 2014

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 146/2014**M****og****vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.****Dekk á hjólagröfu sprakk framan í starfsmann hjólarðaverkstæðis.****Gögn.**

71. Málskot, móttækið 15.5.2014, ásamt fylgigögnum.
72. Bréf X, dags 2.6.2014, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Að morgni 27.8.2008 var M við störf á hjólarðaverkstæði V er hann var fenginn til að gera við dekk á hjólagröfu. Er hann hafði losað felgurær og ætlaði að taka dekkið undan sprakk það og kastaðist á M. Hann mun hafa henst til við höggið og hlotið áverka í andliti auk þess að vankast og fá hálsnnykk. M leitaði á slysadeild eftir atvikið og var frá vinnu í tvo daga eftir slysið auk þess sem eftir lifði slysdagsins. Lögregla var ekki kvödd á vettvang né heldur var slysið tilkynnt til Vinnueftirlits ríkisins.

Í gögnum málsins kemur fram að M kveður að honum hafi verið tjáð að dekkið væri sprungið og því farið í það að losa dekkið undan gröfunni. Hann hafi farið á hnén og tekið felgurærnar af, en við það hafi dekkið sprungið framan í hann með fyrrgreindum afleiðingum.

Yfirmaður M gaf skýrslu hjá lögreglu rúmri klukkustund eftir slysið. Þar segir að hjólagrafa hafi komið inn á verkstæðið með kúlu á dekki sem hafi verið staðsett á milli dekkja. Þegar felgan var losuð hafi kúlan stækkað og sprungið. Við það hafi dekkið skotist á M sem hafi verið að vinna við að losa dekkið af gröfunni. M hafi fallið við og fengið dekkið ofan á sig.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu. Í tölvubréfi X til lögmanns M, dags. 15.11.2013, segir að viðskiptavinur hafi komið með hjólagröfu með tvöföldum dekkjum inn á verkstæðið þar sem grjótt hafi farið á milli dekkjanna og valdið skemmdum. Yfirmaður M hafi falið honum að gera við dekkið, en yfirmaðurinn mun sjálfur hafa staðið nærri í samræðum við gröfustjórann og orðið vitni að slysinu. M hafi losað bolta/rær af felgunni og síðan bankað eða lamið í dekkið til að losa um felguna, en við það hafi kúla á öðru dekkinu, á milli dekkjanna, sprungið með háum hveli og fallið yfir M. Þá segir í bréfinu að ekki sé óalgengt að gúlpur eða kúla myndist og gildandi verklag sé að starfsmaður kanni hvort um slíkt sé að ræða áður en dekk sé tekið af. Bil sé á milli dekkjanna og væntanlega hafi verið auðvelt að sjá kúluna og það hafi ekki átt að dyljast reyndum starfsmanni eins og M hvort dekkið væri sprungið eða ekki. Þegar kúla er á dekki eigi starfsmaður að hleypa lofti úr dekkinu áður en það er tekið af til að fyrirbyggja slys eins og varð umrætt sinn. Þá segir að M hafi mætt til vinnu eftir tveggja daga fjarveru og miðað við þær upplýsingar sem fyrir lágu um meiðsl hans hafi V ekki haft sérstaka ástæðu til að ætla að um langvinn meiðsl gæti verið að ræða og því hafi lögmælt skylda til rannsóknar ekki verið fyrir hendi.

M hefur gert þær athugasemdir að hann kveður að hjólagrafan hafi verið þannig úr garði gerð að ekki hafi verið unnt að sjá kúluna á dekkinu.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum skal atvinnurekandi án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlits ríkisins öll slys þar sem

starfsmaður verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. M var frá vinnu í tvo daga auk þess dags sem slysið varð. V bar því að tilkynna slysið án tafar til Vinnueftirlitsins. Það brást hins vegar. Í ljósi dómafordæma leiðir það til þess að V verður að bera hallann af því sem óljóst er eða telst ósannað varðandi málsatvik. Aðila greinir á um hvort M hafi verið falið að skipta um dekkið sökum þess að það var sprungið. Ekki er heldur ljóst af gögnum málsins hvort kúlan hafi verið sjáanleg á dekkinu þegar M losaði dekkið. Þá verður ekki fram hjá því litið að yfirmaður M stóð nærri honum meðan hann vann verkið og gerði engar athugasemdir við það verklag sem M viðhafði áður en slysið varð. Að öllu athuguðu verður við það að miða að M hafi verið falið að gera við sprungið dekk og honum hafi ekki mátt vera ljóst að kúla eða gúll væri á dekkinu sem síðan leiddi til þess að það sprakk og hann varð fyrir meiðslum. Er ósannað að M hafi fengið fullnægjandi upplýsingar um ásigkomulag dekksins og hann var heldur ekki varaður við af hálfu yfirmanns síns þótt tilefni hafi átt að vera til þess. Á þessu ber V ábyrgð. Ekkert í gögnum málsins gefur nægilegt tilefni til að ætla að M verði gerður meðábyrgur fyrir tjóni sínu. Líkamstjón hans telst því að fullu bótaskyld úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

M á rétt til óskertra bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 1. júlí 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 147/2014**M****og V vegna málskostnaðartryggingar fjölskyldutryggingar.****Ágreiningur um gildissvið málskostnaðartryggingar vegna stefnu dags. 18. mars 2014.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 19. maí 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 13. júní 2014.
3. Bréf lögmanns M dags. 19. júní 2014.

Málsatvik.

M gerði kröfu um bætur í málskostnaðartryggingu V vegna stefnu sem þingfest var þann 18. mars 2014. Þar er M, ásamt öðrum, stefnt til ógildingar á kaupsamningi og til greiðslu tiltekinna fjárhæða til tveggja stefnenda. Ágreining málsins má rekja til viðskipta um hlutafé í einkahlutafélaginu B þar sem M var stjórnarmaður í skv. upplýsingum frá Creditinfo.

M telur að greiða eigi bætur úr málskostnaðartryggingu þar sem ágreiningur varði hann sem einstakling og hafi ekki með atvinnu hans að gera og hafi hann ekki þegið laun fyrir stjórnarsetu. Skv. bréfi lögmanns M dags. 19. júní sl. kemur fram að M hafi setið í umræddri stjórn einungis að nafninu til. Einnig telur M að rannsókn lögreglu á málefnum tengdum félaginu B hafi ekki réttaráhrif varðandi þann ágreining sem M á í við stefnendur í einkamáli því sem höfðað hefur verið.

V telur að ágreiningur sem birtist í stefnu þeirri sem beinst að M sem einum stefnda varði atvinnu hans eða embættisrekstur og undanþáguákvæði gr. 47.3 í fjölskyldutryggingu V eigi við. V vísar þar fyrst og fremst til þess að aðild M að málinu komi til vegna stjórnarsetu hans í einkahlutafélaginu B og að seta í stjórn fyrirtækis sé hluti af atvinnu og embættisrekstri M. Einnig vísar V til þess að ágreiningur málsins varði verknað sem leiði til gruns eða ákæru á hendur M, m.v. að það liggur fyrir að málið hafi verið kært til lögreglu. Þá eigi einnig við gr. 47.9 í fyrrnefndum skilmálum sem undanskilur slíkan ágreining.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um hvort undanþáguákvæði váttryggingarskilmála eigi við varðandi ágreining M við stefnendur einkamáls er nú þegar komið fyrir dómstóla. Af gögnum málsins verður ekki annað séð en að aðild M að dómsmálinu komi fyrst og fremst til af því að hann sat í stjórn einkahlutafélagsins B, en kaupsamningur um hluta þess er einn aðalgrundvöllur ágreiningsins. Þegar metið er hvort ágreiningur varði atvinnu M verður ekki hjá því komist að líta til þess að stjórnarstörf krefjast þátttöku sem jafna má til atvinnuþátttöku eða embættisreksturs. Þá skiptir ekki máli hvort sá sem því sinnir þiggur laun eður ei. Þegar af þeirri ástæðu þykir undanþáguákvæði gr. 47.3 váttryggingarskilmálum eiga við um mál M og þarf því ekki að taka afstöðu til undanþáguákvæðis í gr. 47.9.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu fjölskyldutryggingar.

Reykjavík 19. ágúst 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 148/2014
M
og V v/ fasteignatryggingar.

Gildissvið fasteignatryggingar vegna vatnstjóns 4. janúar 2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið 19. maí 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 30. maí 2014 ásamt myndum af tjónsstað, upplýsingum um tímasetningu áritunar á vátryggingarskírteini, samriti vátryggingarskírteinis og vátryggingarskilmálum.

Málsatvik.

Tilkynnt var um vatnstjón í fasteign M þann 4. janúar 2014. Fasteignatrygging hennar hafði þá verið í gildi síðan 1. janúar sama ár. Vátryggingarskírteini ber með sé að gildissvið vátryggingarinnar sé afmarkað með stöðluðum vátryggingarskilmálum auk þess sem eftirfarandi áritun er til staðar: „undanskilin vátryggingu þessari eru öll tjón sem rekja má til lagna í suðurúttegg“. Ekki er að sjá af gögnum málsins að um það sé deilt að tjón M hafi orðið vegna lagna í suðurúttegg fasteignarinnar.

M telur að gildissvið fasteignatryggingar hennar eigi ekki að taka mið af undanþáguákvæði sem tilgreint sé á vátryggingarskírteini þar sem ósannað sé að um það hafi verið samið í vátryggingarsamningi V og M. V hafi sönnunarbyrði um hvort samið hafi verið sérstaklega á þann hátt áður en vátryggingin hafi tekið gildi og V hafi ekki sýnt fram á það með skýrum hætti að það hafi upplýst M um þetta sérstaka samningsákvæði. M telur þess vegna að V hafi vanrækt upplýsingaskyldu sína skv. 10. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 þar sem hún hafi ekki fengið upplýsingar um þetta samningsákvæði fyrr en í byrjun febrúar 2014, þegar tjónið hafði átt sér stað. V hafi því ekki uppfyllt skilyrði 10.gr. laga um vátryggingarsamninga um að afhenda vátryggingarskírteini sem uppfyllti skilyrði f.liðar umræddrar greinar þar sem kemur fram að tilgreina þurfi í vátryggingarskírteini um ákvæði vátryggingarsamningsins sem ekki komi fram í vátryggingarskilmálum. M telur að V beri hallann af því að hafa ekki upplýst M um efni vátryggingarsamningsins og megi leiða það af grundvallarsjónarmiðum í vátryggingarétti um andskýringarreglu samningaréttarins. Einnig bendir M á að ef leggja eigi umrædda áritun til grundvallar sé hún óskýr m.t.t. þess að lagnakerfi fasteignar M sé þannig uppbyggt að í öllum útteggjum séu lagnir sem tengjast öðrum lögnum og þær séu allar jafngamlar eða frá árinu 2000. Umrædd áritun sé því óskýr og beri V einnig hallann af því á grundvelli sömu skýringarsjónarmiða. Að öðru leyti telur M ljóst að bótaskylda sé fyrir hendi skv. stöðluðum skilmálum vátryggingarsamningsins.

V telur að vatnstjón M falli ekki undir gildissvið fasteignatryggingar hjá V þar sem ekki hafi verið um skyndilegan, óvæntan og ófyrirsjáanlegan leka úr vatnsleiðslum hússins að ræða sem og að tjónið yrði rakið til lagna í suðurúttegg fasteignarinnar og sérstaklega hafi verið samið um að slík tjón væru undanskilin. Auk þess vísar V til þess að vátryggingin bæti ekki tjón vegna langvarandi raka eða vatnsleka, skv. c.lið undanþáguákvæðis í 1. gr. vátryggingarskilmála.

Álit.

Ágreiningur málsins er því þríþættur, hvert sé gildissvið fasteignatryggingar M m.t.t. sérstakrar áritunar á vátryggingarskírteini, hvort ákvæði 1. gr. vátryggingarskilmála eigi við og hvort undanþága í vátryggingarskilmálum nái yfir tjón M.

Í fyrsta lagi þarf að leysa úr því hvort samið hafi verið sérstaklega um að gildissvið váttryggingar M hafi takmarkast við tjón önnur en þau sem stafa frá lögnum í suðurúttvegg fasteignar hennar. Þegar ágreiningur er um efni váttryggingarsamnings verður, auk almennra sönnunarreglna, að líta til 10. gr. laga um váttryggingarsamninga, sem eru ófrávíkjanlegt váttryggingarsamningi M við V, sbr. 3.gr. laganna. Í 1. mgr. 10. gr. kemur fram að þegar váttryggingarsamningur hefur verið gerður og ákveðið hvaða skilmálar gilda um váttrygginguna skuli váttryggingafélagið afhenda váttryggingartaka skírteini því til staðfestingar og skilmála. Í f.lið 2 .mgr. 10. gr. kemur fram að ákvæði váttryggingarsamnings sem ekki sé í váttryggingarskilmálum skuli koma fram á váttryggingarskírteini. Af gögnum málsins má ráða að skoðun á fasteign M hafi átt sér stað í desember 2013, áður en váttryggingin tók gildi. Þar hafði V tækifæri til að meta váttryggingaráhættu vegna fasteignarinnar og semja við M um gildissvið váttryggingar út frá því áhættumati. V hefur sýnt fram á með tölvugögnum að sérstök áritun hafi verið sett inn á váttryggingarskírteini vegna fasteignatryggingar í desember 2013. Hins vegar hefur V ekki sýnt fram á að umrætt váttryggingarskírteini hafi verið afhent í skilningi 10.gr. laga um váttryggingarsamninga eða að M hafi fengið sérstaklega upplýsingar um þá takmörkun á gildissviði váttryggingarinnar sem deilt er um. Í ljósi skýrs löggjafarvilja um upplýsingaskyldu váttryggingafélags skv. 10 .gr. laga um váttryggingarsamninga og undirliggjandi neytendasjónarmið verður að meta það svo að V beri hallann af því að geta ekki sýnt fram á að hafa sinnt upplýsingaskyldu sinni skv. 10. gr. gagnvart M. Verður því að telja tilvitnaða áritun á váttryggingarskírteini ekki geta haft réttaráhrif gagnvart M þann dag sem vatnstjón varð í fasteign hennar þann 4. janúar 2014.

Í ljósi þessarar niðurstöðu lýtur ágreiningur málsins í öðru lagi að því hvort gildissvið váttryggingarinnar í skilningi 1.gr. staðlaðra váttryggingarskilmála sé uppfyllt, þar sem kemur fram að váttryggingin bæti skemmdir á váttryggðri húseign sem eiga upptök sín innan veggja hússins og stafa eingöngu af ófyrirsjáanlegum, skyndilegum og óvæntum leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennslislögnum hennar. Í málinu leggur V til grundvallar að við tjónaskoðun hafi verið sjáanlegur raki við ofnarör sem gekk inn í suðurúttvegg og vísar til upplýsinga frá M rörið hafi verið farið í sundur. Í ljósi þessa verður talið nægilega sýnt fram á að leki hafi átt sér stað úr vatnsleiðslum fasteignarinnar og ekki ástæða til að efast um að skemmdir hafi orðið vegna þess að sá leki var ófyrirsjáanlegur, skyndilegur og óvæntur í skilningi 1.gr. váttryggingarskilmála.

Það reynir því á þriðja ágreiningsatriðið, þ.e. hvort undanþága í c.lið 1. gr. eigi við, þ.e. þar sem kemur fram að váttryggingin bæti ekki tjón sem hlýst af langvarandi raka eða vatnsleka. Um er að ræða sérstakt undanþáguákvæði í skilmálum váttryggingarinnar sem eru staðlaðir. Sönnunarbyrði um hvort undanþáguákvæði váttryggingarskilmála eigi við hvílir á V. Það liggur ekki annað fyrir í málinu tilvitnun í bréfi V til mats tjónaskoðunarmanns V á tilurð tjónsins. Ekki liggur fyrir mat frá óháðum matsmanni eða annað sem getur stutt staðhæfingar V um langvarandi leka. V sá ástæðu til að váttryggja hagsmuni M með fasteignatryggingu stuttu áður en tjónið varð. V verður að bera hallann af því að ekki er sýnt fram á að tjón M sé hægt að rekja til langvarandi raka í skilningi c.liðar undanþáguákvæðis 1. gr. váttryggingarskilmála. V getur því ekki borið fyrir sig umrætt undanþáguákvæði og telst M því eiga rétt á bótum vegna vatnstjóns úr fasteignatryggingu V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum vegna vatnstjóns úr fasteignatryggingu hjá V.

Reykjavík 19. júní 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 149/2014
M
og V v/ ábyrgðartryggingar E.

Skaðsemisábyrgð flugeldasölu vegna slyss 1. janúar 2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið 20. maí 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 3. júní 2014 ásamt bréfi V til lögmans M dags. 14. maí 2014 og tölvupósti frá Lögreglunni á Selfossi dags. 10. apríl 2014.
3. Bréf lögmans M dags. 12. júní 2014 ásamt skilmálum ábyrgðartryggingar atvinnurekstrar V.

Málsatvik.

Samkvæmt frumskýrslu lögregluskýrslu vegna tjónsatburðar hlaut M verulega áverka á vinstri hendi rétt eftir miðnætti á nýársnótt 2014. Í sömu skýrslu kemur fram að vitni segir þannig frá að M hafi verið að skjóta upp flugeldi þegar virtist eitthvað hafi komið fyrir flugeldinn, kúla hafi dottið af honum og þegar M hafi ætlað að henda henni í ruslið hafi kveðið við mikil sprenging. Í bréfum lögmans M er einnig haft eftir M sjálfum að hann hafi verið að skjóta upp svokölluðum peruskoteldi þegar slysið varð. Hann hafi kveikt í kveikiþræði og skoteldurinn hafi farið á loft skömmu síðar en við það hafi kúla, efsti hluti perunnar frá, og rúllað í átt til M sem tók þá upp kúluna í því skyni að henda henni í ruslið. Þá hafi hún sprungið með ofangreindum afleiðingum. Einnig kemur fram í gögnum málsins frásögn vinkonu M á sjúkrahúsi þar sem hún lýsir aðdraganda slyssins þannig að M hafi verið að reyna að skjóta upp flugeldi sem virtist bilaður og þegar hann hafi farið með hann út aftur til að reyna að kveikja í honum hafi slysið orðið. Í læknisvottorðum kemur fram að M hafi verið talinn undir verulegum áhrifum áfengis þegar hann kom á slysideild. Í gögnum málsins liggur einnig fyrir staðfesting á því að M hafi keypt flugelda hjá E þann 31. desember 2013. Einnig liggur fyrir að lögreglurannsókn vegna atviksins er ekki lokið, upplýsingar frá lögreglunni á Selfossi í tölvupósti 10. apríl sl.

M telur tjón sitt rakið til þess að flugeldur sem hann keypti hjá E hafi verið haldinn ágalla í skilningi 5. gr. laga um skaðasemisábyrgð nr. 25/1991 og E beri sem framleiðandi eða dreifingaraðili skaðabótaábyrgð vegna þess, sbr. ákvæðum sömu laga. M telur að kúla sem hafi verið á toppi flugeldsins hafi ekki átt að falla af honum, eins og hún gerði. Slíkt sé ágalli í þeim skilningi að M hafi ekki mátt vænta þess að slíkt gæti gerst og í ljósi hættueiginleika flugelda verði að telja þetta til framleiðslugalla. M telur einnig að E hafi brotið gildandi reglur um skotelda. M telur ekki unnt að bíða eftir rannsóknargögnum lögreglu áður en afstaða í málinu sé tekin og telur V bera hallann af sönnunarskorti. M telur einnig að ótvírætt sé að vátryggingarskilmálar V taki til tjóns sem þessa.

V telur að ekki sé hægt að taka afstöðu til bótaskyldu í málinu fyrr en rannsóknargögn lögreglu liggja fyrir, þar komi fram framburðir vitna, tæknirannsókn á sambærilegum flugeldum og niðurstaða blóðrannsóknar sem framkvæmd var vegna áfengismagns í blóði M. V telur, miðað við stöðu málsins, að ósannað sé að flugeldur sem E hafi haft til sölu hafi verið haldinn ágalla í skilningi laga um skaðsemisábyrgð og bendir enn fremur á 2. mgr. 6. gr. sömu laga þar sem kemur fram að tjónþola veri að sanna tjón sitt, ágalla á vöru og orsakatengsl milli ágalla og tjóns. Einnig bendir V á að í ábyrgðartryggingarskilmálum komi fram takmörkun á ábyrgð V vegna skaðabótakröfu sem stofnist vegna hættulegra eiginleika söluvöru.

Álit.

Þegar litið er til vátryggingarskilmála V varðandi tjón vegna skaðsemisábyrgðar kemur fram í 3.gr. skilmálanna að vátryggingin taki til tjóns vegna skaðsemisábyrgðar. Í undantekningarákvæði í gr. 7.4. segir síðan að vátryggingin taki ekki til „skaðabótakröfu, sem stofnast vegna hættulegra eiginleika söluvöru, sjá þó 3. gr.“ Af þessum texta verður ekki annað ráðið en að þessi undantekning takmarkist af 3.gr. skilmálanna þannig að ef sú grein á við um vátrygginguna þá gildi ekki undantekningarákvæði 7.4. Er því tilvísun V til gr. 7.4. því haldlaus.

Ágreiningur er um skaðabótaskyldu E vegna áverka sem M fékk vegna flugelds sem hann kveðst hafa keypt hjá E. Til þess að skaðabótaskylda vegna skaðasemisábyrgðar í skilningi laga nr. 25/1991 stofnist þarf vara að hafa verið haldinn ágalla. Þegar litið er til lýsinga af tjónsatburði og þeirra fátæklegu gagna sem liggja enn fyrir um tjónsatvikið telst M ekki hafa uppfyllt skyldur sínar skv. 2. mgr. 6. gr. um sönnunarbyrði. Ekki liggja fyrir nægilega ríkar sannanir fyrir því að flugeldur sá sem M var að skjóta upp hafi verið haldinn ágalla. Þegar af þeirri ástæðu verður ekki hægt að fallast á skaðabótaábyrgð E.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu E hjá V.

Reykjavík 1. júlí 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 150/2014
M og
V v. ábyrgðartryggingar ökutækis A.

Árekstur bifreiða. Líkamstjón. Orsakatengsl. þ. 6.11.2013

Gögn.

1. Málskot móttækið þ. 20.5.2014 ásamt fylgiskjölum 1-8
2. Bréf V dags. 4. júní 2014.

Málsatvik.

M ók bifreið eftir Kringlumýrarbraut og stoppaði á gatnamótum við Listabraut þar sem hún taldi ranglega að rautt ljós hefði logað og bifreiðin A ók síðan aftan á bifreið M. Ökumaður A segir að grænt ljós hafi logað og M hafi snar stoppað bíl sinn við ljósin og honum hafi ekki tekist að stöðva A alveg, þannig að árekstur hafi orðið. M telur sig hafa orðið fyrir líkamstjóni vegna árekstursins og krefst bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V. Í læknisvottorði Stefáns Dalberg dags. 5.5.2014 kemur m.a. fram að M hafi við áreksturinn þ. 6.11.2013 tagnað á hálsi sem séu meiðsli ofan í eldri meiðsli auk þess sem hún hafi hlotið tagnun á mjóbaki og báðar axlir og sé komin með axlarklemmu í framhaldi af meiðslunum. Í umræddu læknisvottorði kemur fram að læk'nirinn þekki ekki heilsufarssögu M en vísar til upplýsinga frá M um að hún hafi lent í bílslysi 1993 og 2011. M byggir á því að hún hafi slasast við áreksturinn og orsakatengsl séu á milli árekstursins og þeirra áverka sem M kvarti yfir í dag. Af hálfu M er mótmælt skýrslu Aksturs og Öryggis ehf. dags. 23.1.2014 og brotið hafi verið gegn lögum um persónuvernd nr. 77/2000 við gerð skýrslunnar auk þess sé skýrslan ómarktæk og hafi engin áhrif á sönnun í málinu. Þá vísar M til þeirra læk'nisfræðilegu gagna sem fyrir liggja en þau staðfesti að M hafi orðið fyrir líkamsmeiðslum í árekstrinum. M telur því læk'nisfræðileg gögn fullnægjandi sönnun þess að um orsakatengsl sé að ræða milli árekstursins og þeirra áverka sem M kvarti yfir í dag. V hafnar bótaskyldu og bendir á að takmarkaðar upplýsingar liggi fyrir í málinu um fyrra heilsufar M. Þá vísar V því á bug að brotið hafi verið gegn ákvæðum laga um persónuvernd við vinnslu Aksturs og Öryggis ehf. á skýrslu sinni og bendir í því sambandi á að M hafi skrifað undir "samþykki ökumanns" á tilkynningu félagsins auk þess vísar V til þess að það sé hlutverk Persónuverndar að skera úr um það hvort að lög um persónuvernd hafi verið brotin. V bendir á að bifreið M hafi verið lítið skemmd og engin tilkynning um líkamstjón ökumanns A hafi borist. Þá vísar V til þess að niðurstaða útreiknings í skýrslu Aksturs og Öryggis ehf. sýni að höggkrafturinn sem virkaði á M hafi aðeins samsvarað 4.37 km/klst og þyngdarkrafturinn samsvari 1.03g á ökutækið og teljist áreksturinn því til svokallaðra lágorkuárekstra (low impact). V segir að höggið sem M fékk hafi því ekki verið þess eðlis að hún hefði átt að þróa með sér krónísk einkenni af völdum þess.

Álit.

Af ljósmyndum af A og bifreið M má ráða að ekki hafi verið um harðan árekstur að ræða. Niðurstaða í skýrslu Aksturs og Öryggi ehf. dags. 23.1.2014 bendir til hins sama. Skýrslu Akstur og Öryggi ehf. var aflað einhliða af V og er tekið tillit til þess varðandi sönnunargildi skýrslunnar. Engra gagna nýtur við varðandi heilsufarssögu M nema frásögn hennar sjálfar og skv. þeirri frásögn þá hefur hún tvívegis hlotið líkamsáverka vegna bílslyss áður en hún lenti í slysinu þ. 6.11.2013. Miðað við læk'nisvottorð Stefáns Dalberg frá 5.5.2014 hefur M orðið fyrir líkamstjóni, en takmarkaðra upplýsinga nýtur við varðandi þá áverka í tengslum við fyrra heilsufar og ekkert

mat liggur fyrir um það hvort og að hve miklu leyti þeir verkir sem valda M vanda í dag eru orsök árekstursins þ. 6.11.2013. Miðað við fyrirliggjandi gögn verður því ekki fullyrt að orsakatengsl séu á milli þeirra verkja sem M er haldin í dag séu afleiðing af árekstrinum frá 6.11.2013. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 1.6.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 151/2014
M
og V1 v/ bifreiðarinnar A,
V2 v/ bifreiðarinnar B og Vörður tryggingar v/ bifreiðarinnar C.

Árekstur á Reykjavegi í Mosfellsbæ 4. apríl 2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið 21. maí 2014 ásamt gögnum.
2. Tölvupóstur frá Verði tryggingum hf. dags. 4. júní 2014.
3. Bréf Vátryggingafélags Íslands hf. dags. 10. júní 2014 ásamt niðurstöðum blóðsýnis og önnur gögn frá lögreglu sem ekki fylgdu málskoti.
4. Tölvupóstur frá Tryggingamiðstöðinni hf. dags. 12. júní 2014.

Málsatvik.

Samkvæmt lögregluskýrslu varð árekstur milli bifreiðanna A og B á Reykjavegi. Þegar áreksturinn varð lenti bifreiðin A á bifreið C en sú bifreið tengist ekki málinu á annan hátt en það og þannig að ökumaður hennar varð vitni að árekstri milli A og B. Áreksturinn varð með þeim hætti að bifreið A var ekið austur Reykjaveg og ætlaði að aka til vinstri inn í innkeyrslu að húsi við götuna. Ökumaður bifreiðar A kveðst hafa stöðvað og bifreið B hafi síðan verið ekið úr gagnstæðri átt á bifreið A. Ökumaður B, sem ók vestur Reykjavegin, telur að bifreið A hafi verið í veg fyrir sig og þá hafi árekstur orðið. Í gögnum málsins eru tilgreindir framburðir vitna á vettvangi. Ökumaður bifreiðar C kvaðst hafa verið stopp fyrir aftan bifreið A, sem stöðvað hafði vegna fyrirhugaðrar beygju til vinstri, þegar áreksturinn varð og kvaðst ekki hafa séð bifreið B fyrr en áreksturinn varð. Önnur vitni bera um að ljósabúnaður á bifreið B hafi verið þannig að annað hvort stöðuljós eða hazardljós hafi verið kveikt en ekki hefðbundin ljós. Í gögnum málsins kemur einnig fram að ökumaður bifreiðar B hafi verið undir áhrifum áfengis þegar áreksturinn varð. Í málinu liggur einnig fyrir skýrsla frá Aðstoð&Öryggi um niðurstöður forritsins PC-crash um ökuhraða bifreiðanna þegar árekstur varð. Þar kemur fram að hraði bifreiðar B hafi verið 62 km/klst þegar árekstur varð en aðrar bifreiðar hafi verið kyrrstæðar. Ítarlegar ljósmyndir af vettvangi liggja einnig fyrir.

M telur að það eigi að leggja alla sök á ökumann bifreiðar B vegna hraðaksturs og vanbúnaðar þeirrar bifreiðar sem og ölvunarástands ökumanns hennar. V2 telur að leggja eigi 2/3 hluta sakar á ökumann A þar sem hann hafi ekið í veg fyrir ökumann B sem eigi að bera 1/3 sakar vegna hrað- og ölvunaraksturs. V3 tekur ekki afstöðu í málinu og bendir á að vátryggingartaki þess félags, ökumaður C, sé óbeinn aðili að málinu sem snýst um sakarskiptingu á milli bifreiða A og B. V1 telur að meginhluti sakar hvíli á ökumanni bifreiðar B sem hafi haft nægt útsýni til að sjá bifreið A kyrrstæða á veginum með fyrirhugaða akstursstefnu til vinstri. Einnig bendir félagið á ástand ökumanns B sem og hraða bifreiðarinnar og ljósabúnað.

Álit.

Af gögnum málsins má ráða að bifreið A var kyrrstæð þegar árekstur varð. Einnig er ljóst að bifreið B var ekið á bifreið A þannig að sú bifreið lenti á bifreið C. Ökumaður bifreiðar C sem var í kjöraðstæðum, beint á eftir bifreið A kveður þá bifreið hafa verið komna að miðlínu vegarins þegar árekstur varð en myndir af vettvangi benda til þess að bifreið A hafi rétt verið komin yfir þá miðlínu. Ekki er hins vegar sannað að bifreið A hafi verið á ferð í vinstri beygju þannig að ökumaður hennar hafi ekið í veg fyrir bifreið B. Með hliðsjón af þessu og vitnisburði um hraðakstur ökumanns bifreiðar B og ölvunarástands hennar hvílir meirihluti sakar á ökumanni

bifreiðar B. Staðsetning ökumanns bifreiðar A var hins vegar þannig að hún skapaði að einhverju leyti hættu fyrir umferð sem kom á móti og ber ökumaður bifreiðar B því 1/3 sakar vegna þess. Ökumaður bifreiðar B ber því 2/3 hluta sakar en ökumaður bifreiðar A 1/3 hluta sakar.

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðar B ber því 2/3 hluta sakar á tjóni eigenda bifreiða A og C en ökumaður bifreiðar A 1/3 hluta sakar á tjóni eigenda bifreiða B og C.

Reykjavík 1. júlí 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Jóna Björk Guðnadóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 152/2014**M og****V v. ábyrgðartryggingar E og slysatryggingu sjómanna vegna slökkvistarfs um borð í G.****Sjómaður ofreyndi sig við slökkvistarf þ. 11.11.2013****Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 21.5.2014 ásamt fylgiskjölum 1-6
2. Bréf V dags. 13.6.2014.

Málsatvik.

M var við vinnu um borð í skipinu G þegar eldur kom upp í skipinu og tók G þátt í slökkvistarfinu. Af hálfu M er málavöxtum lýst þannig að M hafi haldið á brunaslöngu í annarri hendinni og notað hina til að halda sér í rekkverk. M segist oft hafa misst fötfestu og hangið á rekkverkinu á annarri hendinni en brunaslönguna í hinni auk þess segist M hafa þurft að færa sig á milli staða nánast eingöngu á handafli. Nokkru síðar kom eldur aftur upp í skipinu og þurfti M þá einnig að sinna slökkvistarfi nú á öðrum stað og þurfti að beita töluverðu afli við að halda brunaslöngum sem tengdar voru þrem hæðum neðar. M segist hafa orðið fyrir ítrekuðum höggum bæði í fyrir brunanum og þeim seinni og fékk slink bæði á háls og axlir. Eftir slysið var M greindur með ofreynslu og vöðvapreytu og síðar strengi í hnakka og hálsi. M krefst bóta úr slysatryggingu sjómanna og ábyrgðartryggingu E hjá V. M byggir á því að um sé að ræða tjónsburð í skilningi 23. gr. a. skaðabótalaga nr. 50/1993, þar sem ekki sér gert að skilyrði bótakyldu að um slys hafi verið að ræða. Þá vísar M til 172 gr. siglingalaga nr. 34/1985 en samkvæmt þeim ákvæðum beri E hlutlæga ábyrgð á kröfum vegna líkamstjóns M vegna slyssins. Þá byggir M einnig á því að um slys hafi verið að ræða þar sem að skyndilegir ytri þættir hafi valdið því að meiðsl urðu á líkama M. Af hálfu M er fullyrt að hann hafi verið hraustur og haft fullt þrek til leiks og starfa og í umrætt sinn hafi hann hlýtt skipunum vinnuveitanda sins og lagt sjálfan sig í mikla hættu enda aðstæður við slökkvistarfið mjög erfiðar sem hafi leitt til þess að M varð fyrir varanlegum skaða. Þá bendir M á að V hafi ekki sýnt fram á að áverkar M verði raktir til sjúkdóms. Þá er bent á af hálfu M á dóma Hæstaréttar í málunum 128/2013 og nr. 472/2011. V hafnar bótaskyldu. Af hálfu V er á það bent að í málskoti megi ráða að annars vegar sé gerð krafa í ábyrgðartryggingu E og hins vegar slysatryggingu sjómanna. V segir að á tjónsdegi hafi ekki verið í gildi frjáls ábyrgðartrygging útgerðarmanns sem taki til sjómanna og komi skaðabótaábyrgð E því ekki til skoðunar og beri að visa þeirri kröfu frá. V segir að á slysdegi hafi hins vegar verið í gildi slysatrygging sjómanna(farmenn). V segir að engin gögn beri með sér að slysaatburður hafi orsakað einkenni M heldur fremur álag og þreyta eftir slökkvistarf. Um hafi verið að ræða samfelld álag í nokkurn tíma en ekki skyndilegan atburð í skilningi slyshugtaksins. V telur því að M hafi ekki orðið fyrir slysi í umrætt sinn eins og það hugtak sé skilgreint í váttryggingarskilmálum áhafnartryggingar. Þá vísar V til þess að 23. gr. a skaðabótalaga eigi ekki við í þessu tilviki þar sem ekki sé verið að skerða bótarétt M vegna stórfellds gáleysis eða ásetnings og af dómi Hæstaréttar í máli nr. 472/2011 megi ráða að umrætt ákvæði sé ekki hlutlæg ábyrgðarregla og breyti engu um sönnunarreglur.

Álit.

Af hálfu V er upplýst að ekki hafi verið í gildi frjáls ábyrgðartrygging útgerðarmanns sem taki til sjómanna. Af þeim sökum kemur einungis til úrskurðar krafa M um bætur úr slysatryggingu sjómanna. Eins og lýst er í málavaxtalýsingu af hálfu M vann M við slökkvistarf í töluverðan tíma við erfðar aðstæður og þurfti að reyna verulega mikið á sig líkamlega við það starf. Ekki er deilt um að afleiðingarnar urðu þær að M greindist síðar með ofþreytu og ýmsa líkamlega kvilla vegna þessara miklu átaka við slökkvistarfið sem M tók þátt í sem starfsmaður E. Af hálfu M hefur þó ekki verið bent á neinn sérstakan skyndilegan utanaðkomandi atburð sem hafi orðið þess valdandi að M varð fyrir þeim líkamlegu áverkum sem um ræðir. Þau álagsmeiðsl sem M hlaut í umrætt sinn svo sem að framan er rakið var því ekki slys eins og það hugtak er skilgreint í váttryggingaskilmálum áhafnartryggingar þeirrar sem hér ræðir um. M á því ekki rétt á bótum úr áhafnartryggingu E hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr áhafnartryggingu E hjá V.

Reykjavík 3.7.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 153/2014
M og
V v. slysatryggingar skóla og barna.

Stúlka braut upp úr tönn í skólaleikfimi. Krafa um frekari bætur síðar. Fyrning. Þ.
24.5.1995.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 21.5.2014 ásamt fylgiskjölum 1-6
2. Bréf V dags. 28.5.2014 ásamt fylgiskjölum 1-4.

Málsatvik.

M var í skólaleikfimi og varð fyrir því óhappi að fara með hökuna í öxl annarrar stúlku og brjóta upp úr tönn. Gert var við tönnina og greiddi V fyrir viðgerðina. M segir að á árinu 2013 hafi hún fengið verki í tönnina og tennur við hliðna og í ljós hafi komið sýking sem sé afleiðing af högginu. Tannlæknir M segir í yfirlýsingu að líklegt sé að sá áverki á framtennur M sem hún varð árið 1995 sé orsök dreps í taug nr. 41 en engin viðgerð eða skemmd hafi verið fyrir í tönninni. Þá liggur fyrir yfirlýsing frá öðrum tannlækni um sýkingu við þá tönn sem var meðhöndluð upphaflega eftir slysið. V hafnar bótaskyldu og vísar m.a. til 13. gr. váttryggingarskilmála fyrir þá váttryggingu sem hér ræðir um, en þar sé kveðið á um að kröfur um greiðslu bóta eða váttryggingarfjárhæðarinnar fyrnist í síðasta lagi á 10 árum frá því að váttryggingaratburðurinn gerðist. Þá vísar V til 29. gr. þágildandi laga um váttryggingasamninga nr. 20/1954 um fyrningu kröfu. V bendir á að þ. 24. maí 2005 hafi tíu ár verið liðin frá því að atburðurinn varð, en það sé fyrst árið 2013 sem M hafi leitað til V um frekari greiðsluskyldu úr váttryggingunni en þá hafi verið liðin um átta ár frá því að krafa M fyrntist. Þá vísar V til dóma Hæstaréttar í málum nr. 287/2011 og 86/2013 máli sínu til stuðnings.

Álit.

Fortakslaus ákvæði í 29. gr. laga nr. 20/1954 um váttryggingasamninga og sambærilegt ákvæði í váttryggingarskilmálum um fyrningu leiða til þess að M átti ekki kröfu um frekari bætur vegna slyssins eftir 14.5.2005. M á því ekki kröfu um bætur úr slysatryggingu skóla og barna hjá V þar sem krafan er fyrnd.

Niðurstaða.

M á ekki kröfu um bætur úr slysatryggingu skóla og barna hjá V

Reykjavík 19.6.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 154/2014**M
og
vátryggingafélagið X v/ kaskótryggingar bifreiðar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns er vél bifreiðar eyðilagðist eftir útafakstur.****Gögn.**

73. Málskot, móttekið 23.5.2014, ásamt fylgigögnum.
74. Bréf X, dags. 12.6.2014, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 23.2.2014 ók M bifreið sinni, A, af gerðinni Suzuki Grand Vitara, eftir þjóðveginum við Þelamörk í Hörgárdal er bifreið var ekið fram úr svo hann varð að víkja til hliðar með þeim afleiðingum að A fór út af veginum án þess að velta. Við það kom hart högg undir A. M gat sett A í læst drif og komið henni upp á veginn. Mun A hafa verið ökufær og engin viðvörunarljós logað í mælaborði hennar að því frátöldu að „vélamerki“ hafi logað, en M taldi það ekki hættulegt þar sem það hafi oft kviknað þau ár sem hann hafi átt bifreiðina án þess að um bilun hafi verið að ræða. Eftir um sjö mínútna akstur sá M að hitamælir var „dauður“. Drap hann þá á A, en í ljós kom að vélin hafði eyðilagst.

M hefur krafist bóta úr kaskótryggingu A hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu hvað varðar tjón á vélinni.

Álit.

Samkvæmt gr. 4.4 í vátryggingarskilmálum kaskótryggingar hjá X bætir vátryggingin tjón á ökutæki vegna útafaksturs. Ekki liggur fyrir í gögnum málsins hvað beinlínis olli því að vél A eyðilagðist. Engu að síður þykir ljóst að vélin var gangfær strax eftir óhappið. Hún eyðilagðist svo eftir nokkurra mínútna akstur. Þær skemmdir urðu ekki við útafaksturinn og falla því ekki undir bótasvið vátryggingarskilmálanna. Tjón á vélinni í A fæst því ekki bætt úr kaskótryggingunni.

Niðurstaða.

Tjón M vegna skemmda á vél í A bætist ekki úr kaskótryggingu hjá X.

Reykjavík, 3. júlí 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 155/2014
M
og V v/ sjúklingatryggingar L.

Afleiðingar aðgerðar á öxl þann 19. nóvember 2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið 26. maí 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 13. júní 2014 ásamt gögnum.

Málsatvik.

M hlaut áverka á vinstri öxl þann 25. febrúar 2012 og leitaði til bæklunarlæknisins L vegna þessa 4. apríl 2012 en þá var ákveðið að bíða átekta með frekari meðferð. M leitaði til annars bæklunarlæknis í maí sama ár sem mælti með sjúkrahjálfun. Haustið 2012 leitaði M aftur til L sem framkvæmdi svokallaða Weaver-Dunn aðgerð þann 19. nóvember 2012. Í þannig aðgerð er meðal annars sett sérstök plata á viðbeinið. Í skýrslu L vegna aðgerðarinnar gekk hún fljótt og vel fyrir sig. Tveimur til þremur dögum eftir aðgerðina fann M fyrir óþægindum og leitaði til L vegna roða á aðgerðarsvæði. Eftir það hófst sýklalyfjameðferð sem af gögnum má ráða að hafi ekki lokið fyrr en í mars 2013. M var greindur með djúpa sárasykingu af smitsjúkdómalæknum sem stýrðu ofangreindri sýklalyfjameðferð. Vegna viðvarandi sárasykingar var einnig ákveðið að fjarlægja fyrrnefnda plötu af viðbeininu og var það gert í byrjun febrúar 2013. Eftir það virðist M hafa læknast af sýkingunni. Í málinu kemur einnig fram af hálfu V að ekki er ágreiningur í málinu um að orsakatengsl séu milli sýkingar þeirrar sem M fékk og aðgerðarinnar sem L framkvæmdi 19. nóvember 2012.

M telur að skilyrði 1. og 4. tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu nr. 111/2000 séu fyrir hendi og L beri skaðabótaábyrgð á grundvelli þeirra laga vegna tjóns M. Hvað varðar 1.tl. 2.gr. telur M að L hafi gert mistök í skilningi ákvæðisins en það orð verði að skilja með víðtækari hætti en almennt telst m.v. markmið laga um sjúklingatryggingu. M telur að L hafi gert mistök í þessum skilningi með því að gæta ekki ítrasta hreinlætis í aðgerðinni auk þess sem mögulega hefði verið hægt að nota aðrar aðferðir en umrædda skurðaðgerð við meðferð M. Auk þessa bendir M á að hægt sé að nota sýklalyfjameðferð strax í kjölfar aðgerðar til að draga úr líkum á sýkingu. Það hafi L hins vegar ekki gert. Einnig telur M, ef skilyrði 1. tl. 2. gr. verði ekki talin uppfyllt, að skilyrði 4. tl. 2.gr. séu uppfyllt þar sem sá tölulíður lagagreinarinnar eigi að ná til þess tjóns sem ekki er bætt á grundvelli 1.-3. tl. M hafi fengið alvarlega sýkingu sem ekki geti talist til algengs fylgikvilla við aðgerð sem þessa og í lögskýringargögnum komi fram að við mat á því tjóni sem ósannjarnt er að sjúklingar þoli bótaust verði að meta misvægi milli hversu tjónið er mikið og veikindin alvarleg. Eðli sýkingar M sé þannig að ósannjarnt sé að M þoli afleiðingar hennar bótaust sem og aðrar afleiðingar og skilyrði 4. tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu séu því uppfyllt.

V telur að ósannað sé að hægt hafi verið að beita öðrum aðferðum við meðferð M en þeirri aðgerð sem beitt var og ekki sé ljóst af gögnum málsins að hægt hefði verið að beita öðrum aðferðum við meðferð M. Ekki sé sannað að sýklalyfjameðferð meðfram aðgerð hafi verið venjuleg vinnubrögð við aðgerðir sem þessar og bendir V á hið gagnstæða í skrifum L og tilvísunum í fræðirit. Markmið aðgerðarinnar hafi öll náðst fyrir utan þá sýkingu sem hafi myndast í kjölfarið. V telur því að skilyrði 1. tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu séu ekki uppfyllt. Hvað varðar 4.tl. 2.gr. laganna leggur V fram gögn um að tíðni sýkinga í svokölluðum Weaver-Dunn aðgerðum sé 2-10% og því ekki hægt að líta svo á að sýking sé óalgengur fylgikvilli umræddrar aðgerðar. V bendir á að við mat á skilyrðum 4. tl. 2. gr. verði fylgikvillar að vera 1-2% eða minna til ósannjarnt sé að sjúklingur þoli hann bótaust. Einnig bendir V á að tjón vegna þessa sé með öllu ósannað. M hafi ekki verið óvinnufær lengur en ætla mátti vegna sýkingarinnar auk þess sem ekki sé sannað að

hann hafi varanlegar afleiðingar af aðgerðinni, frekar megi segja að ástand hans sé með sama hætti og fyrir aðgerðina. Það sé hins vegar ekki tjón í skilningi skaðabótaréttar.

Álit.

Í málinu er fyrst og fremst ágreiningur um hvort skilyrði 1. eða 4. tl. 2.gr. laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu séu uppfyllt. Það þýðir að ágreiningur er um hvort sýnt sé fram á að þau líkamlegu óþægindi sem M hefur haft vegna aðgerðar og afleiðinga sýkingar í vinstri öxl séu „að öllum líkindum“ hægt að rekja til atvika sem rakin eru í 1. eða 4. tl. 2. gr. umræddra laga.

Til þess að um bótaskyldu sé að ræða skv. 1. tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu þarf tjón að öllum líkindum að vera rakið til þess að ætla megi að komast hefði mátt hjá tjóni ef rannsókn eða meðferð við þær aðstæður sem um ræðir hefði verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði. Í máli þessu hefur ekki verið sýnt fram á að tjón M sé að öllum líkindum að rekja til atvika sem tilgreind eru í 1. tl. 2. gr. laganna þar sem ekki hefur verið í ljós leitt að hægt hefði verið að beita öðrum aðferðum en þeirri aðgerð sem L ákvað að beita við áverka M.

Þá verður að líta til 4. tl. sömu greinar þar sem kemur fram að greiða eigi bætur vegna tjóns sem að öllum líkindum hlýst af meðferð eða rannsókn og tjónið er af sýkingu eða öðrum fylgikvilla sem er meiri en svo að sanngjarnt sé að sjúklingur þoli það bóttalaust. Annars vegar skal líta til þess hve tjón er mikið og hins vegar til sjúkdóms og heilsufars sjúklings að öðru leyti. Þá skal taka mið af því hvort algengt er að tjón verði af meðferð eins og þeirri sem sjúklingur gekkst undir og hvort eða að hve miklu leyti gera mátti ráð fyrir að hætta væri á slíku tjóni.

Þegar litið er til gagna málsins í heild verður að líta til þess að mat nefndarinnar tekur mið af því að nefndarmenn eru ekki sérfróðir á sviði læknisfræði og byggja mat sitt því eingöngu á þeim gögnum sem liggja fyrir. Þegar umrædd skilyrði laga um sjúklingatryggingu eru metin verður að líta til þess sem kemur fram í frumvarpi til laga um sjúklingatryggingu um að slakað sé á almennum sönnunarkröfum skaðabótaréttarins. Hvað varðar skilyrði 4. tl. 2.gr. laga um sjúklingatryggingu koma fram í málinu gögn frá L um að líkur á sýkingu vegna aðgerða sem þessar séu 2-10%. Af lögskýringargögnum má ráða að ef fylgikvilli í skilningi 4. tl. 2. gr. er algengur er rétt að sjúklingur þoli hann bóttalaust en ef hann er sjaldgæfur séu skilyrði 4. tl. 2. gr. uppfyllt. Ekki er ljóst af sömu gögnum hvað telst algengt hlutfallslega. Miðað við þau gögn sem hér liggja til grundvallar verður að telja líkur á sýkingu í aðgerðum sem þessum það litlar að ekki sé sanngjarnt að sjúklingur þoli hana bóttalaust og á 4. tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu því við. Með þessari niðurstöðu nefndarinnar ber þó að taka fram að engin afstaða er tekin til þess hvort eða hvaða tjón hlaust af umræddri sýkingu.

Niðurstaða.

Viðurkenndur er réttur M til bóta fyrir líkamstjón vegna sýkingar úr sjúklingatryggingu L hjá V.

Reykjavík, 1. júlí 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 156/2014**M og
V v. kaskótryggingar A.****Tjón á bifreið vegna áfoks þ. 10.3.2014.****Gögn.**

1. Málskot móttækið þ.20.5.2014 ásamt fylgiskjöllum 1-4
2. Bréf V dags. 16.6.2014 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

M segist hafa ekið bifreið sinni A frá Ýdölum í Aðaldal áleiðis til Akureyrar og þegar hann hafi verið kominn að þjóðvegi 1 við Kross hafi skolið á ofsahryðja og hafi hún staðið yfir í eina til tvær mínútur með þeim afleiðingum að grjót úr vegkanti og af nálægu plani svo og lauslegt rusl, klaki, hjarn og torf hafi lent á A og bifreiðin orðið fyrir miklum lakkskemmdum. M krefst bóta úr kaskótryggingu sinni vegna A hjá V og telur að tjónið sé bótaskyldt samkvæmt váttryggingaskilmálum þeim sem um þá tryggingu gilda. V hafnar bótaskyldu og vísar til ákvæða í grein 4.8. í váttryggingaskilmálum kaskótryggingar ökutækja. V segir að í tilvitnuðu ákvæði sem með ótvíræðum hætti undanþegið bótum þegar að tjón verði á ökutæki vegna áfoks af völdum óveðurs þegar sandur, möl, aska, vikur og önnur laus jarðefni fjúka á ökutækið, en V bendir á að ekki sé þar um tæmandi upptalningu að ræða. V segir að tjónið á A hafi orðið þegar laus jarðefni fuku á A og því falli tjónið á A utan við bótasvið umræddrar váttryggingar.

Álit.

Í grein 4.8 í váttryggingaskilmálum tryggingar þeirrar sem hér um ræðir segir að váttryggingin bæti ekki skemmdir á ökutæki af völdum óveðurs, ef sandur möl, aska, vikur eða önnur laus jarðefni fjúka á það. Af hálfu M er atvikinu lýst þannig að ofsahryðja hafi skyndilega skolið á þar sem hann ók. Ekki virðist ágreiningur um að óveður hafi verið í umrætt sinn í skilningi váttryggingaskilmála. Þau efni sem M lýsir að hafi fokið á A í þessari ofsahryðju falla undir skilgreiningu greinar 4.8 í váttryggingaskilmálum um laus jarðefni. M á því ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu sinni hjá V

Reykjavík 3.7.2014

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 157/2014**M og
V-1 v. bifreiðarinnar A og V-2 v. bifreiðarinnar B.****Árekstur bifreiða við Flókagötu í Reykjavík þ. 23.1.2014.****Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 26.5.2014 ásamt fylgiskjölum 1-3
2. Bréf V-1 dags. 13.6.2014
3. Bréf V-1 dags. 18.6.2014.

Málsatvik.

Árekstur varð milli bifreiðanna A og B við Flókagötu í Reykjavík. Ökumaður A segir að ökumaður B hafi ekið bifreiðinni úr kyrrstöðu frá vegarbrún í veg fyrir A. Ökumaður B segir að hann hafi stöðvað bifreiðina vegna umferðar um akbrautina og þá hafi A ekið aftan á B.

Álit.

Ágreiningur er um málsatvik. Af takmörkuðum gögnum málsins verður ekki ráðið að forsendur séu til að leggja meiri sök á annan ökumann umfram hinn. Sök er því skipt til helminga.

Niðurstaða.

Hvor ökumaður ber helming sakar.

Reykjavík 5.8.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 158/2014**M
og
vátryggingafélagið X v/ frítímaslysátryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna tannbrots á árinu 2003.****Gögn.**

75. Málskot, móttakið 25.5.2014, ásamt fylgigögnum.
76. Bréf X, dags 12.6.2014.

Málsatvik.

Hinn 29.3.2003 brotnaði stórt stykki úr annarri framtönn M, en hann var þá á 11. aldursári. Bráðabirgðaviðgerð fór fram á tönninni. M var vátryggður samkvæmt frítímaslysátryggingu hjá X. Tjónið mun hafa verið tilkynnt X daginn eftir að það varð. Kveðst M hafa fengið þær upplýsingar hjá félaginu að það fengist ekki greitt fyrr en fullnaðarviðgerð á tönninni hafi farið fram.

Í mars 2014 fór fullnaðarviðgerð fram og í kjölfar þess var krafist bóta úr slysátryggingunni vegna kostnaðar við viðgerðina. Hafnaði X bótaskyldu með vísan til þess að krafan væri fyrnd.

Álit.

Vátryggingaratburðurinn varð í mars 2003 þegar framtönn M brotnaði. Um atvikið gilda lög um vátryggingarsamninga nr. 20/1954 sem þá voru í gildi. Samkvæmt 29. gr. laganna fyrndust kröfur sem risu af vátryggingarsamningi á fjórum árum frá lokum þess almanaksárs, er kröfuhafinn fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar. Kröfur um greiðslu bóta eða vátryggingarfjárhæðarinnar fyrndust þó í síðasta lagi á 10 árum frá því að vátryggingaratburðurinn gerðist. Þegar bóta var krafist úr frítímaslysátryggingunni voru nærfehlit 11 ár liðin frá því vátryggingaratburðurinn varð. Krafan var þá fyrnd lögum samkvæmt. Ekkert hefur komið fram í gögnum málsins sem gefur tilefni til að ætla að það hafi verið vegna atvika sem X ber ábyrgð á að bótaskylda hafi fyrst verið gerð eftir að hún fyrndist. Tjón M vegna tannbrotsins fæst því ekki bætt úr slysátryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frítímaslysátryggingu hjá X.

Reykjavík, 3. júlí 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 159/2014**M
og
váttryggingafélagið X v/ slysatryggingar launþega.****Ágreiningur um eins árs tilkynningarfrést skv. lögum um váttryggingarsamninga.****Gögn.**

77. Málskot, móttakið 23.5.2014, ásamt fylgigögnum.

78. Bréf X, dags 22.8.2014, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 30.3.2011 slasaðist M á hægri olnboga er hann féll í starfsstöð vinnuveitanda síns. Hinn 21.9.2011 leitaði M á bráðamóttöku Landspítalans vegna verks í olnboganum. Samkvæmt læknavottorði frá spítalanum kom fram að við skoðun hafi liðurinn verið eðlilegur að sjá og eðlilegar hreyfingar án álags eða mótstöðu. Vökvi hafi ekki verið í liðnum. Röntgenmynd af olnboganum hafi sýnt afrúnaðan beinflaska í liðnum sem vekur grun um eldri áverka. Útskrifaðist M til síns heima og tjáð að bæklunarlæknar muni hafa samband við hann m.t.t. frekari meðferðar og ef þetta verður meðhöndlað.

M kom til skoðunar hjá bæklunarskurðlækni 12.10.2011 eftir að ný röntgenmynd hafði verið tekin af olnboganum deginum áður. Skoðun og rannsóknir leiddu í ljós lausa beinbita í olnboganum og slæma verki við snúninga og að beita hægri hendi. M gekkst svo undir tvær aðgerðir á olnboganum hjá bæklunarskurðlæknum, fyrst speglun hinn 8.5.2012 og síðan opna aðgerð 2.12.2013. Vegna slyssins var M talinn óvinnufær 12.10. til 19.10.2011, 8.5. til 10.6.2012 og síðan 2.12.2013 til 13.1.2014.

Með tilkynningu 23.4.2013 hefur M krafist bóta úr slysatryggingu launþega hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu þar sem ársfréstur til að tilkynna um atvikið hafi verið liðinn þegar tjónstilkynningin barst.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga glatar sá sem rétt á til bóta samkvæmt slysatryggingu þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur til félagsins innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á.

Að gögnum málsins virtum, og eins og áverka þeim sem M fékk á hægri olnboga við slysið 30.3.2011 er lýst, verður að telja að hann hafi mátt gera sér grein fyrir að afleiðingar slyssins gætu orðið varanlegar eftir skoðunina hjá bæklunarskurðlæknum 12.10.2011. Þegar tilkynnt var um slysið til X 23.4.2013 var því meira en ár liðið frá því M fékk vitneskju um þau atvik sem krafa hans er reist á. Með vísan til fyrrgreinds lagaákvæðis hefur M glatað rétti sínum til bóta úr slysatryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr slysatryggingu launþega hjá X.

Reykjavík, 16. september 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 160/2014**M
og****vátryggingafélagið X v/ málskostnaðartryggingar í fjölskyldutryggingu.****Ágreiningur um túlkun undanþáguákvæðis í málskostnaðartryggingu.****Gögn.**

79. Málskot, móttakið 27.5.2014, ásamt fylgigögnum.

80. Bréf X, dags. 20.6.2014, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M og bróðir hennar hafa höfðað dómsmál á hendur tveimur aðilum, dánarbúi og einstaklingi, og gera aðallega þá dómkröfu „að stefndu verði með dómi gert að gefa út afsal hvort um sig fyrir ¼ hluta jarðarinnar, [L]... til handa stefnendum að jöfnu.“ Krafa stefnenda byggist á því að þau telja sig lögmæta eigendur hins umdeilda jarðarhluta.

M hefur krafist þess að kostnaður hennar af málsókninni fái greiddur úr málskostnaðartryggingu sem er einn þáttur fjölskyldutryggingar sem hún hefur í gildi hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt grein 25.9 í skilmálum málskostnaðartryggingarinnar bætir vátryggingin ekki málskostnað sem varðar vátryggðan sem eiganda fasteignar. Af gögnum málsins verður að telja engum vafa undirorpið að M hefur höfðað umrætt dómsmál sökum þess að hún kveður sig, ásamt meðstefnanda, vera eiganda þess hluta jarðarinnar sem deilt er um eignarhald á. Eins og hér stendur á verður að líta svo á að málareksturinn varði M sem eiganda jarðarhlutans. Með vísan til fyrrgreinds undanþáguákvæðis vátryggingarskilmálanna á hún ekki rétt á að fá greiddan málskostnað úr vátryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á greiðslu málskostnaðar úr málskostnaðartryggingu hjá X.

Reykjavík, 5. ágúst 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 161/2014**M****og V v/ frjálsrar ábyrgðartryggingar A.****Meðábyrgð tjónþola vegna vinnuslyss 16. maí 2008.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 23. maí 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 18. júní 2014 ásamt fylgiskjali með „gullnu reglum“ A.

Málsatvik.

Samkvæmt tilkynningu um slys til Tryggingastofnunar ríkisins, sem undirrituð var af M dags. 1. desember 2008, hlaut M líkamstjón í vinnuslysi þann 16. maí 2008. Líkamstjónið varð þegar rafbíl var ekið aftur á bak þannig að hönd M klemmdist milli hurðar og veggs. Nánar tiltekið kallaði M á samstarfsmann sinn til hjálpar til að koma rafbíl á vinnustaðnum í gang eftir að hún hafði árangurslaust reynt að gera það sjálf. M tók sér stöðu þannig að hún hélt við hurð bílsins á meðan samstarfsmaður hennar settist við stjórn hans. Þegar bíllinn fór af stað rann hann aftur á bak með fyrrgreindum afleiðingum. Skv. yfirlýsingu V er ekki ágreiningur um skaðabótaábyrgð A vegna slyssins heldur ágreiningur um hvort háttsemi M feli í sér meðábyrgð af hennar hálfu. Ekki var framkvæmd rannsókn af hálfu Vinnueftirlitsins vegna slyssins eða lögreglurannsókn.

Ekki er nauðsynlegt að tilgreina rök M fyrir skaðabótaábyrgð A þar sem V hefur fallist á bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu A. Hvað varðar ætlaða meðábyrgð M telur hún að skilyrði hennar séu ekki uppfyllt. A hafi vanrækt að tilkynna slysið við Vinnueftirlitsins og verði að bera hallann af því. Einnig hafnar M því að hafa brotið gegn verklagsreglum A um verk nálægt vinnuvélum en hún hafi þurft að gera ráðstafanir til að laga rafbílinn til að geta haldið áfram að sinna verkefnum sínum á vegum A. Einnig bendir M á að hún hafi starfað í stuttan tíma fyrir V, verkið hafi ekki verið einfalt og verði V að bera hallann af því. V telur að M hafi brotið gegn verklagsreglu A um að engin vinna megi fara fram innan 3 metra frá vinnuvél í notkun án þess að gera viðeigandi ráðstafanir. V telur að M hafi átt að vera ljóst að setja hönd á farartæki sem var verið að reyna að gangsetja fæli í sér hættu að farartækið færi af stað. M hefði verið nær að standa í hæfilegri fjarlægð á meðan verið var að gangsetja rafbílinn. Af þessum ástæðum telur V að M eigi að bera helming tjónsins sjálf vegna meðábyrgðar.

Álit.

Ágreiningur í málinu snýr einungis að því hvort M eigi að bera hluta líkamstjóns síns sjálf vegna meðábyrgðar. Það nægir að M hafi sýnt einfalt gáleysi til að hún beri hluta tjónsins sjálf vegna meðábyrgðar. Í því samhengi verður að líta til þess að M valdi staðsetningu sína sjálf við rafbíl sem annar stjórnaði. Miðað við lýsingar af vettvangi af aðstæðum verður að ætla að M hafi mátt vera ljóst að staðsetning hennar gæti verið hættuleg m.t.t. þess að rafbíllinn færðist úr stað. Ekki þykir skipta máli að M hafi starfað stutt hjá A en ályktun sem þessi er einföld. Með hliðsjón af gáleysi M telst rétt að hún beri þriðjung tjóns síns vegna meðábyrgðar.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu A hjá V en ber þriðjung tjóns síns sjálf vegna meðábyrgðar.

Reykjavík 3. júlí 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 162/2014**M
og
váttryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.****Ágreiningur um bótaskyldu er starfsmaður skarst á hendi við þrif á farsvél.****Gögn.**

81. Málskot, móttakið 22.5.2014, ásamt fylgigögnum.
82. Bréf X, dags. 4.7.2014, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 18.4.2012 var M að ljúka við að þrifa svokallaða farsvél hjá X, er hægri hönd hans rakst í flugbeittan hníf í vélinni og hann fékk um 8-9 cm langan skurð á framhandlegg. Umræddur hnífur er hringlaga og yfir honum er hlíf þegar vélin er í gangi. M hafði umrætt sinn lyft hlífinni ofan af hnífnum meðan á þrifunum stóð.

Í tilkynningu V til Vinnueftirlits ríkisins um slysið kemur fram að M, sem starfar sem framleiðslustjóri hjá V, hafi ekki verið í hlífðarfatnaði. Vélín hafi verið ný og ekki hafi verið búið að kynna sér almennilega hvaða hlífðarfatnaður væri viðeigandi við þrif á vélinni. Til að forðast að vélín myndi valda fleiri slysum hafi notkun hennar verið hætt hjá fyrirtækinu og hún verið seld.

M telur framkvæmd við vinnuna ekki hafa verið forsvaranlega og V hafi borið að útvega þar til gerðan hlífðarbúnað sem hefði komið í veg fyrir slysið. Til stuðnings kröfu sinni vísar M m.a. til 37. og 38. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og ákvæða í reglugerð nr. 497/1994 um persónuhlífar, sbr. og ákvæða í I. og II. viðauka reglnanna. Hefur M krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá X. Í athugasemdum X kemur fram að vélinni hafi fylgt langur bursti til að þrifa hnífinn og vélina að innan svo starfsmenn þyrftu ekki að vera í beinni snertingu við innviði vélarinnar við þrifin. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

M, framleiðslustjóra hjá V, átti ekki að geta dulist sú hætta sem stafaði af óvörðum hnífnum meðan á þrifum vélarinnar stóð. Af gögnum málsins þykir mega við það miða að vélín hafi verið ný og ekki hafi verið búið að kanna til hlítar hvaða hlífðarbúnað skyldi nota við þrifin. Í ljósi stöðu sinnar átti M að vera það einnig ljóst. Verður af gögnum málsins ekki talið nægilega sannað að slysið megi rekja til ófullnægjandi verkstjórnar eða ófullnægjandi varúðarráðstafana af hálfu yfirmanna M. V telst því ekki bera skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M. Af því leiðir að tjónið telst heldur ekki bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 12. ágúst 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 163/2014
M
og V v/ frjálsrar ábyrgðartryggingar A.

Skaðabótaábyrgð vinnuveitanda vegna vinnuslyss 27. júní 2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið 27. maí 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 20. júní 2014.

Málsatvik.

Samkvæmt tilkynningu um slys til Vinnueftirlitsins, sem undirrituð var af fulltrúa A 27. júní 2012, hlaut M líkamstjón í vinnuslysi þann dag. Líkamstjónið varð þegar M var að vinna við að pakka melónubitum á frauðbökkum í plast. Til þess notaði hún vél sem er búin mótum sem ganga saman til að hita plastfilmuna sem er notuð til þökkunar og varð líkamstjón M þegar hún klemmdi hönd milli þessara tveggja móta.

M telur að A beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni sínu og byggir það á því að vélin sem M vann við hafi ekki verið búin öryggishlífum eða neyðarrofa. Ekki hafi heldur verið gert áhættumat fyrir vinnustað A og verkstjóri A hafi ekki brugðist við kvörtunum M um að vélin væri í ólagi, vél sem M telur að hafi verið ætluð fyrir tvær manneskjur að vinna við en ekki eina.

V vísar röksemdum M á bug fyrir hönd A. V bendir á að ekki sé sannað að sú vél sem M vann við þegar hún slasaðist hafi einungis verið ætluð fyrir tvær manneskjur, ekki sé heldur sannað að M hafi látið vita að vélin hafi ekki virkað sem skyldi sem og að ekki séu orsakatengsl milli þess að ekki hafi verið öryggishlíf eða neyðarrofi á vélinni eða skortur á áhættumati á vinnustaðnum. Um hafi verið að ræða óhappatilvik þegar M var að vinna einfalt starf við vél sem var ekki hættuleg og getur V ekki fallist á að A beri skaðabótaábyrgð vegna þess.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um skaðabótaábyrgð fyrirtækisins A vegna vinnuslyss M og þar með bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu A. M vann fremur einfalt verk við vél sem hún hafði reynslu af að vinna við. Þegar hún varð vör við að plast rataði ekki á réttan stað við þökkun kveðst hún hafi látið verkstjóra vita. Ekki liggur fyrir sönnun fyrir því. Af gögnum málsins verður ekki sannanlega ráðið að vélin hafi verið vanbúin m.t.t. öryggishlífa eða neyðarrofa. Ekki verður heldur fallist á að verkstjóri eða starfsmenn A hafi sýnt gáleysi við vinnu sína þannig að skaðabótaábyrgð hafi stofnast.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 5. ágúst 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 164/2014
M og
V v. frjálsrar ábyrgðartryggingar G vegna lyftarans A.

Líkamstjón þegar lyftari ók á mann á Strandvegi í Vestmannaeyjum þ. 23.3.2012

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 26.5.2014 ásamt fylgiskjölum 1-10
2. Bréf V dags.13.6.2014 ásamt fylgiskjölum 1-3

Málsatvik.

Lyftarinn A ók á M þar sem hann var á leið yfir götu og tilkynnti vitni atburðinn til lögreglu. Ökumaður A segist hafa verið að aka lyftara í austurátt til að ná í umbúðir og þegar hann hafi nálgast gönguljós hafi M stökkið í veg fyrir lyftarann og verið að fara norður yfir götuna og segist ökumaður A þá hafa snarhemað og síðan hjálpað M. Ökumaður A segist hafa ekið á um 20-25 km. hraða í umrætt sinn en lyftarinn komist hraðast 30 km. M segir rangt að hann hafi stökkið fyrir lyftarann hann hafi verið að ganga yfir götuna og rétt ókominn á gangstéttina þegar A skall á honum. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu G eiganda A og telur að ökumaður A hafi sýnt af sér gáleysi þegar hann ók á M og beri vinnuveitandi ökumannsins fulla skaðabótaábyrgð á slysinu og M hafi ekkert brotið af sér þegar hann fór yfir götuna. Af hálfu M er vísað til dóms Hæstaréttar í málinu nr. 411/2005 í þessu sambandi. Þá segir M að hann hafi ekki sýnt af sér neina þá háttsemi sem geti leitt til eigin sakar í málinu. V hafnar bótaskyldu og telur miðað við lýsingu ökumanns A að hann hafi ekki sýnt af sér gáleysi við aksturinn og vísar m.a. í 12.gr. umferðarlaga nr. 50/1987 um að gangandi vegfarendur skuli hafa sérstaka aðgát gagnvart ökutækjum. Þá bendir V á að slysið hafi orðið rétt hjá gangbraut en M hafi borið að nota hana þar sem hún var nálægt.

Álit.

Ágreiningur er um málsatvik og upplýsingar um tildrög slyssina að undanskildu því sem ökumaður A og M segja takmarkaðar. Af fyrirliggjandi gögnum verður hins vegar ekki annað ráðið en að ökumaður A hafi ekki gætt þeirrar árvekni sem honum bar að sýna við akstur lyftarans og því sýnt af sér gáleysi þegar hann ók á M. Lyftaranum A var ekið hægt í umrætt sinn enda kemst hann ekki hraðar en 30 km. skv. upplýsingum sem ekki hefur verið mótmælt. Með vísan til ákvæða 12. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 bar M að sýna aðgát áður en hann gekk út á götuna, en á það skorti að M hafi sýnt þá aðgát sem nauðsynleg var og ber hann því einnig ábyrgð á slysinu. M á rétt á bótum úr tryggingu G hjá V, en ber sjálfur helming tjónsins vegna eigin sakar.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu G hjá V, en ber sjálfur helming tjónsins vegna eigin sakar.

Reykjavík 1.7.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 165/2014
M og
V-1 v. bifreiðarinnar A og V-2 v. bifreiðarinnar B.

Árekstur bifreiða á bifreiðastæði við Smáratorg í Kópavogi þ. 29.3.2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 30.5.2014 ásamt fylgiskjölum 1-2
2. Bréf V-1 dags. 19.6.2014 ásamt fylgiskjölum 1-2
3. Bréf V-2 dags. 5.6.2014.

Málsatvik.

Árekstur varð með bifreiðunum A og B á bifreiðastæði við Smáratorg í Reykjavík. Ökumaður A segir að ökumaður B hafi tekið krappa beygju og rekist í frambretti á A. Ökumaður B segist hafa verið að beygja úr bifreiðastæði þegar ökumaður A hafi ekið af stað úr sínu bifreiðastæði og á B.

Álit.

Báðum bifreiðunum var ekið af stað úr kyrrstöðu frá bifreiðstæði án þess að ökumenn sýndu nægjanlega aðgæslu. Hvor ökumaður um sig ber því helming sakar.

Niðurstaða.

Sök skiptist til helminga.

Reykjavík 5.8.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 166/2014

M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
vátryggingafélagið Y v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur á Flétturima í Reykjavík þann 13.4.2014.**Gögn.**

- 83. Málskot, móttækið 20.5.2014, ásamt fylgigögnum.
- 84. Bréf Y, dags 13.6.2014, ásamt fylgigögnum.
- 85. Bréf X, dags. 20.6.2014.

Málsatvik.

Bifreiðinni A var ekið til norðurs eftir bifreiðastæði við Flétturima 2-8 og beygt til vinstri inn á Flétturima áleiðis til austurs. Þá var bifreiðinni B beygt áleiðis vestur Flétturima af Langarima úr suðri. Mjög stutt vegalengd er á milli gatnamóta Flétturima og Langarima annars vegar og útkeyrslu frá bifreiðastæðinu við Flétturima 2-8 hins vegar. Á þessum vegspotta rákust framendar bifreiðanna saman. Af fyrirliggjandi ljósmyndum má ráða að skemmdir á A séu einkum á vinstra framhorni og framan á B, þó frekar vinstra megin.

Í viðbótarupplýsingum frá ökumanni A kveðst hann hafa verið að beygja út til vinstri. Þá hafi B komið á 40-50 km hraða á klst. á götu, þar sem leyfilegur hámarks hraði er 30 km á klst., og beygt til vinstri og farið yfir á vitlausan vegarhelming og framan á A.

Engin skýrsla eða greinargerð beint frá ökumanni B liggur fyrir í málinu að öðru leyti en því að í sameiginlegri tjónstilkynningu ökumanna kemur fram að ökumaður B hafi beygt til vinstri og farið inn á öfugan vegarhelming. Í athugasemdum vátryggjanda B segir að ökumaður B hafi upplýst að ástæða þess að B hafi að hluta verið á öfugum vegarhelmingi sé að hann hafi reynt að forða árekstri frá hægri með því að sveigja til vinstri.

Álit.

Ökumaður A ók út á Flétturima frá bifreiðastæði við Flétturima 2-8. Samkvæmt 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 bar ökumanni A að veita umferð í veg fyrir leið hans forgang. Af fyrirliggjandi gögnum verður ekki annað ráðið en áreksturinn hafi orðið í þann mund sem A var ekið út á götuna. Af ákomustöðum á bifreiðunum og staðsetningu B á akbrautinni, samkvæmt fyrirliggjandi ljósmynd, verður enn fremur að telja ljóst að A hafi ekki verið komin yfir á hægri helming Flétturima miðað við akstursstefnu þegar áreksturinn. Í ljósi þessa þykir nægilega í ljós leitt að ökumaður A hafi ekki veitt ökumanni B forgang um Flétturima eins og honum bar samkvæmt 3. mgr. 25. gr. ufl. Hann telst því eiga sök á árekstrinum.

Þótt ökumaður B segist hafa ekið inn á öfugan vegarhelming og ljósmynd af vettvangi gefi til kynna að B hafi verið nokkuð innarlega á akbrautinni verður ekki séð að staðsetning B hafi að einhverju leyti verið meðorsök þess að árekstur varð. Ekki verður heldur ráðið að áreksturinn megi rekja til þess að B hafi verið ekið of hratt eða ökumaður hennar hafi að öðru leyti hagað akstri sínum þannig að á hann verði lögð sök.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann A, JP-572.

Reykjavík, 5. ágúst 2014.

Póra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 168/2014
M
og V v/ sjúklingatryggingar L.

Gildissvið sjúklingatryggingar m.t.t. lækni skoðunar 9. október 2009.

Gögn.

1. Málskot móttakið 28. maí 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 7. júlí 2014 ásamt frekari gögnum, þ.á.m. læknisvottorðum og sjúkraskrá M.

Málsatvik.

M leitaði til L þann 9. október 2009 og kom læknir heim til hans snemma að morgni þann dag. Á samskiptaseðli sem fylltur var út vegna umræddrar lækniheimsóknar á vegum L er eftirfarandi ritað undir liðnum aðaleinkenni- vandamál: „Andþyngli – hósti – takverkur, saga um lungnabólgu, hiti – ekki mælt sig.“ Í skoðun greindi læknirinn brak yfir hægri lunga og vott af önghljóðum. M var greindur með lungnabólgu og fékk hann sýkla- og sterylf og var vísað í lungnamyndatöku og til frekara eftirlits á á heilsugæslustöð. Eftir lungnamyndatöku þann 20. október 2009 var niðurstaðan sú að M hefði fengið lungnabólgu.

Skv. gögnum málsins má sjá að M leitaði nokkuð til heilsugæslunnar eftir þetta og í febrúar 2010 var gerð frekari rannsókn á lungnastarfsemi hans sem leiddi til þess að hann var greindur með lungnateppusjúkdóm. Í læknisvottorði sérfræðings í lungnasjúkdómum dags. 9. apríl 2010 kemur fram að honum finnst líklegt að M hafi haft undirliggjandi COPD með bráðri versnun eftir H1N1 sýkingu. Annar sérfræðingur segir í vottorði dags. 6. maí 2010 að tölvusneiðmynd bendi til þess að um sé að ræða ákveðnar bólgubreytingar eftir H1N1 sýkingu sem sé meginskýring á einkennum M og slakri spirometríu. Í enn einu vottorði frá þriðja sérfræðingnum dags. 14. september 2010 kemur fram að M hafi verið með þekktan teppusjúkdóm og hafi snarversnað eftir slæma flensu haustið áður. Í gögnum málsins kemur fram að starfsgeta M sé verulega skert í dag vegna þessa.

M telur að skilyrði 2.gr. laga um sjúklingatryggingu nr. 111/2000 séu uppfyllt en þar komi fram að greiða eigi skaðabætur án tillits til skaðabótaábyrgðar ef ætla megi (1.tl.) að komast hefði mátt hjá tjóni ef rannsókn eða meðferð við þær aðstæður sem um ræðir hefði verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði. M telur að einkenni hans í við heimsókn lækni L hafi verið þess eðlis að það hefði átt að vísa honum strax til meðferðar á sjúkrahúsi. Það hefði getað komið í veg fyrir slæmar langtímaafleiðingar veikinda hans. M bendir einnig á að á sama tíma hafi tveir einstaklingar látist úr hinni svokölluðu svínaflensu (H1N1 sýkingu) og hefði átt að bregðast öðruvísi við í ljósi yfirvofandi hættu vegna umræddrar sýkingar. Einnig vísar M til 3. tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu þar sem kemur fram að bætur skuli greiða ef ætla megi að komast hefði mátt hjá tjóni með því að beita annarri meðferðaraðferð eða tækni sem völ var á og hefði frá lækni skoðun sýnarmíði gert sama gagn við meðferð sjúklings. M telur að sjúkrahúsinnlögn strax hefði gert sama gagn og hefði komið í veg fyrir tjón M. Einnig bendir M á að í 2. gr. laga um sjúklingatryggingu sé slakað á almennum kröfum skaðabótaréttar um sönnun og taka verði tillit til þess í málinu og það hafi fengið staðfest í máli Hæstaréttar nr. 388/2012.

V telur með öllu ósannað að læknir sá sem vitjaði M þann 9. október 2009 hafi vitað eða mátt vita um mögulegan undirliggjandi lungnateppusjúkdóm M. Fyrri saga og skoðun hafi eindregið bent til að um lungnabólgu hafi verið að ræða og hafi M fengið eðlilega meðhöndlun m.v. þá greiningu. Í skoðun lækni L hafi verið framkvæmd lungnahlustun, blóðþrýstingur hafi verið mældur og tekinn púls. M hafi síðan verið ávísað lyfjum og vísað í lungnamyndatöku og eftirlit hjá heilsugæslu. Um hafi verið að ræða sambærilega meðferð og almennt tíðkast á heilsugæslu. V

bendir einnig á að ekki komi fram nokkur staðfesting í læknisfræðilegum gögnum málsins að M hafi verið greindur með lungnateppusjúkdóm áður fyrir haustið 2009 þó það hafi mögulega komið fram eftir þetta að slíkur sjúkdómur hljóti að hafa verið til staðar. V bendir einnig á að einkenni þau sem komu fram við skoðun, þ.e. brak yfir lunga og vottur af önghljóðum, séu algeng sem einkenni lungnabólgu og komi gjarnan fram hjá reykingafólki. V bendir einnig á að M hafi reykt til fjölda ára. V bendir á að engin gögn liggja fyrir sem staðfesti fullyrðingar M um að rannsókn eða meðferð M hafi ekki verið hagað eins vel og unnt hefði verið skv. 1.tl. 2.gr. laga um sjúklingatryggingu eða að skilyrði 3.tl. 2.gr. sömu laga hafi verið uppfyllt. Málsatvik séu ekki sambærileg við mál Hæstaréttar nr. 388/2012 en þar hafi, ólíkt máli M, ekki verið framkvæmd lungnaskoðun í vitjun læknis L. Eins og áður hafi komið fram hafi hún verið framkvæmd í máli M og eðlilegar ályktanir dregnar af henni.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um hvort skilyrði 2.gr. laga um sjúklingatryggingu séu uppfyllt í tengslum við þá meðferð og greiningu sem M fékk sem sjúklingur hjá lækni á vegum L þann 9. október 2009. Í lögum nr. 111/2000 eru bótareglur tilgreindar í 1.-4.tl. 2.gr. laganna en sönnunarkröfur eru vægari en almennt í skaðabótarétti. Það þarf þó að liggja fyrir að tjón sé að öllum líkindum hægt að rekja til einhverra atvika sem koma fram í fyrrgreindum bótareglum 1.-4.tl. 2.gr. laganna.

Í þessu máli reynir fyrst og fremst á hvort að öllum líkindum megi rekja tjón M til þess að rannsókn eða meðferð hefði mátt framkvæma með öðrum hætti en gert var eða mat sem síðar er gert hafi leitt í ljós að komast hefði mátt hjá tjóni með annarri meðferðaraðferð en gert var en hefði gert sama gagn við meðferð sjúklings. Þrátt fyrir vægari sönnunarkröfur í lögum um sjúklingatryggingu en almennt í skaðabótarétti ber M sönnunarbýrði um að umrædd skilyrði 1. og/eða 3.tl. 2.gr. laganna séu uppfyllt. Í málinu liggja ekki fyrir staðfestar upplýsingar eða sérfræðimat um að greining læknis L hafi verið þess eðlis að ætla megi að beita hefði mátt annarri tækni við greiningu vegna veikinda M eða rétt hefði verið að vísa honum strax á sjúkrahús m.v. niðurstöðu skoðunar. Ekki liggur heldur fyrir að koma hefði mátt í veg fyrir afleiðingar þessa hjá M með því. Á meðan slík læknisfræðileg gögn eða sambærileg gögn eða álit liggja ekki fyrir verður að meta málið út frá þeim sönnunargögnum sem hafa verið lögð fyrir nefndina. Af þeim verður ekki ráðið að meðferð M hafi verið með þeim hætti að skilyrði 1., 3. eða annarra tölulíða 2.gr. laga um sjúklingatryggingu teljist uppfyllt. Verður því ekki fallist á að M hafi sýnt fram á að hann eigi rétt á bótum úr sjúklingatryggingu L hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu L hjá V.

Reykjavík 19. ágúst 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 169/2014
M
og V v/ slysatryggingar ökumanns ökutækisins X.

Sönnun líkamstjóns á bifhjóli í febrúar 2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið 28. maí 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 10. júní 2014.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M kveðst hafa verið við annan mann í bifhjólaferð í hlíðum Hengils þann 17. febrúar 2013. Í málskotinu kemur fram lýsing á óhappi sem M kveðst hafa orðið fyrir þannig að hann ók á harðfenni ofan við læk, þaðan ofan í holu þar sem bifhjólíð stöðvaðist og lenti ofan á honum. Í óundirritaðri yfirlýsingu samferðamanns M kemur fram svipuð lýsing og þeir bera báðir að M hafi kvartað undan einkennum í hálsi og baki eftir atvikið. Þann 4. mars 2013 leitaði þar sem hann kveður ástæðu komu sinnar á slysideild mótórhjólalýs þremur vikum áður. Í læknisfræðilegum gögnum málsins kemur fram að í læknisheimsóknum sínum kvarti M aðallega yfir almennum einkennum hálstögnunar, eyrnasuði og flensueinkennum.

M telur að með yfirlýsingu samferðamanns hans og læknisfræðilegum gögnum sé sannað að hann hafi hlotið líkamstjón þegar hann varð fyrir óhappi á bifhjólinu X þann 17. febrúar 2013. Ekki eigi að skipta máli þó hann hafi ekki leitað til læknis strax eftir óhappið en hann hafi haldið að einkennin myndu ganga strax tilbaka.

V telur ekki sannað að M hafi orðið fyrir óhappi sem rekja má til notkunar bifhjólans X þar sem M hafi ekki tilkynnt um slíkt óhapp og ekki leitað læknis fyrr en nokkrum vikum síðar. Þar lýsi hann almennum einkennum þannig að þó sannað sé að atvikið hafi átt sér stað sé ekki sannað að orsakatengsl séu milli þess og einkenna M nú.

Álit.

Þegar óhöpp verða er mikilvægt að sá sem fyrir því verður tryggi sér sönnun um hvað gerðist og hvernig. Í þessu máli liggja ekki fyrir gögn um formlega tilkynningu um óhapp það sem M lýsir í málskoti. Ódagsett yfirlýsing samferðamanns hans, sem nú liggur fyrir og styður lýsingu hans af óhappinu, styrkir sönnun á því að óhappið átti sér stað en ágreiningur er þó um hvort sönnunargögn liggja fyrir sem sýna að orsakatengsl séu milli einkenna M nú og ætlaðs óhapps. Með vísan til þess að nokkur tími líður þar til M leitar læknishjálpar, þess að einkenni hans eru almenn og ófullnægjandi gagna um fyrra heilsufar verður ekki ráðið með vissu að orsakatengsl séu milli ætlaðs óhapps og einkenna M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr slysatryggingu ökumanns ökutækisins A hjá V.

Reykjavík 5. ágúst 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 170 /2014
M og
V vegna málskostnaðartryggingar fjölskyldutryggingar.

Málskostnaðartrygging. Ágreiningur um hvort dómssmál varði váttryggðan sem eiganda fasteignar sem seld var nauðungarsölu þ. 28.maí 2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 3.6.2014 ásamt fylgiskjölum 1-3
2. Bréf V dags. 23. júní 2014.

Málsatvik.

M gerir kröfu til að fá greitt úr málskostnaðartryggingu fjölskyldutryggingar sinnar hjá V. M fór fram á að fjármálafyrirtæki sem átti veðskuld í fasteign í eigu M lækkaði skuldina í samræmi við svokallaða 110% leið. Erindi M var ekki svarað og var íbúð M síðan seld nauðungarsölu þ. 28.maí 2013 gegn andmælum M sem telur nauðungarsöluna ólögmæta og hefur krafist þess fyrir dómi að aðfarbeiðni fjármálafyrirtækisins verði vísað frá dómi og til vara að kröfugerð fjármálafyrirtækisins verði hafnað. M byggir kröfu sínar á hendur V á því að málið snúist um innheimtu á veðskuldabréfi og slík innheimta sé ekki undanskilin í skilmálum fjölskyldutryggingar V. V hafnar bótaskyldu og vísar til þess að samkvæmt tryggingarskilmálum váttryggingarinnar bæti váttryggingin ekki málskostnað sem varðar váttryggðan sem eiganda fasteignar sbr. grein 40.7 váttryggingarskilmála. V segir ágreining í málinu varði nauðungarsölu á fasteign M og því eigi ákvæði í grein 40.7. váttryggingarskilmála við.

Álit.

M gerir kröfu um að fá greitt úr málskostnaðartryggingu fjölskyldutryggingar sinnar hjá V vegna dómssmáls sem varðar nauðungarsölu á fasteign hans á grundvelli aðfararbeiðni og fjárnáms, sem M krefst aðallega að verði vísað frá dómi og til vara að kröfugerð samkvæmt aðfararbeiðninni verði hafnað. Umrædd aðfararbeiðni og dómssmál varðandi hana varðar M sem eiganda fasteignar. Miðað við ákvæði í grein 40.7 í váttryggingaskilmálum tryggingar þeirrar sem hér ræðir um á M því ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu fjölskyldutryggingar sinnar hjá V þar sem tryggingin tekur ekki til dómssmála sem varða váttryggjendur, í þessu tilviki M, sem eigendur fasteigna.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu fjölskyldutryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík 19.8. 2014

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 171/2014**M****og****vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðar.****Ágreiningur um bótaskyldu og tjón vegna vörugjalds af leigubifreið.****Gögn.**

86. Málskot, móttakið 3.6.2014, ásamt fylgigögnum, auk afrits af lögum um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. nr. 29/1993 með síðari breytingum og reglugerð um vörugjald af ökutækjum nr. 331/2000 með síðari breytingum.
87. Bréf X, dags. 23.6.2014, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 21.4.2014 varð leigubifreiðin A í eigu M fyrir verulegum skemmdum í árekstri við aðra bifreið sem tryggt er lögboðinni ábyrgðartryggingu hjá X og ekki er um það deilt að tjónið á A bætist úr þeirri ábyrgðartryggingu hjá X. Verðmæti A á tjónsdegi miðað við staðgreiðslu hefur verið metið 4.600.000 krónur. Ekki virðist ágreiningur vera með aðilum um þá fjárhæð. A er leigubifreið og af þeim sökum hefur M fengið vörugjald lækkað af bifreiðinni. Skilyrði fyrir lækkuninni er að næstu tvö ár eftir nýskráningu skuli nánar tilgreind skilyrði vera uppfyllt, þ. á m. að bifreiðin verði skráð sem leigubifreið í ökutækjaskrá og nýtt sem slík, sbr. 4. tölul. 2. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 331/200 um vörugjald af ökutækjum.

M krefst þess að X greiði fjárhæð sem nemur lækkun vörugjaldsins ella að gert verði við bifreiðina. X hefur hafnað greiðslu á fjárhæðinni. Ber X í fyrsta lagi fyrir sig að samkvæmt skilmálum félagsins skuli miða bætur vegna munatjóns við verðmæti á slysdegi og uppgjörstillaga félagsins sé í fullu samræmi við skilmálana og bæti fjárhagslegt tjón M að fullu. Í öðru lagi er vísað til þeirrar meginreglu skaðabótaréttar að tjónþoli skuli ekki hagnast á tjóni sínu, en samkvæmt fyrrgreindri uppgjörstillögu fái M fullar bætur fyrir A. Í þriðja lagi kveður X að tjón það sem M kveðst hafa orðið fyrir vegna vörugjaldsins sé ekki sennileg afleiðing árekstursins og því falli það utan þeirra marka sem það ber skaðabótaábyrgð á vegna árekstursins. Að auki telur X að ágreiningur í máli þessu snúist um bótafjárhæðir og það veiti ekki samþykki fyrir að úrskurðarnefnd fjalli um bótafjárhæð í málinu.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sbr. auglýsingu nr. 1090/2005, úrskurðar nefndin um ágreining varðandi bótaskyldu, þ.m.t. sök og sakarskiptingu, milli málskotsaðila og vátryggingafélags sem hefur starfsleyfi hér á landi. Þá úrskurðar nefndin um bótafjárhæðir að fengnu sérstöku samþykki allra málsaðila, sbr. 2. mgr. 3. gr. samþykktanna, en samkvæmt 3. mgr. greinarinnar úrskurðar nefndin m.a. um hvort ágreiningur aðila heyri undir nefndina og telji hún svo ekki vera vísar hún málinu frá. M telur sig verða fyrir tjóni, þegar hann afsalar A til X, þar sem honum verði þá gert skylt að greiða vörugjald af A að því marki sem það fékkst lækkað við nýskráningu hennar. Án tillits til þess hver sú fjárhæð er sem M kann að verða gert að greiða af þessum sökum þá telur X að ekki sé um að ræða tjón sem er bótaskyld úr ábyrgðartryggingunni. Verður að líta svo að ágreiningur sá, sem uppi er í málinu, varði

bótaskyldu X sem nefndin úrskurðar um, sbr. 1. mgr. 3. gr. samþykktanna. Málinu verður því ekki vísað frá.

Samkvæmt 1. mgr. 90. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 með síðari breytingum ber skráður eða skráningarskyldur eigandi (umráðamaður) vélknúins ökutækis ábyrgð á því og er fébótaskyldur skv. 88. og 89. gr. laganna. Samkvæmt 1. mgr. 91. gr. laganna skal greiðsla á bótakröfu vegna tjóns sem hlýst af notkun skráningarskylds vélknúins ökutækis vera tryggð með ábyrgðartryggingu hjá m.a. vátryggingafélagi sem hefur starfsleyfi til að taka að sér ábyrgðartryggingu vélknúinna ökutækja, sbr. a lið málsgreinarinnar, en svo mun háttá í tilviki X. Bótakrafa sú sem X hefur uppi í máli þessu verður rakin til notkunar skráningarskylds vélknúins ökutækis. X getur ekki takmarkað ábyrgð sína með skilmálum sem það setur umfram það sem leiðir af lögum. Ekki verður séð að ákvæði vátryggingarskilmála X um að bótagreiðsla þess skuli takmarkast við verðmæti munar á tjónsdegi eigi sér stoð í lögum, ef tjón sem hlýst af notkun skráningarskylds vélknúins ökutækis er annað eða meira en sem nemur tjónsdagsverðmæti munarins. Í máli þessu getur bótaskylda X því ekki takmarkast af tilvitnuðu ákvæði í vátryggingarskilmálum. Þá verður heldur ekki séð að ábyrgð X takmarkist hér af reglum skaðabótaréttarins um sennilega afleiðingu.

Engin gögn liggja fyrir um það í málinu að ríkið hafi krafið M um greiðslu á þeim hluta vörugjaldsins sem það var lækkað um. Þess sér að vísu ekki beinlínis stað í lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum að unnt sé að viðhalda lækkuninni út fyrrgreint tveggja ára tímabil við þær sérstöku aðstæður þegar bifreið sem í hlut á skemmist og aflað er annarrar bifreiðar í hennar stað. Þrátt fyrir það verður heldur ekki séð að stjórnvöld hafi hafnað slíkri málaleitan. Þá verður heldur ekki séð að M hafi verið krafinn greiðslu sem nemur lækkun vörugjaldsins. Eins og mál þetta liggur fyrir telst því ósannað að M hafi orðið fyrir fjártjóni vegna hins umdeilda vörugjalds sem hann getur krafið úr hendi X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum vegna lækkunar á vörugjaldi af A úr hendi X.

Reykjavík, 12. ágúst 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 172/2014
M og
V-1 v. bifreiðarinnar A og V-2 v. bifreiðarinnar B.

Árekstur bifreiða á Miklubraut við Skeiðarvog í Reykjavík þ. 28.4.2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 3.6.2014 ásamt fylgiskjölum 1-3
2. Bréf V-1 dags. 23. júní 2014.
3. Bréf V-2 dags. 14. júlí 2014.

Málsatvik.

Árekstur varð á milli A og B á Miklubraut við Skeiðarvog í Reykjavík. Báðum bifreiðunum var ekið til austurs og var A á miðakrein en B á hægri akrein aðeins aftar. Ökumaður A skipti um akrein frá miðakrein yfir á hægri akrein fyrir framan B, en þá var bifreið sem ók á miðakrein fyrir framan A snögghemlað þannig að A þurfti líka að snögghemla og ökumaður B náði ekki að hemla í tæka tíð og lenti á afturhorni A. Ökumenn bifreiðanna A og B bera með sama hætti um málsatvik.

Álit.

Ökumaður A skipti um akrein af miðakrein yfir á hægri akrein í veg fyrir B og snögghemlaði skömmu síðar með þeim afleiðingum að B ók aftan á A. Með því að skipta um akrein í veg fyrir B og snögghemla síðan tók A upp hemlunarvegalengd B sem leiddi til árekstrarsins. Ökumaður A ber því alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök.

Reykjavík 19.8.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 173/2014**M****og****vátryggingafélagið X v/ slysátryggingar launþega.****Ágreiningur um hvort kona hafi orðið fyrir meiðslum er hún klemmdist á milli lyftuhurða.****Gögn.**

88. Málskot, móttakið 3.6.2014, ásamt fylgigögnum.

89. Bréf X, dags. 7.7.2014, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 6.3.2012 varð M fyrir því að klemmast á milli lyftuhurða er hún var á leið inn í lyftu á vinnustað sínum. Í tónstilkynningu segir að hurðirnar hafi lokast á axlirnar á henni þannig að hún hafi henst til, fengið mikinn slink og henst utan í vegg er hurðin sleppti henni. Samkvæmt vottorði gigtarlæknis sem M leitaði til 21.6.2012 segir að við atvikið hafi M fengið slink á hálsinn og högg á bak og axlir. Eftir það verki í hálsi, herðum, mjóbaki og einnig yfir mjöðmum og fljótlega farið að sofa mjög illa, fundið fyrir almennum verkjum og stirðleika ásamt mikilli þreytu. Við skoðun hafi M verið með dreifð eymsli í vöðvafestum, en liðir verið eðlilegir og taugaskoðun eðlileg. Að öðru leyti hafi skoðun verið ómarkverð. Taldi læknirinn að M væri með klassíska vefjagigt eftir áverka.

Samkvæmt örorkumati A, endurhæfingarlæknis, dags. 29.11.2013, hefur M hlotið áverka við slysið sem valdi henni óþægindum og líkamlegri færniskerðingu. Telur læknirinn að M búi við einkenni af völdum tognunar í hálsi og brjósthrygg, en taka beri tillit til fyrri sögu um vöðvabólgu og brjós-klos í mjóbaki og að aðrir meðvirkandi þættir en slysaatburðurinn 6.3.2012 skýri hluta af einkennum M. Taldi læknirinn lækisfræðilega varanlega örorku af völdum slyssins hæfilega metna 10%.

Aflað var nýrrar matsgerðar frá B, bæklunar- og handarskurðlæknis, dags. 10.4.2014. Segir í örorkumati hans að ekki liggja fyrir nein lýsing á áverkum sem M hafi hlotið í umræddu slysi. Lýsing lækis eftir skoðun þremur og hálfum mánuði eftir slysið sé ekki nein sönnun fyrir áverkum af völdum þess og því sé í raun og veru ekki sýnt fram á neina áverka sem með vissu sé unnt að rekja til slyssins. Telur læknirinn að líkamsástand M á matsfundi verði ekki skýrt sem afleiðingar af slysinu. Af því leiðir, að mati lækisins, að varanleg lækisfræðileg örorka af völdum slyssins sé engin.

Með vísan til matsgerðar A hefur M krafist bóta úr slysátryggingu launþega hjá X. X hefur á hinn bóginn hafnað bótaskyldu með vísan til matsgerðar B.

Álit.

M krefst bóta úr slysátryggingu. Henni ber að sýna fram á að hún hafi orðið líkamstjóni sem veiti henni rétt til bóta úr vátryggingunni. Fyrir liggur ein matsgerð þar sem talið er að hún hafi hlotið 10% varanlega lækisfræðilega örorku af völdum slyssins. Einnig liggur fyrir matsgerð þar sem talið er að ekki sé sannað að áverka sem fyrst voru staðreyndir af lækni þremur og hálfum mánuði eftir slysið megi rekja til þess og örorka

af völdum slyssins sé því engin. Eins og mál þetta liggur fyrir verður ekki talið nægilega sannað að M hafi orðið fyrir líkamstjóni af völdum slyssins 6.3.2012. Hún á því ekki rétt til bóta úr slysatryggingunni hjá X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega hjá X.

Reykjavík, 12. ágúst 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 174/2014
M
og V1 v/ bifreiðarinnar A og V2 v/ bifreiðarinnar B.

Árekstur við gatnamót Nýbýlavegar og Auðbrekku 21. maí 2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið 6. júní ásamt gögnum.
2. Bréf V2 dags. 23. júní 2014 ásamt gögnum.
3. Bréf V1 dags. 30. júní 2014 ásamt gögnum.

Málsatvik.

Árekstur varð með bifreiðum A og B við gatnamót Nýbýlavegar og Auðbrekku í Kópavogi. Bifreið A hafði verið lagt við hægri vegkant Nýbýlavegar ásamt öðrum bifreiðum og var ekið þaðan inn á Nýbýlaveg, áleiðis í hægri beygju inn Auðbrekku þegar árekstur verður við bifreið B sem ók í sömu átt.

M sem ökumaður bifreiðar A kveðst hafa verið komin út fyrir biðskyldumerki þegar óþekktri bifreið verið ekið vinstra megin fram úr bifreið hans þannig að M stöðvaði og var að taka af stað aftur þegar árekstur varð við bifreið B. Í málskoti kveðst M hafa verið kominn fram yfir biðskyldu í venjulegri akstursstefnu og því eigi að leggja alla sök á bifreið B sem hafi ekið utan í A. V1 tekur undir sjónarmið M og bendir á að bann sé við framúrakstri við gatnamót skv. 1. mgr. 22. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 auk þess sem ökumaður bifreiðar B hafi tekið hægri beygju fjarri hægri brún akbrautar, sbr. fyrirmáli í 3. mgr. 15. gr. sömu laga. Ökumaður bifreiðar B hafi séð til ökutækis A á akbrautinni og hefði því átt að veita því forgang. V2 telur að M sem ökumaður bifreiðar A beri alla sök á árekstrinum þar sem hann hafi ekið úr kyrrstöðu frá hægri vegkanti í veg fyrir ökumann B og þannig brotið gegn fyrirmælum 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um hvort árekstur hafi orðið með þeim hætti að ökumaður bifreiðar A ók úr kyrrstöðu í veg fyrir umferð um Nýbýlaveg eða hvort ökumaður bifreiðar B hafi ekið á rangan hátt í hægri beygju fram úr bifreið A sem sætti færís að komast inn á Auðbrekku. Af gögnum málsins má ráða að nokkrum bifreiðum hafi verið lagt í hægri vegkanti Nýbýlavegar án þess að þar séu bifreiðastæði. Af framburðum beggja ökumanna má ráða að þeir hafi lagt bifreiðum sínum með þeim hætti áður en áreksturinn varð. Þegar ekið er framhjá eða út úr slíkum aðstæðum ber báðum ökumönnum að sýna aðgæslu. Óljóst er af gögnum málsins og án vitna hvort ökumaður A var kominn í akstursstefnu inn á Nýbýlaveg eða enn lagt hægri vegkanti, en ökumaður B kveðst þó hafa séð tilraun ökumans A til að fara af stað og hemlun hans vegna bifreiðar sem var á undan. Þegar litið er til allra aðstæðna telst hvorugur ökumanna hafa gætt nægrar aðgæslu við aksturinn. Í ljósi þessa telst rétt að skipta sök til helminga milli ökumanna.

Niðurstaða.

Sök skiptist til helminga milli ökumans bifreiðar A og ökumans bifreiðar B.

Reykjavík 5. ágúst 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 175/2014
M
og V1 v/ bifreiðarinnar A og V2 v/ bifreiðarinnar B.

Árekstur á Engjavegi í Laugardal 29. apríl 2014.

Gögn.

1. Málskot móttækið 5. júní ásamt gögnum.
2. Tölvupóstur V2 dags. 25. júní 2014 ásamt greinargerð ökumanns bifreiðar B.
3. Bréf V1 dags. 30. júní 2014.

Málsatvik.

Árekstur varð með bifreiðum A og B við á Engjavegi í Laugardal þar sem hámarkshraði er 30 km/klst. Bifreiðarnar lentu saman þegar bifreið A var ekið fram úr bifreið B sem ók í sömu mund til vinstri inn á bifreiðastæði við Laugardalshöll. Ökumaður bifreiðar A kvaðst ekki hafa séð að ökumaður bifreiðar A hafi gefið stefnumerki en sá ökumaður kveðst hafa gert það áður en hann beygði til vinstri og bendir á að bifreið A sé amerískrar tegundar og stefnumerki því inni í stöðuljósi.

M sem ökumaður bifreiðar A telur að framúrakstur á þessum stað hafi verið forsvaranlegur þar sem á akbraut hafi verið hálfbrotin lína auk þess sem stefnumerkjagjöf hafi ekki verið skýr. Ökumaður bifreiðar B telur sig hafa gætt nægrar varúðar áður en hún beygði til vinstri inn á bifreiðastæði. Vátryggingafélög bifreiðanna taka ekki sérstaka afstöðu til sakarskiptingar.

Álit.

Á vettvangi áreksturs er takmarkaður hámarkshraði og af myndum að dæma er auk þess hraðahindrun á árekstrarstaðnum og aðstæður þannig að framúrakstur er varhugaverður. Í þessu máli telst frumorsök áreksturs sú að M sem ökumaður bifreiðar A ekið framúr bifreið B án nægilegrar varúðar og þannig ekki gætt fyrirmæla 20. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Verður öll ök því lögð á ökumann bifreiðar A.

Niðurstaða.

Öll sök á ökumann bifreiðar A.

Reykjavík 12. ágúst 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 177/2014
M og
V vegna málskostnaðartryggingar fjölskyldutryggingar.

Ágreiningur um gildissvið málskostnaðartryggingar vegna ágreinings árið 2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 5. júní 2014 ásamt fylgiskjölum 1-6
2. Bréf V dags. 7. júlí 2014.

Málsatvik.

M fara fram á greiðslu bóta úr málskostnaðartryggingu hjá V, vegna fyrirhugaðs málareksturs gegn Landsbanka Íslands (L). M tóku tvö skuldabréfalán hjá L, annað að fjárhæð kr. 7.500.000 og hitt að fjárhæð kr. 10.000.000 og hyggjast krefjast þess að L endurgreiði þeim allan kostnað vegna lántökunnar, en þar sem L neitar að endurgreiða hyggjast M höfða dómsmál gegn L til að fá dóm um endurgreiðslukröfuna en í raun er um skaðabótakröfu að ræða. M segja að lántakan hafi verið þeim nauðsynleg þar sem L hafi neitað að afhenda þeim andvirði verðbréfaeignar þeirra sem var í vörslu L og hafi L gert það á ólögmetan hátt. Um er að ræða tvö lán en M voru útgefendur á skuldabréfi í öðru tilvikinu en fyrirtæki þeirra útgefandi í hinu tilvikinu en M í raun í sjálfskuldarábyrgð fyrir láninu. M segja að kostnaður þeirra vegna ofangreindrar lántöku hafi verið mikill og munu þau krefja L um endurgreiðslu kostnaðarins í fyrirhuguðu dómsmáli.

V hafnar bótaskyldu á þeim forsendum að um sé að ræða lánveitingu í tengslum við atvinnu M auk þess sem um sé að ræða ábyrgð sem M hafi tekist á hendur. Þá vísar V til þess að málskostnaðartryggingunni sé ætlað að taka til dómsmála sem venjuleg heimili þurfi að standa í, en ekki sé um það að ræða í þessu tilviki. Þrátt fyrir það býðst V til að greiða helming hámarksbóta úr málskostnaðartryggingunni.

M sætta sig ekki við það og krefjast óskertra hámarksbóta úr málskostnaðartryggingunni komi til þess að þau þurfi að greiða málskostnað í málinu. M halda því fram að það hafi verið krafa L að fyrirtæki þeirra væri aðalskuldari á öðru þeirra tveggja lána sem þau tóku hjá M, en lánið hafi ekki verið notað til reksturs fyrirtækisins heldur til greiðslu á persónulegri skattaskuld. Þá vísar M til þess að ákvæði í grein 47.3 í váttryggingaskilmálum, þar sem segir að málskostnaður í tengslum við atvinnu váttryggðs bætist ekki, beri að skýra þröngt og eigi einungis við þegar lánveitingin lúti með beinum hætti að atvinnurekstri, en það hafi ekki verið raunin í því tilviki sem hér ræðir um. Þá vísar M einnig til þess að fyrirtækið sé einungis lántakandi að öðru þeirra tveggja lána sem um sé að ræða. Þá bendir M á að þau hafi verið aðalskuldarar á öðru láninu og fyrirtæki þeirra aðalskuldari á hinu skv. kröfu L. Ágreiningurinn í fyrirhuguðu dómsmáli varði þó ekki ábyrgðina sem slíka og beri að skýra ákvæði greinar 47.4 í váttryggingaskilmálum með þeim hætti að ágreiningurinn verði beinlínis að lúta að ábyrgðinni sjálfri. Þá vísa M til þess að lántaka eins og sú sem um ræðir hafi ekki verið óvenjuleg á þeim tíma sem lánin voru tekin.

Álit.

M hyggjast höfða dómsmál gegn L til að krefja L um skaðabætur vegna þess að M fengu ekki aðgang að verðbréfaeign sinni hjá L um nokkra hríð. Tjón sitt meta M sem fjárhæð kostnaðar vegna töku lána samkvæmt tveim skuldabréfum. Ágreiningur í máli því sem M hyggjast höfða snýst um skaðabótaskyldu L vegna lántökunnar og hvort L hafi staðið rétt að málum varðandi

viðskipti við M með þeim hætti að varði L skaðabótum. Í ljósi þess að aðalágreiningur M við V snýr að því að M eigi í lagalegum ágreiningi við L um skilyrði skaðabótaskyldu L verður ekki séð að máli skipti á þessu stigi máls hvernig M staðreyni fjárhæð tjón síns og hvaða lánveitingar standi þar að baki. Þá liggur ekki skýrlega fyrir að lántakan hafi verið í þágu fyrirtækisins eða tengist atvinnurekstri M og V hefur hvorki mótmælt né hnekkkt þeirri staðhæfingu M að lánin hafi verið notuð í persónulega þágu M. M á því rétt til fullra bóta úr málskostnaðartryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M eiga rétt á fullum bótum úr málskostnaðartryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 19.8.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 178/2014
M og
V vegna slysaftryggingar launþega.

Ágreiningur um tjónstilkynningarfrest 1.mgr. 124.gr. laga um vaftryggingarsamninga vegna frítímaslyss þann 19. maí 2007.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 5.6.2014 ásamt fylgiskjölum
2. Bfíf V, dags. 2.7.2014, ásamt fylgiskjali

Málsatvik.

M slasaðist í gönguferð í frítíma sínum þann 19. maí 2007 er hún fell á bæði hné. Afleiðingar voru bólgur í hjám og verkir. M leitaði til heimilislæknis þann 3.7.2007 þar sem enn voru verkir í hjánum en bólgur voru ekki lengur til staðar. Í kjölfarið leitaði hún til nokkurra bæklunarlækna vegna einkenna sinna. Hún fór í sjúkrahjálfun 2007 og aftur 2009. Fór í aðgerð 2010 og aftur í aðgerð 2013. V barst tilkynning um slysið þann 7. febrúar 2010 en þá var það eingöngu tilkynnt sem frítímaslys og fjölskyldutrygging maka M tilgreind í tilkynningunni. Á þeim tíma var hvorki tilgreint hvar M væri í vinnu né óskað eftir upplýsingum um hvar vinnuveitandi hennar væri tryggður. Slík fyrirspurn var fyrst gerð til V og annarra tryggingafélaga með tölvupósti þann 16.4.2014 og var þá upplýst að vinnuveitandi M væri með launþegaftryggingar hjá V. Í kjölfarið á því var slysið tilkynnt til V og óskað eftir bótatillögu.

Álit.

Áður en metið er hvort tilkynnt hafi verið innan þess frests sem kveðið er á um í 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 er nauðsynlegt að ákvarða hvenær tilkynning barst félaginu. Tvær mögulegar dagsetningar koma til greina, þ.e. 7. febrúar 2010 og 16. apríl 2014. Í fyrri dagsetningunni var fjölskyldutrygging maka M tilgreind og hvergi getið um mögulegan bótarétt úr slysaftryggingu launþega enda ekki upplýst hvar M væri í vinnu. V hafði því enga ástæðu til að ætla að um væri að kröfu í slysaftryggingu launþega. Í lögskýringargögnum með 124. gr. framangreindra laga kemur fram að tryggingafélögin hafi af því mikla hagsmuni að kröfur komi fram sem fyrst og verður að telja nauðsynlegt að tjónstilkynningar beri með sér í hvaða tryggingu verið er að gera kröfu. Í þessu tilfelli var það tilviljun ein sem réði því að launþegaftrygging vinnuveitanda M væri hjá sama félagi og fjölskyldutrygging maka M. Í ljósi þessa verður að telja að rétt sé að miða við að tilkynning um slysið í tengslum við slysaftryggingu launþega hafi ekki borist fyrr en þann 16. apríl 2014.

Við mat á því hvort M hafi glatað rétti til bóta á grundvelli fyrrgreinds lagaákvæðis verður að líta til þess hvað hún vissi um þau atvik, sem bótakrafa hennar er reist, ári áður en tilkynnt var um atvikið til V, þ.e. 16. apríl 2013. M varð fyrir slysinu þann 19. maí 2007. Samkvæmt gögnum málsins leitaði hún ítrekað til lækna og heilbrigðisstarfsmanna vegna meina sinna á löngu tímabili og fór m.a. í aðgerð 2010. Verður því að telja ljóst að einu ári áður en V var tilkynnt um slysið hafi M þegar vitað um atvik sem bótakrafa hennar er reist á. Tilkynning barst því of seint og á M ekki rétt á bótum úr launþegaftryggingu þeirri sem vinnuveitandi hennar var með hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum frá V úr slysatryggingu launþega.

Reykjavík 16.9.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 180/2014**M****og****vátryggingafélagið X v/ húseigendatryggingar íbúðarhúsnæðis.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna kostnaðar við flutning úr húsnæði vegna vatnstjóns.****Gögn.**

90. Málskot, móttakið 5.6.2014, ásamt fylgigögnum.

91. Bréf X, dags. 10.7.2014, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 25.3.2014 komu í ljós skemmdir á parketi í stofu á heimili M af völdum vatns sem hafði lekið úr ofni. M hefur húseigendatryggingu íbúðarhúsnæðis hjá X. Ekki er um það deilt að tjón á parketinu er bótaskyldt úr húseigendatryggingunni. Er lokið var við að leggja nýtt parket kom í ljós litamunur og af þeim sökum þarf að slípa og lakka önnur gólf. Til að það sé unnt þarf að rýma húsnæðið meðan á framkvæmdum stendur. Hefur M krafist bóta úr hendi X vegna þess kostnaðar sem hlýst af því að flytja þarf búsmuni úr húsnæðinu og geymslu þeirra á meðan viðgerð stendur. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt gr. 9.1.1 í skilmálum húseigendatryggingar íbúðarhúsnæðis bætir vátryggingin tjón m.a. af völdum vatns sem óvænt og skyndilega streymir úr leiðslum hússins og á upptök innan veggja þess. Greiðir vátryggingin kostnað við uppbrot og rask sem óhjákvæmilegt er til að stöðva leka, svo og frágang að nýju vegna slíkra aðgerða, þannig að húseignin sé í sama og eigi verra ástandi en hún var fyrir tjónið. Bætur fyrir uppbrot og rask að öðru leyti en því að stöðva leka greiðast ekki. Í gr. 9.10 í vátryggingarskilmálunum er fjallað um bætur fyrir atnotamissi íbúðarhúsnæðis. Segir í gr. 9.10.1 að félagið greiði bætur þegar íbúðarhúsnæði skemmist af eldi eða bótaskyldum tjónsatburði út vátryggingunni og viðgerð er svo umfangsmikil að óhjákvæmilegt er að flytja úr húsnæðinu. Í gr. 9.10.2 og 9.10.3 eru svo ákvæði varðandi fjárhæð bóta og tímabil sem bætur greiðast.

Eins og mál þetta er lagt fyrir nefndina verður ekki annað ráðið en ágreiningur aðila snúist um greiðslu beins kostnaðar við að flytja búsmuni úr húsnæðinu og geymslu þeirra meðan gólf eru slípuð og lökkuð en ekki vegna afnotamissis íbúðarinnar þann tíma sem viðgerðin tekur, sbr. gr. 9.10 í vátryggingarskilmálunum. Kemur því ekki til skoðunar hvort M eigi rétt til bóta samkvæmt þessari grein skilmálanna. Samkvæmt þeim skilmálum sem um húseigendatrygginguna gilda verður ekki séð að kostnaður vegna flutnings og geymslu búsmuna fáiast bættur úr vátryggingunni eins og M gerir kröfu um.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr húseigendatryggingu íbúðarhúsnæðis hjá X vegna kostnaðar við flutning og geymslu á innbúsmunum.

Reykjavík, 12. ágúst 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 181/2014**M****og V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar X.****Ágreiningur um sönnun líkamstjóns vegna áreksturs 5. janúar 2014.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 13. júní 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 8. júlí 2014.

Málsatvik.

Skv. lögregluskýrslu varð árekstur með bifreiðunum X og Y við umferðarljós á Sæbraut við Kleppsmýrarveg. Vitni sem rætt var við á vettvangi og ökumaður Y báru um að hafa ekið á eftir bifreiðinni X gegn grænu ljósi þegar bifreiðinni Y var ekið inn á gatnamótin og ekið í hlið X en ekki stöðvað við áreksturinn heldur ekið beint áfram. Lögregla náði sambandi við ökumann X sem var að leggja bifreið sinni við bifreiðastæði heima hjá sér í kjölfarið og viðurkenndi hann að hafa ekið á bifreiðina Y. Í lögregluskýrslu er ekki minnst á að farþegar hafi verið í bifreiðunum. Í málinu liggur einnig fyrir læknisvottorð frá bráðamóttöku Landspítala-Háskólasjúkrahúss vegna komu M þangað síðdegis þann 5. janúar 2014 þar sem hún lýsir óþægindum vegna bílslyss. Einnig liggur fyrir yfirlýsing ökumanns X dags. 16. apríl 2014 um að M hafi verið farþegi í bifreiðinni þegar árekstur varð þann 5. janúar s.á.

M telur að með ofangreindum gögnum sé sannað að hún hafi hlotið líkamstjón í árekstri bifreiðanna X og Y. Sérstaklega vísar M til yfirlýsingar ökumanns um það og læknisvottorðs sem staðfestir komu hennar á bráðamóttöku strax eftir slysið. Eðlilegar skýringar hafi verið á því að sonur hennar, sem var ökumaður bifreiðarinnar X, hafi ekki stöðvað eftir áreksturinn, en hann hafi komist í uppnám og ekki gefið greinargóða lýsingu þegar lögregla hafi hitt á hann eftir áreksturinn. Hann hefði auk þess haldið að hann yrði boðaður í frekari skýrslutöku hjá lögreglu síðar.

V telur að það sé ósannað að M hafi hlotið líkamstjón í umræddum árekstri þar sem það liggja ekki fyrir ótvíræð sönnunargögn um að hún hafi verið farþegi í bifreiðinni X þegar hún lenti í árekstri. V vísar aðallega til þess að M hefði átt að tryggja sér sönnun strax um að hún hafi verið í bifreiðinni þegar áreksturinn varð en síðari tíma yfirlýsingar hafi ekki sömu þýðingu. Einnig vísar V til þess að kvartanir M þegar hún leitaði á bráðamóttöku hafi ekki leitt til greiningu áverkamerkja.

Álit.

Í málinu liggja ekki fyrir óyggjandi sönnunargögn um að M hafi verið í bifreiðinni X, þegar henni var ekið á Y. Ökumaður þeirrar bifreiðar og vitni bera hvorugir um farþega í bifreiðinni X á vettvangi og ekki heldur ökumaður X þegar rætt er við hann stuttu eftir áreksturinn.

Eina sönnunargagnið sem liggur fyrir og tengir M beinlínis við bifreiðina X er einhliða yfirlýsing ökumanns bifreiðarinnar, sonar M, sem gerð er nokkrum mánuðum eftir atvikið. Ekki hefur farið fram lögreglurannsókn eða önnur gögn lögð fram sem staðfesta að M hafi verið farþegi í umræddri bifreið. M ber sönnunarbyrði um að hún hafi verið farþegi í umræddri bifreið og hlotið líkamstjón í árekstri þann 5. janúar 2014. Á meðan ekki liggja fyrir skýrari gögn sem staðfest að M hafi verið farþegi í bifreiðinni telst hún ekki hafa uppfyllt þær kröfur sem gerðar eru til sönnunar atviks.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X.

Reykjavík 19. ágúst 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 182/2014
M og
V vegna slysatryggingar ökumanns og eiganda bifreiðarinnar A.

Umferðarslys við Akrafjall. Tilkynningarfrestur þ. 8.1.2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.11.6.2014 ásamt fylgiskjöllum 1-6
2. Bréf V dags. 3.júlí 2014.

Málsatvik.

M missti stjórn á bifreið sinni A, í hálfu þ. 8.1.2012 og lenti á annarri bifreið og slasaðist. M gerir kröfu til bóta úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A, en V hafnar bótaskyldu þar sem slysið hafi verið tilkynnt félaginu eftir að ársfrestur var liðinn sbr. 124.gr. laga um váttryggingasamninga nr. 30/2004. Tilkynning um slysið barst V þ. 4.10.2013. Af hálfu M er því haldið fram að hann hafi ekki getað gert sér grein fyrir varanlegum afleiðingum slyssins á slysdegi og ekki fyrir en eftir að M leitaði til Jóns Ingvars Ragnarssonar læknis þ. 31.1.2013. Af hálfu M er því haldið fram að jafnvel þó að hann hafi hlotið beinbrot við áreksturinn þá sé ekki þar með sagt að hann megi búa við varanlegar afleiðingar af þeim sökum og M m.a. hafið störf aftur eftir slysið þ. 18.5.2012. V hafnar bótaskyldu og byggir á því að tilkynningarfrestur hafi verið liðinn þegar slysið var tilkynnt sbr. 124. gr. váttryggingarsamningalaga. V bendir á að við slysið hafi M brortið nærenda ristilleggjar litlutáar, hlotið kurlbrot á hælbeini sömu megin og samfallsbrot á liðbol í mjóhrygg og legið á sjúkrahúsi í 9 daga. Þá bendir V á að við eftirlit þ. 3.4.2012 hafi greinst aflögun á fæti M og samkvæmt vinnufærnisvottorði læknir dags. 29.5.2012 komi fram að fóturinn sé aflagaður til frambúðar. V segir að áverkarnir séu þess eðlis að M hafi strax á slysdegi mátt gera sér grein fyrir varanlegum afleiðingum þeirra og slysið því tilkynnt of seint sbr. ofangreint.

Álit.

Miðað við fyrirliggjandi gögn þá liggur ekkert fyrir sem bendir til annars en að M hafi átt að gera sér grein fyrir varanlegum afleiðingum slyssins á slysdegi og í síðasta lagi við útgáfu vinnufærnisvottorðs læknis þ. 29.5.2012. Af hálfu M var tilkynnt um slysið þ. 4.10.2013 en þá var ársfresturinn skv. 124. gr. laga um váttryggingasamninga nr. 30/2004 liðinn fyrir nokkru. Ekki hafa verið lögð fram gögn af hálfu M sem geta réttlætt það að slysið var ekki tilkynnt fyrir en að ofan greinir. M á því ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns og eiganda hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns og eiganda vegna slyssins þ. 8.1.2010.

Reykjavík 12.8.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 183/2014

M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
vátryggingafélagið Y v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur á Njarðargötu í Reykjavík við gatnamót Eggertsgötu þann 22.4.2014.**Gögn.**

92. Málskot, móttakið 12.6.2014, ásamt fylgigögnum.
93. Bréf (tölvupóstur) Y, dags 24.6.2014.
94. Bréf X, dags. 3.7.2014, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Bifreiðunum A og B var ekið suður Njarðargötu og var A ekið á undan B. Rétt norðan við Eggertsgötu var A beygt til vinstri inn á malarplan fyrir framan athafnasvæði Fluggarða á Reykjavíkurlflugvelli. Í sömu andrá var B ekið áleiðis fram úr A vinstra megin. Rákust þá saman vinstra framhorn A og hægri hlið B.

Í tjónstilkynningu er haft eftir ökumanni A að hann hafi verið að „fara beygja inn að Flugskýlinu til vinstri“ þegar bifreið hafi tekið fram úr og árekstur orðið. Í málskoti er staðhæft að ökumaður A hafi gefið stefnumerki í tíma og litið eftir umferð á móti og á eftir. Hann hafi þá tekið eftir B mjög nálægt fyrir aftan sig og þá dregið verulega úr hraða eftir að stefnuljós var gefið. B hafi svo verið ekið áleiðis fram úr og árekstur orðið.

Efir ökumanni B er haft í tjónstilkynningu að hann hafi verið að taka fram úr bifreið sem hann hélt að væri að fara að beygja til hægri inn Eggertsgötu. Síðar lýsti ökumaður B tildrögum árekstursins á þann veg að ökumaður A hafi hægt á sér til að beygja er þeir komu að Eggertsgötu. Hann hafi ranglega gert ráð fyrir að A yrði beygt til hægri og því ætlað að taka fram úr en tekið of seint eftir að henni var beygt til vinstri.

Fyrir liggur frásögn vitnis sem kveðst umrætt sinn hafa verið á leið inn á Njarðargötu til norðurs frá planinu sem A var að aka inn á. Kveðst vitnið hafa séð A koma frá hægri og hafi ökumaður gefið stefnumerki, dregið úr hraða og nánast staðnæmst fyrir framan sig. Hafi ökumaðurinn greinilega ætlað að beygja inn á planið. Þá hafi B skyndilega komið úr norðri á talsverðri ferð á vinstri akrein fram með A og árekstur orðið þegar ökumaður A var að byrja að beygja til vinstri.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal aka vinstra megin fram úr ökutæki. Þó skal aka hægra megin fram úr ökutæki, ef ökumaður þess beygir til vinstri eða undirbýr greinilega vinstri beygju. Samkvæmt málskoti kveðst ökumaður A hafa gefið í tíma merki um fyrirhugaða beygju til vinstri. Sú frásögn fær stoð í framburði vitnis. Þá kveðst ökumaður B ranglega hafa gert ráð fyrir að A yrði beygt til hægri. Verður samkvæmt þessu að telja nægilega að ökumaður A hafi greinilega undirbúið vinstri beygju áður en ökumaður B ók fram úr A. Við þessar aðstæður bar ökumanni B að aka hægra megin fram úr. Á því varð misbrestur og telst ökumaður B eiga sök á

árekstrinum. Eins og hér stóð á eru ekki næg efni til að leggja sök á ökumann A. Ökumaður B ber því alla sök.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann B.

Reykjavík, 12. ágúst 2014.

Póra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 184/2014**M****og V v/ ferðarofstryggingar í fjölskyldutryggingu og greiðslukortatryggingu.****Veikindi á ferðalagi 25.-29. apríl 2014.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 17. júní ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 8. júlí 2014 ásamt váttryggingarskilmálum.

Málsatvik.

M fór í ferð til Bretlands ásamt fjölskyldu sinni þann 25.apríl 2014 og var fyrirhuguð heimferð 28.apríl sama ár. M kveðst hafa veikt að kvöldi 26. apríl og aðfarnótt 28. apríl hafi hún leitað á sjúkrahús vegna veikindanna. Ekki hafi síðan orðið að fyrirhugaðri heimferð fyrr en 29.apríl vegna atvika sem vörðuðu bilun í flugvél þeirri sem M átti far með heim.

M telur að hún eigi rétt til bóta vegna ferðarofs og ferðatafa úr váttryggingum sínum hjá V og telur að ferð hennar hafi verið rofin strax 26. apríl þegar veikindi hennar komu upp og fer yfir ferðasögu fjölskyldunnar í málskoti.

V telur að skilyrði váttryggingarskilmála til greiðslu bóta séu ekki uppfyllt. Í fyrsta lagi sé ekki um ferðarof að ræða í skilningi gr. 8.5.1. í B-hluta VI. kafla váttryggingarskilmála fjölskyldutryggingar þar sem ferð M hafi ekki verið rofin skv. fyrirmælum læknis áður en hún var hálfnuð eða M hafi legið á sjúkrahúsi meira en helming ferða eins og ákvæðið geri kröfu um. Einnig bendir V á að ákvæði váttryggingarskilmála greiðslukortatryggingar M nái heldur ekki til atviksins, sbr. orðalag í gr. 4.4. og 4.6. en skilyrði þeirra greina séu ekki uppfyllt.

Álit.

Það sem skiptir máli í atvikum máls M er að hún veiktist í fyrirhugaðri þriggja sólarhringa ferð til Bretlands. Þó veikindi hafi komið upp daginn eftir komu leitaði M ekki á sjúkrahús fyrr en stuttu áður en hún átti að fljúga heim. Vegna atvika sem varða flugfélag M komst hún ekki heim fyrr en sólarhring síðar en fyrirhugað var. Þó þessi staða hafi verið óþægileg fyrir M verður ekki séð að skilyrði váttryggingarskilmála um greiðslu bóta vegna atvika séu uppfyllt. Ferð var hvorki rofin í þeim skilningi að M hafi þurft að fara fyrr heim eða stytta dvöl sína skv. fyrirmælum læknis né lá hún á sjúkrahúsi meira en helming ferðarinnar. Skilyrði til greiðslu bóta skv. gr. 8.5.1 í skilmálum fjölskyldutryggingar eða gr. 4.4. eða 4.6. í skilmálum greiðslukortatryggingar eru því ekki uppfyllt og ekki tilefni til bótaskyldu úr þeim váttryggingum.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu eða greiðslukortatryggingu hjá V.

Reykjavík 12. ágúst 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 185/2014
M og
V v. ökutækjatryggingar

Umferðaróhapp við Malarhöfða í Reykjavík. Sönnun atviks þ. 9.9.2012.

Gögn.

1. Málskot móttækið þ.19.6.2014 ásamt fylgiskjölum 1-7
2. Bréf V dags.3.júlí 2012.

Málsatvik.

M segist hafa verið á hjóli neðst við Malarhöfða í Reykjavík við brúna við Elliðaár þegar ekið hafi verið utan í hjólið af ökutæki með þeim afleiðingum að hann hafi fallið og slasast. M leitaði til læknis vegna slyssins þ. 12.9.2012 og til lögreglu þ. 23.10.2013. M gerir kröfu á hendur V vegna tjóns sem hann varð fyrir við umferðaróhappið þar sem ökutækið sem ók utan í M sé óþekkt. Af hálfu M er vísað til reglna um óbeina sönnun og dóms Hæstaréttar Íslands í málinu nr. 228/2013 og til 1. mgr. 20. gr. reglugerðar nr. 424/2008 og ökutækjatilskipun 2000/26/EB. V hafnar bótaskyldu. Af hálfu V er á það bent að M hafi leitað til lögreglu fyrst 13 mánuðum eftir tjónsatburðinn og þá hafi verið orðið of seint að auglýsa eftir ökumanni eða vitnum og því ekki öðru til að dreifa en einhliða frásögn M sjálfs. V hafnar að tilvitnaður dómur Hæstaréttar hafi fordæmisgildi í því máli sem hér fjallar um. V segir að frásögn M sé ekki studd vitnum og/eða ummerkjum um slys og því skorti á að M hafi tekist að sanna staðhæfingar sínar um að óþekkt ökutæki hafi í umrætt sinn ekið utan í hann.

Álit.

Af hálfu M hafa ekki verið lögð fram fullnægjandi gögn sem benda til eða sanna að hann hafi orðið fyrir slysi með þeim hætti sem hann lýsir og krafa hans byggir á. Tjóni á reiðhjóli og hjóðreiðahjálmi er ekki lýst sérstaklega eða lögð fram gögn hvað þau varðar. Miðað við fyrirbyggjandi gögn hefur M því ekki lagt fram fullnægjandi sönnur á því að hann hafi orðið fyrir umferðaróhappi með þeim hætti sem hann heldur fram og á því ekki rétt á bótum úr ökutækjatryggingu hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ökutækjatryggingu hjá V.

Reykjavík 12.8.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 186/2014
M
og V vegna slysatryggingar útgerðar X.

Orsakatengsl vegna líkamstjóns þann 28. júní 2011 og tilkynningarfrestur sky.
1.mgr. 124.gr. laga um vátryggingarsamninga.

Gögn.

1. Málskot móttakið 19. júní 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 8. júlí 2014.

Málsatvik.

Í tilkynningu um slys á sjómanni til Sjúkratrygginga Íslands frá 3. apríl 2014 kemur fram að þann 28. júní 2011 hafi það atvik orðið um borð í skipi útgerðar X að M hafi fallið ofan í lest og annar fótur hans festis milli lestarlúgu og –karms. Skipstjóri heyrði hróp frá M og náði að losa um lúguna þannig að fótur M losnaði.

Samkvæmt gögnum málsins virðist M ekki hafa leitað til læknis vegna slyssins fyrr en 10. apríl 2012, eða tæplega 10 mánuðum eftir atvikið. Fram kemur að M hafi haldið að áverkarnir myndu lagast af sjálfu sér og því ekki talið þörf á læknishjálpi. Hjá læknum kvartaði M yfir óþægindum í hægri ökkla sem M rakti til fyrrgreinds slyss. Leiddi skoðun hjá lækni ekkert í ljós nema að lítið svæði yfir ökkla var mjög aumt viðkomu. Önnur einkenni komu ekki fram. Fékk M deyfingarsprautu sem að sögn M virkaði mjög vel og var hann verkjalaus fram á haustið en eftir smá óhapp í vinnunni blossuðu einkennin upp á nýjan leik. Leitaði hann því til læknisins aftur í mars 2013. Fékk hann sprautu þá aftur en í komu til læknisins í apríl 2014 sagði M að sprautan hefði ekki virkað eins vel og fyrri sprautan.

V fékk tilkynningu um slysið þann 3. apríl 2014. Með bréfi þann 11. júní 2014 hafnaði V bótaskyldu með vísan til þess að ekki væri sýnt fram á að um orsakatengsl væri að ræða milli þess atviks sem M lýsir að hafi átt sér stað 28. júní 2011 og einkenna M nú. Í bréfi V til nefndarinnar frá 8. júlí sl. kemur einnig fram að V telji að tilkynningin um slys til félagsins hafi komið fram of seint, sbr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga.

Álit.

Í málinu liggja fyrir læknisfræðileg gögn sem sýna að M leitaði mjög takmarkað til læknis vegna afleiðinga þess tjónsatviks sem hann lýsir að hafi átt sér stað í júní 2011. M leitaði ekki á slysadeild í kjölfar þessa og ekki til læknis fyrr en tæplega 10 mánuðum eftir slysið. Fór M svo einu sinni til læknis út af ökklanum árið 2013. Ljóst er að engin samtímagögn um einkenni M liggja fyrir í málinu. Yfirlýsing skipstjórans frá 26. mars 2014 hefur ekki áhrif á sönnunarstöðu M varðandi orsakatengslin.

Engin gögn í málin sýna fram á að M hafi hlotið þau einkenni, sem hann telur sig vera með í dag, við það atvik sem hann lýsir að hafi átt sér stað þann 28. júní 2011. Verður því að telja að orsakatengsl milli þess og einkenna M séu ósönnuð. Þarf þess vegna ekki að taka afstöðu til þess hvort tilkynningin hafi verið of seint fram komin.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu útgerðarinnar X.

Reykjavík 19. ágúst 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 187/2014**M
og V vegna slysatryggingar ökumanns bifreiðarinnar X.****Tilkynningarfrestur 1.mgr. 124.gr. laga um vátryggingarsamninga
vegna slyss 20. desember 2010.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 13. júní 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 3. júlí 2014.

Málsatvik.

Í gögnum málsins liggur fyrir lögregluskýrsla sem staðfestir að M hafi hlotið „smávægileg meiðsl“ í umferðaróhappi þann 20. desember 2010. Hún leitaði samdægurs til læknis þar sem hún kvartaði m.a. um verki í hálsi og öxl. Eftir það leitaði hún til læknis í janúar 2011 og síðan ekki aftur fyrir en á árinu 2013. Í málinu liggur fyrir matsgerð dags. 2. desember 2013 þar sem matsmenn telja að um ári frá slysi hafi M átt að vera ljóst að um varanlegar afleiðingar væri að ræða vegna slyssins. Slys hennar var tilkynnt til V í lok janúar eða byrjun febrúar 2013.

M telur að hún hafi tilkynnt um slys sitt til V innan árs frá því henni var kunnugt um að hún hefði hlotið varanlegar afleiðingar af slysinu 20. desember 2010. M telur að sá tímunktur hafi verið í lok árs 2012 eða í byrjun árs 2013. M bendir á að hún hafi verið í sjúkraþjálfun ár árinu 2011 og árið 2012 hafi hún reynt einkaþjálfun til að bæta heilsu sína. Það hafi ekki fyrir en eftir að hún hafði lokið þeirri þjálfun sem ætla megi að hún hafi áttað sig á atvikum á bak við kröfu sína í skilningi 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

V telur að miða verði við niðurstöðu matsmanna um hvenær M hefði átt að gera sér grein fyrir varanlegum afleiðingum slyss. V bendir á að síðasti tími M í sjúkraþjálfun hafi skv. gögnum málsins verið í maí 2011 og ekkert komi fram í málinu annað en að M hefði átt í lok þess árs að geta gert sér grein fyrir varanlegum afleiðingum sínum.

Álit.

Í málinu liggja fyrir læknisfræðileg gögn sem sýna að M leitaði mjög takmarkað til læknis vegna afleiðinga slyssins í desember 2010. Hún fór í sjúkraþjálfun fyrri hluta ársins 2011 og fékk þar þær upplýsingar um að hún gæti orðið betri með reglulegri hreyfingu. Þó M, m.v. þær upplýsingar sem liggja fyrir í gögnum málsins, virðist ekki hafa tekið upp skipulagða reglulega hreyfingu fyrir en á árinu 2012 þegar hún leitaði til einkaþjálfara, verður það ekki talið hnekkja niðurstöðu matsmanna í matsgerð dags. 2. desember 2013. Þar kemur fram að M hefði mátt gera sér grein fyrir varanlegum afleiðingum slyssins um ári eftir það eða í lok árs 2011. Þegar tilkynning barst V í byrjun árs 2013 var því árstilkynningarfrestur 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga liðinn.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns bifreiðarinnar X.

Reykjavík 19. ágúst 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 188/2014
M
og V v. ábyrgðartryggingar O.

Umferðaróhapp þegar bifreið lenti ofan í holu þar sem brunnlok hafði verið fjarlægt af holræsabrunni þ. 27.5.2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.12.6.2014 ásamt fylgiskjöllum 1-5
2. Bréf V dags.24.júní 2014.

Málsatvik.

M ók norður Víkurveg í Reykjavík og fann þungt högg koma á bifreið sína. Í ljós kom að M hafði ekið yfir brunnop holræsabrunns og varð bifreið M fyrir skemmdum vegna þessa. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu O hjá V þar sem brunnlok hafi vantað í umrætt sinn á holræsabrunn. Auk þess að krefjast bóta úr ábyrgðartryggingu O hjá V krefst M einnig bóta úr kaskótryggingu sinni hjá öðru vátryggingafélagi en um það mál verður ekki fjallað í þessum úrskurði. V hafnar bótaskyldu og segir að O beri ekki hlutlæga ábyrgð á brunnlokum heldur verði að koma til saknæm háttsemi starfsmanna O, en um það sé ekki að ræða í þessu tilviki og starfsmenn O hafi ekki vitað af því að umrætt brunnlok væri ekki á holræsabrunninum.

Álit.

Ekki hefur verið sýnt fram á að starfsmenn O hafi sýnt af sér vanrækslu í umrætt sinn eða vitað af því að brunnlokið sem um ræðir væri ekki yfir holræsabrunninum svo sem það átti að vera. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu O hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu O hjá V.

Reykjavík 12.8.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 189/2014

M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B
og
vátryggingafélagið Y v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.

Árekstur á bifreiðastæði við Miðhraun 2, Garðabæ, þann 17.5.2014.**Gögn.**

- 95. Málskot, móttakið 13.6.2014, ásamt fylgigögnum.
- 96. Bréf X, dags 10.7.2014, ásamt fylgigögnum.
- 97. Bréf Y, dags. 15.7.2014, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Bifreiðinni A var ekið til austurs eftir nyrðri hluta bifreiðastæðis að norðanverðu við Miðhraun 2, Garðabæ. Í sama mund var bifreiðinni B ekið til vesturs eftir sama bifreiðastæði og beygt til vinstri áleiðis í stöðureit að sunnanverðu við akbraut á bifreiðastæðinu sem bifreiðunum var ekið eftir. Rákust þá saman að því er ráða má af gögnum málsins hægra framhorn A og vinstri hlið B.

Álit.

Nefndin hefur kannað aðstæður á vettvangi. Við vestari enda bifreiðastæðisins er merki (B01.21) um bann við akstri inn á bifreiðastæði úr þeirri átt. Stefnuörvar á yfirborði akbrautarinnar gefa það einnig greinilega til kynna. Ekki fer á milli mála að ökumaður A ók efir bifreiðastæðinu gegn einstefnu. Til þess verður áreksturinn rakinn og því telst ökumaður A eiga sök á honum. Af gögnum málsins og þegar horft er til sakar ökumanns A verður ekki séð að unnt sé að virða það ökumanni B til sakar þótt hann hafi verið búinn að beygja til vinstri áleiðis inn í stöðureitinn þegar áreksturinn varð eða hann hafi að öðru leyti átt tók á því að koma í veg fyrir áreksturinn. Eru því ekki nægar forsendur til að leggja sök á ökumann B. Ökumaður A ber því alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann A.

Reykjavík, 12.ágúst 2014.

Póra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 190/2014**M
og V v/ ábyrgðartryggingar X.****Tjón á bifreið í ágúst 2013 á Suðurlandsvegi.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 23. júní 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 7. júlí 2014.
3. Tölvupóstur M dags. 11. ágúst 2014.

Málsatvik.

Í málinu liggur fyrir lögregluskýrsla þar sem M tilkynnir um tjón á bifreið sinni þar sem hann hafi verið að aka vestur Suðurlandsveg. Hann hafi ekið út á nýtt malbik og kveðst hafa verið á 30-40 km/klst hraða. Þær bifreiðir sem á móti komu hafi hins vegar ekið mun hraðar og hafi grjóti rignt yfir bifreið hans og valdið skemmdum á lakki. Í lögregluskýrslu sem dagsett er um 7 dögum eftir tjónið kveðst lögreglumaður hafa farið á vettvang og séð varúðarmerkingar um hætti á grjótcasti rétt við umræddan kafla en taldi þær ekki hafa verið í nægri fjarlægð til þess að ökumenn gerðu ráðstafanir strax. Ekki liggja fyrir myndir af aðstæðum á vettvangi.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð vegna skemmda á bifreið hans þar sem ekki hafi verið nægar varúðarmerkingar á vettvangi vegna grjótcasts. M bendir á að umræddur vegarkafli hafi verið klæddur kvöldið áður en tjón hans varð og undirverktaki hjá X hafi fjarlægt merkingar um hádegi daginn eftir og þá hafi tjón hans orðið. Um kl. 17 sama dag hafi V hins vegar sett merkingar á ný. Einnig vísar M til tölvupósts starfsmanna X sem vísar til þess að kvartanir hafi borist vegna umrædds vegarkafla.

V telur að m.v. þær upplýsingar sem liggja fyrir frá M og X að sópun hafi staðið yfir þegar M ók um vegarkafllann á Suðurlandsvegi og m.v. lögregluskýrslu hafi verið varúðarmerkingar vegna þess á vettvangi. V telur að ekki sé hægt að rekja tjón á bifreið M til skorts á varúðarmerkingum heldur til þess að ökumenn sem óku á móti honum hafi ekið of hratt m.v. aðstæður og X geti ekki borið ábyrgð á því.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um hvort nægar varúðarmerkingar hafi verið við vegarkafla sem verið var að malarbera á Suðurlandsvegi. M ber sönnunarbyrði um ábyrgð X. Í gögnum málsins kemur fram að það voru varúðarmerkingar sitt hvoru megin við vegarkafllann en ágreiningur um hvort þær hafi verið í nægilegri fjarlægð fyrir ökumenn til að bregðast við þeim. Í málinu liggja ekki fyrir ljósmyndir eða frekari staðfesting á því að merkingar hafi verið ófullnægjandi í greint sinn. M hefur ekki sýnt fram á að orsakatengsl hafi verið milli merkinga þess að tjón varð á bifreið hans frekar en að aðrir ökumenn á svæðinu hafi mögulega ekki sinnt umræddum merkingum. Við þær aðstæður verður ekki talið sannað að tjón á bifreið M megi rekja til háttsemi starfsmanna X eða aðstæðum sem X ber skaðabótaábyrgð á.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X.

Reykjavík 19. ágúst 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 191/2014
M og
V vegna slysatryggingar launþega.

Starfsmaður datt niður stiga á vinnustað og slasaðist þ. 17.11.2010.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 23.6.2014 ásamt fylgiskjölum 1-16
2. Bréf V dags. 26.júní 2014.

Málsatvik.

M var að fara niður stiga á vinnustað sínum þann 17.11. 2010 og féll um dót í stiganum og varð fyrir líkamstjóni. Ágreiningur í málinu varðar það hvort slys M hafi verið tilkynnt innan ársfrests sbr. 1. mgr. 124. gr.laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004 eða ekki. Slys M var tilkynnt V þ.13.2.2014. Af hálfu M er því haldið fram að M hafi ekki verið kunnar varanlegar afleiðingar slyssins fyrr en síðla árs 2013 þegar sjúkraþjálfun hafi ekki borið árangur. Þá vísar M til þess að ársfresturinn sbr. 124.gr. laga um vátryggingasamninga hafi ekki byrjað að líða fyrr en við skoðun læknis þ. 11.11.2013. Loks vísar M til dóms Hæstaréttar í málinu 7/2009. V hafnar bótaskyldu og telur að M hafi mátt gera sér grein fyrir varanlegum afleiðingum slyssins eftir að hafa farið í tvær aðgerðir vegna slyssins þ.13.3.2012. V telur dóm Hæstaréttar í máli 7/2009 ekki hafa fordæmisgildi varðandi þetta mál. V telur að þegar M kom í læknisskoðun þ.11.9.2013 hafi ástand M verið stöðugt um nokkurt skeið og skoðun M í umrætt sinn hafi verið vegna annarra áverka og M því ekki leitað til læknis vegna slyssins um 18 mánaða skeið og því fullkomlega órökrétt að M hafi ekki gert sér grein fyrir varanlegum afleiðingum þess fyrr en þ. 11.9.2013.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki annað séð en að tilkynning hafi verið send til V eftir að ársfresturinn skv. 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingasamninga var liðinn þar sem M mátti gera sér grein fyrir varanlegum afleiðingum slyssins í síðasta lagi á árinu 2012 sem er meira en ári áður en tilkynningin var send til V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega hjá V.

Reykjavík 12.8.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 192/2014
M og
V-1 v. bifreiðarinnar A og V-2 v. bifreiðarinnar B.

Árekstur bifreiða á hringtorgi við Fífuhvammsveg og Dalsmára í Kópavogi þ. 2.6.2014.

Gögn.

1. Málskot móttékið þ. 20.6.2014 ásamt fylgiskjölum 1-3
2. Tölvupóstur V-2, dags. 26. júní 2014.
3. Bréf V-1, dags. 4. júlí 2014.
4. Tölvupóstur M, dags. 11. júlí 2014

Málsatvik.

Árekstur varð á milli A og B á hringtorgi við Fífuhvammsveg og Dalsmára. Bifreið B var ekið vestur Fífuhvammsveg á vinstri akrein og inn í innri hring hringtorgsins með fyrirhugaða akstursstefnu hálfan hring og aftur út á vinstri akrein Fífuhvammsvegar til vesturs. Bifreið A var ekið suður Dalsmára og inn í ytri hring hringtorgsins þar sem fyrirhuguð akstursstefna var hálfan hring og aftur út á Dalsmárann til suðurs. Þegar bifreið B var ekið út úr innri hring hringtorgsins lendir hann á bifreið A sem var í ytri hring. Framangreind lýsing er fengin úr undirrituðum framburðarskýrslum Aðstoðar og öryggis ehf. M, ökumaður bifreiðar A, hefur síðar haldið því fram að hann hafi einnig verið í innri hring hringtorgsins en sú lýsing fær ekki stoð í öðrum gögnum málsins og stangast á við undirritaða framburðarskýrslu M og verður því hin undirritaða framburðarskýrsla því lögð til grundvallar í málinu.

Álit.

Ökumanni A bar að veita umferð af innri hring hringtorgsins forgang út úr hringtorginu og ber hann því alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök.

Reykjavík 19.8.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 193/2014
M
og V v/ innbústryggingar fjölskyldutryggingar.

Hvarf skartgripa úr íbúð á tímabilinu 16. apríl til 1. júní 2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið 23. júní 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 14. júlí 2014.
3. Tölvupóstur f.h. M dags. 14. júlí 2014.

Málsatvik.

Í málinu liggur fyrir lögregluskýrsla þar sem sonur M tilkynnti um þjófnað á skartgripum M úr íbúð hennar. M er rúmliggjandi og í hjólastól og fær heimahjúkrun daglega. Mismunandi starfsfólk hafi verið að sinna M vorið 2012 og sé það með lykla og komi nokkrum sinnum á dag. Einnig komi starfsmenn til þrifa nokkrum sinnum í mánuði. Sonur M segir í lögregluskýrslu að langlíklegast sé að einhver þessara hafi stolið skartgripunum, sem séu úr gulli, og langlíklegast sé að þeir hafi verið seldir til gullkaupmanna sem væru mikið að auglýsa eftir slíkum gripum í blöðum.

M telur að greiða eigi bætur úr innbústryggingu M vegna þjófnaðar og eigi einnig að líta til áratugaviðskipta M við V og tjónareynslu við mat á bótaskyldu.

V telur að M hafi verið upplýst um að félagið greiddi ekki bætur vegna atviksins með símtali og bréfi dags. 18. mars 2013 og þar sem málskot til úrskurðarnefndar hafi ekki borist innan árs frá þeirri dagsetningu hafi réttur M til greiðslu bóta fallið niður með vísan til 2. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Ef ekki verði fallist á það telur V að í fyrsta lagi að ósannað sé að skartgripum M hafi verið stolið og þannig sé ósannað að hvarf þeirra falli undir gildissvið innbústryggingar fjölskyldutryggingar þar sem þjófnaður er áskilinn. Það sé M að sýna fram á þjófnað og gögn um slíkt liggja ekki fyrir. Ef slíkt telst hins vegar sannað telur V að ákvæði í gr. 4.5.1. í váttryggingarskilmálum eigi við um aðstæður M, en þar kemur fram að ef þjófnaður hefur átt sér stað úr íbúðarhúsnæði sem er ólæst en ekki mannlaust greiðist takmarkaðar bætur og ekki bætur vegna skartgripa. Þjófnaður á skartgripum við þessar aðstæður sé því undanskilinn gildissviði váttryggingarinnar með ótvíræðum og skýrum hætti í umræddri grein.

Álit.

Ágreiningur er um hvort málið er tækt til úrskurðar nefndarinnar í ljósi eins árs frests sem getur gilt til lögfræðilegra aðgerða eins og að skjóta málinu til nefndarinnar, skv. 2.mgr. 124.gr. laga um váttryggingarsamninga, frá því að máli var hafnað af hálfu váttryggingafélags. Nánar tiltekið kemur þar fram að váttryggingafélag sem hafnar kröfu um bætur í heild eða að hluta geti tilkynnt váttryggingartaka að hann glati rétti til bóta höfði hann ekki mál eða skjóti máli til úrskurðarnefndar innan árs frá höfnuninni. Gerð er sú krafa að í tilkynningu váttryggingafélags komi fram hver lengd frestisins sé, hvernig honum sé slitið og lögfylgjur þess að það verði ekki gert. Ekki liggur fyrir afrit tilkynningar þeirrar sem V kveðst hafa sent til M í mars 2013. Ber V sönnunarbyrðina fyrir því að hafa tilkynnt M um höfnun félagsins og afleiðingar hennar. Gegn eindregnum mótmælum M telst ekki sannað að V hafi tilkynnt henni um höfnun félagsins á bótaskyldu í mars 2013 og afleiðingum þess og telst frestur skv. 2. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga því ekki hafa verið liðinn þegar málskot þetta barst þann 23. júní 2014.

Í málinu liggur fyrir að sonur M tilkynnti til lögreglu um hvarf skartgripa úr íbúð M í byrjun júlí 2012. Þegar litið er til skýringa sem liggja fyrir í málinu á aðstæðum M verður að telja líkur á að skartgripir þeir sem hurfu af heimili hennar á vorið 2012 hafi horfið vegna þjófnaðar og falli því undir gildissvið innbústryggingar fjölskyldutryggingar hennar. Nánar tiltekið verður að telja að

gr. 4.5.1 í váttryggingarskilmálum eigi við þar sem kemur fram að váttryggingin bæti tjón vegna þjófnaðar úr íbúðarhúsnæði eða geymslu tilheyrandi lögheimili váttryggingartaka. Í greininni kemur hins vegar líka fram að ef íbúðarhúsnæði er ólæst en ekki mannlaust séu hámarksbætur 5% af váttryggingarfjárhæðinni og taki við slíkar aðstæður ekki til þjófnaðar á peningum, verðbréfum, úrum, skartgripum, handritum, frumteikningum, mynt- eða frímerkjasöfnum.

Í málinu liggur fyrir að nokkrar líkur eru á því að skartgripir M hafi horfið úr íbúðarhúsnæði hennar vegna þjófnaðar. Í ljósi þess að margir virðast hafa haft lykil af húsnæðinu verður að telja jafn miklar líkur á að þjófnaður hafi átt sér stað þegar húsnæðið var ólæst. Sökum aðstæðna M verður einnig að álykta að húsnæðið hafi ekki verið mannlaust þegar ætlaður þjófnaður átti sér stað. Með því er ljóst að aðstæður eins og lýst er í gr. 4.5.1. í váttryggingarskilmálum V eiga við um aðstæður M. Þar eru tjónsatvik eru sérstaklega undanskilin sem verða vegna þjófnaðar á skartgripum úr ólæstu og ekki mannlausu íbúðarhúsnæði. Telst V hafa með hlutlægum hætti undanskilið slík atvik með nægilega skýru og ótvíræðu orðalagi. M telst því ekki eiga rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu hjá V.

Reykjavík 19. ágúst 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 194/2014
M og
V-1 v. bifreiðarinnar A og
V-2 v. bifreiðarinnar B.

Árekstur bifreiða í hringtorgi við Ánanaust í Reykjavík þ. 7.4.2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 24.6.2014 ásamt fylgiskjölum 1-6
2. Bréf V-1 dags. 14.7.2014.
3. Bréf V-2 dags. 2.7.2014.

Málsatvik.

Árekstur varð með bifreiðunum A og B á hringtorgi við Ánanaust í Reykjavík. Ökumaður A segist hafa ekið inn í ytri hring við Ánanaust og við Grandagarð hafi B verið ekið inn á hringtorgið í veg fyrir A. Ökumaður B segist hafa verið að aka í ytri hring og verið rétt komin inn á hringtorgið þegar ökumaður A hafi skipt um akrein.

Álit.

Ágreiningur er með ökumönnum um tildrög árekstursins þar sem ökumaður A segir að ökumaður B hafi ekið í veg fyrir sig en ökumaður B segir að ökumaður A hafi skipt um akrein og farið í ytri hring og í veg fyrir B. Ökumaður B ók inn á hringtorgið frá biðskyldu við Grandagarð og skömmu síðar varð árekstur með bifreiðunum. Ósannað er að ökumaður A hafi skipt um akrein í umrætt sinn og verður ökumaður B að bera hallann af því og verður því öll sök lögð á ökumann B sem átti að veita umferð um hringtorgið forgang.

Niðurstaða.

Öll sök á ökumann bifreiðar B.

Reykjavík, 12. ágúst 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 195/2014
M og
V vegna starfsábyrgðartryggingar byggingastjórans X.

Missmíði á þaki húss veturinn 2001-2002

Gögn.

1. Málskot móttakið 20. júní 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 7. júlí 2014.
3. Bréf frá lögmanni málskotsaðila þann 16. júlí 2014.

Málsatvik.

Málsatvikum er lýst í málskoti, matsgerð og öðrum gögnum málsins. M keypti einbýlishús að H í Garðabæ með kaupsamningi þann 26. ágúst 2009 og fór afhending hússins fram þann 5. september 2009. Eftir áramótin 2012 – 2013 kom fram leki í þaki hússins. Í stífri sunnanátt komst umtalsvert vatn í gegnum þak hússins og lak niður suðurvegg í stofu og holi. M fékk fagmenn til að athuga orsakir lekans. Var þak hússins opnað og vaknaði þá grunur um að við byggingu hússins hefði verið vikið frá samþykktum, uppdráttum, lög og reglugerðum.

Tilkynning um væntanlega skaðabótaskyldu byggingarstjóra var send til V þann 31. júlí 2013. Af hálfu V hefur greiðslu bóta úr starfsábyrgðartryggingunni alfarið verið hafnað með vísan til þess að skaðabótakröfur á hendur M sem byggingarstjóra séu fyrndar.

Matsmaður var dómkvaddur þann 9. janúar 2014 og skilaði hann matsgerð í apríl 2014.

Samkvæmt gögnum málsins var X byggingarstjóri á verkinu og húsasmiður. Virðist húsið hafa verið í byggingu árin 2000 og 2001 en húsið fékk foheldisvottorð þann 20. febrúar 2001. Bygging þaksins virðist hafa farið fram í upphafi árs 2001. Verksamningur liggur ekki fyrir og lokaúttekt hefur ekki farið fram.

Álit.

Álitamálið snýst um hvort skaðabótakrafa M á hendur X sé fyrnd skv. lögum. Almenna reglan er sú að skaðabótakrafa stofnast þegar hin bótaskylda háttsemi á sér stað. Gjaldlagi er miðaður við sama tímamark. Lög nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda gilda einungis um kröfur sem stofnast eftir gildistöku laganna. Lög nr. 14/1905 um fyrningu kröfuréttinda voru í gildi þegar smíði hússins fór fram en telja verður að hin bótaskylda háttsemi hafi átt sér stað þegar smíði þaksins fór fram, þ.e. í byrjun árs 2001. V hefur vísað til laga um fyrningu en ekki til ákvæða vátryggingarskilmála máli sínu til stuðnings.

Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laganna (14/1905) fyrnast skaðabótakröfur á 10 árum. Fyrningarfrestur telst frá þeim degi sem krafa varð gjaldkræf, þ.e. þegar skaðabótakrafan stofnast. Þar sem bygging þaksins fór fram í byrjun árs 2001 er ljóst að skaðabótakröfur vegna hennar fyrndust í byrjun árs 2011. Þar sem krafa var ekki gerð um skaðabætur fyrr en í lok júlí 2013 verður að hafna bótaskyldu úr starfsábyrgðartryggingunni á grundvelli fyrningar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra X.

Reykjavík 19. ágúst 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 196/2014
M
og V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar X.

Tjón á bifreið 19.-21. mars 2014.

Gögn.

1. Málskot dags. 20. júní 2014 ásamt gögnum.
2. Tölvupóstur V dags. 1. september 2014.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram í máli M að þau hafi verið með tvo bíla í innkeyrslu við hús sitt þegar vont veður gerði á tímabilinu 19.-21. mars 2014. Bifreið M hafi staðið við hlið bifreiðarinnar X sem er pallbifreið og vinnubifreið fyrirtækis. Á palli þeirrar bifreiðar hafi verið ílát með sandi sem sett hafi verið það í þeim tilgangi að þyngja bifreiðina, en hún hafi verið frekar létt að aftan. Eftir þetta hafi M tekið eftir skemmdum á bifreið sinni sem þau rekja til þess að sandur hafi fokið úr umræddu íláti sem stóð opið á pallinum.

M telur að bæta eigi tjón vegna skemmda á bifreið sinni úr ábyrgðartryggingu pallbifreiðarinnar þar sem sandurinn hafi komið þaðan. Um sé að ræða sérstaka váttryggingu vegna pallbifreiðarinnar sem hafi sjálfstætt gildi gagnvart bifreið M. Einnig benda M á að sambærileg tjón hafi verið greidd hjá öðru váttryggingafélagi.

V telur að ekki sé hægt að greiða bætur úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar þar sem tjónið sé ekki hægt að rekja til notkunar hennar.

Álit.

Í málinu liggja ekki fyrir samtímagögn um tjón á bifreið M heldur einungis frásögn af aðstæðum þar sem tjóninu er lítillega lýst og mat M á því hver sé orsök tjónsins. Með þeim gögnum er ekki unnt að staðreyna að tjón á bifreið M hafi orðið vegna notkunar bifreiðarinnar X og eigandi hennar beri þannig skaðabótaábyrgð vegna tjónsins sbr. ákvæði 88., sbr. 90. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Það verður heldur ekki staðreynt af sömu gögnum að eigandi bifreiðarinnar beri skaðabótaábyrgð skv. almennum skaðabótareglum, sbr. 3. mgr. 90. gr. sömu laga þannig að greiðsluskylda V hafi stofnast úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar. Á meðan slík sönnun liggur ekki fyrir er ekki hægt að fallast á að lýst tjón á bifreið M bætist úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Reykjavík 16. september 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 197/2014
M
og V v/fritímaslysátryggingar fjölskylduátryggingar.

Krafa um bætur fyrir líkamstjón. Orsakatengsl.

Gögn.

1. Málskot móttakið 24. júní 2014 ásamt gögnum.
2. Tölvupóstur með greinargerð M dags. 26. júní 2014.
3. Bréf V dags. 2. júlí 2014.

Málsatvik.

M kveðst hafa runnið í hálfu tvisvar sinnum í nóvember 2012 að því er virðist 24. nóvember 2012. Í gögnum málsins kemur fram að í sjúkraskrá Heilsugæslunnar Efra-Breiðholti er fyrsta færsla eftir það þann 21. janúar 2013 þar sem M kveðst hafa dottið á bakið tvisvar með stuttu millibili og lýsir álagsverkjum í baki en rannsóknir í kjölfar þessa sýna ekki áverkamerki. Skv. sömu gögnum treysti M sér ekki til vinnu á sjó og fékk útgefið fjarvistavottorð 1. febrúar 2013 en skv. færslu sjúkraskrár er hann metinn vinnufær af trúnaðarlækni útgerðar 5. mars 2013. Eftir þetta hefur M verið í sjúkraþjálfun.

M telur að V eigi að greiða bætur úr fritímaslysátryggingu vegna líkamstjóns þess sem hann rekur til þess að hafa fallið tvisvar í hálfu í nóvember 2012. M kveðst þó ekki hafa áttað sig á að um varanlegt líkamstjón hafi verið að ræða fyrir en í fyrsta lagi haustið 2013 þegar hann fann að sú meðferð sem hann sótti vegna þessa bar ekki árangur. Því hafi tilkynningarfrestur l.mgr. 124.gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 ekki verið liðinn þegar tjónið var tilkynnt til V í mars 2014.

V telur að ekki sé sýnt að M hafi slasast í slysi eða slysum í skilningi vátryggingarskilmála fjölskylduátryggingar. Óvissa hafi verið um dagsetningu atvikanna sem og hafi M ekki leitað til læknis fyrir en í lok janúar 2013 eða um tveimur mánuðum eftir ætluð atvik. Engir sjónarvottar hafi verið að atvikum eða frekari lýsingar á þeim. Einnig bendir V á að þegar M hafi leitað til læknis þá segist hann hafa haft bakverki í tvo mánuði en þá hafi einnig sjúkraþjálfun hafist. Þá telur V að M hafi átt að gera sér grein fyrir atvikum að baki kröfu sinni í skilningi l.mgr. 124.gr. laga um vátryggingarsamninga og hafi ársfrestur til tilkynningar tjóns í sama ákvæði því verið útrunninn í mars 2014 þegar tjónstilkynning hafi borist til V.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um hvort færð hafi verið fram nægilega skýr sönnunargögn um líkamstjón það sem M kveðst hafa orðið fyrir með því að detta í hálfu tvisvar með stuttu millibili í nóvember 2012. M ber sönnunarbyrði fyrir að atvik máls hafi verið með þeim hætti að skilyrði vátryggingarskilmála um slys, nánar tiltekið skyndilegan, utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama vátryggðst og gerist án vilja hans, hafi átt sér stað. Í gögnum málsins eru heldur rýr sönnunargögn um atvik málsins, M leitar ekki til læknis fyrir en um tveimur mánuðum eftir það sem hann lýsir sem fall í hálfu og tilkynnir ekki um atvik til V fyrir en í mars 2014. Þó M hafi leitað til læknis í janúar 2013 telst það ekki vera fullnægjandi sönnun þess að hann hafi hlotið líkamstjón við fall það sem hann lýsir í tjónstilkynningu að hafi átt sér stað tveimur mánuðum áður. Verður því ekki fallist á að M geti gert kröfu úr frímatryggingu fjölskylduátryggingar hjá V og þarf ekki að taka afstöðu til tilkynningarfrests í skilningi l. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frítímatryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík 12. ágúst 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 198/2014
M
og V vegna ábyrgðartryggingar atvinnureksturs X.

Fall í verslun 20. janúar 2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið 24. júní ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 7. júlí 2014, ásamt myndbandsupptöku.

Málsatvik.

M var staddur í verslun X þegar hann féll og slasaðist þann 20. janúar 2013. Nánar tiltekið gekk hann inn í verslunina og féll þegar hann hugðist ganga yfir svarta mottu sem lá á hvítu, flísalögðu gólfi. Myndbandsupptaka liggur fyrir þar sem er hægt að sjá að þegar M hugðist ganga yfir fyrrgreinda mottu þá féll hann fram fyrir sig eftir að fótur hans fór undir mottuna.

M telur að X sem eigandi fasteignar og rekstraraðili verslunarinnar beri skaðabótaábyrgð vegna fallsins þar sem umbúnaður hafi ekki verið í lagi. M vísar m.a. til 6. gr. reglugerðar nr. 581/1995 um upphækkunar á gólfi og þess að fall M megi rekja beint til staðsetningar á mottunni og þess að hún hafi ekki verið í sömu hæð og gólfið.

V telur að X hafi gert eðlilegar ráðstafanir í verslun sinni til að minnka hættuna á falli í versluninni vegna mögulegrar bleytu á gólfi sem getur borist inn með viðskiptavinum á þessum tíma árs. V bendir á að motturnar sem notaðar eru séu greinilegar, verandi svartar á hvítu gólfi, sem og algengar í sama tilgangi og brún þeirra ekki nema 1,1 mm á þykkt. Það skapi ekki hættuaðstæður almennt og slys M sé ekki hægt að rekja til atriða sem X ber skaðabótaábyrgð á.

Álit.

Málsatvik málsins eru ljós af því að horfa á myndbandsupptöku af atburðinum. Þar koma einnig fram hvernig aðstæður á vettvangi voru. Ekki er hægt að sjá að þær ráðstafanir sem gerðar voru varðandi hálkuvarnir í versluninni hafi verið óvenjulegar eða til þess fallnar að skapa sérstaka hættu. Mottur sem notaðar voru eru greinilegar á gólfinu, þykkt þeirra er ekki mikil þannig að almenn slyshætta hafi verið af. Verður því fall M ekki talið rakið til atvika eða aðstæðna sem X ber skaðabótaábyrgð á og greiðast því ekki bætur úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík 9. september 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 199/2014
M vegna hjólreiðamanns (H) og
V-1 v. ábyrgðartryggingar fjölskyldutryggingar
V-2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.

Árekstur bifreiðar og reiðhjóls. Bótakrafa bíleiganda þ. 31.3.2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.25.6.2014 ásamt fylgiskjali
2. Bréf V dags. 15.7.2014.
3. Bréf vátryggingafélags M dags. 2.7.2014 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Dóttir M, hér eftir nefnd H, sem er 14 ára, hjólaði á reiðhjóli sínu eftir gangstétt sem liggur meðfram Víkurvegi til norðurs og út á gatnamót Borgarvegar og Víkurvegar. Umferð um gatnamót Borgarvegar og Víkurvegar er stýrt með umferðarljósum og segist H hafa hjólað út á Borgarveg og ekki tekið eftir stöðu umferðarljósanna. Ökumaður A segist hafa ekið inn á gatnamótin frá Borgarvegi inn á Víkurveg gegn grænu ljósi þegar H hafi hjólað í veg fyrir A þannig að árekstur varð. Vitni að árekstrinum bera að rautt ljós hafi logað fyrir leið H. Ökumaður og eigandi A leitaði í frjálsa ábyrgðartrygging foreldra H hjá V-1, sem viðurkenndi bótaskyldu og telur að tjón á A verði rakið til saknæmrar háttsemi H og þar sem hún sé á fimmtánda aldursári megi gera þá kröfu til hennar að hún sé meðvituð um umferðarreglur og hafi H sýnt af sér gáleysislega háttsemi þegar hún hjólaði gegn rauðu ljósi í umrætt sinn. M telur að ökumaður A hafi ekki sýnt nægjanlega varkárni í umrætt sinn og ökumanni A hefði átt að vera ljóst að barn á reiðhjóli nálgast gatnamótin og hafi auk þess brotið margar greinar umferðarlaga. Þá bendir M á að H sé fjórtán ára og því enn barn og taka verði tillit til þess.

Álit.

Af gögnum málsins verður að telja sannað að H hafi hjólað yfir gatnamót Borgarvegar og Víkurvegar gegn rauðu ljósi. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að ökumaður A hafi hagað akstri sínum ógætilega eða með þeim hætti að sök verði á hana felld. Ætlast verður til að ökumaður reiðhjóls sem náð hefur fjórtán ára aldri og er treyst til að aka í almennri umferð þekki helstu reglur umferðarlaga m.a. um ljósanotkun og bann við akstri á móti rauðu ljósi. Með akstri sínum í umrætt sinn sýndi H af sér gáleysislega háttsemi þegar hún hjólaði gegn rauðu ljósi og ber því alla sök í málinu. Ökumaður og eigandi A á því rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu M hjá V.

Niðurstaða.

Ökumaður og eigandi bifreiðarinnar A á rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu M hjá V

Reykjavík 12.8.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 200/2014**M
og
váttryggingafélagið X v/ slysatryggingar ökumanns.****Ágreiningur um bótaskyldu (orsakatengsl) vegna líkamstjóns af völdum áreksturs.****Gögn.**

98. Málskot, móttakið 25.6.2014, ásamt fylgigögnum.
99. Bréf X, dags. 3.7.2014.

Málsatvik.

Hinn 15.11.2012 ók M bifreið sinni aftan á aðra bifreið á Miklubraut í Reykjavík. Hinn 19.12.2012 leitaði M til heimilislæknis á heilsugæslustöð. Samkvæmt fyrirliggjandi samskiptaseðli um þá komu hafði M verk í hægri öxl síðastliðnar vikur, lent í árekstri mánuði áður, en verkurinn hafi verið byrjaður eitthvað fyrir það. Finnst stundum vera dofi í öxlinni og verkur við að hreyfa hana. Var einnig aum í „hæ. herð.“ Var talið að líklega væri um vöðvabólgu að ræða og var M vísað til sjúkrahjálfa.

Í vottorði heimilislæknis, dags. 7.5.2013, segir M hafi komið að nýju til skoðunar 20.3.2013. Þá hafi einkenni verið misjöfn eftir slysið, aldrei góð. Hún hafi ekki leitað til sjúkrahjálfa. M kom svo aftur til skoðunar 18.4.2013. Er hún þá sögð með áframhaldandi verki aftan í hálsi og einnig í neðanverðu brjóstbaki og út í rifjaboga, meira vinstra megin. Við skoðun hafi hálsþreyfingar verið góðar, eymsli hafi verið yfir hnakkafestum, meira vinstra megin. Eymsli hafi verið yfir báðum sjalvöðvum og kringum herðablöð. Eymsli voru yfir aftanverðum hægri axlarlið en góðar hreyfingar í báðum öxlum og ekki að finna taugaeinkenni í handleggjum eða höndum. Einnig hafi verið eymsli yfir neðstu brjóstliðum og aðlægum vöðvum í neðanverðum brjósthrýggnum. Þá hafi hún verið aum út í báðar síður. Aðspurð kvaðst M hafa getað stundað skólanám eftir slysið og aukavinnu sem hún hafi haft. Þá er haft eftir M að hún hafi stöku sinnum fundið fyrir verkjum í mjóbaki og aftan í hálsi fyrir slysið. Verkir aftan í hásinum hafi þó versnað eftir slysið og verkir í neðanverðu brjóstbaki hafi komið eftir það.

Hinn 8.5.2013 leitaði M til bæklunarlæknis. Í vottorði læknisins er lýst sjúkdómseinkennum sem M bjó við. Kemur þar fram að 6.8.2013 hafi verið fengin segulómsskoðun og niðurstaðan hafi verið lítið brjóskslos miðlægt milli sjötta og sjöunda brjóstliðar sem nái aftur að mænu en án neinnar þrengingar og ekki nein bein áverkamerki á beinin. Í niðurlagi vottorðsins segir að ekki sé ólíklegt að brjóskslosið sé tilkomið vegna áverka. Ekki sé ástæða til meðferðar og einkenni ættu að ganga til baka á einu til tveimur árum.

Bifreið sú sem M ók umrætt sinn var váttryggð lögboðnum ökutækjatrýggingum, þ. á m. slysatryggingu ökumanns, hjá X. M hefur krafist bóta úr slysatryggingunni vegna þess líkamstjóns sem hún kveðst hafa orðið fyrir af völdum slyssins. X hefur hafnað bótaskyldu þar sem ósannað sé að sjúkdómseinkenni þau sem hún búi við megi rekja til slyssins.

Álit.

Í fyrirbyggjandi gögnum um sjálfan áreksturinn er þess ekki getið að M hafi orðið fyrir meiðslum við áreksturinn. M leitaði fyrst til læknis rúmum mánuði síðar. Einkenni voru þá einungis bundin við hægri öxl og herðar þeim megin. Síðar urðu einkenni hennar mund dreifðari. Engin matsgerð liggur fyrir í málinu. Gegn mótmælum X og eins mál þetta liggur fyrir verður að telja ósannað að M hafi orðið fyrir meiðslum við áreksturinn 15.11.2012 þannig að hún eigi rétt til bóta úr slysaftryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysaftryggingu ökumanns hjá X.

Reykjavík, 12. ágúst 2014.

Póra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 201/2014
M
og V v/ innbústryggingar fjölskyldutryggingar.

Innbrotspjófnaður 29. apríl 2014. Brot á varúðarreglu.

Gögn.

1. Málskot móttakið 26. júní 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 10. júlí 2014.

Málsatvik.

M tilkynnti um hvarf muna úr bílskúr að Arahólum 2 í Reykjavík til lögreglu þann 30. apríl 2014. Í lögregluskýrslu frá þeim degi kemur fram að M kveðst hafa yfirgefið bílskúrinn síðdegis daginn áður og hallað glugga. Þegar hann hafi komið aftur að bílskúrnum rúmum sólarhring seinna hafi glugginn verið opinn og ýmsa muni hafi vantað. Þann 7. maí 2014 boðaði lögreglan M á löreglustöðina í Kópavogi þar sem hann endurheimti hluta muna sinna þar sem þeir höfðu verið haldlagðir sem þýfi úr íbúð í Breiðholti nokkrum dögum áður. Í viðbótarskýrslu dags. 6. júní 2014 kemur fram að M lýsir því fyrir lögreglu að hann hafi læst glugga bílskúrnum og því hafi ekki verið rétt eftir honum haft í fyrri skýrslu.

M telur að hann eigi rétt á bótum úr innbústryggingu sinni vegna þeirra muna sem hann hefur ekki endurheimt þar sem brotist hafi verið inn í bílskúr þar sem þeir voru geymdir. Aðferðin við að brjótast inn hafi verið þannig að gluggi hafi verið spenntur upp og klippt stormjárn með tóng sem fundist hafi á vettvangi. Ákvæði váttryggingarskilmála um greiðslu bóta séu uppfyllt þar sem bílskúr sé hluti af íbúðarhúsnæði M og ósannað sé að M hafi brotið gegn varúðarreglu í váttryggingarskilmálum um að loka glugga. M vísar einnig til úrskurða nefndarinnar og Hrd. 317/2002.

V lýsir afstöðu sinni til bótaskyldu með því að vísa til 1.gr. váttryggingarskilmála þar sem gildissvið er tilgreint og gr. 4.6. í sömu skilmálum þar sem fram kemur að váttryggingin taki til innbrota m.a. í læsta íbúð. Í sömu grein kemur fram að það sé skilyrði greiðsluskyldu að á vettvangi séu greinileg ótvíræð merki þess að brotist hafi verið inn. Í sama ákvæði skilmálanna kemur fram varúðarregla um að læsa beri tryggilega íbúðarhúsinu, bílum eða öðrum þeim stöðum sem váttrygging þessi tekur yfir þegar þessir staðir eru mannlausir eða heimilisfólk í svefni. Af bréfi V dags. 10. júlí sl. verður ekki annað ráðið en að V byggi fyrst og fremst á því að M hafi brotið gegn varúðarreglu váttryggingarskilmála með því að hafa ekki lokað glugga í samræmi við fyrirmæli þeirrar reglu. Verður afstaða V ekki skilin öðruvísi en að það telji sig geta takmarkað ábyrgð sína að fullu vegna umrædds brots M.

Álit.

Ágreiningur í málinu snýr að því hvort bæta eigi tjón M vegna ætlaðs innbrots í bílskúr að Arahólum 2 þar sem hann geymdi verkfæri sem fjarlægð voru annað hvort 29. eða 30. apríl 2014. Gögn málsins sýna að allar líkur eru á að farið hafi verið inn í bílskúrinn í gegnum glugga en ágreiningur er um hvort M hafi brotið gegn varúðarreglu váttryggingarskilmála (gr. 4.6.) sem segir að læsa beri tryggilega stöðum sem váttryggingin tekur yfir þegar þessir staðir eru mannlausir eða heimilisfólk í svefni. Ennfremur beri að loka gluggum og krækja aftur og ganga að öðru leyti þannig frá að óviðkomandi eigi ekki greiðan aðgang að verðmætum. Í váttryggingarskilmálum er einnig vitnað til laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga sem geyma ófrávikjanlegar reglur sem varða samningssamband milli váttryggingartaka og váttryggingafélags. Líta verður til ákvæða skilmálanna í ljósi túlkunar á umræddum lögum, þá sérstaklega 26. gr. þeirra. Þar kemur fram að váttryggingafélag geti takmarkað ábyrgð sína að fullu eða að hluta ef brotið er gegn varúðarreglum

sem tilgreindar eru í váttryggingaskilmálum. Varúðarreglur eru skilgreindar í 2. gr.e. í lögunum sem þær reglur sem geyma fyrirmæli til váttryggingartaka um tilteknar ráðstafanir t.d. um það hvernig geyma skuli váttryggðan hlut. Varúðarregla í skilmálum V gefur þau fyrirmæli til M að hann loki gluggum og kræki aftur og gangi þannig frá að óviðkomandi eigi ekki greiðan aðgang að verðmætum. Um er að ræða fyrirmæli um geymslu innbús M í skilningi 2. gr. laganna og eru þau fyrirmæli nokkuð skýr.

Á V hvílir sönnunarbyrði um það hvort M hafi brotið gegn varúðarreglunni. Við mat á því verður að líta til framburðar M í lögregluskýrslu þegar hann tilkynnti um innbrotið þann 30. apríl 2014 um að hann hafi hallað glugga þegar hann yfirgaf bílskúrinn daginn áður. Þrátt fyrir síðari skýringar M verður ekki talið sannað að rangt hafi verið eftir honum haft í þeirri skýrslu. Þykir V því hafa sýnt fram á að M hafi brotið varúðarreglu gr. 4.6. í váttryggingarskilmálum. Skv. 26. gr. laga um váttryggingarsamninga getur váttryggingafélag við þær aðstæður og ef það áskilur svo í váttryggingarskilmálum takmarkað ábyrgð sína að fullu eða að hluta við þær aðstæður ef sök váttryggðs er ekki óveruleg. Í 3. gr. sameiginlegra skilmála fjölskyldutryggingar V kemur slíkur áskilnaður fram. V hefur því rétt til að takmarka ábyrgð sína og við mat á því skv. 26. gr. laga um váttryggingarsamninga verður að líta til þess hvernig varúðarreglu var ekki sinnt, hversu mikil sök váttryggðs er, hvernig váttryggingaratburð bar að og atvika að öðru leyti.

Ljóst er að varúðarreglur um hvernig váttryggður skilur við húsnæði sitt m.t.t. þess að ókunnugir komist ekki inn skipta miklu máli í innbústryggingum. Að brjóta gegn varúðarreglu sem gefur skýr fyrirmæli um að loka glugga og krækja aftur hefur því nokkur áhrif á stöðu M. Sök hans er að sama skapi nokkur með því að að hafa ekki gengið tryggt frágang gluggans með skýrari hætti og borið um þann frágang strax þannig að óþrúttir aðilar komast inn í bílskúrinn með því að fara inn um gluggann sem ekki er sannað að hafi verið læstur. Á móti virðast þeir sem fóru inn hafa þurft að nota til þess verkfæri og hefur það einnig áhrif við matið. Með hliðsjón af öllu þessu telst félagið geta takmarkað ábyrgð sína við ¼ hluta bóta.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum sem nema ¼ verðmætis þess sem stolið var úr bílskúr hans í lok apríl 2014.

Reykjavík 12. ágúst 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 202/2014
M og
V v. frjálsrar ábyrgðartryggingar A.

Starfsmaður féll niður af millilofti og slasaðist þ. 29.5.2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.26.6.2014 ásamt fylgiskjölum 1-19
2. Bréf V dags.21.júlí 2014.
3. Athugasemdir lögmanns M dags. 5.9.2014.

Málsatvik.

M var ásamt öðrum manni að ljúka við uppsetningu millilofts og ætlaði að koma spónaplötu fyrir þegar hann datt niður á gólfið um 3 metrum fyrir neðan og slasaðist. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V og byggir á því m.a. að vinnuáðstæður hafi verið óforsvaranlegar þegar hann vann umrætt verk og m.a. hafi engar fallvarnir verið þó A haldi því fram að þær hafi verið til staðar. Þá hafi persónuhlífar ekki heldur verið til staðar. M vísar til laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum máli sínu til stuðnings einkum 14.gr. auk m.a. reglna um notkun persónuhlífa, tækja á vinnustöðum. Þá byggir M líka á því að ekki hafi verið gert áhættumat fyrir það verk sem hann vann í umrætt sinn. Í skýrslu Vinnueftirlitsins kemur fram það mat Vinnueftirlitsins að orsök slyssins megi rekja til þess að engar ráðstafanir hafi verið gerðar til að tryggja fallvarnir og ekki hafi verið gert áhættumat fyrir verkið. V hafnar bótaskyldu úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V og segir rangt að engar fallvarnir hafi verið til staðar og vísar í því sambandi í framburð verkstjóra hjá lögreglu og samstarfsmanns M, en þar komi fram að viðeigandi öryggisbúnaður hafi verið til staðar á vinnustaðnum t.d. vinnupallur á hjólum og búr sem var hægt að setja á lyftara. V segir það ljóst að viðeigandi öryggisbúnaður hafi verið til staðar eða M fengið hann afhentan. Þá vísar V til þess að eingin orsakatengsl séu á milli slyss M og skorts á áhættumati. V vísar einnig til dóms Hæstaréttar í máli nr. 704/2010.

Álit.

Í skýrslu Vinnueftirlitsins kemur fram að engar ráðstafanir hafi verið gerðar til að tryggja nauðsynlegar fallvarnir og er það talið orsök slyssins. Af hálfu V hefur verið bent á það, að á staðnum hafi verið tæki sem hefði verið hægt að nota svo sem búr sem festa mátti á lyftara og vinnupallur á hjólum. Í framburði verkstjóra við verkið hjá lögreglu sbr. lögregluskýrslu dags. 1.11.2013 kemur fram að setja hefði átt fallvarnir daginn eftir að slysið varð. Samstarfsmaður M, segir í lögregluskýrslu dags. 6.11.2013, að engar sérstakar fallvarnir hafi verið fyrir utan vinnupalla sem hann og M hafi staðið á. Af því sem fyrir liggur í málinu verður því ekki annað séð, en að engar sérstakar fallvarnir hafi verið þar sem verkið var unnið. M var nemi við smíðar þegar slysið varð og ekkert liggur fyrir um að honum hafi verið bent á að vinna verkið með öðrum hætti en hann gerði. Þá hefur ekki verið sýnt fram á að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi við verk sitt í umrætt sinn. Af þeim gögnum og upplýsingum sem fyrir liggja um aðstæður á vinnustað verður ekki annað séð en vinnuáðstæður hafi verið ófullnægjandi þar sem fullnægjandi fallvarnir voru ekki til staðar þegar verkið var unnið og á M því rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu vinnuveitanda síns A hjá V.

Reykjavík 9.9.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 203/2014
M og
V vegna frjálsrar ábyrgðartryggingar X.

Kona datt í Leifsstöð á Keflavíkurflugvelli þ. 18.6.2009

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 27. júní 2014 ásamt fylgiskjölum 1-8
2. Tölvupóstur V dags. 30. júní 2014.

Málsatvik.

M segist hafa verið nýkomin úr flugi og gengið eftir gangi flugstöðvar Leifs Eiríkssonar og þegar hún hafi verið að nálgast enda gangsins hafi hún stigið fæti í poll á gólfinu og fallið. M telur að rekja megi slyss sitt til skaðabótaábyrgðar X m.v. röksemdir sem fram koma í málskoti.

V vísar til þess að mál M hafi áður verið til meðferðar hjá úrskurðarnefnd í váttryggingamálum og hafi nefndin tekið afstöðu til málsins með úrskurði í máli nr. 429/2011.

Við athugun hjá nefndinni sjálfri kom fram að sama mál hefur komið fyrir nefndina með málskoti sem móttakið var þ. 17.10.2011 og hlaut númerið 429/2011 og kvað nefndin upp úrskurð í málinu þann 16.11.2011.

Álit.

Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum hefur nú þegar afgreitt sama mál og kemur nú fram í málskoti M sem móttakið var þann 27. júní sl. Kveðinn var upp úrskurður 16.11.2011 í máli nr. 429/2011. Skv. 10. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, sbr. auglýsingu nr. 1090/2005, getur nefndin tekið ákvörðun um að mál sem úrskurðað hefur verið af henni skuli samkvæmt skriflegri beiðni tekið fyrir að nýju á grundvelli nýrra upplýsinga, sem ekki var unnt að afla eða koma á framfæri þegar mál var tekið fyrir og geta haft áhrif á niðurstöðu þess. Þó ekki komi skýrlega fram í málskoti að M óski eftir endurupptöku málsins verður ekki litið svo á að í málskotinu geti falist annað en slík beiðni, í ljósi þess að úrskurður liggur nú þegar fyrir í málinu. Við skoðun á gögnum málsins telur nefndin ekki forsendur til endurupptöku í skilningi fyrrgreindrar 10. gr. samþykktar. Verður málinu því vísað frá með vísan til 3. mgr. 3. gr. sömu samþykktar.

Niðurstaða.

Máli þessu er vísað frá nefndinni.

Reykjavík 19.8.2014

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 204/2014**M****og****vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna slyss við vinnu í álveri.****Gögn.**

100. Málskot, móttækið 27.6.2014, ásamt fylgigögnum.

101. Bréf X, dags 10.7.2014.

Málsatvik.

M, starfsmaður fyrirtækisins V, var síðla kvölds föstudaginn 18.1.2013 við störf í áveri, er hann féll niður á gólf og brotnaði á vinstri úlnlið.

Lögregla var kvödd á vettvang. Í fyrirbyggjandi lögregluskýrslu kemur fram að hún hafi ekki farið á vettvang þar sem hún hafi verið upptekin í öðrum verkefnum. Hinn vegar hafi síðar verið rætt við tilkynnanda slyssins sem kvað M hafa dottið niður úr stiga og brotið á sér vinstri handlegg.

Í tilkynningu V um slysið til Vinnueftirlits ríkisins, dags. 21.1.2013, kemur fram að M hafi staðið í annarri eða þriðju tröppu og verið að teygja sig í álstykki sem stóð fast í opinu á 1000° heitum ofninum. Hafi hann dottið við þetta og trúlega lent á vinstri hendi.

Í tilkynningu M um slysið til X, vátryggjanda V, dags. 15.3.2013, segir að M hafi verið við vinnu sína hjá V þegar hann féll niður 3 m frá ofni sem hann starfaði við. Starf M hafi falist í því að gæta þess að ál sem sett er í ofninn „fari ekki á núll (viðhalda hita)“ og gæta þess að það detti ekki úr ofninum. Við þá iðju sína hafi M fallið 3 m niður á gólf og vinstri hönd hans brotnað ofan við úlnlið. Í bréfi lögmans M til X, dags. 16.9.2013, er atvikum lýst á sama veg og greinir í tilkynningunni. Með bréfi X, dags. 23.9.2013, var bótaskyldu hafnað.

Í bréfi lögmans M til X, dags. 7.1.2014, sem og málskoti, er atvikum lýst á þann veg að M hafi verið við vinnu sína sem hafi falið í sér að setja ál inn í ofn. Hafi aðferðin verið sú að álið hafi verið sett í svokallaðan fæðara sem hafi það hlutverk að ýta álinu inn í ofninn sem hitar það. Á ofninum sé einnig svokallaður hristari sem hjálpi til við að koma álinu áleiðis inn í ofninn. Fæðarinn hafi losnað frá ofninum og slegist í höfuð M með þeim afleiðingum að hann féll um 3 m niður á steinsteypt gólf. Ástæða þess að fæðarinn losnaði hafi verið að splitti losnaði sem átti að halda fæðaranum á sínum stað, en það hafi losnað við atgang hristarans. Slíkt eigi ekki að geta gerst þegar splitti er klofið, en splittið sem losnaði umrætt sinn hafi ekki verið klofið. Splittið hafi því fallið úr ofninum með fyrrgreindum afleiðingum. Vegna tungumálaörðugleika hafi framangreindar upplýsingar ekki komið fram fyrr en á fundi lögmansins með M sem með aðstoð tólks hafi lýst atvikum nánar. Þá segir í bréfinu að V hafi ekki sinnt tilkynningarskyldu sinni skv. 79. gr. laga nr. 46/19080 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Því verði V að bera hallann af því að málsatvik séu ekki nægilega upplýst þar sem rannsókn hafi ekki farið fram.

Álit.

Lýsing M á tildrögum slyssins kom fyrst fram í bréfi lögmanns hans 7.1.2014 eða tæpu ári eftir slysið. Engin gögn liggja fyrir í málinu sem með einhverju móti skjóta stoðum undir lýsingu M, en ætla verður að frekari gagna hefði mátt afla um aðstæður á vettvangi og hvort lýsing M geti átt við rök að styðjast. Í ljósi þessa, svo og þess hversu seint var gerð grein fyrir orsökum slyssins af hálfu M, verður sönnunarbyrði um það hvernig slysið bar að höndum ekki varpað yfir á V. Þessu breytir ekki þótt M telji tungumálaörðugleika í samskiptum við lögmann sinn hafa valdið því hversu seint lýsing hans á málsatvikum og örsökum slyssins hafi komið fram. Eins og mál þetta liggur fyrir verður því ekki talið að sýnt hafi verið fram á að slysið verði rakið til vanbúnaðar í tækjabúnaði sem M vann við eða annarra atvika sem V getur borið ábyrgð á. Af því leiðir að M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 12. ágúst 2014.

Póra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 205/2014
M og
V vegna sjúklingatryggingar L.

Gildissvið 4. tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingar nr. 111/2000
vegna afleiðinga aðgerðar 21. maí 2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið 30. júní 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 9. september 2014.
3. Tölvupóstur lögmans M dags. 9. september 2014.
4. Tölvupóstur aðstoðarmanns úrskurðarnefndar til lögmans M dags. 11. september 2014.
5. Tölvupóstur aðstoðarmanns úrskurðarnefndar til lögmans M dags. 23. september 2014 til starfsmanns V.
6. Tölvupóstur starfsmanns V dags. 3. október 2014.
7. Bréf V dags. 16. október 2014.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi slasast þann 8. október 2011 og hlaut þá áverka á vinstri öxl. M leitaði til L í kjölfarið og fór í aðgerð hjá honum þann 21. maí 2012. Tilgangur aðgerðar var að liðka upp axlarlið og sauma saman sin sem hafði farið í sundur. Rúmri viku eftir aðgerð fór öxlin að bólgnu og við eftirlit hjá L þann 29. maí 2012 kom í ljós að M var með sýkingu sem leiddi til þess að hann var lagður inn á smitsjúkdómadeild Landspítala-Háskólasjúkrahúss þann 31. maí þar sem hann lá til 5. júní 2012. M þurfti tímafreka sýklalyfjameðferð vegna þessa og var óvinnufær vegna fram í september 2012 skv. upplýsingum í málskoti og fjallað er um tímabundnar afleiðingar sýkingarinnar í matsgerð tveggja matsmanna dags. 14. maí 2014 sem og í læknisvottorðum sem lögð hafa verið fram í málinu. V hafnaði bótaskyldu í málinu með bréfi dags. 28. júní 2013

M telur að skilyrði til greiðslu bóta hafi verið uppfyllt m.t.t. 4. tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu nr. 111/2000. M hafi fengið sýkingu í aðgerð hjá L og ekki sé sanngjarnt að hann þoli afleiðingar þeirrar sýkingar bóta laust. M vísar í þeim efnunum til vottorðs L sjálfs dags. 7. júlí 2007 (á líklega að vera 2012) þar sem segir: „Sýkingar eftir liðspeglunar aðgerðir teljast til sjaldgæfra fylgikvilla (complications). M telur að með orðum læknisins sé sýnt að sýkingarhætta sé það sjaldgæf við aðgerðir sem þessar að ekki sé sanngjarnt að M þoli afleiðingar hennar bóta laust og önnur skilyrði ákvæðisins uppfyllt. Einnig bendir M á að þó bréf V um höfnun sé dagsett 28. júní 2013 hafi málskot verið móttakið með sérstökum móttökustimpli á skrifstofu Fjármálaeftirlitsins þann 27. júní 2014 en fyrir misskilning starfsmanns stofnunarinnar hafi málskotsgjald ekki verið greitt fyrir en 30. júní s.á. Það séu ekki atriði sem M geti að gert og verði því að líta svo á að málskot hafi borist réttilega þann 27. júní 2014. Ef ekki verði fallist á það verði alla vega að túlka ákvæði 142.gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 þannig að ársfrestur hafi heldur ekki verið liðinn þann 30. júní 2014 þar sem 28. júní 2014 hafi verið laugardagur og fresturinn nái því til næsta virka dags þar á eftir. Það sé einnig í samræmi við reglur stjórnisýsluréttar að túlka frestinn með þessum hætti

V telur í fyrsta lagi að málskot M sé of seint fram komið í skilningi 2. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga þar sem það hafi ekki verið réttilega móttakið á skrifstofu nefndarinnar með gögnum og greiðslu málskotsgjalds fyrir en 30. júní 2014. Þá hafi ársfrestur frá 28. júní 2013 verið liðinn. Ef ekki sé fallist á það telur V að skilyrði 4. tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu séu ekki uppfyllt í máli M. V vísar til þess að m.v. upplýsingar frá vátryggingartaka sé tíðni liðsýkinga almennt talin í kringum 0,42% en geti farið upp í 3,4% vegna aðgerða á öxl þar sem bakteríur lifi í holhönd og á herðum í meira mæli en annars staðar á líkama t.d. í kringum hné. Með hliðsjón af

Því sé ekki hægt að líta á að um séu að ræða sjaldgæfa fylgikvilla í skilningi 4. tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu. Einnig vísar V til þess að ekki sé hægt að byggja á matsgerð dags. 14. maí 2014 sem sönnunargagni þar sem V hafi ekki staðið að umræddu mati og sé óbundið af því.

Álit.

Í málinu er upplýst að tekið var við málskoti M á skrifstofu úrskurðarnefndar föstudaginn með móttökustimpli 27. júní 2014. Einnig er upplýst að starfsmaður Fjármálaeftirlitsins sem tók við gögnum málsins upplýsti ekki með nægilega skýrum hætti að ekki yrði litið svo á að málskotið hefði borist fyrr en greiðsla ætti sér stað, sbr. 8. gr. samþykktu um úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, sbr. auglýsing nr. 1090/2005. Verður einnig í því sambandi að líta til þess að ekkert liggur fyrir um hvenær M fékk þá skriflegu tilkynningu sem í bréfi V fólst og dagsett var 28. júní 2013. Þegar litið er til þeirrar óvissu sem og túlkunarreglu 142. gr. laga um váttryggingarsamninga verður að líta svo á að röksemdir V fyrir því að umræddur ársfrestur 2. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga hafi verið liðinn, þegar málskotsgjald var greitt þann 30. júní 2014, séu haldlausar.

Í málinu er efnislegur ágreiningur um hvort skilyrði 4. tl. 2.gr. laga um sjúklingatryggingu séu uppfyllt þar sem kemur fram að greiða eigi bætur vegna tjóns sem að öllum líkindum hlýst af meðferð eða rannsókn og tjónið er af sýkingu eða öðrum fylgikvilla sem er meiri en svo að sanngarnt sé að sjúklingur þoli það bótafast. Annars vegar skal líta til þess hve tjón er mikið og hins vegar til sjúkdóms og heilsufars sjúklings að öðru leyti. Þá skal taka mið af því hvort algengt er að tjón verði af meðferð eins og þeirri sem sjúklingur gekkst undir og hvort eða að hve miklu leyti gera mátti ráð fyrir að hætta væri á slíku tjóni.

Þegar litið er til gagna málsins í heild verður að líta til þess að mat nefndarinnar tekur mið af því að nefndarmenn eru ekki sérfróðir á sviði læknisfræði og byggja mat sitt því eingöngu á þeim gögnum sem liggja fyrir. Þegar umrædd skilyrði laga um sjúklingatryggingu eru metin verður að líta til þess sem kemur fram í frumvarpi til laga um sjúklingatryggingu um að slakað sé á almennum sönnunarkröfum skaðabótaréttarins. Hvað varðar skilyrði 4. tl. 2.gr. laga um sjúklingatryggingu koma fram í málinu gögn frá L um að líkur á sýkingu vegna aðgerða sem þessar séu allt að 3,4%. Af lögskýringargögnum má ráða að ef fylgikvilli í skilningi 4. tl. 2. gr. er algengur er rétt að sjúklingur þoli hann bótafast en ef hann er sjaldgæfur séu skilyrði 4. tl. 2. gr. uppfyllt. Ekki er ljóst af sömu gögnum hvað telst algengt hlutfallslega. Miðað við þau gögn sem hér liggja til grundvallar verður að telja líkur á sýkingu í aðgerðum sem þessum það litlar að ekki sé sanngarnt að sjúklingur þoli hana bótafast og á 4. tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu því við. Hefur þá verið tekið mið af þeim gögnum sem liggja fyrir um mögulegt umfang tjóns M.

Með þessari niðurstöðu nefndarinnar ber þó að taka fram að engin afstaða er tekin til þess hvaða tjón hlaust af umræddri sýkingu en ekki liggur fyrir samþykki váttryggingafélags um að nefndin fjalli um bótafjárhæðir, eins og áskilið er í 2. mgr. 3. gr. samþykktu nefndarinnar.

Niðurstaða:

Viðurkennd er bótaskylda L skv. 4. tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu hjá V.

Reykjavík 4. nóvember 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 206/2014**M
og
vátryggingafélagið X v/ málskostnaðartryggingar.****Ágreiningur um túlkun á undanþáguákvæði í málskostnaðartryggingu.****Gögn.**

102. Málskot, móttakið 1.7.2014, ásamt fylgigögnum.

103. Bréf X, dags. 16.7.2014.

Málsatvik.

M var eigandi bifreiðarinnar A. Í mars 2011 seldi hann bifreiðina fjármálafyrirtækinu B, en á sama tíma seldi B D bifreiðina á kaupleigu. Um tveimur mánuðum síðar varð bilun í vél A sem rekja mátti til leynds galla í vélinni. Höfðaði D dómssmál á hendur B og M og krafðist aðallega riftunar á kaupleigusamningnum við B en til vara afsláttar af kaupverði A. Með dómi héraðsdóms var B sýknað af kröfum D en M var gert að greiða D 436.634 krónur auk málskostnaðar.

Hefur M krafist þess að kostnaður hans af dómssmálinu fái greiddur úr málskostnaðartryggingu sem er einn þáttur fjölskyldutryggingar sem hann hefur í gildi hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Í gr. 25.1 í skilmálum þeim sem gilda um málskostnaðartrygginguna kemur fram að vátryggingin bæti málskostnað vegna ágreinings sem snertir vátryggðan sem einstakling og getur komið til úrlausnar héraðsdóms eða Hæstaréttar hér á landi. Samkvæmt grein 25.10 í skilmálunum bætir vátryggingin þó ekki málskostnað sem varðar vátryggðan sem eiganda, notanda eða stjórnanda vélknúins farartækis.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en D hafi höfðað fyrrgreint dómssmál á hendur M sem seljanda og eiganda A þegar bilunin varð upphaflega í vél A. Eins og hér stendur á verður að líta svo á að málareksturinn hafi varðað M sem eiganda bifreiðarinnar. Með vísan til fyrrgreinds undanþáguákvæðis vátryggingarskilmálanna á M ekki rétt á að fá greiddan málskostnað úr vátryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á greiðslu málskostnaðar úr málskostnaðartryggingu hjá X.

Reykjavík, 16. september 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Sævar P. Jónsson hdl.

Mál nr. 207/2014**M****og V vegna rekstrarstöðvunartryggingar.****Tjón vegna rekstrarstöðvunar í kjölfar bruna á dekkjum 12. júlí 2011.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 1. júlí 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 15. ágúst 2014 ásamt fylgiskjölum nr. 1-20.
3. Bréf lögmanns M dags. 29. ágúst 2014

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að þann 12. júlí 2011 hafi kviknað eldur í dekkjum á starfsstöðvum M að Klettagördum í Reykjavík. Í málskoti lýsir M tjónin þannig að miklar skemmdir hafi orðið á húsakynnum M og mikið lausafé hafi farið forgörðum. Einnig lýsir M því að mikill samdráttur hafi orðið í rekstri hans sem hafi leitt til tjóns og þess vegna hafi M krafist V um bætur úr rekstrarstöðvunartryggingu sem M hafi keypt hjá V en hún hafi verið í gildi á tjónsdegi. Í gögnum málsins kemur fram afrit váttryggingaskírteinis sem staðfestir að váttryggingin hafi verið í gildi á tjónsdegi og vísað til viðeigandi váttryggingarskilmála nr. E-4 en í þeim skilmálum kemur fram að umrædd váttrygging sé viðbót við lausafjártryggingu skv. váttryggingarskilmálum nr. E-3. Í gögnum málsins kemur einnig fram að M hafi haft slíka váttryggingu í gildi á tjónsdegi. Nánar tiltekið var um að ræða tvær lausafjártryggingar, önnur tilgreindi hið váttryggða sem „hráefnisbirgðir á geymslustöðum“ en hin tilgreindi hið váttryggða sem „pressur og tætarar skv. lista í útboði“. Þessu til viðbótar kemur fram í gögnum málsins að V greiddi bætur án viðurkenningar á bótaskyldu félagsins vegna tjóns á hráefnisbirgðum, sem nánar eru tilgreindar sem dekkjasamstæða á vinnslusvæði M að Klettagördum, í bréfi V dags. 16. apríl 2012. Við það tilefni voru einnig greiddar bætur vegna hreinsunar sem ákveðin hlutfallstala af heildartjóninu. Samtals voru greiddar 126.570 kr. vegna tjóns á hráefnisbirgðum og 69.398 kr. vegna hreinsunar.

M telur að greiða eigi bætur úr rekstrarstöðvunartryggingu í samræmi við váttryggingarskilmála þeirrar váttryggingar og vísar til bréfa dags. 1. júlí 2013 þar sem krafa sem og forsendur og útreikningar vegna rekstrarstöðvunar voru lagðir fram. M telur ljóst af váttryggingarsamningi að tjón hafi orðið af völdum atburðar er brunatrygging tók til, sbr. orðalag gr. 2.1 í váttryggingarskilmálum rekstrarstöðvunartryggingar. Lausafjártrygging M hjá V hafi tekið til eldsvoða og það sem váttryggt hafi verið séu hráefnisbirgðir á tilteknum athafnasvæðum M, þar á meðal í Reykjavík þar sem tjónið varð. M vísar til þess að ef V hefði ætlað að undanskilja dekkjalagerinn sérstaklega hefði þurft að gera það með nákvæmum hætti í gögnum sem tilheyra váttryggingarsamningnum um lausafjártryggingu. Það hafi V ekki gert og geti því ekki borið fyrir sig slíka undantekningu. Einnig leggur M áherslu á að það sé atburðurinn sem slíkur sem skilgreini gildissviðið en að tjón á tilteknu lausafé þurfi að vera andlag gildandi váttrygginga. Einnig átelur M vinnubrögð V í málinu varðandi vöntun á skýrum svörum og tafir sem hafi orðið á afgreiðslu þess.

V vísar í fyrsta lagi á bug ásökunum um slæg vinnubrögð í málinu og telur að afgreiðsla málsins hafi fyrst og fremst tafist vegna atvika sem varða M. Einnig telur V að áritun á váttryggingarskírteini lausafjártryggingar um hráefnisbirgðir verði að skoða með hliðsjón af lista yfir verðmæti hráefnisbirgða sem M hafi sjálfur lagt fram á árinu 2007 til þess að hægt væri að meta váttryggingarþörf hans, nánar tiltekið viðauka C í þeirri skýrslu. V vísar til þess að

forsvarsmenn M hafi skýrt orðalagið „Efni 1&2“ og „Efni 3“ í því skjali með þeim hætti þar hafi verið annars vegar átt við þykkt járn og tunnur og hins vegar bílajárn. Það þýði að ekki hafi verið gert ráð fyrir því að dekkjalager hafi átt að vera sérstaklega tryggður. Einnig telur V að það eigi ekki við rök að stýðjast að halda því fram að atburður sem geti verið grundvöllur greiðsluskyldu úr lausafjártryggingu nægi til þess að virkja bótaskyldu úr rekstrarstöðvunartryggingu heldur sé ekki hægt að skilja ákvæði gr.2.1 í þeirri váttryggingu öðruvísi en að það þurfi að hafa orðið tjón á váttrygðu lausafé til þess að virkja gildissvið rekstrarstöðvunartryggingarinnar. V vísar auk þessa til þess að M hafi ekki sinnt upplýsingaskyldu sinni nægilega vel skv. 19.gr. laga um váttryggingarsamninga með því að skilgreina ekki með nákvæmari hætti váttryggingarþörf sína á árinu 2007 varðandi lausafé og að það hvíli ekki frumkvæðisskylda á V að ganga úr skugga um það og þekkja að fullu starfsemi M.

Álit.

Ágreiningur í málinu snýr fyrst og fremst að því hvort skilyrði váttryggingarskilmála rekstrarstöðvunartryggingar sé uppfyllt þar sem kemur fram í gr. 2.1 að váttryggingin taki til tjóns er váttryggur verður fyrir vegna samdráttar í vörusölu eða þjónustu af völdum atburðar er bruna, vatnstjóns- eða innbrotþjófnaðartrygging nær til. Ljóst er af gögnum málsins og ágreiningslaust að það varð tjón á dekkjalager V vegna bruna. Ágreiningurinn lýtur nánar tiltekið að því hvort umræddur dekkjalager hafi verið hluti af váttryggingarsamningi M og V um brunatryggingu þannig að hægt sé að líta svo á að skilyrði um „atburð er bruna- vatnstjóns- eða innbrotþjófnaðartrygging nær til“ sé uppfyllt. Verður að skilja umrætt ákvæði með þeim hætti að forsenda þess að greiddar verði bætur úr rekstrarstöðvunartryggingu sé sú að orðið hafi samdráttur í vörusölu eða þjónustu vegna atburðar sem gildissvið áður tilgreindra lausafjártrygginga tekur til. Váttryggingarnar eru þannig tengdar að ef gildissvið þessara tilteknu lausafjártrygginga tekur ekki til þess atburðar sem vísað er til í gr. 2.1 greiðast ekki bætur úr rekstrarstöðvunartryggingu. Í málinu er því nauðsynleg forsenda greiðsluskyldu að tjón hafi orðið á lausafé sem váttryggt er og greiðsluskylda hafi stofnast úr lausafjártryggingunni.

Þegar váttryggingarskírteini vegna lausafjártryggingar er skoðað kemur skýrlega fram að gildissvið hennar nær til eldsvoða á lausafé, sbr. gr. 2.1 Í gr. 1.1 kemur síðan fram að það lausafé sé tryggt sem tiltekið er í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun. Á váttryggingarskírteini er hið váttryggða tilgreint sem „hráefnisbirgðir á geymslustöðum“. V hefur vísað til þess að á bak við váttryggingarskírteinið sé tiltekinn viðauki sem merktur er með bókstafnum C og þar komi ekki fram að dekkjalager M sé sérstaklega váttryggður. Þegar litið er til umrædds viðauka kemur fram að ýmis efni eru tilgreind eins og til dæmis óklipptur vír, ál og kopar. Einnig er vísað til einhvers sem tilgreint er annars vegar sem „Efni 1&2“ og hins vegar sem „Efni 3“. V vísar til þess í bréfi sínu dags. 15. ágúst sl. að þarna sé um að ræða annað en dekkjalager skv. upplýsingum frá M en ekki er að finna í gögnum málsins nægilega skýra stoð fyrir þeirri staðhæfingu V.

Þegar litið er til efni váttryggingarsamningsins um rekstrarstöðvunartryggingu, sbr. lausafjártryggingu eins og því er lýst hér að ofan, er verulegur vafi uppi um hvað felst í áritun á váttryggingarskírteini sem segir „hráefnisbirgðir á geymslustöðum“. Einnig verður að telja tilvísun til hráefnisbirgða í formi „Efni 1&2“ eða „Efni 3“ verulega óskýra. Mikilvægi þess að skýrt komi fram í váttryggingarsamningi um hvað samið er er ótvírætt þegar litið er til anda laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga. Því til viðbótar verður að benda á að V var í lófa lagið að tilgreina með nákvæmari hætti hvaða hráefni væru hluti af hráefnisbirgðum og þá undanskilja sérstaklega dekkjalager M ef ætlunin var að semja með þeim hætti um lausafjártryggingu. Hallann af slíku óljósu orðalagi verður V að bera og er það í samræmi við svokallað andskýringareglu sem þekkt er í váttryggingasamningarétti. Niðurstaða málsins er því sú að gildissvið rekstrarstöðvunartryggingar V nær til tjóns sem varð vegna dekkjabruna í samræmi við skilyrði gr. 1.1 og 2.1 í váttryggingarskilmálum lausafjártryggingar og gr. 2.1 í skilmálum rekstrarstöðvunartryggingar.

Hvað varðar bótafjárhæð tjónsins sjálfs liggur ekki fyrir hver nákvæm krafa um bótafjárhæð er í gögnum málsins né heldur sérstakt samþykki allra málsaðila um að úrskurðað sé um

bótafjárhæðir, sbr. 3.gr. samþykktu um fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum sem birtar eru með auglýsingu nr. 1090/2005. Nefndin tekur því ekki frekari afstöðu til bótafjárhæðar.

Niðurstaða.

Viðurkenndur er réttur M til greiðslu bóta úr rekstrarstöðvunartryggingu hjá V.

Reykjavík 16. september 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 208/2014
M
og V v/ málskostnaðartryggingar fjölskyldutryggingar.

Ágreiningur frá 31. maí 2011 um skuldajafnaðarkröfu.

Gögn.

1. Málskot móttakið 30. júní 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 11. júlí 2014 ásamt úrskurðum nefndarinnar í málum 191/2011, 171/2010 og 210/2010.

Málsatvik.

M á í ágreiningi við fjármálafyrirtæki vegna skuldajafnarkröfu hennar sem komin er til vegna launakröfu hennar sem starfsmaður fyrirtækisins annars vegar og kröfu fjármálafyrirtækisins vegna ólöglegs gengistryggðs láns sem M tók árið 2008. V hefur viðurkennt að ákvæði váttryggingarskilmála málskostnaðartryggingar taki til áreiningsmáls M og fjármálafyrirtækisins vegna lánsins en hefur hafnað því að váttryggingin taki til ágreinings vegna launakröfu M í ljósi þess að váttryggingin taki ekki skv. gr. 3.2. í váttryggingarskilmálum um að váttryggingin taki ekki til ágreinings sem er í tengslum við atvinnu váttryggðs.

M telur að ágreiningur málsins varði ekki atvinnu sína þar sem launakrafan sé viðurkennd og dæmd með dómi Hæstaréttar Íslands í máli réttarins nr. 114/2011 og varði ágreiningur málsins aðallega skilyrði skuldajafnaðar og framsal aðalkröfunnar.

V telur að skuldajafnaðarkrafa M hefði ekki geta komið til nema vegna launakröfu hennar. Ekki sé vafi að krafa laun varði atvinnu váttryggðs í skilningi undanþáguákvæðis váttryggingarskilmála. Verði því að líta svo á að umrætt ákvæði gildi hvað þann hluta ágreinings M við fjármálafyrirtækið varðar.

Álit.

Ágreiningur málsins lýtur að því að V vill ekki viðurkenna réttaraðstoð við M nema að hluta vegna ágreinings M og fjármálafyrirtækis í tengslum við skuldajafnaðarkröfu hans vegna viðurkenndrar launakröfu í þrotabú fjármálafyrirtækisins á móti kröfu þess á M vegna lánasamnings. Þegar litið er til túlkunar á gr. 3.2. í váttryggingarskilmálum V er það undanþáguákvæði skýrt m.t.t. þess að bætur greiðast ekki vegna ágreinings sem er í tengslum við atvinnu váttryggðs. Launakrafa M, hvort sem hún er umdeild eða dæmd hefði seint komið til nema vegna atvinnu M hjá fjármálafyrirtækinu. Að því marki sem ágreiningurinn varðar þá kröfu verður því að telja að váttryggingin nái ekki til þess. Nefndin gerir því ekki athugasemdir við afgreiðslu V á málinu.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á greiðslu bóta úr málskostnaðartryggingu vegna ágreinings sem varðar launakröfu hans.

Reykjavík 12. ágúst 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 209/2014
M og
V v. kaskótryggingar ökutækisins A.

Bifreið varð fyrir tjóni meðan bifreiðin var í geymslu þ. 23.4.2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 2.7.2014 ásamt fylgiskjölum 1-2
2. Bréf V dags. 4.7.2014.

Málsatvik.

M segir að bifreið sín A hafi orðið fyrir tjóni þegar hún var í geymslu og segir M að tjónið hafi orðið þegar heitt vatn gufaði upp úr niðurfalli og þar sem A hafi verið lagt fyrir ofan niðurfallið þá hafi gufan streymt upp í vélarhúsið og inn í bílinn þannig að mikið tjón hafi hlotist af. M krefst bóta úr kaskótryggingu A hjá V og telur að vátryggingaskilmála beri að skýra með þeim hætti að tjónið á A sé bótaskyldt úr kaskótryggingunni. Þá vísar M til að vátryggingarsamningur aðila sé staðlaður samningur útbúinn af V og beri því að skýra óljóst orðalag samningsins eða vafamál neytendum í hag. V hafnar bótaskyldu og segir að rakatjón falli ekki undir skilmála kaskótryggingar bifreiðarinnar. Þá vísar V til þess að rakaskemmdirnar hafi orðið á löngum tíma og falli því ekki að grein 2.4 í vátryggingaskilmálum kaskótryggingarinnar ásamt því að í grein 3.4. í vátryggingaskilmálanna sé sérstaklega tekið fram að tryggingin bæti ekki ryðbruna eða tæringu.

Álit.

Gögn málsins eru afar takmörkuð. Af fyrirbyggjandi gögnum verður ekki annað ráðið en að bifreiðin A hafi orðið fyrir rakatjóni þar sem bifreiðin var í vetrargeymslu. Ekki verður séð að rakaskemmdirnar hafi myndast vegna skyndilegs atviks og tekur kaskótrygging A því ekki til umrædds tjóns sbr. Grein 2.4 í vátryggingaskilmálum um kaskótrygginguna. M á því ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 12.8.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 210/2014**M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna líkamstjóns af völdum áreksturs.****Gögn.**

104. Málskot, móttakið 1.7.2014, ásamt fylgigögnum.

105. Bréf X, dags 11.7.2014.

Málsatvik.

Hinn 20.3.2013 var bifreiðinni A ekið aftan á bifreið sem M ók. M leitaði samdægurs á slysa- bráðadeild Landspítala - háskólasjúkrahúss. Samkvæmt vottorði læknis á deildinni kvartaði M undan verkjum í mjóbaki eftir höggið ásamt ógleði og uppköstum. Við skoðun hafi hún verið aum við þreifingu yfir hryggþindum og vöðvum hliðlægt við hrygginn neðarlega í lendhrygg. Tekin hafi verið röntgenmynd af lendhryggnum sem sýndi ekki merki um brot. Var því talið að um tognun í lendhrygg hafi verið að ræða.

Í vottorði heimilislæknis, dags. 25.3.2013, segir að M hafi komið vegna verkja í baki eftir bílslys og sé öll stíf og aum, en ekið hafi verið aftan á hana á mikilli ferð. Við skoðun hafi M verið hvellaum neðst í mjóbaki og í hægri öxl, bæði við þreifingu („palp.“) og hreyfingar.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá X. Að beiðni X var af hálfu fyrirtækisins B reiknaður úr þyngdarkraftur sem verkaði á ökutækin við áreksturinn. Samkvæmt útreikningnum nam þyngdarkrafturinn á A 1,63 g og á bifreiðina sem M ók 1,67 g. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Af fyrirliggjandi ljósmyndum í tjónaskýrslu af þeim ökutækjum sem hlut áttu að máli verður ekki séð að miklar skemmdir hafi orðið á þeim við áreksturinn. Verður því ekki ráðið að áreksturinn hafi verið harður. Einungis liggja fyrir upplýsingar um líðan M sjálfan slysdaginn og svo fimm dögum síðar að því er virðist. Ekkert mat liggur fyrir um hverjar hafi verið afleiðingar slyssins fyrir M. Þótt fyrrgreindur útreikningur B einn og sér sanni ekki að M hafi ekki orðið fyrir líkamsmeiðslum sannar hann heldur ekki að M hafi orðið fyrir meiðslum. Að öllu virtu og gegn mótmælum X verður ekki talið nægilega sannað samkvæmt fyrirliggjandi gögnum að M hafi orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn. Hún á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu A hjá X.

Reykjavík, 12. ágúst 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 211/2014
M og V v. slysatryggingar launþega.

Starfsmanni skrikaði fótur þegar hann var að fara upp í bíl þ. 30.8.2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið 1. júlí 2014 ásamt fylgiskjölum 1-7.
2. Bréf V dags.18. júlí 2014.

Málsatvik.

M segir að af afloknum síðasta starfsdegi sínum hafi hann verið á leið inn í bíl sem flutti starfsmenn frá vinnustað og segist M hafa haldið í hurðina með annarri hendi og stigið upp á þrep til að fara inn í bílinn en skrikaði fótur og við það snerist upp á hnéð og M slasaðist. Í yfirlýsingu dags. 1. júní 2014 lýsir maður því yfir að hann hafi orðið vitni að því þegar M varð fyrir umræddu slysi en aðrir hafi ekki séð það. M krefst bóta úr slysatryggingu launþega hjá vinnuveitanda sínum og segir að áverkinn á hnénu geri honum erfitt um gang og sinna starfi sínu sem múrari. V hafnar bótaskyldu og segir M fyrst hafa leitað læknis fjórum dögum eftir meint vinnuslys og M hafi ekki tilkynnt vinnuveitanda sínum um slysið fyrr en sex vikum síðar. Þá segir V að þrír samstarfsmenn M sem með honum voru í bifreiðinni hafi einskis orðið varir og M ekki kvartað við þá um að hafa orðið fyrir slysi. Þá vísar V til þess að sá sem yfirlýsinguna gefur sem vitni í málinu búi á heimili M og tengdur M fjölskylduböndum og ekki sé hægt að leggja það til grundvallar. V telur því ósannað hvernig einkenni þau sem M rekur hið meinta slys til komu til.

Álit.

M segist hafa orðið fyrir slysi í lok síðasta vinnudags síns hjá vinnuveitanda og leitar til læknis nokkrum dögum síðar en nefnir ekki á þeim tíma að um vinnuslys hafi verið að ræða. M lét vinnuveitanda sinn ekki vita af meintu atviki og tryggði sér ekki fullnægjandi sönnun þess að það hefði átt sér stað. Yfirlýsing aðila sem er tengdur M og gefin út 9 mánuðum eftir atvikið verður ekki lagt til grundvallar miðað við önnur gögn málsins. M hefur ekki lagt fram fullnægjandi gögn sem sanna umrætt atvik og á hann því ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega hjá V.

Reykjavík 19.8.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 212/2014
M
og V vegna ábyrgðartryggingar sveitarfélagsins X.

Skaðabótaábyrgð vegna líkamstjóns við akstur lyftara dags. 18.júlí 2009.

Gögn.

1. Málskot móttakið 6. júní 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 8. júlí 2014.
3. Tölvupóstur lögmanns M dags. 18. ágúst 2014.

Málsatvik.

Í gögnum málsins liggur fyrir lögregluskýrsla lýsir slysi M þar sem hann var við akstur lyftara á bryggjussvæði þegar lyftarinn lenti ofan í holu á bryggjunni og valt á hliðina þannig að M festist með vinstri fót undir lyftaranum og hlaut við það líkamstjón. Í lögregluskýrslu eru myndir af vettvangi, teknar á slysdegi sem og þann 22. mars 2012, en á þeim myndum er vísað til þess að það sé ræsi (niðurfallsrist) á malbikuðu svæði þar sem lyftaranum var ekið. Skv. mælingum lögreglu í mars 2012 virðist sem munur á efsta punkti malbiks við ræsið og að ræsinu sjálfu sé um 20 cm.

M telur að aðstæður á vinnusvæði því sem M fór um hafi verið ófullnægjandi og beri X ábyrgð á því sem sveitarfélag á grundvelli 56.gr. vegalaga nr. 80/2007. Mikil umferð sé um hafnarsvæðið og því mikilvægt að malbik skapi ekki hættu fyrir umferð alls kyns farartækja, jafnt flutningabifreiða og lyftara. Þessu hafi X ekki gætt nægilega vel að og vísar M einnig til samskipta við forsvarsmann umhverfis- og framkvæmdasviðs X á árinu 2012 um malbikun svæðisins.

V telur að það sé ósannað að hola hafi verið við ræsi í malbiki þegar slys M átti sér stað. Ekkert komi fram í gögnum málsins sem sanni að aðstæður hafi verið óforsvaranlegar og geti myndir sem teknar eru um þremur árum síðar og upplýsingar um malbikun þá ekki sýnt hvernig aðstæður voru þegar slys M varð eða sannað að þær hafi verið óforsvaranlegar.

Álit.

Ljóst er að M hlaut líkamstjón þegar lyftari sem hann ók fór á hliðina. Af ljósmyndum sem teknar voru á slysdegi verður ekki ráðið að aðstæður sem eru á ábyrgð X sem sveitarfélags hafi verið óforsvarlegar. Ljósmyndir sem teknar voru nær þremur árum síðar breyta ekki afstöðu nefndarinnar hvað það varðar. M ber sönnunarbyrði fyrir því að líkamstjón hans megi rekja til aðstæðna sem X ber skaðabótaábyrgð á þegar hann gerir kröfu um greiðslu bóta úr ábyrgðartryggingu X. Slík sönnunargögn liggja ekki fyrir og tölvupóstur lögmanns M dags. 18. ágúst 2014 breytir ekki því mati. Á M því ekki rétt til greiðslu bóta úr ábyrgðartryggingu X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu sveitarfélagsins X.

Reykjavík 19. ágúst 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 213/2014
M og
V-1 v. bifreiðarinnar A og V-2 v. bifreiðarinnar B.

Árekstur bifreiða við afleggjara að Vaglaskógi þ. 2.5.2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 8.7.2014 ásamt fylgiskjölum 1-2
2. Bréf V-1 dags. 10.7.2014.
3. Bréf V-2 dags 17.7.2014.

Málsatvik.

Árekstur varð á hringveginum við Vaglaskóg. Vöruflutningabílnum A var ekið í austurátt eftir þjóðvegi 1 meðfram Vaglaskógi. Ökumaður A segist hafa séð til ferða dráttarvélarinnar B, sem var ekið hægt eftir veginum fyrir framan A. Ökumaður A tók þá ákvörðun að aka framúr B enda skilyrði framúraksturs verið góð, en þegar hann var komin að hlið B þá hafi dráttarvélinni verið beygt til vinstri að vegaslóða. Ökumaður A segist ekki hafa séð að ökumaður B hafi gefið stefnumerki til merkis um að B yrði beygt til vinstri út af þjóðveginum. Ökumaður B segist hafa ekið hægt eftir þjóðveginum og nálgast afleggjarann á gamla veginum við Vaglaskóg og hafi hann þá dregið úr hraða og fært B að miðlínu vegarins áður en hann beygði til vinstri. Ökumaður B segist ekki hafa gefið stefnuljós til vinstri áður en hann beygði og séð til ferða A nokkru áður en síðan ekki tekið eftir A fyrr en rétt í þann mund sem hann beygði og þá hafi A verið komin að hliðinni á B. Áreksturinn varð þar sem hálfbrotin miðlína fyrir umferð til austurs er á veginum.

Álit.

Ökumaður B hafði séð til ferða A fyrir aftan sig og gaf hvorki stefnumerki um þá fyrirætlun sína að ætla að beygja til vinstri né gætti að umferð áður en hann ók B í vinstri beygju inn á afleggjara. Ökumaður B sýndi því ekki nauðsynlega varúð við aksturinn og ber meginsök á árekstrinum. Ökumaður A gætti ekki nægjanlegrar varúðar við framúraksturinn þegar hann ákvað að aka framúr B þar sem hálfbrotin miðlína var fyrir akstursstefnu A og ökumaður sá afleggjarann sem B ætlaði að beygja inn á. Ökumaður A ber því einnig sök á árekstrinum. Við mat á sakarskiptingu þykir rétt að ökumaður A beri 1/3 sakar á árekstrinum en ökumaður B beri 2/3 sakar á árekstrinum.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber 1/3 sakar og ökumaður B ber 2/3 sakar.

Reykjavík 9.9.1014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 214/2014

M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B
og
vátryggingafélagið Y v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.

Árekstur á Bíldshöfða í Reykjavík til móts við verslun Bílanausts þann 6.2.2014.**Gögn.**

106. Málskot, móttækið 3.7.2014, ásamt fylgigögnum.

107. Bréf Y, dags 18.7.2014, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Árekstur varð með bifreiðunum A og B á Bíldshöfða í Reykjavík til móts við innkeyrslu að verslun Bílanausts. Rákust saman hægra framhorn A og aftanverð vinstri hlið B.

Ökumaður A hefur lýst málsatvikum svo að hann hafi ekið vestur Bíldshöfða og ætlað að beygja til hægri inn innkeyrsluna að Bílanausti og gefið stefnuljós í tæka tíð. Er hann hafi verið kominn í beygjuna hafi hann lent á afturhluta B sem hafi verið ekið hægra megin fram úr A.

Ökumaður B kveður málavexti þá að hann hafi ekið vestur Bíldshöfða og verið alveg kominn að gatnamótum Bíldshöfða og Breiðhöfða þegar ekið hafi verið aftan á B vinstra megin. Ekkert annað ökutæki hafi verið né gat hafa verið á hans akrein og hann hafi ekki tekið eftir A fyrr en við áreksturinn. Ökumaður B mótmælir því að hann hafi ekið fram úr A.

Álit.

Af afstöðumynd af vettvangi sem aðilar hafa teiknað inn á sameiginlega tjónstilkynningu, sem og öðrum gögnum málsins, verður ekki annað ráðið en ein akrein sé til vesturs á Bíldshöfða þar sem áreksturinn varð. Aðila greinir verulega á um tildrög árekstursins. Miðað við að ökumaður A hugðist beygja til hægri inn á athafnasvæði Bílanausts staðsetti hann bifreið sína of innanlega á akbrautinni. Þá vissi ökumaður B ekki af ferðum A fyrr en árekstur varð. Þegar til þessa er litið, svo og ákomustaða á bifreiðunum, verður sönnunarbyrði um það hvað hafi valdið árekstrinum ekki varpað á annan ökumanninn fremur en hinn. Ekki verður ráðið hvort áreksturinn megi rekja til rangrar staðsetningar A á akbrautinni, aksturs B hægra megin fram úr A eða annarra atvika. Samkvæmt þessu og gögnum málsins að öðru leyti telst ósannað að annar ökumanna eigi meiri sök en hinn. Verður ekki hjá því komist, sbr. 89. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, að skipta sökinni til helminga.

Niðurstaða.

Hvor ökumanna ber helming sakar.

Reykjavík, 19. ágúst 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 215/2014
M
og V v/ starfsábyrgðartryggingar bifreiðasalans B.

Skaðabótaábyrgð bifreiðasala vegna bifreiðaviðskipta haustið 2010.

Gögn.

1. Málskot móttakið 7. júlí 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 24. júlí 2014 ásamt gögnum.

Málsatvik.

M fól bifreiðasalanum B að selja bifreið sína með skráningarnúmerinu X á haustmánuðum 2010. Í málinu liggja fyrir upplýsingar um kaupsamning og afsal dags. 21. desember 2010 þar sem kaupverð er ákveðið 175.000 krónur. Þar kemur einnig fram að kaupverð greiðist með 20.000 króna greiðslu strax, 100.000 krónum þann 1. janúar 2011 og 55.000 króna greiðslu þann 1. febrúar 2011. Einnig kemur fram í skjalinu að tryggingavíxill liggi hjá G þessu til staðfestingar og ef greiðsla verði ekki innt af hendi fyrir 4. janúar 2011 skuli kaupandi skila bílnum. M fékk einungis 20.000 krónur greiddar af kaupverð bifreiðarinnar, kaupandi skilaði ekki bílnum eins og kveðið var um í samningi þar sem búið var að afsala honum til þriðja aðila á þeim tímapunkti og þegar átti að innheimta tryggingavíxil kom í ljós að hann var ekki rétt útfylltur og gat M ekki gengið að útgefanda eða ábekingum víxilsins.

M telur að B hafi sem bifreiðasali átt að tryggja að staðið væri rétt að tryggingu fyrir greiðslu kaupverðs og að B hafi brotið gegn skyldum sínum skv. lögum nr. 28/1998 um verslunaratvinnu með því að sjá ekki til þess að eignaréttarfyrrivari í samningnum hafi verið framkvæmanlegur sem og að tryggingavíxillinn hafi verið rétt útfylltur. Einnig telur M að B hafi hvatt hann til umræddra viðskipta og verði að bera ábyrgð á tjóni hans þess vegna.

V telur ósannað að B hafi hvatt til viðskiptanna með þeim hætti sem M ber. Einnig telur V að viðskiptaskilmálar milli M og kaupanda bifreiðar hans hafi alfarið verið ákveðnir af M sjálfum og B hafi varað M við notkun tryggingavíxils þar sem slík viðskiptabréf væru sjaldnast notuð lengur. V telur einnig ósannað að orsakatengsl séu milli aðkomu B sem bifreiðasala og tjóns M þar sem áhætta af viðskiptum M við kaupanda bifreiðarinnar sé hans sjálfs og þó víxileyðublaðið hefði verið rétt útfyllt sé ósannað að hann hefði fengið kaupverðið greitt.

Álit.

Ágreiningur er um skaðabótaábyrgð bifreiðasalans B á tjóni sem M telur sig hafa orðið fyrir þegar hann fékk ekki greiddar 155.000 krónur af kaupverð bifreiðar sem hann fól B að selja. Í málinu liggur fyrir að meirihluta kaupverðs átti kaupandi að greiða eftir að eigandaskipti áttu sér stað á bifreiðinni. Til tryggingar þeirri greiðslu átti síðan að vera tryggingavíxill sem ekki var rétt fylltur út við kaupin. Þetta allt styður að greiðsluskilmálar voru óvenjulegir við umrædd bifreiðaviðskipti. Óháð því hver var leiðandi í að semja um viðskipti sem þessi er ljóst að í l.mgr. 15.gr. laga nr. 28/1998 kemur fram að bifreiðasali skuli í hvítetna leysa störf sín af hendi svo sem góðar viðskiptavenjur bjóða. Hann skal gæta þess að viðskiptamenn hans njóti jafnræðis um upplýsingar, verð og önnur viðskiptakjör, svo og þess að aðila séu eigi settir ólögmætir, ósanngjarnir eða óeðlilegir skilmálar í samningum.

Í ljósi þessara skyldna B sem bifreiðasala verður að líta svo að að þegar B gerði samning fyrir M og kaupanda bifreiðarinnar, sem fólu í sér fyrrgreinda skilmála með tryggingavíxli og eignaréttarákvæði þrátt fyrir eigendaskipti, bar honum að tryggja sér sönnun um að M hafi verið ljós áhættan af slíkum viðskiptum. Þessi niðurstaða byggir á því að nefndin telur sýnt að umræddir skilmálar hafi verið óvenjulegir. B hefur ekki tekist sönnun á ofangreindu. Verður því að telja að

hann hafi ekki sinnt skyldum sínum skv. fyrrnefndu lagaákvæði og telst því bera skaðabótaábyrgð á tjóni M. Hvað varðar sönnun tjóns verður að telja leggja til grundvallar að þegar af þeirri ástæðu að tryggingavíxill var ekki fylltur rétt út hafi M orðið fyrir tjóni en ekki er sannað með óyggjandi hætti eða gögnum að M hefði ekki getað gengið að útgefanda hans eða ábekingum skv. viðskiptabréfareglum. M á því rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu B hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu bifreiðasalans B hjá V.

Reykjavík 19. ágúst 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 216/2014

M
og
X v/ óþekkts ökutækis.

Ágreiningur um bótaskyldu af völdum óþekkts ökutækis.**Gögn.**

108. Málskot, móttakið 1.7.2014, ásamt fylgigögnum.

109. Bréf X, dags 22.7.2014.

Málsatvik.

Hinn 29.4.2013 féll M af reiðhjóli og varð fyrir meiðslum er hann var á leið yfir gangbraut á Höfðabakka við Bíldshöfða í Reykjavík. Degi síðar leitaði M á bráðadeild Landspítalans. Í læknisvottorði frá spítalanum vegna slyssins er tildrögum slyssins lýst svo: „Bíll sem fer yfir á rauðu bremsar rétt fyrir framan hann og honum bregður og dettur af hjólinu. Bíllinn ekur þannig ekki á hann.“ Í tilkynningu um slysið til Sjúkratrygginga Íslands lýsir M atvikum svo: „Var á leiðinni á hjóli frá vinnu við Höfðabakkann og var að fara yfir Höfðabakkabrúna á grænum göngukalli, þegar að bíll keyrir yfir á rauðu, nauðhemlar en lendir ekki á mér. Mér bregður samt og dett og sett útréttan handlegginn fyrir mig. Bíllinn keyrði svo í burtu og ég sá hann aldrei.“ Hinn 15.5.2013 gaf M skýrslu hjá lögreglu. Þar kom m.a. fram að grænt ljós hafi logað fyrir gangbrautina sem hann var á leið yfir. Hafi hann verið kominn „út á hægri akreinina á Höfðabakka þegar bifreið hafi verið ekið norður Höfðabakka.“ M kvaðst ekki hafa séð bifreiðina en heyrt hemlahljóðið. Við þetta hafi hann misst vald á hjólinu og dottið, en bifreiðin haldið áfram norður Höfðabakka.

M hefur krafist bóta vegna þess líkamstjóns sem hann hlaut við atvikið úr hendi X sem ábyrgðaraðila skv. 2. mgr. 20. gr. reglugerðar nr. 424/2008 um lögmaeltar ökutækjatrýggingar. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt 2. mgr. 20. gr. reglugerðar nr. 424/2008 skal X sem ábyrgðaraðili greiða tjónþola bætur fyrir líkamsáverka eða missi framfæranda vegna slyss á Íslandi ef ætla má að tjónið hafi hlotist af notkun óþekkts vélknúins ökutækis. M sá ekki bifreið þá sem hann kveður að hafi valdið því að hann féll af reiðhjólinu. Ekki verður ráðið af gögnum málsins að bifreiðinni hafi verið ekið í veg fyrir M. Af frásögn M af atvikinu verður ráðið að það hafi fyrst og fremst verið hemlahljóð frá bifreið sem hafi valdið því að honum brá svo hann féll af hjólinu. Að virtum gögnum málsins verður ekki talið að ætla megi að tjónið hafi hlotist af notkun óþekkts vélknúins ökutækis þannig að stofnast hafi til greiðsluskyldu úr hendi X á grundvelli fyrrgreinds reglugerðarákvæðis. M á því ekki rétt á bótum.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr hendi X.

Reykjavík, 9. september 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 217/2014
M og
V v. slysatryggingar launþegar hjá N.

Ágreiningur um tilkynningarskyldu skv. 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga í tengslum við slys þ. 5.1.2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.9.7.2014 ásamt fylgiskjölum 1-12
2. Bréf V dags. 17.7.2014.

Málsatvik.

M var á leið úr vinnu hjá N og rann á gangstétt í hálfu og datt ofan á rist á vinstra fæti með þeim afleiðingum að fótur hans bognaði og þröbrotnaði ásamt liðhlaupi. M leitaði til læknis daginn eftir og síðan þ. 20.2.2012 og loks þ. 30.4.2012 þar sem ástandi M var lýst þannig að hann væri á batavegi. M segist hafa gert ráð fyrir því að vinnuveitandi hans N mundi tilkynna um slysið. Í apríl 2013 leitaði M enn til læknis og þá kom í ljós að gera þurfti aðgerð á fæti hans og var M sagt að koma mundi í ljós innan þriggja mánaða hvort aðgerðin hefði heppnast eða um mánaðarmótin júlí-ágúst 2013. M segist því ekki hafa getað gert sér fulla grein fyrir afleiðingum slyssins fyrr en í fyrsta lagi eftir 29. apríl 2013 eða þegar niðurstaða lá fyrir um hvort aðgerðin sem hann fór í þá hefði heppnast eða ekki, en fyrir þann tíma hefði M ekki haft vitneskju um þau atvik sem hann gæti reist bótakröfu á. Þá vísar M til dóms Hæstaréttar í málinu nr. 7/2009.

V var tilkynnt um slysið með tilkynningu þ. 9. apríl 2014. V hafnar bótaskyldu með vísan til 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingasamninga nr. 30/2004. V segir að M hafi hlotið áverka við slysið og hafi verið staðfest þrjú ristarbrott á vinstra fæti við fyrstu komu M til læknis og hann orðið óvinnufær strax eftir slysið í fimm vikur. Þá segir V að M hafi verið í sambandi við vinnuveitanda sinn í október 2012 og óskað eftir að hann fyllti út tilkynningu vegna slyssins og verði að telja að M hafi þá verið ljós þau atvik sem krafa hans er reist á. Loks vísar V til dóms Hæstaréttar í málum nr. 7/2009 og 522/2012 sem og úrskurði Úrskurðarnefndar í váttryggingamálum nr. 159/2012 og 388/2012.

Álit.

M mun hafa verið óvinnufær í fimm vikur strax eftir umrætt slys. Þá lá einnig fyrir eftir fyrstu skoðun hjá lækni að M var ristarbrottinn Óvinnufærni hans og viðvarandi verkir og erfiðleikar við gang gáfu M tilefni að átta sig á atvikum að baki kröfu sinni þegar hann hlaut ekki bata af í síðasta lagi um ári eftir slysið, eða í byrjun janúar 2013. lysið átti sér stað. M gætti þess ekki að tilkynna slysið fyrr en þ. 9. apríl 2014. Þegar tekið er mið af framanrituðu og fyrirbyggjandi gögnum verður að telja að ársfrestur M skv. 1.mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga hafi þá verið liðinn.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr tryggngu N hjá V.

Reykjavík 19.8.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 218/2014**M****og V vegna ábyrgðartryggingar ökutækisins A.****Orsakatengsl milli notkunar bifreiðar og tjóns á hemlabúnaði 13. maí 2013.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 8. júlí 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 24. júlí 2014 ásamt niðurstöðu tjónanefndar og upplýsingum úr ökutækjaskrá.

Málsatvik.

M ók bifreið sinni um Víkurskarð þegar hún mætti skyndilega bifreiðinni A sem kom akandi á móti á öfugum vegarhelmingi, en ökumaður bifreiðarinnar A hafði ætlað að aka fram úr flutningabíl með tengivagn á veginum. Þegar ökumaður bifreiðar A sá að aðstæður voru ekki fyrir hendi til framúraksturs stöðvaði hún bifreið sína í sömu mund og M þannig að ekki varð árekstur með bifreiðunum. M kveðst hafa nauðhemlað til að koma í veg fyrir árekstur.

M telur að tjón hafi orðið á bremsubúnaði bifreiðar sinnar þegar hún nauðhemlaði til að koma í veg fyrir árekstur við bifreið A. Nauðhemlunina megi rekja beint til notkunar bifreiðarinnar A og beri því að greiða bætur vegna tjónsins úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar. Því til stuðnings hefur M lagt fram yfirlýsingu frá verkstjóra bifreiðaverkstæðis dags. 22. janúar 2014, þar sem segir „...stjórnbóx fyrir ABS dælu er bilað, líklega vegna ofurálags í neyðarhemlun.“

V telur ekki sýnt að það hafi orðið tjón sem bæta eigi úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A. V vísar til þess að það sé eðlilegur þáttur í venjulegri notkun bifreiða að hemla og verður ekki séð að hemlunin sem slík geti verið hluti af sérstöku notkunarhugtaki umferðarlaga. Einnig vísar V til þess að bifreið M sé komin til ára sinna og nokkuð mikið ekin. Ekki liggja fyrir hvernig viðhaldi hafi verið háttað og sé því eðlilegra að álykta að bilun í hemlabúnaði stafi af venjulegu sliti eða bilun sem tengist ekki sérstaklega umræddu atviki.

Álit.

Sá sem gerir kröfur um greiðslu bóta úr váttryggingu eins og ábyrgðartryggingu ökutækis ber alla jafna sönnunarbyrði fyrir því að tjón stafi af notkun þess ökutækis. Í þessu máli hvílir slík byrði á M. Til þess að hægt sé að ætla að tjón á bifreið M sé tilkomið vegna aksturslags ökumanns bifreiðar A verður að liggja ljóst fyrir að bilun í hemlakerfi bifreiðar hennar sé eingöngu tilkomin vegna þess aksturslags. Í yfirlýsingu verkstjóra bifreiðaverkstæðis frá því í janúar 2014 kemur fram að „líklega“ megi rekja bilun í hemlabúnaði til neyðarhemlunar. Sú yfirlýsing felur ekki í sér nægilega skýra sönnun um slíkt og m.t.t. aldurs bifreiðar M og þess að engin gögn liggja fyrir um ástand hennar eða viðhald verður ekki fullyrt að þann 13. maí 2013 hafi orðið slíkt tjón sem rekja megi til sakar ökumanns bifreiðar A.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík 9. september 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 219/2014**M og
V-1 v. bifreiðar A og V-2 vegna bifreiðar B.****Árekstur á Vesturlandsvegi 4. apríl 2014.****Gögn.**

1. Málskot ásamt fylgiskjölum 7. júlí 2014.
2. Tölvupóstur V-1 frá 26. september 2014.
3. Bréf V-2 frá 14. júlí 2014.

Málsatvik.

Árekstur varð á Vesturlandsvegi við Lágafellskirkju þann 4. apríl 2014. Í málinu liggur fyrir lögregluskýrsla en lögregla var kölluð á vettvang.

Samkvæmt lögregluskýrslu kveðst ökumaður B hafa verið að aka á hægri akrein en þegar hann hafi ætlað að aka út úr hringtorginu hafi ökumaður bifreiðar A ekið bifreið sinni af vinstri akreininni inn á þá hægri er hann fór út úr hringtorginu. Við það hafi ökumaður bifreiðar A ekið á bifreið B sem skemmdist lítillega á vinstri hliðinni.

Ökumaður bifreiðar A kveðst, samkvæmt lögregluskýrslu, ekki vera viss um hvort hann hafi ekið á bifreið B eða hvort bifreið B hafi verið ekið á hans bifreið. Hann segist hafa verið á vinstri akrein í hringtorginu og hafi svo orðið var við smá snertingu milli bifreiðanna. Hann skildi ekki alveg hvaða vesen þetta væri þar sem skemmdirnar væru nú ekki miklar á bifreiðunum.

Álit.

Ökumaður bifreiðar B gerir í málskoti miklar athugasemdir við lögregluskýrsluna og telur málavexti þar ranglega reifaða. Ekki er að sjá að farið hafi verið fram á leiðréttingu á lögregluskýrslunni við lögregluna. Sönnunargögn málsins eru af skornum skammti og því óhjákvæmilegt að styðjast við þá lögregluskýrslu sem fyrir liggur í málinu. Vitnisburður vitnis löngu eftir atvikið getur ekki haft þýðingu í málinu, auk þess sem hvergi sé minnst á vitnið í lögregluskýrslunni. Óhjákvæmilegt er að skipta sök til helminga í málinu þar sem ósannað er hvorri bifreiðinni var ekið yfir miðlínu vegar.

Niðurstaða.

Sök er skipt til helminga.

Reykjavík, 3. október 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 220/2014**M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar hestaleigu.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns á bifreið þegar hestur rakst utan í bifreiðina.****Gögn.**

110. Málskot, móttakið 9.7.2014, ásamt fylgigögnum.

111. Bréf X, dags 25.7.2014, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 26.3.2014 var bifreiðinni A í eigu M ekið eftir heimreið að bænum B. Er A var ekið fram hjá hesti sem var á heimreiðinni rakst hesturinn fremst í hægri hlið A.

M hefur lýst atvikum þannig að hann hafi ekið eftir heimreiðinni og verið að fara fram úr hesti sem var á akreininni. Er hann hafi séð að hesturinn hafi verið ókyrr hafi hann fært bifreið sína út í vinstri vegkantinn og stöðvað. Þá hafi hesturinn fælst og komið aftur á bak á A sem þá hafi verið kyrrstæð. Segir einnig í tjonstilkynningu M um atvikið að hesturinn hafi fælst á veginum þegar A var að fara fram úr.

Knapi á hestinum, sem er starfsmaður hestaleigunnar V, hefur í tjonstilkynningu greint frá atvikum á þann veg að hann hafi verið í hestaferð með einn viðskiptavin. Þeir hafi riðið til suðurs eftir fyrrgreindri heimreið er A hafi komið á eftir þeim. Hann hafi fært sig til hliðar hægra megin og stöðvað hestana. Hestur hans hafi snúið þvert á akstursstefnu og þegar A nálgast hafi hesturinn ókyrrst og „stiklað“. Þegar A hafi svo komið að hestinum hafi hesturinn og A rekist saman.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá X vegna þess tjóns sem varð á A við atvikið. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Í máli þessu getur M því aðeins átt rétt til bóta að sýnt sé fram á sök knapans sem sat hestinn sem hlut á að máli. Óhappið varð í þann mund sem M hugðist aka fram hjá hestunum. Þótt A hafi verið kyrrstæð hefur ekki verið sýnt fram á að knapinn hafi haft ráðrúm til að víkja alveg út af veginum áður en A bar að eða viðbrögð hans hafi að öðru leyti verið röng. Verður að telja ósannað að tjón á A verði rakið til saknæmrar háttsemi knapans eða annarra atvika sem V ber ábyrgð á. Tjón M fæst því ekki bætt úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

Tjón M vegna skemmda á A bætist ekki úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 19. ágúst 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 221 /2014
M og
V-1 v. bifreiðarinnar A og V-2 v. bifreiðarinnar B.

Árekstur bifreiða á bílastæði við skóla þ. 22.4.2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 9.7.2014 ásamt fylgiskjölum 1-2
2. Bréf V-1 dags. 29.7.2014 ásamt fylgiskjölum 1-3

Málsatvik.

Árekstur varð á bílastæði við Fjölbrautarskóla milli A og B en bifreiðunum var ekið í sömu akstursstefnu. B ók á undan A eftir bifreiðaplani. Ökumaður A segist hafa ekið á um 15. km hraða þegar B hafi komið skyndilega frá vinstri og hann þá reynt að sveigja frá, en ekki tekist að koma í veg fyrir árekstur. Ökumaður B segist hafa ekið mjög hægt og verið að beygja inn í bílastæði og verið með stefnuljós sem vísuðu til fyrirhugaðrar akstursstefnu og ekki vitað af A fyrir en árekstur varð og A hafi haft nóg pláss þar sem að stæði hægra megin við hafi verið auð.

Álit.

Árekstur varð með bifreiðunum þegar ökumaður B beygði að stöðureit í sömu mund og ökumaður A hugðist aka fram úr eftir því sem best verður séð af gögnum málsins. Hvorugur ökumaður gætti nægrar varúðar í umrætt sinn og bera því báðir sök á árekstrinum. Ekki er forsenda til að leggja meiri sök á annan ökumann umfram hinn og er því sök skipt til helminga.

Niðurstaða.

Hvor ökumaður ber helming sakar.

Reykjavík 16.9.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 222/2014
M og
V vegna slysatryggingar launþega.

Maður fékk járnflís í auga. Tilkynningarskylda vegna slyss þ. 24.7.2009

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 11.7.2014 ásamt fylgiskjölum 1-8
2. Bréf V dags. 23. júlí 2014.

Málsatvik.

M var að vinna undir vörubifreið með slípirokk þegar hann fékk járnflís í hægra auga. M krefst bóta úr slysatryggingu launþega hjá V. Af hálfu M er sagt að réttur tjónsdagur sé þ. 24. júlí 2009. Af hálfu M er því haldið fram að varanlegar afleiðingar slyssins hafi ekki verið M kunnar fyrr en hann leitaði aðstoðar lögmans. M leitaði til læknis daginn eftir slysið og var járnflís fjarlægð úr auga hans og síðan leitaði M til læknis þ. 22.9.2009 þar sem M þótti sjónin vera að versna á hægra auga og kom síðan í eftirlit hjá sama lækni þ. 4.10.2010. Af hálfu M er því haldið fram að honum hafi ekki verið ljósar varanlegar afleiðingar slyssins fyrr en þ. 9.10.2012 þegar M leitaði til lögmans. Af hálfu M er vísað til dóma Hæstaréttar í máli nr 7/2009 og 522/2012. V hafnar bótaskyldu og bendir á að V hafi fyrst verið tilkynnt um slysið þ. 24.10.2012. V telur að M hafi í síðasta lagi þ. 8.10.2010 mátt vera ljós þau atvik sem hann gæti reist kröfu sína á, en þar hafi verið staðfest eins og við fyrri skoðun að M væri með verri sjón á hægri auga en því vinstra. V hafnar því bótaskyldu sbr.1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Álit.

M leitaði til Þorkels Sigurðssonar augnlæknis vegna slyssins þ. 22.9.2009 og síðan aftur þ. 4.10.2010. Þá er niðurstaða augnlæknisins sú að sjón M hafi lítið batnað frá slysinu og sendi hann beiðni til annars augnlæknis með spurningu um hvort lasermeðferð gæti hjálpað, en þar sem læknabréf hafi ekki borist þá hafi M annað hvort ekki farið í skoðun eða lasermeðferð ekki ráðlögð skv. læknisvottorði Þorkels dags. 11.3.2013. Af gögnum málsins verður því ekki annað ráðið en að öll gögn sem máli skipta hafi legið fyrir eftir lækniþráðun Þorkels þ. 4.10.2010 og þá hafi M mátt vera ljóst að um varanlegar afleiðingar slyssins gæti verið að ræða. Slysið var ekki tilkynnt V fyrr en þ. 24.10.2012, en þá var frestur skv. 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 liðinn. M á því ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega vegna slyssins þ. 24.7.2009.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega hjá V.

Reykjavík 9.9.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 223/2014**M****og****vátryggingafélagið X v/ húseigendatryggingar íbúðarhúsnæðis.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns er vatn flæddi upp um niðurfall í þvottahúsi.****Gögn.**

112. Málskot, dags. 11.7.2014.

113. Bréf X, dags. 22.7.2014, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Aðfaranótt 5.7.2014 gerði mikla rigningu í sveitarfélaginu S með þeim afleiðingum að vatn flæddi upp um niðurfall í þvottahúsi á neðri hæð í húsi M. Öll gólfefni á hæðinni munu hafa eyðilagst.

M hefur krafist bóta vegna tjónsins úr húseigendatryggingu íbúðarhúsnæðis sem hann hefur í gildi hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Í grein 9.1.1 í vátryggingarskilmálum þeim sem gilda um húseigendatrygginguna kemur fram að vátryggingin bæti tjón af völdum vatns, gufu og olíu sem óvænt og skyndilega streymir úr leiðslum hússins og á upptök innan veggja þess. Ennfremur bætir vátryggingin skv. gr. 9.1.6 í skilmálunum tjón af völdum yfirborðsvatns sem orsakast af skyndilegu úrhelli eða asahláku og vatnsmagn verður svo mikið að frárennslisleiðslur ná ekki að flytja það frá. Á hinn bóginn bætir vátryggingin ekki tjón vegna vatns sem þrýstist upp úr skolp- eða frárennslisleiðslum, eða ef skolpleiðslur geta skyndilega ekki flutt allt það vatn er að berst, þó með þeirri undantekningu ef leiðsla stíflast eða springur innanhúss, sbr. gr. 9.1.8 í skilmálunum.

Tjón á gólfefnum í húsi M hlaut af völdum þess að vatn flæddi upp um vatnsniðurfall. Þegar litið er til undanþáguákvæðis í gr. 9.1.8 í vátryggingarskilmálunum, um að vátryggingin bæti ekki tjón vegna vatns sem þrýstist upp úr skolp- eða frárennslisleiðslum, verður að telja að tjónið hafi orðið við þær aðstæður sem falli undir undanþáguákvæðið. Af því leiðir að M á ekki rétt á bótum úr vátryggingunni vegna þess tjóns sem hann varð fyrir.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr húseigendatryggingu íbúðarhúsnæðis hjá X.

Reykjavík, 9. september 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 224/2014
M
og V vegna slysatryggingar ökumanns bifhjólsins X.

Slys á bifhjóli 25. júlí 2010.

Gögn.

1. Málskot dags. 8. júlí 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 15. ágúst 2014 ásamt tölvupóstsamskiptum lögmanns M og starfsmanna V.

Málsatvik.

Í málinu liggur fyrir tjonstilkynning vegna slyss dags. 15. október 2010. Þar kemur fram að M hafi kastast fram fyrir hjól sem hann ók þann 25. júlí 2010. Ekki kemur nákvæmlega fram í tjonstilkynningunni um hvaða hjól var að ræða. Sömuleiðis liggur fyrir tilkynning um slys til Sjúkratrygginga Íslands dags. 29. nóvember 2010 þar sem svipaðar upplýsingar koma fram. Í báðum tilkynningum er félagi M tilgreindur sem vitni eða þannig að hann hafi komið að M eftir slysið. Þegar litið er til tölvupóstsamskipta lögmanns M og starfsmanna V virðist sem M hafi gefið lögmanni sínum þær upplýsingar að hann hafi ekið á bifhjólinu X í greint sinn. Í lok árs 2010 fékk M greiddar bætur úr slysatryggingu ökumanns þess bifhjóls frá V í formi tímabundins atvinnutjóns. Eftir að þessi greiðsla átti sér stað tók V við lögregluskýrslu sem gerð var vegna slyssins í febrúar 2011. Þar kemur fram að þegar lögregla kom á vettvang slyssins hafi M aðspurður svarað því til að hann hafi ekið á sínu eigin torfæruhjóli sem hafi verið óskráð og óvátryggt. Það hafi síðan komið fram síðar í máli M að hann hafi ekið hjóli félaga síns sem er með skráningarnúmerinu X og tryggt hjá V á slysdegi.

M telur að greiða eigi óskertar bætur úr slysatryggingu ökumanns bifhjólsins X vegna slyssins. M vísar til þess að í greiðslu bóta í desember 2010 hafi falist viðurkenning af hálfu V á greiðsluskyldu sinni sem ekki sé hægt að draga tilbaka tæpum þremur árum síðar. M vísar til þess að V hefði átt að tilkynna M um breytta afstöðu sína strax en með því að gera það ekki hafi félagið sýnt slíkt tómlæti að M geti ekki verið bundinn af þeirri breyttu afstöðu sem kynnt var M í febrúar sl. Vísar M til laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 og Hrd. Í máli nr. 421/1995 máli sínu til stuðnings.

V hefur hafnað greiðsluskyldu með vísan til þess að í lögregluskýrslu vegna málsins hafi komið fram að M hafi, þegar slysið átti sér stað, ekið á sínu eigin bifhjóli sem var óskráð og óvátryggt en ekki því bifhjóli sem hann kom fram upplýsingum um á haustmánuðum 2010. V telur að félagið geti ekki verið bundið af bersýnilega röngum upplýsingum og þar sem enginn réttur til greiðslu bóta hafi í raun stofnast í ljósi réttra upplýsinga þá geti félagið ekki verið bundið af þeirri greiðslu sem innt var af hendi vegna rangra upplýsinga frá M í upphafi. Það fái hvorki stoð í almennum sönnunarreglum né ákvæðum laga um vátryggingarsamninga eða dómum.

Álit.

Ljóst er af gögnum málsins að M slasaðist í greint sinn en ágreiningur er um hvort hann ók á sínu eigin óvátryggað bifhjóli þegar það gerðist eða á bifhjóli félaga síns sem var með skráningarnúmerinu X og var vátryggt hjá V á tjónsdegi. Upplýsingar um það komu fram einhliða frá M þegar hann með aðstoð lögmanns síns gerði fyrst kröfu um bætur vegna tímabundins atvinnutjóns. Í tjonstilkynningu til V dags. 15. október 2014 var þó hakað í reit þar sem M segir að lögregla hafi verið kölluð til. Ekki verður annað séð en að starfsmenn V hafi verið í góðri trú varðandi þær upplýsingar sem M gaf um skráningarnúmer bifhjólsins sem hann ók strax í upphafi og eru greiddar bætur, eins og fyrr segir, í lok árs 2010. Ekki var um að ræða frekari bótagreiðslur

en krafa um mat á afleiðingum slyssins kom síðan fram í upphafi þessa árs. Það sem gerðist í millitíðinni var að lögregluskýrsla var send til V vegna málsins þar sem kemur fram sá framburður M á vettvangi að hann hafi ekið öðru bifhjóli en X en síðan hafi hann breytt framburði sínum hjá lögreglu. Ekki verður séð að málið hafi verið rannsakað frekar hjá lögreglu.

Þó heppilegra hefði verið að V upplýsti strax á árinu 2011 um breytta afstöðu sína til greiðsluskyldu vegna málsins verður ekki séð að málið varði takmörkun ábyrgðar í skilningi IV. kafla laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Því er ekki unnt að beita ákvæði 31.gr. þeirra laga skv. orðanna hljóðan um aðstæður í málinu. Ekki verður heldur séð að rök standi til þess að í greiðslu V hafi falist allsherjarviðurkenning á greiðsluskyldu félagsins. Af gögnum málsins má ráða að verulegur vafi er uppi um hvort M greini rétt frá þegar hann segist hafa ekið á bifhjólínu X þegar hann slasaðist og er það í andstöðu við það sem hann segir við lögreglu á vettvangi slyssins og virðist einnig vera í andstöðu við aðstæður á vettvangi eins og lögreglan lýsir þeim. V getur ekki verið bundið af röngum upplýsingum þrátt fyrir að þessi tími hafi liðið frá því að V móttók upplýsingarnar þar til það tilkynnti lögmanni M um breytta afstöðu sína. Slíkt verður hvorki með skýrum hætti leitt af ákvæðum laga um váttryggingarsamninga eða dómum Hæstaréttar.

Með vísan til þessa getur nefndin ekki fallist á að sannað sé að líkamstjón M sé hægt að rekja til notkunar bifhjólsins X sem sannanlega var váttryggt með slysatryggingu ökumanns hjá V þann 25. júlí 2010 þegar M slasaðist. Frekari bótakröfur M eru háðar því að slík sönnun komi fram.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns bifhjólsins X hjá V.

Reykjavík 9. september 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 225/2014**M og
V-1 v. bifreiðar A og
V-2 vegna bifreiðar B.****Árekstur við gatnamót Breiðholtsbrautar og Stekkjarbakka****Gögn.**

1. Málskot ásamt fylgiskjölum.
2. Tölvupóstur V-1 frá 1. september 2014.
3. Tölvupóstur V-2 frá 18. júlí 2014.

Málsatvik.

Ekki er ágreiningur um málsatvik. Bifreið B varð bensínlaus rétt eftir að hafa farið yfir gatnamótin við Breiðholtsbraut og Stekkjarbakka. Áður en ökumaður bifreiðarinnar gat sett upp þríhyrning til viðvörðunar ók bifreið A aftan á bifreið B, sem þó var með viðvörðunarljósin á. Var bifreið A þriðja bifreið í röðinni á neðri umferðarljósunum en hinar tvær náðu að svegja undan þegar þær sáu að bifreið B var kyrrstæð.

Álit.

Ökumaður bifreiðar A sýndi af sér gáleysi þegar hann ók aftan á bifreið B. Virðist sem ökumaður A hafi ekki gætt þess að hafa nægjanlegt bil á milli bifreiða sbr. 3. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og ekki hugað nægjanlega að því sem framundan var. Ökumaður bifreiðar B sýndi einnig af sér gáleysi með því að gæta þess ekki að bifreiðin væri með nægilega mikið bensín til að komast á fyrirhugaðan áfangastað, sbr. grunnreglu 1. másl. 1. mgr. 4. gr. og 59. gr. umferðarlaga. Verða ökumennirnir því að skipta sökinni sín á milli.

Niðurstaða.

Sök er skipt til helminga.

Reykjavík, 16. september 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 226/2014
M
og V v/ ábyrgðartryggingar B.

Tjón á bifreið í desember 2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið 16. júlí 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 28. júlí 2014 ásamt tjónstilkynningu dags. 19. maí 2014 og höfnun V dags. 28. maí 2014.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu M kemur fram að vél í bifreið hans hafi verið dæmd ónýtt í desember 2013 eftir viðgerðarferli hjá B. M rekur tjón sitt til tímareimarskipta átti sér stað hjá B í júlí 2011. Hafi bifreiðinni einungis verið ekið 40 þúsund kílómetra eftir það en M telur að eðlileg keyrsla milli tímareimarskipta sé um 120 þúsund kílómetrar. M leggur fram tölvupóst frá bifvélavirkja sem telur að ekki hafi verið rétt staðið að tímareimarskiptum í bifreiðinni og telur að tjón á bifreiðinni megi rekja til atvika sem hljóti að hafa gerst hjá B en ekki hjá M.

M telur að B beri skaðabótaábyrgð á tjóni á bifreið sinni og vísar fyrst og fremst til álits bifvélavirkja um að eitthvað hafi farið úrskeiðis hjá B við tímareimarskipti.

V telur ósannað að rekja megi tjón á vél bifreiðar sem komi fram í desember 2013 til atvika í tímareimarskiptum á árinu 2011. V telur einhliða álit bifvélavirkja sem M leggur fram ekki til þess fallið að sanna atvik eða hvers vegna tjón varð á vélinni.

Álit.

M hefur gert kröfu um greiðslu skaðabóta úr ábyrgðartryggingu B hjá V. Við þær aðstæður ber M sönnunarbyrði fyrir því að tjón hans megi rekja til atvika eða aðstæðna sem B ber skaðabótaábyrgð á. Af gögnum málsins má ráða að bifreið M hafi farið í tímareimarskipti hjá B í júlí 2011. Ekki var leitað til B frekar fyrr en með tilkynningu um þetta tjón á árinu 2014. Í málinu liggja ekki fyrir staðfest gögn um hvers vegna tjón varð á vél bifreiðar M eða fullnægjandi gögn sem staðfesta að starfsmenn B hafi vanrækt skyldur sínar við tímareimarskiptin. Skaðabótaábyrgð verður ekki staðreynd af getgátum og verður M að bera hallann af þessum sönnunarskorti. Verður því ekki fallist á að B beri skaðabótaábyrgð á vélarbilun í bifreið M og greiðast ekki bætur úr ábyrgðartryggingu.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík 19. ágúst 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 227/2014
M og
V v. bifreiðanna A og B.

Árekstur bifreiða í Vesturbergi þ. 18.1.2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.16.7.2014 ásamt fylgiskjöllum 1-
2. Bréf V dags. 25.7.2014.

Málsatvik.

Árekstur varð með bifreiðunum A og B sem er strætisvagn, í Vesturbergi í Reykjavík. Ökumaður A segist hafa verið annar í röð tveggja bifreiða og hafi fremri bifreiðin ekið inn á þrengingu og hafi A verið ekið á eftir henni og þá hafi strætisvagn komið úr gagnstæðri átt og stöðvað inni á þrengingunni og síðan ekið áfram og ekið í hægri hlið A og ekið síðan í burtu. Ökumaður B segist hafa komið að þrenginguna og ætlað að aka yfir hana, þegar bifreið hafi troðið sér framhjá og síðan hafi hann ökumaður B ætlað að halda áfram akstri yfir þrenginguna þegar A hafi einnig ætlað yfir þrenginguna og farið utan í B. Ökumaður B segist hafa haldið áfram að næsta biðskýli en A ekið á brott.

Álit.

Ágreiningur er með ökumönnum um tildrög árekstursins. Engin vitni eru að árekstrinum. Ekki hefur verið sýnt fram á að annar ökumaður beri sök umfram hinn og er því sök skipt til helminga.

Niðurstaða.

Hvor ökumaður ber helming sakar.

Reykjavík 19.8.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 228/2014
M og
V vegna ábyrgðartryggingar og slysatryggingar launþega O.

Kona varð fyrir slysi í skemmtiferð fyrirtækis sem hún vinnur hjá þ. 30.9.2011.

Gögn.

1. Málskot móttækið í júlí 2014 ásamt fylgiskjölum 1-12
2. Bréf V dags. 18.8.2014.
3. Bréf lögmanns M dags. 2.9.2014.

Málsatvik.

M var í óvissuferð með fyrirtækinu O sem hún vinnur hjá. Farið var í leik á ósléttri grasflöt, en mikil rigning var þennan dag. M rak fótinn í misfelli, rann og hrasaði og brotnaði illa á hægri ökla.

M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu og slysatryggingu O hjá V. M byggir á því að hún hafi orðið fyrir slysi í skipulagðri ferð á vegum vinnuveitanda sins, sem sé því ábyrgur vegna slyssins. M byggir á því að O beri sakarábyrgð á slysi hennar. M segir að umrædd ferð hafi verið á vegum O og farin í því skyni að auka samstöðu starfsmanna. M byggir á því að starfsmenn sem höfðu undir höndum skipulagningu ferðarinnar hafi gerst sekir um gáleysi og á því beri O ábyrgð. Þá bendir M á að aðstæður þar sem farið var í umræddan leik hafi verið langt frá því að vera forsvaranlegar. M vísar til laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Þá byggir M á því að V hafi sönnunarbyrðina fyrir því að slys hennar hafi ekki verið tilkynnt innan réttis tímamarks og M hafi fyrst mátt vera ljóst þ. 8.5.2013 að umrætt slys hefði varanlegar afleiðingar. Af hálfu M er vísað til dóms Hæstaréttar Íslands í máli nr. 7/2009 og bent sérstaklega á læknisvottorð Hjartar Brynjólfssonar læknis.

V hafnar bótaskyldu og bendir á að O hafi fengið ákveðið fyrirtæki til að skipuleggja umrædda ferð frá upphafi til enda og hafi starfsmenn þess fyrirtækis séð alfarið um stjórnun og skipulagningu skemmtidagskrár í ferðinni. V segir að M hafi strax orðið óvinnufær og verið frá vinnu í sex vikur. Þá segir V að slys M hafi verið tilkynnt til félagsins þ. 5.9.2013 og gerð krafa um greiðslu bóta úr slysatryggingu launþega, en V hafnaði kröfunni með vísan til þess að M hefði tilkynnt um málið of seint til V sbr. 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingasamninga. V segir að M hafi hlotið alvarlegt brot á ökla í umrætt sinn, sem hafi leitt til þess að M þurfti að fara í aðgerð strax í kjölfarið og jafnframt verið óvinnufær í fimm til sex vikur. V telur að M hafi þegar í stað mátt vera kunnar afleiðingar slyssins bæði tímabundnar og varanlegar. Tilkynningu um slysið hafi því borist V allt of seint.

Varðandi kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu O segir V að O hafi fengið sérstakt fyrirtæki til að annast alla skipulagningu og framkvæmd skemmtiferðar starfsfólks O í umrætt sinn. V segir að starfsfólk O hafi hvorki skipulagt né stjórnað þeim leik sem farið var í þar sem M varð fyrir líkamstjóni. Þá segir V að ekkert sé fram komið sem sýni að starfsfólk O hafi sýnt af sér saknæma háttsemi í umrætt sinn. V hafnar því kröfu M um bætur úr ábyrgðartryggingu O hjá V.

Af hálfu M er á það bent að ekki skipti máli þó að O hafi fengið verktakafyrirtæki til að annast um skipulagningu og stjórnun ferðar starfsfólks O og segir að slysið hafi verið tilkynnt til félagsins þ.16.7.2013 eftir að lögmaður M hafi aflað nauðsynlegra læknisvottorða.

Álit.

M brotnaði illa á hægri ökla við leik í ferð starfsfólks O þ.30.9.2011. M þurfti að leita til læknis og fara í aðgerð strax í framhaldi af því að hún slasaðist. Þá þegar lá fyrir að M hafði brotnað illa. M var óvinnufær í nokkrar vikur í framhaldi af slysinu og var með verki. M mátti því vera ljóst að um varanlegar afleiðingar af slysinu gæti verið að ræða. Slysið var ekki tilkynnt fyrr en á síðari helming ársins 2013, en þá var ársfresturinn sem kveðið er á um í 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingasamninga nr. 30/2004 liðinn. M á því ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega O hjá V. M gerir einnig kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu O hjá V. Ekki hefur verið sýnt fram á að starfsfólk O eða aðrir sem O ber ábyrgð á hafi gerst sekir um saknæma háttsemi þannig að leitt geti til bótaábyrgðar O. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu O hjá V.

Niðurstaða.

M á hvorki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega eða ábyrgðartryggingu O hjá V.

Reykjavík 23.9.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 229/2014
M
og V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.

Sakarskipting vegna áreksturs á Hellisheiði Suðurlandsvegur 29. desember 2013.

Gögn.

1. Málskot dags. 17. júlí 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 28. ágúst 2014.

Málsatvik.

Árekstur varð milli bifreiðar sem M ók (hér eftir nefnd B) og bifreiðarinnar A á þjóðvegi 1 á Hellisheiði þann 29. desember 2013. Ökumaður bifreiðar A lést af völdum árekstursins. Fyrir áreksturinn hafði bifreið B verið ekið til austurs og bifreið A til vesturs. Í málinu liggur fyrir ítarleg lögregluskýrsla um atvik máls, framburði vitna, myndir af vettvangi og bifreiðunum sem og álit þess sem rannsaðaði málið á vegum lögreglu um líklega atburðarás. Í skýrslu lögreglu kemur fram að af stöðu ökutækja á vettvangi megi draga þá ályktun að áreksturinn hafi orðið á þeirri akrein sem liggur til austurs, þ.e. þeirri akrein sem M ók bifreið B á. Í framburðum vitna sem óku hvort um sig á undan bifreiðum A og B kemur fram að annað vitnið, sem ók til austurs á undan bifreið B, ber um að bifreið A hafi stefnt yfir á sinn vegarhelming rétt áður en áreksturinn varð, en hitt vitnið sem ók til vesturs á undan bifreið A ber um að bifreið sem kom á móti honum hafi stefnt yfir á öfugan vegarhelming og það haldi að árekstur hafi verið á þeim vegarhelmingi. Vert er að geta þess að bæði vitnin sáu áreksturinn verða með því að horfa í baksýnisspeglar og seinna vitnið ber um að það bifreið hans hafi rásað á veginum í sömu mund. M segir í lögregluskýrslu að hún bifreið á undan sér hafi vikið snögglega til hægri og þá hafi hún séð bifreiðina A koma á móti sér og árekstur hafi orðið á hennar vegarhelmingi. Skýrt kemur fram í skýrslu lögreglu að hægt sé að draga þá ályktun af rannsókn málsins að ökumaður bifreiðar A hafi af óútskýrðum ástæðum ekið yfir á rangan vegarhelming og þar hafi orðið árekstur við bifreið B.

M telur með vísan til vandaðrar skýrslu lögreglu hafið yfir vafa að áreksturinn megi rekja til þess að ökumaður bifreiðar A hafi ekið yfir á rangan vegarhelmingi og verði að skipta sök í samræmi við það sem þýði að ökumaður bifreiðar A beri alla sök vegna árekstursins vegna framangreindrar háttsemi. M vísar því á bug að ályktun lögreglu sé ekki nægilega rökstudd í skýrslunni og að dregnar séu ályktanir af framburðum vitna sem séu ekki í samræmi við þá niðurstöðu. M gerir því kröfu um að viðurkennd sé fullur bótaréttur hennar úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A.

V telur að miðað við framburð M og vitna sé ekki ljóst hvar á akbraut áreksturinn varð og því sé ekki hægt að fullyrða að hann hafi orðið á vegarhelmingi sem ætlaður var til aksturs í austur, eða á þeim vegarhelmingi sem bifreið B var ekið. V vísar einnig til þess að það liggi ekki fyrir með afgerandi hætti í lögregluskýrslu hvar áreksturinn varð og telur að lögregla byggi eingöngu á ályktun séfræðings framkvæmda útreikning á mögulegum ökuhraða um það. Ekki séu tilgreind frekari rök eða nægilega skýr fyrir þeirri ályktun að bifreið A hafi verið ekið yfir á öfugan vegarhelming. Þess vegna sé ekki hægt að skipta sök öðruvísi en til helminga þar sem ekki sé fyllilega sannað hvar á akbrautinni árekstur varð.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um sakarskipting skv. 89. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 vegna áreksturs bifreiða A og B leiði til þess hvort M eigi rétt á fullum bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðar A

eða hvort eigi að taka mið af því að hvor ökumaður um sig beri helming sakar. Eins og tilgreint er hér að ofan liggur fyrir ítarleg lögregluskýrsla um atvik málsins. Í þeirri skýrslu eru tilgreindir framburðir bæði M og vitna. Framburður ökumanns bifreiðar A liggur eðli málsins samkvæmt ekki fyrir þar sem hann lést vegna afleiðinga árekstursins. Í lögregluskýrslu koma einnig fram upplýsingar um slæmt veður á vettvangi þegar árekstur varð og myndir af vettvangi eftir að áreksturinn hafði átt sér stað. Það er mat nefndarinnar að ekkert hafi komið fram í málinu um að atvikum eða aðstæðum sé ranglega lýst í umræddri lögregluskýrslu. Það sem stendur eftir er að draga ályktun út frá þeim upplýsingum sem þar koma fram um aðdraganda árekstursins. Við ákvörðun um sakarskiptingu skv. 89. gr. umferðarlaga verður að byggja á þeim gögnum sem liggja fyrir. Þrátt fyrir framburð vitna sem bæði óku fyrir framan bifreiðar A og B, þar sem bæði vitnin bera um að bifreiðin sem kom á móti þeim hafi verið á leið yfir á rangan vegarhelming, verði að meta framburð vitnisins sem ók á undan bifreið B með hliðsjón af því að hann ber ekki um að bifreið hans hafi rásað á veginum eins og vitni sem ók á undan bifreið A. Verður að telja að það að reyna að hafa stjórn á bifreið sinni við þær aðstæður sé til þess fallið að hafa áhrif á upplifun vitnis. Með vísan til þess sem og þess að nefndin telur ályktanir í lögregluskýrslu nægilega vel rökstuddar verður það lagt til grundvallar að árekstur hafi orðið á vegarhelmingi bifreiðar B, þ.e. að það sé nægilega sannað ökumaður bifreiðar A hafi ekið yfir á rangan vegarhelming og það sé orsök árekstursins. Ekki verður séð að M sem ökumaður bifreiðar B hafi ekið með þeim hætti að hann beri einnig sök á árekstrinum. Öll sök verður því lögð á ökumann bifreiðar A.

Niðurstaða.

M á rétt á fullum bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík 16. september 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 230/2014
M og
V vegna frjálsrar ábyrgðartryggingar A.

Starfsmaður klemmdist milli hillurekka og lyftara þ. 14.5.2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 14.5.2012 ásamt fylgiskjölum 1-32
2. Bréf V dags. 18. ágúst 2014 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

M var við vinnu hjá A og var að ná í vörur í frystigeymslu. Í frystigeymslunni eru tölvustýrðar lagerhillur sem stjórnað er frá stjórnborði fyrir framan hvern hillurekka. M opnaði einn ganginn við stjórnborðið og ók síðan lyftara inn á ganginn, en þá fór kerfið í gang og byrjaði að loka ganginum þar sem M var með þeim afleiðingum að M klemdist á milli lyftarans og hillurekkans og meiddist á fæti. Slysið var tilkynnt til Vinnueftirlitsins viku eftir slysið. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V. Vísað er til þess af hálfu M að búnaður sá sem á að stýra hillurekkunum hafi ekki virkað í umrætt sinn og um vanbúnað á vinnustað hafi verið um að ræða. Í því sambandi segir M að neyðarbúnaður á rekkakerfi frystigeymslu hafi ekki virkað og vinnulagi hjá A hafi verið breytt eftir að M varð fyrir slysinu. Vísað er til 6. og 7. gr. reglugerðar um notkun tækja nr. 367/2006 af hálfu M. Í skýrslu Vinnueftirlitsins kemur fram að engin tæknileg skýring hafi fengist á því að rekkakerfið fór í gang á meðan M var staddur á gangi rekkakerfisins. V hafnar bótaskyldu. V bendir á að við skoðun Vinnueftirlitsins hafi neyðarstöðvun og stjórnborð fyrir hillurekkann virkað eðlilega og ekkert út á aðstæður á vinnustað að setja. Þá vísar V til þess að ekki hafi verið um vanbúnað að ræða þar sem að stjórnkerfi rekkakerfisins hafi verið í samræmi við grunnkröfur um öryggi starfsmanna. Þá segir V að vinnulagi hafi verið breytt af hálfu A hvað það varðar að nú sé alltaf strumur á hillurekkunum slegin af áður en farið sé inn á ganginn, en A hafi ekki haft ástæðu til að vantageysta rekkakerfinu fyrir þann tíma.

Álit.

Í skýrslu Vinnueftirlitsins kemur fram að engin tæknileg skýring sé á því af hverju hillukerfið hafi ekki virkað með þeim hætti sem það átti að gera þegar M var inni á ganginum og það fór af stað. Ekki hefur verið sýnt fram á vanbúnað í kerfinu eða ófullnægjandi aðstæður á vinnustað. Ekki hefur heldur verið sýnt fram á eða gert sennilegt að þau tæki sem um ræðir hafi ekki uppfyllt allar öryggiskröfur. Þá hefur ekki verið sýnt fram á sök A eða starfsfólks A hvað varðar á þau atvik sem leiddu til þess að M varð fyrir því slysi sem hér ræðir um. Af framangreindum ástæðum á M ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 16.9.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 231/2014**M
og
váttryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar veghaldara.****Bifreið varð fyrir skemmdum er henni var ekið ofan í jarðsig á vegi.****Gögn.**

114. Málskot, móttakið 15.7.2014, ásamt fylgigögnum.

115. Bréf X, dags 25.7.2014, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 21.6.2014 ók M bifreið sinni, A, ofan í jarðsig á Siglufjarðarvegi í Fljótum. Við það urðu skemmdir á hjólbarda og stýrisbúnaði A.

M kveður jarðsigið hafa verið um 20 cm djúpt og hafi vegmerkingum við jarðsigið hafi verið áfátt.

Í skýrslu V, veghaldara, um atvikið kemur fram að þar sem óhappið varð sígi vegurinn stanslaust og mikið eftirlit sé af hálfu V á svæðinu. Við ákveðnar aðstæður sé farið á hverjum degi og stundum oft á dag til að fylgjast með og gera við. Aðstæður á svæðinu eigi ekki að fara fram hjá neinum sem inn á það kemur. Fyrir um fjórum til fimm árum hafi verið sett upp merki um jarðsigið báðum megin við það, svo og yfir 20 önnur merki á þessum kafla sem nær yfir 3,5 km.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt 56. gr. vegalaga nr. 80/2007 ber veghaldari vegar sem opin er almenningi til frjálstrar umferðar ábyrgð á tjóni sem hlýst af slysi á veginum þegar tjónið er að rekja til gáleysis veghaldara við veghaldið og sannað er að vegfarandi hafi sýnt af sér eðlilega varkárni. Af gögnum málsins má ráða að um illviðráðanlegt jarðsig sé að ræða á umræddum vegarkafla. Er það gefið til kynna með talsverðum fjölda merkja. Það á ekki að fara fram hjá vegfarendum, sem þarna eiga leið um, að vegurinn sé hættulegur og varasamur og taka beri mið af því við aksturinn. Að öllu virtu verður ekki talið að sýnt hafi verið fram á að tjón sem varð á A megi rekja til gáleysis V við veghaldið. V ber því ekki ábyrgð á tjóninu. Af þeim sökum fæst það ekki bætt úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

Tjón M vegna skemmda á A bætist ekki úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 19. ágúst 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 232/2014
M og
V-1 v. bifreiðarinnar A og V-2 v. bifreiðarinnar B.

Árekstur bifreiða á Reykjanesbraut þ. 2.10.2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 17.7.2014 ásamt fylgiskjölum 1-2
2. Bréf V-1 dags. 25. júlí 2014.
3. Bréf V-2 dags. 21. júlí 2014.

Málsatvik.

Árekstur varð milli A og B á Reykjanesbraut í norður frá Stekkjarbrú þegar A beygði inn á Reykjanesbraut og B lenti aftan á A. Ökumaður A segist hafa ekið aðreininna að Reykjanesbraut til norðurs og ætlað að skipta um akrein yfir á hægri akrein og athugað speglana og séð B en talið sér óhætt að beygja en þegar A hafi verið komin inn á hægri akreinina hafi B verið ekið aftan á A. Ökumaður A segist hafa ekið Reykjanesbraut til norðurs á hægri akrein og síðan hafi A verið beygt af aðreininni inn á sömu akrein og hann hafi ekið eftir og segist ökumaður A hafa reynt að bremsa og beygja til vinstri en það ekki dugað til og árekstur orðið.

Álit.

Ökumaður A ók af aðrein inn á hægri akrein Reykjanesbrautar án þess að gæta nægjanlegrar varúðar og í veg fyrir B. Með því braut ökumaður A gegn ákvæði 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og ber því alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök á árekstrinum.

Reykjavík 9.9.2014.

Póra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 233/2014
M
og V v/ ábyrgðartryggingar H.

Líkamstjón vegna líkamsárásar 17. nóvember 2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið 22. júlí 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 29. júlí 2014.

Málsatvik.

M varð fyrir líkamsárás við vinnu sína hjá H þann 17. nóvember 2013. Ekki er ágreiningur um málsatvik árásarinnar sem varð þegar M var að sinna starfi sínu sem bifreiðastjóri hjá H. Ágreiningur M og V snýr að því hvort H sem vinnuveitandi beri ábyrgð á afleiðingum umræddar árásar.

M telur að H beri skaðabótaábyrgð á afleiðingum líkamstjónsins þar sem tjónið hafi orðið í vinnu hans fyrir H og hafi M lotið boðvaldi H þegar tjónið varð. M vísar auk þess til að hætta á líkamsárásum sé þekkt í starfi M og hafi H ekki tekið nægt tillit til þess í áhættumati vegna starfsins auk þess sem M hafi verið berskjaldaður fyrir árás sem þessari í ljósi þess að honum er gert að innheimta gjald af farþegum. H hafi ekki gert viðeigandi ráðstafanir til að minnka hættu á tjóni sem þessu t.d. með því að skýla bifreiðastjórum frá farþegum sem ekki eru sáttir við umrædda gjaldtöku. M vísar til ýmissa ákvæða laga nr. 46/1980 máli sínu til stuðnings.

V telur að H geti ekki borið skaðabótaábyrgð á gerðum farþega ef þeir grípa til ódæða sem þessara. V telur að H hafi, með áhættumati og leiðbeiningum til starfsmanna sinna, sinnt skyldu sinni til vinnuverndar sem kveðið er á um í lögum nr. 46/1980.

Álit.

Í málinu liggur fyrir að ráðist var á M þar sem hann sinnti starfi sínu sem bifreiðarstjóri hjá H. Einnig liggja fyrir upplýsingar um áhættumat vegna starfsins og leiðbeiningar til starfsmanna H varðandi það. Verður ekki séð af gögnum málsins að H hafi vanrækt skyldur sínar til leiðbeininga eða vanmetið áhættu vegna starfsins. Ekki verður heldur séð að sérstakar ráðstafanir hafi verið hægt að gera til að koma í veg fyrir refsiverðan verknað farþega eða annarra eða afleiðingar slíks. Eðli málsins samkvæmt ber sá sem hann framkvæmir ábyrgð á afleiðingum. Verður því ekki talið sannað að tjón M verði rakið til atvika eða aðstæðna sem H ber skaðabótaábyrgð á.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík 19. ágúst 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 234/2014**M****og****V v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.****Ágreiningur um rétt félagsins til að draga frá bótum úr ábyrgðartryggingu fjárhæð sem nemur bótum úr slysatryggingu launþega en kom ekki til greiðslu.****Gögn.**

116. Málskot, móttakið 22.7.2014, ásamt fylgigögnum.

117. Bréf Vátryggingafélags Íslands hf., dags. 19.8.2014, ásamt fylgigögnum.

118. Athugasemdir málskotsaðila, dags. 2.9.2014, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 21.6.2010 varð málskotsaðili (hér eftir nefnd M) fyrir vinnuslysi er hún var að störfum sem flokkstjóri unglingaskóla sveitarfélags (hér eftir nefnt V). Haustið 2012 gerði M kröfu um bætur úr slysatryggingu launþega sem V hafði keypt hjá vátryggingafélagi (hér eftir nefnt X) sem og bætur úr ábyrgðartryggingu sem V hafði í gildi hjá X. X hafnaði kröfum M um bætur úr launþegatryggingunni og ábyrgðartryggingunni. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum 9.1.2014, var viðurkennd bótaskylda V vegna þess líkamstjóns sem M hlaut í slysinu. V ákvað að una niðurstöðu dómsins. Með matsgerð læknis og lögmanns, dags. 22.5.2014, var varanlegur miski M af völdum slyssins metinn 10 stig og varanleg örorka 8%. X hefur ekki viljað una niðurstöðu matsgerðarinnar og hefur óskað eftir álitsgerð örorkunefndar um afleiðingar slyssins fyrir M. Í kjölfar þess óskaði M eftir innborgun á tjónið. X hefur ekki talið sér fært að verða við þeirri málaleitan m.a. á þeirri forsendu að tilkynnt hafi verið of seint um kröfu um bætur úr launþegatryggingunni, sbr. 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga. Fjárhæð sem nemi bótum úr launþegatryggingunni beri engu að síður að draga frá þeim skaðabótum sem munu greiðast úr ábyrgðartryggingunni, sbr. 4. mgr. 5. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 með síðari breytingum og ákvæði greinar 14.2 í vátryggingarskilmálum þeim sem gilda um ábyrgðartrygginguna. M vill ekki una því að fjárhæð þessa skuli draga frá bótum úr ábyrgðartryggingunni. Sá ágreiningur er til úrlausnar í máli þessu.

Álit.

Samkvæmt 2. másl. 4. mgr. 5. gr. skaðabótalaga dragast greiðslur frá samnings- eða lögbundinni atvinnuslysatryggingu launþega frá skaðabótakröfu hans á hendur vinnuveitanda þeim sem slysatrygginguna keypti. Ákvæði þetta verður ekki skilið á annan veg en þann að bætur úr slysatryggingu launþega koma því aðeins til frádráttar skaðabótakröfu að bæturnar hafi komið til greiðslu. Með því að M hefur ekki fengið og mun ekki fá greiddar bætur úr launþegatryggingu þeirri sem V keypti hjá X getur fjárhæð slysabóta úr þeirri vátryggingu ekki komið til frádráttar skaðabótakröfu M á hendur V, jafnvel þótt það verði rakið til atvika sem M verður kennt um að rétturinn hafi fallið niður. Dómaframkvæmd hvað varðar rétt vátryggingafélags eða þess er ábyrgð ber á greiðslu bóta fyrir líkamstjón til að draga frá eingreiddar örorkubætur frá almannatryggingum frá bótum fyrir líkamstjón fær ekki breytt þessari niðurstöðu, enda lagaákvæðið varðandi frádrátt þessara bóta orðað með öðrum hætti og að jafnaði um að ræða rétt til bóta sem hefur ekki fallið niður.

Í gr. 14.2 í váttryggingarskilmálum X fyrir ábyrgðartryggingu atvinnurekstrar er ákvæði þess efnis að bætur sem greiða ber af umsaminni atvinnuslysatriyggingu váttryggðs komi að fullu til frádráttar bóttum úr ábyrgðartryggingunni. Sama gildi þótt umsamin atvinnuslysatriyggung sé ekki fyrir hendi. Ábyrgðartakmörkun þessi takmarkar bætur úr ábyrgðartryggingunni umfram þá bótafjárhæð sem váttryggður kann að vera að lögum ábyrgur fyrir gagnvart tjónþola, sbr. það sem að framan segir um skýringu á 2. másl. 4. mgr. 5. gr. skaðabótaganna. Verður að skýra umrætt ákvæði váttryggingarskilmálanna í ljósi þessa. Bætur sem ber að greiða úr hinni umsömdu atvinnuslysatriyggungu eiga að koma að fullu til frádráttar bóttum úr ábyrgðartryggingunni. Eins og mál þetta liggur fyrir ber X ekki að greiða bætur úr slysatriyggungunni. Af því leiðir að bætur sem hefðu komið til greiðslu úr váttryggingunni, ef bótaréttur hefði ekki fallið niður vegna tilkynningarfrestsins, geta ekki komið til frádráttar kröfu M um bætur úr ábyrgðartryggingu V. Þessu breytir ekki þótt í skilmálaákvæðinu sé þess jafnframt getið að bætur úr slysatriyggungunni komi einnig að fullu til frádráttar bóttum úr ábyrgðartryggingunni þótt slík atvinnuslysatriyggung sé ekki fyrir hendi. X er því ekki heimilt að draga bætur úr slysatriyggungu launþega, sem ekki koma til greiðslu eða félaginu ber ekki að greiða, frá kröfu M um skaðabætur úr ábyrgðartryggingunni.

Niðurstaða.

M á óskoraðan rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá váttryggingafélaginu X, án tillits til þess að réttur hennar til bóta úr slysatriyggungu launþega sé fallinn niður.

Reykjavík, 23. september 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 235/2014
M og
V vegna frjálstrar ábyrgðartryggingar B.

Slípirokkur féll af borði og ofan á vinstri fót starfsmanns þ. 26.10.2011.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 3.7.2014 ásamt fylgiskjölum 1-12
2. Bréf V dags. 5.8.2014.

Málsatvik.

M var að fara að vinna með slípirokk snemma að morgni slysdags og var slípirokkurinn í skúffu fyrir neðan vinnuborð og engin hlíf á honum. M lagði slípirokkinn á vinnuborðið og setti hann í samband og við það kviknaði á slípirokknum sem fór fram af borðinu og lenti á vinstri fæti M. Hvorki Vinnueftirlitið né lögregla var kölluð á staðinn vegna slyssins. M krefst bóta úr frjálstri ábyrgðartryggingu M hjá V og vísar til laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum sérstaklega 13. og 14.gr. M segir að slysið megi rekja til þess að umbúnaður og frágangur á umræddum slípirokk hfi verið ófullnægjandi m.a. vegna þess að hann fór í gang um leið og M setti hann í samband þar sem sá sem notaði hann áður hafi ekki slökkt á honum og engin hlíf hafi verið á slípirokknum en eftir slysið hafi verið sett hlíf á hann. M segist aldrei hafa fengið athugasemdir frá vinnuveitanda fyrir að taka hlíf af slípirokknum. V hafnar bótaskyldu og telur ekki sagnæmt að hafa ekki slökkt á slípirokknum þegar hann var tekin úr sambandi. Þá segir V að útilokað sé að sjá með hvaða hætti hlíf á slípirokknum hefði komið í veg fyrir slysið enda hlíf ekki ætluð til að koma í veg fyrir slys þegar slípirokkurinn fellur. Þá vísar V til þess að af hálfu M hafi ekki verið vísað til neins sem leiði til skaðabótaskyldu B á slysi M.

Álit.

Ekki er ágreiningur um málsatvik og þau liggja ljós fyrir nema hvað það varðar hvort öryggishlíf hafi verið aðgengileg eða ekki. Hallann af því ber B þar sem slysið var ekki tilkynnt til Vinnueftirlits með þeim hætti sem vinnuveitanda bar að gera þegar slysið varð og þetta atriði verður ekki upplýst nú. Ekki hefur verið sýnt fram á vanbúnað á slípirokknum sem slíkum. Ekki hefur verið sýnt fram á það af hálfu M að orsakatengsl séu á milli slyssins sem hann varð fyrir og þess að öryggishlíf var ekki á slípirokknum í umrætt sinn. Þar sem ekki hefur verið sýnt fram á vanbúnað eða önnur atvik sem leiða til skaðabótaábyrgðar B á M ekki rétt á bótum úr frjálstri ábyrgðartryggingu B hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálstri ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík 19.8.2014

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 236/2014**M****og****vátryggingafélagið X v/ starfsábyrgðartryggingar lögmans.****Ágreiningur um gildissvið starfsábyrgðartryggingar lögmanna og fyrningu skaðabótakröfu á hendur lögmanni.****Gögn.**

119. Málskot, móttakið 23.7.2014, ásamt fylgigögnum.

120. Bréf X, dags. 18.8.2014, ásamt vátryggingarskilmálum.

Málsatvik.

A og B leituðu til D, lögmans, til að aðstoða þau við gerð kaupmála og erfðaskrár er þau gengu í hjúskap 20.11.1999. Skjöl þessi eru dagsett 18.11.1999. A og B áttu ekki sameiginlega niðja. Með kaupmálanum var fasteignin E, gerð að séreign A, en með erfðaskránni átti m.a. að tryggja að þegar skipti færu fram kæmi E óskipt í hlut erfingja A. A lést í október 2010 og sat B í óskiptu búi uns hann lést í apríl 2013. Við skipti á dánarbúi A og B komu í ljós tiltekin mistök sem höfðu átt sér stað við fyrrgreinda skjalagerð og leiddu til þess að M, börn A, fengu úr búinu einungis 66,6% af andvirði E.

Með bréfi, dags. 21.2.2014, kröfðust M bóta úr starfsábyrgðartryggingu D hjá X vegna þess tjóns sem þau telja sig hafa orðið fyrir vegna mistakanna. X hefur hafnað bótaskyldu, annars vegar á þeirri forsendu að samkvæmt skilmálum ábyrgðartryggingarinnar bæti vátryggingin einungis tjón sem viðskiptavinir lögmans verða fyrir og hins vegar á þeirri forsendu að krafa M sé fyrnd.

Álit.

Samkvæmt grein 4.1 í skilmálum lögboðinnar starfsábyrgðartryggingar lögmanna hjá X bætir vátryggingin almennt fjártjón viðskiptamanna vátryggðs er leiðir af gáleysi í störfum hans sem lögmans eða þess sem ráðinn er til starfa hjá honum. Samkvæmt 1. mgr. 25. gr. laga um lögmenn nr. 77/1998 ber lögmaður bótaábyrgð á störfum sínum og starfsmanna sinna eftir almennum reglum. Þá er tekið fram í fyrri másl. 2. mgr. sömu greinar að lögmönnum sé skylt að hafa í gildi ábyrgðartryggingu hjá vátryggingafélagi sem hefur starfsleyfi hér á landi vegna fjárhagstjóns sem leitt getur af gáleysi í störfum þeirra eða starfsmanna þeirra. Af ákvæði þessu leiðir að gildissvið starfsábyrgðartryggingar lögmanna verður ekki einskorðað við fjárhagstjón viðskiptamanna þeirra. Ber að túlka vátryggingarskilmála þá sem giltu um starfsábyrgðartryggingu D hjá X með tilliti til þessa. Bótaskyldu úr ábyrgðartryggingunni verður því ekki hafnað á þeim grundvelli að ekki hafi verið um að ræða almennt fjártjón sem viðskiptamaður D hafi orðið fyrir.

Í gr. 3.1 í skilmálum ábyrgðartryggingarinnar er tekið fram að vátryggingin taki til skaðabótakröfu á hendur vátryggðum er til stofnast á vátryggingartímabilinu án tillits til þess hvenær það atvik varð sem krafan reis af. Þá segir í gr. 3.2 að skaðabótakrafa telst hafa stofnast við það tímamark að hið fyrra af eftirfarandi tilvikum hefur borið að höndum:

3.2.1 tjónþoli geri skriflega skaðabótakröfu á hendur vátryggðum eða félaginu eða

3.2.2 váttryggðum verður fyrst kunnugt um að viðskiptamaður hans hafi orðið fyrir fjárhagslegu tjóni sem gæti fallið undir váttryggingu þessa og kunni að verða rakið til gáleysis váttryggðs, eða að bein hætta sé á að slíkt tjón verði.

Samkvæmt því sem fyrir liggur í gögnum málsins verður, með vísan liðar 3.2.1 í skilmálunum, að telja að skaðabótakrafa í skilningi váttryggingarsamningsins hafi stofnast er M kröfðust bóta úr ábyrgðartryggingunni með bréfinu til X, dags. 21.2.2014. Um váttryggingarsamninginn gilda því ákvæði laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga, en í 2. mgr. 52. gr. þeirra laga segir að í ábyrgðartryggingum fyrnist ábyrgð félagsins samkvæmt sömu reglum og gilda um fyrningu skaðabótaábyrgðar. Hin skaðabótaskylda háttsemi, sem er til skoðunar í máli þessu, átti sér stað í nóvember 1999, þegar D varð á mistök við skjalagerðina fyrir A og B. Um fyrningu skaðabótakröfu M á hendur D fer því eftir ákvæðum þágildandi laga um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda nr. 14/1905, en þrátt fyrir fyrrgreind ákvæði í greinum 3.1 og 3.2 í váttryggingarskilmálunum ræðst það af almennum réttarreglum um fyrningu skaðabótakrafna hvort krafa M sé fallin niður vegna fyrningar.

Skaðabótakrafa M á hendur M fyrnist á 10 árum, sbr. 2. tölul. 4. gr. laga nr. 14/1905, en fyrningarfræstur telst frá þeim degi, er krafa varð gjaldkræf, sbr. 1. másl. 1. mgr. 5. gr. laganna. Svo sem fyrr segir áttu mistök D sér stað í nóvember 1999. Þá varð þeim A og B kunnugt um efni þeirra skjala sem D útbjó og leiddi síðar til þess tjóns sem M telja sig hafa orðið fyrir. Þótt M hafi fyrst orðið mistökin ljós kjölfar skiptafundar í dánarbúi A og B 18.12.2013 verður eins og hér stendur á að líta svo á að upphaf 10 ára fyrningarfrestsins hafi verið þegar mistök D urðu 18.11.1999, líkt og almennt gildir um fyrningarfræst skaðabótakrafna. Krafa M á hendur D var því fyrnd þegar þau kröfðust bóta úr ábyrgðartryggingu hans 21.2.2014. Þau eiga því ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingunni.

Niðurstaða.

M eiga ekki rétt til bóta úr starfsábyrgðartryggingu D hjá X.

Reykjavík, 16. september 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 237/2014**M****og****vátryggingafélagið X v/ málskostnaðartryggingar í fjölskyldutryggingu.****Ágreiningur um túlkun á undanþáguákvæði í málskostnaðartryggingu.****Gögn.**

121. Málskot, móttakið 28.7.2014, ásamt fylgigögnum.

122. Bréf X, dags. 12.8.2014, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Af málatilbúnaði M er að skilja að hann hafi höfðað dómsmál á hendur A til viðurkenningar á eignarrétti sínum að tiltekinni spildu í landi B, en A mun vera þinglýstur eigandi spildunnar.

Hefur M krafist þess að kostnaður hans af málsókninni fái greiddur úr málskostnaðartryggingu sem er einn þáttur fjölskyldutryggingar sem hann hefur í gildi hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt grein 25.1 í skilmálum málskostnaðartryggingarinnar bætir vátryggingin málskostnað vegna ágreinings sem snertir vátryggðan sem einstakling og getur komið til úrlausnar héraðsdóms eða Hæstaréttar hér á landi. Samkvæmt grein 25.9 í skilmálunum bætir vátryggingin ekki málskostnað sem varðar vátryggðan sem eiganda fasteignar. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en M hafi höfðað umrætt dómsmál sökum þess að hann kveður sig vera eiganda spildunnar sem deilt er um í málinu. Eins og hér stendur á verður að líta svo á að málareksturinn varði M sem eiganda fasteignar. Með vísan til fyrrgreinds undanþáguákvæðis vátryggingarskilmálanna á M ekki rétt á að fá greiddan málskostnað úr vátryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr málskostnaðartryggingu hjá X.

Reykjavík, 9. september 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 238/2014**M****og V1 vegna bifreiðarinnar A og V2 vegna bifreiðarinnar B.****Umferðaróhapp á gatnamótum Glerárgötu og Þórunnarstrætis á Akureyri 14. júní 2014.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 28. júlí 2014 ásamt gögnum.
2. Tölvupóstur V2 dags. 12. ágúst 2014 ásamt mótmælum ökumanns B og dagsettar yfirlýsingar X um málsatvik.
3. Bréf V1 dags. 14. ágúst 2014 ásamt niðurstöðu tjonanefndar váttryggingafélaginna í máli nr. 267/2014 og gögn sem fyrir hana voru lögð.

Málsatvik.

Atvik málsins eru þannig skv. lögregluskýrslu að bifreið A var að aka norður Glerárgötu með fyrirhugaða akstursstefnu í vinstri beygju vestur Þórunnarstræti. Bifhjólinu A var ekið suður Glerárgötu með fyrirhugaða akstursstefnu beint yfir sömu gatnamót. Óhappið varð þegar bifreið A var ekið í beygjuna í veg fyrir bifhjólið A sem var ekið beint áfram. Ekki er að sjá af málsatvikum eða málskoti að ágreiningur sé um að bifreið A hafi átt að veita umferð um gatnamótin forgang þegar hún ók yfir þau, sbr. 6. og eftir atvikum 7. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Ágreiningur er hins vegar um hvort sýnt sé að ökumaður bifhjólsins B hafi ekið of hratt og þannig brotið gegn 36. gr. umferðalaga og hvort og þá hvaða áhrif það hafi á sakarskiptingu í málinu.

M telur að ökumaður bifhjólsins B hafi ekið of hratt og það eigi að hafa áhrif á sakarskiptinu. Fyrst og fremst er vitnað til framburðar samferðamanns ökumanns bifhjólsins og þess að vitnum beri ekki saman um aksturshraða. Einnig er vísað til langra hemlafara sem mældust á vettvangi. V1 telur með vísan til hemlafara sýnt að ökumaður bifhjólsins hafi ekið of hratt miðað við aðstæður og skv. venju í viðmiðunarreglum um sakarskiptingu megi ætla að hann beri helming sakar vegna þess. V2 telur hins vegar með vísan til framburðar ökumanns bifhjólsins og framburða vitna á vettvangi ósannað að ökumaður bifhjólsins B hafi ekið of hratt m.v. aðstæður.

Álit.

Ljóst er af málavöxtum að M sem ökumanni bifreiðarinnar A bar að veita umferð suður Glerárgötu forgang með vísan til ákvæðis 25. gr. umferðarlaga. Þess gætti hún ekki og af því hlaut tjon sem varð þegar ökumaður bifhjólsins B þurfti að hemla skyndilega og missti þannig stjórn á bifhjólinu. Af myndum í lögregluskýrslu má ráða hemlaför frá því hemlun hefst, áður en bifhjólinu B er ekið inn á gatnamótin, fram að því þegar það fellur í jörðina inn á gatnamótunum eru 24,4 metrar. Það bendir til sterklega til þess að bifhjólinu hafi verið ekið of hratt m.v. aðstæður en skv. 1. mgr. 25. gr. umferðarlaga ber öllum ökumönnum að sýna sérstaka aðgát við vegamót. Verður með hliðsjón af aðstæðum öllum að skipta sök þannig að ökumaður bifreiðar A beri 2/3 hluta sakar og ökumaður bifhjólsins 1/3 hluta sakar.

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðar A ber 2/3 hluta sakar og ökumaður bifhjólsins 1/3 hluta sakar.

Reykjavík 9. september 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 239/2014
M
og V v/ innbústryggingar fjölskyldutryggingar.

Innbrotspjófnadur 16. júní 2014. Brot á varúðarreglu.

Gögn.

1. Málskot móttakið 29. júlí 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 27. ágúst 2014 ásamt myndum og tölvupóstsamskiptum milli V og lögmanns M.

Málsatvik.

M tilkynnti um hvarf muna úr íbúð sinni í bakhúsi við Leifsgötu í Reykjavík til lögreglu þann 16. júní 2014. Í lögregluskýrslu frá þeim degi kemur fram að M kveðst hafa farið að heiman um kl. 18 daginn áður og komið heim að morgni þar sem hún hafi séð að búið hafi verið að brjóta upp glugga og fara inn í íbúðina. Ýmsir hlutir hafi verið teknir og á vettvangi voru skilaboð á bréfmiða sem og hafi sígarettupakki með erlendri áritun verið skilinn eftir. Í lögregluskýrslu eru myndir af bréfmiðanum sem og sígarettupakkanum.

M telur að hún eigi rétt á bótum úr innbústryggingu sinni vegna þeirra muna teknir voru. M vísar til þess að hún hafi tryggilega lokað gluggum og læst kyrfilega áður en hún fór að heiman og vísar til þess að hún sé fullmeðvituð um hættu á innbrotum vegna slíkrar reynslu nokkrum árum áður. Einnig vísar M til þess að þegar skoðunarmaður V hafi komið á vettvang til að skoða ummerki á glugga hafi verið búið að laga hann þar sem sú skoðun hafi ekki átt sér stað fyrir en um 5 vikum eftir tjónið. Einnig vísar M til þess að ummerki um innbrot hafi verið í íbúðinni allri um að brotist hafi verið inn.

V lýsir afstöðu sinni til bótaskyldu með því að vísa til gr. 4.6. í váttryggingarskilmálum þar sem fram kemur að váttryggingin taki til innbrota m.a. í læsta íbúð. Í sömu grein kemur fram að það sé skilyrði greiðsluskyldu að á vettvangi séu greinileg ótvíræð merki þess að brotist hafi verið inn. Í sama ákvæði skilmálanna kemur fram varúðarregla um að læsa beri tryggilega íbúðarhúsinu, bílum eða öðrum þeim stöðum sem váttrygging þessi tekur yfir þegar þessir staðir eru mannlausir eða heimilisfólk í svefni. Af bréfi V dags. 27. ágúst sl. verður ekki annað ráðið en að V byggi fyrst og fremst á því að M hafi brotið gegn varúðarreglu váttryggingarskilmála með því að hafa ekki lokað glugga í samræmi við fyrirmæli þeirrar reglu. Vísar V þar til mynda sem skoðunarmaður V tók á vettvangi og til samanburðar til mynda sem hafi verið teknar á vettvangi innbrots þar sem gluggi hafi sannanlega verið spenntur upp. V telur að ef stormjárn á glugga í íbúð M hafi verið krækt aftur eins og varúðarregla skilmála gerði ráð fyrir hefði það bagnað þegar glugginn var rifinn upp sem go hefðu verið ummerki á gluggafaginu og umjgörð eftir áhald eða verkfæri sem notað hefði verið. Verður afstaða V ekki skilin öðruvísi en að það telji sig geta takmarkað ábyrgð sína að fullu vegna umrædds brots M.

Álit.

Ágreiningur í málinu snýr að því hvort bæta eigi tjón M vegna ætlaðs innbrots í íbúð M sem er í bakhúsi við Leifsgötu í Reykjavík 15. eða 16. júní 2014, en við það voru fjarlægðir munir í eigu M. Gögn málsins sýna að allar líkur eru á að farið hafi verið inn í íbúðina í gegnum glugga en ágreiningur er um hvort M hafi brotið gegn varúðarreglu váttryggingarskilmála (gr. 4.6.) sem segir að læsa beri tryggilega stöðum sem váttryggingin tekur yfir þegar þessir staðir eru mannlausir eða

heimilisfólk í svefni. Ennfremur kemur fram í umræddri varúðarreglu að það beri að loka gluggum og krækja aftur og ganga að öðru leyti þannig frá að óviðkomandi eigi ekki greiðan aðgang að verðmætum. Í váttryggingarskilmálum er einnig vitnað til laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga sem geyma ófrávíkjanlegar reglur sem varða samningssamband milli váttryggingartaka og váttryggingafélags. Líta verður til ákvæða skilmálanna í ljósi túlkunar á umræddum lögum, þá sérstaklega 26. gr. þeirra. Þar kemur fram að váttryggingafélag geti takmarkað ábyrgð sína að fullu eða að hluta ef brotið er gegn varúðarreglum sem tilgreindar eru í váttryggingaskilmálum. Varúðarreglur eru skilgreindar í 2. gr.e. í lögnum sem þær reglur sem geyma fyrirmæli til váttryggingartaka um tilteknar ráðstafanir t.d. um það hvernig geyma skuli váttryggðan hlut. Varúðarregla í skilmálum V gefur þau fyrirmæli til M að hann loki gluggum og kræki aftur og gangi þannig frá að óviðkomandi eigi ekki greiðan aðgang að verðmætum. Um er að ræða fyrirmæli um geymslu innbús M í skilningi 2. gr. laganna og eru þau fyrirmæli nokkuð skýr.

Á V hvílir sönnunarbyrði um það hvort M hafi brotið gegn varúðarreglunni. Við mat á því verður að líta til upplýsinga í lögregluskýrslu sem og mynda af vettvangi. Þykir sýnt af þeim gögnum að líkur á því að stormjárn í glugga íbúðar M hafi verið krækt aftur og glugginn þannig spenntur upp eru hverfandi m.v. þau ummerki sem hægt var að staðreyna á vettvangi. V því hafa sýnt fram á að M hafi brotið varúðarreglu gr. 4.6. í váttryggingarskilmálum. Skv. 26. gr. laga um váttryggingarsamninga getur váttryggingafélag við þær aðstæður, og ef það áskilur svo í váttryggingarskilmálum, takmarkað ábyrgð sína að fullu eða að hluta við þær aðstæður ef sök váttryggðs er ekki óveruleg. Í 3.gr. sameiginlegra skilmála fjölskyldutryggingar V kemur slíkur áskilnaður fram. V hefur því rétt til að takmarka ábyrgð sína og við mat á því skv. 26. gr. laga um váttryggingarsamninga verður að líta til þess hvernig varúðarreglu var ekki sinnt, hversu mikil sök váttryggðs er, hvernig váttryggingaratburð bar að og atvika að öðru leyti.

Ljóst er að varúðarreglur um hvernig váttryggður skilur við húsnæði sitt m.t.t. þess að ókunnugir komist ekki inn skipta miklu máli í innbústryggingum. Að brjóta gegn varúðarreglu sem gefur skýr fyrirmæli um að loka glugga og krækja aftur hefur því nokkur áhrif á stöðu M. Sök hennar er að sama skapi nokkur með því að að hafa ekki gengið tryggt frágang gluggans með skýrari hætti en verður að telja að mikilvægt hafi verið að gæta þessa í ljósi þess að íbúð M var á jarðhæð í bakhúsi þar sem greiður aðgangur er að umræddum glugga. Miðað við þær upplýsingar sem liggja fyrir um ummerki á glugganum verður að telja að þau hefðu verið meira afgerandi ef stormjárn gluggans hefði verið krækt aftur. Til þess verður þó að líta að einhver ummerki eru um að átt hafi verið við gluggann þannig að aðgangur þeirra sem fóru þar inn með ólögumætum hætti hefur ekki verið alveg hindrunarlaus. Með hliðsjón af öllu þessu telst félagið ekki geta takmarkað ábyrgð sína að fullu. Verður miðað við að M eigi rétt á bótum vegna ¼ hluta tjóns vegna innbrotspjöfnadaðar.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum sem nema ¼ verðmætis þess sem stolið var íbúð hennar í júní 2014.

Reykjavík 16. september 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 240/2014
M og
V vegna innbrotstryggingar.

Innbrot og peningum stolið úr peningaskáp þ. 6.6.2013. Varúðarregla.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 1.8.2014 ásamt fylgiskjölum 1-8
2. Bréf V dags. 28. ágúst 2014.

Málsatvik.

Brotist var inn í starfsstöð M og stolið verulegum fjármunum sem geymdir voru í peningaskáp á skrifstofu M. Lykill stóð í lás peningaskápsins þegar að var komið og hafði verið notaður til að opna hann. Lykillinn var geymdur á annarri skrifstofu í starfsstöð M. Fyrir liggur hver braust inn og hefur sá einstaklingur verið sakfelldur fyrir það athæfi með dómi. M krefst bóta úr innbrotstryggingu sinni hjá V. V bauð fram bæt看 að hluta, en taldi að um undirtryggingu væri að ræða auk þess sem að brotið hefði verið gegn varúðarreglu, sem leiddi til 50% skerðingar bóta. M fellst á að um undirtryggingu hafi verið að ræða en telur sig ekki hafa brotið gegn varúðarreglu og gerir kröfu til að fá bæt看 án nokkurrar skerðingar. Af hálfu M er vísað til þess að fjármunir þeir sem stolið var hafi verið teknir úr peningaskáp sem var læstur, en lykillinn geymdur í næsta herbergi. Af hálfu M er haldið fram að engar varúðarreglur hafi verið settar af hálfu V um geymsluhætti lykilsins að peningaskápnunum og því mótmælt að varúðarregla hafi verið brotin. Þá vísar M til þess að lykillinn að peningaskápnunum hafi verið geymdur með tryggilegum hætti á læstri skrifstofu forráðamanns M, en peningaskápurinn staðsettur annarsstaðar. Af hálfu V er talið að það að geyma lykil að peningaskáp þar sem umtalsverðir fjármunir séu geymdir í næsta herbergi við peningaskáp sé brot á varúðarreglu að mati V og því sé eðlilegt að skerða bæt看 um helming vegna brots á varúðarreglunni.

Álit.

Lykill að læstum peningaskáp var geymdur á læstri skrifstofu forráðamanns M, en peningaskápurinn var í næsta herbergi við skrifstofu hans. Innbrotspjófurinn braust inn á skrifstofu forráðamannsins og tók þaðan lykilinn og notaði til að opna peningaskápinn og stela þaðan verulegum fjármunum. Engin ákvæði eru um það í vátryggingaskilmálum hvar eða hvernig skuli geyma lykila að læstum hirslum þar sem verðmæti eru geymd. Forráðamaður M læsti umræddum peningaskáp og geymdi hann á læstri skrifstofu sinni og verður því ekki talinn hafa brotið gegn varúðarreglu sem leitt geti til skerðingar bóta úr innbrotstryggingu M hjá V. V er því ekki heimilt að skerða bæt看 til M vegna brots á varúðarreglu.

Niðurstaða.

V er ekki heimilt að skerða bæt看 til M vegna brots á varúðarreglu.

Reykjavík 16.8.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 242/2014**M****og****vátryggingafélagið X v/ slysatryggingar ökumanns bifhjóls.****Ágreiningur um hvort tilkynnt hafi verið um slys innan eins árs tilkynningarfrests.****Gögn.**

123. Málskot, móttakið 31.7.2014, ásamt fylgigögnum.

124. Bréf X, dags. 25.8.2014, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 4.8.2012, er M var á mótorkrossæfingu á bifhjólinu A, slasaðist hún er hún lenti í árekstri við annan aðila. Hún leitaði samdægurs á slysadeild Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri. Í sjúkraskrá spítalans kemur fram að M hafi verið með töluverða verki „lumbosacralt“. Ekki hafi verið einkenni frá höfði eða hálsi og hún hafi haft fulla hreyfigetu og getað staðið upp eftir atvikið. Í samráði við sérfræðing hafi hún verið verkjastíll og farið heim að rannsóknnum loknum. Einnig kemur fram að ekki hafi verið ástæða til að aðhafast frekar þrátt fyrir að „spondylolysis“ hafi greinst í hrygg en ef í ljós kæmi á röntgenfundi að ástæða sé til að gera frekari rannsóknir yrði haft samband við M.

Hinn 21.8.2012 leitaði M til heimilislæknis og samkvæmt samskiptaseðli læknisins var talið að ekki væri þörf fyrir M „en að taka því rólega og verkir í bakinu jafna sig en þarf ekki brotamedferð. Er ennþá með óþægindi í mjóbaki en þau fara minnkandi.“ M leitaði að nýju til heimilislæknisins 21.3.2013 og í samskiptaseðli vegna þeirrar komu segir að M hafi þá haft mjög slæma verki í mjóbaki í tvo daga sem hafi leitt niður í rasskinnar en ekki færur. Í samskiptaseðli heimilislæknisins 12.9.2013 vegna komu M til hans þann dag segir að M sé með þráláta bakverki og eigi að sögn erfitt með að hreyfa sig. Var M vísað á tiltekinn bæklunarskurðlækni „sem mun vera duglegur bakverkjamaður.“

Með tjonstilkynningu 18.2.2014 krafðist M bóta úr slysatryggingu ökumanns A hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu þar sem tjónið hafi verið tilkynnt of seint.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga glatar sá sem rétt á til bóta samkvæmt slysatryggingu þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur til félagsins innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á. Af fyrirliggjandi gögnum verður ekki ráðið að ári áður en M tilkynnti um tjón sitt til X hafi hún vitað eða mátt vita að líðan hennar eftir slysið myndi þróast svo að hún ætti rétt til bóta úr slysatryggingunni. M hefur því ekki glatað rétti sínum til bóta sökum þess að hinn lögmælti ársfrestur hafi verið liðinn er hún tilkynnti um tjónið.

Niðurstaða.

M hefur ekki glatað rétti til bóta úr slysatryggingu ökumanns A hjá X.

Reykjavík, 16. september 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 243/2014
M
og V v/slysatryggingar ökumanns bifreiðarinnar A.

Krafa um bætur fyrir líkamstjón vegna umferðaróhapps 12. febrúar 2013. Orsakatengsl.

Gögn.

1. Málskot móttakið 6. ágúst 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 3. september 2014.

Málsatvik.

Í sameiginlegri tjónstilkynningu vegna umferðaróhapps kemur fram að M, sem ökumaður bifreiðar A, ók aftur á bak á aðra bifreið sem var kyrrstæð þann 12. febrúar 2013. Ekki er ágreiningur um ábyrgð M á árekstrinum. Í umræddri tjónstilkynningu kemur ekki fram að M hafi hlotið líkamstjón í óhappinu. Ekki kemur heldur fram í gögnum málsins að M hafi tilkynnt um slíkt til V fyrr en nokkru síðar. Í málinu liggur fyrir læknisvottorð vegna fyrstu læknisheimsóknar M þann 18. desember 2013 sem og skýrsla sjúkraþjálfara dags. 6. maí og 16. júní 2014 vegna málsins. Í upphaflegri skýrslu sjúkraþjálfarans, sem er dóttir M, kemur bæði fram að M hafi leitað til hennar 12. desember 2013 vegna verkja í hálsi en í viðbótarskýrslu kemur fram frekari skýring sem felur í sér að M hafi leitað til sjúkraþjálfarans 13. febrúar 2013, eða daginn eftir umferðaróhappið.

M telur að ljóst sé af fyrirliggjandi gögnum að hún hafi orðið fyrir líkamstjóni í umferðaróhappinu og vísar þá sérstaklega til þess að í skýrslu sjúkraþjálfara komi fram skráning samtímaupplýsinga um einkenni vegna óhappsins. M vísar einnig til þess að læknisvottorð staðfesti einkenni í hálsi.

V telur að ekki sé sýnt að einkenni M frá háls hrygg sé hægt að rekja til umrædds umferðaróhapps. V vísar helst til þess að M hafi ekki leitað til læknis vegna einkenna á háls hrygg fyrr en um 10 mánuðum eftir umferðaróhappið og hafi þá lýst fremur almennum einkennum. Einnig vísar V til þess að ekki sé hægt að byggja á skýrslu sjúkraþjálfara, en síðari skýringar sjúkraþjálfarans á því hvenær hún skoðaði M hafi ekki komið fram fyrr en V hafi hafnað greiðsluskyldu og því verði að skoða þær með hliðsjón af því. Einnig vísar V til Hrd. 21/2010 máli sínu til stuðnings.

Álit.

Mat nefndarinnar liggur í því að meta hvort nægilega miklar líkur eru á því að M hafi hlotið líkamstjón í umferðaróhappi þann 12. febrúar 2013. M kveðst hafa fundið fyrir einkennum stuttu eftir áreksturinn og leitað ráða og meðferðar hjá dóttur sinni sem er sjúkraþjálfari. Við sönnunarmat verður að líta til þessara tengsla aðila sem og þess að M leitar ekki til annarra sem getur staðfest einkenni hennar fyrr en í desember 2013, eða um 10 mánuðum eftir óhappið. Ekki liggja því fyrir ítarleg gögn um einkenni M strax eftir óhappið eða mat á afleiðingum þess. Í ljósi þessara takmörkuðu gagna telst vafi um orsakatengsl í þessu máli nokkur. Á M hvílir sönnunarbyrði um að hún hafi hlotið líkamstjón í umferðaróhappinu. Að virtum fyrirliggjandi gögnum telst M ekki hafa leitt nægar líkur að því að hún hafi orðið fyrir líkamstjóni sem rekja má til notkunar ökutækisins A.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík 23. september 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 244/2014
M
og V v/slysaftryggingar ökumanns bifreiðarinnar A.

Krafa um bætur fyrir líkamstjón vegna umferðaróhapps 10. febrúar 2010. Orsakatengsl.

Gögn.

1. Málskot móttakið 8. ágúst 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 21. ágúst 2014.
3. Bréf lögmans V dags. 15. september 2014.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M lenti í umferðaróhappi þar sem hann var að fara fram úr bifreið við verzlunina Skagaver á Akranesi. Ekki er ágreiningur um að M sem ökumaður bifreiðar A ber ábyrgð á árekstri við aðra bifreið sem varð í umræddu umferðaróhappi og getur því átt rétt til bóta úr slysaftryggingu ökumanns bifreiðarinnar. Í lögregluskýrslu kemur fram að M kveðst kenna sér eymsla í öxl og hné og farið hafi verið með hann á sjúkrahús til skoðunar en hann útskrifaður þaðan eftir skoðun. Í málinu liggur einnig fyrir áverkavottorð sem staðfestir komu M á sjúkrahús þann 10. febrúar 2010. Niðurstaða skoðunar sem þar var framkvæmd var sú að M hefði tognað á öxl. Í vottorðinu kemur fram að M hafi ekki eftir þetta leitað til læknis á sjúkrahúsinu vegna þessa tiltekna áverka en lítillaga er lýst öðrum áverkum sem hann hafði leitað til sjúkrahússins vegna bæði fyrir og eftir 10. febrúar 2010. Einnig liggur fyrir vottorð frá kírópraktor dags. 15. apríl 2014 þar sem kemur fram að M hafi leitað til hans vegna „óbærilegra“ verkja í baki og hafi meðferð átt sér stað í 64 skipti vegna þessa.

V taldi fyrst um sinn að tilkynning M um slys sem barst V 19. desember 2013 hefði verið of seint fram komin í skilningi 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 en í bréfi V dags. 21. ágúst 2014 kom fram að félagið hefði skipt um skoðun og bæri ekki fyrir sig að tjónið hefði ekki verið tilkynnt innan tilkynningarfræst umrædds ákvæðis. Lögmaður M var upplýstur um þessa breytingu á afstöðu félagsins og svaraði hann með bréfi dags. 15. september sl.

M telur að hann eigi rétt á bótum úr slysaftryggingu ökumanns vegna afleiðinga slyssins og telur að með upplýsingum úr gögnum málsins sé sýnt að hann hafi hlotið líkamstjón í umræddu umferðarslysi og sannað sé að þau atvik séu ástæða óþæginda M í dag en hann hafi leitað til kírópraktors vegna þeirra á árinu 2012. Upplýsingar í lögregluskýrslu, læknisvottorði og vottorði kírópraktors staðfesti það.

V telur hins vegar að með umræddum gögnum sé ekki nægilega leitt í ljós að líkamstjón það sem M hlaut í umræddu umferðaróhappi geti verið ástæða óþæginda hans nú eða að umferðaróhappið hafi leitt til einkenna sem hægt sé að telja varanleg. Upplýsingar í samtímagögnum um áverka passi ekki saman við einkenni M nú og því verði ekki viðurkennt að M hafi sýnt fram á líkamstjón vegna umrædds óhapps.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um hvort færð hafi verið fram nægilega skýr sönnunargögn um líkamstjón það sem M kveðst hafa orðið fyrir með umferðaróhappi á árinu 2010. M ber sönnunarbyrði fyrir því að hann hafi orðið fyrir líkamstjóni sem hægt er að meta til annað hvort tímabundinna eða varanlegra afleiðinga. Í gögnum málsins eru heldur rýr sönnunargögn um afleiðingar umferðaróhappsins, M leitar einungis til læknis sama dag og óhappið varð en ekki fyrr en um 2 árum seinna til kírópraktors. Þar lýsir hann einkennum sem ekki verður með skýrum hætti séð að tengist umræddu umferðaróhappi m.t.t. greiningu í áverkavottorði á tognun á öxl. Verður því ekki

séð að M hafi fært fram nægilega skýr sönnunargögn um líkamstjón vegna umferðaróhapps þann 10. febrúar 2010.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík 16. september 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 245/2014
M og
V vegna frjálsrar ábyrgðartryggingar B.

Ekið á hund og bóta krafist vegna tjóns á bifreið þ. 7.7.2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 7.8.2014 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags.20. ágúst 2014 ásamt fylgiskjölum 1-3

Málsatvik.

Bifreið M var ekið suður Vesturlandsveg þegar hundur hljóp fyrir bifreiðina, sem lenti á hundinum og varð fyrir skemmdum. Eigandi hundsins segir að hann hafi sloppið frá sér og ætlað að koma til baka þegar hann varð fyrir bifreiðinni. M gerir kröfu um bætur úr frjálsri ábyrgðartryggingu B hjá V, en B er með frjálsa ábyrgðartryggingu hjá V sem tekur m.a. til tjóns sem rakin verða til skaðabótaskyldrar háttsemi hundaeigenda með búsetu í bæjarfélaginu. M byggir á því að eigandi hundsins hafi sýnt af sér saknæma háttsemi með því að vera að viðra hundinn við þjóðveginn þar sem umferð er mikil. Af hálfu V er vísað til þess að lausaganga hunda hafi verið heimil á þeim stað þar sem óhappið varð og ekki sé um að ræða saknæma háttsemi eiganda hundsins. V segir að orsök tjónsins megi rekja til óvarkárni ökumanns bifreiðarinnar og/eða óhappatviljunar.

Álit.

Ekki hefur verið sýnt fram á sök eiganda hundsins miðað við þær aðstæður og reglur sem gilda þar sem umferðaróhappið varð. Þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu B hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík 16.9.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 246/2014

M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
vátryggingafélagið Y v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur á Álaugarvegi á Höfn við gatnamót Álaleiru þann 27.6.2014.**Gögn.**

125. Málskot, móttakið 8.8.2014, ásamt fylgigögnum.

126. Bréf Y, dags. 22.8.2014, ásamt fylgigögnum.

127. Bréf X, dags. 25.8.2014, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Bifreiðunum A og B var ekið austur Álaugarveg og var A ekið á eftir B. Við gatnamót Álaleiru rákust saman hægra framhorn A og framanverð vinstri hlið B.

Í vettvangsskýrslu lögreglu er haft eftir ökumanni A að hann hafi séð B fyrir framan sig á lítilli ferð og sýnst sem henni yrði beygt til hægri inn á Álaleiru. Þá hafi hann farið yfir á vinstri akrein, en í sömu andrá hafi B verið beygt snögglega til vinstri. Hann hafi þá beygt undan til vinstri en það ekki tekist og hafi A rekist á B. Ökumaður A kvaðst ekki hafa séð hvort stefnuljós hafi verið logandi á B.

Eftir ökumanni B er haft í vettvangsskýrslu lögreglu að hann hafi litið í baksýnispegil rétt vestan gatnamóta Álaugarvegs og Álaleiru og ekki séð neina bifreið koma. Hann hafi svo ætlað að snúa við á gatnamótunum og þá hafi A verið ekið á B. Ökumaðurinn taldi sig hafa gefið stefnumerki en var þó ekki viss. Í síðari skýrslu hjá lögreglu kvaðst ökumaður B hafa ætlað að beygja til vinstri inn á Álaleiru og snúa svo við á planinu við Álaugarveg 9. Hann hafi gefið stefnumerki til vinstri og verið nýbúinn að taka beygjuna þegar A hafi komið og árekstur orðið.

Á vettvangi var haft eftir vitni, sem kvaðst hafa séð áreksturinn frekar greinilega, að það hafi ekið Álaleiru til norðurs og verið að koma að gatnamótunum þegar áreksturinn varð. Vitnið kvað B hafa að mestu verið komna fram hjá gatnamótunum þegar henni var beygt til vinstri. Vitnið kvaðst ekki geta sagt til um hvort stefnuljós hafi logað á B þar sem það hafi einungis séð hægri hlið B. Þá gat vitnið ekki sagt til um hvort A hafi verið á meiri hraða en hámarkshraða.

Álit.

Leggja verður til grundvallar í máli þessu að ökumaður B hafi ætlað að snúa við á gatnamótum Álaugarvegs og Álaleiru, eins og hann bar í vettvangsskýrslu lögreglu, enda fær sú frásögn stoð í framburði ökumanns A og vitnis sem kvað B hafa verið beygt til vinstri þegar hún var að mestu komin fram hjá gatnamótunum. Við þetta ber að miða þótt nákvæm staðsetning ökutækja á akbrautinni í aðdraganda árekstursins liggi ekki fyrir með skýrum hætti í gögnum málsins. Ökumanni B bar, áður en hann snéri við, að ganga úr skugga um að það hafi verið unnt án hættu eða óþæginda fyrir aðra, sbr. 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Á þessu varð misbrestur. Ökumaður B hefur sönnunarbyrði um það að hann hafi í tæka tíð gefið stefnumerki um fyrirhugaða

stefnubreytingu. Eins og mál þetta liggur fyrir hefur sú sönnun ekki tekist. Að framangreindu virtu ber ökumaður B sök á árekstrinum. Ekki verður talið nægilega sannað að áreksturinn megi rekja til framúraksturs af hálfu ökumanns A eða annarra atvika sem hann ber ábyrgð á. Eru því ekki efni til að leggja á hann sök.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann B.

Reykjavík, 16. september 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 247/2014**M
og X vegna óváttrygðu ökutækjanna A og B.****Ekið aftan á yfirgefna bifreið á Gaulverjabæjarvegi 25. febrúar 2014.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 8. ágúst 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf ABÍ dags. 19. ágúst 2014
3. Tölvupóstur lögmanns M dags. 1. september 2014.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu kemur fram að þegar M þurfti að skilja bifreið sína, A, eftir í vegkanti við Gaulverjabæjarveg þar sem bifreið hafi verið bensínlaus. Einnig kemur fram að lögreglan hafði ekið fram á bifreiðina eftir að hún hafði verið yfirgefin og sett upp keilu með endurskini um 25-30 metrum fyrir aftan bifreiðina. Stuttu eftir það hafi komið tilkynning til lögreglunnar um að ekið hafi verið aftan á bifreið A og hafi þar verið á ferð ökumaður bifreiðar B. Í lögregluskýrslu kemur einnig fram að ökumaður bifreiðar B var mjög ölvaður þegar lögregla kom á vettvang, drafandi í tali, óstöðug í hreyfingum og samhengislaus í tali. Ökumaður bifreiðar B kvaðst hafa ekið eftir Gaulverjabæjarvegi og þegar bifreið hafi verið ekið á móti henni, áleiðis inn á hennar akrein, hafi hún ekið út í kant, lent í lausamöl og misst stjórn á bifreiðinni þannig að henni hafi verið ekið út af veginum. Lögregla telur í skýrslu sinni ljóst að ökumaður bifreiðar B hafi lent á bifreið A þannig að báðar bifreiðar lentu út af veginum.

M telur sýnt að aðalorsök árekstursins sé sú að ökumaður bifreiðar B hafi undir áhrifum áfengis ekið óvarlega og á bifreið A sem hafi verið lagt í vegkanti og eingöngu að litlum hluta inn á veginum. M leggur fram ljósmynd af vettvangi þessu til stuðnings. M telur að ökumaður bifreiðar B beri alla sök á árekstrinum. X telur að M, sem ökumaður bifreiðar A, hafi brotið gegn fyrirmælum 30.gr. umferðarlaga nr. 50/1987 með því að skilja bifreið sína á vegi eftir án þess að setja upp viðvaranir.

Álit.

Í máli þessu liggur fyrir að bifreiðinni B var ekið á bifreið A og ágreiningur er um hvort rekja megi tjónið að einhverju leyti til þess að ökumaður A hafi sýnt gáleysi með því að vara ekki aðra ökumenn nægilega við hættu af yfirgefni bifreið A. Ljóst er af ljósmynd sem liggur fyrir í málinu að bifreið A var lagt út í vegkanti og einungis að litlum hluta inni á veginum. Auk þess verður að líta til að líta til þess að þó ökumaður bifreiðar A hafi ekki gert sérstakar varúðarráðstafanir með því að vara við bifreiðinni þá hafi lögregla gert það með uppsetningu sérstakrar keilu með endurskini. Verður að telja að þær ráðstafanir hafi verið fullnægjandi m.v. aðstæður og með hliðsjón af upplýsingum um áfengisástand ökumanns B og lýsingar hennar af óhappinu verður að telja að áreksturinn verði eingöngu rakinn til stórfellds gáleysis hennar.

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðar B ber alla ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 16. september 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 248/2014
M og
V vegna ábyrgðartryggingar A.

Árekstur. Líkamstjón. Orsakatengsl þ. 17.3.2011

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 12.8.2014 ásamt fylgiskjöllum 1-6
2. Bréf V dags. 18.12.2014.

Málsatvik.

M var farþegi í bifreið, sem A ók aftan á. M segist hafa leitað til læknis nokkrum dögum eftir slysið, en engin gögn liggja fyrir um það, þá leitaði M til læknis um tveimur mánuðum eftir að slysið varð og þar segir að bakverkir hafi versnað. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V og telur að hún hafi orðið fyrir varanlegu líkamstjóni vegna árekstursins þ. 17.3.2011. V hafnar bótaskyldu og telur ósannað að um orsakatengsl sé að ræða á milli slyssins og þeirra líkamsáverka sem M rekur til slyssins. V telur rangt og ósannað að M hafi leitað til læknis fyrr en um tveim mánuðum eftir slysið. Þá bendir V á að M hafi tengt bakverki við bílslys sem hún lenti í árið 2010. V segir gögn í málinu mjög fátækleg og engin sönnun liggja fyrir um orsakatengsl milli þess líkamstjóns sem M telur sig hafa orðið fyrir og árekstursins þ.17.3.2011.

Álit.

Ekki hefur verið sýnt fram á að M hafi leitað til læknis eftir slysið fyrr en um tveim mánuðum eftir að slysið varð. Í takmörkuðum gögnum sem lögð hafa verið fram í málinu kemur ekki fram sönnun þess að um orsakatengsl sé að ræða milli þeirra verkja sem hrjá M og bílslyssins þ.17.3.2011. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 22.1.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 249/2014
M og
V v. ábyrgðartryggingar ökutækisins A.

Kona varð fyrir umferðarslysi. Orsakatengsl þ. 22.3.2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 11.8.2014 ásamt fylgiskjölum 1-6.
2. Bréf V dags. 1.9.2014.

Málsatvik.

M lenti í umferðarslysi þ.22.3.2013 og segist hafa farið að finna fyrir þrálátum verkjum í hálsi í febrúar 2014.V var tilkynnt um slysið þ. 28.4.2014. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu A. Af hálfu M er því haldið fram að hún hafi fengið þungt högg þegar A var ekið aftan á bifreið sem M var í og við slysið hafi M orðið fyrir líkamsáverkum. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu A sem ók aftan á bifreiðina sem M var í. V hafnar bótaskyldu og segir að ekki hafi verið færðar sönnur á orsakatengsl á milli eymsla M og umferðaróhappsins þ. 22.3.2013. V segir að einu gögnin sem liggja fyrir í málinu varðandi meiðsli M séu beiðni um sjúkraþjálfun og skýrsla sjúkraþjálfara. V telur ekki sýnt fram á með þeim gögnum að um orsakatengsl hafi verið að ræða milli verkja M og umferðaróhappsins. Þá bendir V á að langur tími eða rúmt ár hafi liðið frá umferðaróhappinu þangað til M leitaði til læknis. V vísar til dóms Hæstaréttar Íslands í málinu nr. 8/2003.

Álit.

M leitaði til læknis eftir umferðaróhappið um ári eftir að það átti sér stað. Engin samtímagögn liggja fyrir um líðan M á þeim tíma eða fyrir þann tíma sem umferðaróhappið átti sér stað. Beiðni um sjúkraþjálfun og vottorð sjúkraþjálfara sýna ekki að um orsakatengsl milli umferðaróhappsins þ. 22.3.2013 og þeirra verkja sem hrjá M í dag. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 23.9.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 250/2014
M og
V v. ábyrgðartryggingar ökutækisins A.

Farmur ökutækis rakst í útkeyrsluhurð og skemmdi hana þ. 21.5.2014

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 13.8.2014 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 25. júní 2014.

Málsatvik.

Ökumaður A var á lager byggingavöruslunar og hlóð timbri á bifreið sína þannig að timbrið lá fram fyrir bifreiðina í töluverðri hæð. Þegar ökumaður ætlaði að aka út um dyr lagersins rakst timbrið í hurðina og olli skemmdum á hurðinni. M krefst bóta vegna skemmda á hurðinni úr ökutækjatrýggingu A hjá V. M segir að bílstjóri A sé kunnugur húsinu og hafi séð um að hlaða A með þeim hætti sem gert var og þannig að hætta skapaðist af. Einnig hafi ökumaður A gerst sekur um gáleysi þegar hann ók A viðstöðulaust í átt að útidyráhurð lagersins. Þá vísar M til þess að nemar séu á hurðinni sem eigi að tryggja að hún lendi ekki niður á bifreiðum, en þeir virki ekki við aðstæður þar sem farmi sé hlaðið á bifreið eins og gert var af öikumanni A. V telur að skerða eigi bætur til M um 2/3 tjónsins vegna sakar M í aðdraganda þess. V byggir á að ökumaður A hafi ekki getað gert sér grein fyrir að hurðin væri að lokast af því að hún hafi verið í það mikilli hæð og ekkert sem hafi sagt honum að stöðva. Auk þess hafi M ekki haft viðeigandi búnað á hurðinni og starfsmenn til að fylgjast með og handstýra hurðarbúnaðinum. V segir að starfsmaður hafi verið á svæðinu en séð illa til og það hafi verið gáleysi af hálfu M.

Álit.

Af myndbandi sem sýnir aðdraganda akstursins á hurðina sést að ökumaður A ekur viðstöðulaust áfram að útkeyrsludyrnum með farm sem fór í töluverða hæð og slútti fram. Ekki verður séð að starfsmenn M hafi verið í aðstöðu til að gera neitt varðandi akstur A sem gat leitt til þess að koma í veg fyrir umrætt tjón. Þá liggur fyrir að ökumaður A er staðkunnugur. Miðað við aðstæður verður ekki séð að ökumaður A hafi sýnt nægjanlega varúð þegar hann ók A í umrætt sinn. Verður tjónið rakið á allan hátt til þess og ekki efni til að skerða bætur til M á grundvelli 3. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. M á því rétt á óskertum bótum úr ökutækjatrýggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á óskertum bótum úr ökutækjatrýggingu A hjá V.

Reykjavík 30.9.2014

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 251/2014
M og
V1 vegna ábyrgðartryggingar vinnuvélarinnar A
og
V2 vegna ábyrgðartryggingar ökutækis B.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna áreksturs 28.12.2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 13.8.2014 ásamt fylgiskjölum
2. Bréf V1, dags. 27.8.2014, ásamt fylgiskjölum
3. Tölvupóstur V2, dags. 9.9.2014

Málsatvik.

M var við snjómkstur á traktorsgröfu í íbúðargötu í Vesturbyggð. Var hann að aka afturábak eftir götunni þegar bifreiðinni B var ekið afturábak út stöðureit við íbúðarhús og inn á götuna þar sem árekstur varð milli ökutækjanna.

Samkvæmt frásögn M var töluverður snjór í götunni. Vinnuvél í snjómokstri fylgi mikill hávaði og ljósagangur viðvörundarljósa og ökuljósa. Því hefði ökumanni B mátt vera ljóst að verið væri að moka götuna og hann hefði því átt að gæta sérstakrar varúðar þegar hann bakkaði út í götuna. Það hafi hann ekki gert og beri því að fullu sök á árekstrinum.

Í athugasemdum V1 kemur fram að rík aðgæsluskylda hvíli á báðum ökumönnum þegar ekið var afturábak. Hvorugur ökumanna hafi gætt nægrar varúðar miðað við aðstæður og því beri að skipta sök til helminga.

Álit.

Í atviki þessu er ljóst að báðir aðilar eru að bakka ökutækjum sínum og árekstur verður. Hvorugur aðili gætti nægjanlega að umhverfi sínu áður en þeir óku aftur á bak og verður sök því skipt til helminga.

Niðurstaða.

Helmingur tjóns M bætist út ábyrgðartryggingu ökutækisins B hjá V2 og helmingur tjóns B bætist út ábyrgðartryggingu vinnuvélarinnar A hjá V1.

Reykjavík 3.10.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 252/2014**M
og
váttryggingarfélagið X v/ kaskótryggingar bifreiðar.****Bifreið varð fyrir skemmdum er henni var ekið ofan í opinn holræsabrunn.****Gögn.**

128. Málskot, móttækið 15.8.2014, ásamt fylgigögnum.

129. Bréf X, dags 28.8.2014.

Málsatvik.

Hinn 27.5.2014, er M ók bifreið sinni, A, eftir Víkurvegi í Reykjavík, lentu hægri hjól A ofan í opnum holræsabrunni í götunni. Lok yfir brunninn hafði verið fjarlæggt og mun hafa legið við hlið brunnsins. Yfirborð vegarins er malbikað. Skemmdir urðu á A, einkum hægra afturhjól

M hefur krafist bóta úr kaskótryggingu A hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt gr. 4.1 í váttryggingarskilmálum þeim sem gilda um kaskótrygginguna bætir félagið „skemmdir á ökutækinu sjálfu, eða eðlilegum aukahlutum, svo sem grjótrindum, sílsalistum og venjulegum útvörðum, af eldingu, eldsvoða (ef eldur verður laus) og sprengingu sem stafar af honum, af árekstri, áakstri, veltu, útafakstri eða hrapi ökutækisins, grjóthruni, snjóflóði úr fjallshlíð og skriðufalli.“ Í váttryggingarskilmálunum er hugtakið “áakstur” ekki skilgreint sérstaklega. Samkvæmt almennri málvenju getur hugtakið haft nokkuð víðtæka merkingu. Eins og atvikum er háttað í tilviki því sem hér er til skoðunar verður að líta svo á að um áakstur hafi verið að ræða í skilningi váttryggingarskilmálanna er A var ekið ofan í brunninn.

Í grein 7.4 í skilmálunum er tekið fram að váttryggingin bæti ekki „skemmdir af akstri á ósléttri akbraut, hér með talin bilun á ásum, fjöðrum, girkassa, drifi, rafgeymi og öðrum hlutum í eða á undirvagni ökutækisins...“ A var ekið eftir malbikaðri akbraut þegar henni skyndilega og óvænt var ekið ofan í opinn holræsabrunninn. Verður ekki talið að tjón á A hafi orðið við þær sérstöku aðstæður sem greinir í gr. 7.4.

Að öllu framangreindu virtu telst tjónið bótaskyldt úr kaskótryggingunni hjá X.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr kaskótryggingu A hjá X.

Reykjavík, 23. september 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 253/2014**M****og V. v/sjúkra- og slysatryggingar MH.****Tilkynningarfrestur 1.mgr. 124.gr. laga um vátryggingarsamninga vegna slyss 5. mars 2008.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 11. ágúst 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 1. september 2014.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu dags. 12. apríl 2013 til V kveðst M hafa lent í því þann 5. mars 2008 að missa gler ofan á rist annars fótar. Í gögnum málsins kemur fram að M leitaði læknishjálpar samdægurs þar sem var m.a. búið um sár en ekki greindist brot á ristinni eða aðskotahlutir, eins og glerflís, í ristinni. M leitaði sumarið 2008 á slysideild Landspítala háskólasjúkrahúss og í læknaþréfi dags. 30. júní 2008 kemur eftirfarandi texti fram: „...virðist réttisin á dig.IV í sundur. Einnig með taugaskaða.“ Sérfræðingur á slysideild vísaði M síðan til sérfræðings í bæklunarlækningum. Í málinu liggja fyrir upplýsingar um greiningu og meðferð M hjá þeim sérfræðingi frá því í byrjun árs 2009 fram í mars sama ár. Síðan virðist M ekki leita aftur til umrædds sérfræðings fyrr en í september 2012 og fer í kjölfarið í sjúkrahjálfun í lok árs 2012 og fram á árið 2013.

M telur að upphaf tjónstilkynningarfrests eigi að miðast við september 2012 þegar hann leitar aftur til sérfræðings í bæklunarlækningum vegna afleiðinga slyssins en þá hafi hann fyrst getað gert sér grein fyrir atvikum að baki kröfu sinni. Þá hafi mat sérfræðingsins verið að vandamál hans vegna slyssins 5. mars 2008 væru staðreynd en fyrr hafði verið reynd ýmis konar meðferð.

V telur að miða eigi upphaf tjónstilkynningarfrests við 29. janúar 2009 þegar M leitaði fyrst til sérfræðings í bæklunarlækningum en í vottorði hans dags. sama dag komi m.a. fram að líklegt væri að líkamstjón M yrði vandamál síðar. Einnig bendir V á að M hafi verið vísað til sérfræðings hálfu ári áður.

Álit.

Mat nefndarinnar liggur í því að meta þann tímamark þegar M fékk vitneskju um atvik sem krafa hans í sjúkra- og slysatryggingu hjá V er reist á. Við það mat ber að líta til upplýsinga sem koma fram í læknisfræðilegum gögnum og þá verður ekki litið framhjá því að greining áverka og samskipti M við sérfræðing í bæklunarlækningum snemma á árinu 2009 eru þess eðlis að erfitt er að líta framhjá því að á því tímabili fékk M nokkrar upplýsingar um áverka sinn og mögulega meðferð vegna hans, auk þess sem upplýsingar um taugaskaða liggja fyrir í læknisvottorði frá 30. júní 2008. Verður að telja að vitneskja um atvik að baki kröfunni hafi verið ljós í síðasta lagi á árinu 2009 á hafi upphaf árstilkynningafrests skv. 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 verið. Árið var því löngu liðið þegar M tilkynnti um tjón sitt til V þann 12. apríl 2013 og hefur hann því glatað rétt til bóta úr sjúkra- og slysatryggingu hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr sjúkra- og slysatryggingu V.

Reykjavík 23. september 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 254/2014
M og
V v. vatnstjónstryggingar húseigendatryggingar.

Vatnsjón í húsi vegna framkvæmda á sturtuklefa þ. 25.3.2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 27.7.2014 ásamt fylgiskjölum 1-5.
2. Bréf V dags. 1.9.2014.

Málsatvik.

M segist hafa orðið fyrir vatnstjóni í húsi sínu og tildrög þess sé að settur hafi verið nýr sturtuklefi í húsið á árinu 2013 og ný blöndunartæki. Í mars árið 2014 varð M vör við að bungur höfðu myndast í vegg á baðherberginu. Við skoðun kom í ljós að einangrun og veggur bakvið blöndunartækin var rakur og bleyta í einangrun. M gerir kröfu til bóta úr vatnstjónstryggingu húseigendatryggingar M hjá V. M hafnar því að vatn frá sturtu hafi lekið inn í vegg og segir útilokað að komast að orsök lekans þar sem sönnunargögn hafi farið forgörðum vegna aðgerða starfsfólks V. Þá telur M að váttryggingaskilmálar séu ekki ótvíræðir í sambandi við tjón eins og þetta og telur að gagnálykta megi frá upptalningu um bótaskyld atvik greinarinnar. V hafnar bótaskyldu og segir að lekann megi rekja til lélegs frágangs á rósettum við blöndunartæki í sturtu og umrædd trygging M taki ekki til slíks tjóns. Þá mótmælir V því að ekki sé hægt að komast að orsök lekans. V segir að trygging M taki ekki til leka vegna óvandaðra vinnubragða. V segir að sérstaklega komi til skoðunar ákvæði greinar 2.1. í váttryggingaskilmálum en þar segi að um bótaskyldu V sé að ræða ef lekinn eigi upptök sín innan útveggja eða botnplötu hússins en ekki sé um það að ræða í þessu tilviki. V telur jafnframt að gagnályktun lögmanns M vegna greinar 2.1. váttryggingaskilmálanna eigi ekki við.

Álit.

Upplýsingar um orsök vatnslekans sem hér um ræðir eru af skornum skammti. Ekki hefur verið sýnt fram á að sönnunargögnum hafi verið spillt eða eytt. Miðað við þær upplýsingar sem fyrir liggja í málinu varðandi vatnslekann þá verður ekki annað séð en að hann sé tilkominn á einhverjum tíma en ekki skyndilega. Samkvæmt ákvæði í 1.kafla váttryggingarinnar grein 2.1 segir að váttryggingin bæti tjón á hinu váttryggða "af völdum vökva sem óvænt og skyndilega sreymir fram og á upptök sín innan útveggja og botnplötu húseignarinnar vegna bilunar eða mistaka." Það ákvæði váttryggingaskilmála að um skyndilegan leka sé að ræða er því ekki uppfyllt og þegar af þeim sökum er ekki um bótaskyldu V að ræða úr húseigendatryggingu M hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr vatnstjónstryggingu húseigendatryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík 23.9.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 255/2014**M****V1 v/ bifreiðarinnar A og V2 v/ bifreiðarinnar B.****Árekstur við umferðareyju á Suðurlandsvegi við Vesturlandsveg 23. júlí 2014.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 19. ágúst 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V1 dags. 28. ágúst 2014.
3. Bréf V2 dags. 3. september 2014.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu vegna áreksturs bifreiða A og B kemur fram að strax á vettvangi, í samtali við starfsmann Aðstoðar&Öryggis hafi ökumönnum ekki komið saman um aðdraganda árekstursins. M sem ökumaður bifreiðar A segir bifreið B hafa verið komna út í hægri kant þegar hann kveðst hafa ekið áfram á vinstri akrein framhjá þegar bifreið B hafi verið ekið til vinstri í veg sig. Ökumaður bifreiðar B kveðst hafa ekið á vinstri akrein og rétt áður en áreksturinn varð hafi óþekkt bifreið komið aðvífandi á fleygiferð og stefnt hægra megin við hann þannig að hann ók til vinstri og árekstur hafi orðið þegar ökumaður bifreiðar B hafi ekið fram úr honum vinstra megin.

Ekki er annað að skilja af málskoti M en að hann telji ökumann bifreiðar B bera ábyrgð á árekstrinum fyrir að aka frá hægri akrein til vinstri í veg bifreið A. V1 telur þann ágreining um aðdraganda áreksturs að skipta eigi sök til helminga, en ef ekki sé fallist á það þá megi draga þær ályktanir helst af lýsingum ökumanna að ökumaður bifreiðar B hafi ekið í veg fyrir bifreið A og eigi því að bera alla sök. V2 telur að ökumaður bifreiðar A beri ábyrgð á árekstrinum en hann hafi ekið til hliðar í veg fyrir ökumann B sem hafi verið á aðalbraut og vitnar til skýrslu ökumanns B um aksturslag ökumanns A.

Álit.

Í málinu er ljóst af skýrslu starfsmanns Aðstoðar&Öryggis, sem kom á vettvang til skýrslutöku af ökumönnum, að nokkur ágreiningur var um málsatvik strax þá. Ekkert vitni var að atvikinu skv. skýrslunni. Framburður ökumanna á vettvangi og tilskrif þeirra vegna þessa málskots staðfesta það að báðir saka hinn um að hafa ekið í veg fyrir sig. Með hliðsjón af aðstæðum á vettvangi sem og þeim skýrslum verður ekki ráðið með vissu hver aðdragandi árekstursins var. Þykja sönnunargögn ekki styðja það að annar ökumanna verði að bera hallann af sönnunarskoti við þessar aðstæður og verður sök því ekki skipt öðruvísi en til helminga.

Niðurstaða.

Sök er skipt til helminga.

Reykjavík 30. september 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 256/2014

M
og
V v/ málskostnaðartryggingar.

Ágreiningur um túlkun á undanþáguákvæði í málskostnaðartryggingu.

Gögn.

130. Málskot, móttakið 18.8.2014, ásamt fylgigögnum.

131. Bréf Vátryggingafélags Íslands hf., dags. 4.9.2014.

Málsatvik.

Málskotsaðili (hér eftir nefndur M) er eigandi bifreiðarinnar A sem hann keypti notaða hinn 25. apríl 2014. Skömmu eftir kaupin kveðst M hafa orðið þess var að A var haldin slíkum göllum að hann lýsti yfir riftun á kaupunum. Seljandi hefur hefur hafnað riftuninni. Hyggst M höfða dómsmál á hendur seljanda A til viðurkenningar á riftun kaupanna.

Hefur M krafist þess að kostnaður hans af dómsmálinu fái greiddur úr málskostnaðartryggingu sem er einn þáttur fjölskyldutryggingar sem hann hefur í gildi hjá V sem hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Í gr. 25.1 í skilmálum þeim sem gilda um málskostnaðartrygginguna kemur fram að vátryggingin bæti málskostnað vegna ágreinings sem snertir vátryggðan sem einstakling og getur komið til úrlausnar héraðsdóms eða Hæstaréttar hér á landi. Samkvæmt grein 25.10 í skilmálunum bætir vátryggingin þó ekki málskostnað sem varðar vátryggðan sem eiganda, notanda eða stjórnanda vélknúins farartækis.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að M, sem kaupandi og eigandi A, ætli að höfða fyrrgreint dómsmál á hendur seljandanum til að fá kaupunum rift vegna galla í bifreiðinni. Eins og hér stendur á verður að líta svo á að málareksturinn varði M sem eiganda bifreiðarinnar. Með vísan til fyrrgreinds undanþáguákvæðis vátryggingarskilmálanna á M ekki rétt á að fá greiddan málskostnað úr vátryggingunni.

Niðurstaða.

Má ekki rétt á greiðslu málskostnaðar úr málskostnaðartryggingu hjá V.

Reykjavík, 23. september 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 257/2014
M og
V vegna ábyrgðartryggingar B.

Maður féll úr stiga og slasaðist þ. 11.12.2012

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 19. ágúst 2014 ásamt fylgiskjölum 1-5
2. Bréf V dags. 12.9.2014 ásamt fylgiskjölum 1-3

Málsatvik.

M starfaði hjá B og var að rífa upp steypumót þegar hann féll úr stiga en engar fallvarnir voru til staðar. M hélt áfram vinnu í nokkra stund en hætti því síðan vegna verkja í vinstri hné og hægri rist og fór á slyshadeild og var óvinnufær í 6 mánuði eftir slysið. Slysið var ekki tilkynnt til Vinnueftirlitsins. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu B hjá V og telur að slysið megi rekja til ófullnægjandi vinnuaðstæðna sem B beri bótaábyrgð á. Í því sambandi er af hálfu M vísað í lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglugerð með þeim lögum nr. 547/1996. Af hálfu M er einnig vísað í dóm Hæstaréttar 1997 bls. 1388. V hafnar bótaskyldu og bendir á að M sé vanur smiður og hæð mótafleka þeirra sem M var að rífa niður hafi hæst verið um 3 metrar og því hafi M ekki getað verið hærra uppi í stiganum en 1.4 metra og því hafi fallvarna ekki verið þörf auk þess hafi öryggisbúnaður verið á staðnum og tiltækur. V telur að þau fordæmi sem M vísar til hafi ekki þýðingu við úrlausn þessa máls.

Álit.

M segist hafa verið að vinna í svonefndum innri hring umræddrar byggingar þegar hann varð fyrir slysinu. Slysið var ekki tilkynnt til Vinnueftirlitsins eins og B bar skylda til að gera og verður því að leggja til grundvallar skýrslu M um atvik máls. Þrátt fyrir það er ekkert fram komið í málinu sem sýnir fram á að B hafi vanrækt skyldur sínar varðandi aðbúnað eða verkstjórn í umrætt sinn. Þá hefur ekki verið sýnt fram á að M hafi verið að vinna í þeirri hæð þar sem fallvarna er krafist, en miðað við hæð steypumótana og þau gögn sem liggja fyrir í málinu verður að telja það ólíklegt. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík 30.9.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 258/2014

M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
vátryggingafélagið Y v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur á Miklubraut í Reykjavík vestan Grensásvegar hinn 7.7.2014.**Gögn.**

132. Málskot, móttakið 19.8.2014, ásamt fylgigögnum.

133. Bréf Y, dags. 1.9.2014, ásamt fylgigögnum.

134. Tölvuskeyti X, dags 15.9.2014.

Málsatvik.

Bifreiðunum A og B var ekið vestur Miklubraut. Vestan Grensásvegar skipti ökumaður A um akrein til hægri. Rákust þá saman hægra afturhorn A og vinstra framhorn B.

Ökumaður A kvaðst hafa verið að fara á milli akreina og engan bíl séð í spegli. Þá hafi B verið komin, sem greinilega hafi verið á mikilli ferð, og farið aðeins utan í A.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið á 80 km hraða á klst. og verið nýbúinn að skipta um akrein þegar A hafi verið ekið á vinstri framenda B við það að aka yfir á þá akrein sem B var á. Kvað ökumaður B að A hafi verið ekið of hratt.

Álit.

Samkvæmt 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga skal ökumaður, áður en hann skiptir um akrein, ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra. Báðum öikumönnum bar að gæta að þessu er þeir skiptu um akrein í umrætt sinn. Ljóst er að B var komin á akreinina til hægri þegar ökumaður A hugðist skipta um akrein og hann vissi ekki af ferðum B fyrir aftan sig eða til hliðar við sig áður en árekstur varð. Ökumaður A hefur því ekki gætt þeirrar varúðar við akreinaskiptin sem af honum mátti krefjast. Verður áreksturinn fyrst og fremst rakinn til þessa. Á Miklubraut, þar sem áreksturinn varð, er leyfilegur hámarkshraði 60 km á klst. Fyrir liggur að ökumaður B var nýbúinn að skipta um akrein þegar áreksturinn varð auk þess sem hann ók á 80 km hraða á klst. eða nokkuð yfir leyfilegum hámarkshraða. Með því að aka svo hratt sem raun ber vitni í þann mund sem hann skipti um akrein til hægri hefur hann ekki gætt þeirrar varúðar eða tillitssemi sem af honum mátti krefjast við aksturinn. Á hann einnig nokkra sök á því hvernig fór.

Niðurstaða.

Leggja ber 2/3 hluta sakar á ökumann A og 1/3 hluta sakar á ökumann B.

Reykjavík, 3. október 2014.

Póra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 259/2014
M
og V vegna slysatryggingar ökumanns A.

Umferðaróhapp á Hafnarfjarðarvegi 11. júlí 2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið 20. ágúst 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 22. september 2014 ásamt hraðaútreikningi PC-crash dags. 15.júlí 2013.

Málsatvik.

Ítarleg gögn liggja fyrir um umferðaróhapp M, þar á meðal lögregluskýrsla með ýmsum gögnum sérfræðinga. Óhappið varð með þeim hætti að M sem ökumaður bifreiðarinnar A ók á Hafnarfjarðarvegi um kl. 2 að nóttu þegar hann kveðst hafa misst stjórn á bifreiðinni þegar hann missti hana í hjólför vegarins, sem hann kvað hafa verið full af vatni. M sagði bifreiðina hafa lent á ljósastaur og svo kastast á næsta ljósastaur með afturendann. Í frumskýrslu lögreglunnar kemur fram að rökkur hafi verið á vettvangi og vatnsagi hafi verið á blautri götu í rigningu. Í ítarlegum gögnum lögreglu kemur einnig fram að hjólbarðar bifreiðarinnar A að aftan hafi verið eitthvað slitnir. Einnig liggja fyrir hraðaútreikningar þar sem sérfræðingur sem lögreglan fól að reikna ætlaðan hraða bifreiðar A þegar hún lenti á ljósastaurnum. Þar kemur fram að ætlaður hraði hafi verið 102 km/klst. Í málinu liggur einnig fyrir skýrsla sem V aflaði einhliða með útreikningi á hraða í gegnum svokallað PC-crash forrit þar sem kemur fram að ætlaður hraði bifreiðarinnar hafi verið 135 km/klst.

M telur að orsök umferðaróhappsins sé sú að hann hafi misst stjórn á bifreiðinni þegar hún missti veggripið vegna polla á götunni sem höfðu safnast upp eftir miklar rigningar fyrr um kvöldið. Það sé ekki aksturslag sem hægt sé að telja stórkostlegt gáleysi í skilningi vátryggingarskilmála eða laga um vátryggingarsamninga. M vísar til þess að hann hafi ekið á um 80 km/klst hraða og farþegi í bifreiðinni beri eins og hann um orsök óhappsins. M telur ekki hægt að miða við skjal sem felur í sér hraðaútreikninga sem V aflaði einhliða og telur ósannað að hann hafi ekið of hratt miðað við aðstæður og vísar um það einnig til Hrd. 107/2009. M telur að ef eigi að taka mið af einhverjum hraðaútreikningum þá séu þeir sem unnir eru af sérfræðingi lögreglunnar betur unnir og skýrari. Ef sá útreikningur er lagður til grunvallar telur M ljóst að ekki sé hægt að sýna fram á hraðakstur sem nemur meira en 20 km/klst meira en hámarkshraða á vettvangi, en hann sé þarna 80 km/klst. Slíkur akstur feli ekki í sér verulegt frávik frá venjulegum háternisreglum og geti því ekki talist stórkostlegt gáleysi.

V telur sannað, með skýrslu sem það hefur lagt fram um hraða bifreiðar A, að M hafi ekið á 135 km/klst hraða og slíkur akstur sé stórkostlegt gáleysi í skilningi 30.gr. vátryggingarskilmála sem og 1.mgr. 90.gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 og eigi að leiða til þess að bótaréttur M takmarkist um helming eða 50%. V vísar til forsendna í umræddri skýrslu um líklega stöðu bifreiðarinnar við óhappið og telur ýmis atriði varðandi stöðu hennar í kjölfar áaksturs og við hann sýna að M hafi ekið allt of hratt m.v. aðstæður sem og verið á vanbúinni bifreið m.t.t. ástands hjólbarða. Þetta allt feli í sér stórkostlegt gáleysi sem hafi fyrrnefnd áhrif á bótarétt M.

Álit.

Það er ljóst af gögnum málsins að aðstæður á vettvangi umferðaróhapps M voru þannig að það var nokkuð vatn á akbrautinni vegna rigningar ef marka má frumskýrslu lögreglu. Leyfilegur hámarkshraði við bestu aðstæður er 80 km/klst á þeim stað sem óhappið varð. Við þær aðstæður

sem uppi voru bar M sem ökumanni bifreiðar A að gæta varúðar við aksturinn. Til þess að hægt sé að meta hvort háttsemi M hafi áhrif á rétt hans til bóta verður að líta til þess að heimildir V til að fella niður bætur eða skerða eru í 30. gr. váttryggingarskilmála, sbr. 2. mgr. 27. gr. og 1. mgr. 90. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Þær miðast við að váttryggður hafi sýnt stórkostlegt gáleysi sem hafi leitt til tjónsáburðar. V ber sönnunarbyrði fyrir því að M hafi sýnt slíka háttsemi. Líta verður til gagna málsins þegar metið er hvort V hafi mætt þeirri sönnunarbyrði.

Í málinu liggja fyrir sönnunargögn í formi upplýsinga um framburð M og farþega í bifreiðinni sem og tveir mismunandi hraðaútreikningar vegna ætlaðs ökuhraða bifreiðarinnar A. Þegar litið er til þess að það sönnunargagn það sem V leggur fram og byggir aðallega á um ætlaðan 135 km/klst hraða bifreiðarinnar A er einhliða aflað af hálfu V verður það ekki lagt að jöfnu við önnur sönnunargögn. Þegar litið er til þessa standa til mats á háttsemi M aðallega eftir fyrrgreindar upplýsingar um framburð M og farþega sem og hraðaútreikningar sérfræðings lögreglunnar. Þær upplýsingar duga ekki til að sýna með óyggjandi hætti fram á að háttsemi M hafi verið stórkostlega gálaus í umrætt sinn. Þó fallast megi á að aksturslagið hafi falið í sér nokkuð gáleysi þá er ekki sannað að það hafi vikið verulega frá því sem ætlast mátti til við umræddar aðstæður og leyfðan hámarkshraða. Hallann af því ber V. Telst M því eiga rétt á fullum bótum úr slysatryggingu ökumanns bifreiðarinnar A.

Niðurstaða:

M á rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík 3. október 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 260/2014
M og
V v. frjálsrar ábyrgðartryggingar A.

Vistmaður á heilsustofnun rann í bleytu og slasaðist þ. 29.1.2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 27.8.2014 ásamt fylgiskjöllum 1-13
2. Bréf V dags. 9.9.2014. ásamt fylgiskjali.
3. Bréf lögmanns M dags. 16.9.2014 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

M var vistmaður á heilsustofnun og rann í bleytu á gólfi á gangi fyrir utan matsal stofnunarinnar. M krefsta bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V og byggir á því að A beri ríka ábyrgð á aðbúnaði og aðstæðum sem til staðar eru í húsnæði stofnunarinnar, en þessa hafi ekki verið gætt sem skyldi í umrætt sinn. Þá byggir M á því að tjón hans stafi af gáleysislegri hegðun starfsmanna sem iðulega gangi um þennan gang með matar- og drykkjarílát. Af hálfu M er vísað til dóms Hæstaréttar í máli nr. 385/2003 og Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-1216/2012. V hafnar bótaskyldu og telur að slys M verði ekki rakið til mistaka eða vanrækslu A á þeim skyldum sem á honum hvíla. V telur ósannað að starfsfólk A hafi sulað vatni á gólf gangsins þar sem slysið varð og ekki sé venja að starfsfólk fari þarna um með vatn. Þá segir V að ekkert liggi fyrir um að starfsfólk V hafi haft vitneskju um bleytu á þessum stað áður en slysið gerðist og ekki verði annað ráðið en að pollurinn hafi verið lítill. V segir þá dóma sem M vísar til ekki hafa fordæmisgildi í málinu. V segir að slysið verði ekki rakið til vanrækslu A eða annarra sem A beri skaðabótaábyrgð á.

Álit.

Ekki hefur verið sýnt fram á að starfsfólk A hafi vitað af því að bleyta var á ganginum þar sem M datt fyrr en að slysið hafði orðið. Ekki hefur verið sýnt fram á að bleytan á gólfinu hafi stafað frá starfsfólki A eða að hún hafi verið til staðar vegna atvika sem A ber ábyrgð á. Þá hefur ekki verið sýnt fram á að aðbúnaði á stofnun A hafi verið ábótavant eða önnur atvik verið til staðar sem leiði til skaðabótaábyrgðar A. M á því ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 3.10.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 261/2014
M og
V1 vegna bifreiðarinnar A og V2 vegna bifreiðarinnar B.

Umferðaróhapp á Grandagarði í Reykjavík 9. júlí 2014.

Gögn.

1. Málskot móttækið 27. ágúst 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V1 dags. 3. september 2014.
3. Tölvupóstur V2 dags. 30. september 2014.
4. Tjónaskýrsla málsins send til nefndarinnar frá V1 og V2 21. október 2014.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu vegna umferðaróhapps kemur fram að árekstur hafi orðið með bifreiðunum A og B þegar bifreið A var ekið fram úr bifreið B á Grandagarði þegar þeirri bifreið var ekið til vinstri í átt að bifreiðastæði.

M, sem var ökumaður bifreiðar A, telur að hún hafi fengið misvísandi upplýsingar um sakarskiptingu vegna málsins og í skýrslu hennar sem liggur fyrir nefndinni kemur fram að hún hafi sé bifreið B aka á undan sér mjög hægt og reiknaði M með því að ökumaður bifreiðar B ætlaði að leggja í stæði hægra megin götunnar. M ákvað því að aka fram úr en þá hafi ökumaður bifreiðar B skyndilega ekið í veg fyrir hana án þess að gefa stefnumerki. M telur að það sem haft sé eftir vitni í skýrslu vegna málsins sé ekki trúverðugt þar sem vitnið hafi ekki gefið sig fram á vettvangi.

V1 telur að skipta eigi sök þannig í málinu að ökumaður bifreiðar A beri 2/3 hluta sakar og ökumaður bifreiðar B 1/3 hluta sakar og vitnar þar til fyrri úrskurða úrskurðarnefndarinnar máli sínu til stuðnings. V2 vísar í niðurstöðu Tjónanefndar vátryggingafélaganna máli sínu til stuðnings en af því er gögn málsins sýna virðist afstaða þeirrar nefndar hafa verið sú að ökumaður bifreiðar A ætti að bera alla sök.

Álit.

Sá sem fer fram úr annarri bifreið á akbraut verður að gæta að ákvæðum 20.-22. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 þar sem kemur fram að ávallt beri að sýna aðgæslu við framúrakstur. Einnig kemur fram í 23. gr. merkjareglugerðar nr. 289/1995 að þeim sem ekur yfir hálfbrotna miðlínu ber að hafa í huga að varhugavert sé að aka yfir hana og óheimilt nema með sérstakri varúð. Með hliðsjón af aðstæðum á vettvangi á Grandagarði, þar sem bifreiðastæði eru beggja vegna akbrautar, þykir ökumaður bifreiðar A ekki hafa gætt umræddrar varúðar nægilega vel og ber hann því meginhluta sakar. Ökmaður bifreiðar B þykir hins vegar ekki hafa gætt nægilega vel að umferð fyrir aftan sig áður en hann tók vinstri beygju. Vitni staðfestir að ökumaður bifreiðar B hafi gefið stefnumerki og ekki er ástæða til þess að draga í efa framburð hans við starfsmann Aðstoðar&Öryggis um það. Stefnumerkjagjöf leysir ökumann bifreiðar B ekki frá þeirri skyldu að hugað að umferð fyrir aftan sig, sbr. fyrirmæli í 2. mgr. 15. gr., sbr. 16. gr. umferðarlaga. Þykir hann því einnig bera sök.

Niðurstaða:

Ökumaður bifreiðar A (M) ber 2/3 hluta sakar en ökumaður bifreiðar B ber 1/3 hluta sakar.

Reykjavík 28. október 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 262/2014**M
og V1 v/ bifreiðarinnar A og V2 v/ bifreiðarinnar B.****Árekstur við Hallsveg í Reykjavík 22. júlí 2014.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 27. ágúst 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V1 dags. 4. september 2014.
3. Bréf V2 dags. 11. september 2014.

Málsatvik.

Í sameiginlegri tjónstilkynningu vegna árekstursins kemur fram árekstur varð með bifreiðunum A og B þegar M sem ökumaður bifreiðar A ók til vinstri í fyrirhugaða U-beygju á Hallsvegi við Gufuneskirkjugarð, í sömu mund og ökumaður bifreiðar B ætlaði að aka beint áfram á Hallsvegi vinstra megin við bifreið A.

M telur að hann hafi tekið U-beygju á réttan hátt og telur að ökumaður bifreiðar B hafi ekið allt of nálægt sinni bifreið. M vísar því á bug að hann hafi ekið fyrst til hægri áður en hann beygði til vinstri í fyrirhugaða U-beygju og ökumaður bifreiðar B eigi að bera alla sök á árekstrinum þar sem þeirri bifreið var ekið á bifreið A.

V1 hefur ekki sérstakar athugasemdir vegna málsins en V2 telur að alla sök eigi að leggja á ökumann bifreiðar A þar sem hann hafi ekið frá hægri brún vegar til vinstri í fyrirhugaða U-beygju í veg fyrir ökumann bifreiðar B.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um hvort M sem ökumaður bifreiðar A hafi ekið til hægri áður en hann ók til vinstri í fyrirhugaða U-beygju við umferðareyju á Hallsvegi. Ekki er hins vegar ágreiningur um að M hafi verið að taka slíka beygju. Það er ljóst af fyrirmælum 2. mgr. 15. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 að M bar að gæta að umferð fyrir aftan sig áður en hann tók umrædda beygju. Einnig kemur fram í 3. mgr. 15. gr. laganna að vinstri beygju eigi að taka sem næst miðju akbrautar. Í ljósi þess hvar ákoma er á bifreið A, en skv. myndum af vettvangi er hún í hlið bifreiðarinnar, verður ekki séð að M hafi gætt fyrrnefndra fyrirmæla 2. og 3. mgr. 15. gr. umferðarlaga nægilega vel. Verður af þessu lagt til grundvallar að M hafi ekið í veg fyrir ökumann bifreiðar B án nægrar aðgæslu. Ekki hefur verið sýnt fram á gáleysi ökumanns bifreiðar B og verður M, m.t.t. þess sem kemur fram hér að ofan, að bera hallann af þeim sönnunarskorti.

Niðurstaða.

Öll sök á ökumann bifreiðar A.

Reykjavík 30. september 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 263/2014
M og
V v. ábyrgðartryggingar B.

Maður datt á gangstétt fyrir utan verslun þ. 23.12.2011.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 27.8.2014 ásamt fylgiskjölum 1-14
2. Bréf V dags. 12.9.2014 ásamt fylgiskjali 1-2.

Málsatvik.

M segist hafa verið að ganga að sýningarglugga verslunarinnar B, en gangstéttin fyrir utan verslunina sé mishæðótt og hún þakin snjó og klaka en hvorki hafi verið búið að salta eða sanda stéttina. M segist ekki hafa tekið eftir hæðarmismun og lent á klakabakka þöktum snjó og dottið illa og slasast. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu B hjá V og byggir á reglum um skaðabótaábyrgð fasteignaeigenda vegna tjóns sem hlýst af ástandi og búnaði fasteignar, en í umrætt sinn hafi fasteignareigandinn B ekki sinnt þeirri skyldu sinni að sanda eða salta gangstétt fyrir framan verslunina þrátt fyrir snjó og klaka sem á henna var. Af hálfu M er vísað til dóma Hæstaréttar í málum 2005, bls. 4418, 230/2005 og 635/2006. V hafnar bótaskyldu og segir að auð jörð hafi verið fyrir framan inngang verslunarinnar og meðfram henna en klaki og snjóföln á gangstétt sem liggur utar og hafi starfsmenn B sandað og saltað gangstéttina fyrir framan verslunina og leiðin greið að inngangi hennar. V segir að M hafi komið í verslun B og keypt vörur og hafi sagt eiganda B að M hafi farið með vörurnar sem hann keypti í bifreið sína en gengið svo aftur að glugganum til að kveikja sér í pípu og runnið til á mishæð sem er á gangstéttinni og planinu fyrir framan, þegar M ætlað út í bifreið sína aftur. V segir að M hafi komið reglulega í verslun B í meira en 20 ár og því verið kunnugur staðháttum og vitað af mishæðinni. V segir veður þennan dag hafi verið með þeim hætti að mikil hætta hafi verið á því að hálka myndaðist. V vísar m.a. til dóms Hæstaréttar í máli nr. 538/2008. V telur því að ósannað að slys M verði rakið til saknæmrar háttsemi starfsmanna B eða annarra hluta sem hann ber ábyrgð á.

Álit.

Ekki hefur verið sýnt fram á að eigandi B hafi vanrækt skyldur sínar sem verslunar- og fasteignaeigandi varðandi það að tryggja öryggi viðskiptavina og annarra gangandi vegfarenda að verslun sinni í umrætt sinn. Þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík 30.9.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 264/2014**M
og
váttryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.****Starfsmaður varð fyrir meiðslum er hann rakst í gálga á gámalyftara.****Gögn.**

135. Málskot, móttakið 27.8.2014, ásamt fylgigögnum.

136. Bréf X, dags 15.9.2014, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 28.3.2011 var M, starfsmaður V, staddur uppi á flutningsgámi er hann rak ennið í gálga aðvífandi gámalyftara og hlaut skurðsár á enninu.

Í málskoti er tildrögum slyssins í grófum dráttum lýst á þann veg að M hafi verið að aðstoða við að endurraða gámum á vinnusvæði V með aðstoð gámalyftara sem hafi verið fenginn að láni frá öðru fyrirtæki, A, ásamt stjórnanda. B, þáverandi framkvæmdastjóri V og yfirmaður M, hafi staðið á lyftaranum utan við stjórnhús hans og verið að leiðbeina stjórnandanum. M hafi verið uppi á einum gáminum til að undirbúa flutning hans og hafi hann kropið við vinnu sína. Þegar hann hafi staðið upp hafi gámalyftarinn komið aðvífandi og gálgi hans rekist í enni M með fyrrgreindum afleiðingum. Búið hafi verið að flytja nokkra gáma þegar slysið gerðist og allir viðkomandi hafi átt að vita af M uppi á gáminum. M hafi á hinn bóginn verið ómeðvitaður um að lyftarinn hafi verið að nálgast hann.

Slysinu og tildrögum þess er lýst á svipaðan veg í tilkynningu um slysið til Sjúkratrygginga Íslands, dags. 19.1.2012, tilkynningu um slysið til váttryggingafélags, dags. 16.8.2012, sem og tveimur samlhljóða yfirlýsingum tveggja starfsmanna sem kváðust hafa verið vitni að slysinu, dags. 14. og 27.3.2013.

M kveður slysið mega rekja til saknæmrar háttsemi stjórnanda vinnulyftarans og B, en V beri ábyrgð á hinni saknæmu háttsemi þeirra á grundvelli reglna skaðabótaréttarins um vinnuveitendaábyrgð. Að auki hafi við framkvæmd verksins ekki verið gætt nánar tilgreindra ákvæða í lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum sem eimnkum varða verkstjórn og öryggi við framkvæmd verksins. Hefur M krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

X hefur hafnað bótaskyldu. Það kveður atvik hafa verið með öðrum hætti en M hefur lýst. Unnið hafi verið við að koma fyrir gámum sem V hafði keypt af A, en niðurröðun gámanna á athafnasvæði V hafi verið innifalin í kaupverðinu. Því hafi gámalyftari frá A verið notaður við verkið sem að auki var stjórnað af sérhæfðum starfsmanni A. Þá hafi B lýst atvikum nánar þannig að lyftarinn hafi verið á mjög lítilli ferð og M hafi í raun sjálfur gengið á gálgann er hann hugðist losa gám. Þá hafi B staðið hinum megin við gáminn er atvikið átti sér stað en ekki á lyftaranum.

Álit.

Engin samtímagögn liggja fyrir um slysið eða lýsingu á því hvernig það bar að höndum. Aðila greinir á um tildrög slyssins og orsök þess. Tilkynning til Sjúkratrygginga Íslands

er undirrituð af hálfu V með fyrirvara um að sá er undirritaði tilkynninguna fyrir hönd V hafi ekki verið á staðnum og ekki vitað um tildrög slyssins. Hvorki M né aðrir sem borið geta um málsatvik hafa gefið sjálfstæðar skýrslur hjá lögreglu eða fyrir dómi. Af fyrirbyggjandi gögnum, sem M byggir kröfu sína á, verður ekki talið svo sannað sé að M hafi slasast vegna vangár stjórnanda lyftarans, ófullnægjandi verkstjórnar eða annarra atvika sem V getur borið ábyrgð á. Af þeim sökum fæst líkamstjón hans ekki bætt úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 3. október 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 265/2014**M****og****vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðar.****Ágreiningur um skyldu vátryggingafélags til greiðslu læknisvottorðs.****Gögn.**

137. Málskot, móttækið 27.8.2014, ásamt fylgigögnum.

138. Bréf X, dags. 25.9.2014, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 4.12.2013 var bifreiðinni A ekið aftan á bifreið sem M ók. Hún leitaði til heimilislæknis á heilsugæslustöð 6.12.2013 og 6.1.2014. Í læknisvottorði eftir síðari heimsóknina segir að M hafi ekki verið slæm í byrjun en versnað svo. Stífleiki hafi verið í hálsi og verkur hafi verið niður herðar og og fram í hægri öxl og niður hægri handlegg. Hún hafi sjálf verið að hreyfa sig og tekið bólgueyðandi lyf, en það ekki dugað til. Einnig hafi hún verið að finna fyrir slæmu tannkuli og farið til tannlæknis sem hafi sent hana til rótarsérfræðings. Hún hafi verið rannsökuð af honum og hann talið hana undirlagða af bólgum í vöðvum á hálsi og kjálka og bitvöðvum eftir slysið. Var M ráðlagt að fara í sjúkrahjálfun og fékk hún beiðni þar um.

Hún leitaði einnig til bæklunarskurðlæknis og kom til skoðunar hjá honum 9.4.2014. Í vottorði læknisins, dags. 4.6.2014, segir m.a. að M hafi verið að snúa sér í bílnum og þá fundið fyrir miklum verkjum út í hægri hendi. Verki leiði út í báðar hendur og verkir komi fram í andlitsbein og þurfi nálarstungur til að minnka verki. Henni hafi batnað heldur í andlitinu, en verki leiði niður hendi og að olnbogum báðum megin „radialt“ eða þumalfingursmegin.

Hinn 9.5.2014 kom M til skoðunar hjá B, heila- og taugaskurðlækni. Fyrir liggur læknisvottorð hans, dags. 17.6.2014, sem er sagt skrifað að ósk lögmanns M. Í vottorðinu er lýst þeirri lækni meðferð sem M hafði fengið eftir slysið hjá heimilislækni, tannlækni og sjúkrahjálfa auk þess sem gerð er grein fyrir því sem fram kom við skoðun hjá bæklunarskurðlækninum. Þá er vikið að fyrra heilsufari M, námi störfum og félagsstörfum hennar, heilsufarslegu ástandi hennar við skoðunina auk þess sem fram kom við líkamsskoðun. Undir lok vottorðsins í kafla undir fyrirsögninni „Samantekt og niðurstaða“ segir svo: „[M] sem hefur eldri sögu um tímabundin óþægindi í hálsi og herðum fær slæman hálshnykk við aftanákeyrslu í desember síðastliðnum. Þrátt fyrir umtalsverða meðferð er hún með stöðug einkenni frá hálsi, kjálkum, herðum og efsta hluta brjósthryggjar.“ Loks er í vottorðinu svarað tveimur spurningum lögmanns. Annars vegar hverjar séu afleiðingar slyssins og er svar B að afleiðingarnar séu slæmur hálshnykkur. Hins vegar hverjar framtíðarhorfurnar séu. Því svarar B að þrátt fyrir umtalsverða meðferð hafi á hálfu ári einungis tekist að milda einkennin.

M hefur farið þess á leit að X sem ábyrgðartryggjandi A greiði kostnað vegna læknisvottorðs B að fjárhæð 70.000 krónur samkvæmt fyrirliggjandi reikningi. X hefur hafnað að greiða kostnað þennan.

Álit.

Kostnaður tjónþola við öflun gagna til að sýna fram á bótaskyldu þess er hann krefur um bætur og fjárhæð bóta áður en dómsmál er höfðað telst til sjúkrakostnaðar í skilningi 1. mgr. 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Er þá um að tefla öflun gagna sem nauðsynleg eru í þeim tilgangi að sýna fram á bótaskyldu og umfang tjóns. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að M hafi leitað til B samkvæmt tilvísun frá öðrum lækni, svo sem heimilislækni sínum. Af fyrirliggjandi læknisvottorði B verður ekki ráðið að M hafi gengist undir læknisrannsóknir eða verið til læknismeðferðar hjá B vegna sjúkdómseinkenna af völdum slyssins. Þá sér þess heldur ekki stað í vottorðinu að fjallað sé um áverka þá sem M hlaut í slysinu umfram það sem fram kemur í öðrum vottorðum sem fyrir liggja í málinu. Að öllu virtu hefur M ekki sýnt fram á nauðsyn þess að afla læknisvottorðs hjá B. Kostnaður M vegna vottorðsins fæst því ekki bættur úr ábyrgðartryggingu A hjá X.

Niðurstaða.

Kostnaður M vegna læknisvottorðs B bætist ekki úr ábyrgðartryggingu A hjá X.

Reykjavík, 21. október 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 266/2014

M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
vátryggingafélagið Y v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur á bifreiðastæði á Glerártorgi á Akureyri hinn 21.6.2014.**Gögn.**

139. Málskot, móttækið 26.8.2014, ásamt fylgigögnum.

140. Bréf X, dags. 2.9.2014, ásamt fylgigögnum.

141. Bréf Y, dags. 8.9.2014, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Bifreiðunum A og B var ekið aftur á bak úr stöðureitum sem snéru skáhallt á móti hvor öðrum á bifreiðastæðinu á Glerártorgi. Akleið er á milli stöðureitanna. Rákust þá saman afturendi A og aftanverð hægri hlið B.

Ökumaður A kvað báða ökumenn hafa verið að bakka og árekstur orðið.

Ökumaður B kvaðst hafa bakkað út úr stöðureitnum og verið að taka af stað áfram þegar A hafi verið bakkað á B.

Álit.

Meðal gagna málsins er myndskæði úr eftirlitsmyndavél á bifreiðastæðinu þar sem áreksturinn og aðdragandi hans kemur fram með skýrum hætti. Þar má sjá að A var ekið aftur á bak úr stöðureitnum, beygt til hægri miðað við akstursstefnu og stöðvuð á akleiðinni fyrir aftan A í þann mund sem B var ekið af stað aftur á bak úr stöðureitnum. Ekki verður um villst að A var kyrrstæð fyrir aftan A nokkra stund áður en áreksturinn varð. Samkvæmt 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal ökumaður, áður en hann ekur aftur á bak, ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþæginda fyrir aðra. Af myndskæðinu þykir nægilega í ljós leitt að ökumaður A hafði nægilegt ráðrúm til að stöðva áður en árekstur varð ef hann hefði hugað að ferðum ökutækja fyrir aftan sig eins og honum bar, sbr. téð ákvæði umferðarlaga. Til þessa verður áreksturinn rakinn og telst ökumaður A því eiga sök á honum. Ekki eru efni, eins og hér stóð á, til að leggja sök á ökumann B.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann A.

Reykjavík, 30. september 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 268/2014**M****V v/kaskótryggingar bifreiðarinnar X.****Tjón á bifreið vegna útafaksturs á Hellisheiði 11. júlí 2014.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 28. ágúst 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 5. september 2014 ásamt gögnum.
3. Tölvupóstur f.h. M dags. 10. september 2014.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu M til V kemur fram að hann hafi verið að keyra á Hellisheiði þegar framhjól bifreiðar hans brotnaði og bifreiðin fór út af. A málskoti má ráða að M telji að tjón á bifreiðinni hafi orðið á drifskaftri bifreiðarinnar við útafaksturinn og V eigi að greiða bætur vegna þess tjóns.

Nánar tiltekið telur M að þegar hjól á bifreið hans byrjaði að losna hafi hann misst stjórn á bifreiðinni og ekið útaf. Það hafi ekki verið fyrir en við útafaksturinn sem bifreiðin skall í jörðina og drifskaft hennar brotnaði. Þegar af þeirri ástæðu verði tjónið að teljast hluti af útafakstrinum.

V telur að tjón hafi orðið vegna áaksturs eða útafaksturs við það að bifreið M skall í götuna og dekk hennar þrýstist upp í hjólaskál. V kveðst hafa greitt bætur vegna þess tjóns en telur annað tjón hafa orðið áður en áakstur eða útafakstur átti sér stað og megi rekja það til bilunar eða slits bifreiðarinnar. V telur tjónið sem M krefur nú um rakið til þess að spindilkúlur bifreiðarinnar hafi brotnað sem hafi leitt til þess að dekkið losnaði frá og skemmdist er það losnaði frá öxullið og öxulenda, áður en bifreiðin lenti í götunni. V telur að misskilnings gæti um það að tjón hafi orðið á drifskaftri þar sem slíkt sé ekki í framhjólabúnaði bifreiðarinnar heldur snúist málið um tjón á spindilkúlum, öxullið og öxulenda.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um hvort tiltekið tjón á bifreið M hafi orðið við annað hvort áakstur eða útafakstur bifreiðarinnar á Hellisheiði 11. júlí sl. þannig að greiða eigi bætur úr kaskótryggingu bifreiðarinnar. M ber sönnunarbyrði um að tjón hafi orðið vegna tiltekinna tjónsatburða sem tilgreindir eru í vátryggingarskilmálum. Eins og atburðinum er lýst verður ekki annað séð en að atburðirnir geti annað hvort eða bæði verið áakstur eða útafakstur. Engin gögn liggja fyrir um eðli skemmda á bifreið M frá öðrum en honum sjálfum eða V, annað en einn reikningur frá bifreiðaverkstæði sem felur ekki í sér upplýsingar sem eru þess eðlis að þær upplýsi tímasetningar tjóns. Af gögnum málsins verður því ekki ráðið með fullri vissu hvort tjón það sem M telur að hann hafi ekki fengið bætt hafi orðið við það að bifreiðinni var ekið á eða útaf eða fyrir það. Telst því ekki sannað að tjón það sem M krefur nú um hafi orðið við annað hvort áakstur eða útafakstur.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu hjá V.

Reykjavík 30. september 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 269/2014
M og
V vegna slysatryggingar.

M krefst bóta úr slysatryggingu vegna slysa þ. 16.4.2014 eða fyrr.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 27.8.2014 ásamt fylgiskjölum 1-7 og viðbótarskýrslu.
2. Bréf V dags. 8.9.2014 ásamt fylgiskjölum 1-2

Málsatvik.

M er með slysatryggingu hjá V og krefst bóta vegna slysa sem hann hafi orðið fyrir. M segist hafa farið að finna fyrir verkjum undir hnéskel vinstri fótar samkvæmt tilkynningu um slys sem móttakin var af V þ. 2.5.2014. Þá lagðist M inn á sjúkrahús þ. 16.7.2014 vegna langvarandi blóðsýkingar. M segist hafa orðið fyrir slysi, sári á hendi sem hafi valdið sýkingu á blóðrás og orðið var við bólgu og síðar roða/sýkingu á vinstri rist og síðar hafi komið bólga/sýking fyrir ofan vinstri hnéskel og í júní hafi hann fengið heiftarlegan sting í bakið. V hafnar bótaskyldu og vísar til ódagsettrar tilkynningar M varðandi verki í hnéskel en þá tali M um að það hafi orðið þ.16.4.2014 eða fyrr. Einnig vísar V til áverkavottorðs dags. 8.5.2014 þar sem segir að ekki hafi verið um slys að ræða heldur sýkingu í húð. V vísar til greinargerðar M og þar liggja ekkert fyrir um að M hafi orðið fyrir slysi og ekkert sem bendi til þess miðað við læknisfræðileg gögn málsins.

Álit.

Ekki liggja fyrir nein læknisfræðileg gögn eða önnur gögn sem sýna fram á að M hafi orðið fyrir slysi eða slysum og líkamstjóns hans sé rakið til þess háttar atburðar. Það atvik sem M lýsir í tjónstilkynningu sinni að hafi átt sér stað „16. apríl 2014 eða fyrr“ verður ekki talið uppfylla skilyrði skilgreining á orðinu slys skv. gr. 2.2. í vátryggingarskilmálum almennrar slysatryggingar M. Þar sem ekki er sýnt að umrædd skilyrði, um skyndilegan utanaðkomandi atburð og að slíkur atburður valdi meiðslum á líkama, séu uppfyllt á M ekki rétt á bótum úr slysatryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 30.9.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 270/2014
M
og V vegna slysátryggingar ökumanns A.

Umferðaróhapp á Suðurlandsbraut 10. maí 2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið 29. ágúst 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 15. september 2014 ásamt gögnum.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu vegna umferðaróhapps M kemur fram að hann hafi ekið bifreið A vestur Suðurlandsbraut, misst stjórn á bifreiðinni og ekið á strætóskýli. Miklar skemmdir voru á bifreiðinni og strætóskýlinu þegar lögregla kom á vettvang skv. myndum sem birtar eru í lögregluskýrslu. Þar kemur einnig fram að óhappið hafi átt sér stað síðdegis og akbraut hafi verið blaut þó ekki hafi verið rigning þegar lögreglan kom á staðinn. Hámarkshraði sé 60 km/klst og nokkur umferð hafi verið á vettvangi eftir að lögregla kom þangað. Engin hemlaför mældust á akbrautinni en í því samhengi er þó tekið sérstaklega fram að akbraut hafi verið blaut og bifreið A búin ABS hemlabúnaði.

V féllst á bótaskyldu úr kaskótryggingu bifreiðarinnar en taldi að M hafi sýnt stórkostlegt gáleysi við aksturinn og því ætti að skerða bætur til hans um þriðjung. Í máli nr. 255/2013 komst þessi nefnd að sömu niðurstöðu.

M bendir á í málskoti sínu að það gildi ekki sömu sjónarmið um stórkostlegt gáleysi í kaskótryggingum eins og slysátryggingu ökumanns þar sem verndarhagsmunirnir séu mismunandi, annars vegar tjón á munum hins vegar líkamstjón. Því eigi ekki að afgreiða mál M nú eins og mál nr. 255/2013. M telur að V beri sönnunarbyrði um stórkostlegt gáleysi M og akstur M hafi ekki verið alvarlegt brot á umferðarlögum þó lagt sé til grundvallar að hann hafi ekið á 86 km/klst hraða. Einnig mótmælir M því að hætta hafi verið á því að gangandi vegfarendur væru þarna á ferðinni. Einnig bendir M á að ekki sé hægt að leggja til grundvallar hraðaútreikninga sem aflað var einhliða og að engin sérstök rannsókn hafi átt sér stað af hálfu lögreglu á vettvangi.

V telur að það verði að leggja til grundvallar frásögn M í lögregluskýrslu þar sem hann lýsir aðstæðum þannig að hann hafi ekið á 80-90 km/klst, en sá ökuhraði hafi einnig komið fram í lýsingu hans á óhappinu þegar hann lýsti því á slysadeild. V telur að M hafi sýnt stórkostlegt gáleysi við akstur bifreiðarinnar A og með vísan til gr. 30 í skilmálum slysátryggingar ökumanns og l.mgr. 90.gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 sé félaginu heimilt að takmarka ábyrgð sína um þriðjung. V vísar fyrst og fremst til þess að ökuhraði M hafi verið of mikill miðað við aðstæður þar sem hámarkshraði er 60 km/klst og sé sá hámarkshraði miðaður við bestu mögulegu aðstæður. V telur það að aka á 80-90 km/klst á vettvangi sé óforsvaranlegt og sá ökuhraði og aksturslag M sé stórkostlegt gáleysi í skilningi umræddra ákvæða. V vísar einnig til hraðaútreiknings sem það lét framkvæma sem þar sem kemur fram að líklegur ökuhraði A hafi verið 86 km/klst.

Álit.

Það að hugtakið stórkostlegt gáleysi hafi aðra merkingu í skilningi kaskótryggingar en þegar um er að ræða vátryggingu eins og slysátryggingu ökumanns er haldlaus staðhæfing af hálfu lögmans. Að því sögðu tekur umfjöllun um þetta málskot að öllu leyti mið af umfjöllun nefndarinnar í máli nr. 255/2013.

Þar kemur fram að ágreiningur málsins snýr að því hvort háttsemi M þegar hann missti stjórn á bifreið sinni á Suðurlandsbraut hafi verið stórkostlega gálaus í skilningi gr. 30 í skilmálum slysáttryggingar ökumanns hjá V, sbr. heimild í 2.mgr. 27.gr. eða 1.mgr. 90.gr. laga um váttryggingarsamninga, en Hæstiréttur Íslands hefur vísað til beggja greina í umfjöllun um slysáttryggingu ökumanns, sbr. til dæmis Hrd. 44/2013. Til þess að V geti borið fyrir sig umrædd ákvæði þarf það að sýna fram á að háttsemi M hafi verið með þeim hætti, eins og fjallað er um í máli nr. 255/2013. Hér fer eftir rökstuðningur nefndarinnar sem ekki hefur breyst, enda hafa ekki verið lögð fram ný gögn eða færð fram rök sem breyta afstöðu hennar til þess að háttsemi M teljist stórkostlegt gáleysi, eins og áður segir.

Í málinu liggja fyrir sönnunargögn um að bifreið M hafi verið ekið af nokkrum hraða út af Suðurlandsbraut og á strætóskýli við götuna og við það hafi orðið talsvert eignatjón. Þegar litið er til gagna málsins verður að leggja til grundvallar að haft var eftir M sjálfum að hann hafi ekið á 80-90 km/klst þar sem hámarkshraði er 60 km/klst. Þó ekki verði litið til hraðaútreiknings sem V aflaði einhliða sem sjálfstæðs sönnunargagns verður þó ekki litið framhjá því að niðurstaða hans er í nokkru samræmi við þá skýrslu M sjálfs. Skýringar M á því að hann hafi ekið hægar er síður hægt að leggja til grundvallar sökum þess að þær koma síðar fram og verður þá einnig horft til þess að enga stoð er hægt að finna í gögnum málsins sem styðja samhliða fullyrðingar M um að annarri bifreið hafi verið ekið í veg fyrir hann, hvorki hjá vitni eða í öðrum gögnum. Ekki þykir heldur sýnt M hafi borið ranglega í fyrstu um ökuhraða sinn vegna andlegs áfalls.

Verður því lagt til grundvallar að M hafi ekið á 80-90 km/klst um Suðurlandsbraut rétt við gatnamót við Vegmúla. Akstur hans svo langt yfir heimiluðum hámarkshraða á þessum stað skammt frá gatnamótum og þar sem vænta mátti nokkurrar umferðar var háskalegur og telst stórkostlegt gáleysi í skilningi laga um váttryggingarsamninga. Telst V því geta takmarkað ábyrgð sína að hluta.

Við mat á því hversu mikið V getur takmarkað ábyrgð sína þarf að líta til þeirrar sakar M að hafa ekið of hratt miðað við aðstæður og þar sem mátti vænta umferðar, bæði bifreiða á akbrautinni og gangandi vegfarenda við akbrautina. Hins vegar kemur fram í lögregluskýrslu að sérfræðingar á vegum lögreglu, sem komu á vettvang umferðaróhappsins, treystu sér ekki til að fullyrða að um ofsakstur hafi verið að ræða þó þeir hafi metið það svo að ekið hafi verið yfir leyfilegum hámarkshraða. Með hliðsjón af þessum sjónarmiðum gerir nefndin ekki athugasemdir við þá afgreiðslu V að takmarka ábyrgð sína úr slysáttryggingu ökumanns um þriðjung.

Niðurstaða.

M á rétt á 2/3 hluta bóta úr slysáttryggingu ökumanns bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík 3. október 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 271/2014
M og
V vegna ábyrgðarliðar fjölskyldutryggingar.

Tölva skemmdist þegar vatn helltist yfir hana 2.6.2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 27.8.2014 ásamt fylgiskjölum 1-4
2. Bréf V dags. 9.9.2014 ásamt fylgiskjölum 1-3
3. Bréf M dags. 16.9.2014.

Málsatvik.

Forsvarsmaður M var í vinnutengdri heimsókn á heimili váttryggingataka og hafi haft tölvu opna á eldhúsborði heimilisins og 19 ára piltur sonur váttryggingartaka hafi sest við tölvuna án leyfis og sulað vatni úr glasi yfir hana og skemmt tölvuna. M krefst bóta úr ábyrgðarlið fjölskylduverndartryggingar húsráðanda. M segir að ljóst sé að um gáleysi hafi verið að ræða hjá piltinum að setjast án leyfis með fullt glas af vatni við nýja dýra tölvu en piltinum hafi mátt vera ljós hættan af slíku tiltæki. V hafnar bótaskyldu og telur að váttryggður hafi ekki sýnt af sér gáleysislega hegðun þegar hann settist við eldhúsborðið með vatnsglas og ekki sýnt af sér saknæma háttsemi í aðdraganda tjónsins. Þá telur V að skilyrði sakarreglunnar um að tjónið teljist sennilega afleiðing af háttsemi váttryggðs séu ekki fyrir hendi.

Álit.

Sú háttsemi að setjast við eldhúsborð með glas af vatni, jafnvel þó að talva sé opin á borðinu, getur almennt ekki talist gáleysisleg hegðun. Ekki hefur í málinu verið sýnt fram á sök váttryggðs heldur verður það rakið til óhappatilviks. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðarlið fjölskyldutryggingar váttryggingartaka hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðarlið fjölskyldutryggingar váttryggingartaka hjá V.

Reykjavík 3.10.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 272/2014**M****og****vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B****og****X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.****Árekstur á bifreiðastæði við veitingastaðinn KFC í Skeifunni í Reykjavík þann 1.8.2014.****Gögn.**

142. Málskot, móttakið 1.9.2014, ásamt fylgigögnum.

143. Tölvuskeyti X, dags 22.9.2014, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Bifreiðinni A var ekið aftur á bak til suðurs úr stöðureit sem liggur ásamt öðrum slíkum reitum þvert á sérstaka akleið sem liggur um bifreiðastæði við veitingastaðinn KFC að sölulúgu að sunnanverðu á byggingu þeirri sem hýsir veitingastaðinn. Akstursörvar eru á yfirborði akleiðarinnar sem beina umferð um hana til vesturs í átt að sölulúgunni. Í sömu andrá og A var ekið aftur á bak úr stöðureitnum var bifreiðinni B ekið til austurs eftir akleiðinni og rákust þá saman miður afturendi A og vinstra frambretti B.

Í skýrslu um áreksturinn, sem gerð var á vettvangi, kvaðst ökumaður A hafa bakkað úr stöðureitnum og verið búinn að horfa aftur fyrir sig eftir umferð, en ekki dottið í hug að bifreið myndi koma úr þeirri átt sem B kom á móti vegmerkingum.

Í sömu skýrslu kvaðst ökumaður B hafa komið yfir kantinn frá Bílaleigu Akureyrar og farið austur bifreiðastæðið hjá KFC til að leita að útgönguleið þegar A hafi verið bakkað úr stöðureitnum og lent á B. Í málskoti kemur fram hjá ökumanni B að hann hafi ekið inn á bifreiðastæðið hjá KFC vegna þess að akleiðin á lóð Bílaleigu Akureyrar hafi verið lokað af flutningabíl sem hafi verið laggt þvert yfir akleiðina.

Álit.

Ökumaður B komst ekki leiðar sinnar þar sem hann var staddur á næstu lóð fyrir vestan KFC vegna flutningabíls sem lokaði akleiðinni þar. Brá hann þá á það ráð að aka yfir kantstein og inn á akleið á bifreiðarstæði við KFC þar sem hann ók á móti akstursörvum á yfirborði akleiðarinnar. Eins og aðstæðum er háttað, þar sem áreksturinn varð, verður við það að miða að ökumaður A hafi ekki þurft að eiga von á bifreið úr þeirri átt sem B kom. Verður áreksturinn því aðallega rakinn til þess að ökumaður B ók á móti akstursörvunum og telst hann eiga meginsök á árekstrinum. Þegar litið er til þess að A var bakkað úr stöðureit og að afturendi hennar rakst á vinstra frambretti B þykir ökumaður A ekki að öllu leyti hafa gætt þeirrar varúðar sem af honum mátti krefjast. Á hann einnig nokkra sök á því hvernig fór. Eftir atvikum öllum telst rétt að skipta sök þannig að ökumaður B, NZ-464, beri 2/3 hluta sakar og ökumaður A, PA-327, beri 1/3 hluta sakar.

Niðurstaða.

Leggja ber 2/3 sakar á ökumann B og 1/3 sakar á ökumann A.

Reykjavík, 3. október 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 273/2014
M og
V-1 vegna bifreiðarinnar A og bifreiðarinnar B
og V-2 vegna bifreiðarinnar C.

Árekstur bifreiða á Hallsvegi þ. 18.8.2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 3.9.2014 ásamt fylgiskjölum 1
2. Bréf V-1 dags. 10.9.2014 ásamt fylgiskjali 1-2
3. Bréf V-2 dags. 21.8.2014.
4. Bréf M dags. 9.10.2014.

Málsatvik.

Ökumaður A tók ólöglega U beygju á Hallsvegi. Ökumaður B snögghemlaði vegna þessa og tókst að koma í veg fyrir árekstur við A, en ökumaður C náði ekki að stöðva bifreið sína og lenti hún aftan á B. Ökumaður A segist hafa tekið ólöglega U beygju í umrætt sinn. Ökumaður B segist hafa ekið á um 10 km. hraða þegar A var skyndilega beygt í U beygju án þess að nein merki væru gefin um þá fyrirætlan. Ökumaður C segist hafa ekið á um 10 km. hraða og búist við að umferðin gengi með eðlilegum hætti, en síðan hafi ökumaður B snögghemlað og hafi ökumaður C ekki náð að hemla í tæka tíð og árekstur orðið.

Álit.

Ökumaður A beygði til vinstri yfir óbrotna línu til að taka U beygju, án þess að gefa stefnumerki og ber því sök á árekstrinum. Ökumaður B þurfti að snögghemla vegna aksturslags ökumanns A, en þá lenti C aftan á B. Ökumaður C gætti þess ekki að hafa nægjanlegt bil á milli bifreiða sbr. 3. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og ber því einnig sök á árekstrinum. Við mat á sakarskiptingu þykir rétt að leggja helming sakar á ökumann A og helming sakar á ökumann C.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber helming sakar og ökumaður C ber helming sakar.

Reykjavík 28.10.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 274/2014

M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
vátryggingafélagið Y v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur í hringtorgi á gatnamótum Ánanausta, Fiskislóðar, Grandagarðs og Mýrargötu.

Gögn.

144. Málskot, móttakið 4.9.2014, ásamt fylgigögnum.

145. Bréf Y, dags. 9.9.2014, ásamt fylgigögnum.

146. Bréf X, dags 18.9.2014, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 8.8.2014 var bifreiðinni A ekið á vinstri akrein (innri hring) í hringtorgi á gatnamótum Ánanausta, Fiskislóðar, Grandagarðs og Mýrargötu í Reykjavík. Er bifreiðinni var beygt til hægri út úr hringtorginu áleiðis inn á Ánanaust til suðvesturs, var bifreiðinni B ekið á hægri akrein (ytri hring) yfir þá akrein sem A var ekið eftir út úr hringtorginu. Rákust þá saman hægra framhorn A og framanverð vinstri hlið B.

Í viðbótarskýrslu ökumanns A kemur fram að hann hafi verið að aka í hringtorginu í innri hring og verið að beygja til hægri út úr torginu þegar B hafi verið beygt til vinstri á ytri akrein og ekið í veg fyrir A. Ökumaðurinn gat þess ekki í skýrslunni hvar hann ók inn í hringtorgið. Eigandi og vátryggingartaki A mun síðar á skrifstofu vátryggingarfélags síns hafa teiknað inn á skýrsluna uppdrátt af hringtorginu og fært inn á hann afstöðu bifreiðanna á árekstrarstað og leiðarör sem sýndi að A hafi verið ekið inn á hringtorgið frá Fiskislóð. Síðar kvað vátryggingartaki það hafa byggst á misskilningi hans og ökumanns A að bifreiðin hafi komið frá Fiskislóð heldur hafi hún komið frá Grandagarði inn í hringtorgið. Mun þá hafa verið krotað yfir fyrrgreinda leiðarör á uppdrættinum.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið inn í hringtorgið frá Fiskislóð og ætlað út úr því á Mýrargötu. Hann kvaðst ekki hafa séð A fyrir en hún kom í hlið B. Hafi A verið „akkurat í blindspottinu.“

Álit.

Eigandi A gaf þá lýsingu á tildrögum árekstursins með uppdrætti af árekstrarstað að A hafi komið inn á hringtorgið frá Fiskislóð, þ.e. þeim gatnamótum sem eru næst á undan gatnamótunum við Ánanaust þegar ekið er um hringtorgið. Verður að telja að eigandi bifreiðarinnar sé bundinn af þessari lýsingu á ferðum A í hringtorginu nema sýnt sé fram að hún sé röng. Sú sönnun hefur ekki tekist. Við úrlausn málsins verður því við það að miða að A hafi verið ekið inn á vinstri akrein hringtorgsins frá Fiskislóð og síðan ekið áleiðis út úr því við næstu gatnamót við Ánanaust. Með því að ökumaður A hugðist beygja til hægri út úr hringtorginu strax við fyrstu gatnamót bar honum að velja þá akrein sem lengst var til hægri, sbr. 1. mgr. 15. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Með því að

hafa valið ranga akrein að þessu leyti telst ökumaður A eiga nokkra sök á árekstrinum. Ökumaður B ók yfir akreinalínu í veg fyrir akstursleið A út úr hringtorginu. Þá vissi ökumaður B ekkert af ferðum A áður en árekstur varð. Hann á einnig talsverða sök á því hvernig fór. Eftir atvikum öllum þykir rétt að skipta sök þannig að hvor ökumanna beri helming sakar.

Niðurstaða.

Hvor ökumanna ber helming sakar.

Reykjavík, 28. október 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 275/2014
M
og V v/ slysatryggingar launþega R.

Takmörkun ábyrgðar vegna stórkostlegs gáleysis vegna slyss við vinnu 20. desember 2010.

Gögn.

1. Málskot móttakið 2. september 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 25. september 2014.

Málsatvik.

Í málskoti koma ekki fram samtímagögn um líkamstjón M en málsatvikum er lýst í málskotinu sjálfu og bréfi V. Í grundvallaratriðum virðist ekki vera ágreiningur um að M hafi slasast þegar hann, í starfi sínu sem rafvirki, fór á vegum vinnuveitanda síns til að laga rafkerfi í vélarrúmi skips sem var í slipp. Þegar hann var þar staddur hafi hann þurft að stíga á mjóan járnbita til að komast að rafmagnstöflu skipsins og við það hafi hann dottið og slasast. Ágreiningur er milli M og V hvort sú háttsemi M hafi verið stórkostlegt gáleysi af hans hálfu og hvort það leiði til þess að V geti takmarkað ábyrgð sína um þriðjung úr slysatryggingu launþega vegna afleiðinga slyssins.

M telur að slysið megi rekja til þess að verki hans var flýtt af hálfu R og þess sem um það bað án þess að vinnuáðstæður M væru tryggðar. Það hefði verið hægt að gera t.d. með því að setja upp brýr og handrið á þeim stað sem M þurfti að ganga um. M telur einnig að verkstjórn hafi verið ábótavant og aðstæður á vettvangi hafi alfarið verið á ábyrgð ofangreindra aðila. Þar að þeir hafi ekki sinnt skyldum sínum sé yfirgnæfandi þáttur í orsök slyssins þegar borið er saman við skyldur M við vinnu verksins og verði hann því ekki talinn hafa sýnt stórkostlegt gáleysi við vinnu sína.

V telur að það sé ósannað að verki því sem M hafi verið að sinna hafi verið sérstaklega flýtt og bendir á að R telji að verkstjórnarleg ábyrgð vegna verksins hafi verið hjá þeim sem bað um að verkið yrði framkvæmt en ekki hjá R. V bendir á að M hafi ákveðið að fara mjög þrönga leið að rafmagnstöflu skipsins með vasaljós í hendi og gert það þannig að hann hafi þurft að fíkra sig eftir sjö sentimetra breiðum (mjóum) járnbita til að komast að töflunni og tilbaka. Slík ákvörðun, sem hafi verið alfarið í höndum M, hafi falið í sér stórkostlegt gáleysi af hans hálfu en honum hefði verið í lófa lagið að bæta aðstæður eða biðja um að það yrði gert. Einnig bendir V á að M hafi að einhverju leyti verið ljóst að honum kynni að vera hætta búin af því að rafmagn færi þar sem hann hafi tekið með sér vasaljós en heppilegra hefði verið að vera búinn höfuðljósi í þetta þröngum aðstæðum.

Álit.

Í málinu er ágreiningur einskorðaður við það hvort M hafi sýnt stórkostlegt gáleysi við vinnu sína hjá R þannig að takmarka beri bótagreiðslur til hans um þriðjung skv. heimild í 1. mgr. 90. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Til þess að um stórkostlegt gáleysi sé að ræða þarf M að hafa sýnt háttsemi sem víkur verulega frá þeirri háttsemi sem ætlast má til af honum við þær aðstæður sem uppi voru. Þar sem um takmörkun ábyrgðar váttryggingafélags er að ræða skv. tilvitnuðu ákvæði laga um váttryggingarsamninga ber V sönnunarbyrði fyrir því að um slíka háttsemi hafi verið að ræða af hálfu M. Þó lýsingar af vettvangi bendi til þess að aðstæður hafi verið erfiðar verður ekki fullyrt m.v. þau gögn sem lögð hafa verið fram að M hafi sýnt stórkostlegt gáleysi þegar hann var að fíkra sig eftir járnbita sem lá að og frá rafmagnstöflu í vélarrúmi skipsins sem hann var að vinna í. Þó taka megi undir sjónarmið V um að um gáleysislega háttsemi hafi verið að ræða hjá M þá telst ekki sýnt að háttsemi hans hafi verið þess

eðlis að hún hafi vikið verulega frá því sem ætlast mátti til. Hallann af sönnunarskorti um það ber V. M á því rétt á fullum bótum úr slysatryggingu launþega hjá V.

Niðurstaða:

M á rétt á fullum bótum úr slysatryggingu launþega R hjá V.

Reykjavík 21. október 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 276/2014
M
og V v/ slysatryggingar sjómanna.

Líkamstjón við vinnu dags. 17. apríl 2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið 3. september 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 18. september 2014 ásamt gögnum, slysatilkynningum og læknisvottorðum.

Málsatvik.

Í málskoti liggur fyrir lýsing M af aðdraganda líkamstjóns hans en hann kveðst hafa verið að vinna við lestun skips við Grundartanga og hafi þurft að stíga niður af vinnupalli niður á dekk á milli lesta skipsins þegar hann lenti með fótinn á járn/kanti með þeim afleiðingum að fótur hans snérist mjög illa undan honum. Kanturinn sem hann hafi lent á hafi verið samlitur öðru og þess vegna hafi M ekki getað varast hann. M vísar einnig til tölvupósts þar sem vitni staðfestir samhljóða lýsingu. Í málinu liggur einnig fyrir slysaskýrsla Eimskips dags. 17. apríl 2012 sem og tilkynning til Sjúkratrygginga Íslands dags. 29. maí 2012, sem M skrifar sjálfur undir, þar sem kemur fram að hann hafi misstigið sig illa við lúgukarm milli lesta.

M telur að skilyrði um utanaðkomandi atburð séu uppfyllt þar sem hann hafi stigið á járn/kant þegar hann bjóst við að lenda á sléttum fleti og þannig hlotið líkamstjón. Þannig sé skilyrði slyshugtaks vátryggingaréttar um utanaðkomandi atburð uppfyllt. Einnig vísar M til ákvæða kjarasamninga máli sínu til stuðnings.

V telur að það verði að leggja til grundvallar lýsingar af tjónsatburðinum sem fyrst hafi legið fyrir en þar sé honum lýst þannig að M hafi misstigið sig. Það hafi ekki verið fyrr en í desember 2013 sem seinni lýsingar um að M hafi stigið á járn eða kant, eða eftir að V hafi hafnað bótaskyldu. Einnig vísar V til læknisvottorða þar sem sambærilegar lýsingar af misstigi eru hafðar eftir M í fyrirbyggjandi læknisvottorðum. Einnig vísar V til dóma og úrskurða nefndarinnar í nokkrum málum.

Álit.

Á M hvílir sönnunarbyrði um að líkamstjón hans megi rekja til skyndilegs, utanaðkomandi atburðar í skilningi vátryggingarskilmála sem skilgreina slys með þeim hætti. Ekki verður litið sérstaklega til orðalags kjarasamninga í þessu sambandi þar sem ákvæði vátryggingarskilmála er skýrt. Þegar litið er til fyrstu skýrslna M um aðdraganda líkamstjónsins verður að leggja til grundvallar að það verði ekki rakið til annars en misstigs og þar af leiðandi ekki til utanaðkomandi atburðar í skilningi slyshugtaks vátryggingaréttarins heldur til innra ástands í líkama M.

Niðurstaða:

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu sjómanna hjá V.

Reykjavík 3. október 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 278/2014
M og
V vegna ferðatryggingar.

Afbókun ferðar vegna veikinda þ. 20.5.2014

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. ásamt fylgiskjölum 1-3
2. Bréf V dags. 9.9.2014. ásamt fylgiskjölum 1-2.

Málsatvik.

M keypti farmiða með flugfélagi en þurfti að afbóka hana vegna spengingar á hálsliðum vegna brjós-kloss sem að M taldi að mundi hafa gengið til baka þegar ferðin yrði farin. M telur skilmála ferðarofstryggingar vera óréttmæta og ekki sé nægjanlega tekið tillit til aðstæðna eins og þeirra sem hér ræðir um. V hafnar bótaskyldu og segir að veikinda M hafi fyrst orðið vart 20.maí 2014 en farmiðinn hafi verið keyptur þ. 4. júní 2014. Veikindi M hafi því verið til staðar þegar ferðin var keypt og því sé ekki um bótaskyld tjón úr ferðatryggingu M hjá V að ræða.

Álit.

Samkvæmt læknisvottorði dags.11.8.2014, varð veikinda M, brjós-klos, fyrst vart 20. maí 2014. Brjós-klosið var með versnandi einkennum frá miðjum júní 2014 sem leiddi til spengingaraðgerðar 4. júlí 2014 og M því ekki talin ferðafær fyrr en um miðjan september 2014 en hafði keypt farmiða með fyrirhugaðri brottför þ.24. ágúst 2014. M gat því ekki farið umrædda ferð af því að hann var ekki ferðafær á þeim tíma. Farmiðann keypti M þ. 4. júní 2014, en á þeim tíma voru veikindi hans sem leiddu til þess að hann gat ekki nýtt farmiðann til staðar. Samkvæmt ákvæðum vátryggingaskilmála ferðarofstryggingarinnar þá er ferðarof vegna veikinda sem eru til staðar þegar farmiði er keyptur ekki bótaskyldt úr ferðatryggingunni. M á því ekki rétt á bótum úr ferðatryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ferðatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 3.10.2014

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 279/2014**M****og****vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðar.****Ágreiningur um líkamstjón (orsakatengsl) eftir bifreiðaárekstur.****Gögn.**

147. Málskot, móttakið 4.9.2014, ásamt fylgigögnum.

148. Bréf X, dags. 23.9.2014, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 6.3.2013 var bifreiðinni A ekið aftan á bifreið sem M ók með þeim afleiðingum að bifreið M kastaðist aftan á aðra bifreið sem var fyrir framan hana. Í skýrslu sem útbúin var degi síðar um áreksturinn kemur fram að snjócoma hafi verið og þungfært þegar áreksturinn varð. Tekið er fram í skýrslunni að M hafi slasast við áreksturinn.

Hinn 26.8.2013 leitaði M til heimilislæknis. Fyrir liggur vottorð læknisins skráð á sérstakt eyðublað. Af eyðublaðinu að dæma virðist það fremur vera beiðni um sjúkraþjálfun en beinlínis læknisvottorð. Vottorðið er dags. 26.8.2013. Þar kemur fram að M hafi lent í bílslysi í mars er ekið var „aftan á hana sem varð til þess að hún keyrði á næst.“ Einnig kemur fram að M hafi verið með höndina á gírstöng og fengið hnykk á höndina og hægri öxl. Hún hafi einnig fengið hnykk á hálsinn og strax verið með verki í hálsi og öxl og fram í hönd; stundum dofi fram í hönd „lat“. Varðandi skoðun sem læknirinn framkvæmdi á M segir svo í vottorðinu: „Hress. – Þrælaumur og spenntir vöðvar herðum paravert hálsi hæ. megin. Lítið eymsli yfir öxlinni. – Verkjar við flexion og hliðarbeygjur og rot í báðar áttir í hálsi og nokkuð skertar. – Provokation pos með verk og dofa út í hæ hendi – medial 2-3 fingur. Öxl nokkuð ok – verkjar bara í herðum við abd og flexion þar – inn- og útrot nokkuð ok – Taugaskoðun – subj. hypersensibilitet mediant framhandlegg.“ Var álit læknisins að M þjádíst af hálstögnun með spurningu um lítið brjósklos í hálsi. M leitaði einnig til heimilislæknisins 10.2.2014 og í kjölfarið fór M í segulómsskoðun af hrygg. Mun rannsóknin hafa leitt í ljós slitbreytingar í hálsliðum og væga þrengingu að „foramen“ vinstra megin.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá Vátryggingafélagi Íslands hf. (hér eftir nefnt X). Í tjónstilkynningu til X lýsir M meiðslum sínum og einkennum á þann veg að hún hafi eymsli aftan í hálsi, meira hægra megin, leiðni í axlir og fram í hægri handlegg og fingur. Með bréfi X, dags. 12.9.2013, hafnaði X bótaskyldu.

Álit.

M varð fyrir því að ekið var aftan á fólksbifreið sem hún ók með þeim afleiðingum að bifreið hennar kastaðist aftan á aðra bifreið fyrir framan hana. Nokkrar skemmdir er að sjá á vinstra fram- og afturhorni á bifreið þeirri sem M ók. Hún leitaði hins vegar ekki til læknis vegna þeirra einkenna sem hún kveður að rekja megi til umferðarslyssins fyrr en rúmum fimm og hálfum mánuði síðar. Takmarkaðra læknisfræðilegra gagna nýtur við í máli þessu og þau stafa einkum frá heimilislækni M. Engin matsgerð liggur fyrir í málinu. Gegn mótmælum X verður ekki talið nægilega sannað af fyrirliggjandi gögnum að sjúkdómseinkennum M megi rekja til árekstursins 6.3.2013. Líkamstjón hennar telst því ekki bótaskyld úr ábyrgðartryggingu A hjá X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu A hjá X.

Reykjavík, 21. október 2014.

Póra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 280/2014
M
og V v/ sjúkdómatryggingar.

Gildissvið váttryggingarskilmála sjúkdómatryggingar vegna sjúkdóms í janúar 2014.

Gögn.

3. Málskot móttakið 8. september 2014 ásamt gögnum.
4. Bréf V dags. 16. september 2014, ásamt læknisvottorði dags. 8. apríl 2014.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu dags. 21. febrúar 2014 til V kemur fram að M kveðst hafa fengið kransæðasjúkdóm um miðjan janúar 2014 sem hafi leitt til skyndilegrar spítalalegu í lok sama mánaðar. Í váttryggingarskilmálum V kemur fram í 4.gr. að einn af þeim váttryggingaratburðum sem tilgreindur er þar er nefndur hjartaáfall (myocardial infarction). Einnig kemur fram að þar sé um að ræða drep í hluta hjartavöðvans vegna ófullnægjandi blóðflæðis til svæðisins. Skilyrði eru einnig eftirfarandi: „Greining skal staðfest af sérfræðingi og byggð á öllum eftirfarandi þáttum:

- a. sögu um dæmigerðan brjóstverk
- b. nýjum einkennandi hjartalínuritsbreytingum
- c. hækkun sértækra efnahvata hjartavöðva, trópóníns eða annarra lífefnavísa.

Undanskilið er:

- Hjartafleygdrep án ST-hækkunar (NSTEMI) með eingöngu hækkun trópóníns I eða T.
- Önnur bráð kransæðaeinkenni.
- Þögult hjartaáfall.“

M telur að umrædd skilyrði séu öll uppfyllt og vitnar til læknisvottorðs hjartalæknis M dags. 26. ágúst 2014 þar sem hann telur að þau komi öll fram og þeirra orða hjartalæknisins að um hafi verið að ræða dæmigerða kransæðastíflu með öllum þeim skilmerkjum sem henni fylgja, um hafi verið að ræða væga skemmd á hjartavöðva og hjartaensím hafi verið vægt hækkuð.

V telur að einkenni M og afleiðingar falli ekki undir gildissvið váttryggingarskilmála. V vísar til ákvæða 3. og 4.gr. váttryggingarskilmála og telur að sjúkdómsástand M falli ekki undir neinn af þeim skilgreindu sjúkdómum sem þar koma fram. V telur gögn málsins sýna að hjartalínurit M hafi ekki sýnt ST hækkunir og því hafi verið um svokallað NSTEMI hjartafleygdrep að ræða sem sé undanskilið sérstaklega í váttryggingunni.

Álit.

Í málinu liggja fyrir læknisfræðileg gögn sem lýsa sjúkdómsástandi M þegar hann leitaði læknis seint í janúarmánuði 2014 vegna kransæðasjúkdóms. Skilyrði bótaskyldu úr sjúkdómatryggingu M hjá V eru fyrst og fremst þau að sjúkdómur M falli undir einhvern af þeim váttryggingaratburðum (sjúkdómum) sem tilgreindir eru í váttryggingarskilmálum, sbr. aðallega gr. 4.gr. þeirra. Af afstöðu V verður ekki annað ráðið en að ekki sé ágreiningur um að skilyrði sjúkdómsins hjartaáfall séu uppfyllt m.t.t. þess að það hafi orðið drep í hluta hjartavöðva og skilyrði í liðum a.-c. séu uppfyllt. Um það hefur M sönnunarbyrði og verður ekki annað lagt til grundvallar en að M hafi mætt þeirri sönnunarbyrði með framlögðum gögnum. V hefur borið fyrir sig að undanþáguákvæði í skilmálum eigi við um mál M þar sem um hafi verið að ræða svokallað NSTEMI hjartafleygdrep án ST-hækkunar með eingöngu hækkun trópóníns I eða T. Þegar um undanþáguákvæði sem þessi er að ræða í váttryggingarskilmálum ber váttryggingafélag alla jafna

sönnunarbyrði um að skilyrði þeirra séu uppfyllt. Í afstöðu V er vísað til læknisfræðilegra gagna málsins og þau talin sýna að umrætt undanþáguákvæði eigi við. Þegar þau eru skoðuð kemur hvergi fram í þeim að um svokallað NSTEMI hjartafleygdrep án ST-hækkunar hafi verið að ræða. Ekki liggur heldur fyrir álit trúnaðarlæknis V sem vísað er til í gögnum málsins. Í ljósi þess að V ber sönnunarbyrði um að umrætt undanþáguákvæði eigi við verður að leggja hallann af þeim sönnunarskorti á V. M á því rétt á bótum úr sjúkdómatryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða:

M á rétt á fullum bótum úr sjúkdómatryggingu hjá V.

Reykjavík 28. október 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 281/2014
M
og V v/ slysatryggingar ökumanns bifreiðarinnar X.

Líkamstjón ökumanns bifreiðar 17. mars 2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið 8. september 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 26. september 2014.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að eiginmaður M var ökumaður vörubifreiðarinnar X sem lagt var við byggingarstað í Reykjavík. Samkvæmt frumskýrslu lögreglu var hún kvödd á staðinn vegna þess að ökumaður hafi fundist meðvitundarlaus við bifreiðina. Tveir menn voru á staðnum við vinnu þegar lögregla kom að, hvorugur þeirra sá hvað gerðist en þeir sögðust hafa heyrt dynk og álstiga falla. Tveir gangandi vegfarendur kváðust einnig hafa heyrt dynk og hugað að ökumanninum en af skýrslum þeirra verður heldur ekki ráðið hvað nákvæmlega gerðist. Þeir sem voru á vettvangi við vinnu báru báðir um að álstiginn hafi legið við hliðina á ökumanninum þegar þeir hafi komið að sem og að þeir hafi fjarlægt fjarstýringarbelti sem hafi verið utan um hann. Ökumaðurinn var fluttur á sjúkrahús en meiðsli talin minniháttar. Lögregla fékk síðan upplýsingar um það daginn eftir að meiðsli ökumannsins hafi verið meiri en búist hafi verið við í fyrstu og hann lést af völdum höfuðáverka um 10 dögum síðar. Í skýrslum lögreglu kemur fram að ökumaður virðist hafa ætlað að ferma eða afferma vörubifreiðina, en á henni var lyftari sem ökumanni hafði verið falið að sækja. Virðist sem ökumaðurinn hafi notað álstigann til að komast upp á pall vörubifreiðarinnar og fallið aftur fyrir sig en ekki er ljóst hvað nákvæmlega orsakaði fallið.

M telur að líkamstjón það sem leiddi til dauða eiginmanns M hafi orðið við affermingu bifreiðarinnar X og því eigi að greiða M bætur úr slysatryggingu ökumanns bifreiðarinnar. M telur líklegast að M hafi staðið í stiga við bifreiðina að stjórna affermingunni og þá hafi fjarstýringin farið af stað þannig að bifreiðin hafi hreyfst með þeim afleiðingum að álstiginn og ökumaðurinn féllu á jörðina. M bendir á að bifreiðin hafi verið í gangi og ökumaður með fjarstýringu til að stjórna krana bifreiðarinnar í beltum sig miðjan og annað hvort bifreiðin eða kraninn hafi hreyfst með umræddum afleiðingum. Skilyrði 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 séu því uppfyllt til greiðslu bóta en þau eru að tjón verði þegar ökumaður er við stjórn bifreiðarinnar og megi rekja það til notkunar þess í skilningi 1. mgr. 88. gr. sömu laga.

V telur að ekki sé sannað hvað leiddi til áverka ökumanns bifreiðarinnar X og verði þar af leiðandi ekki talið sýnt að skilyrði 92. gr. umferðarlaga um greiðslu bóta séu uppfyllt. V telur að ekki sé sýnt að tjónið verði rakið til notkunar bifreiðarinnar í skilningi 88. gr. umferðarlaga. Til þess að um notkun sé að ræða í skilningi ákvæðisins þurfi að sýna fram á að slysið hafi orðið í beinum tengslum við affermingu eða fermingu bifreiðarinnar X. V bendir á að bifreiðin hafi verið kyrrstæð og ekki sýnt að slys ökumannsins hafi getað orðið vegna sérstakra hættueiginlegra bifreiðarinnar X í skilningi umferðarlaga.

Álit.

Í 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, koma fram þau skilyrði fyrir greiðslu úr slysatryggingu ökumanns að ökumaður þurfi að vera við stjórn ökutækis þegar tjón verður sem og að tjónið verði rakið til notkunar ökutækis í skilningi 1. mgr. 88. gr. laganna. Í íslenskri

dómafrankvæmd er staðfest með fjöldamörgum dómum Hæstaréttar að það sé hluti af eðlilegri notkun vörubifreiða að ferma þær og afferma og telst það því til notkunar í ofangreindum skilningi. Það er þó einnig ljóst af dómafrankvæmd að slys þarf að hafa verið við fermingu eða affermingu en ekki við undirbúning slíks, sbr. Hrd. 116/1999 og Hrd. 274/1999.

Þegar litið er til aðstæðna í þessu máli þykir ekki nægilega sýnt fram á að slys ökumannsins hafi orðið við fermingu eða affermingu bifreiðarinnar heldur benda aðstæður allt eins til að slíkt hafi verið í undirbúningi í ljósi þess að laus álstigi virðist hafa verið notaður til að komast upp á pallinn og vitni bera um að þau hafi bæði heyrt dynk þegar ökumaður féll í jörðina sem og heyrt að stiginn féll. Sá sem kröfu gerir ber sönnunarbyrði um að skilyrði umræddrar 92.gr. umferðarlaga séu uppfyllt. Af gögnum málsins verður ekki skýrlega ráðið að svo sé og ber M hallann af slíkum sönnunarskorti.

Niðurstaða:

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns bifreiðarinnar X hjá V.

Reykjavík 21. október 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 282/2014
M og
V vegna bifreiðarinnar A og
X vegna bifreiðarinnar B.

Árekstur bifreiðar og bifhjóls á Digranesvegi þ. 20.8.2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 8.9.2014 ásamt.
2. Bréf V dags. 19.9.2014 ásamt fylgiskjölum 1-3
3. Bréf X dags. 15.9.2014.

Málsatvik.

Árekstur varð á Digranesvegi þegar A var ekið til vesturs og inn á bifreiðastæði til hægri og ökumaður B, bifhjóls, ók austur eftir gangstétt ók í vinstri hlið A. Ökumaður A segist ekki hafa orðið var við B fyrr en við áreksturinn. Ökumaður B segist hafa ekið á um 25 km hraða og ekið á A. B var án númera og ótryggt.

Álit.

Ökumaður A ók inn á gangstétt án þess að gæta nægjanlega vel að aðstæðum og ber því nokkra sök á árekstrinum. Ökumaður B ók bifhjólinu í heimildarleysi eftir gangstétt á töluverðum hraða og án þess að gætan nægjanlega að aðstæðum og ber því megin sök á árekstrinum. Við mat á sakarskiptingu þykir rétt að ökumaður A beri 1/3 sakar en ökumaður B beri 2/3 sakar.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber 1/3 sakar og ökumaður B ber 2/3 sakar.

Reykjavík 28.10.2014

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 283/2014**M
og
V v/ frítímaslysáttryggingar.****Túlkun váttryggingarskilmála varðandi útreikning bóta fyrir varanlega örorku.****Gögn.**

149. Málskot, móttakið 10.9.2014, ásamt fylgigögnum.

150. Bréf V hf., dags. 6.10.2014.

Málsatvik.

Málskotsaðili (hér eftir nefnd M) varð fyrir meiðslum í slysi hinn 11.3.2013 og hefur verið metin til 21% varanlegrar læknisfræðilegrar örorku af völdum slyssins. Á slysdegi var M 75 ára gömul. Óumdeilt er að hún á rétt til bóta fyrir varanlega örorku hjá V vegna þeirra meiðsla sem hún hlaut í slysinu.

Í skilmálum slysáttryggingarinnar eru svofelld ákvæði um ákvörðun bóta fyrir varanlega örorku:

- 5.1 Hámarks váttryggingarfjárhæðir vegna dánarbóta, örorkubóta og dagpeninga koma fram í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 5.2 Váttryggingarfjárhæðir breytast í samræmi við vísitölu neysluverðs.
- 5.3 Sé váttryggður 60 ára eða eldri, verða váttryggingarfjárhæðir vegna varanlegrar læknisfræðilegrar örorku eftirtaldir hundradshlutar af hámarks váttryggingarfjárhæð örorkubóta:

| | |
|-----------------|-----|
| 60 til 62 ára | 95% |
| 63 til 64 ára | 90% |
| 65 til 66 ára | 85% |
| 67 til 68 ára | 70% |
| 69 til 70 ára | 60% |
| 71 til 72 ára | 50% |
| 73 til 74 ára | 40% |
| 75 til 76 ára | 30% |
| 77 ára og eldri | 20% |
- 5.6.2 Örorkubætur breytast í réttu hlutfalli við breytingu vísitölu neysluverðs frá slysdegi til uppgjörsdags. Vísitölubinding örorku varir þó aldrei lengur en í þrjú ár frá slysdegi.
- 6.2.3 Bætur vegna varanlegrar örorku greiðast í hlutfalli við grunnváttryggingarfjárhæð sem í gildi var á slysdegi þannig að hvert örorkustig frá 26-50% verkar tvöfalt, hvert örorkustig frá 51-75% verkar fjórfalt og hvert örorkustig frá 76-100% verkar sexfalt. Bætur við 100% varanlega örorku verða því 325% af grunnváttryggingarfjárhæð.

Í váttryggingarskírteini sem í gildi var á slysdegi eru váttryggingarfjárhæðir slysáttryggingarinnar tilgreindar sem hér segir:

Örorkubætur, frítímaslys kr. 7.920.000

Örorkubætur, frítímaslys allt að kr. 25.740.000

Við uppgjör bóta vegna örorkunnar hinn 12.8.2014 kvað V grunnvátryggingarfjárhæðina sem getið er í vátryggingarskírteini hafa numið 8.379.000 krónum að teknu tilliti til vísitöluhækkunar skv. gr. 5.2 og 5.6.2 í vátryggingarskilmálunum (7.920.000 x 421,3/398,2). Vegna aldurs M á slysdegi hafi grunnfjárhæð örorku í tilviki hennar numið 30% af fyrrgreindri grunnvátryggingarfjárhæð eða 2.513.700 krónum (8.379.000 x 30%). Af þeirri fjárhæð hafi svo örorkubætur til M verið ákveðnar 527.877 krónur (2.513.700 x 21%).

M hefur ekki sætt sig við þessa ákvörðun bóta vegna örorkunnar. Að því er ráða má af málskoti kveður M að grunnvátryggingarfjárhæðin hafi á uppgjörssdegi, 14.8.2014, leiðrétt samkvæmt vísitölu, numið 8.474.400 krónum og bætur vegna 21% varanlegrar örorku því numið 1.779.624 krónum (8.474.400 x 21%). Á hinn bóginn telur M að ákvæði gr. 5.3 um skerðingu vátryggingarfjárhæða vegna aldurs beri að skilja svo að fjárhæð örorkubóta beri að reikna af margfeldi grunnfjárhæðarinnar þegar um 100% varanlega örorku er að ræða eða 325% af grunnvátryggingarfjárhæðinni, sbr. gr. 6.2.3 í vátryggingarskilmálunum, en það er sú fjárhæð sem getið er í vátryggingarskírteininu og nemur 25.740.000 krónum (7.920.000 x 325%). Það sé sú hámarksvátryggingarfjárhæð sem bætur til tjónþola 60 ára og eldri reiknast af. Í hennar tilviki reiknist því örorkubæturnar 30% af þeirri fjárhæð eða 7.722.000 krónur og þar sem sú fjárhæð sé hærri en fyrrgreind fjárhæð vegna 21% varanlegrar örorku (1.779.624 krónur) eigi bætur til hennar að nema þeirri fjárhæð.

Álit.

Fyrrgreint ákvæði greinar 5.3 í vátryggingarskilmálum slysátryggingarinnar ber að skilja svo að hin hlutfallslega skerðing vátryggingarfjárhæðar vegna aldurs beri að reikna af hámarki þeirrar vátryggingarfjárhæðar sem gildir hverju sinni að teknu tilliti til þeirra margfeldisáhrifa sem hvert örorkustig umfram 25% hefur samkvæmt því sem mælt er fyrir um í gr. 6.2.3 í skilmálunum. Þar sem varanleg örorka M var metin 21% koma ákvæði gr. 6.2.3 um margfeldisáhrif örorkustiga umfram 25% ekki til skoðunar við ákvörðun bóta til hennar. Hámark vátryggingarfjárhæðar sem bætur reiknast sem hlutfall af er því sjálf grunnvátryggingarfjárhæðin sem á uppgjörssdegi nam 8.379.000 krónum samkvæmt útreikningi V. Ekkert liggur fyrir í gögnum málsins um að leiðrétting V á fjárhæðinni í samræmi við breytingar á vísitölu sé röng eða hún leiði til lægri bóta en M ber með réttu. Verður því fallist á útreikning V á fjárhæð örorkubótanna. M á því ekki rétt á frekari bótum fyrir varanlega örorku úr slysátryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á frekari bótum fyrir varanlega örorku úr frítímaslysátryggingu hjá V.

Reykjavík, 28. október 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 285/2014
M og
V vegna frítímaslysatryggingar.

Maður slasast í átökum þegar hann var gæslumaður þ. 27.7.2014

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 10.9.2014. ásamt fylgiskjölum 1-4
2. Bréf V 25.9.2014.

Málsatvik.

M var gæslumaður á Mærudögum á Húsavík um nóttina brutust út slagsmál og fóru gæslumenn þar á meðal M til að stilla til friðar, en þá kom að þriðji aðili og blandaði sér í málið og reyndi að kýla M og snéri M hann þá niður en slasaðist við það á hendi. V hafnar bótaskyldu og vísar til f liðar 25.gr. og greinar 5.2. váttryggingaskilmála þar sem tekið sé fram að slys sem váttryggður verði fyrir í handalögmálum bætist ekki nema sannað sé að ekkert samband sé á milli ástands þessa og slyssins. V segir að M hafi sjálfur ákveðið að blanda sér í átök og teljist því hafa tekið þátt í handalögmálum og tjónið verði rakið til þess og tjónið sé því hvorki bótaskyldt úr almennri slysatryggingu né frítímaslysatryggingu og breyti þar engu þó að M hafi gegnt starfi gæslumanns í umrætt sinn.

Álit.

M varð fyrir slysi því sem um ræðir þegar tók þátt í handalögmálum og á því ekki rétt á bótum sbr. f lið 25. gr. og 5.2. gr. váttryggingaskilmála þeirra sem hér ræðir um. Váttryggingaskilmálar gera enga undantekningur hvað þetta varðar þó handalögmálin verði rakin til þess hlutverks sem M gegndi í umrætt sinn sem gæslumaður. M á því ekki rétt á bótum hvorki úr slysatryggingu sinni né frítímaslysatryggingu sinni hjá V

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu sinni eða frítímaslysatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 3.10.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 286/2014

Ástgeir Ólafsson
og
váttryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.

**Sumarstarfsmaður í byggingarvöruverslun skaddaðist á fingri
er hann var að saga í hjólsög.**

Gögn.

151. Málskot, móttakið 15.9.2014, ásamt fylgigögnum.

152. Bréf X, dags 26.9.2014.

Málsatvik.

Hinn 23.5.2013 hóf M störf í timbursölu V sem sumarstarfsmaður. Hinn 28. sama mánaðar aðstoðaði M viðskiptavininn að saga timbur í hjólsög, svokallaðri bútsög, sem var komið fyrir á borði. Rakst þá einn finger M í sagarblaðið og við það skaddaðist M á fingrinum. Á vegg ofan við sögina voru tvö aðvörunarmerki með svofelldri áletrun: „Viðskiptavinir athugið! Bútsögin er ætluð fyrir minniháttar sögun á timbri til þess að auðvelda flutning. Öll notkun á bútsög er á eigin ábyrgð og ítrústu varúðar skal gæta við notkun hennar. Bútsögin skal ekki nota ef öryggisbúnaður er skemmdur eða hún er ekki í sambandi. Starfsmenn [V] saga ekki niður efni fyrir viðskiptavininn. Verslunarstjóri.“ Einnig hékk á veggnum skilti með svofelldri áletrun: „Aðvörun. Vinsamlegast athugið – sögun er á eigin ábyrgð – gætið varðúðar“.

M kveður fræðslu sem hann fékk í upphafi starfs hafa tekið um eina og hálfu til tvær klukkustundir. Ekki hafi verið minnst á sögina eða að honum hafi verið óheimilt að nota hana. Sögin hafi verið notuð af starfsmönnum til að saga til kubba til að setja undir timburbunka sem verið var að útbúa í sendingar. Einnig hafi það gerst að starfsmenn hafi notað sögina til að saga niður efni fyrir viðskiptavininn þegar lítið var að gera.

Verkstjóri hjá V, sem jafnframt gegndi stöðu öryggisfulltrúa hjá V, kvað í vettvangsskýrslu lögreglu að M hafi ekki fengið sérstaka þjálfun á sögina, enda eigi hann ekki að nota hana. Allir nýir starfsmenn séu settir til starfa með reyndari starfsmönnum sem eigi að leiðbeina þeim í starfi.

Í skoðunarskýrslu Vinnueftirlitsins vegna slyssins kemur fram að óreyndur starfsmaður hafi unnið við að aðstoða viðskiptavininn við sögun og hafi slasast á fingri. Voru gefin þau fyrirmæli að endurskoða skuli áhættumat V í kjölfar slyssins. Sérstaklega skuli endurskoða nýliðafræðslu og þjálfun starfsmanna.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu. Er í því sambandi vísað til þess að starf M hafi einungis falist í tiltekt á timbri samkvæmt pöntunum viðskiptavina en ekki að saga timbur. Í upphafi starfs hafi M verið sagt að nota ekki sögina. Sömuleiðis hafi skilti verið uppi á vegg þar sem skýrt hafi verið tekið fram að starfsmenn eigi ekki að aðstoða viðskiptavininn við sögun. Hann hafi því ekki fengið sérstaka þjálfun á bútsöginum. M hafi gengið í gegnum nýliðafræðslu er hann hóf störf hjá V og þeirri fræðslu hafi verið nýlokið þegar slysið varð.

Álit.

M var 18 ára gamall sumarstarfsmaður og hafði unnið í 5 daga þegar slysið varð. Óumdeilt er að M fékk ekki leiðbeiningar um notkun sagarinnar áður en slysið varð. Engar skráðar reglur eða fyrirmæli liggja fyrir um það hvernig nýliðafræðslu þeirri var háttað sem M fékk hjá V í upphafi starfsins. Af aðvörunarskiltum við sögina verður ekki ráðið að starfsmönnum hafi verið beinlínis bannað að nota sögina. Umsögn Vinnueftirlitsins bendir til að nýliðafræðsla og þjálfun starfsmanna hafi verið ábótavant. Eins og málið liggur fyrir og þar sem upplýst er að M fékk ekki neinar leiðbeiningar um notkun sagarinnar verður að telja að V hafi sönnunarbyrðina um það að M hafi fengið skýr og ótvíræð fyrirmæli um að honum hafi verið bannað að nota sögina. Sú sönnun hefur ekki tekist samkvæmt gögnum málsins. Verður af þeim sökum ekki hjá því komist að líta svo á að slysið verði rakið til þess að M hafi ekki fengið fullnægjandi leiðbeiningar eða fyrirmæli um það hvernig hann skyldi umgangast umrædda sög. Á því ber V ábyrgð. Ekki eru efni til að skerða rétt M til skaðabóta, sbr. 1. mgr. 23. gr. a skaðabótalaga nr. 50/1993 með síðari breytingum. M á því óskoraðan bótarétt úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist að fullu úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 21. október 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 287/2014
M og
V1 vegna bifreiðarinnar A og V2 vegna bifreiðarinnar B.

Umferðaróhapp á Austurvegi á Selfossi 25. ágúst 2014.

Gögn.

1. Málskot móttækið 17. september 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V2 dags. 18. september 2014.
3. Tölvupóstur V1. dags. 30. september 2014.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu kemur fram að þegar lögregla kom á vettvang áreksturs vísað framendi beggja bifreiða til vesturs, bifreið A var fyrir framan B og var ákoma í hlið bifreiðar A og í skýrslunni kemur einngi fram að rispur hafi verið á hægra framhorni bifreiðar B. Í skýrslunni kemur einnig fram að ökumaður bifreiðar B hafi séð bifreið A fyrir framan sig og talið henni hafa verið ekið til hægri á bifreiðastæði áður en henni hafi verið ekið til vinstri beint í veg fyrir sig. M sem ökumaður bifreiðar A kvaðst hafa ætla að taka U-beygju á Austurvegi og um leið og hann hafi lagt á bifreið sína hafi verið ekið í vinstri hlið bifreiðar hans.

M segir í málskoti að það sé rangt að hann hafi tekið U-beygju yfir heila línu þar sem hann hafi ekki verið kominn yfir línuna þegar áreksturinn varð. Hann hafi hins vegar gefið stefnumerki til vinstri og telur að ökumaður bifreiðar B hafi verið á töluverðri ferð þegar henni var ekið á bifreið hans. M telur ökumann bifreiðar B bera ábyrgð á árekstrinum.

V2 telur að M hafi tekið „ólöglega U-beygju“ og ekið töluvert til hægri áður en hann beygði til vinstri þar sem tvöföld miðlína vegar auk þess sem hann hafi ekki gætt nægilega að umferð fyrir aftan sig eins og honum bar skv. 2. mgr. 15. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. V1 gerir ekki athugasemdir vegna málskotsins.

Álit.

Það kemur fram í gögnum málsins að fyrirhuguð akstursleið beggja bifreiða hafi verið vestur Austurveg á Selfossi og árekstur hafi orðið þegar M sem ökumaður bifreiðar A hafi ekið frá hægri brún vegar í fyrirhugaða U-beygju í veg fyrir bifreið B sem ók beint áfram vestur Austurvegin. Af ljósmyndum að dæma verður ekki annað séð en að bifreið A hafi verið komin í nokkra vinstri beygju þegar árekstur varð þar sem ákoma er skýrlega í hlið bifreiðar A. Með hliðsjón af því og framburði ökumanns bifreiðar B, sem ekki hefur verið hrakinn, verður lagt til grundvallar að M hafi sem ökumaður bifreiðar A ekið frá hægri í fyrirhugaða U-beygju án þess að gæta að umferð fyrir aftan sig eins og honum bar skv. 2. mgr. 15. gr. umferðarlaga. Ber M því alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða:

Öll sök á ökumann bifreiðar A.

Reykjavík 28. október 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 288/2014
M og
V vegna óvátryggðs ökutækis A.

Ökumaður óvátryggðs ökutækis ók út af vegi og slasaðist þ. 22.6.2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.17.9.2014 ásamt fylgiskjölum 1-6
2. Bréf V dags. 19.8. og 1.10. 2014.

Málsatvik.

Af hálfu M eru málsatvik sögð þau að M hafi verið sendur á bifreiðinni A til að ná í verkfæri, en M hafi misst stjórn á A á leiðinni og slasast. A var óvátryggð og krefst M bóta úr hendi V og byggir á 94. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og reglugerð um ökutækjategyggingar nr. 424/2008 og segir engu máli skipta þó M hafi verið ökumaður í umrætt sinn. Þá vísar lögmaður M sérstaklega til gr. 90. - 93.gr. umferðarlaga. Þá er því haldið fram að líta verði á slysátryggingu ökumanns skv. 92. gr. umferðarlaga sem ábyrgðartryggingu í skilningi 94. gr. laganna sbr. og reglugerð nr. 424/2008. Af hálfu M er vísað til 36. gr. b samningalaga nr. 7/1936 sbr. lög nr. 14/1995 og grundvallarreglur neytendaréttar og þess að M hafi ekki verið eigandi A og ekki vitað að A væri óvátryggð. Af hálfu M er mótmælt að dómur Hæstaréttar í máli nr. 386/2007 hafi fordæmisgildi í þessu máli. Vörslumaður A segir að M hafi ekki haft neina heimild til að aka M, en kveikjulaslyklar voru í bifreiðinni og var M í vinnu hjá umráðamanni A og segist umráðamaðurinn hafa notað hana þó A væri óvátryggð og óskoðuð. V hafnar bótaskyldu og telur sig ekki eiga aðild að tjónum ökumanna óvátryggðra ökutækja og vísar í því sambandi til úrskurðar Úrskurðarnefndar í váttryggingamálum nr. 320/2012 og dóms Hæstaréttar í máli nr. 386/2007.

Álit.

M var ökumaður A í umrætt sinn og um það er ekki deilt. Skv. 3. mgr. 20. gr. reglugerðar nr. 424/2008 um lögmæltar ökutækjategyggingar sbr. 1. mgr. 94. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, skal V sem ábyrgðaraðili greiða tjónþola bætur vegna tjónsatvikis sem hlotist hefur á Íslandi af notkun ökutækis sem engin ábyrgðartrygging hefur verið keypt fyrir, váttryggingin felld niður eða ekki haldið gildi. Af lagaákvæði þessu er ljóst að aðeins getur komið til greiðsluskyldu V að tjónþoli hafi átt rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu óvátryggðs ökutækis ef váttryggingin hefði verið í gildi þegar slysið varð. Sem ökumaður A hefði M ekki átt rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A heldur slysátryggingu ökumanns skv. 92. gr. umferðarlaga. Engin grundvöllur er að lögum til að krefjast bóta úr hendi V sem ella hefði átt að greiðast úr slysátryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr hendi V.

Reykjavík 28.10.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 289/2014**M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar í húftryggingu fyrir íslensk fiskiskip
minni en 100 brúttólestir.****Skemmdir á fiskiskipi af völdum annars fiskiskips sem lá utan á því í höfn.****Gögn.**

153. Málskot, móttakið 12.9.2014, ásamt fylgigögnum.

154. Bréf X, dags. 1.10.2014, ásamt vátryggingarskilmálum.

Málsatvik.

Fiskiskipið A í eigu M lá bundið við bryggju í tiltekinni höfn. Fiskipið B lá svo bundið utan á A. Að morgni 1.12.2013 rauk sjór upp í höfninni með þeim afleiðingum að belgir á B, sem áttu að vera til að varnar skemmdum á skipunum, sprungu og skemmdir urðu á A „frammi við hádekk/lúkarskappa.“

B hafði verið bundið utan á A um einhvern tíma og kveður M að B hafi verið illa bundið og hafnarvörður hafi nokkrum sinnum beðið útgerðaraðila B að færa það en því hafi ekki verið sinnt.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu B sem er innifalin í húftryggingu B hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu þar sem tjónsatburðurinn falli utan bótasviðs ábyrgðartryggingarinnar.

Álit.

Samkvæmt gr. 25.1 í vátryggingarskilmálum þeim sem gilda um ábyrgðartrygginguna bætir vátryggingin tjón sem vátryggt skip veldur með árekstri og tjón sem verður á annan hátt vegna mistaka við stjórnun þess, enda sé um að ræða beint líkams- eða munatjón sem vátryggður veldur með saknæmum og ólögðum hætti. Skipin voru bundin saman þegar tjónsatvikið varð. Slæmt veður og sjólag í höfn varð til þess að belgir sprungu þannig að síður skipanna virðast hafa slegist saman og skemmdir orðið á A. Eins og hér stóð á verður atviki þessu ekki jafnað til áreksturs skipa í skilningi VII. kafla siglingalaga nr. 34/1985 né heldur í skilningi þeirra skilmála sem gilda um vátrygginguna. Ekki verður heldur talið að tjónið verði rakið til mistaka við stjórnun B. Að þessu virtu telst tjón það sem varð á A í umrætt sinn falla utan bótasviðs ábyrgðartryggingar þeirrar sem útgerð B hafði í gildi hjá X. Tjónið fæst því ekki bætt úr ábyrgðartryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum vegna tjóns á A úr ábyrgðartryggingu B hjá X.

Reykjavík, 28. október 2014.

Póra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 290/2014
M og
V vegna starfsábyrgðartryggingar byggingastjóra.

Skaðabótaábyrgð byggingarstjóra vegna frágangs á þaki húseignarinnar X.

Gögn.

1. Málskot móttækið 18. september 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 9. október 2014.
3. Bréf M dags. 21. október 2014.

Málsatvik.

M sem var byggingarstjóri vegna húseignarinnar X skýtur máli þessu til úrskurðarnefndarinnar vegna afstöðu V til þess að greiða bætur úr starfsábyrgðartryggingu hans vegna ætlaðrar vanrækslu á eftirliti með frágangi þaks áður en störfum hans sem byggingarstjóri lauk vegna húseignarinnar.

Úrskurðarnefndin hefur áður fjallað um störf M sem byggingarstjóri húseignarinnar X og var niðurstaða úrskurðar í máli nr. 326/2013 sú að ekki væri nægilega sýnt að M hefði sýnt saknæma háttsemi sem byggingarstjóri og ekki heldur að tjón væri sannað.

M telur að ekki sé sýnt að hann hafi vanrækt eftirlit sitt með framkvæmdum við þak hússins. Bæði hafi framkvæmdum ekki verið lokið þegar hann hætti störfum og við þau tímamót hafi húseignin ekki verið tekin formlega út. Einnig bendir M á í bréfi sínu dags. 21. október sl. að sú ull sem hafi verið notuð við frágang þaksins hafi verið keypt í Byko en sú tegund sem hafi verið notuð hafi fyrst komið í verslunina í lok nóvember 2009. Það sýni að unnið hafi verið við verkið eftir að M hætti afskiptum.

V telur að frágangur á þaki húseignarinnar X hafi verið ófullnægjandi og hafi mistök framkvæmdaraðila falist í því að ekki var settur miðjulist og sperrubíl hafi verið meira en hefðbundið er. Einnig hafi verið sett of þykk einangrun í þakið og hafi það haft áhrif á loftun og vísar V til framlagðrar teikningar starfsmanns síns til skýringa.

Álit.

Eins og kemur fram í úrskurði nefndarinnar í máli nr. 326/2013 sem varðar M verður sá sem heldur því fram að byggingarstjóri hafi vanrækt eftirlitsskyldu sína með byggingarframkvæmdum að sanna að svo hafi verið. Í máli þessu liggur afstaða V fyrir með tveimur bréfum, annars vegar til M sjálfs og hins vegar til nefndarinnar. Engin frekari gögn liggja fyrir sem staðfesta umbúnað þaksins eða hvenær framkvæmdir áttu sér stað. Á meðan þannig stendur á verður ekki með vissu staðfest að M, á meðan hann starfaði sem byggingarstjóri húseignarinnar X, hafi sýnt saknæma háttsemi við störf sín. Hallann af sönnunarskorti beri V og verður því ekki fallist á að greiðsluskylda hafi stofnast úr starfsábyrgðartryggingu hans hjá V.

Niðurstaða:

Ekki hefur stofnast greiðsluskylda úr starfsábyrgðartryggingu M hjá V vegna ætlaðs tjóns eiganda húseignarinnar X.

Reykjavík 28. október 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 291/2014
M og
V vegna ábyrgðartryggingar ökutækis bifreiðarinnar A.

Árekstur, líkamstjón, orsakasamband. 24.5.2013.

Gögn.

1. Málskot móttækið þ. 18.9.2014 ásamt fylgiskjölum 1-7.
2. Bréf V dags. 30.9.2014.

Málsatvik.

A var bakkað inn í vinstri hlið bifreiðar M sem ók eftir bifreiðastæði verslunnar. M segist hafa fengið hnykk á hálsinn við áreksturinn og krefst bóta fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu A hjá V. M segir að V hafi í engu hnekkst staðhæfingum hennar um líkamstjónið sem hún hafi orðið fyrir við áreksturinn og skýrslu sem V hafi aflað einhliða án samráðs við M verði ekki lögð til grundvallar í málinu. V hafnar bótaskyldu og bendir á að M hafi fyrst leitað til læknis um 3 vikum eftir slysið. Þá vísar V til þess að skýrsla sem V fékk fyrirtækið Aðstoð og Öryggi til að vinna byggji á óumdeildum gögnum en ekki upplifun skýrsluhöfundar. V telur að höggið sem M varð fyrir í umrætt sinn hafi verið lítið og vísar í því sambandi til skýrslu Aðstoðar og Öryggis og ákomur á bifreiðunum og telur litlar sem engar líkur á að áreksturinn hafi getað valdið tjónþola þeim einkennum sem hún telur sig hafa orðið fyrir við slysið.

Álit.

Gögn málsins um líkamstjón M og fyrri heilsufarssögu eru af skornum skammti. Af ljósmyndum af A og bifreið M má ráða að ekki hafi verið um harðan árekstur að ræða. Niðurstaða í skýrslu Aksturs og Öryggi ehf. dags. 28.8.2013 bendir til hins sama. Skýrslu Akstur og Öryggi ehf. var aflað einhliða af V og er tekið tillit til þess varðandi sönnunargildi skýrslunnar. Ekkert mat liggur fyrir um það hvort og að hve miklu leyti þeir verkir sem valda M vanda í dag eru orsök árekstursins þ. 24.5.2013. Miðað við fyrirbyggjandi gögn verður því ekki fullyrt að orsakatengsl séu á milli þeirra verkja sem M er haldin í dag séu afleiðing af árekstrinum frá 24.5.2013. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 28.10.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 292/2014**M****og****vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar byggingarstjóra.****Ágreiningur um fjárhæð bóta vegna galla á húsbyggingu – frávísun.****Gögn.**

155. Málskot, móttakið 17.9.2014, ásamt fylgigögnum, auk athugasemda málskotsaðila.

156. Bréf X, dags. 23.10.2014, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Á árinu 2012 keyptu M húseignina að A í Reykjavík. Fljótlega komust M að því að ekki var allt með felldu í sturtuklefa í baðherbergi hússins og er flísar höfðu verið fjarlægðar úr sturtubotninum kom í ljós að vatn hafði lekið undir flísar og inn í gífsveggi. Hinn 31.1.2014 var dómkvaddur matsmaður til að leggja mat á „hvort frágangur eða ástand sé, eða hafi verið, í samræmi við góða venju á sviði húsbygginga eða uppfylli ákvæði laga og reglugerða á sviði mannvirkjagerðar og samþykktar teikningar, eða hvort um galla að öðru leyti sé að ræða.“ Með matsgerð, dags. 14.4.2014, mat hinn dómkvaddi matsmaður að í átta tilvikum væri úrbóta þörf, en tilvik þessi voru eftirtalin: 1) endurgerð sturtuklefa, 2) endurgerð veggja, 3) loft í baðherbergi, 4) gólfefna- og flísalögn, 5) pípulögn, 6) rafmagsntafla, 7) breytingar á innra skipulagi íbúðar og 8) annar kosntaður. Heildarkostnaður við úrbæturnar var metinn á 5.718.500 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Byggingarstjóri, sem hafði byggingarstjórn með höndum meðan á byggingu A stóð, hafði í gildi strafsábyrgðartryggingu hjá X. M kröfðust bóta úr ábyrgðartryggingunni vegna þess tjóns sem þau töldu sig hafa orðið fyrir samkvæmt matsgerðinni auk vaxta og kostnaðar við gagnaöflun og lögmannskostnaðar, eða alls 6.572.592 króna. X hefur samþykkt kröfur M að hluta, eða að fjárhæð 4.156.607 krónur, en hafnað þeim að öðru leyti.

Álit.

Kröfur M fyrir úrskurðarnefnd varða fjárhæð þeirra bóta sem þau telja sig eiga rétt á úr ábyrgðartryggingunni hjá X. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sbr. auglýsingu nr. 1090/2005, úrskurðar nefndin um ágreining varðandi bótaskyldu, þ.m.t. sök og sakarskiptingu, milli málskotsaðila og vátryggingafélags sem starfsleyfi hefur hér á landi. Þá úrskurðar nefndin um bótafjárhæðir að fengnu sérstöku samþykki allra málsaðila, sbr. 1. mgr. sömu greinar. X hefur ekki veitt samþykki sitt fyrir því að nefndin úrskurði um bótafjárhæðir í máli þessu. Ágreiningur í málinu er ekki þess eðlis að unnt sé að úrskurða um hann. Málinu er því vísað frá nefndinni, sbr. 3. mgr. 3. gr. samþykktanna.

Niðurstaða.

Máli þessu er vísað frá úrskurðarnefnd í vátryggingamálum.

Reykjavík, 4. nóvember 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 293/2014**M
og
vátryggingafélagið X v/ frítímaslysátryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna meiðsla á hné sem hafði áður orðið fyrir meiðslum.****Gögn.**

157. Málskot, móttakið 19.9.2014, ásamt fylgigögnum.

158. Bréf X, dags 7.10.2014.

Málsatvik.

Hinn 20.4.2013 varð M fyrir meiðslum á vinstra hné. M hefur í gildi frítímaslysátryggingu hjá X. Í tilkynningu um slysið til X, dags, 29.7.2013, kveður M að hún hafi verið á hækjum vegna meiðsla í fæti. Hækjurnar hafi flækst fyrir henni og hún dottið í gölfið og orðið fyrir meiðslum á vinstra hné.

M leitaði samdægurs á bæklunarskurðdeild Landspítalans. Í læknisvottorði frá deildinni, dags. 30.8.2013, kemur fram að M hafi flókna sögu. Hún hafi orðið fyrir meiðslum tveimur árum fyrir komu og eftir það hafi hún haft óþægindi frá hnénu. Tveimur mánuðum fyrir komuna hafi hún hins vegar haft vaxandi verkjaóþægindi frá hnénu. Röntgenmyndir hafi ekki sýnt brot en segulómun hafi sýnt bjúgmyndun í „laterala femur condyl“ og var talið að hún hún gæti verið með ótilfært brot eða stressáverka. Hafi hún verið sett í spelku. Við fallið 20.4.2013 hafi M fengið aukið álag á hnéd og versnað allverulega af verkjum. Röntgenmyndir hafi þá sýnt að hún hafi verið komin með tilfært brot í gegnum „laterala femur condylinn.“ Það hafi einnig sést með tölvusneiðmynd að M hafi verið með gegnumgangandi brot í gegnum „posterolaterala hornið á laterala femur condylnum.“ Brotið hafi verið aðeins tilfært og ákveðið hafi verið að taka M á skurðstofu og „skyggna þetta og festa með tveimur cannuleruðum skrúfum.“ Í lok vottorðsins segir að það sé spurning hvort M hafi fengið svokallað stressbrot sem hafi tilfærst þegar hún hrasaði 20.4.2013. Henni verði fylgt áfram og ekki sé sýnt hver verði endanlegur árangur aðgerðarinnar sem hún gekkst undir og meðferðar, en brotið gangi í gegnum liðflöt í hnénu.

Vegna þeirra áverka sem M hafði áður hlotið á hnénu þegar hún varð fyrir meiðslunum 20.4.2013 hefur X hafnað bótaskyldu úr fyrrgreindri frítímaslysátryggingu. Telur X að ekki sé um slys að ræða í skilningi vátryggingarskilmála og af ákvæðum greina 3.1, 5.4 og 9.2 í skilmálunum leiði einnig að bótaskylda sé ekki fyrir hendi.

Álit.

Frítímaslysátrygging sú sem er til skoðunar í máli þessu er hluti af heimilistryggingu sem M hefur í gildi hjá X. Í 4. kafla skilmálanna eru ákvæði er lúta að frítímaslysátryggingunni. Í inngangi kaflans segir að félagið greiði bætur vegna slyss er sá sem vátryggður er, verður fyrir eins og segir í skilmálum þessum. Með orðinu „slys“ sé hér átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem vátryggður er og gerist án vilja hans. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en óumdeilt sé að M hafi fallið um hækju hinn 20.4.2013. Af fyrirliggjandi læknisvottorðum þykir ljóst að við fallið hafi M fengið aukið álag á hnéd og versnað allverulega af verkjum. Einnig hafi komið í ljós við rannsókn að hún hafi verið komin með tilfært brot í

gegnum „laterala femur condylinn.“ Af þessari lýsingu verður að telja nægilega í ljós leitt að M hafi í umrætt sinn orðið fyrir meiðslum af völdum skyndilegs utanaðkomandi atviks sem hafi gerst án vilja M. Hún hefur því orðið fyrir meiðslum í skilningi váttryggingarskilmálanna.

Í gr. 3.1 í váttryggingarskilmálunum er svohljóðandi ákvæði: „Valdi slys tímabundnum missi starfsorku, greiðir félagið dagpeninga í samræmi við þá fjárhæð sem í gildi var á slysdegi. Dagpeningarnir greiðast í hlutfalli við starfsorkumissinn frá lokum biðtíma og svo lengi sem váttryggður er óvinnufær að mati læknis, þó ekki lengur en í 48 vikur og ekki fyrir tímabil að loknum 3 árum frá slysdegi. Stafi starfsorkumissir slasaða að einhverju leyti af öðrum orsökum en slysinu, lækka dagpeningar í beinu hlutfalli við það hvern þátt þessar orsakir eiga í missi starfsorkunnar.“ Ljóst er að M átti við veikindi eða meiðsl að stríða fyrir slys. Engin matsgerð liggur fyrir í málinu varðandi starfsorkumissi af völdum slyssins. Af fyrirliggjandi gögnum verður ekki ráðið að hve miklu leyti hún bjó við starfsorkumissi fyrir slysið. Af gögnum málsins verður því ekki ráðið að M eigi ekki rétt til dagpeninga að teknu tilliti til þeirra áverka sem hún hafði fyrir slysið eins og nánar greinir í skilmálunum.

Í gr. 5.4 í váttryggingarskilmálunum segir svo, orðrétt: „Missir eða bæklun á útlím eða líffæri sem var ónothæft fyrir slysið gefur ekki rétt til örorkubóta. Vegna missis eða bæklunar á útlím eða líffæri sem áður var bæklað, skal meta örorku með hliðsjón af bækluninni fyrir slysið. Ef missir útlíma eða líffæra er ekki alger, bætist örorkan hlutfallslega.“ Af fyrirliggjandi gögnum verður ekki ráðið að vinstri hnéliður M hafi verið ónothæfur fyrir slysið. Mat hefur ekki farið fram þar sem hliðsjón er höfð af þeirri bæklun sem M bjó við fyrir slysið. Ekki verður talið útilokað að M hafi orðið fyrir varanlegum meiðslum sem meta skuli til örorku með hliðsjón af bækluninni sem hún hafði fyrir slys. Við svo búið verður bótaskyldu ekki hafnað á grundvelli þessa ákvæðis skilmálanna.

Í gr. 9.2 er svofellt ákvæði: „Váttryggingin nær ekki til slyss, sem beint eða óbeint orsakast af sjóndepru, heyrnardeyfð, lömum, bæklun, geðveiki, flogaveiki, krampa, slagi, sykursýki eða öðrum alvarlegum sjúkdómum eða veiklun. Hafi slíkar ástæður verið þess meðvaldandi, að váttryggður missir starfsorku varanlega, er einungis greitt fyrir þann starfsorkumissi, sem ætla má, að hann hefði orðið fyrir, ef þessar ástæður hefðu ekki komið til.“ Ekki hefur verið sýnt fram á að slysið verði beint eða óbeint rakið til þeirra atvika sem tilgreind eru í fyrri málsl. gr. 9.2. Ekkert mat hefur heldur farið fram þar sem tekið er tillit til þeirra aðstæðna sem lýst er í síðari málsl. greinarinnar. Af þessum sökum getur X ekki borið fyrir sig að það sé laust undan bótaskyldu með vísan til þessarar greinar skilmálanna.

Að framangreindu virtu telst M eiga rétt á bótum úr frítímaslysáttryggingunni vegna slyssins 20.4.2013 að teknu tilliti til þeirra aðstæðna sem lýst er í greinum 3.1, 5.4 og 9.2 í váttryggingarskilmálum vegna eldri áverka.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr frítímaslysáttrygging hjá X vegna slyss 20.4.2013 að teknu tilliti til þeirra aðstæðna sem lýst er í greinum 3.1, 5.4 og 9.2 í váttryggingarskilmálum vegna eldri áverka.

Reykjavík, 28. október 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 294/2014
M og
V vegna vatnstjónsliðar fasteignatryggingar.

Tjón á þaki húseignar sem kom fram í september 2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið 23. september 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 13. október 2014.
3. Tölvupóstur M dags. 13. október 2014.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að rakavandamál hafi komið upp í húseigna M síðla síðasta vetur og hafi verið greiddar bætur vegna tjóns á gólfi vegna leka á neysluvatnslögn í gólfplötu sem þá hafði komið í ljós. Í september sl. hafi síðan komið í ljós mygla og bleyta í við í þaki húseignarinnar.

M telur að tjón á þaki húseignarinnar sem í ljós kom í september sl. sé hægt að rekja til þess að umrædd neysluvatnslögn gaf sig í gólfplötu og falli því undir gildissvið fasteignatryggingar hjá V. M vísar til þess að skipt hafi verið um járn og pappa þaksins fjórum árum áður og þá hafi bleytu ekki verið vart. M telur að raki frá gólfi hafi leitað upp og þannig valdið tjóni á þaki.

V telur ekki sannað að tengsl séu á milli leka úr neysluvatnslögn í gólfplötu og þess tjóns sem M lýsir á þaki, þ.e. að orsakasamband sé ekki sannað. Einnig bendir V á að ef um orsakasamband væri að ræða þá sé sérkennilegt að einungis sé tjón á hluta þaksins.

Álit.

Ágreiningur í máli þessu varðar það hvort tjón sem M lýsir í málskoti falli undir gildissvið fasteignatryggingar hjá V. Í váttryggingarskilmálum þeirra tryggingar kemur fram að váttryggingin bæti skemmdir á váttryggðir húseign af völdum vatns, sem á upptök sín innan veggja hússins, og stafa eingöngu af skyndilegum og óvæntum leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennislöögnum þess. Það er váttryggingartaki sem ber sönnunarbyrði fyrir því að tjón hans falli undir gildissvið váttryggingarinnar og þar af leiðandi hvort orsakasamband sé á milli leka á neysluvatnslögn, sem uppgötvaðist síðasta vetur, og þess tjóns sem nú er lýst á þaki húseignarinnar. Ekkert liggur fyrir sem staðfestir orsakasamband þarna á milli og af gögnum málsins verður ekki ráðið að leki úr lögn í gólfplötu húseignar geti valdið tjóni á þaki án þess að gögn liggi fyrir sem sýna fram á að það geti gerst. Hallann af þessum sönnunarskorti ber váttryggingartaki. Verður því ekki fallist á að V beri að greiða bætur úr vatnstjónslið fasteignatryggingar vegna tjóns á þaki húseignar M.

Niðurstaða:

M á ekki rétt á bótum úr vatnstjónslið fasteignatryggingar hjá V.

Reykjavík 28. október 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 295/2014
M og
V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Tjón á bifreið vegna áreksturs í hringtorgi 24. mars 2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið 24. september 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V1 dags. 3. nóvember 2014, ásamt gögnum málsins, t.d. tjónstilkynningu.
3. Bréf V2 dags. 7. nóvember 2014, ásamt gögnum málsins.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M kvartar undar málsmeðferð máls síns aðallega hjá V1 þar sem hann kveðst hafa fengið vilyrði fyrir greiðslu bóta vegna skemmda á bifreið hans hjá starfsmanni V1 en síðan ekki fengið greiddar bætur. M telur einnig að mistök hafi átt sér stað hjá réttingaverkstæði því sem hann leitaði til með viðgerð á bifreið sinni, eftir umrætt vilyrði, þar sem verkstæðið hafi hafið viðgerð án þess að tryggja sér greiðslu frá váttryggingafélagi vegna viðgerðarinnar. Þetta þýði að hann sitji uppi með reikning vegna viðgerðar á bifreiðinni sem hann geti ekki greitt.

V1 bendir á að það hafi enga heimild til að binda önnur váttryggingafélög varðandi bótageiðslur og hafi upplýsingar félagsins fyrst og fremst falist í leiðbeiningum um rétt M að því gefnu að hann bæri sjálfur ekki sök á árekstrinum. V1 telur ekki skilyrði til greiðslu bóta úr nokkurri váttryggingu félagsins vegna tjóns á bifreið M. V2 telur málskotið ekki snúa að félaginu nema ef nefndin ætlaði að fjalla um sakarskiptingu vegna árekstursins. Við þær aðstæður telur V2 að M sem eigandi og ökumaður bifreiðarinnar A beri alla sök á árekstrinum þar sem hann hafi ekið inn í hringtorg, gegn biðskyldu, í veg fyrir ökumann bifreiðar B.

Álit.

Í samþykktum fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, sbr. auglýsingu nr. 1090/2005 kemur fram í 3. gr. að nefndin úrskurði um ágreining varðandi bótaskyldu, þ.m.t. sök og sakarskiptingu, milli málskotsaðila og váttryggingafélags. Jafnframt getur nefndin úrskurðað um ágreining, sem varðar ákvæði laga nr. 30/2004.

Í þessu máli hefur M uppi kröfu sem fellur hvorki undir að taka afstöðu til sakarskiptingar né ákvæði laga nr. 30/2004. Nefndin hefur ekki heimild til að úrskurða um aðra þætti en koma fram í 3. gr. samþykktu hennar. Með hliðsjón af atvikum málsins verður því ekki annað gert en að úrskurða um sakarskiptingu í málinu. Af tjónstilkynningu verður ekki annað ráðið en að M á bifreið A hafi verið ekið gegn biðskyldu inn á hringtorg í veg fyrir bifreið B sem var þar fyrir. Gögn málsins þykja ekki sanna að ökumenn hafi ekið samhliða inn í hringtorgið eða að ökumaður bifreiðar B hafi ekið of hratt m.v. aðstæður. Verður því M að bera alla sök á árekstrinum og á ekki rétt til greiðslu bóta úr ábyrgðatryggingu bifreiðar B eða öðrum váttryggingum sem tilgreindar eru.

Niðurstaða:

M ber sem ökumaður bifreiðar A alla sök á árekstri við bifreið B.

Reykjavík 25. nóvember 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 296/2014
M og
V v. ábyrgðartryggingar E.

Kona í ferð með vinnufélögum slasaðist við þáttöku í leik þ. 30.9.2011.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.24.9.2014 ásamt fylgiskjöllum 1-11
2. Bréf V dags. 1.10.2014.

Málsatvik.

M fór ásamt starfsfélögum sínum í óvissuferð sem E skipulagði. Farið var í leik þar sem hlaupa þurfti í kringum kúlu á ósléttri hálli grasflöt í rökkri og rigningu að sögn M. Í leiknum rak M fótinn í misfelli á grasflötinni og féll og öklabrotnaði. Slysið var ekki tilkynnt til Vinnueftirlits ríksins. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu E hjá V og telur að bæði E og starfsmaður E sem sá um og skipulagði ferðina hafi gerst sekur um vítaverða vanrækslu og aðstæður þar sem M hljóp í umrætt sinn hafi verið hættulegar. M byggir á að E beri ábyrgð á tjóni hennar með vísan til meginreglna skaðabótaréttarins, en aðstæður á umræddum grasbletti hafi ekki verið forsvaranlegar og starfsmaður E skipuleggjandi og stjórnandi ferðarinnar hafi með saknæmri og ólögmætri háttsemi valdið tjóni M. Einnig er því hafnað af hálfu M að um óhappatilvik hafi verið að ræða og M hafi tekið þátt í leiknum á eigin áhættu. V hafnar bótaskyldu og segir ósannað að slysið megi rekja til saknæmrar háttsemi starfsmanns E. Þá fellst V ekki á að aðstæður hafi verið slæmar eða umfram það sem við megi búast almennt utandyra hér á landi. Þá byggir V einnig á að M hafi tekið á sig áhættu með því að taka þátt í leiknum og telur að sjónarmið 13.kap. Mannhelgisbálks Jónsbókar eigi við í málinu en því hafnar M.

Álit.

Ekki hefur verið sýnt fram á það af hálfu M að aðstæður þegar slysið varð hafi verið varhugaverðar eða hættulegar. Þá liggur ekki fyrir sönnun þess að tjón M verði rakið til saknæmrar háttsemi E, starfsfólks E eða annarra sem E ber ábyrgð á. Þegar af þessum ástæðum á M ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu E hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu E hjá V.

Reykjavík 24.10.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 297/2014
M og
V vegna ábyrgðarliðar fjölskyldutryggingar.

Skaðabótaábyrgð 11 ára barns vegna tjóns á gleri bakaraofns í júlí 2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið 29. september 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 20. október 2014, ásamt tölvupósti starfsmanns V til M 29. september 2014.
3. Tjónstilkynning vegna málsins til V dags. 29. ágúst 2014.
4. Bréf M með athugasemdum dags. 29. október 2014.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu dags. 29. ágúst 2014 er gerð grein fyrir atvikum þeim sem M telur falla undir fjölskyldutryggingu sína hjá M. Þar kemur fram að sonur M hafi verið að dansa fyrir ömmu sína og hafi rekið sig í bakaraofninn í eldhúsi hennar þannig að gler í honum brotnaði. Í tjónstilkynningunni er krossað við að tjónið hafi orðið vegna tilviljunar og einnig er krossað við að sonur váttryggingartaka ber sök á tjóninu. Í málskoti er farið nánar yfir það hvað sonur M hafði verið að gera um sumarið m.t.t. líkamlegra athafna, þ.e. dans, fimleika og kraftæfingar hans. Í málskoti segir að syni M hafi verið bannað að æfa danssporin sín í eldhúsi ömmu sinnar en tjónið hafi orðið þegar hann hafi ekki sinnt því banni. Sonur M var rétt rúmlega 11 ára gamall á tjónsdegi

M telur að gildissvið ábyrgðarliðar fjölskyldutryggingar V taki til tjónsins á ofninum þar sem 11 ára gamall sonur hans hafi mátt vita að dansæfingar hans fælu í sér hættu og það hafi verið gáleysislegt af honum að framkvæma þær í eldhúsinu. Einnig telur M að honum hafi ekki verið tilkynnt um breytingar á váttryggingarskilmálum fjölskyldutryggingar sem gerðar hafi verið í febrúar 2014 og M gerir einnig athugasemdir við að V neiti að veita upplýsingar um símtal sem hann átti við starfsmann félagsins og tengjast málinu.

V vísar til þess að það telji að skilyrði skaðabótaréttar séu ekki uppfyllt í málinu. Gildissvið ábyrgðartryggingar fjölskyldutryggingar taki mið af almennum reglum skaðabótaréttar og þau þurfi því að uppfylla til að greiðsluskylda stofnist. V telur ekki sannað að sonur M hafi sýnt gáleysislega háttsemi þegar hann notaði eldhús ömmu sinnar til að dansa í. Það fái ekki stoð í tjónstilkynningu sem félagið fékk 29. ágúst sl. og síðari skýringar um að drengnum hafi verið bannað að vera á þeim stað séu ósannaðar, enda komi þær fram síðar. M verði að bera hallann af slíkum sönnunarskorti. V bendir þó einnig á að þó síðari atvikalýsing verði lögð til grundvallar þá feli hún ekki í sér sönnun á því að sonur M hafi sýnt saknæma háttsemi við danssýningu sína. Einnig gerir V athugasemdir við tilvísun M til breytinga á skilmálum og telur hana ekki skipta mál vegna þessa atviks þar sem sonur M sé 11 ára og breyting skilmála hafi einungis náð til barna sem eru yngri en 10 ára. Að lokum eru einnig gerðar athugasemdir við lýsingar M af samskiptum við starfsmenn V.

Álit.

Í málskoti sínu hefur M skipt málinu upp í þrjá þætti. Sá fyrsti lýtur að því hvort atvik sem lýst er í tjónstilkynningu og frekari gögnum málsins falli undir gildissvið ábyrgðarliðar fjölskyldutryggingar V. Það er ágreiningur um bótaskyldu úr váttryggingu skv. 1.mgr. 3.gr. samþykka fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, sbr. auglýsing nr. 1090/2005 og úrskurðar nefndin um slíkan ágreining. Samkvæmt sömu grein úrskurðar nefndin einnig um ágreining sem varðar ákvæði laga nr. 30/2004. Annar þáttur í málskoti M lýtur að því hvort V hafi tilkynnt

honum um breytingu váttryggingarskilmála með réttum hætti og hvort hann eig að vera bundinn af slíkri breytingu ef það hefur ekki verið gert. Í 3. mgr. 18. gr. laga um váttryggingarsamninga kemur fram að félagið þurfi að afhenda váttryggingartaka nýja skilmála við tilkynningu um endurnýjun og gera grein fyrir þeim breytingum sem orðið hafa frá fyrri skilmálum. Í málinu liggja ekki fyrir nákvæmar upplýsingar um hvenær fjölskyldutrygging M var endurnýjuð og hvenær umræddur tímapunktur 3. mgr. 18. gr. var gagnvart honum varðandi breytingar á váttryggingarskilmálum. Þær breytingar sem vísað er til, nánar tiltekið gr. 14.3 í ábyrgðarlið fjölskyldutryggingar sem kom ný inn í váttryggingarskilmála sem almennt gilda frá 3. febrúar 2014, en taka gildi gagnvart M frá næstu endurnýjun þar á eftir og ef skilyrði 3. mgr. 18. gr. laga um váttryggingarsamninga eru uppfyllt, hefði aldrei átt við um tjónsatvik það sem ágreiningur er um. Ákvæði fyrrnefndrar gr. 14.3 nær til tjóna sem börn yngri en 10 ára valda. Sonur M var orðinn 11 ára þegar tjónsatvikið átti sér stað. Ákvæðið hefði því aldrei náð til hans og þegar af þeirri ástæðu er ekki ástæða til frekari umfjöllunar um það.

Hvað varðar þriðja þátt ágreinings M og V verður ekki betur séð en að úr því máli hafi verið leyst m.v. athugasemdir M dags. 29. október sl. um að hann hafi hlustað á símtal þann 28. október sl.

Það sem eftir stendur er því að taka afstöðu til þess hvort sonur M beri skaðabótaábyrgð á því tjóni sem varð þegar hann, við dansæfingar sínar, sparkaði í gler bakaraofns ömmu sinnar með þeim afleiðingum að það brotnaði. Með hliðsjón af lýsingum þeim sem liggja fyrir af atvikinu er ekki alveg ljóst hvort sonur M hafi verið að sýna umræddar dansæfingar með samþykki viðstaddra eða án þess. Þegar litið er til þess hvort sonur M gat gert sér grein fyrir því að háttsemi hans gæti valdið tjóni verður að beita sakarmati sem felur í sér að meta hvað börn á sama aldri vita eða mega vita. Þegar litið verður til þeirra gagna sem liggja fyrir verður ekki talið sannað að dansæfingarnar hafi verið þess eðlis að þær hafi falið í sér augljósa hættu á tjóni. Með hliðsjón af því verður M að bera hallann af sönnunarskortum um að sonur hans hafi sýnt gáleysi í skilningi almennra reglna skaðabótaréttar þegar hann var við dansæfingar í eldhúsi ömmu sinnar. Hefur því ekki stofnast skaðabótaábyrgð á hendur honum skv. reglum íslensks skaðabótaréttar og kemur því ekki til greiðslu skaðabóta úr ábyrgðarlið fjölskyldutryggingar M.

Niðurstaða:

Ekki hefur stofnast bótaskylda úr ábyrgðarlið fjölskyldutryggingar M hjá V.

Reykjavík 7. nóvember 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 299/2014

M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur á bifreiðastæði austan við Hafnarstræti 82 á Akureyri hinn 1.8.2014.**Gögn.**

159. Málskot, móttakið 26.9.2014, ásamt fylgigögnum.

160. Bréf X, dags 1.10.2014, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Bifreiðinni A var ekið til vesturs eftir bifreiðastæði austan við Hafnarstræti 82 á Akureyri. Í sömu andrá var bifreiðinni B ekið til suðurs eftir bifreiðastæðinu. Er leiðir ökutækjanna skárust rákust saman framanverð hægri hlið A og vinstra framan framhorn B. Mikið sjáanlegt tjón er sagt hafa orðið á báðum bifreiðum og þær virðast hafa snúist nokkuð við áreksturinn. Í lögregluskýrslu segir að hámarkshraði á bifreiðastæðinu þar sem áreksturinn varð hafi verið 15 km á klst.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið á 10 til 15 km hraða á klst. Skyndilega hafi B verið ekið inn á akleiðina sem A var ekið eftir og í veg fyrir akstursátt A. Hann kvaðst hafa hemlað en það ekki dugað og árekstur orðið. Kvað ökumaður A telja að B hafi verið ekið allt of hratt og miklu hraðar en á 15 km hraða á klst. eins og ökumaður B kvaðst hafa ekið á.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið á 15 km hraða til suðurs eftri bifreiðastæðinu með fyrirhugaða akstursstefnu til hægri vestur bifreiðastæðið. Hann hafi verið byrjaður að beygja til hægri er A hafi verið ekið á B. Ökumaður B kvaðst ekki hafa séð til ferða A áður en árekstur varð.

Álit.

Þegar ökumenn stefna svo að leiðir þeirra skerast á vegamótum, opnum svæðum eða svipuðum svæðum, skal sá þeirra sem hefur hinn á hægri hönd, veita honum forgang, sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Ökumaður A hafði B sér á hægri hönd þegar leiðir bifreiðanna skárust. Með vísan til téðs ákvæðis umferðarlaga bar ökumanni A að veita B forgang. Á því varð misbrestur og á ökumaður A sök á árekstrinum. Þótt talsvert tjón hafi orðið á bifreiðunum verður af gögnum málsins ekki ráðið að áreksturinn megi rekja til þess að ökumaður B hafi ekið hraðar en heimilt var eða aðstæður leyfðu eða hann hafi að öðru leyti hagað akstri sínum þannig að á hann verði lögð sök.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann A.

Reykjavík, 28. október 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 301/2014
M og
V1 vegna bifreiðarinnar A og
V2 vegna bifreiðarinnar B.

Umferðaróhapp á Hamrabergi í Hafnarfirði 9. september 2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið 25. september 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V2 dags. 6. október 2014.
3. Tölvupóstur V1. dags. 13. október 2014.
4. Ódagsettar athugasemdir M við greinargerð ökumanns bifreiðar B.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu vegna umferðaróhapps frá Aðstoð&Öryggi kemur fram að árekstur hafi orðið með bifreiðum A og B þannig að bifreið A var ekið aftan á bifreið B. Í skýrslunni kemur fram að árekstur hafi orðið um 34 metrum frá gatnamótum Hamrabergs og Hvassabergs en ökumaður bifreiðar B hafði stuttu fyrir áreksturinn ekið frá Hvassabergi inn á Hamraberg en ökumaður bifreiðar A ók eftir Hamrabergi. Á vettvangi voru ökumenn ósammála um aðdraganda áreksturs og verður afstaða hvors þeirra um sig rakin hér á eftir.

M sem ökumaður bifreiðar A kveðst hafa ekið eftir Hamrabergi þegar bifreið B hafi verið ekið í veg fyrir hann af Hvassabergi og síðan snarhemplað af engri ástæðu. M telur að ökumaður bifreiðar B eigi að bera ábyrgð á árekstrinum fyrir að aka í veg fyrir bifreið A af biðskyldu og snarhempla síðan. Ökumaður bifreiðar B kveðst hafa ekið inn á Hamraberg af Hvassabergi og við það hafa heyrt flaut fyrir aftan sig og í sömu mund hafi hann hægt á sér vegna hraðahindrunar og gangbrautar framundan. Þá hafi ökumaður bifreiðar A ekið aftan á bifreið B.

Í málskoti og athugasemdum M sem og í skýrslu ökumanns bifreiðar B eru atvik eftir að árekstur átti sér stað rakin í löngu máli. Þau atvik eða samskipti ökumanna eftir áreksturinn skipta ekki máli varðandi sakarskiptingu. V2 telur að alla sök eigi að leggja á M en V1 gerir ekki frekari athugasemdir vegna málsins.

Álit.

Í málinu ágreiningur um hvort ökumaður bifreiðar B hafi ekið í veg fyrir ökumann bifreiðar A af biðskyldu frá Hvassabergi inn á Hamraberg. Í ljósi þess hversu langt bifreið B var komin inn á Hamraberg þegar árekstur varð verður ekki talið sannað að bifreið B hafi ekið í veg fyrir bifreið A. Í 3. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 kemur fram að ökumaður sem ekur á eftir öðru ökutæki skuli aka svo langt frá því að eigi sé hætta á árekstri þótt ökutæki sem á undan er stöðvist eða dregið sé úr hraða þess. Þegar gögn málsins eru virt þykir ekki komin fram óyggjandi sönnun um að ökumaður bifreiðar B hafi snarhemplað bifreið sinni heldur verður lagt til grundvallar að dregið hafi verið úr ökuhraða hennar. Skylda skv. 3. mgr. 14. gr. umferðarlaga hvíldi á ökumanni bifreiðar A (M) og verður hann að bera hallann af sönnunarskorti um ætlað gáleysislegt ökulag ökumanns bifreiðar B. Telst ökumaður bifreiðar A (M) því bera alla sök á árekstrinum

Niðurstaða:

Öll sök á ökumann bifreiðar A.

Reykjavík 28. október 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 302/2014
M og
V v. kaskótryggingar bifreiðarinnar A.

Árekstur bifreiða vinstri beygja og framúrakstur þ. 16.7.2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 30.9.2014 ásamt fylgiskjölum 1-5
2. Bréf V dags. 7. október 2014 ásamt fylgiskjölum 1-4

Málsatvik.

M ók á eftir tveim bifreiðum og ákvað að aka framúr þrátt fyrir að óbrotin miðlína væri á veginum, þegar fremsti bíllinn beygði til vinstri og árekstur varð með bifreið M og þeirrar bifreiðar. M krefst bóta úr kaskótryggingu sinni hjá V. V samþykkir bótaskyldu en telur rétt að skerða bætur til M um 50% vegna stórkostlegs gáleysis. M krefst óskertra bóta og telur sig ekki hafa sýnt af sér gáleysi í umrætt sinn og miðlína vegarins hafi verið brotin þegar hann hóf framúrakstur. Þá vísar M til þess að hann hafi ekið á rúmlega 60 km. hraða í umrætt sinn. Ökumaður bifreiðarinnar sem ekið var á segist hafa gefið stefnumerki um þá fyrirætlun sína að beygja til vinstri áður en komið var á gatnamótunum og sama ber ökumaður bifreiðarinnar sem ók á eftir þeirri bifreið. Þá segir í lögregluskýrslu að framúrakstur var bannaður með óbrotinni línu þar sem M hugðist aka framúr bifreiðunum tveimur. V telur að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi þegar hann hóf framúrakstur við jafn hættulegar aðstæður og um var að ræða með akstri yfir óbrotna línu rétt áður en komið var að gatnamótum og þrátt fyrir að fremsta bifreiðin hefði gefið stefnumerki og telur V að skerða eigi bætur til M úr kaskótryggingu hans hjá félaginu um 50% með vísan til varúðarreglu 26. gr. laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004.

Álit.

Málsatvik eru að mestu leyti óumdeild. M hóf framúrakstur þegar hann nálgast gatnamót og fór yfir óbrotna línu og gætti ekk að stefnumerkjagjöf fremstu bifreiðarinnar, sem hafði gefið merki um að beygja til vinstri þegar M ók framúr bifreiðinni. Með þessum akstri sýndi M af sér stórkostlegt gáleysi þannig að hann verður að sæta skerðingu bóta sbr. 2. mgr. 27. gr. laga nr. 30/2004. Rétt þykir að bætur til M verði skertar um 1/3 vegna stórkostlegs gáleysis hans í umrætt sinn.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr kaskótryggingu sinni hjá V en verður að þola skerðingu bóta um 1/3 vegna stórkostlegs gáleysis.

Reykjavík 28.10.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 303/2014**M
og
váttryggingafélagið X v/ kaskótryggingar bifreiðar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns sem varð á jeppabifreið er henni var ekið yfir á.****Gögn.**

161. Málskot, móttækið 28.7.2014, ásamt fylgigögnum.

162. Bréf X, dags. 16.10.2014, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 21.8.2013 var jeppabifreiðinni A í eigu M ekið yfir vað á Hróarslæk. Áin hafði verið í vexti og vaðið breytt sér. Dæld mun hafa verið í vaðinu og sökk A niður að aftan og reis upp að framan. Við það mun vatn hafa flætt inn í eldsneytisgeymi A auk þess sem tveir bakskynjarar af fjórum aftan á bifreiðinni urðu fyrir skemmdum.

M hefur krafist bóta úr kaskótryggingu A hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt 4. gr. váttryggingarskilmála X sem gilda um kaskótrygginguna eru talin upp í 15 tölulíðum þau tjonstilvik sem váttryggingin tekur til, svo sem árekstur hins váttryggða ökutækis og annars farartækis (gr. 4.1), áakstur (gr. 4.2), velta og hrap (gr. 4.3) og útafakstur (gr. 4.4). Eins og tjónið á A varð verður það ekki rakið til áreksturs, áaksturs, veltu, hraps, útafaksturs eða annarra tjonstilvika sem talin eru upp í 4. gr. skilmálanna.

Í 3. gr. skilmálanna er ákvæði um hvar váttryggingin gildir og í gr. 3.3 er að finna ákvæði um það hvar eða við hvaða aðstæður váttryggingin gildir ekki, en þar segir að váttryggingin gildi ekki við akstur á vegum eða vegslóðum þar sem bannað er að aka ökutækjum samkvæmt fyrirmælum réttra yfirvalda eða akstur yfir óbrúaðar ár og læki, um fjörur, forvaða eða aðrar vegleysur. Samkvæmt gr. 3.3.2 gildir váttryggingin, þrátt fyrir ákvæði í gr. 3.3, fyrir jeppa- og torfærubifreiðar við akstur yfir óbrúaðar ár og læki, um fjörur, forvaða og aðrar vegleysur. Undanskilin eru þó tjon sem verða við að vatn flæðir inn í vélarhús, farþega- eða farangursrými hins váttryggða ökutæki. Skilja ber 3. gr. skilmálanna, þ.m.t. gr. 3.3 og gr. 3.3.2, á þann veg að í henni felist hlutlæg afmörkun á landfræðilegu gildissviði váttryggingarinnar og takmörkun á gildissviði hennar við akstur við nánar tilgreindar aðstæður, m.a. við akstur yfir óbrúaðar ár og læki. Af ákvæði gr. 3.3.2 leiðir ekki að við þær aðstæður sem þar getur bætist tjon á torfæru- og jeppabifreiðum þótt ekki sé um að ræða tjonstilvik sem talin eru upp í 4. gr. Með því að ekki varð tjon sem fellur undir bótasvið 4. gr. í umrætt sinn bætist tjónið ekki úr kaskótryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu A hjá X.

Reykjavík, 4. nóvember 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 304/2014
M og
V-1 v. frjálsrar ábyrgðartryggingar S og
V-2 v. ábyrgðartryggingar T.

Leki í íbúð vegna sprungu í kopartengi 4. maí 2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 1.10.2014 ásamt fylgiskjölum 1-2
2. Bréf V-1 dags. 20.10.2014.
3. Bréf V-2 dags. 27.10.2014

Málsatvik.

Leka varð vart í íbúð þ. 4. maí 2014 í íbúð sem var skilað til eiganda í ágúst 2013. Ágreiningslaust er að orsök lekans er vegna sprungu í kopartengi fyrir kaldavatnið í sturtu og byrjaði að leka eftir um 8 mánaða notkun sturtunnar. Málskotsaðili lagaði íbúðina á sinn kostnað, en er ekki eigandi hennar. Í skýrslu Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands dags. 3.7.2014 kemur m.a. fram að sprunga nái þvert í gegn um kopartengið, en engir efnisgallar komi fram á brotflötum, en álag við samsetningu gæti átt þátt í sprungumyndun, en ekki sé hægt að fullyrða að sprungan hafi hafist af völdum ofherslu eða seinni álagsþrýstings eftir að notkun hófst.

V-1 hafnar bótaskyldu segir ágreininginn í málinu snúast um hvort um sé að ræða galla á kopartenginu eða handvömm við pípulögn sem S annaðist um. V-1 segir að miðað við gögn málsins liggja ekkert fyrir um að starfsmenn S hafi sýnt af sér saknæma háttsemi í aðdraganda tjónsins. V-2 hafnar bótaskyldu og segir engan rökstuðning liggja fyrir í málinu um bótaskyldu T. M hafi hafi séð um framkvæmdir við byggingu hússins þar sem lekinn varð og lagað skemmdirnar þrátt fyrir að M teldi sig ekki bera bótaábyrgð á tjóninu og ákveðið að skjóta málinu til Úrskurðarnefndar í váttryggingarmálum.

V-2 telur rétt að vísa málinu frá vegna skorts á aðildarhæfi M í málinu og vísar til 5.gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum og telur V-2 að M falli ekki undir neinn af þeim sem talinn sé upp í 1. mgr. 5. gr. samþykktanna.

Álit.

V-2 krefst þess að málinu verði vísað frá úrskurðarnefnd í váttryggingamálum þar sem M geti ekki átt aðild að málskoti sbr. ákvæði 1. mgr. 5. gr. samþykktu nefndarinnar nr. 1090/2005. Þar segir m.a. ”Málskotsaðili getur verið váttryggingartaki, váttryggður, þar á meðal meðváttryggður, rétt hafi bóta, tjónþoli og hver sá annar er telur sig eiga rétt til bóta úr váttryggingu eða annara hagsmuna að gæta vegna váttryggingarsamnings samkvæmt lögum um váttryggingarsamninga.” Ekki verður annað séð en að M geti átt aðild þar sem hann getur átt hagsmuna að gæta vegna váttryggingarsamnings. Af þeim sökum er því hafnað að vísa málinu frá úrskurðarnefnd í váttryggingarmálum.

Af hálfu M hafa ekki verið lögð fram gögn sem sýna ótvírætt fram á hvað það var sem varð þess valdandi að sprungur mynduðust í koparrörinu sem gaf sig. Ekki er sýnt fram á eða gert líklegt að koparrörið hafi verið haldið upprunalegum galla og í skýrslu Nýsköpunarmiðstöðvarinnar kemur fram að engir efnisgallar komi fram á brotflötum tengisins. Ekkert liggur því fyrir í málinu um að koparrörið hafi verið gallað þegar T afhenti kaupanda það. Ekki er því um bótaskyldu að ræða úr

ábyrgðartryggingu T hjá V-2. Í skýrslu Nýsköpunarmiðstöðvarinnar sem er eina faglega úttektin sem lögð hefur verið fram í málinu og er aflað einhliða af M segir að álag við við samsetningu gæti átt þátt í sprungumyndun, en ekki sé hægt að fullyrða að sprungan hafi hafist af völdum ofherslu eða seinni álagsþrýstings eftir að notkun hófst. Engin sönnun liggur því fyrir í málinu um að starfsfólk S beri sök á sprungumyndun í koparrörinu og hafi vegna handvamar við störf sín valdið tjóninu. Ekki er því um bótaskyldu að ræða úr ábyrgðartryggingu S hjá V-1

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu S hjá V-1 né heldur rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu T hjá V-2.

Reykjavík 7.11.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 305/2014
M og
V vegna ábyrgðartryggingar S.

Líkamstjón við snjóbreitaiðkun í Bláfjöllum 31. janúar 2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið 3. október 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 14. október 2014, ásamt reglum um skíðaiðkun og skíðabrautir.

Málsatvik.

Í málskoti er tjónsatviki M lýst þannig að hann hafi verið að renna sér á snjóbretti niður skíðaleiðina Drottningu í Bláfjöllum þegar hann hafi lent á ójöfnu í kanti skíðaleiðarinnar með þeim afleiðingum að hann hentist upp og lenti með afturendann á staur á snjógirðingu og hlaut þannig líkamstjón sem hefur verið metið til varanlegar læknisfræðilegrar örorku.

M telur að S beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóninu þar sem skylda S, sem rekstraraðili skíðasvæðisins, sé rík til að tryggja öryggi gesta sem hafa aðgang að svæðinu gegn borgun og S hafi því fjárhagslegan ávinning af starfseminni og verði að gera ríkar kröfur til hans þess vegna. M vísar til þess að gera hefði átt ráðstafanir til að koma í veg fyrir slyshættu og bendir á að starfsmaður S hafi sagt að áður hefðu orðið slys við þessar aðstæður sem og að listi hafi verið settur ofan á girðinguna sem M féll á eftir þetta atvik og auðvelt hefði verið að strengja net eins og algengt er í skíðabrekkum erlendis.

V vísar til þess að snjógirðingar, eins og þær sem M féll á, séu staðsettar utan skíðaleiðar og því sé ekki nauðsynlegt að verja þær sérstaklega. V telur að M hafi brotið gegn reglum um skíðaiðkun og skíðabrautir með því að skíða of nærri greinilegum hindrunum, utan skíðabrauta og þannig hafi hann verið á eigin ábyrgð skv. fyrrgreindum reglum.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um skaðabótaábyrgð S vegna umbúnaðar á skíðasvæði. M ber sönnunarbyrði um að skilyrði skaðabótaábyrgðar liggja fyrir en hann hefur vísað ætlaðrar hættulegrar staðsetningar girðingar m.t.t. skíðaleiðar, sem og til ummæla starfsmanns S máli sínu til stuðnings og að lokum ráðstafana sem gerðar hafi verið eftir að slys M varð. Ekki fylgja sönnunargögn sem styðja yfirlýsingar M um þetta og verður því ekki hægt að leggja þær til grundvallar við sönnunarmat. Þegar litið er til þeirra gagna sem liggja fyrir í málinu telst ekki sannað að skilyrði skaðabótaábyrgðar séu uppfyllt gagnvart S. Verður því ekki fallist á að stofnast hafi bótaskylda úr ábyrgðartryggingu S hjá V.

Niðurstaða:

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu S hjá V.

Reykjavík 4. nóvember 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 306/2014
M og
V vegna ábyrgðarliðar fjölskyldutryggingar S.

Tjón á bifreið á Vatnsmýrarvegi 21. ágúst 2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið 7. október 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 25. nóvember 2014.

Málsatvik.

Af gögnum málsins má ráða að tjón hafi orðið á bifreið M þegar henni var ekið um Vatnsmýrarveg í u-beygju við (gömlu) Hringbraut. Þegar bifreiðinni var ekið til vinstri í u-beygjuna kom sonur S, fjórtán ára, á reiðhjóli af stíg inn á Vatnsmýrarveg og kvaðst hafa þurft að snögghemla þegar bifreiðinni var ekið í u-beygjuna. Það leiddi til þess að sonur S lenti á bifreiðinni og á henni varð tjón.

M telur son S bera skaðabótaábyrgð á tjóninu á bifreið sinni þar sem M telur að hann hafi hjólað allt of hratt m.v. aðstæður og ljóslaus í myrkri inn á götu þar sem bifreið var fyrir. Með því hafi hann sýnt gáleysi og verði að bera ábyrgð á því gagnvart M.

V telur f.h. S að tjón á bifreið M sé fyrst og fremst hægt að rekja til aksturslags ökumanns bifreiðarinnar en ekki háttsemi sonar S. V vísar til ákvæða umferðarlaga nr. 50/1987 og telur að ökumaður bifreiðarinnar hafi átt að víkja vegna biðskyldu sem er á Vatnsmýrarvegi.

Álit.

Greiðsla bóta úr ábyrgðarlið fjölskyldutryggingar er háð því að váttryggður beri skaðabótaábyrgð skv. íslenskum lögum á tjóni. Þegar litið er til gagna málsins og þess atviks sem þar er lýst verður að staðreyna hvort sýnt sé að sonur S beri skaðabótaábyrgð á tjóni á bifreið M til þess að greiddar séu bætur úr umræddri váttryggingu. Um það ber M sönnunarbyrði skv. almennum sönnunarreglum. Í lögregluskýrslu kemur fram að ökumaður bifreiðar M hafi ekið til vinstri í u-beygju á gatnamótum við stíg sem af myndum virðist vera ætlaður fyrir bæði hjólandi og gangandi vegfarendur. Ökumaður kvaðst aðspurður ekki muna hvort hann hafi gefið stefnuljós um akstursstefnu sína. Með hliðsjón af þeim aðstæðum og framburði aðila verður ekki talið sýnt að tjón á bifreið M megi rekja til saknæmrar og ólögmætrar háttsemi sonar S. Það að koma hjólandi eftir stíg með fyrirhugaða stefnu yfir akbraut er ekki saknæmt í sjálfu sér og verður ekki séð að hann hefði mátt sjá greinilega að akstursstefna bifreiðar M gæti verið sú sem hún varð. Til upplýsinga verður einnig bent á að ekki er ljóst hvort bifreið M er tryggð með munatryggingu (kaskótryggingu) en þess ber að geta að skv. 1. mgr. 19. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 stofnast ekki skaðabótaskylda vegna tjóns sem munatrygging tekur til nema ákvæði 2. mgr. 19. gr. eigi við.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðarlið fjölskyldutryggingar S hjá V.

Reykjavík 16. desember 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 307/2014**M og
V vegna ábyrgðartryggingar A.****Vinnuslys við tröppuviðgerðir 22. september 2010.****Gögn.**

1. Málskot ásamt fylgiskjölum 7. október 2014.
2. Bréf V frá 24. október 2014, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

M lenti í vinnuslysi þann 22. september 2010 þegar hann vann, ásamt öðrum, við viðgerðir á tröppum við hús eitt á Ísafirði. Samkvæmt gögnum málsins mun M hafa runnið til í tröppunum og dottið með bakið á tröppubrik með þeim afleiðingum að hann slasaðist. Kveðst M hafa haldið á tómum bala sem átti að setja steypu í niður tröppurnar en stigið á steypubrot sem var á síðasta þrepinu og því runnið til.

Álit.

Byggt er á því í málskoti að samstarfsmaður M hafi ekki sinnt verkskyldum sínum í tengslum við viðgerð á tröppunum. Hafi samstarfsmaður hans átt að hreinsa tröppurnar af steypubrotum sem verið væri að höggva burt en ekki gert það sem skyldi. Auðvelt hefði verið að hreinsa tröppurnar og halda þeim auðum. Samstarfsmaður hans hafi því orsakað tjón M og eigi A að bera ábyrgð á því á grundvelli vinnuveitandaábyrgðar.

Það er meginregla í skaðabótarétti að sá sem krefst skaðabóta frá öðrum aðila vegna tjóns sem hann telur sig hafa orðið fyrir verður að færa sönnur á saknæma og ólögsmæta háttsemi þess sem hann telur bera ábyrgðina. Ekki hefur verið sýnt fram á saknæma eða ólögsmæta háttsemi samstarfsmannsins sem leiða á til skaðabótaábyrgðar A. Samkvæmt A var það í verkahring beggja, bæði M og samstarfsmanns hans, að sópa steypubrotunum burt. Um einfalt verk var að ræða sem þarfnaðist ekki verkstjórnar. Verður því að hafna bótaábyrgð A.

Niðurstaða.

Bótaábyrgð ekki fyrir hendi

Reykjavík, 18. nóvember 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 308/2014
V v. ábyrgðartryggingar B vegna snjóblásara.

Bifreið skemmdist þegar snjóblásari var að blása burt snjó og klaka þ. 5.1.2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 7.10.2014 ásamt fylgiskjölum 1-3
2. Bréf V dags. 27.10.2014.

Málsatvik.

Bifreiðin A varð fyrir skemmdum þegar snjóblásari á vegum B var að ryðja burt snjó og klaka af hlaði sveitabæjar. M krefst bóta úr frjálstri ábyrgðartryggingu B vegna þess tjóns sem bifreið hennar A varð fyrir vegna mokstursins og einnig um bætur úr kaskótryggingu A hjá V. M bendir á að snjórinn hafi verið sérstaklega þungur í umrætt sinn og strókurinn frá blásaranum hafi náð langt vegna mistaka starfsmanns. V hafnar bótaskyldu úr frjálstri ábyrgðartryggingu B og segir að um erfiðar aðstæður hafi verið á hlaðinu þar sem verið var að ryðja og bifreiðar á kafi í snjó og ógjörningur fyrir stjórnanda snjóblásarans að gæta að þeim.

Álit.

Óumdeilt er að bifreiðin A varð fyrir tjóni þegar stjórnandi snjóblásara á vegum B var að blása í burtu snjó og klaka af hlaði sveitabæjar. Ekki hefur verið sýnt fram á að stjórnandi snjóblásarans hafi sýnt af sér aðgæsluleysi eða hagað störfum sínum með saknæmum hætti. M á því ekki rétt á bótum úr frjálstri ábyrgðartryggingu B hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálstri ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík 18.11.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 309/2014
M1 og
V1) v/ bifreiðarinnar A gegn M2 og V2 v/ bifreiðarinnar B.

Árekstur á Grundargötu á Dalvík, 16. ágúst 2014.

Gögn.

1. Málskot ásamt gögnum.
2. Bréf V1, dags. 6. nóvember 2014, ásamt fylgiskjölum
3. Óundirritað bréf frá M2, dags. 22. október 2014, ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Árekstur varð með bifreiðum A og B á Grundargötu. Ökumaður A ekur suðuraustur Grundargötu og tekur vinstri beygju í átt að Sandskeiði. Ökumaður B ekur suðvestur Grundargötu með fyrirhugaða beygju til hægri, áfram eftir Grundargötu. Árekstur varð á milli bifreiðanna í beygjunni þegar þær mættust. Afstöðumynd er teiknuð á framhlið tjönstilkynningar þar sem bifreiðarnar virðast annars vegar vera í þröngri vinstri beygju (B) og hins vegar í víðri hægri beygju (A). Í gögnum málsins má sjá frásögn vitna þar sem fram kemur að hægt hafi verið aka beggja vegna við bifreiðarnar.

Álit.

Teikning á framhlið tjönstilkynningar er óljós um nákvæma staðsetningu bifreiðanna. Engin vitni eru að árekstrinum sjálfum en nokkur vitni sem geta um staðsetningu bifreiðanna eftir áreksturinn þar sem fram kemur að þeir hafi báðir verið utan eðlilegrar akstursleiðar. Báðir ökumenn halda því fram að hinn ökumaðurinn hafi ekið yfir á öfugan vegarhelming. Af gögnum málsins verður ekki ráðið hvor hafi rétt fyrir sér í þeim efnum og verður sök því skipt til helminga.

Niðurstaða.

Sök er skipt til helminga

Reykjavík 2. desember 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 310/2014
M og
V1 v/ bifreiðarinnar A og V2 v/ bifreiðarinnar B.

Árekstur við Kaplahraun 7 þann 5. september 2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið 7. október 2014 ásamt gögnum.
2. Tölvupóstur V2 dags. 29. október 2014 ásamt athugasemdum ökumanns bifreiðar B.
3. Bréf V1 dags. 7. nóvember 2014 ásamt gögnum.

Málsatvik.

Árekstur varð með bifreiðunum A og B með þeim hætti að bifreið B hafði verið ekið aftur á bak úr bifreiðastæði út á Kaplahraun þegar bifreið A var einnig ekið aftur á bak úr bifreiðastæði hinu megin götunnar. Í tjónstilkynningu kemur fram að ökumaður bifreiðar A kveðst hafa verið búinn að aka aftur á bak og verið um það bil að fara áfram þegar bifreið B hafi verið ekið í hlið bifreiðar hans. Ökumaður bifreiðar B kveðst hafa ekið aftur á bak eftir að hafa gætt að umferð um götuna en þá lent á bifreið A.

M telur að hann sem ökumaður bifreiðar A hafi gætt að umferð um Kaplahraun og það að hann hafi verið um það bil að aka af stað þegar bifreið B var ekið á bifreið A þýði að ökumaður bifreiðar B eigi að bera alla sök á árekstrinum.

V1 hefur ekki sérstakar athugasemdir vegna málskots en kemur á framfæri athugasemdum ökumanns bifreiðar B um að afstöðumynd í málskoti sé ekki rétt og að hann hafi verið að aka frá Kaplahrauni 10. V2 gerir þær athugasemdir ökumaður bifreiðar A hafi verið að undirbúa akstur beint áfram þegar árekstur varð og hafi því þá þegar gætt þeirrar varúðar sem honum bar að gera skv. 1.mgr. 17.gr. umferðarlaga nr. 50/1987, en alla sök eigi að leggja á ökumann bifreiðar B sem hafi ekki gert það.

Álit.

Í málinu liggur fyrir staðfastur framburður M um að hann hafi verið um það bil að aka áfram þegar árekstur varð eftir að hafa ekið aftur á bak en ökumaður B kveðst ekki hafa séð nokkra umferð áður en hann ók aftur á bak. Með hliðsjón af því sem og staðsetningu ákomu á bifreið A verður að telja nægilega sannað að ökumaður bifreiðar A (M) hafi gætt varúðar áður en hann ók aftur á bak en ökumaður bifreiðar hafi ekið á eftir A út á götuna og við það ekki gætt nægrar varúðar. Verður því að leggja alla sök á árekstrinum á bifreið B.

Niðurstaða:

Öll sök á bifreið B.

Reykjavík 2. desember 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 311/2014**M og
V vegna fjölskylduþryggingar.****Reiðhjóli stolið í Noregi.****Gögn.**

1. Málskot móttakið þann 7. október 2014 ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf frá V þann 31. október 2014.
3. Bréf frá M þann 21. nóvember 2014.

Málsatvik.

Ekki er ágreiningur um málsatvik. Reiðhjóli maka M var stolið við lestarstöð í Noregi einhvern tímann frá kl. 16 þann 28. september 2014 og kl. 18 þann 30. september 2014. Má skilja málskot á þann hátt að maki M hafi átt lögheimili hjá M til 15. september 2014 en þá flutt búferlum til Noregs.

V hefur hafnað bótaábyrgð úr heimatryggingu M með vísan til gr. 1.1 sem fjallar um hverjir séu vátryggðir samkvæmt vátryggingunni.

Álit.

Í gr. 1.1 heimatryggingar sem M er með hjá V kemur fram að vátryggðir séu vátryggingartaki, maki hans eða sambýlismaki og ógift börn, enda eigi þessir einstaklingar sameiginlegt lögheimili á Íslandi, búi á sama stað og hafi sameiginlegt heimilishald. Maki M virðist samkvæmt gögnum málsins hafa verið með sama lögheimili og sameiginlegt heimilishald með M þar til hann flutti af landi brott, þann 15. september 2014

Samkvæmt gr. 14.1 gildir innbústryggingin á því heimili vátryggingartaka sem nefnt er í vátryggingarskírteini. Ljóst er að lögheimili maka M í Noregi er ekki skráð á vátryggingarskírteinið. Í gr. 14.2 kemur fram að við búferlaflutning gildi innbústryggingin á báðum stöðum í einn mánuð frá þeim tíma sem vátryggður fékk umráð yfir hinu nýja húsnæði. Takmarkast gildissvið gr. 14.2 við þann sem er vátryggður en ekki aðra aðila. Þegar maki M flutti út til Noregs og fékk annað lögheimili og annað heimilishald en M gildi heimatryggingin því ekki lengur um hann, sbr. gr. 1.1. Fellur tjónið því ekki undir ákvæði gr. 14.2.

Niðurstaða.

Bótaábyrgð er ekki til staðar úr innbústryggingu hjá V.

Reykjavík, 2. desember 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 312/2014
M og
V vegna frítímaslysáttryggingar.

Maður slasast á íþróttæfingu þ. 23.11.2011. Tilkynningarfrestur.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 3.10.2014 ásamt fylgiskjölum 1-19
2. Bréf V dags. 21.10.2014.

Málsatvik.

M slasaðist á íþróttæfingu þ.23.11.2011 og var fluttur á á slysadeild þar sem hann var greindur með liðhlaup í olnboga. M var settur í liðinn og gipsaður. Daginn eftir kom í ljós að um brot var að ræða og taug hafði klemmst inn í olnbogaliðinn og þann sama dag þ.24.11.2011 var gerð opin réttning á olnbogabrotinu og taugin færð á sinn stað. M þurfti síðar að fara í aðgerð þ. 16.4.2012 þar sem skrúfa var fjarlægð úr handleggnum. Þ. 24.7.2012 fór M í taugaleiðniþróf og síðan ítrekað síðast þ.5.11.2012. Af hálfu M var V tilkynnt um slysið þ. 24.7.2013. M krefst bóta úr frítímaslysáttryggingu sinni hjá V og telur að ársfrestur til að tilkynna slysið sbr. 124.gr. laga um váttryggingasamning nr. 30/2004 hafi ekki verið runninn út. Bent er á að afleiðingar taugaskaða hefðu ekki að fullu komið í ljós fyrr en 28.10.2013. Af hálfu M er því haldið fram að honum hafi ekki verið sagt að um varanlegt tjón væri að ræða. V hafnar bótaskyldu og telur að slysið hafi verið tilkynnt eftir að frestur skv. 1. mgr. 124. gr.váttryggingasamningalaga var útrunninn. V bendir á að M hafi farið í aðgerð daginn eftir slysið og þá hafi legið fyrir beinbrot og taugaskaði og engar nýjar greiningar hafi komið eftir það. V segir að þrátt fyrir að áverkar M hafi legið fyrir daginn eftir slysið hafi ekki verið tilkynnt um slysið af hálfu M fyrr en einu ári og sjö mánuðum eftir það.

Álit.

M slasaðist á íþróttæfingu þ. 23.11.2011. Daginn eftir slysið þann 24.11.2011 fór M í aðgerð og þá kom í ljós að M hafði brotnað og orðið fyrir taugaskaða. Greining á afleiðingum slyss M lá fyrir strax við aðgerðina þ. 24.11.2011 og engin frekari greining eða meiðsl umfram það sem þá var greint komu síðar fram. Þá þegar lágu fyrir nauðsynlegar upplýsingar um varanlegar afleiðingar slyssins. Sly M var tilkynnt til V þ. 24.7.2012, en þá var tilkynningarfrestur skv. 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2014 um váttryggingasamninga liðinn. M á því ekki rétt á bótum úr frítímaslysáttryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frítímaslysáttryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 25.11.2014

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 313/2014
M og
V vegna kaskótryggingar ökutækis.

Gildissvið kaskótryggingar vegna óhapps 19. maí 2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið 13. október 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 3. nóvember 2014, ásamt gögnum.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu M kemur fram að hann hafi ekið húsbifreið sinni aftur á bak á stein og við það hafi gólf bifreiðarinnar „gengið upp“. Í kjölfarið hafi komið fram skemmdri á bifreiðinni þar sem rigningarvatn hafi átt átt greiða leið inn í hana. Nánar tiltekið segir M í málskoti að hann hafi ekið á steina sem notaðir voru til að afmarka svæði á tjaldsvæði. Einnig kemur fram hjá V að skemmdri hafi orðið á undirvagni bifreiðarinnar en ekki á t.d. afturstuðara hennar. Myndir af bifreiðinni liggja einnig fyrir í málinu.

M telur að kaskótrygging hans eigi að bæta tjónið sem varð á bifreiðinni. V telur hins vegar að ákvæði gr. 4.19 í váttryggingarskilmálum eigi við en það ákvæði er undanþáguákvæði sem segir: „váttryggingin bætir ekki skemmdir sem hljótast af því að ökutæki tekur niðri á ójöfnum, svo sem hryggjum eftir veghefla, jarðföstu og lausu grjóti.“ V telur að skemmdir á bifreið M hafi orðið með þessum hætti þegar hann ók bifreið sinni aftur á bak á það grjót sem hann kveðst sjálfur hafa ekið á.

Álit.

Í málinu virðist vera óumdeilt að M ók bifreið sinni aftur á bak þannig að hann lenti á steinum eða grjóti sem notað var til að afmarka tiltekið svæði við bifreiðastæði. Tjón varð á undirvagni bifreiðarinnar við áaksturinn. Þegar litið er til váttryggingarskilmála kaskótryggingar V verður ekki annað séð en að þar hafi félagið takmarkað bótaábyrgð sína skýrlega með hlutlægum hætti í gr. 4.19 þar sem kemur fram að váttryggingin bæti ekki skemmdir sem hljótist af því að ökutæki taki niðri á grjóti hvort sem það er jarðfast eða laust. M.v. lýsingar M á tjónsatvikinu þegar hann ók bifreið sinni á umrædd grjót verður ekki hægt að skilja málavexti öðruvísi en að tjón hafi orðið á undirvagni bifreiðar hans og að skemmdir hafi orðið við það að bifreiðin tók niðri á grjóti. Þegar af þeirri ástæðu telst áðurnefnt undanþáguákvæði gr. 4.19 eiga við um tjón M og tekur váttrygging hans því ekki til þeirra skemmda sem urðu á bifreiðinni.

Niðurstaða:

M á ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 18. nóvember 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 314/2014
M og
V v. ábyrgðartryggingar og slysatryggingar launþega S.

Maður fékk slynk á bak við vinnu sína þ. 23.9.2013

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 16.10.2014 ásamt fylgiskjölum 1-18
2. Bréf V dags. 30.10.2014.

Málsatvik.

M segir málsatvik vera þau að hann hafi ásamt öðrum manni verið að taka niður vinnupall í Bogahlíð í Reykjavík og hafi samstarfsmaður M ætlað að rétta honum sliskju úr vinnupallinum en misst hana í átt að M sem greip hana og fékk slynk á bakið. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu S og slysatryggingu launþega hjá V á grundvelli sakarreglunnar og vinnuveitendaábyrgðar. M segir að slysið hafi ekki verið tilkynnt eða rannsókn á því farið fram af hálfu S. Af hálfu M er vísað til dóma Hæstaréttar í málum 662/2006, 272/2008, 322/2008 og 363/2008. V hafnar bótaskyldu og segir að M hafi verið að vinna við viðgerðir á glugga í Bogahlíð þ. 23.9.2013. Hafi forsvarsmenn S ekki vitað af því að M teldi sig hafa orðið fyrir því slysi sem hér ræðir um fyrr en í febrúar 2014 en þ. 29.10.2013 hafi M skilað inn læknisvottorði vegna allt annarra hluta en þessa meinta slyss. V segir að M hafi aldrei tilkynnt S um slysið eða að annar maður hafi misst sliskju á M og því útilokað fyrir S að tilkynna um eða láta rannsaka meint slys.

Álit.

Forsenda bótaskyldu V úr ábyrgðartryggingu og slysatryggingu launþega hjá S er að sýnt sé fram á að umrætt slys hafi orðið með þeim hætti sem M heldur fram. Ekkert liggur fyrir um að M hafi orðið fyrir slysi þ. 23.9.2013 svo sem er forsenda kröfugerðar hans byggist á annað en frásögn hans sjálfs. Miðað við fyrirbyggjandi gögn er því ekki sýnt fram á það af hálfu M að hann hafi orðið fyrir slysi með þeim hætti sem hann heldur fram og á þegar af þeim sökum ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu eða slysatryggingu launþega hjá S.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu eða slysatryggingu S hjá V.

Reykjavík 18.11.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 315/2014**M
og
vátryggingafélagið X v/ húseigendatryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns á húseign af völdum raka.****Gögn.**

163. Málskot, móttækið 20.10.2014, ásamt fylgigögnum.

164. Bréf X, dags 27.2.2014 [svo], ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Haustið 2013 kom í ljós að svokallað aðstöðuhús í Hveradölum í eigu M hafði fyllst af raka og orðið fyrir verulegum skemmdum. Húseignin var tryggð með húseigendatryggingu, þ. á m. vatnstjónstryggingu, hjá X og með tjónstilkynningu, dags. 7.10.2013, var X tilkynnt um tjónið. Hefur M krafist bóta úr vátrygginguni vegna þess tjóns sem hann telur sig hafa orðið fyrir.

X fékk A pípulagningameistara til að kanna og leggja mat á orsakir tjónsins. Í skýrslu hans, dags. 11.11.2013, kemur fram að við komu á staðinn hafi mikil gufa streymt upp um opna frárennslisstúta í rými sem hafi verið fyrir salernisaðstöðu. Salerni og handlaug hafi verið fjarlægð en lögnum ekki lokað. Við nánari skoðun sem hafi falist í því að mynda frárennslid frá opna stútum hafi komið í ljós að frárennslislögnin, sem hafi legið á tveggja metra dýpi, hafi verið úr steini og sprungur verið í henni. Taldi skoðunarmaðurinn líkur á að hiti í jarðvegi (gufa) hafi komist inn um sprungurnar. Í kjölfar þessa hafnaði X bótaskyldu með bréfi dags. 19.11.2013.

M vildi ekki una afstöðu X og í bréfi, dags. 30.1.2014, kvað M heitavatnslögn að húsinu hafa gefið sig undir húsinu eða í sökklí þess og því hafi gufa átt greiðan aðgang hvort sem er upp um fyrrgreinda stúta eða aðrar auðveldari leiðir, en gufan hafi einungis komið upp með veggjum hússins sem og í gegnum sprungu á gólflötu. Búið hafi verið að þrýstiprófa lögnina og hún hafi ekki staðist þrýstipróf.

A skoðaði húsið að nýju að beiðni X. Í skýrslu A, dags. 8.2.2014, segir svo: „Búið var að brjóta kringum lagnir sem koma upp úr gólfi þar. Mikil gufa kom upp um gatið og einnig upp um sprungur sem eru á nokkrum stöðum í gólfinu. Samkvæmt hitamyndum sem teknar voru er ekki að sjá að um lagnaleka sé að ræða. En allar lagnir sem vitað er um og koma inn í umrætt hús er búið að loka fyrir og það fyrir all löngu síðan.“ Hin nýja skýrsla breytti ekki afstöðu X til bótaskyldu.

Í málskoti kemur fram að svo hafi farið að húsið hafi verið fjarlægt af sökklinum. Við þá aðgerð hafi komið í ljós að enginn raki eða gufa hafi komið úr iðrum jarðar á umræddum stað eftir að lagnir og annað hafi verið fjarlægt úr sökklinum. Heldur virðist sem gufan hafi komið frá frárennslisröri sem hafi legið frá húsinu og farið þaðan upp um gólf og meðfram veggjum. Sé ljóst að skemmdir á húsinu séu af völdum gufu sem hafi komið úr lögninni undir húsinu.

Álit.

Samkvæmt 1. gr. í vatnstjónstryggingarlið húseigendatryggingar X sem gildi fyrir umrædda húseign bætir vátryggingin skemmdir á vátryggðri húseign sem eiga upptök sín innan veggja hússins og stafa eingöngu af af ófyrirsjáanlegum, skyndilegum og óvæntum leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennislögnum þess.

Engin haldbær skýring liggur fyrir í málinu um uppruna eða upptök þeirrar gufu sem lék um húseign M og olli skemmdum á henni. Þegar húsið var fjarlægt af sökkli sínum sem og lagnir í sökklinum virðist sem engin nákvæm athugun hafi farið fram á því hvaðan gufan hafi komið inn í húsið. Þótt gufa hafi m.a. streymt út um op á frárennislögninni verður að telja ósannað að tjón M á húseigninni hafi orðið af völdum skemmda sem hafi átt upptök sín innan veggja hússins vegna leka úr frárennislögnum eins og áskilið er í vátryggingarskilmálunum. Tjónið telst því ekki bótaskyldt úr vatnstjónstryggingunni hjá X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr vatnstjónstryggingarlið húseigendatryggingar hjá X.

Reykjavík, 18. nóvember 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 316/2014
M og
V vegna ábyrgðartryggingar R.

Skaðabótaábyrgð veitingastaðar vegna falls 13. desember 2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið 20. október 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 29. október 2014, ásamt gögnum.
3. Yfirlýsing leigubílstjóra dags. 12. nóvember 2014.
4. Athugasemdir V við yfirlýsingum, sbr. tölvupóstur dags. 13. nóvember 2014.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu M til V dags. 12. október 2012 kemur fram að hún hafi verið að borða á veitingastað R og verið að fara af staðnum út í leigubífreið þegar hún rann á flísalögðu gólfi staðarins. M rekur fall sitt til bleytu á gólfi veitingastaðarins og fullyrðir í tjónstilkynningu sinni að bleytan hafi verið vegna þess að starfsmenn hafi verið að skúra gólf veitingastaðarins og hafi hellt vatni og sápu á þau þess vegna. Í lögregluskýrslu kemur fram að M hafi ekki vitað hvernig hún hlaut áverka þegar hún var yfirheyrð um það á sjúkrahúsi síðar sama kvöld en læknir hafi talið áverka virðast vera eftir fall. Í lögregluskýrslu er einnig haft eftir lækni að M hafi verið verulega ölvuð þegar hún kom á sjúkrahúsið.

M telur að R eigi að bera skaðabótaábyrgð á líkamstjóni hennar þar sem starfsmenn R hafi sýnt gáleysi við þrif á gólfum veitingahússins sem áttu sér stað á meðan hún sem gestur var enn inni á veitingastaðnum. M vísar til þess að R sé vínveitingastaður og verði starfsmenn að haga vinnu sinni samkvæmt því að verið sé að selja fólki áfengi og það sé gáleysi að hella vatni og sápu á flísalagt gólf áður en gestir yfirgefa veitingastaðinn. Einnig vísar V til þess að ekki sé sýnt að háttsemi hennar sjálfrar sé hægt að meta til stórkostlegs gáleysis og telur V bera sönnunarbyrði fyrir því. Einnig vísar M í yfirlýsingu leigubílstjóra um ástand hennar eftir slysið.

V telur að ekki sé sannað að slys M hafi átt sér stað með þeim hætti sem hún lýsir. V vísar til lögregluskýrslu þar sem haft er eftir M að hún segist ekki hafa vitað hvernig líkamstjónið kom til. Einnig vísar V til þess að M hafi í kjölfarið verið flutt í Kvennaathvarfið þar sem grunur hafi verið um að maður hennar hafi valdið áverkunum. Einnig vísar V til þess að enginn starfsmanna R hafi orðið var við að M hafi orðið fyrir líkamstjóni þar inni og enginn hafi verið látinn vita.

Álit.

Í málinu kemur fram í máli M að hún telur að líkamstjón hennar sé rakið til þess að hún hafi runnið í bleytu á veitingahúsi R. M ber sönnunarbyrði um að hún hafi hlotið líkamstjón með þeim hætti sem hún lýsir. Engin samtímagögn staðfesta umrædda lýsingu M á atvikum tjónsins eða veita minnstu vísbendingu um að atvik hafi verið með þeim hætti sem hún lýsir eða rakið til atvika sem R ber skaðabótaábyrgð á. Verður hún að bera hallann af slíkum sönnunarskorti og á því ekki rétt á skaðabótum úr hendi R.

Niðurstaða:

M á ekki rétt á skaðabótum úr ábyrgðartryggingu R hjá V.

Reykjavík 18. nóvember 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 317/2014
M og
V vegna frítímaslysáttryggingar.

Kona datt á veitingastað og ökklabrotnaði. Ágreiningur um skerðingu bóta. Þ. 9.3.2013

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. ásamt fylgiskjöllum 1-6
2. Bréf V dags. 30.11.2014
3. Bréf lögmanns M dags. 3.11.2014.

Málsatvik.

M segist hafa verið skemmtistað á árshátíð og þegar hún reyndi að standa upp úr stól datt hún og missteig sig með þeim afleiðingum að hún hlaut beinbrot á hægri ökkla. M krefst bóta úr frítímaslysáttryggingu sinni hjá V. V viðurkennir bótaskyldu en telur rétt að skerða bætur til M um 1/3 á grundvelli 1. mgr. 90. gr. lága um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 þar sem M hafi verið mjög ölvuð þegar slysið varð og orsakatengsl séu á milli slyssins og ölvunar M. V telur því að slysið verði rakið til stórkostlegs gáleysis M og V því heimilt að skerða bætur til M svo sem að framan greinir. Þá telur V að M hafi ekki uppfyllt skyldu sína til að takmarka tjón sitt þar sem hún hafi ekki hlíft ökklanum sem skyldi til að ná skjótum bata skv. samskiptaseðli Heilsugæslu frá 12.4.2013 vegna M. M krefst óskertra bóta og segir rangt að hún hafi verið mjög ölvuð og ekki sé sannað orsakasamband milli ölvunar M og slyssins eða stórkostlegt gáleysi hennar. Af hálfu M er vísað til dóms Hæstaréttar í málinu 128/2013.

Álit.

Samkvæmt gögnum sem fyrir liggja í málinu þá var M talsvert ölvuð í umrætt sinn. Það er hins vegar ekki sannað að orsakasamband sé á milli ölvunarástands hennar og þess að hún varð fyrir umræddu slysi. Þá hefur V ekki heldur sýnt fram á að M hafi gerst sek um stórkostlegt gáleysi sem hafi leitt til slyssins. Af ofangreindum ástæðum á M rétt á því að fá óskertar bætur úr frítímaslysáttryggingu sinni hjá V vegna ofangreins slyss.

Niðurstaða.

M á rétt að fá óskertar bætur úr frítímaslysáttryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 18.11.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 318/2014
M og
V vegna húseigendatryggingar.

Vatn þrýstist upp um niðurfall í þvottahúsi í húsi á Selfossi þ. 20.9.2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.21.10.2014.
2. Bréf V dags. 24.11.2014 ásamt fylgiskjöllum 1-3

Málsatvik.

M segir að mikið úrhelli hafi gert rétt fyrir miðnætti þ.19.9.2013 og rétt eftir miðnætti hafi flætt upp úr niðurfalli í þvottahúsi og valdið tjóni m.a.hafi parket og dúkur eyðilagst. M krefst bóta úr vatnstjónstryggingu húseigendatryggingar sinnar hjá V. V hafnar bótaskyldu og bendir m.a. á grein 9.1.6 í váttryggingarskilmálum þar sem segir, að tryggingin bæti tjón af völdum yfirborðsvatns sem orsakast af skyndilegu úrhelli eða asahláku og vatnsmagn verður svo mikið að frárennslisleiðslur ná ekki að flytja það frá. Hafa skuli í til hliðsjónar við ákvörðun bótaskyldu hvort almennt eignatjón hafi orðið á tjónssvæðinu af völdum úrhellis-og/eða asahláku er tjónsatburðurinn átti sér stað. V segir að ekki hafi verið sýnt fram á að skilyrði greinar 9.1.6 hafi verið uppfyllt. Yfirborðsvatn hafi ekki flætt inn í húsið og ekki hafi verið um skyndilegt úrhelli að ræða miðað við gögn um veður á svæðinu í umrætt sinn. Þá segir V að ekkert almennt eignatjón hafi orðið á Selfossi í kjölfar rigningarinnar í umrætt sinn. V segir einnig að engar misfellur hafi verið á frárennslislögn frá þvottahúsi út í götu, sem gæti hafa valdið tregðu.

Álit.

Í grein 9.1.6 í váttryggingaskilmálum M hjá V er gerð grein fyrir hvaða atvik eru bótaskyld en það eru tilvik, þegar um skyndilegt úrhelli hefur verið að ræða, asahláku eða vatnsmagn hafi verið það mikið að frárennslisleiðslur hafi ekki náð að flytja það frá. Ekki hefur verið sýnt fram á að þessar aðstæður hafi verið fyrir hendi ein eða fleiri í umrætt sinn. Þá hefur heldur ekki verið sýnt fram á að almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu. M á því ekki rétt á bótum úr húseigendatryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr húseigendatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 9.12.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 319/2014**M og
V v. frítímaslysáttryggingar fjölskyldutryggingar.****Slys við þrif á vörubifreið.****Gögn.**

1. Málskot móttakið þann 21. október 2014 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf frá V þann 3. nóvember 2014.

Málsatvik.

Í málskoti M kemur fram að hann hafi þann 13. júlí 2012 verið í frítíma sínum að þrífa bifreið sína. Hafi hann flækst í bandi á gólfinu og fallið á hliðina með þeim afleiðingum að hann hlaut áverka á hægri öxl. Er um sambærilega lýsingu að ræða og fram kemur í tjonstilkynningu hans til V þann 12. nóvember 2012.

Í læknaþréfi frá 3. janúar 2013 kemur fram í lýsingu læknisins að M hafi verið að leysa af keyrslu á vörubíl, hann hafi flækst í keðju á gólfinu og dottið. Í matsgerð sem gerð var 23. september 2013 kemur fram í lýsingu á slysinu að M hafi verið að leysa af við keyrslu á vörubíl og hafi hann verið að vinna á vegum Orkuveitunnar. Hann hafi flækst um keðju er hann var að fara út úr vörubílum, dottið á malbikið og fallið á hægri hlið.

V hafnaði bótaábyrgð úr heimatryggingu M hjá V með bréfi þann 21. október 2013. Var vísað til gr. 27.3 í skilmálum váttryggingarinnar þar sem fram kemur að váttryggingin nái ekki til slysa sem váttryggður verður fyrir í starfi. Taldi V ljóst að M hafi verið við störf þegar slysið varð.

Álit.

M telur í málskoti sínu til nefndarinnar að atvikalýsing í læknaþréfinu sé byggð á misskilningi sem láðst hefur að leiðrétta. Vill M meina að læknirinn hafi misskilið upplýsingar frá M um slysið.

Hvorki í málskoti né í tilkynningu til V er þess getið að bifreiðin sem M var að þrífa hafi verið vörubifreið. Er um að ræða vörubifreið í eigu fyrirtækis en ekki í eigu M sjálfs. Í tilkynningu um slysið til V kemur fram að slysið hafi orðið á Draghálsi en ekki á heimili M. Ekki liggur fyrir í málinu að M hafi leitast við að leiðrétta meinta misskilning læknisins á aðdraganda slyssins. Samkvæmt þessu verður að telja líklegra að M hafi slasast við vinnu en í frítíma sínum.

Miðað við þær upplýsingar og gögn sem liggja fyrir verður að telja ósannað að M hafi slasast í frítíma sínum.

Niðurstaða.

Bótaábyrgð er ekki til staðar úr frítímaslysáttryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 25. nóvember 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 321/2014
M og
V1 v/ bifreiðarinnar A og
V2 v/ bifreiðarinnar B.

Árekstur á bifreiðastæði við Bæjarlind þann 13. ágúst 2014

Gögn.

1. Málskot móttakið 9. október 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V1 dags. 5. nóvember 2014.
3. Tölvupóstur V2 dags. 14. nóvember 2014.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu, sem báðir ökumenn bifreiðanna undirrita, kemur fram að árekstur varð með bifreiðunum A og B þann 13. ágúst 2014 á bifreiðastæði við Bæjarlind í Kópavogi. Kemur fram í lýsingu á atburðinum að bifreið A hafi verið ekið til hægri út úr bifreiðastæði en að ökutæki B hafi komið af Bæjarlind akandi inn á bifreiðastæðið. Í nánari málavaxtalýsingu M kemur fram að bifreið A hafi verið komin u.þ.b. þrjá metra út úr stæðinu og inn á aksturslínu bifreiðastæðisins.

Álit.

Áreksturinn varð á stóru bifreiðastæði með mörgum merktum stöðureitum fyrir bifreiðar til að leggja í. Svo virðist sem bifreið A hafi verið að aka úr slíkum stöðureit þegar áreksturinn varð en bifreið B hafi verið ekið á umferðarleið bifreiðastæðisins. Verður því að leggja til grundvallar að bifreið A hafi ekið í veg fyrir bifreið B á bifreiðastæðinu og eigi því að bera alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 2. desember 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 322/2014
M og
V1 v/ bifreiðarinnar A og V2 v/ bifreiðarinnar B.

Árekstur Hamraborg í Kópavogi 1. október 2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið 17. október 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V1 dags. 10. nóvember 2014.
3. Tölvupóstur V2 dags. 14. nóvember 2014.

Málsatvik.

Árekstur varð með bifreiðunum A og B með þeim hætti að bifreið A var ekið aftur á bak úr bifreiðastæði og út á götuna Hamraborg á meðan bifreið B var ekið frá bifreiðaplani hinu megin Hamraborgar inn á hana í beinni akstursstefnu. Ökumaður bifreiðar A kveðst hafa verið að aka aftur á bak rétt áður en árekstur varð en um það bil að fara að aka beint áfram þegar árekstur varð. Ökumaður bifreiðar B kveðst hafa verið að fylgjast með umferð frá hægri um Hamraborg og ekið inn á götuna af bifreiðaplani þegar hann taldi það hægt vegna umferðar þaðan en þá hafi ökumaður bifreiðar A verið að aka aftur á bak

M telur að ökumaður bifreiðar B beri alla sök á árekstrinum fyrir að aka beint af bifreiðaplani áfram á bifreið A. M telur að það hafi ekki verið nokkur möguleiki fyrir sig að sjá bifreið B sem og að þeirri bifreið hafi verið ekið of hratt miðað við aðstæður. Einnig vísar M til úrskurðar nefndarinnar í máli sem hann telur sambærilegt.

V1 tekur undir sjónarmið M og telur að ökumaður B eigi að bera alla sök þar sem hann gætti ekki nægrar varúðar við akstur af bifreiðaplani inn á götu, sbr. 2. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

V2 hefur ekki sérstakar athugasemdir vegna málskots.

Álit.

Í málinu liggja fyrir ljósmyndir af vettvangi sem sýna stöðu bifreiðanna þegar árekstur varð. Verður að meta þær með hliðsjón af framburðum ökumanna. Ökumanni bifreiðar A bar að gæta að umferð um götuna þegar hann ók aftur á bak, sbr. fyrirmæli 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga en ökumanni bifreiðar B bar að veita umferð um götuna forgang þegar hann ók út af bifreiðaplani, sbr. fyrirmæli 2. mgr. 25. gr. sömu laga. Báðir ökumenn segjast hafa gætt að umferð um götuna áður en þeir óku af stað án þess að sjá hinn. Verður með hliðsjón af staðsetningu bifreiðar A við áreksturinn ekki talið ljóst að ökumaður hennar hafi stöðvað það löngu áður að máli skipti við sakarskiptingu. Í ljósi þess verður heldur ekki lögð frekari sönnunarbyrði á ökumann bifreiðar B um málsatvik og er mál það sem M vísar til ekki með öllu sambærilegt við þetta mál. Af öllu þessu virtu telst hvorugur ökumanna hafa gætt nægrar varúðar og verður að skipta sök til helminga.

Niðurstaða:

Sök skiptist til helminga.

Reykjavík 2. desember 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 323/2014
M og
V v. sjúkdómatryggingar.

Maður veiktist af krabbameini. Upplýsingagjöf. Skerðing bóta. þ. 1.7.2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 27.10.2014 ásamt fylgiskjölum 1-11
2. Bréf V dags. 10.11.2014 ásamt fylgiskjölum 1-3.

Málsatvik.

M greindist með krabbamein 1. júlí 2013. M er með sjúkdómatryggingu hjá V og krefst bóta úr tryggingunni. V viðurkennir bótaskyldu en hyggst skerða bætur til M um 40% með vísan til 83. gr. laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004 þar sem M hefði við töku tryggingarinnar í febrúar 1999 svarað rangt spurningu um hvort hann reykti eða hefði reykt s.l. 12 mánuði. M sagðist ekki hafa reykt á því tímabili.

M krefst óskertra bóta og segir meintar reykingar sínar á tilgreindu tímabili eigi ekki alveg réttar þrátt fyrir færslu í sjúkraskrá frá 13. mars 1998, þar sem fram kemur að M reyki smávindla. M segir að hann hafi eingöngu púað smávindla öðru hvoru og skerðing V á bótum til M byggist á einni færslu í sjúkraskrá 11 mánuðum fyrir tryggingartöku M. Þá telur M að þrátt fyrir að komist yrði að þeirri niðurstöðu að skerða beri bætur til hans, þá sé skerðing sú sem V miðar við allt of mikil. M vísar til dóma Hæstaréttar í máli 161/2013 og 641/2012 og bendir á að hann hafi aldrei reykt að staðaldri.

V segir að ástæða skerðingar bóta til M um 40% hafi verið vegna rangra upplýsinga M um reykingar við töku tryggingarinnar. V segir að M hefði átt að greiða iðgjald sem tekið hefði mið af reykingum en ekki reykleysi. Þá segir V að í sjúkraskrá frá 12.8.1999 komi fram að M reyki auk þess sem komi fram í sjúkraskrá frá 13.3.1998. V bendir á að reykingar séu stór áhættuþáttur og M hafi verið ljóst við töku tryggingarinnar að upplýsingar hans um reykingar hefðu áhrif á ákvörðun iðgjalds. Ekki sé spurt um það við töku tryggingar hversu mikið umsækjandi um sjúkdómatryggingu reyki heldur hvort hann reyki eða ekki. V bendir á að M hafi greitt 59.9% af því iðgjaldi sem hann hefði þurft að greiða hefði upplýsingagjöf hans verið rétt, vangreitt sé því um 40% af iðgjaldinu miðað við rétta upplýsingagjöf. V segir því skerðingu þá sem hér ræðir um því hlutfallslegan mismun á því sem greitt var og því sem átti að greiða. V telur að ofangreindir dómur Hæstaréttar hafi ekki fordæmisgildi í málinu.

Álit.

Við töku vátryggingar ber vátryggingartaka að gefa réttar upplýsingar um þau atriði sem um er spurt af hálfu vátryggingafélags sem og upplýsingar um sérstök atvik sem hann veit eða má vita að hafi verulega þýðingu fyrir mat félagsins á áhættu, sbr. 82. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Á grundvelli umræddra upplýsinga metur vátryggingafélag hvort veita skuli vátryggingu og þá hvert iðgjald fyrir hana skuli vera.

Í málinu kemur fram að M gaf rangar og/eða ófullnægjandi upplýsingar um reykingar sínar við töku sjúkdómatryggingar sinnar hjá V þegar hann svaraði því til á umsókn um sjúkdómatryggingu að hann reykti ekki og hefði ekki reykt síðustu tólf mánuði fyrir undirritun umsóknarinnar. Hafi vátryggingartaki vanrækt upplýsingaskyldu sína í þeim mæli að ekki telst óverulegt getur vátryggingafélag takmarkað ábyrgð sína að hluta til eða að öllu leyti sbr. 83. gr. laga um

vátryggingarsamninga. Röng upplýsingagjöf M að þessu leyti getur ekki talist óveruleg sbr. 2. mgr. 83. gr. sömu laga. V er því heimilt að skerða bætur til M úr sjúkdómatryggingu hans vegna vanrækslu M á að sinna upplýsingaskyldu sinni með fullnægjandi hætti við töku vátryggingarinnar.

Í 3. mgr. 83. gr. laga um vátryggingarsamninga kemur fram að litið er til nokkurra þátta þegar mat á slíkri skerðingu fer fram, þ.e. hvaða þýðingu vanrækslan hefur haft fyrir mat félagsins á áhættu, hversu sök vátryggingartaka er mikil, með hvaða hætti vátryggingaratburður varð sem og atvika að öðru leyti. Í málinu hefur V lagt fram útreikninga sem eiga að sýna hver munur á iðgjaldi er með reykingaálagi og án þess. Ekki kemur hins vegar skýrt fram að félagið styðjist þar við reglur sem voru til staðar á þeim tíma sem M tók sjúkdómatrygginguna á árinu 1999. Verður þó að ætla að nokkur munur sé á slíku iðgjaldi þannig að sýnt er að vanrækslan hafði í raun áhrif á ákvörðun um iðgjald. Sök M var nokkur með því að gefa rangar upplýsingar um reykingar þegar hann hafði um 11 mánuðum fyrir töku sjúkdómatryggingarinnar sagt lækni að hann reykti. Vátryggingaratburður telst hins vegar ekki sýnilega tengdur áhættu við reykingar og verður einnig að taka tillit til þess. Þegar tekið er mið af atvikum öllum og þeim upplýsingum sem fyrir liggja í málinu þykir skerðing hæfilega ákveðin 25% sbr. 3. mgr. 83. gr. laga um vátryggingarsamninga.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr sjúkdómatryggingu sinni hjá V en bætur til hans skerðast um 25% vegna ófullnægjandi upplýsingagjafar.

Reykjavík 2.12.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 324/2014
M og
V vegna ábyrgðartryggingar ökutækisins X.

Upphæð tjóns vegna áreksturs 29. maí 2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið 24. október 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 4. nóvember 2014.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að árekstur hafi orðið með bifreið M og bifreiðinni X þann 29. maí 2014. Ekki sýnist vera ágreiningur um bótaskyldu þar sem V hefur viðurkennt greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingu X. Í málinu liggja fyrir upplýsingar um ástand bifreiðar M, áætlaðan viðgerðarkostnað, myndir af bifreiðinni og verðmöt. Í málskoti kemur fram að óskað sé eftir að nefndin úrskurði um fjárhæð tjónsins og vísar til þess að samkomulag sé um að nefndin úrskurði um það.

Í bréfi V dags. 4. nóvember sl. kemur hins vegar fram að V veiti ekki samþykki sitt fyrir umfjöllun nefndarinnar um bótafjárhæð.

Álit.

Í 1. mgr. 3. gr. samþykta fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum nr. 1090/2005 kemur fram að nefndin úrskurði „.....um ágreining varðandi bótaskyldu, þ.m.t. sök og sakarskiptingu, milli málskotsaðila og váttryggingafélags sem hefur starfsleyfi hér á landi“. Í 2. mgr. 3. gr. áðurnefndra samþykta kemur fram að nefndin úrskurði um bótafjárhæðir að fengnu sérstöku samþykki allra málsaðila. Slíkt samþykki er ekki fyrir hendi, sbr. yfirlýsingu í bréfi V frá 4. nóvember sl. Ekki hafa verið lagðar fram upplýsingar sem hnekkja því og verður því að vísa málinu frá með vísan til 2. mgr. 3. gr. áðurnefndra samþykta.

Niðurstaða:

Máli M er vísað frá úrskurðarnefnd.

Reykjavík 25. nóvember 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 325/2014
M1 og V1 v/ bifreiðarinnar A gegn
M2 og V2 v/ bifreiðarinnar B.

Árekstur á Eiríksgötu í Reykjavík, 25. september 2014.

Gögn.

1. Málskot ásamt gögnum dags. 29. október 2014.
2. Bréf V1, dags. 10. nóvember 2014.
3. Tölvupóstur V2, dags. 14. nóvember 2014.

Málsatvik.

Árekstur varð með bifreiðum A og B á Eiríksgötu við hús númer 37. Ökumaður A bakkaði úr stæði við hús númer 37 og kveðst hafa verið búinn að stöðva bifreiðina og setja í gír áfram er bifreið B var ekið aftan á A. Á bakhlið tjónstilkynningar kemur að ökumaður B hafi ekki náð að stöðva bifreið sína er A var bakkað út frá húsi númer 37 og því hafi hann lent aftan á bifreiðinni. Engin vitni urðu að árekstrinum.

Álit.

Bifreið A er bakkað í veg fyrir umferð og ökumaður bifreiðar B nær ekki að stöðva bifreið sína áður en hún lendir aftan á A. Ekki liggur fyrir sönnun fyrir því hversu lengi bifreið A var kyrrstæð á veginum og verður því öll sök lögð á ökumann A.

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðar A ber alla sök

Reykjavík 2. desember 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 326/2014**M****og****vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna slyss er starfsmaður féll úr stiga.****Gögn.**

165. Málskot, móttakið 29.10.2014, ásamt fylgigögnum.

166. Bréf X, dags. 17.11.2014.

Málsatvik.

Laust eftir kl. 15:00 hinn 8.11.2011 féll M úr stiga þar sem hann var við störf hjá vinnuveitanda sínum, V), í sérstöku rými fyrir hráefnamóttöku í verksmiðjuhúsnaði V og varð fyrir talsverðum meiðslum. Rýminu og aðstæðum þar er lýst í vettvangsskýrslu lögreglu m.a. á þann veg dýpt rýmisins sé 5,7 m og breidd þess 2,45 m, en ekki kemur fram hver hæð rýmisins hafi verið. Innst í rýminu er hráefnatrekt úr járni 150 x 150 cm að flatarmáli og er 70 cm frá vegg. Stiginn sem M féll úr var úr áli með þrepum, um 4,06 m langur og 34,5-35 cm breiður. Hann mun hafa verið reistur upp við gafl innst í rýminu í vinstra horni þegar horft er inn í rýmið og hafði runnið til hægri þegar slysið varð. M hafði verið að vinna við raflagnir í umrætt sinn ásamt A, starfsmanni nánar tilgreinds rafverktakafyrirtækis. Fór M upp í stigann til að merkja raflagnir sem lágu í svonefndum kapalstiga í rjáfri rýmisins. Af fyrirbyggjandi ljósmyndum í rannsóknargögnum lögreglu má sjá móta fyrir handaförum M á gaflinum fyrir ofan stigann. Við athugun á stiganum eftir slysið kom í ljós að vinstri kjálkinn neðst var snúinn og skemmd var á hægri kjálka við þriðja neðsta þrepið. Gúmmí neðst á kjálkununum voru slitin.

Ekkert er haft eftir M í vettvangsskýrslu lögreglu. Hinn 26.11.2012 var hljóðrituð af honum skýrsla hjá lögreglu. Þar kemur fram að M er menntaður rafvirki og hann hafi starfað hjá V í 23 ár og á slysdegi hafi hann starfað sem keyrslumaður, þ.e. að fylgjast með stjórnækjum vélbúnaðar í verksmiðjunni úr sérstöku stjórnherbergi. Hann kvaðst ekkert muna eftir slysinu né aðdraganda þess. Hann kvaðst kannast við stigann sem hann stóð í er slysið varð. Um væri að ræða stiga sem oft væri gripið til því ekki væri hægt að vera með fasta stiga alls staðar í verksmiðjunni. Hann væri mikið notaður við þrif og annað slíkt. Ekki hafi verið nein vandamál tengd notkun hans eða ástandi. Þá kvað M að kjálki stigans hafi ekki verið eins snúinn fyrir slysið eins og raun bar vitni eftir slysið. Taldi M líklegast að stiginn hefði skemmst við slysið.

Í vettvangsskýrslu lögreglu er haft eftir A, sem vann með M í umrætt sinn, að þeir hafi verið búnir að vinna þarna og hafi þá notast við körfu á lyftara en nú hafi M gripið álstiga og ætlað að fara upp til að toga í rafmagnslagnir en þá hafi stiginn runnið til hliðar með fyrrgreindum afleiðingum. Í skýrslu hjá lögreglu 2.12.2011 greindi starfsmaðurinn nánar frá atvikum. Frá því um morguninn kvað hann þá M hafa verið að vinna þarna og þá notast við vinnukörfu framan á lyftara. Er slysið varð hafi þeir ætlað að halda áfram því verki sem þeir höfðu verið í, en lyftari hafi þá ekki verið á lausu til að nota fyrir körfuna og hafi M þá tekið ákvörðun um að notast við álstiga sem þarna hafi verið „og starfsmenn grípa til þegar vantar“. Kvaðst A hafa nefnt það við M að stiginn væri ekki traustur og boðist til að sækja stærri og betri stiga en M hafi talið það óþarft. Hafi stiginn sem M notaði verið orðinn lúinn og farinn að láta á sjá. Kjálkinn vinstra megin hafi verið snúinn fyrir slysið en gat ekki sagt með fullri vissu að hann hafi þá verið eins mikið snúinn og hann var eftir slysið.

Í skýrslu sem A gaf hjá lögmanni M 25.6.2012 kvað hann þá M hafa verið að rífa gamlar lagnir úr töflu og hafi þeir ætlað að merkja kapla sem hafi átt að fjarlægja daginn eftir. Hann hafi verið á leið vinstra megin við rýmið, þegar horft er inn í það í átt að stiganum,

og þar hafi hann ætlað að hreyfa þá kapla sem átti að fjarlægja en M hafi ætlað að standa í stiganum og merkja þá með svokölluðum ströppum. Þá kvað A í þessari skýrslu að þeim hafi ekki komið til hugar að nota fyrrgreinda körfu á lyftaranum til að merkja kaplana. Það hafi ekki verið hægt nema með tilfæringum, þ.e. ekki hafi verið hægt að koma körfunni nógu nálægt köplunum. Daginn eftir slysið hafi verkinu verið haldið áfram, en þá hafi framlenging með plönkum verið sett á körfuna. Þannig hafi þeir fengið slaka á kaplana og getað togað þá til sín „við betri aðstæður annars staðar frá.“

B, verksmiðju- og gæðastjóri hjá V sem jafnframt gegndi stöðu verkstjóra, kvað í skýrslu hjá lögreglu 11.12.2011 að unnið hafi verið að breytingum í V og fjarlægja hafi þurft gamlar raflagnir o.fl. Hafi A unnið við það verk auk þess sem hann hafi falið M að aðstoða A við verkið, enda sé M rafvirki að mennt. M hafi verið búinn að vinna lengi hjá V, verið öllum hnútum kunnugur og í sjálfu sér ekki þurft neina sérstaka verkstjórn við vinnu sína. Vinna hans hafi að langmestu leyti farið fram í stjórnrymi þar sem vélbúnaði verksmiðjunnar sé stýrt. Vinnulagið þar sé allt í föstum skorðum og ekki þörf á sérstökum verklagsleiðbeiningum frá degi til dags. B kvað stigann sem M féll úr hafa verið í notkun utanhúss og greinilega verið sóttur út til að nota í umræddu verki. Hann kvað engar upplýsingar hafa komið fram um að stiginn hafi verið bilaður fyrir slysið. Alla jafna hafi verið notuð sérstök karfa til að hífa menn upp ef sinna þurfti verkum í einhverri hæð, en einhverra hluta vegna hafi verið ákveðið að nota stigann í þessu umrædda tilviki. Það hafi ekki verið gert að hans fyrirmælum.

D, framkvæmdastjóri V, kvað í skýrslu hjá lögreglu 14.12.2011 að V eigi lyftara og það fái lánaða körfu hjá öðru tilgreindu fyrirtæki til að setja á lyftarann ef vinna þarf í nokkurri hæð. Hann kvaðst ekki vita hvers vegna þessi búnaður hafi ekki verið notaður þegar slysið varð því búnaðurinn hafi allur verið til staðar og hafði verið notaður áður við þetta sama verk.

Tilkynnt var um slysið til Vinnueftirlits ríkisins (VER) og kom fulltrúi þess á vettvang skömmu síðar. Gerði eftirlitið umsögn um slysið. Með bréfi, dags. 2.4.2013, óskaði lögmaður M eftir frekari rannsókn VER „á aðdraganda slyssins, orsökum, aðstæðum, mögulegum aðferðum við vinnuna og öðrum atriðum er máli skipta...“. Í bréfinu er talið að atvikum í aðdraganda slyssins sé ekki rétt lýst í umsögninni og segir þar m.a. að ekki hafi verið unnt að vinna verkið úr körfu á lyftaranum. Lyftari hafi ekki komist komist nægilega langt inn í rýmið vegna trektarinnar sem þar var. Ekki sé rétt að lyftarinn hafi verið notaður fyrr um daginn til að vinna verkið. Það hafi þurft að vinna úr stiga. Daginn eftir hafi verkið verið unnið með öðru verklagi. Bréfi lögmannsins fylgdi skýrsla um athugun hans á aðstæðum á vettvangi, fyrrgreind skýrsla sem A gaf hjá lögmanninum 25.6.2012 og umsögn VER um slysið sem þá lá fyrir. Með bréfi VER, dags. 25.6.2013, var lögmanninum tilkynnt að ákveðið hafi verið að endurgera umsögn þess varðandi slysið. Í umsögn VER, dags. 25.8.2013, er m.a. gerð grein fyrir tildrögum slyssins, vinnubrögðum og starfsháttum og aðstæðum á slysstað. Er niðurstaða rannsóknar VER að orsök slyssins megi helst rekja til þess að stiginn hafi verið notaður við vinnu í mikilli hæð án þess að festa hann og stiginn hafi verið lélegur og ekki merktur samkvæmt staðli til notkunar í atvinnurekstri. Einnig hafi meðvirkandi þáttur verið að ekki hafi legið fyrir skriflegt áhættumat og áætlun um forvarnir er varðar umræddan verkþátt. Í fyrirliggjandi bréfi VER, dags. 25.6.2014, segir m.a. að aðstæður þar sem vinnuslysið átti sér stað hafi verið þröngar og því hafi notkun stiga verið eðlileg. Mannkarfa hefði hugsanlega komið til greina en VER meti það svo að ekki sé skylt að nota slíkan búnað við verk sem þetta. Af þeim sökum komi umrædd mannkarfa orsökum slyssins ekkert við og hin nýja umsögn endurspeglar það.

Kveður M að stiginn hafi verið óforsvaranlegur og gáleysi að ætla að nota stigann í umrætt verk, en hann hafi ekki átt annarra kosta vól við þær aðstæður sem þarna voru. Góður og gegn vinnuveitandi hefði ekki haft slíkan stiga á staðnum fyrir starfsmenn sína og því beri V ábyrgð á óhappinu á grundvelli sakarreglunnar. Hefur M krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá Vátryggingafélagi Íslands hf. (hér eftir nefnt X). X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Stiginn sem M notaði í umrætt sinn var rúmir 4 m á lengd og af fyrirliggjandi ljósmyndum, sem sýna stigann í þeirri stöðu sem hann mun hafa verið í þegar slysið varð, má ljóst vera að nokkuð hafi vantað upp á að hann næði upp í rjáfur þar sem rafmagnskaplarnir lágu og M hugðist vinna við. Enginn áfastur þverbiti var undir stiganum til að draga úr hættu á hliðarskriði. Af handarförum eftir M á gaflinum má ráða að M hafi verið kominn nánast efst í stigann þegar hann riðaði til falls. Ekki er ljóst hvort eða að hve miklu leyti skemmdir á kjálkum stigans voru komnar til áður en slysið bar að höndum. Engu að síður verður ekki fram hjá því litið að stiginn var allt of stuttur og ekki útbúinn til að vinna úr í þeirri miklu hæð sem M hugðist gera. Í ljósi menntunar sinnar og starfsreynslu átti M ekki að geta dulist að stórhætulegt var að nota stigann við þær aðstæður sem þarna voru. Fyrir liggur að B benti M á hið bágborna ásigkomulag stigans og bauðst til að útvega annan stærri og betri stiga til að nota við verkið. Þessu sinni M ekki og ákvað að nota stigann. Þótt téður stigi hafi verið í notkun og verkstjóri V hafi ekki gefið bein fyrirmæli um það hvernig M skyldi standa að verki með B verður, eins og hér stóð á, ekki talið að slysið megi rekja til ófullnægjandi verkstjórnar af hálfu V eða gáleysis fyrirvarsmanna þess að hafa ekki tekið stigann úr umferð áður en slysið varð.

Í fyrirliggjandi umsögn VER eða bréfum þess frá 25.6.2013 og 25.6.2014 er ekki með skýrum hætti gerð grein fyrir ástæðum þess að fyrri umsögn eftirlitsins var dregin til baka og ný umsögn gerð. Ekki kemur heldur fram hvaða athuganir VER gerði í aðdraganda hinnar nýju umsagnar. Engan rökstuðning er heldur að finna í fyrirliggjandi umsögn fyrir þeim niðurstöðum sem komist er að í henni. Verður að telja umsögn VER haldna slíkum ágöllum að hún kemur ekki að notum við mat á ábyrgð V. Þá verður til þess að líta að þegar M slasaðist vann hann við sérstakt verk sem féll til í þetta eina skipti. Það var því ekki liður í almennri og skipulegri starfsemi V. Við þessar aðstæður og þegar litið er til þess hvernig það bar til að M notaði umræddan stiga verður það ekki virt fyrirvarsmönnum V til sakar þótt ekki hafi verið gert skriflegt áhættumat fyrir verkið áður en það hófst.

Að öllu virtu samkvæmt því sem að framan greinir verður ekki talið að sýnt hafi verið fram á að V beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni því sem M hlaut í slysinu. Hann á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 9. desember 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 327/2014
M og
V vegna málskostnaðartryggingar fjölskyldutryggingar.

Krafa um bætur úr málskostnaðartryggingu vegna ágreinings um gildi ábyrgðar á skuldum við lánastofnun þ. 10.1.2013.

Gögn.

1. Málskot mótttekið þ. 28.10.2014 ásamt fylgiskjölum 1-6
2. Bréf V dags. 5.11.2014 ásamt fylgiskjölum 1-4.

Málsatvik.

M gengust í ábyrgð fyrir skuldum sonar síns við lánastofnun. Þegar sonur M varð gjaldþrota gjaldfældi lánastofnunin lánið og krafði M sem ábyrgðarmenn á láninu um greiðslu þess. M vísuðu málinu til sérstakrar málskotsnefndar sem taldi að fella bæri ábyrgð M niður. Lánastofnunin ákvað að höfða mál á hendur M til að láta reyna á það fyrir dómi hvort ábyrgð þeirra væri virk eða ekki. M telja að umrædd málssókn snúist ekki um ábyrgð þeirra heldur að um sé að ræða stjórnýslumál. V hafnar bótaskyldu og vísar til c. liðar 49.gr. váttryggingaskilmála þeirra sem hér ræðir um þar sem segir að váttryggingin taki ekki til ágreinings, máls eða málsbeiðni sem varði váttryggðan sem varði ábyrgð sem váttryggður hafi gengið í. V ítrekar að málið eigi rót sína að rekja til ábyrgð M á fjárhagsskuldbindingum hvað svo sem varði aðra þætti málsins.

Álit.

Í c. lið 49. gr. váttryggingaskilmála segir að váttryggingin taki ekki til ágreinings, -máls eða málsbeiðni sem varði ábyrgð sem váttryggður hefur gengið í. Rót þess ágreinings sem hér ræðir um er það að M gengust í ábyrgð fyrir son sinn vegna lánsskuldbindingar hans hjá lánastofnun og atriði sem þá ábyrgð varðar. M eiga því ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M eiga ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 25.11.2014..

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 328/2014
M og
V v/ lausafjártryggingar.

Þjófnaður á bensíni og díselolíu frá febrúar 2013 til mars 2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið 28. október 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 17. nóvember 2014 ásamt gögnum.
3. Bréf M dags. 20. nóvember 2014.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi uppgötvað í mars 2014 að umtalsverðu magni af bensíni og díselolíu hafi verið stolið frá bensínstöðvum M á þremur tilgreindum stöðum. Meðal þeirra sem grunaðir eru um verknaðinn er fyrrverandi starfsmaður M sem á að hafa notað eldsneytislykil og þekkingu sína á tæknibúnaði M til þess að rjúfa innsigli á magni eldsneytis gera teljara eldsneytisdælu óvirkan þannig að unnt sé að dæla nokkru magni án þess að greiða fyrir það.

M telur að verðmæti þess sem stolið var falli undir lausafjártryggingar M hjá V og greiða eigi bætur úr þeim váttryggingum. M vísar til samnings um váttryggingaviðskipti milli M og V dags. 1. október 2013 sem og svokallaðrar notendahandbókar sem fylgdi þeim viðskiptum en þar komi fram að til lausafjártrygginga teljist „bruni, vatn og innbrotstrygging“. M vísar til 4. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 varðandi upplýsingaskyldu V sem og 11. gr. sömu laga. M telur að váttrygging vegna þeirrar áhættu sem felst í því að birgðum af eldsneyti sé stolið á sjálfsafgreiðslustöðvum M hafi átt að vera hluti af þeirri áhættu sem M vildi váttryggja og hafi orðalag samningsgagna verið í samræmi við það. Einnig vísar M til þess að orðalag váttryggingarskilmála innbrotstryggingar V sé óskýrt og ekki í samræmi við notendahandbók félagsins varðandi váttryggingavernd þegar brotist er inn með „óleyfilega fengnum lykli“. V verði að bera hallann af því að orðalag skilmála sé óskýrt.

V telur að M hafi ekki váttryggingavernd sem nái til þess tjóns sem varð þegar eldsneyti var stolið með þeim hætti sem hefur verið lýst. V bendir á að lausafjártryggingavernd M nái fyrst og fremst til áhættu vegna bruna en þar sem innbrotstrygging gildi sé gildissvið þeirrar váttryggingar bundið við innbrot í húsakynni, sbr. gr. 1.1. í váttryggingarskilmálum. Eldsneytisdætur á sjálfsafgreiðslustöðvum séu ekki húsakynni í venjulegum málskilningi og geti innbrotstryggingin því ekki náð til þessarar áhættu. V vísar því á bug að félagið hafi vanrækt upplýsingaskyldu sína vegna viðskipta við M sem hafi átt slík viðskipti við V um árabíl.

Álit.

Í gögnum málsins er að finna gögn um váttryggingarviðskipti M og V, þ.á.m. samning um slík viðskipti, svokallaða notendahandbók, váttryggingaskírteini og váttryggingaskilmála. Við endurnýjun váttryggingasamninga M hjá V haustið 2013 komust á samningar um váttryggingavernd milli þeirra og gefin út váttryggingaskírteini til staðfestingar. Í þeim váttryggingaskírteinum eru tilteknar starfstöðvar og birgðir M váttryggðar með brunatryggingu og nokkrar starfstöðvar með innbrotstryggingu. Ekki er að sjá af gögnum málsins að M hafi gert athugasemdir við umrædda váttryggingavernd þegar váttryggingaskírteini voru gefin út um að váttryggingavernd væri ekki fullnægjandi. Þegar þessi gögn eru virt í heild verður ekki talið sannað að V hafi vanrækt upplýsingaskyldu sína gagnvart M, sbr. 4. og 11. gr. laga um váttryggingarsamninga.

Sú váttryggingavernd sem M hefur hjá V felur í sér lausafjártryggingu flestra starfsstöðva sem innifelur eingöngu brunatryggingarvernd en innbrotstryggingarvernd á fimm tilgreindum starfsstöðvum, öðrum en þeim sem stolið var eldsneyti af. Það tjóns sem M kveðst hafa orðið fyrir þarf að falla undir gildissvið váttrygginga hjá V til þess að teljast greiðsluskylt. Af váttryggingaskilmálum og öðrum gögnum er augljóst að ekki er um tjón vegna bruna að ræða og tekur brunatryggingavernd lausafjártrygginga M því ekki til tjónsins. Innbrotstryggingavernd á fimm tilgreindum starfsstöðvum, öðrum en þeim sem stolið var af, nær heldur ekki til umrædds tjóns. Annars vegar vegna þess að umrædd vernd nær ekki til þeirra starfsstöðva sem um ræðir sem og vegna gildissviðs váttrygginganna sem nær sérstaklega til innbrota í húsakynni váttryggðra. Verður heldur ekki fullt af gögnum málsins að um slíkt hafi verið að ræða.

Niðurstaða:

M á ekki rétt á bótum úr lausafjártryggingum sínum hjá V.

Reykjavík 9. desember 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 330/2014
M og
V v. ábyrgðartryggingar ökutækisins A.

Árekstur bifreiða. Líkamstjón. Orsakatengsl þ. 29.8.2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 31.10.2014 ásamt fylgiskjölum 1-7
2. Bréf V dags. 12.10.2014.

Málsatvik.

M segir málavexti vera þá að bifreið hennar hafi verið kyrrstæð á rauðu ljósi þegar bifreið A ók á hana. M leitaði á slysideild sama dag og var greind með tognun og ofreynslu í háls hrygg. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V. Af hálfu M er upplýst að M hafi í umrætt sinn verið á lánsbíl og hafi þurft að mála afturstuðara eftir áreksturinn og geti V því ekki byggt höfnun sína á greiðslu bóta á því að ekkert tjón hafi orðið á bifreið sem M ók í umrætt sinn við mat á líkamstjóni M. V hafnar bótaskyldu og segir að lítið sem ekkert högg hafi orðið við áreksturinn og ekkert hafi séð á ökutækjunum sem um ræðir. V segir að bifreið sú sem að M ók hafi verið rispuð vinstra megin á afturstuðara og því tengist þær skemmdir ekki árekstrinum að mati V miðað við ákomu og skv. samtali við starfsmann bílaumboðsins sem átti bifreiðina sem M ók í umrætt sinn.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að óverulegt högg hafi komið á bifreið M við umræddan árekstur. Ekki liggja fyrir upplýsingar um fyrra heilsufar M og gögn málsins sanna ekki að um orsakatengsl sé á milli þeirra verkja sem eru að hrjá M og lýst er í málskoti og þess áreksturs sem M lenti í þ. 29.8.2012. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 2.12.2014

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 331/2014
M
og V1 v/ bifreiðarinnar A og V2. v/ bifreiðarinnar B.

Árekstur við Landspítala Hringbraut í Reykjavík þ. 20.10.2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið 3. nóvember ásamt gögnum.
2. Bréf V2. dags. 14. nóvember 2014 ásamt gögnum.
3. Bréf V1 dags. 26. nóvember 2014.

Málsatvik.

Bifreiðinni A var ekið af Hringbraut og inn á bílastæði við Landspítalann norður eftir akstursleiðinni þar til akstursleiðir mætast við hringtorgslíki á bifreiðarplaninu. Bifreiðinni B var ekið austur akstursleiðina að þeim stað þar sem akstursleiðir mætast og þar varð árekstur með bifreiðunum. Ökumaður A segist hafa ætlað að aka beint áfram en lent í árekstri við B sem hafði komið frá hægri. Ökumaður B segist hafa ekið til vestur og ætlað að beygja til vinstri þar sem akstursleiðirnar mætast en þar hafi árekstur orðið. Á bifreiðarstæðinu er stöðvunarlína, M11 sbr. 27.gr. reglugerðar um umferðarmerki nr. 289/1995 sem gefur til kynna að stöðva skuli við línuna, en ökumaður B ók yfir línuna án þess að stöðva. Ekki er ágreiningur um málsatvik.

Álit.

Ágreiningur málsins snýr að því hvort yfirborðsmerkingar, sem sýna hvítmálaða óbrotna línu þvert á akbraut bifreiðastæðisins, feli í sér fullnægjandi leiðbeiningar um hvar nema skuli staðar, þannig að þær gangi framur almennum umferðarreglum, sbr. 5. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Í tilvitnuðu ákvæði kemur fram að vegfarandi skuli fara eftir leiðbeiningum um umferð sem gefnar eru, m.a. með umferðarmerkjum eða öðrum merkjum á eða við veg sbr. 84. gr. laganna. Í 84. gr. er vísað til heimildar ráðherra til að setja reglur um gerð og notkun slíkra merkja og ítrekað í 2. mgr. 84. gr. að það megi víkja frá almennum umferðarreglum með slíkum merkjum.

Við skýringu á ofangreindum ákvæðum umferðarlaga, verður ekki séð að leiðbeiningar um umferð verði eingöngu sett með sérstökum umferðarskiltum heldur eru merki, í skilningi reglugerðar nr. 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra, sem á við í þessu máli, talin í ýmsum ákvæðum hennar, ýmist í formi skilta, yfirborðsmerkinga eða annarra merkja. Í 27.gr. reglugerðarinnar er kveðið á um stöðvunarlínu (M II) sem sé óbrotin lína þvert á akbraut sem sýnir hvar nema skal staðar við vegamót eða gangbrautarljós. ÞÓ algengast sé að slíkum yfirborðsmerkingum fylgi sérstakt umferðarskilti sem sýnir einnig biðskyldu verða ákvæði reglugerðarinnar ekki túlluð þannig að ákvæði 27. gr. reglugerðarinnar séu marklaus án þess að þeim fylgi slíkt umferðarskilti. Það verður þó að athuga að í umræddu ákvæði er gert ráð fyrir því að slík lína sé sett við vegamót eða gangbrautarljós. Í því samhengi er nauðsynlegt að ganga úr skugga um hvort um akstur á bifreiðastæði sé að ræða eða akstur um vegamót. Í 2. gr. umferðarlaga kemur fram að orðið vegamót er skýrt með eftirfarandi hætti:

"Þar sem vegir mætast eða skerast eða vegur greinist."

Í sömu grein kemur fram eftirfarandi skilgreining á orðinu vegur:

"Vegur, gata, gönguslóði, stígur, húsasund, brú, torg, bifreiðastæði eða þess háttar, sem notað er til almennrar umferðar."

Skilgreining á orðunum vegur og vegamót í er mjög rúm í umferðarlögum og verður með hliðsjón af því ekki hægt að skilja orðið vegamót í umræddri 27. gr. reglugerðar nr. 289/1995 öðruvísi en að það geti gilt um akstursleiðir á stórum bifreiðastæðum eins og við Landspítala. Af umræddum heimildum verður því ekki annað ráðið en að sjálfstætt gildi 27. gr. reglugerðarinnar sé fyrir hendi á þessum stað, sbr. áður nefnda heimild í 2. mgr. 84. gr. umferðarlaga.

Við ákvörðun um sakarskiptingu í þessu máli ber að líta til allra aðstæðna þ.á.m. aðstæðna á vettvangi og meta hvort yfirborðsmerkingar hafi í raun verið þannig sýnilegar fyrir ökumann B að hann hefði átt að líta á þær sem leiðbeiningar um að nema staðar eða líta framhjá þeim. Í þessu máli liggja fyrir skýrar ljósmyndir af vettvangi í skýrslu um tjónið sem sýna greinilega að stöðvunarlínan sem hér er deilt um er hvítmáluð og í samræmi við fyrirmæli 27. gr. reglugerðar nr. 289/1995. Þó ekki liggja fyrir að umrædd lína hafi verið máluð af þar til bærum yfirvöldum verður ekki hægt að líta framhjá henni við umferðarleiðbeiningar. Það er algjörlega ómögulegt fyrir ökumenn að vita hvort þær línur sem málaðar eru hverju sinni séu málaðar af réttum aðilum og getur það ekki verið úrslitaatriði varðandi umferðarleiðbeiningar.

Með hliðsjón af ofangreindu að átti ökumaður B að nema staðar við stöðvunarlínu og veita umferð á akstursleið A forgang. Öll sök á árekstrinum verður því að leggja á ökumann bifreiðar B

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðar B ber alla sök á árekstri við bifreið A.

Reykjavík 19. desember 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 332/2014**M****og****vátryggingafélagið X v/ frítímaslysáttryggingar fjölskyldutryggingar.****Ágreiningur um tilkynningarfrest og bótaskyldu (orsakatengsl).****Gögn.**

167. Málskot, móttakið 4.11.2014, ásamt fylgigögnum.

168. Bréf X, dags. 7.11.2014.

Málsatvik.

Hinn 3.3.2012 féll M af hestbaki og varð fyrir meiðslum. Hún leitaði samdægurs á bráðamóttöku Heilbrigðisstofnunar Suðurlands á Selfossi. Í læknisvottorði frá stofnuninni, dags. 22.4.2014, kemur fram að M hafi verið með áverka á vinstri framhandleggsbeinum við úlnlið og á handarbaki. Var talið að röntgenrannsókn sýndi brot á „metacarpal I, við basis beinsis. Laus flaski en lega nokkuð góð.“ Ráðgjöf hafi verið fengin frá handarskurðlækni á Landspítalanum og í kjölfar þess hafi M verið sett í gifs og endurkoma ráðlögð eftir 3 vikur.

Hinn 5.3.2012 kom M á ný þar sem henni þótti gifs vera þröngt um úlnlið. Þá mun teygjuband hafa verið tekið upp, klippt það sem særði og vafið á ný. Röntgenmyndir munu hafa verið skoðaðar að nýju og engin brot hafi þá sést. Fékk M útskýringar og ráðlögð notkun spelku „symptomatísk“ í allt að 10 daga frá áverka (slysdegi).

M kom aftur á bráðamóttökuna 7.3.2012. Aukinn bjúgur var þá á fingrum við liðina og auknir verkir vegna bjúgsins. Var henni ráðlagt að stytta fatla.

M kom svo næst 23.3.2012 og þá var gifs tekið og röntgenrannsókn endurtekin. Sár munu þá hafa litið vel út.

Hinn 24.10.2012 kom M á nýjan leik á bráðamóttökuna. Þá kvartaði hún um verki í vinstri öxl. Var talið að hún hafi sennilega orðið fyrir tagnun í öxlinni og við því væri ekkert að gera nema gefa almennar ráðleggingar.

Að síðustu kom M svo á bráðamóttökuna 24.3.2014. Hún hafði þá einkenni frá vinstri öxl og einnig eymsli og „jafnvel bólgna yfir ulanara hluta úlnliðs við mikið álag, einkum ef togað er í hendina. Líka langvinn afleiðing af tagnun og liðbandaáverka.“ Var talið að um lítil einkenni væri að og engar sérstakar ráðleggingar veittar. Í niðurlagi vottorðsins vegna þessara komu segir að einkennin gætu lagast með tímanum. Fékk M beiðni fyrir sjúkraþjálfun.

M var vátryggð samkvæmt frítímaslysáttryggingarlið í fjölskyldutryggingu hjá X og hinn 24.3.2014 tilkynnti M um slysið til X. M hafnaði bótaskyldu úr slysáttryggingunni á þeirri forsendu að lögmæltur eins árs frestur til að tilkynna um vátryggingaratburðinn hafi verið liðinn þegar tilkynningin barst. Að auki séu ekki ekki orsakatengsl á milli slyssins og einkenna M í vinstri öxl.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 glatar sá sem rétt á til bóta úr slysátryggingu þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur til félagsins innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á. Eina læknisfræðilega gagnið sem liggur fyrir í málinu er læknisvottorð það sem að ofan greinir. Af læknisvottorðinu verður ekki ráðið að í heimsóknnum M á bráðamóttökuna hafi hún verið upplýst um að hún byggi við varanlegan áverka á hendinni eða af læknismeðferð hafi að öðru leyti mátt ætla að svo hafi verið. M reyndist ekki brotin þótt grunur um slíkt hafi vaknað við fyrstu komu til læknis. Heldur mun hún að líkindum hafa orðið fyrir tognum og liðbandaáverka eins og greinir í læknisvottorðinu vegna komunnar 24.3.2014. Þess var þá ennfremur getið að hún gæti lagast með tímanum. Þegar litið er til þessa verður ekki talið að frestur M til að tilkynna um tjónið til X hafi verið liðinn er tjónstilkynningin barst X hinn 24.3.2014.

M kvartaði fyrst undan einkennum í vinstri öxl í læknisheimsókn 24.10.2012 eða um sjö mánuðum og þremur vikum eftir slysaatvikið 3.3.2012 sem hér er til umfjöllunar. Er talið í fyrirbyggjandi vottorði að einkennin megi rekja til tognunar í öxlinni án þess þó að það sé beinlínis tengt umræddu slysi. Þegar litið er til þess hversu langur tími leið frá slysinu uns M kvartaði við lækni vegna einkenna sinna í öxlinni verður af gögnum málsins að telja ósannað að þau megi rekja til umrædds slyss.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr frítímaslysátryggingu hjá X vegna áverka á vinstri úlnlið af völdum slyss 3.3.2012. Hún á ekki rétt á bótum úr váttryggingunni vegna einkenna í vinstri öxl.

Reykjavík, 2. desember 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 333/2014
M og
V vegna bátatryggingar L vegna bátsins X.

Tjón á hafnarmannvirkjum vegna bruna í báti 13. júní 2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið 5. nóvember 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 20. nóvember 2014.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að kviknað hafi í bátnum X, sem lá við bryggju M, og eldur hafi borist úr bátnum yfir á bryggju í eigu M og á henni hafi orðið nokkrar skemmdir við brunann.

M telur að váttrygging X hjá V nái til þess tjóns sem varð á bryggjunni í umrætt sinn þar sem hún feli í sér ábyrgðartryggingarvernd sem nái til tjóns sem báturinn valdi öðrum en eiganda sínum og tjón vegna bruna séu ekki sérstaklega undanskilin í váttryggingarskilmálum V.

V bendir á að gildissvið bátatryggingarinnar skv. gr. 3.11. í váttryggingarskilmálum taki yfir „.....sérhverja einkaréttar skaðabótakröfu, sem váttryggður kann að þurfa að greiða vegna þess að hinn váttryggði bátur rekst á annað skip eða far, hvort sem er tjón á munum eða mönnum.“ V vísar til þess að skv. umræddu orðalagi sé ábyrgðartryggingin takmörkuð við það að X rekist á annað skip eða far. Í máli M sé um tjón á hafnarmannvirkjum að ræða en ekki tjón vegna þess að X hafi rekist á annað skip eða far. Þegar af þeirri ástæðu taki váttrygging vegna bátsins X ekki til tjóns M.

Álit.

Váttryggingarvernd sú sem hér er ágreiningur um nær til tjóns á bátnum X og svo til skaðabótakrafna sem takmarkaðar eru við þau tilvik þegar hinn váttryggði bátur rekst á annað skip eða far, sbr. gr. 3.11. í váttryggingarskilmálum. Þar sem gögn málsins sýna ekki að tjón M sé rakið til þess þess háttar atvika telst umrætt tjón ekki falla undir gildissvið umræddrar bátatryggingar hjá V. Það að tjón vegna bruna séu ekki undanþæg greiðsluskyldu í váttryggingarskilmálum hefur ekki sérstaka þýðingu nema atvikið sem leiddi til tjónsins falli yfirhöfuð undir gildissvið váttryggingarinnar. Eins og áður greinir fellur atvikið þegar kviknaði í bátnum X ekki undir gr. 3.11. í váttryggingarskilmálum V og þegar af þeirri ástæðu nær gildissvið váttryggingarinnar ekki til tjóns M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr bátatryggingu bátsins X hjá V.

Reykjavík 9. desember 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 334/2014**M****og****vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðar.****Ágreiningur um skyldu félags til endurupptöku bóta vegna líkamstjóns (fyrirvari).****Gögn.**

169. Málskot, móttakið 4.11.2014, ásamt fylgigögnum.

170. Bréf X, dags 28.11.2014, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 9.8.2006 varð M fyrir meiðslum í bílslysi, þá 12 ára gamall. Samkvæmt gögnum málsins munu afleiðingar M af völdum slyssins hafa verið metnar fyrst 1.11.2011 af tveimur læknum og síðan endurmetnar 23.10.2012 af sömu matsmönnum og þá var varanlegur miski af völdum slyssins metinn 10 stig og varanleg örorka 10%. M krafðist bóta fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu bifreiðar þeirrar sem hann varð fyrir hjá X, ábyrgðartryggjanda hennar. Var tjónið gert upp í lok nóvember 2012. Í því sambandi rituðu báðir málsaðilar undir samkomulag um heildarfjárhæð bóta á sérstöku skjali, dags. 28.11.2012, með fyrirsögninni „Fullnaðaruppgjör“ og tveimur undirfyrirsögnum, annars vegar „Samkvæmt skaðabótalögum nr. 50/1993“ og hins vegar „Með öllum fyrirvara náist ekki samkomulag um bætur“. Að auki var skjalið undirritað af hálfu M með svofelldum fyrirvara: „Með f.v. um örorkumat“. Á tjónskvittun, dags. 30.11.2012, sem er undirritað af X, er að finna svofelldan fyrirvara: „Lögmáður tjónþola undirritar með fyrirvara um örorkumat. Félagið gerir sama fyrirvara og áskilur sér rétt til endurkröfu, komi síðar í ljós að félagið hafi eigi ofgreitt bætur.“

Að beiðni M voru hinn 15.11.2013 dómkvaddir tveir matsmenn, læknir og lögfræðingur, „til þess að meta nánar tilgreind atriði um afleiðingar“ m.a. af völdum slyssins sem M varð fyrir 9.8.2006. Með matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna, dags. 14.2.2014, var varanlegur miski af völdum slyssins metinn 13 stig og varanleg örorka 15%. Stöðugleikatímamunktur er sagður hafa verið 9.8.2007. Með bréfi, dags. 26.3.2014, var af hálfu M krafist frekari bóta úr hendi X og byggðist krafan á niðurstöðum hinnar nýju matsgerðar. X hafnaði bótakröfunni þar sem fyrirvari sá sem M hafði gert við uppgjórið í nóvember 2012 væri ekki svo skýr að á grundvelli hans gæti M átt frekari kröfur á hendur X. Til stuðnings höfnun sinni hefur X vísað til dóms Hæstaréttar frá 20.2.2014 í málinu nr. 576/2013. Kveður X að fyrirvari sá sem það gerði við fyrrgreint uppgjör hafi verið almennur fyrirvari með stöðluðum texta sem það hafi notað í fjölda uppgjöra. Einnig hefur X borið það fyrir sig að krafa M sé fyrnd, sbr. 99. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Álit.

Í fyrrgreindum dómi Hæstaréttar í máli nr. 576/2013 var leyst úr ágreiningu er varðaði fyrirvara sem gerður var við uppgjör bóta fyrir líkamstjóns og hljóðaði svo: „Gerður er fyrirvari við mat á miska og varanlegri örorku.“ Segir í dómi réttarins að fyrirvarinn hafi lotið að mati á miska og varanlegri örorku, en engin gögn hafi legið fyrir í málinu hvernig skýra eigi fyrirvarann, hvorki bréf þar sem gerð er grein fyrir hvers vegna hann hafi verið gerður né aðrar yfirlýsingar. Verði fyrirvarinn skýrður svo að tjónþoli hafi með honum áskilið sér rétt til frekari bóta ef varanlegur miski eða varanleg örorka yrði

meiri en talið var í álitum því sem byggt var á við uppgjör vegna síðari breytinga. Eðli máls samkvæmt verði fyrirvarinn á hinn bóginn ekki skýrður svo að tjónþoli hafi áskilið sér rétt til endurupptöku bótaákvörðunar vegna þess að matið, sem hún var reist á, kynni að vera rangt. Verði að gera þá kröfu að slíkir fyrirvarar og þeir sem lúta að tilteknum forsendum mats séu ótvíræðir, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar frá 18.1.2007 í máli nr. 300/2006.

Fyrirvari sá sem M hafði gert er skráður á skjal sem hefur að geyma samkomulag málsaðila um fjárhæð bóta. Síðari undirfyrirsögn skjalsins verður að skilja svo að samkomulagið sé þó háð þeim takmörkunum sem felist í því að það sé gert „[m]eð öllum fyrirvara náist ekki samkomulag um bætur. Í fyrirvara sem skráður er á tjónskvittun kveðst X gera sama fyrirvara og M með áskilnaði um rétt til endurkröfu komi síðar í ljós að félagið hafi ofgreitt bætur. Þótt hér kunni að vera um almennan fyrirvara að ræða af hálfu X með stöðluðum texta verður engu að síður að skýra hann með hliðsjón af fyrirvara þeim sem M hafði gert. Verður þannig ekki annað ráðið en með þeim fyrirvörum sem aðilar gerðu felist sá sameiginglegi skilningur þeirra að reynist mat það sem byggt var á rangt, annað hvort of hátt eða of lágt, geti M átt rétt til frekari bóta eða X átt rétt til endurgreiðslu vegna ofgreiddra bóta. Fyrirvarinn getur ekki varðað rétt M til endurákvörðunar bóta vegna síðari breytinga á heilsu hans samkvæmt 11. gr. skaðabótalaga, enda hefur X, samkvæmt orðalagi ákvæðisins, ekki heimild til endurákvörðunar bóta við slíkar aðstæður. Eins og hér stendur á kemur niðurstaða í dómi Hæstaréttar í máli nr. 576/2013 því ekki í veg fyrir að M sækir rétt til frekari bóta.

Samkvæmt 99. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 fyrnast allar bótakröfur samkvæmt XIII. kafla laganna, um fébætur og vátryggingu, á hendur þeim sem ábyrgð ber og vátryggingafélagi á fjórum árum frá lokum þess almanaksárs, sem kröfuhafi fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar. Kröfur þessar fyrnast þó í síðasta lagi á tíu árum frá tjónsatburði. Svo sem áður greinir var M 12 ára gamall er hann lenti í slysi því sem hér er til umfjöllunar, en í slysinu mun hann einkum hafa hlotið höfuðáverka. Þegar slysið varð verður vart talið að M hafi tekið út allan sinn líkamlega og andlega þroska. Þótt ítarlegar upplýsingar hafi legið fyrir um líðan M, andlega og líkamlega, á fyrstu árum eftir slysið voru ýmsar upplýsingar um heilsufar M að koma síðar fram, svo sem varðandi námsástundun og námsárangur. Þegar litið er til ungs aldurs M og þeirra álítaefna sem uppi voru um afleiðingar af völdum slyssins þykir varhugavert að fullyrða að M hafi fyrir árið 2010 átt þess fyrst kost að leita fullnustu kröfu sinnar. Verður því eigi talið að krafa M á hendur X sé fallin niður vegna fyrningar.

Niðurstaða.

M á rétt til frekari bóta úr ábyrgðartryggingu ökutækis hjá X.

Reykjavík, 16. desember 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 335/2014
M
og
V vegna ábyrgðartryggingar húseigenda S.

Maður slasaðist á fæti þegar hann steig ofan í holu á malbiki á vinnustað 20.10.2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 6.11.2014 ásamt fylgiskjölum 1-11
2. Bréf V dags. 21.11.2014 ásamt fylgiskjali.
3. Bréf lögmanns M dags. 15.12.2014.

Málsatvik.

M er lagerstjóri í versluninni A og var að spúla vörumóttökusvæði fyrir utan verslunina og steig ofan í holu og meiddist á ökkla. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu húseigandans S hjá V og telur að slysið hafi orðið vegna vanbúnaðar á fasteigninni. M segir að holan sem um ræðir sé tilkomin vegna stórra ruslagáma sem dælduðu malbikið en voru fluttir í burtu árið 2006. M segir að fleiri nýti svæðið en A og sjái starfsfólk S alfarið um þetta svæði. M segir að yfirmenn A hafi ítrekað óskað eftir umbótum á svæðinu en því ekki verið sinnt, en eftir slysið hafi S afmarkað svæðið þar sem slysið varð. M byggir á því að starfsfólki S hafi átt að ganga frá umræddu svæði til að koma í veg fyrir slyshættu en hafi vanrækt það. V hafnar bótaskyldu og segir að frá árinu 1999 hafi svæðið verið á forræði A í samræmi við húsaleigusamning. A sjái um svæðið og enginn annar fái að nýta það. Þá segir V að ruslagámarnir sem A hafi flutt í burtu hafi verið frá A. Þá segir V að í leigusamningi S og A komi fram að valdi leigutaki skemmdum á hinu leigða beri honum að bæta úr því. V segir að starfsfólki S hafi ekki verið kunnugt um dældina í malbikinu fyrr en eftir slysið. V segir að S hfai látið gera við dældina á malbikinu eftir slysið og sent reikning vegna þess til A. V segir að M sé lagerstjóri hjá A og yfirmaður á móttökusvæði fyrir vörur og hafi honum því borið að sjá til þess að aðbúnaður væri fullnægjandi eða láta vita ef svo var ekki. Í tölvubréfi frá lögmanni M dags. 15.12.2014 segir að A hafi ekki verið sendur reikningur vegna viðgerðar.

Álit.

Af hálfu S er því haldið fram að svæði þar sem slysið varð, sé á forræði A verslunarinnar sem M vinnur hjá. Þá er því haldið fram af V að A engin nýti umrætt svæði nema A og beri A að sjá um viðgerðir á skemmdum samkvæmt leigusamningi. Leigusamningur milli A og S liggur ekki fyrir í málinu, en þessari fullyrðingu V hefur ekki verið andmælt af hálfu M. Þá er því haldið fram að starfsfólk S hafi ekki vitað af holunni á malbikinu fyrr en eftir að slysið átti sér stað. Engin gögn liggja fyrir í málinu sem sýna að starfsfólk S hafi vitað af þessum vanbúnaði á svæðinu fyrr en eftir slysið. Miðað við fyrirliggjandi gögn er því ósannað að S eða starfsfólk S hafi vitað af þeirri holu í malbiki sem hér ræðir og getað brugðist við. Þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu S sem húseiganda hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr húseigenda ábyrgðartryggingu S sem hjá V

Reykjavík 19.12.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 336/2014
M og
V vegna slysatryggingar ökumanns og eiganda bifreiðarinnar X.

Umferðarslys á Grænásvegi við Bergásveg 26. febrúar 2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið 4. nóvember 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 21. nóvember 2014 ásamt lögregluskýrslu og skoðunarferli ökutækis.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu vegna málsins kemur fram að M var farþegi í framsæti í sinni eigin bifreið X þegar ökumaður hennar missti stjórn bifreiðinni með þeim afleiðingum að hún ekur út af veginum og á stóran stein sem þar er. Af gögnum málsins má ráða að M hafi hlotið líkamstjón við umrætt óhapp en V hefur takmarkað ábyrgð sína vegna slyssins um þriðjung og telur að M hafi sýnt stórkostlegt gáleysi með því að fara sem farþegi í bifreiðinni eftir að hún hafði verið metin óhæf til aksturs á skoðunarstöð og sett í svokallað akstursbann.

M telur að hann eigi rétt á fullum bóttum vegna líkamstjónsins og telur að háttsemi hans sé ekki þess eðlis að jafna megi henni til stórkostlegs gáleysis og vísar til Hrd. 31/2014 máli sínu til stuðnings.

V telur að M sem eigandi bifreiðarinnar X hafi verið ljóst að bifreið hafi ekki verið fær til aksturs, enda hafi hann viðurkennt að hafa vitað um akstursbann skoðunarstöðvar stuttu fyrir óhappið þar sem gerðar hafi verið alvarlegar athugasemdir við ástand bifreiðar hans. V telur að athugasemdir skoðunarstöðvarinnar hafi litið að öryggisatriðum bifreiðarinnar og umferðaróhappið hafi orsakast af því að stjórnþæki hennar virkuðu ekki sem skyldi. V bendir einnig á úrskurð nefndarinnar í máli nr. 45/2014 þar sem fjallað var um takmörkun ábyrgðar vegna ökumanns bifreiðarinnar.

Álit.

Þegar litið er til gagna málsins lýtur ágreiningur þess að því hvort skilyrði 1. mgr. 90.gr. laga (2. mgr. 27. gr.) um vátryggingasamninga séu uppfyllt, þ.e. hvort M hafi sýnt stórkostlegt gáleysi við að fara sem farþegi í eigin bifreið sem sett hafi verið í akstursbann. V ber sönnunarbyrðina um að það teljist til stórkostlegs gáleysis. Við mat á því verður litið til þess að M var fullljóst að alvarlegar athugasemdir höfðu verið gerðar við ástand bifreiðar hans bæði þennan sama dag og áður. Með því að virða akstursbannið að vettugi sýndi M, sem eigandi bifreiðarinnar, sams konar háttsemi og ökumaðurinn sem ók af stað með sömu upplýsingar. Verður að telja þá háttsemi verulegt frávik frá því sem eðlilegt er við þessar aðstæður og nægilega sýnt að orsakatengsl séu milli óhappsins og ástands bifreiðarinnar X. Rétt er því að takmarka ábyrgð V um þriðjung.

Niðurstaða.

M á rétt bóttum úr slysatryggingu ökumanns og eiganda hjá V en þær bætur skerðast um þriðjung vegna stórkostlegs gáleysis hans.

Reykjavík 16. desember 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 338/2014
M og
V v/ ábyrgðartryggingar X.

Tjón á bifreið vegna foks á vegriði við Miklubraut 29. september 2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið 7. nóvember 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 12. nóvember 2014 ásamt gögnum.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M hafi ekið bifreið sinni eftir Miklubraut þegar kemur dynkur á bifreiðina og hann tekur eftir því að vegrið hafði losnað og skolið á bifreiðinni. Í gögnum málsins kemur einnig fram að skv. upplýsingum frá X var engin vitneskja þar um að vegrið hefði losnað áður en M tilkynnti um tjónið.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á tjóni á bifreið hans þar sem viðhaldi vegriðsins hafi verið ábótavant og vísar þar til myndar sem hann kveðst hafa tekið tveimur vikum eftir tjón á bifreið hans, þar sem notaður hefur verið kaðall eða band til að festa girðingu vegriðsins við stöng þess.

V telur, með vísan til upplýsinga hjá X um að starfsmenn þess hafi ekki vitað um ástand vegriðsins, verði ekki fullyrt um vitneskju þeirra um ástandið eða vanrækslu þeirra á eðlilegu viðhaldi og því ekki sýnt að X beri skaðabótaábyrgð á tjóni M.

Álit.

Í málinu liggur fyrir að starfsmenn X vissu ekki um ástand vegriðs við Miklubraut umræddan dag og verður ekki unnt að álykta út frá myndum sem eru teknar nokkrum vikum eftir tjónið um ástand þess á tjónsdegi. Af gögnum málsins verður heldur ekki ráðið að viðhaldi eða umsjón með vegriðinu hafi verið ábótavant þannig að skilyrði skaðabótaréttarins séu uppfyllt vegna X. Verður því ekki fallist á greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða:

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík 2. desember 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 341/2014**M og
V1 v/ bifreiðarinnar A og V2 v/ bifreiðarinnar B.****Árekstur við gatnamót Útgarðs og Tjarnarbrautar á Egilsstöðum 21. október 2013.****Gögn.**

1. Málskot móttækið 11. nóvember 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V1 dags. 21. nóvember 2014.
3. Tölvupóstur V2 dags. 2. desember 2014.

Málsatvik.

Í sameiginlegri tjónstilkynningu ökumanns A og B kemur fram að bifreið A var ekið til hægri á gatnamótum gegn biðskyldu þegar bifreið B var ekið inn á sömu gatnamót í vinstri beygju. Skv. mynd á framhlið tjónstilkynningarinnar má var bifreið B ekið í þrönga vinstri beygju.

M telur sem ökumaður bifreiðar A að hann hafi gætt biðskyldu í fyrirhugaðri hægri beygju á gatnamótunum og að ökumaður B eigi að bera alla sök á árekstrinum vegna of þröngrar vinstri beygju.

V1 telur að skipta eigi sök þannig að ökumaður bifreiðar B beri 2/3 hluta sakar en ökumaður bifreiðar A 1/3 hluta sakar og vísar um það til tveggja úrskurða nefndarinnar, t.d. 248 og 316/2013.

Álit.

Af teikningu á tjónstilkynningu og ljósmynd af vettvangi má sjá að ökumaður bifreiðar B tók of þrönga vinstri beygju og braut þannig gegn lokamálslið 3. mgr. 15. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 um að vinstri beygju skuli taka þannig að þegar ökutækið kemur út af vegamótum sé það hægra megin á akbrautinni sem beygt er inn á. Má rekja árekstur bifreiða A og B fyrst og fremst til þeirrar háttsemi. Af sömu gögnum má þó sjá að bifreið B var enn á Tjarnarbraut þegar árekstur varð og á ökumanni B hvíldi biðskylda skv. 1. mgr. 25. gr. umferðarlaga fyrir umferð um Tjarnarbraut. Verður að telja að áreksturinn megi því einnig að hluta rekja til þess að M sem ökumaður bifreiðar B hafi ekki gætt nægrar varúðar við biðskyldu í ætlaðri hægri beygju inn á Tjarnarbraut. Verður hann því talinn bera hluta sakar vegna árekstursins.

Niðurstaða.

Sök skiptist þannig að ökumaður bifreiðar B beri 2/3 hluta sakar og ökumaður bifreiðar A 1/3 hluta sakar.

Reykjavík 16. desember 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 342/2014**M
og
vátryggingafélagið X v/ foktryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna fokskemmda á húseign.****Gögn.**

171. Málskot, móttakið 12.11.2014, ásamt fylgigögnum.

172. Bréf X, dags 25.11.2014, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Af gögnum málsins má ráða að dagana 13.-14. nóvember 2013 hafi loft í hluta húss í eigu M fallið niður af völdum fok en tekist hafi að bjarga öðrum hlutum húseignarinnar þar sem miklar sprungur hafi þó komið í loftið.

M hefur krafist bóta vegna tjónsins úr foktryggingu sem hann hafði í gildi hjá X. X hefur hafnað bótum þar sem ljóst sé samkvæmt mati skoðunarmanns félagsins og fyrirliggjandi ljósmyndum að tjónið verði ekki rakið til fok heldur til mikils fúa og þar af leiðandi skorts á viðhaldi, en vátrygginging taki ekki til slíks tjóns.

Álit.

Samkvæmt 1. gr. vátryggingarskilmála sem gilda um foktryggingu þá sem M hafði í gildi hjá X bætir vátryggingin tjón á hinu vátryggða húsi eða húshluta, sem verður af völdum óveðurs, þ.e. þegar vindur mælist yfir 30 m/s (11 vindstig). Séu ekki fánlegar viðurkenndar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað, er tjónið varð, skal hafa til hliðsjónar við ákvörðun bótaskyldu tryggingarinnar, hvort almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu af völdum veðurs er tjónsatburðurinn átti sér stað.

Ekki er fyllilega ljóst af gögnum málsins hvar hin vátryggða húseign er, en þó má ráða að það sé í S, sveitarfélagi því þar sem M býr. Engin gögn liggja fyrir um að vindur hafi mælst yfir 30 m á sekúndu í S er tjónið varð né heldur að þá hafi almennt eignatjón orðið þar af völdum veðurs. Hefur því ekki verið sýnt fram á að skilyrðum bótaskyldu samkvæmt 1. gr. vátryggingarskilmálanna sé fullnægt. Þegar af þeirri ástæðu fæst tjón M ekki bætt úr foktryggingu hans hjá X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr foktryggingu hjá X.

Reykjavík, 16. desember 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 343/2014
M og
V vegna frjálsrar ábyrgðartryggingar A.

Bifreið skemmdist þegar hún ók ofan í holu á vegi þ. 15.1.2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 12.11.2014 ásamt fylgiskjölum 1-4
2. Bréf V 14.11.2014. ásamt fylgiskjölum 1-4

Málsatvik.

Bifreið M var ekið aðreina frá Goðatúni í Garðabæ og inn á Hafnarfjarðarveg, í aðreininni var um 20 cm. djúp hola og lenti fremra hjól bifreiðarinnar ofan í holunni og hlaust tjón af. Umrætt tjón varð um kl. 12.30 að sögn M. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V og segir að starfsfólk A hafi vitað af holunni áður en óhappið varð og aðrir bílar hefðu lent ofan í henni áður en bifreið M gerði það. V hafnar bótaskyldu og segir að starfsfólk A hafi fengið vitneskju um umrædda holu á aðreininni af Goðatúni inn á Hafnarfjarðarveg um kl. 12 þ.15.1.2014. Tjón M hafi orðið tólf mínútum síðar skv. tjónstilkynningu og þrátt fyrir það að A hafi ekki brugðist við á þeim tólf mínútum sem um ræðir sé ekki um það að ræða að tjónið verði rakið til gáleysi eða vanrækslu við veghald á umræddum stað eða annars sem A ber ábyrgð á. Af hálfu A er því haldið fram að starfsfólk A hafi ekki vitað af holunni fyrr en kl. 12 og hafi verið brugðist strax við til að gera við hana.

Álit.

Samkvæmt 56. gr. vegalaga nr. 80/2007 ber veghaldari vegar sem opinn er almenningi til frjálsrar umferðar ábyrgð á því tjóni sem hlýst af slysi á veginum þegar tjónið má rekja til gáleysis veghaldara við veghaldið. Ekki liggur annað fyrir í málinu en að A hafi fengið upplýsingar um holuna sem M ók ofan í 12 mínútum áður en óhappið varð miðað við tjónstilkynningu. Það verður ekki virt A til gáleysis að hafa ekki náð að bregðast við og gera við holuna á þeim tíma sem leið frá því að A vissi um hana og þangað til að óhappið varð. M á því ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 9.12.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 344/2014

M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
vátryggingafélagið Y v/ ábyrgðartryggingar bifhjólsins B.

Árekstur á Snorragötu á Siglufirði 14.9.2014.**Gögn.**

173. Málskot, móttakið 14.11.2014, ásamt fylgigögnum.

174. Bréf X, dags 17.11.2014.

175. Bréf Y, dags. 24.11.2014, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Bifreiðinni A var ekið norður Snorragötu. Í sömu andrá og A var beygt til vinstri var bifhjólínu B ekið vinstra megin áleiðis fram úr A. Varð þá árekstur með ökutækjunum og féll ökumaður B í götuna. Ein akrein er á götunni í hvora átt og hálfbrotin miðlína (L21) skilur akreinarnar að. Hámarks hraði á akbrautinni er 35 km á klst.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið á mjög litlum hraða norður Snorragötu og með honum í bifreiðinni hafi verið eiginkona hans og tvær aðrar konur. Þau hefðu ekið fram hjá húsum Síldarminjasafnsins, séð að það var opið og ákveðið að heimsækja það. Hann hafi séð útskot sem hann ætlaði að nota til að snúa við. Hann hafi gefið stefnumerki til vinstri í áttina að útskotinu. Er hann hafi verið byrjaður að beygja til vinstri hafi högg komið á vinstri framhurð A og þá séð að B hafi lent á A. Aðspurður kvaðst ökumaður A ekki hafa orðið var við ferðir B fyrir en árekstur varð.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið á mjög litlum hraða norður götuna, ekki meira en á 35 km hraða á klst. Hann hafi nálgast A sem hafi verið nánast kyrrstæð við hægri brún götunnar og hafi hann tekið eftir því að ökumaðurinn hafi verið með kveikt stefnumerki sem hafi gefið til kynna að hann hafi ætlað að beygja til hægri. Hann hafi litið í baksýnispegil B og enga umferð séð á eftir sér. Hann hafi því ákveðið að aka vinstra megin fram úr A og í því skyni ekið yfir á vinstri helming götunnar, en þá hefði A skyndilega verið beygt til vinstri í veg fyrir B. Höggið hafi ekki verið mikið en B hafi kastast á vinstri hliðina.

Vitni kvaðst hafa ekið suður Snorragötu og mætt A sem hafi verið ekið mjög hægt eða á um 15-20 km hraða á klst. Síðan hafi hann mætt B sem hafi heldur ekki verið ekið hratt en þó heldur hraðar en A. Hann hafi svo litið í baksýnispegil og séð að A hafi verið beygt til vinstri. Þá hafi B verið komið yfir á vinstri helming götunnar og lent á vinstri hlið A. Aðspurt kvaðst vitnið ekki hafa tekið eftir neinum stefnumerkjum í gangi á A þegar hann ók fram hjá henni.

Farþegar í A hafa borið að ökumaður A hafi gefið stefnumerki til vinstri áður en hann beygði og stefnuljós í hliðarspegli á vinstri hlið hafi enn logað eftir áreksturinn þótt hann hafi brotnað af við áreksturinn og hangið í rafmagnsvírunum utan á bifreiðinni.

Álit.

Eins og fyrr greinir skilur hálfbrotin miðlína að umferð í gagnstæðar áttir á götunni. Samkvæmt b. lið 23. gr. reglugerðar nr. 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra gefur hálfbrotin lína til kynna að varhugavert sé að aka yfir hana og óheimilit nema með sérstakri varúð. Þótt A hafi verið ekið mjög hægt á undan B sýndi ökumaður B ekki þá sérstöku varúð sem af honum mátti krefjast samkvæmt umræddu ákvæði er hann ók yfir miðlínuna til að aka fram úr A. Verður áreksturinn aðallega rakinn til þessa og telst ökumaður B því eiga meginsök á árekstrinum. Ökumaður A kvaðst hafa gefið stefnumerki til vinstri og á sama veg hafa borið farþegar í bifreið hans. Ökumaður B kvað á hinn bóginn stefnumerki til hægri hafa logað á A er hann hugðist aka fram úr henni. Þá kveðst vitni ekki hafa séð nein stefnumerki loga á A er hann mætti henni rétt áður en árekstur varð. Verður ekki talið að komin sé fram fullnægjandi sönnun um að ökumaður A hafi gefið stefnumerki til vinstri áður en ökumaður B hóf framúraksturinn. Þá vissi ökumaður A ekki af ferðum B fyrir aftan sig fyrr en árekstur varð. Samkvæmt 2. mgr. 15. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal ökumaður, sem ætlar að beygja á vegamótum, ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra sem fara í sömu átt. Hann skal sérstaklega gefa gaum umferð sem á eftir kemur. Þessa ákvæðis umferðarlaga gætti ökumaður A ekki. Hann á því einnig nokkra sök á því hvernig fór. Að öllu framangreindu virtu þykir rétt að skipta sök á þann veg að ökumaður A beri 1/3 sakar og ökumaður B 2/3 sakar.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber 1/3 hluta sakar og ökumaður B ber 2/3 hluta sakar.

Reykjavík, 9. desember 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 346/2014**M og
V v/ sjúklingatryggingar T.****Óþægindi sjúklings eftir brúarsmíði tannlæknis haustið 2009.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 13. nóvember 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 26. nóvember 2014.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M leitaði til T á árinu 2009 þar sem T kom fyrir tveimur brúm í gómi hennar. Stuttu síðar hafi M fundið fyrir óþægindum og leitað til annarra tannlækna vegna þeirra og hefur hún gengist undir aðgerðir síðan.

M telur að hún hafi orðið fyrir líkamstjóni þar sem þær brýr sem T hafi smíðað hafi verið skakkar og hafi valdið mikilli rótarbólgu sem hafi síðan leitt til þess að draga hafi þurft tennur úr henni. Eftir það hafi þurft að setja upp tannplanta með beinukandi skurðaðgerð. M byggir á því að háttsemi B falli undir 1.tl. 2.gr. laga um sjúklingatryggingu nr. 111/2000 þar sem meðferð T hafi ekki verið hagað eins vel og unnt hefði verið þar sem brú sem T setti upp hafi verið skökk. Einnig telur M að tjón hennar sé rakið til sýkingar sem sé fylgikvilli sem hún eigi ekki að þola bótalest, sbr. 4.tl. 2.gr. laga um sjúklingatryggingu.

V telur að ekkert liggi fyrir um að meðferð M hjá T hafi verið til tjóns fyrir hana. M telur að ekki sé sýnt að brúin sem T hafi sett upp hafi verið skökk og telur óþægindi M fyrst og fremst hægt að rekja til þess ástands sem myndaðist með pokum utan á rótum tanna M. Ekki sé með nokkrum líkum eða gögnum sýnt fram á að þeir pokar hafi myndast vegna brúarsmíðinnar. Ekki sé heldur sýnt að M hafi fengið sýkingu heldur hafi orðið bólgubreytingar í vef sem leitt hafi til dreps.

Álit.

Í lögum um sjúklingatryggingu nr. 111/2000 er þó gert ráð fyrir því í lagatextanum að tjón megi *að öllum líkindum* rekja til atvika sem koma fram í 1.- 4. tl. 2. gr. laganna. Samkvæmt athugasemdum við 2. gr. í frumvarpi laganna dugar í þeim efnum að sýnt sé fram á að líklegra sé að tjónið stafi af rannsókn eða meðferð en öðrum orsökum. Sönnunarbyrðin um að svo sé hvílir á tjónþola sem í þessu máli er M. Í málinu hefur M vísað sérstaklega til 1. og 4. tl. 2. gr. máli sínu til stuðnings eins og rakið er hér að ofan. Ekki liggja fyrir gögn eða mat sérfræðinga sem staðfesta að brú sem T smíðaði í góm M hafi verið skökk eða þannig gerð að hún hafi leitt til óþæginda M og þeirra aðgerða sem fylgdu. Þó sönnunarkröfur í 2.gr. laga um sjúklingatryggingu séu vægari en almennar sönnunarkröfur í skaðabótarétti verða að liggja fyrir ítarlegri gögn eða læknisfræðilegt álit um að skilyrði laganna séu uppfyllt. Á meðan svo er ekki telst ósannað að skilyrði laga um sjúklingatryggingu séu uppfyllt þannig að M eigi rétt á skaðabótum úr sjúklingatryggingu T.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu hjá V.

Reykjavík 16. desember 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 347/2014
M
og
V vegna frjálstrar ábyrgðartryggingar sveitarfélagsins R.

Drengur í leikskóla slasaðist þegar hann var að klifra í tré þ. 28.10.2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.12.11.2014 ásamt fylgiskjölum 1-18
2. Bréf V dags. 1.12.2014 ásamt fylgiskjölum 1-5.

Málsatvik.

Fjögurra ára drengur (M) var að leika sér á leikskólalóð og átti að vera undir eftirliti tveggja starfsmanna leikskólans sem rekinn er af R. M tókst að klifra upp í lítið tré sem er á lóðinni og segir í málskoti að á trénu sé greinarstubbur sem virki eins og gott fótstig. Þegar starfsmenn R sáu til M þar sem hann var kominn nokkuð áleiðis upp í tréd kölluðu þeir til hans að fara niður, en þá fípaðist M og datt og slasaðist. Foreldrum M var ekki tilkynnt um atvikið sem var talið minniháttar. Í ljós kom að M hafði höfuðkúubrotnað við höggið. Forráðamenn M krefjast bóta úr frjálstri ábyrgðartryggingu R hjá V og telja að slysið hafi orðið vegna saknæmrar vanrækslu starfsmanna R og/eða saknæms vanbúnaðar á leikskólalóðinni. Af hálfu M er á það bent að engin starfsmaður leikskólans hafi hindrað M í að klifra upp í umrætt tré og starfsmenn hefðu brugðist við með röngum hætti þegar þeir sáu að M hafði klifrað upp í tréd. Þá er vísað til þess að stefna umræddst leikskóla að heimila börnum að klifra í sumum trjám sé hættuleg einnig er vísað til þess að umrætt tré sé á miðju leiksvæði barnanna á leikskólalóðinni. Loks sé aðbúnaður í kringum tréd þar sem sé viðrarramma og trépallur hættulegur. Af hálfu M er auk þess vísað til laga nr. 90/2008 um grunnskóla og reglugerð nr. 942/2002 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim og reglugerð nr. 655/2009 um starfsumhverfi leikskóla.

V hafnar bótaskyldu og segir að starfsmenn R hafi farið strax til M þegar þeir sáu að hann var að klifra í tré til að hjálpa honum niður úr trénu en M hafi fallið, en staðið upp sjálfur og verið styrkur í göngu og hafi ekki sýnt merki um skerta meðvitund, en fylgst hafi verið með M það sem eftir var dagsins. V segir að mönnun á útileiksvæði í umrætt sinn hafi verið í samræmi við viðmið í leikskólalögum nr. 90/2008 og reglugerðar 655/2009. V segir að viðbrögð starfsmanna R hafi verið með eðlilegum hætti þegar þeir sáu til M vera að klifra í trénu. Þá segir V að Heilbrigðiseftirlitið hafi ekki gert athugasemdir við staðsetningu eða annað varðandi það tré sem M klifraði í og það sé búið að vera til staðar þarna í áratugi. Loks segir V að börnin megi klifra í tré við matjurtargarð og þeim sé ljóst að það sé heimilt að klifra í því tré en ekki öðrum.

Álit.

Ekki hefur verið sýnt fram á að slys M verði rakið til sakar starfsmanna R eða aðila sem R ber ábyrgð á. Þá hefur ekki verið sýnt fram á að umbúnaður og staðsetning trésins sem M klifraði í sé hættulegur eða í andstöðu við lög og reglugerðir sem gilda um leikskóla og umbúnað

leikskólalóða og starfsumhverfi leikskóla. M á því ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu M hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu M hjá V.

Reykjavík 16.12.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 349/2014**M og
V v. slysatryggingar greiðslukorts.****Ágreiningur um orsakatengsl vegna umferðaróhapps 30. desember 2011****Gögn.**

1. Málskot móttakið þann 18. nóvember 2014 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V frá 25. nóvember 2014 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Þann 11. desember 2010 slasaðist M á ferðalagi í Tælandi þegar hann féll í tröppu. Á tjónstilkynningu til V kemur fram að M hafi verið á ganga í tröppum er hann datt niður um 70 cm. Kemur fram í tilkynningunni að M hafi meitt sig á ökkla og að liðþófar í hrygg hafi skemmst. Í málskoti kemur fram að afleiðingar slyssins hafi verið slíkar að það hafi þurft að flytja M með sjúkraflugi heim til Íslands.

M mun hafa farið í aðgerð 25. mars 2011 vegna brjósks og hafi aðgerðin gengið vel. Var M góður af fyrri einkennum þar til um sumarið 2013. Leiddu rannsóknir í ljós endurkomu brjóskslossins og var því gerð ný aðgerð þann 10. október 2013.

V hafnaði bótaskyldu úr slysatryggingunni í apríl 2014, annars vegar á þeim grundvelli að ekki væri sýnt fram á að þær kvartanir sem fram komu um sumarið 2013 væru vegna slyssins í desember 2010 og hins vegar að ekki hafi verið komin fram varanleg örorka sem sannanlega tengdist slysinu innan 24 mánaða frá slysdegi eins og gr. 4.2.3 í skilmálanum gerir ráð fyrir. Var jafnframt hafnað að standa að mati á varanlegum afleiðingum M.

Í bréfi V frá 25. nóvember 2014 var fallið frá því að vísa til gr. 4.2.3 í skilmálanum varðandi höfnun bótaskyldu. Önnur sjónarmið voru itrekuð. V hafnar því að um orsakatengsl sé að ræða milli slyssins og þeirra varanlegra einkenna sem M telur sig vera með vegna slyssins 11. desember 2010.

Álit.

Það er meginregla í skaðabótarétti að tjónþoli sem krefst skaðabóta frá öðrum aðila vegna tjóns sem hann telur sig hafa orðið fyrir verður m.a. að færa sönnun á orsakatengsl milli tjóns hans (einkenna) og tjónsatburðar. Verður nú vikið að því hvort M hafi í þessu máli tekist að sanna orsakatengsl milli slyssins 11. desember 2010 og þeirra varanlegra einkenna sem hann kveðst búa við í dag.

Í málgögnum er að finna upplýsingar um bakverkjasögu M en hún er umtalsverð og spannar allt frá árinu 1979 þegar M lenti í slysi og fékk mikið högg á bakið. Í kjölfar þess slyss hefur hann verið mikið óvinnufær, sérstaklega vegna bakvandamála, í formi brjósksloss og krónískra bakverkja. Í málinu liggur ekki fyrir læknisfræðilegt mat á því hvort varanleg einkenni M í dag stafi af slysinu sem hann lenti í á Tælandi þann 11. desember 2010.

Með hliðsjón af öllum atvikum og fyrirbyggjandi gögnum verður ekki talið að sönnun orsakatengsla hafi tekist. Verður því að telja að orsakatengsl milli óhappsins og varanlegra einkenna M séu ósönnuð.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu greiðslukorts

Reykjavík, 16. desember 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 350/2014
M og
V-1 vegna bifreiðarinnar A og V-2 vegna bifreiðarinnar B.

Árekstur bifreiða á Holtavörðuheidi á Vesturlandsvegi þ. 9.8.2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 20.11.2014, ásamt fylgiskjölum 1-7
2. Bréf V-1 dags 1.12.2014 ásamt fylgiskjali
3. Bréf V-2 dags. 3.12.2014.

Málsatvik.

Árekstur varð milli A og B á Holtavörðuheidi á Vesturlandsvegi. Báðum bifreiðunum var ekið til suðurs og var B á undan A. Ökumaður A hugðist aka framúr B og þá varð áreksturinn. Ökumaður A segir að hann hafi ekið suður Vesturlandsveg með hjólhýsi í eftirdragi og ákveðið að aka framúr B, en þá hafi B aukið ferðina og farið út í hægri kant en síðan sveigt inn að miðju akreinarinnar og þá hafi vinstri spegill B farið utan í hjólhýsið sem A dró. Ökumaður B segist hafa verið með hjólhýsi í eftirdragi og vikið vel til hægri vegna umferðar sem var að koma á móti og þá hafi A hafið framúrakstur. Þá segir ökumaður B að þegar A hafi verið hálfnaður við að aka framúr B hafi hjólhýsið sem A dró farið utan í hliðarspegil á B. Ökumaður B segir að í umrætt sinn hafi skyggni verið slæmt þar sem mikil þoka var. Vefmyndvél var skoðuð af vettvangi og þar sást að mikil og dimm þoka var á vettvangi.

Álit.

Þegar áreksturinn varð var skyggni slæmt vegna mikillar þoku. Miðað við aðstæður var varhugavert fyrir ökumann A að reyna framúrakstur. Ökumaður B segist hafa vikið vel til hægri vegna umferðar sem var að koma á móti. Ekki er um það deilt að bifreið nálgadist úr gagnstæðri átt þegar A hóf framúrakstur, þó ökumaður A segi að hún hafi verið langt í burtu. Ekkert liggur fyrir í málinu sem bendir til þess að B hafi verið ekið inn á rangan vegarhelming í umrætt sinn. Með hliðsjón af því og vísan til 2. og 3. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, þar sem kveðið er á um að gæta beri fyllstu varúðar og hafa nægilegt hliðarbil við framúrakstur, verður öll sök lögð á ökumann A.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök.

Reykjavík 19.12.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 351/2014**M og****V vegna slysatryggingar ökumanns og eiganda bifreiðarinnar X.****Umferðarslys á Borgarvegi 3. desember 2013.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 20. nóvember 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 26. nóvember 2014 ásamt álitni nefndarinnar í máli 371/2012.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu vegna málsins kemur fram að M ók bifreiðinni X á staur á gatnamótum Borgarvegar og Víkurvegar. Þar kemur einnig fram að engin hemlaför hafi verið á vettvangi og aðspurður hafi M kvaðst hafa dottað undir stýri með fyrrgreindum afleiðingum. V hefur takmarkað ábyrgð sína úr slysatryggingu ökumanns um þriðjung vegna líkamstjóns M.

M telur að það eitt að dotta undir stýri sé ekki sjálfkrafa stórkostlegt gáleysi og vísar til Hrd. 336/2005 sem og úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 254/2012 máli sínu til stuðnings. Einnig bendir M á að V beri sönnunarbyrði um að M hafi ekki verið fær um akstur og telur að aksturslag M hafi verið eðlilegt miðað við aðstæður.

V telur að M hafi sem ökumaður brotið gegn háttnerisreglu 2. mgr. 44. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 með því að setjast undir stýri illa fyrirallaður og eftir andvökunótt og þannig mátt vita að hann gæti sofnað við aksturinn. Einnig vísar V til úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 371/2012 máli sínu til stuðnings.

Álit.

Þegar litið er til gagna málsins lýtur ágreiningur þess að því hvort skilyrði 1. mgr. 90. gr. laga (2. mgr. 27. gr.) um vátryggingasamninga séu uppfyllt. Ljóst er að V ber sönnunarbyrði fyrir því að M hafi sýnt stórkostlegt gáleysi í skilningi umræddrar greinar. Verður við það mat litið fyrst og fremst til framburðar M sem segir í lögregluskýrslu hafa verið illa fyrirallaður eftir andvökunótt. Sú háttsemi, að setjast undir stýri við þær aðstæður, er til þess fallin að auka líkur á því að ökumaður haldi ekki einbeitingu við aksturinn. Það að M hafi síðan dottað, með þeim afleiðingum að X var ekið beint og viðstöðulaust á ljósastaur, verður að meta til þannig háttsemi að um stórkostlegt gáleysi sé að ræða af hálfu M. Verður V því talið geta takmarkað bætur til M um þriðjung.

Niðurstaða.

M á rétt bótum úr slysatryggingu ökumanns og eiganda hjá V en þær bætur skerðast um þriðjung vegna stórkostlegs gáleysis hans.

Reykjavík 16. desember 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 352/2014**M****og****vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vörubifreiðar.****Ágreiningur um hvort mól hafi kastast af palli vörubifreiðar og valdið skemmdum á bifreið sem ekið var á eftir henni.****Gögn.**

176. Málskot, móttakið 19.11.2014, ásamt fylgigögnum.

177. Bréf X, dags 26.11.2014, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 8.7.2014 var bifreiðinni A, í eigu M, ekið vestur Suðurlandsveg. Í skýrslu hjá lögreglu 17.7.2013 kveðst ökumaður A í umrætt sinn um kl. 12:30 hafa ekið á eftir vörubifreiðinni B sem hafi verið lestuð mól. Við bæinn Dufþaksholt hafi lægð komið í veginn og við það hafi mól fokið af palli B og hafnað að hluta á A. Ökumaðurinn kvaðst ekki hafa náð að stöðva B til að hafa tal af ökumanni hennar. Í lögregluskýrslunni kemur fram að A hafi greinilega orðið fyrir miklu grjótkasti þar sem vélarhlíf, þak og hliðar A hafi greinilega verið grjótbardar og hafi skemmdir virst vera nýlegar.

Með tölvuskeyti hinn 23.10.2014 var af hálfu eiganda B mótmælt að skemmdir á A gætu hafa stafað frá B. Samkvæmt ökuritaskífu hafi B verið gangsett umræddan dag kl. 12:00, komið í malarnámu á Markarfljótsaurum um kl. 12:45 og verið ekið þaðan laust eftir kl. 13:00. Hafi B því ekki getað verið á vesturleið eftir Suðurlandsvegi við Dufþaksholt um það leyti sem ökumaður A kveður óhappið hafa orðið.

Í skýrslu hjá lögreglu 30.10.2013 kveðst ökumaður B vilja koma að breytingu á fyrri framburði sínum. Kveður hann atvikið hafa gerst laust eftir kl. 15:00. Þrjú vitni, maki ökumanns A, dóttir hans og tengdasonur, segjast hafa verið farþegar í A þegar óhappið varð. Í fyrirliggjandi yfirlýsingum þeirra bera þau að það hafi gerst laust eftir kl. 15.00 umræddan dag.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu B hjá X vegna þess tjóns sem á að hafa orðið á A. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Mál þetta var ekki rannsakað strax í kjölfar þess að það gerðist. Engum vitnum er til að dreifa nema aðilum nátengdum ökumanni A. Gegn mótmælum eiganda B verður samkvæmt fyrirliggjandi gögnum að telja ósannað að skemmdir á A verði raktar til aksturs B á Suðurlandsvegi umræddan dag. Tjón á A bætist því ekki úr ábyrgðartryggingu B hjá X.

Niðurstaða.

Tjón á A bætist ekki úr ábyrgðartryggingu hjá X.

Reykjavík, 16. desember 2014.

Póra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 355/2014
M og
V v. bifreiðanna A og B.

Árekstur bifreiða á gatnamótum Bústaðavegar og Eyrarlands í Reykjavík þ. 28.11.2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.27.11.2014 ásamt fylgiskjölum 1-2
2. Bréf V dags. 12.11.2014 ásamt fylgiskjölum 1-3.

Málsatvik.

Árekstur varð á gatnamótum Bústaðavegar og Eyrarlands. Bifreiðarnar A og B voru að koma hvor úr sinni áttinni á Bústaðavegi. Ökumaður A segist hafa ekið vestur Bústaðaveg með fyrirhugaða akstursstefnu til vinstri inn Eyrarland. Ökumaður A segir að þegar hann hafi verið að beygja hafi hann séð til ferða B, sem hafi komið á mikilli ferð á móti sér og náð að stoppa áður en hann hafi farið fyrir akstursleið B en samt hafi B ekið í hægri hlið A. Ökumaður B ók austur Bústaðaveg með fyrirhugaða akstursstefnu áfram austur. Ökumaður B segist hafa verið stopp á gatnamótunum en síðan hafi komið grænt ljós og þá hafi hann ekið af stað en þá séð A sem ekið hafi verið mjög hratt í veg fyrir B og hafi hann þá reynt að afstýra árekstri með því að beygja til vinstri, en það ekki dugað til og árekstur orðið.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að ökumaður A hafi tekið vinstri beygju í veg fyrir B sem ók áfram Bústaðaveg og ber ökumaður A því alla sök í málinu. Ekki telst sannað að ökumaður B hafi sýnt gáleysi við aksturinn.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök.

Reykjavík 22.1.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 356/2014
M
og V vegna slysatryggingar sjómanna.

Slys á sjómanni þann 24. maí 2013

Gögn.

1. Málskot móttækið 26. nóvember 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V frá 8. desember 2014.

Málsatvik.

Samkvæmt málskoti til nefndarinnar var M að vinna um borð í trillu sinni í höfninni úti í Grímsey og var að færa fiskikar niður í lest þegar hann féll aftur fyrir sig með eitt kar í fanginu og lenti á bakinu á öðru kari. Mun M strax hafa fengið stingandi verki í bakið, farið heim og lagst fyrir. Þar sem enginn læknir var í Grímsey fór hann ekki til læknis fyrr en 15. ágúst 2013 þegar verkirnir lögðust ekki neitt. Samkvæmt örorkumati frá 18. júní 2014 hafði slysið í för með sér varanlegar afleiðingar.

Þann 26. ágúst 2014 gaf vitnið Ó vitnisburð hjá lögreglunni varðandi fyrrgreindan atburð. Þar kom fram að Ó hafði hitt M á bryggjunni og spjölluðu þeir þá saman. Fóru þeir svo í bátana sína til vinnu. Ó kvaðst hafa verið staddur um borð í bátnum sínum út á dekki þegar hann heyrir skarkala og lítur upp og kallar til M. Hann kveðst þá hafa séð hvar M var með kar í fanginu og féll aftur fyrir sig ofan í lest. Ó fór svo að bátnum hans M og var þá M kominn upp á bryggju. Fann hann mikið til þannig að Ó ók M heim til hans þar sem kona M tók á móti honum.

M gaf skýrslu um slysið hjá lögreglu þann 27. ágúst 2014.

V hefur hafnað bótaskyldu úr slysatrygging sjómanna á grundvelli þess að slysið sé ósannað, þ.e. að ósannað sé að M hafi orðið fyrir slysi um borð í bátnum sínum. Leggur V áherslu á að engin samtímagögn séu til staðar þar sem tildrögum eða atvikum slyss frá 24. maí 2013 um borð í báti M er lýst.

Álit.

M ber sönnunarbyrði fyrir því að slys hafi átt sér stað sem bótaskyld er úr slysatryggingu sjómanna hjá V. Verður við mat á því hvort sönnunarbyrðinni hafi verið fullnægt að líta til allra atvika og gagna málsins.

Allar lýsingar M á meintum slysaatburði eru á einn veg og samhljóða í skjölum málsins, s.s. tilkynningu um slys á sjómanni, áverkavottorði, læknisvottorði heilsugæslunnar, matsgerð, skýrslu M og Ó hjá lögreglunni og yfirlýsingu Ó um atburðinn.

Með vísan til fyrirbyggjandi gagna, einkum trúverðugs vitnisburðar Ó, telst M hafa leitt nægar líkur að því að slys varð með þeim hætti sem M hefur lýst í gögnum málsins. Verður því að telja að M hafi orðið fyrir slysi um borð í bát sínum sem fellur undir slysatryggingu sjómanna hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á slysabótum fyrir líkamstjón sitt úr slysatryggingu sjómanna hjá V.

Reykjavík 22. janúar 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 357/2014
M
og V v/slysatryggingar ökumanns bifreiðarinnar X.

Krafa um bætur fyrir líkamstjón vegna umferðaróhapps 16. desember 2012. Orsakatengsl.

Gögn.

1. Málskot móttakið 28. nóvember 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 15. desember 2014, ásamt viðbótargögnum sem eru álit ráðgjafalæknis V, tjónstilkynning til X dags. 27. mars 2013 og höfnunarbréf X dags. 23. maí 2013.

Málsatvik.

Í dagbók lögregluembættis Sýslumannsins á Sauðárkróki frá 16. desember 2012 kemur fram að spegill bifreiðarinnar M hefði lent á annarrar bifreiðar sem var ekið úr gagnstæðri átt. Ekki kemur fram í málskoti að ágreiningur í málinu lúti að sakarskiptingu og verður því einungis fjallað um það m.t.t. slysatryggingar ökumanns V en M var ökumaður bifreiðar sem þar var vátryggð þegar umrætt atvik átti sér stað og kveðst hafa hlotið líkamstjón við umræddan árekstur. Í gögnum málsins kemur fram að M leitaði fyrst til læknis vegna þessa 12. mars 2013 en hún tilkynnti V um tjónið 7. mars s.á.

M telur að hún eigi rétt til greiðslu bóta vegna líkamstjóns sem hún telur hafa orðið með þeim hætti að slynkur hafi komið á bifreið hennar og valdið slæmum hliðaráverkum, einkum meiðslum á hálsi og hægri hné, sem hafi rekist í innréttingar bifreiðarinnar. M vísar til þess að hún hafi verið bæði óvinnufær að hluta og að fullu vegna óhappsins. Einnig bendir M á að hún hafi tilkynnt um líkamstjón sitt á skrifstofu V þann 17. desember 2012 og að læknisfræðileg gögn málsins staðfesti áverka hennar.

V vísar til þess að tjón á bifreiðunum hafi verið minni háttar og raunverulegt högg vegna áreksturs sem einungis feli í sér tjón á hliðarspeglum sé ekki til þess fallið að valda líkamstjóni. Einnig vísar V til þess að um þrjú mánuðir hafi liðið frá atvikinu þar til M leitaði til læknis. Einnig vísar V til álits ráðgefandi læknis félagsins sem telur að óþægindi M í hné séu allt eins hægt að rekja til slitbreytinga og áverkamerki séu ekki sýnileg.

Álit.

Mat nefndarinnar liggur í því að meta hvort nægilega miklar líkur eru á því að M hafi hlotið líkamstjón í umferðaróhappi 16. desember 2012. M kveðst hafa fundið fyrir einkennum stuttu eftir áreksturinn og leitað á skrifstofu V en ekkert liggur fyrir um að hún hafi þar lýst líkamstjóni. Verður M að bera hallann af því eins og málið liggur fyrir hjá nefndinni. Þau læknisfræðilegu gögn sem liggja fyrir sýna að M leitaði ekki til læknis fyrr en í mars 2013 og einnig liggur fyrir mat læknis V um að ekki sé hægt að staðfesta að einkennum hennar séu rakin til tiltekins áverka. Í ljósi þessara gagna telst vafi um orsakatengsl í þessu máli nokkur. Á M hvílir sönnunarbyrði um að hún hafi hlotið líkamstjón í umferðaróhappinu. Að virtum fyrirbyggjandi gögnum telst M ekki hafa leitt nægar líkur að því.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns hjá V.

Reykjavík 22. janúar 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 358/2014
M og
V v. ábyrgðatryggingar B.

Innkaupakerra fauk á bifreið þ. 21.9.2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 1.12.2014 ásamt fylgiskjölum 1-2
2. Bréf V dags. 17.11.2014.

Málsatvik.

M segist hafa ekið inn á bifreiðastæði verslunarinnar B og verið að taka son sinn út úr bifreiðinni þegar innkaupakerra hafi fokið á bifreiðina og hún orðið fyrir tjóni. M krefst bóta úr ábyrgðatryggingu B hjá V. V hafnar bótaskyldu og segir að tjónið verði ekki rakið til vanrækslu eða mistaka starfsfólks B eða annara sem B beri ábyrgð á. B beri ekki ábyrgð á því þó að lausar kerrur séu á bifreiðastæði og ekki frá þeim gengið af viðskiptavinum verslunarinnar.

Álit.

Ekki er ágreiningur um að innkaupakerra fauk aftan á bifreið M. Ekki hefur verið sýnt fram á að starfsfólk B eða aðrir sem B ber ábyrgð á hafi sýnt vanrækslu eða annað saknæmt atferli, sem hafi leitt til þess tjóns sem M varð fyrir. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðatryggingu B hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðatryggingu B hjá V.

Reykjavík 22.1.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 359/2014**M****og****vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.****Starfsmaður varð fyrir raflosti við að rafskera (fúga) járn.****Gögn.**

178. Málskot, móttækið 28.11.2014, ásamt fylgigögnum.

179. Bréf X, dags 5.1.2015, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 16.1.2013 vann M, starfsmaður vélaverkstæðisins V, við að rafskera eða fúga járn í sérstöku rými, suðuklefa, í vélsmiðju V. Fékk hann þá raflost sem leiddi til heilsutjóns. Rýmið sem um ræðir mun vera gámur opin í annan endann.

Í tilkynningu V til Vinnueftirlits ríkisins (VER) um atvikið, dags. 10.12.2013, segir að M hafi verið að „fúa í fúguklefa“. Hann hafi verið mjög sveittur og tekið af sér „hjálminn og hettuna“ og þurrkað af sér svitann í andliti. Hafi M sagst þá hafa fengið mikið högg og fallið við það að hafa fengið raflost frá „suðubúnaði“. Í kjölfarið var M ekið til lækni- og heilsugæslustöð. Í tilkynningunni segir enn fremur að tilkynning hafi ekki borist til öryggiseftirlits strax atvikið. Það hafi ekki gerst fyrr en M mætti aftur til vinnu. Því hafi tilkynningin ekki verið send VER fyrr en reyndin varð. Þá kemur einnig fram í tilkynningunni að M sé ófaglærður launþegi og hafa starfað hjá V lengur en eitt ár.

Í tilkynningu um slysið til Sjúkratrygginga Íslands (SÍ), sem er undirriðuð af V 11.12.2013 og af M 12.12.2013, segir svo, orðrétt: „Tjónþoli var að skera járn með rafmagni (fúga) í litlu rými. Mjög heitt var og tjónþoli var að hagræða eldvarnarhettu sem hafði runnið til vegna svita. Þá fékk hann raflost úr fúgutöng sem hann hélt á.“ Í sérstakri tjónstilkynningu M um slysið til X, dags. 9.12.2013, er tildrögum slyssins lýst á sama veg og í tilkynningunni til SÍ.

Í sérstakri skýrslu V um atvikið, dags. 5.12.2013, kemur fram að hún sé skráð eftir á þar sem atvikið hafi ekki verið tilkynnt öryggiseftirliti fyrr en mörgum dögum eftir að það átti sér stað. Þar er tildrögum slyssins lýst efnislega á sama veg og greinir í tilkynningu V til VER og fyrr er getið. Þess er þó einnig getið í skýrslunni að eftir slysið hafi M farið inn á vélaverkstæði þar sem hann hafi hitt verkstjóra og tilkynnt honum um atvikið. Verkstjórinn hafi svo beðið annan starfsmann að fara með M á heilsugæslustöð til skoðunar. Aðstæður á slysstað hafi ekki verið skoðaðar fyrr en eftir á og þá hafi ekkert athugasemdi verið að sjá og ekkert hafi heldur verið athugasemdi við skoðun á tækjum og búnaði. Engar niðurstöður eru tilgreindar vegna þeirrar athugasemdi sem fór fram að öðru leyti en því varðandi úrbætur sem gerðar eru til að koma í veg fyrir endurtekningu að fara skuli yfir vinnuáðstöðu með tilliti til atviks. Í lok skýrslunnar kemur fram að athugun á vinnuáðstöðum og búnaði hafi verið framkvæmd með sjónskoðun 23.-24.1.2013 samkvæmt skráningu öryggissérfræðings V sem einnig undirritar skýrsluna fyrir hans hönd.

M kveður ofsahita hafa myndast í rýminu þar sem hann var að störfum við skurðinn og því orðið rennandi blautur af svita og af þeim sökum þurft að hagræða búnaði sínum. Þá

hafi lofskiptir hjálmur ekki verið til staðar. Kveður M að aðstæður á vinnustað og búnaður hafi verið ófullnægjandi og óforsvaranlegur og til þessa megi rekja slysið. M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá X. X hefur hafnað bótakyldu. Kveður X að M hafi í umrætt sinn verið íklæddur sérstökum hlífðarbúnaði, m.a. þykkum rússkinnsjakka, hönskum, eldvarnarhettu og með suðuhjálmi. Kveðst X hafa eftir M að þar sem honum hafi verið orðið heitt hafi hann hagrætt hjálminum og hettunni á höfði sér með sömu hendi og hann hélt á spennuhafandi suðutönginni. Við þetta hafi hann rekið suðutöngina í höfuð sér og fengið högg eða raflost frá henni. Þá kveður X að suðuklefinn sé með hefðbundnum frásogsbúnaði og þar myndist enginn „ofsahiti“. Ennfremur hefði lofstkiptur suðuhjálmur engu breytt við þessar aðstæður. Með hliðsjón af því hvernig atvikið átti sér stað kveður X ekki efni til þess að V verði látinn bera sönnunarhalla í málinu þrátt fyrir að hann hafi ekki hlutast til um rannsókn opinberra aðila á slysinu. Slík rannsókn hefði engu bætt við það sem fram kom við skoðun öryggisstjóra V viku eftir slysið og aðstæður og búnaður mun enn vevra til staðar ef frekari sönnunarfærslu er þörf.

Álit.

Slysið varð snemma morguns miðvikudaginn 16.1.2013. Auk slysdagsins mun stefnandi hafa verið frá vinnu vegna slyssins fimmtudag og föstudag, en mætt svo í vinnu á mánudegi. Samkvæmt 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum skal atvinnurekandi án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlits ríkisins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Það var hins vegar ekki gert fyrr en tæpum ellefu mánuðum síðar. Rannsókn á slysinu og tildrögum þess fór því ekki fram að tilhlutan VER. Ekkert hefur komið fram sem réttlætt getur hversu seint slysið var tilkynnt. Í samræmi við dómvenju hefur V við þessar aðstæður sönnunarbyrðina um það að slysið hafi borið að með öðrum hætti og það megi rekja til annarra atvika en M heldur fram. Í skýrslu V er vikið að því að fara skuli yfir vinnuástöðu með tilliti til slyssins til að koma í veg fyrir að það endurtaki sig. Engin hlutlaus rannsókn fór fram á hitamyndun í rýminu þar sem slysið varð né heldur hvernig frásogsbúnaði var háttáð í því þegar slysið varð. Engin haldbær gögn liggja fyrir um það að loftskiptur hjálmur hafi ekki haft þýðingu til að draga úr svitamyndun hjá M. Verður því að telja að V hafi ekki tekist að sýna fram á að slysið verði ekki rakið óforsvaranlegra vinnuádstæðna. Af þessu leiðir að V ber fébótaábyrgð á líkamstjóni því sem M hlaut við slysið. Ekkert liggur fyrir um það í gögnum málsins að slysið verði rakið til háttsemi M sem verður metin honum til stórkostlegs gáleysis þannig að réttur hans til skaðabóta skerðist, sbr. 23. gr. a skaðabótalaga nr. 50/1993, sbr. 1. gr. laga nr. 124/2009 um breytingu á þeim. Að öllu framangreindu virtu telst líkamstjón M að fullu bótaskyld úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist að fullu úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 20. janúar 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 360/2014**M
og
vátryggingafélagið X v/ frítímaslysátryggingar.****Ágreiningur um hvort maður hafi verið í handalögumálum
er hann féll um tjaldstól og slasaðist.****Gögn.**

180. Málskot, móttækið 1.12.2014, ásamt fylgigögnum.

181. Bréf X, dags 15.12.2014, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Aðfaranótt 9.8.2014, er M var staddur á tjaldstæðinu á Dalvík, féll hann um tjaldstól og hlaut meiðsl á hægri ökkla. Um morguninn sama dag leitaði M á heilsugæslustöðina á Dalvík, en var fluttur þaðan á Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri (FSA) þar sem gert var að meiðslum hans.

Í sjúkraskrá FSA frá 9.8.2014 segir að M hafi verið að gera að leik sínum að fljúgast á við féлага sinn um nóttina þegar hann hafi orðið fyrir því að stíga á tjaldstól og flækt hægri fótinn í honum og rykkt fætinum einhvern veginn til meðan fóturinn var fastur í stólnum. Brast þá í fætinum og hann fékk skyndilega verki. Hann hafi verið nokkuð drukkinn þegar atvikið átti sér stað. Hins vegar meðan talað var við hann virtist runnið af honum. Hann hafi verið skýr og gefið nokkuð góða sögu.

Í aðgerðarlýsingu FSA, frá sama degi, segir að M hafi lent í því að mistíga sig þegar hann hafi verið að standa upp úr útilegustól. Hafi hann flækt fótinn í og hlotið við það „rotations“ áverka.

Í tjonstilkynningu, dags. 20.8.2014, segir að M hafi verið að tala við bróður sinn og „við að útskýra“ hafi hann stigið til hliðar og eitt skref aftur. Þá hafi hann flækt sig í stól sem hafi legið samanfelldur á jörðinni. Hafi stóllinn festst um ökkla og hann dottið. Í fallinu hafi hann kippt í fótinn og „brotið og slitið allt í ökkla.“ Þá upplýsir M í tjonstilkynningunni að hann hafi ekki verið undir áhrifum áfengis eða lyfja.

M hefur í gildi frítímaslysátryggingu hjá X og hefur krafist bóta úr vátryggingunni vegna þeirra meiðsla sem hann hlaut í slysinu. X hefur hafnað bótaskyldu úr slysátryggingunni með vísan til f. liðar 25. gr. vátryggingarskilmála þeirra sem gilda um slysátrygginguna, en samkvæmt því ákvæði bætir félagið ekki slys sem vátryggður verður fyrir í handalögumálum nema sannað sé að ekkert samband hafi verið á milli ástands þessa og slyssins. Jafnframt kveður X með vísan til 56. gr. vátryggingarskilmálanna og 120 gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 að M hafi fyrirgert rétti til bóta með því að hafa gefið rangar upplýsingar í tjonstilkynningu um að hann hafi ekki verið undir áhrifum áfengis.

Álit.

Samkvæmt 18. gr. vátryggingarskilmálanna sem gilda um slysátrygginguna greiðir félagið bætur vegna slyss sem vátryggður verður fyrir í frístundum, við heimilisstörf, við skólanám eða almennar íþróttaiðkanir, enda leiði það m.a. til varanlegrar

læknisfærðilegrar örorku eða tímabundins missis starfsorku, sbr. b. og c. liði greinarinnar. M ber á hinn bóginn fyrir sig fyrrgreint unþáguákvæði í f. lið 25. gr. skilmálanna. Í málinu hvílir sönnunarbyrðin á X um að tildrög slyssins hafi verið með þeim hætti sem í undanþáguákvæðinu greinir þannig að það sé laust undan ábyrgð.

Engin gögn liggja fyrir um komu M á heilsugæslustöðina á Dalvík um morgnuninn þegar hann leitaði þangað og þar með ekki heldur hvernig hann hafi þar lýst atvikum. Misvísandi upplýsingar eru hins vegar í gögnum FSA um tildrög slyssins, þar sem í sjúkraskýrslu segir að M hafi verið að gera það að leik sínum að fljúgast á við féлага sinn í aðdraganda slyssins, en í aðgerðarlýsingu er þess einungis getið að hann hafi misstigið sig þegar hann hafi staðið upp úr útilegustól og þá flækt fótinn í. Í tjónstilkynningu kveðst M hafa verið á tali við bróður sinn er hann hafi stigið aftur á bak og til hliðar og þá flækt fótinn í stól sem hafi legið samanfelltur á jörðinni. Einungis í sjúkraskrá FSA er látið að því liggja að M hafi verið í áflogum er hann slasaðist. Eins og mál þetta liggur fyrir verður ekki talið nægilega sannað að slysið verði rakið til þess að M hafi verið í handalögmálum er slysið varð.

Samkvæmt 2. mgr. 56. gr. váttryggingarskilmálanna fellur allur réttur váttryggðs til bóta niður samkvæmt samningi hans um slysatrygginguna og öðrum váttryggingarsamningum vegna hins tiltekna váttryggingaratburðar, ef hann veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar við uppgjör bóta, sbr. 2. mgr. 47. gr. og 2. mgr. 120. gr. laga nr. 30/2004. Skilmálaákvæði þetta verður að skýra með hliðsjón af þeim lagaákvæðum sem vísað er til. Samkvæmt 2. mgr. 120. gr. laga nr. 30/2004, sem gildir um uppgjör bóta úr persónutryggingum, glatar sá öllum rétti til krafna á hendur félaginu samkvæmt þessum og öðrum váttryggingarsamningum vegna sömu atvika sem við tjónsuppgjör veitir rangar eða ófullnægjandi upplýsingar sem hann veit eða má vita að geta leitt til þess að greiddar verði út bætur sem hann á ekki rétt til. Jafnvel þótt M kunni að hafa verið undir áhrifum áfengis er hann slasaðist er ekkert í málsgögnum sem bendir til að þau áfengisáhrif leiði til skerðingar á rétti hans til bóta. Af þeim sökum gat það ekki leitt til þess að M fengi bætur sem hann átti ekki rétt til þótt hann hafi í tjónstilkynningu sinni til X getið þess að hann hafi ekki verið undir áhrifum áfengis. Eru því ekki lagaskilyrði til að hafna bótaskyldu vegna þessara upplýsinga sem M veitti í tjónstilkynningunni.

Að öllu framangreindu virtu á M óskertan rétt til bóta úr frítímaslysatryggingunni hjá X.

Niðurstaða.

M á óskertan rétt til bóta úr frítímaslysatryggingu hjá X.

Reykjavík, 20. janúar 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 361/2014
M
og V v/ábyrgðarliðar fjölskyldutryggingar X.

Skaðabótaábyrgð hjólreiðamanns vegna óhapps 3. júlí 2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið 2. desember 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 9. janúar 2015.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu kemur fram að lögregla var kölluð á vettvang á göngustíg við Ólafsgейsla þar sem lent höfðu saman M, sem hafði verið að hlaupa á stígnum, og sonur X, sem hafði verið á reiðhjólí. Í lögregluskýrslunni kemur fram að þau voru bæði á leið í sömu átt, M á undan en á eftir henni hafi sonur X komið á reiðhjólí og vinur hans á rafmagnsvespu. Með þeim í för hafi verið stúlka en óljóst er hvort hún var farþegi á rafmagnsvespunni eða gangandi. Lýsir M atvikum þannig að hún hafi verið að hlaupa á stígnum þegar hún hafi heyrt í ungmennum fyrir aftan sig og hafi þau verið á reiðhjólí og vespu. M kveðst hafa ætlað að víkja fyrir þeim en þá hafi hún verið hjóluð niður þannig að pedall reiðhjólísins hafi lent á hægri kálfa með þeim afleiðingum að hún datt. Umrædd ungmenni lýstu atvikum þannig að sá sem keyrði rafmagnsvespuna hefði ekið nokkuð hratt framhá M og henni hafi við það brugðið og stigið í veg fyrir son X sem kom aðvífandi á reiðhjólí þannig að hún hafi stigið í veg fyrir hann.

M telur að sonur X beri skaðabótaábyrgð á því líkamstjóni sem hún hlaut við umrætt atvik. M kveðst hafa verið þeim megin á göngustígnum sem ætlaður er fyrir gangandi umferð, sonur X hafi hjólað beint á hana og hún vísar því á bug að hafa stigið í veg fyrir hann og telur að það sem haft er eftir ungmennunum í lögregluskýrslunni sé ekki sannleikanum samkvæmt. M vísar til þess að sonur X sé vátryggður í skilningi gr. 11.2. í vátryggingarskilmálum og vátryggingin taki til skaðabótaábyrgðar á líkamstjóni þriðja manns skv. gr. 14.1 í sömu skilmálum. M byggir á að sonur X hafi sýnt af sér saknæma og ólögmeta háttsemi þegar hann hjólaði á miklum hraða beint á M á göngustígnum. M vísar til tillitssemisákvæðis 4. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, 1. mgr. 39. gr. sem gefi þau fyrirmæli að hjólreiðamenn eigi að hjóla í einfaldri röð auk þess sem 4. mgr. sömu greinar kveður á um að hjólreiðamönnum sé einungis heimilt að hjóla á gangstíg valdi það gangandi vegfarendum ekki óþægindum eða hættu. M telur að sonur X hafi brotið gegn öllum þessum fyrirmælum með háttsemi sinni og á þeirri háttsemi beri hann skaðabótaábyrgð.

V vísar til þess að ekki sé sannað að sonur X og félagi hans hafi verið samhliða á reiðhjólí og rafmagnsvespu á göngustígnum auk þess sem skýringar M á atvikum hafi komið fram nokkru eftir atvikið og verði að skoða þær í því ljósi. V telur með vísan til takmarkaðra gagna um atvik málsins að ekki sé annað að sonur X hafi sýnt saknæma háttsemi og þannig valdið tjóni M.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um hvort sannað sé að sonur X hafi sýnt saknæma og ólögmeta háttsemi þegar hann hjólaði á stíg sem liggur við götuna Ólafsgейsla. Af gögnum málsins má ráða að um hafi verið að ræða stíg sem afmarkaður er með línunum sem vísa gangandi umferð öðru megin á stíginn og reiðhjólafólki hinu megin. Slíkir stígar eru algengir á höfuðborgarsvæðinu þó ekki sé með beinum hætti hægt að finna stoð fyrir merkingum í umferðarlögum eða reglugerð nr. 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra. Þegar litið er til fyrirmæla gildandi umferðarlaga nr. 50/1987 um háttsemi vegfarenda verður ekki hjá því litið að um háttsemi reiðhjólamanna gildir ákvæði 4. mgr. 39. gr., auk 4. gr. laganna um háttsemi reiðhjólamanna gagnvart gangandi vegfarendum. Þar segir að hjólreiðamanni sé heimilt að hjóla á gangstíg, enda valdi það ekki gangandi vegfarendum hættu eða óþægindum auk þess sem hann skal víkja fyrir gangandi vegfarendum. Á hjólreiðamanni hvílir því ótvíræð varúðarskylda. Við mat á því hvort atvik séu

nægilega sönnuð verður ekki litið framhjá því að staðfest er á vettvangi að M og sonur X á reiðhjóli lentu saman. Þó ekki sé nákvæmlega ljóst hvar það gerðist er ljóst að á syni X hvíldi áðurnefnd varúðarskylda auk þess sem hann hjólaði á eftir M, sem gerir það að verkum að hann hefur meira útsýni yfir vettvang og er hægara um að taka tillit til umferðar sem á undan er. Sonur X telst því hafa sýnt gáleysi með því að gæta ekki þeirrar varúðar sem honum bar skv. umferðarlögum og verður aldur hans ekki talinn leysa hann undan skaðabótaábyrgð. Ekki telst sannað að M hafi með afgerandi hætti stigið í veg fyrir reiðhjólið eða sýnt háttsemi sem á annan hátt verður metin henni til sakar. M á því rétt á fullum skaðabótum úr ábyrgðarlið fjölskyldutryggingar X hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðarlið fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík 22. janúar 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 362/2014
M og
V vegna sjúklingatryggingar L.

Líkamstjón sjúklings vegna vefjaskaða í febrúar 2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið 5. desember 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dag. 22. desember 2014 ásamt frekari gögnum, fyrirspurnir TM til L dags. 17. ágúst og 24. október og 10. desember 2014 og svör hans dags. 2. október, 14. nóvember og 16. desember 2014.
3. Athugasemdir lögmanna M með bréfi dags. 9. janúar 2015.
4. Athugasemdir M með bréfi dags. 12. janúar 2015.
5. Tvö bréf V, bæði dags. 14. janúar 2015.

Málsatvik.

Tjónsatvik þau sem er til umfjöllunar í þessu máli má rekja til þess að M leitaði til L heimilislæknis síns þann 24. janúar 2014 vegna óþæginda í mjöðm. Úr varð, þegar M leitaði aftur til L í febrúar 2014 vegna verkja í mjöðm og spjaldhrygg, að L tók þá ákvörðun að sprauta sérstöku lyfi, Depo-Medrol, í vöðvafestur. Í málinu er upplýst að M tók blóðþynningarlyf þegar umrætt læknisverk átti sér stað og hafði L upplýsingar um það. Af gögnum málsins má ráða að vegna blóðþynningarmedferðarinnar hafi M farið í blóðprufu þar sem tiltekin gildi í blóði (INR) voru mæld. Í gögnum sem M hefur lagt fram virðist sem síðasta mæling fyrir sprautumeðferðina hafi verið framkvæmd þann 27. janúar 2014 þar sem mæling sýnir 3,1 sem er í nokkru samræmi við meðaltal síðustu mælinga þar á undan. M leitaði síðan til Landspítala-Háskólasjúkrahúss þann stuttu eftir sprautuna vegna áframhaldandi og aukinna verkja. Þar mældust umrædd gildi miklu hærri eða 6,5 og greindust hjá M nokkrar blæðingar, aðallega í gluteal vöðva. Í læknisvottorði sérfræðings sem liggur fyrir í málinu kemur fram að umrætt gildi hefði átt að vera á bilinu 2,5-3,5. M hefur haft óþægindi síðan og sýna gögn vísbendingar um mögulegan vefja- og/eða taugaskaða.

M telur að L beri bótaábyrgð skv. 1. tl. 2. gr. laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu þar sem kemur fram að bótaábyrgð geti komið til án tillits til sakar ef að öllum líkindum hefði verið hægt að komast hjá tjóni ef rannsókn eða meðferð, við þær aðstæður sem um ræðir, hefði verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði. M bendir á vægari sönnunarkröfur í lögum um sjúklingatryggingu en almennt eru í skaðabótarétti og telur sýnt að meðferð hafi ekki verið háttáð eins vel og unnt hefði verið þar sem L athugaði ekki sérstaklega blóðþynningargildi áður en hann tók þá ákvörðun að sprauta lyfi í vöðvafestur M. Hefði L átt að vera það ljóst að mati M að sjúklingur á blóðþynningarlyfjum væri í meiri hættu að hljóta tjón af en aðrir. Einnig vísar M til III. kafla laga nr. 34/2012 um heilbrigðisstarfsmenn og vísar til þess að L hafi ekki upplýst M um áhættu af sprautumeðferðinni eða mögulegar aukaverkanir eins og honum hafi borið að gera skv. ákvæðum laganna. M vísar einnig til upplýsinga á fylgiseðli vegna lyfsins Depo-Medrol og metur það svo að þær upplýsingar sýni að nokkur hættu hafi verið á því að gefa M, sem var fyrir í blóðþynningarmedferð, umrætt lyf þar sem það leið til frekari blóðþynningar. Einnig vísar M til 4. tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu þar sem kemur fram að bótaábyrgð geti stofnast ef sjúklingur fær fylgikvilla af meðferð sem ekki sé sanngjarn að hann þoli bótaalaust.

V vísar til þess að M hafi verið upplýstur um mögulegar aukaverkanir af sprautumeðferð sem L veitti honum í febrúar 2014. V telur einnig að ekkert hafi komið fram í málinu um að sprautumeðferðin hafi mistekist. Auk þess vísar V til þess að L stýri ekki blóðþynningarmedferð

M heldur sérstök deild á Landspítala og í málinu liggja fyrir sérfræðiálit um að L hafi ekki gert mistök í meðferð M. V telur því ekki sannað að skilyrði 1. tl. 2 .gr. laga um sjúklingatryggingu séu uppfyllt né heldur skilyrði 4. tl. 2 .gr. sömu laga. V telur auk þess útilokað að lyfið Depo-Medral hafi þau áhrif, þegar því er sprautað í vef, að blóðþynningargildi M hafi gjörbreyst í ljósi þess að áhrif lyfsins komi hægt og sígandi en ekki innan sólarhrings eins og verkir M bendi til.

Álit.

Þrátt fyrir vægari almennar sönnunarkröfur í lögum um sjúklingatryggingu nr. 111/2000 er þó gert ráð fyrir því í lagatextanum að tjón megi *ad öllum líkindum* rekja til atvika sem koma fram í 1.-4. tl. 2. gr. laganna. Samkvæmt athugasemdum við 2. gr. í frumvarpi laganna dugar í þeim efnum að sýnt sé fram á að líklegra sé að tjónið stafi af rannsókn eða meðferð en öðrum orsökum. Sönnunarbyrðin um að svo sé hvílir á tjónþola sem í þessu máli er M.

Í málinu hefur M vísað til 1. og 4. tl. 2. gr. máli sínu til stuðnings en þar kemur fram að annars vegar þarf að öllum líkindum að sýna fram á að komast hefði mátt hjá tjóni ef rannsókn eða meðferð hefði verið hagað eins vel og unnt var og í samræmi við þekkingu og reynslu á hverjum tíma, eða að að öllum líkindum hafi tjón hlotist af fylgikvilla sem ekki sé sanngjarnt að M þoli bóttalaust. M ber því sönnunarbyrði fyrir því að skilyrði umræddra greina séu uppfyllt.

Í málinu liggja fyrir gögn um heilsufar M eftir að hann var sprautaður af L í febrúar 2014 og það liggur fyrir álit sérfræðings um að L hafi farið rétt að í greint sinn. Það liggja hins vegar ekki fyrir álit annarra sérfræðinga um þá meðferð sem M fékk hjá L í greint sinni eða að hann hafði átt að haga henni með öðrum hætti. Miðað við þau gögn sem fyrir liggja telst ekki fyllilega ljóst að hjá L hafi beitt rannsókn eða meðferð sem voru í ósamræmi við þekkingu og reynslu viðkomandi. Ekki er heldur nægilega sannað að L hafi vanrækt upplýsingaskyldu sína skv. lögum nr. 34/2012. Þó strangar kröfur megi gera til L verður ekki fullyrt án frekari læknisfræðilegs mats á meðferð M að hægt sé að rekja tjón M til rannsókna eða meðferðar G fremur en aðstæðna sem hefðu komið upp óháð læknismeðferðinni. Sérstaklega þegar litið er til þess að það liggur fyrir álit læknis sem telur að rétt hafi verið staðið að meðferðinni. Það er því ekki sýnt að líklegra sé að tjón M stafi af rannsókn eða meðferð L og sem áður segir hvílir sönnunarbyrði um slíkt á M. Einnig telst ósannað að tjón M megi rekja til fylgikvilla þannig að skilyrðum 4. tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu sé fullnægt. Á meðan svo er telst ósannað að skilyrði laga um sjúklingatryggingu séu uppfyllt þannig að M eigi rétt á skaðabótum úr sjúklingatryggingu L.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu L hjá V.

Reykjavík 22. janúar 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 363/2014
M og
V-1 vegna bifreiðarinnar A og V-2 vegna bifreiðarinnar B.

Árekstur bifreiða á Álfaskeiði í Hafnarfirði. þ. 26.10.2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 3.12.2014 ásamt fylgiskjölum 1-7
2. Bréf V-1 dags. 7.1.2015
3. Bréf V-2 dags. 18.12.2014 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

M segist hafa verið að ljúka við að bakka A úr stæði við heimili sitt og um það bil að aka af stað þegar B hafi ekið aftan á A. Ökumaður B segist hafa ekið eftir Álfaskeiði þegar A hafi verið bakkað á B. Vitni, sem er nágranni M, segir í tölvupósti til M, að báðar bifreiðarnar hafi ekið mjög hægt og virst nánast stopp en síðan hafi B verið ekið af stað frekar stíft og lent aftan á B.

Álit.

Ökumanni A bar að gæta sérstakrar varúðar áður en hann bakkaði og ganga úr skugga um að það væri unnt án hættu eða óþæginda fyrir aðra sbr 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og bar skv. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga að veita umferð í veg fyrir leið hans forgang. Þessa gætti ökumaður A ekki sem skyldi og ber því alla sök á árekstrinum. Ekki hefur verið sýnt fram á að ökumaður B hafi hagað akstri sínum með þeim hætti í umrætt sinn, að rétt sé að fella hluta sakar á hann.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök.

Reykjavík 22.1.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 364/2014
M
og V v/ábyrgðarliðar fjölskyldutryggingar.

Skaðabótaábyrgð vegna tjóns á bifreið.

Gögn.

1. Málskot móttakið 3. desember 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 15. janúar 2015.
3. Tölvupóstur M dags. 19. janúar 2015.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu M kemur fram að hjól hafi losnað úr hjólafestingu á toppi bíls og fallið utan í annan bíl og þannig valdið tjóni á þeim bíl. Nánar tiltekið lýsir M atvikum þannig: „Búið var að ganga frá hjóli í hjólafestingu á toppi bíls. Þegar ég fór svo að ganga frá að festingar væru fullhertar rann ég til og náði ekki að klára að herða. Áður en ég gat stigið upp aftur og klárað, féll hjólið úr festingunni og utan í bíl sem lagt var við hliðina.“

M telur að hann beri skaðabótaábyrgð vegna atviksins þannig að bætur vegna tjónsins sem hann olli eigi að greiðast úr ábyrgðarlið fjölskyldutryggingar hans. M telur að aðferðin sem hann notaði við að festa hjól hafi verið þess eðlis að svona atvik gætu gerst. Hann lýsir því nánar að hjólafesting hafi snúið frá honum þegar hann hóf festingu hjólsins sem leiddi til þess að hann þurfti að stíga sérstaklega upp á hliðarbretti eigin bíls, en það var blautt sem og skór hans. Það hafi leitt til þess að ekki var unnt að bregðast við og tryggja að hjólið væri fast áður en það datt niður.

V telur að ekki sé sýnt að M hafi sýnt gáleysi við að festa umrætt hjól heldur hafi verið um að ræða óhappatilviljun sem engum verður kennt um. Ósannað sé að hægt hafi verið að beita öðru verklagi við að festa hjólið eða að sú aðferð sem M notið hafi verið óeðlileg.

Álit.

Til þess að skaðabótaábyrgð stofnist í þessu máli þarf að liggja fyrir að háttsemi M við að festa hjóla í þar til gerðar hjólafestingar á þaki bíls hafi verið gáleysisleg og það séu orsakatengsl milli þeirrar háttsemi og þess tjóns sem varð á bíl sem stóð við hlið bíls M. Í málinu liggur fyrir lýsing M á aðstæðum þar sem kveðst hafa verið að festa hjólið í hjólafestingu en áður en hann hafði tryggt að hjólið væri tryggilega fest hafi hann þurft að sleppa því. Það að tryggja ekki að hjól sem er verið að festa með þessum hætti á bifreið sé stöðugt, áður en því er sleppt, telst gáleysi af hálfu M. Þó ekki sé um hátt stig gáleysis að ræða verður að telja ljóst að orsakatengsl eru á milli þess og tjónsins sem varð á nærliggjandi bíl. Ekki verður séð af gögnum málsins að eigandi þess bíls hafi sýnt einhverja þá háttsemi að hann beri einnig ábyrgð á tjóninu. Verður því M talinn bera fulla skaðabótaábyrgð á tjóni á nærliggjandi bíl og greiðast bætur skv. því úr ábyrgðarlið fjölskyldutryggingar hans hjá V.

Niðurstaða.

Viðurkennd er full bótaskylda úr ábyrgðarlið fjölskyldutryggingar M hjá V.

Reykjavík 5. febrúar 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 365/2014
M og
V v. frjálsrar ábyrgðartryggingar sveitarfélagsins R.

Kona datt um umbúnað rafmagnskapla og slasaðist 9.8.2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 7.12.2014 ásamt fylgiskjölum 1-8
2. Bréf V dags. 2.1.2015 ásamt fylgiskjölum nr. 1-3.

Málsatvik.

M segist hafa verið á gangi í svonefndum Fógetagarði í miðbæ Reykjavíkur og þá hafi orðið hindrun í vegi fyrir henna, planki, sem hún hafi rekist í og dottið um og slasast. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu R hjá V vegna þessa atviks og telur að um óforsvaranlegan frágang hafi verið að ræða. V hafnar bótaskyldu og segir að stokkurinn sem M féll um hafi verið settur upp af starfsfólki R til varnar rafmagnsköplum sem lágu milli bása á umræddu torgi og hafi frágangurinn verið í samræmi við 740.gr. staðalsins ÍST.200:2006 um raflagnir bygginga vegna tímabundinnar notkunar. V bendir á að enn hafi verið bjart þegar M slasaðist og stokkurinn sem um ræðir sé gerður úr tréplönkum sem hafi verið gulir að lit og frágangurinn að öllu leyti í samræmi við ofangreindan staðal og lög og reglugerðir.

Álit.

Upplýst er um að frágangur stokks þess sem M féll um og settur hafði verið upp til að vernda raflagnir tímabundið var í samræmi við reglur sem um það gilda. Ekki hefur verið sýnt fram á að frágangur stokksins hafi verið að einhverju leyti með þeim hætti að farið hafi í bág við lög, reglugerðir eða staðla sem um það gilda. Þá hefur ekki verið sýnt fram á vanrækslu eða sök af hálfu starfsfólks R hvað þetta mál varðar. M á því ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu R hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu R hjá V.

Reykjavík 22.1.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 366/2014**M
og
váttryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.****Starfsstúlka á leikskóla slasaðist er hún féll niður af grindverki.****Gögn.**

182. Málskot, móttækið 8.12.2014, ásamt fylgigögnum.

183. Bréf X, dags. 5.1.2015, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M starfaði á leikskólanum A í sveitarfélaginu S, en skólinn er rekinn af S. Girðing, um 1,4 m há, er umhverfis A og eitt hlið er girðingunni sem opnast inn á lóð skólans. Hinn 7.3.2013 kl. 7:30, er M mætti til starfa á A, hafði snjór hlaðist upp fyrir framan hliðið eftir snjómokstur á gangstétt fyrir framan hliðið. Einnig hafði fennt svo mikið að hliðinu að innanverðu að ekki var unnt að opna það. Hugðist M klifra yfir girðinguna til að sækja skóflu. Féll hún þá aftur fyrir sig niður á gangstéttina og varð fyrir meiðslum.

Þar sem einungis hafi verið unnt að fara um eitt hlið, sem opnast inn á við, inn á lóð A kveður M að einungis hafi verið unnt að komast inn á lóðina með því að klifra yfir girðinguna þegar snjór hafði safnast fyrir hliðið að innanverðu þannig að ekki var unnt að opna það. Hafi A verið vanbúinn að þessu leyti.

Hefur M krafist bóta úr ábyrgðartryggingu S hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Þegar M mætti til vinnu fyrrgreindan morgun voru aðstæður mjög óvenjulegar þar sem ekki var unnt að opna hliðið inn á skólalóðina sökum fannfergis. Brá M þá á það ráð að klifra yfir girðinguna til að ná í skóflu væntanlega í því skyni að moka frá hliðinu. Tókst þá ekki betur til en að hún missti jafnvægið og féll aftur fyrir sig eins og áður greinir. Eins og aðstæður voru þegar slysið varð og þegar litið er til þess að um er að ræða girðingu í kringum leikskólalóð verður ekki séð af gögnum málsins að girðingin og umbúnaður hliðsins hafi verið óforsvaranlegur eða um vanbúnað af öðru tagi hafi verið ræða. Verður slysið ekki rakið til atvika sem S getur borið ábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu S hjá X.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist ekki úr ábyrgðartryggingu S hjá X.

Reykjavík, 20. janúar 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 367/2014**M
og
váttryggingafélagið X v/ ferðatryggingar samkvæmt greiðslukorti.****Þjófnaður á munum úr bifreið á Ítalíu.****Gögn.**

184. Málskot, móttakið 9.12.2014, ásamt fylgigögnum.

185. Bréf X, dags 17.12.2014, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M var á ferðalagi ásamt tveimur dætrum sínum á Ítalíu. Hinn 23.8.2014 var lausafjármunum í þeirra eigu stolið úr bílaleigubifreið, sem M hafði á leigu, við verslunarmiðstöð í nágrenni Rómar. Atvikið var tilkynnt lögreglu í Róm en hún hirti ekki um að skoða bifreiðina.

M hafði í gildi nánar tilgreinda greiðslukortatryggingu hjá X. Sérstök farangurs- og innkaupatrygging er innifalin í greiðslukortatryggingunni. Í tilkynningu M um tjónið til X kemur fram að M hafi farið með dætrum sínum í „outlet Da Vinci“ að versla. Hún hafi verið með bílaleigubifreið og þegar þær voru búnar hafi þær sett alla pokana í skottið. Lok hafi verið yfir skottinu þannig að ekkert hafi sést í pokana. Að svo búnu hafi þær ekið í verslunarmiðstöð, en þangað hafi tekið um fimm mínútur að aka. Þær hafi verið í verslunarmiðstöðinni í um eina klukkustund. Þegar þær komu til baka í bílinn hafi allt verið horfið sem í honum var. Kveður M að bifreiðin hafi örugglega verið læst þar sem hún hafi aldrei farið frá henni án þess að „tvítékka“ að hurðirnar væru læstar. Hafi þjófvar trúlega brotist inn með því að opna framhurðina farþegamegin. Kvað M að lögregla hafi tjáð sér að þegar brotist væri inn í bíla notuðu menn einhvers konar þráð til að opna læsinguna. Einhverjar rispúr hafi verið á hurðinni farþegamegin en ekkert alvarlegt. Þegar M tók bifreiðina á leigu kvað hún þrjár sýnilegar beyglur hafa verið á þeirri hurð sem bílaleigan hafi verið með á skrá hjá sér. Er hún skilaði bifreiðinni hafi verið tekið við henni athugasemdalaust, trúlega vegna þess að ummerkin voru einmitt á sömu hurð og hafði verið skemmd fyrir.

Í yfirlýsingu starfsmanns hótels sem M daldist á í Róm og mun hafa fylgt henni til lögreglu til að tilkynna atvikið, dags. 3.11.2014, segir svo: „She had parked the car, Fiat Panda, license plate number [...], outside the Da Vinci outlet and when she returned most of her belongings had been stolen from the car. The passenger side of the car had scratches on it and the window had been tempered with. In light of this information given by [M] to the police, the car was not examined by the police.“

M hefur krafist bóta úr ferðatryggingunni hjá X. X hefur á hinn bóginn hafnað bótaskyldu.

Álit.

Í 11. gr. váttryggingarskilmálanna, sem gildir um viðkomandi farangurs- og innkaupatryggingu, segir að váttryggt sé gegn tjóni sem verður á einkamunum af völdum bruna, þjófnaðar, innbrots, ráns, skemmdarverka eða flutningssslyss. Þó sé skilyrt að hinn váttryggði hafi gætt fyllsta öryggis við vörslu hins váttryggða. Samkvæmt i. lið 12.

gr. um takmarkanir á bótaskyldu bætir félagið hins vegar ekki tjón á hlutum sem stolið er eða sem hverfa úr læstum hýbýlum, geymslum, bifreiðum eða bátum án þess að um sannanlegt innbrot hafi verið að ræða.

Af gögnum málsins verður ekki ráðið að varningurinn hafi horfið úr bifreiðinni við innbrot. Í engu er slíks getið í fyrrgreindri yfirlýsingu starfsmanns hótelsins sem M bjó á. Þar sem ekki hefur verið sýnt fram á að tjónið hafi orðið við innbrot í bifreiðina telst það ekki bótaskyldt úr farangurstryggingarlið greiðslukortatryggingarinnar hjá X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr greiðslukortatryggingu hjá X.

Reykjavík, 10. febrúar 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 368/2014
M og
X vegna starfstryggingar.

Gögn.

1. Málskot móttakið 9. desember 2014 ásamt gögnum.
2. Tölvupóstur og bréf X dags. 10. desember 2014, 2. og 19. febrúar 2015.
3. Tölvupóstur lögmanns M dags. 5. janúar og 16. febrúar 2015.

Málsatvik.

Í málskoti er gerð grein fyrir ágreiningi sem er uppi um uppgjör bóta úr starfstryggingu M vegna tjóns sem hann tilkynnti til X með tjonstilkynningu dags. 12. nóvember 2013. Nánar tiltekið snýst ágreiningur um við hvaða vátryggingu M bætur eiga að miðast, en ekki virðist vera ágreiningur um bótaskyldu sem slíka.

M óskar eftir því að úrskurðarnefnd í vátryggingamálum taki mál hans til afgreiðslu. M vísar til þess að um vátrygginguna gildi íslensk lög og öll samskipti um vátrygginguna fari fram í gegnum vátryggingamiðlarann X hér á landi.

X hefur ekki tekið efnislega afstöðu til málsins og ekki hafa borist svör frá hinum erlendu vátryggjendum varðandi afstöðu til þess að málið sé tekið fyrir hjá úrskurðarnefnd í vátryggingamálum.

Álit.

Samkvæmt 1. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum frá 21. nóvember 2005, sbr. auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 1090/2005, starfar úrskurðarnefnd í vátryggingamálum samkvæmt samkomulagi viðskiptaráðuneytisins (nú Fjármála- og efnahagsráðuneytisins), Neytendasamtakanna og Sambands íslenskra tryggingafélaga (nú Samtaka fjármálafyrirtækja). Þá segir í 1. mgr. 3. gr. samþykktanna að nefndin úrskurði um ágreining varðandi bótaskyldu, þ.m.t. sök og sakarskiptingu, milli málskotsaðila og vátryggingafélags sem starfsleyfi hefur hér á landi. Jafnframt segir að nefndin úrskurði um ágreining sem varðar ákvæði laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga. Í 2. mgr. 3. gr. er tekið fram að nefndin úrskurði um bótafjárhæðir að fengnu samþykki allra málsaðila. Nefndin úrskurðar hvort ágreiningur aðila heyri undir nefndina og telji nefndin svo ekki vera vísar hún málinu frá, sbr. 3. mgr. 3. gr. samþykktanna.

X miðlar vátryggingu þeirri sem M keypti fyrir tiltekna erlenda vátryggjendur. Nánar tiltekið kemur fram í vátryggingaskírteini M að um sé að ræða vátryggjendur á vegum Lloyd's, skv. samningi nr. B080110486G09 í samstarfi við WILLIS Limited, 51 Lime Street, London ECE3M7DQ. Ekki kemur fram á vátryggingaskírteininu sjálfu hverjir vátryggjendurnir eru og er það ekki fyllilega í samræmi við 10. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Þrátt fyrir þetta þykir ekki varhugavert m.v. önnur gögn málsins að álykta að um sé að ræða vátryggingafélag/vátryggingafélög sem hafa starfsleyfi á Bretlandseyjum. Slík vátryggingafélög geta veitt þjónustu hér á landi á grundvelli starfsleyfis í heimalandi sínu, sbr. 1. mgr. 67. gr. laga um vátryggingastarfsemi nr. 56/2010. Þau hafa því ekki starfsleyfi hér á landi og eiga ekki aðild að Samtökum fjármálafyrirtækja. Þau hafa heldur ekki, að séð verður, undirgengist með samningi að hlíta samþykktum nefndarinnar. Af ákvæðum laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 verður ekki ráðið að nefndinni sé skylt að taka mál til meðferðar ef skilyrðum 1. mgr. 3. gr. samþykktanna er ekki fullnægt. Með því að mál þetta lýtur ekki að ágreiningi M við vátryggingafélag sem hefur starfsleyfi hér á landi fellur það ekki undir úrskurðarvald nefndarinnar skv. 1. mgr. 3. gr. samþykktanna. Ber því að vísa máli þessu frá nefndinni.

Niðurstaða.

Máli M er vísað frá úrskurðarnefnd í váttryggingamálum.

Reykjavík 10. mars 2015.

Póra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 369/2014
M og
V v. fjölskyldutryggingar.

Innbrot í íbúð og þjófnaður muna þ. 2.4.2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 11.12.2014. ásamt fylgiskjölum 1-4
2. Bréf V dags. 19.12.2014.

Málsatvik.

M byggir á því að brotist hafi verið inn í íbúð hans og samkvæmt lögregluskýrslu sem fyrir liggur í málinu var búið að róta í nánast öllu í íbúðinni auk þess sem að þýfi fannst hjá grunuðum einstaklingi. Auk þess liggja fyrir að dóttir leigjanda íbúðarinnar hafi verið á heimili þess grunaða og telur, að sá grunaði hafi tekið lykil ófrjálsri hendi og notað hann við innbrotið. Þá vísar M til vitna sem hafi séð til ferða manna í umrætt sinn að öllum líkindum m.a. þess grunaða. M segist hafa læst íbúðinni og gætt allrar varúðar. V hafnar bótaskyldu og bendir á að samkvæmt lögregluskýrslu komi fram að læsing hafi verið opin og engar sjáanlegar skemmdir á útihurð íbúðarinnar. V telur að ekki liggja fyrir ótvíræð merki um innbrot í íbúðina og atvikið því ekki bótaskyld. Af hálfu V er vísað til greinar 4.6 í váttryggingaskilmálum og vísar til þess að greinileg og ótvíræð merki þess að brotist hafi verið inn í íbúð verði að vera fyrir hendi svo að um bótaskyldu sé að ræða samkvæmt váttryggingaskilmálum.

Álit.

Lögð hafa verið fram í málinu ítarleg gögn frá lögreglu vegna rannsóknar á innbroti og þjófnaði úr íbúð M í umrætt sinn. Ekki eru sjáanlegar skemmdir á útidyrum eða læsingu á útidyrum og svo virðist sem notaður hafi verið lykill þegar farið var inn í íbúðina. M segist hafa læst íbúðinni og gætt allrar varúðar við frágang þegar hann fór úr íbúðinni áður en þau atvik urðu sem hér ræðir um. Vitni sem gefið hafa vitnaskýrslur gera grein fyrir grunsamlegum mannaferðum á þeim tíma þegar farið var inn í íbúðina. Þá liggur fyrir vitnisburður um að grunaður maður þar sem þýfi úr íbúðinni fannst hjá, hafi getað komist yfir lykil að íbúðinni hjá öðrum en M. Ekki verður því séð að M hafi brotið varúðarreglu váttryggingaskilmála. Miðað við framlögð gögn þá sérstaklega rannsókn lögreglu þá verður að telja nægjanlega sannað að brotist hafi verið inn í íbúð M og ekki hefur verið sýnt fram á að M hafi vanrækt varúðarskyldu þegar hann yfirgaf íbúðina áður en farið var inn í íbúðina. M á því rétt á bótum úr heimilistryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr heimilistryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 22.1.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 370/2014**M
og
vátryggingafélagið X v/ ferðatryggingar greiðslukorts.****Töf á farangri.****Gögn.**

186. Málskot, móttakið 12.12.2014, ásamt fylgigögnum.

187. Bréf X, dags 19.12.2014, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M og eiginkona han, A, eru búsett í bænum Valen í Noregi. Hinn 28.6.2014 flugu þau til Íslands til að dveljast hér á landi í orlofi til 9.8.2014. A þurfti hins vegar að fara til Stavanger í Noregi vegna starfs síns 10.7.2014 og dveljast þar nokkra daga uns hún hélt aftur til Íslands. Er hún fór til Stavanger 10.7. flaug hún fyrst til Kaupmannahafnar og þaðan til Stavanger. Í Stavanger mun hafa orðið 35 tíma töf á afhendingu farangurs A.

M hafði í gildi ferðatryggingu greiðslukorts hjá X og hefur krafist bóta úr vátryggingunni vegna þeirra tafa sem urðu á afhendingu farangursins. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt b) lið 1. gr. vátryggingarskilmála þeirra sem gilda um viðkomandi ferðatryggingu er A vátryggð og ekki verður annað ráðið af gögnum málsins en hún hafi orðið fyrir því tjóni sem hlaut af töfunum og eigi þar með þá kröfu sem gerð er á hendur X um bætur úr vátryggingunni.

Samkvæmt g) lið 1. gr. vátryggingarskilmálanna er vátryggður sem býr utan Íslands tryggður samkvæmt farangurstryggingunni þegar hann ferðast til annarra landa, en þó ekki á ferðalögum innan dvalarlandsins. Af ákvæði þessu leiðir að vátryggður, A í máli þessu, nýtur vátryggingarverndar einungis þegar hún ferðast til annars lands en Noregs, þar sem hún býr. Með því að A var í umrætt sinn að ferðast til Noregs þegar töf varð á afhendingu farangurs á hún ekki rétt á bótum úr vátryggingunni. Óskýr og ómarkviss rökstuðningur X fyrir höfnun bótaskyldu getur ekki breytt þessari niðurstöðu.

Niðurstaða.

A, eiginkona M, á ekki rétt á bótum úr ferðatryggingu vegna tafa á afhendingu farangurs hjá X.

Reykjavík, 20. janúar 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 371/2014
M og
V vegna slysatryggingar sjómanna

Sjómaður togaði mann sem féll í sjóinn um borð og meiddist þ. 6. 6. 2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 30. 12. 2014 ásamt fylgiskjölum 1-3
2. Bréf V dags.12.1.2015.

Málsatvik.

M var við vinnu í skipi sínu þegar hann heyrði skvamp í sjónum og sá féлага sinn sem hafði fallið í sjóinn og brást þegar við og togaði hann upp úr sjónum við erfiðar aðstæður og um borð með hægri hendi og fann í kjölfarið fyrir verkjum í hendinni. Í læknisvottorði sem fyrir liggur í málinu segir að M hafi orðið fyrir áverka á hægri olnboga og hafi verið óvinnufær tímabundið í kjölfar þess. M krefst bóta úr slysatryggingu sjómanna hjá V og telur sig hafa orðið fyrir bótaskyldu slysi við að bjarga féлага sínum með þeim hætti sem að framan er lýst. V hafnar bótaskyldu og telur að ekki sé um slys að ræða þar sem að ekki sé um neinn utanaðkomandi atburð að ræða sem hafi valdið meiðslum M heldur séu verkirnir tilkomnir vegna álags á hægri hendina.

Álit.

Í læknisvottorði dags. 20.9.2014, sem liggur fyrir í málinu, segir m.a. að M hafi komið til læknisins þ. 2.7.2014 eða um 3 vikum eftir að M dró mann upp úr höfninni og M finni til í hægri olnboga og sé með festumein. Af lýsingu í umræddu vottorði og atvikalýsingu M sjálfs kemur hvergi fram að meiðsl M verði rakin til skyndilegs utanaðkomandi atburðar, en það er forsenda þess að meiðsl M falli undir slyshugtak slysatryggingarinnar og um bótaskyldu sé að ræða úr slysatryggingu sjómanna. M á því ekki rétt á bótum úr slysatryggingu sjómanna hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu sjómanna hjá V.

Reykjavík 5.2.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 372/2014
M og
V1) v/ bifreiðarinnar A) og V2 v/ bifreiðarinnar B.

Árekstur á bifreiðastæði við Kleppsspítala 24. nóvember 2014.

Gögn.

1. Málskot móttækið 12. desember 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V2 dags. 19. desember 2014.
3. Tölvupóstur V1 dags. 22. desember 2014.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu kemur fram að M ók bifreiðinni A aftur á bak úr stöðureit á bifreiðastæði og kveðst hafa verið kyrrstæð í um 1-2 sekúndur þegar ökumaður bifreiðar B hafi komið eftir bifreiðastæðinu ekið á bifreið A.

M vísar til þess að hún hafi stöðvað bifreið A áður en árekstur átti sér stað og ökumaður bifreiðar B hafi ekið aftan á bifreið A án þess að sjá hana. M telur að ökumaður bifreiðar B beri ábyrgð á árekstrinum vegna þeirrar háttsemi.

V1 hefur ekki sérstakar athugasemdir vegna málsins en V2 telur að M sem ökumaður bifreiðar A beri ábyrgð á árekstrinum á þar sem hún hafi ekki gætt þeirrar varúðar sem henni bar þegar hún ók aftur á bak, sbr. 1.mgr. 17.gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Álit.

Í málinu liggur fyrir að M sem ökumaður bifreiðar A hafði ekið aftur á bak úr stöðureit og rétt stöðvað þegar árekstur varð, eða í 1-2 sekúndur, eins og haft er eftir henni í tjónstilkynningu. Við slíkan akstur bar M að gæta varúðar, sbr. fyrirmæli 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga sem leggur þá skyldu á þann sem ekur aftur á bak. Ökumaður bifreiðar B ók eftir bifreiðastæðinu og þó honum beri að taka tillit til annarrar umferðar leiðir sú varúðarskylda sem vitnað er til í 1. mgr. 17. gr. til þess að á M hvílir sönnunarbyrði um að ökumaður bifreiðar B hafi sýnt óaðgæslu við aksturinn. Af gögnum málsins verður það ekki ráðið með nægilegri vissu og ber M hallann af þeim sönnunarskorti og ber alla sök á árekstrinum fyrir að hafa ekki gætt nægrar varúðar við akstur aftur á bak þar sem vænta mátti umferðar. Það að stöðva bifreið 1-2 sekúndum fyrir árekstur hefur ekki áhrif á sakarskiptingu.

Niðurstaða.

Öll sök á ökumann bifreiðar A.

Reykjavík 22. janúar 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 373/2014**M og
V vegna starfsábyrgðartryggingar byggingarstjóra (A)****Krafa úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra vegna galla í fjölbýlishúsi****Gögn.**

1. Málskot M móttakið þann 16. desember 2014 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V frá 12. janúar 2015 ásamt fylgiskjölum.
3. Tölvupóstur M frá 21. janúar 2015 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

M, sem er húsfélag, gerir kröfu í starfsábyrgðartryggingu byggingarstjórans A vegna meintra galla/skemmda á fjölbýlishúsinu sem M telur að sé á ábyrgð A. Í málskoti kemur fram að húsið hafi verið tekið í notkun árið 2007 en að á undanförunum árum hafi íbúar hússins reynt að fá ýmsa hluti lagaða sem þeir telja að megi rekja til byggingu hússins.

Þau atriði sem kvartað er yfir eru skemmdir vegna leka í stigagöngum, skemmdir á sólbekkjum og svæðinu í kringum þá við austur gáfl hússins nr. 5, að það beri að bæta félaginu þann kostnað sem það varð fyrir við að skipta út hellum í anddyri hússins nr. 5 og vegna sorplyktar sem berst inn í íbúðir sem næstar eru sorprörinu í húsinu nr. 7.

M gerir kröfu til að fá tjón sitt bætt úr starfsábyrgðartryggingu A hjá V. V hafnar bótaskyldu úr starfsábyrgðartryggingu A þar sem ekki séu forsendur til staðar til að fallast á skaðabótaábyrgð byggingarstjórans.

Álit.

Í málinu liggja ekki fyrir gögn sem sýna fram á sök byggingarstjórans eða hvert umfang þess tjóns er sem M krefst að V bæti úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjórans. Ósannað er að byggingarstjóri beri ábyrgð á þeim skemmdum eða göllum sem M tíundar í málskoti og talin eru upp hér að framan. M á því ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra í þessu máli.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 5. febrúar 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 374/2014
M og
V-1 vegna bifreiðarinnar A og V-2 vegna bifreiðarinnar B.

Árekstur á bifreiðaplani við Vörðuskóla 15.2.2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 16.12.2014 ásamt fylgiskjölum 1-4
2. Bréf V-1 dags. 22.12.2014
3. Bréf V-2 dags. 22.12.2014.

Málsatvik.

Árekstur varð á bílaplani við Vörðuskóla. Ökumaður A segist hafa ekið af stað úr bifreiðastæði og ekið á milli stæða í átt að útkeyrslu en stöðvað þar sem hann hafi séð til ferða tveggja bifreiða sem óku meðfram akstursleið stæðisins við Vörðuskóla. Ökumaður A segir að B hafi síðan verið beygt til vinstri á stæðið og beint fyrir framan kyrrstæða bifreið sína. Ökumaður B segist hafa ekið inn á bílaplanið og verið að beygja til vinstri til að fara í stæði þegar árekstur varð við A sem hafi komið skyndilega aðvífandi.

Álit.

Ökumaður A ók bifreið sinni á milli stæða eins og hann ber sjálfur en ók ekki eftir afmörkuðum akstursleiðum bifreiðastæðisins. Ökumenn eiga að geta treyst því að ekið sé eftir afmörkuðum akstursleiðum en ekki milli eða yfir afmörkuð bílastæði eins og ökumaður A gerði í umrætt sinn. Ökumaður A hagaði akstri sínum því andstætt því sem miðað er við á umræddum stað miðað við merkingar og ber alla sök á árekstrinum þar sem hann þverar bifreiðastæði sem ökumaður B ætlar að aka inn í.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök á árekstrinum.

Reykjavík 22.1.2015..

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 375/2014
M og
V1 v/ bifreiðarinnar A og V2 v/ bifreiðarinnar B.

Áræktur á Miklubraut 2. október 2014.

Gögn.

1. Málskot móttækið 15. desember 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V1 dags. 23. desember 2014.
3. Tölvupóstur V2 dags. 7. janúar 2015 ásamt greinargerð ökumanns bifreiðar B.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu kemur fram að M kveðst hafa ekið bifreiðinni A á Miklubraut, gefið stefnuljós og skipt um akrein til vinstri og þá hafi bifreið fyrir framan stöðvað og hún líka og rétt á eftir hafi bifreið B verið ekið aftan á hana. Ökumaður bifreiðar B kveðst hafa ekið eftir Miklubraut þegar bifreið A hafi verið troðið inn í röð bifreiða og síðan hafi ökumaður bifreiðar A snarhemað og hafi bifreið B lent aftan á A við það.

M telur að ökumaður bifreiðar B hafi brotið gegn fyrirmælum 3. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 með því að gæta þess ekki að hafa nægt bil á milli bifreiða auk þess sem ökumaður þeirrar bifreiðar hafi ekið of hratt og gegn fyrirmælum 36. gr. sömu laga. Sé árækturinn því hægt að rekja til aftanákeyrslu sem ökumaður B beri ábyrgð á.

V1 hefur ekki sérstakar athugasemdir vegna málsins en V2 telur að árækturinn megi rekja til þess að M hafi skipt um akrein án þess að gæta nægrar varúðar og þannig brotið gegn fyrirmælum 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga sem leggur sérstaka varúðarskyldu á ökumenn sem skipta um akrein.

Álit.

Ljóst er af atvikalýsingu ökumanna í tjónstilkynningu að áræktur verður með bifreiðum A og B strax í kjölfar þess að M sem ökumaður bifreiðar A skipti um akrein. Þegar ökumaður skiptir um akrein ber honum að gæta sérstaklega að sér skv. 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga. Í ljósi þessa stutta tíma sem líður frá akreinaskiptum að árækstri verður að ætla að M sem ökumaður bifreiðar A hafi farið inn í það bil sem ökumaður bifreiðar B hafði skapað sér skv. 3. mgr. 14. gr. umferðarlaga á þeirri akrein sem hann ók og M ók inn á. Verður árækturinn því rakinn til akreinaskiptanna og ber M hallann af sönnunarskorti um óaðgæslu ökumanns bifreiðar B. M sem ökumaður bifreiðar A ber því fulla ábyrgð á árækstrinum fyrir að hafa skipt um akrein í veg fyrir ökumann bifreiðar B.

Niðurstaða.

Öll sök á ökumann bifreiðar A.

Reykjavík 22. janúar 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 376/2014
M og
V vegna ábyrgðartryggingar H.

Kona rann til í hálfu og slasaðist þ. 16.12.2011.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 16.12.2014 ásamt fylgiskjölum 1-11
2. Bréf V dags. 5.1.2014 ásamt fylgiskjali.
3. Bréf lögmanns M dags. 20.1.2015.

Málsatvik.

M var á leið til vinnu og bílastæði fyrir utan vinnustað hennar hjá H voru full og lagði hún bifreið sinni í stæði verslunar í námunda við vinnustaðinn. Þegar M var að ganga frá bílastæðinu að vinnustað sínum rann hún til í hálfu í halla á milli bílastæðanna og slasaðist. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu H hjá V. M segir að ekki hafi verið búið að salta eða sanda gönguleið á milli bifreiðastæðanna. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu H hjá V og segir að aðstæður hafi verið óforsvaranlegar vegna ónógra hálkuvarna. M telur að H hafi átt að sjá til þess að nægjanlega mörg bílastæði væru fyrir starfsfólk og forráðamönnum H hafi verið ástand þessara mála vel kunnugt og lagfært eftir slysið. V hafnar bótaskyldu og segir að slysi M verði ekki rakið til saknæmrar og ólögætrar háttsemi H eða starfsmanna H. Þá bendir V á að staðurinn þar sem M féll var ekki inni á lóð H heldur annars aðila og frágangur og hálkuvörnir ekki á ábyrgð H. Þá segir V að þær breytingar sem H hafi gengist fyrir tengist ekki slysi M.

Álit.

Ekkert er fram komið sem bendir til vanrækslu H eða aðila sem hann ber ábyrgð á eða að um óforsvaranlegar vinnuaðstæður hafi verið að ræða sem leitt gætu til bóta í þessu máli. M rann til í hálfu og slasaðist á lóð annars aðila en H og ber H ekki ábyrgð á frágangi og hálkuvörnum hjá öðrum aðilum. M á því ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu H hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu H hjá V.

Reykjavík 22.1.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 377/2014**M og
V-1 vegna bifreiðar A og
V-2 vegna bifreiðar B.****Aftanákeyrsla á Austurvegi á Reyðarfirði þann 20. september 2014.****Gögn.**

1. Málskot K móttakið þann 15. desember 2014 ásamt fylgiskjölum.
2. Tölvupóstur frá V-1 frá 7. janúar 2015.
3. Bréf V-2 frá 23. desember 2014 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Samkvæmt lögregluskýrslu varð áreksturinn með þeim hætti að bifreið B var ekið af talsverðu afli aftan á bifreið A. Gerðist slysið þann 20. september 2014 á Austurvegi á Reyðarfirði.

Ökumaður bifreiðar A kvaðst hafa ekið rólega austur Austurveg og hafi hann vitað af bifreið B fyrir aftan sig. Kvaðst hann hafa verið á u.þ.b. 20 km/klst. og ákveðið að stöðva bifreið sína til að spyrja ökumann bifreiðar B, vin sinn, hvort hann vissi um símann hans. Kvaðst hann hafa stöðvað rólega en þá hafi hinni bifreiðinni (B) verið ekið af miklu afli aftan á hans bifreið (A).

Ökumaður bifreiðar B kvaðst hafa ekið austur Austurveg á eftir bifreið A á u.þ.b. 40 km/klst. Aðspurður giskaði hann á að bilið milli bifreiðanna hafi verið um fjórir metrar. Bifreið A mun svo hafa stöðvast skyndilega með þeim afleiðingum að bifreið B var ekið aftan á bifreið A.

Álit.

Ökumaður bifreiðar B sýndi af sér gáleysi þegar hann ók aftan á bifreið A. Virðist sem ökumaður B hafi ekki gætt þess að hafa nægjanlegt bil á milli bifreiða sbr. 3. mgr. 14. gr. umferðarlaga og ekki hugað nægjanlega að því sem framundan var.

Ökumaður bifreiðar A kveðst hafa stöðvað bifreiðina á miðri akbraut til þess eins og spyrja ökumann bifreiðar B hvort hann vissi um símann hans. Verður að telja slíka stöðvun ökutækis á akbraut tilefnislaus og til þess fallin að skapa hættu í umferðinni, sbr. 2. másl. 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga, svo og 3. mgr. 36. gr. þeirra.

Í ljósi þess að báðir ökumenn sýndu af sér gáleysi verður að skipta sök til helminga.

Niðurstaða.

Sök er skipt til helminga í málinu.

Reykjavík, 22. janúar 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 378/2014
M
og V1 v/ bifreiðarinnar A og V2 v/ bifreiðarinnar B.

Árekstur á bifreiðastæði við Bildshöfða 26. nóvember 2014.

Gögn.

1. Málskot móttækið 17. desember 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V2 dags. 8. desember 2014 ásamt gögnum, m.a. loftmynd af vettvangi.
3. Bréf V1 dags. 7. janúar 2015, ásamt gögnum m.a. framburði vitnis með tölvupósti dags. 18. desember 2014.

Málsatvik.

Á framhlið tjónstilkynningar sem báðir ökumenn skrifa undir, kemur fram að bifreið A hafi verið ekið inn á bifreiðastæði áleiðis í hægri beygju þegar árekstur varð við bifreið B sem ók út bifreiðastæðið. Árekstur varð með bifreiðunum þannig að tjón varð á frambrettum þeirra beggja. Vitni lýsir aðstæðum þannig að ökumaður bifreiðar B hafi verið nýbúinn að bakka úr bifreiðastæði í þann mund að taka af stað þegar ökumaður bifreiðar A hafi ekið greitt í beygju og ekki náð að stöðva áður en árekstur varð.

M telur sem ökumaður bifreiðar A að bifreiðarnar hafi verið að mætast þegar árekstur varð og hafi bifreið B verið tekið of langt til vinstri yfir ætlaða miðlínu vegarins og eigi því að bera alla sök á árekstrinum. Undir það mat tekur V1 og telur að ekki sé ljóst af aðstæðum á vettvangi að leiðir ökumanna hafi átt að skerast heldur hafi bifreiðarnar átt að mætast á stað þar sem bifreið B hafi verið ekið of langt til vinstri og þannig ekki fylgt fyrirmælum 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

V2 telur hins vegar að leiðir ökumanna hafi verið að skerast í skilningi 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga og þar sem ökumaður bifreiðar A hafi haft bifreið B á hægri hönd hafi honum borið að víkja fyrir bifreið B og beri því alla sök vegna árekstursins.

Álit.

Í málinu liggja fyrir upplýsingar um aðstæður á vettvangi sem og teikning á framhlið sameiginlegrar tjónstilkynningar ökumanna um akstursleiðir þeirra þegar árekstur varð. Ljóst er af myndum af vettvangi að umferð um það bifreiðastæði sem hér er til umræðu þarfnast tillitsemi af hálfu ökumanna sem um það aka. M, sem ökumaður bifreiðar A, hugðist beygja til hægri á bifreiðastæðinu og skv. framburði vitnis virðist hann hafa ekið nokkuð greitt áður en árekstur varð. Við þær aðstæður sem um ræðir var M með bifreið B á hægri hönd þó fyrirhuguð akstursstefna hans hafi verið til hægri. Þannig teljast sjónarmið 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga eiga við og M bar að veita bifreið B forgang við akstur um bifreiðastæðið og árekstur rakinn til þess að hann gætti þess ekki nægilega vel. Af gögnum málsins þykir ekki sannað að ökumaður bifreiðar B hafi ekið með þeim hætti að hann beri einnig sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

M, sem ökumaður bifreiðar A, ber alla sök á árekstri við bifreið B.

Reykjavík 5. febrúar 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 379/2014**M
og
vátryggingafélagið X v/ innbústryggingar.****Vatn lak inn í íbúðarhús og olli tjóni.****Gögn.**

188. Málskot, móttakið 19.12.2014, ásamt fylgigögnum.

189. Bréf X, dags 31.12.2014, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M býr í leiguíbúð í raðhúsi. Hann var að heiman dagana 1.-9.12.2014. Er hann kom heim var sentimeters vatnslag yfir 80% af íbúðinni. Tjón varð á innbúi hans. M kveður vatn hafa streymt niður vegg mjög neðarlega á bak við ofn í stofu og runnið að eldhúsi. Þar sé niðurfall sem hafi verið bilað og ekki verið hægt að laga það þar sem það hafi að hálfu verið undir eldhúsinnréttingu. Kveður M að tjóninu hafi valdið úrhellisrigning og asahláka. Búið hafi verið að setja nýtt dren í kringum húsið en það hafi ekki virkað vegna þess að frost hafi verið í jörðu og vatnsveður ásamt miklu roki hafi valdið því að það fór að leka inn í húsið; hugsanlega í gegnum sprungu en ekki hafi verið unnt að sjá hvar vatnið fór inn í húsið. Kveður M að einnig hafi lekið inn á sama stað hjá nágretta í eins raðhúsi.

M hefur í gildi innbústryggingu hjá X. Hefur hann krafist bóta úr vátryggingunni vegna þess tjóns sem hann varð fyrir ellegar úr innbúskaskó sem hann hefur einnig í gildi hjá X. X hefur hafnað bótum úr báðum þessum tryggingum.

Álit.

Á yfirlitsmynd í 7. gr. vátryggingarskilmála innbústryggingarinnar er bótasvið vátryggingarinnar tilgreint í alls 13 stafliðum, A-M. Bótaliðir samkvæmt tveimur stafliðum geta komið til álita varðandi tjón það sem M varð fyrir: Annars vegar H-liður, „Útstreymi vökva“, og hins vegar M-liður, „Skýfall/asahláka“. Samkvæmt H-liðnum bætist tjón vegna skemmda af völdum vatns, olíu eða annars vökva sem skyndilega og óvænt streymir úr leiðslum hússins, vatnsrúmunum eða fiskabúrum, þó ekki niðurföllum eða þakrennum. Jafnframt er tekið fram undir þessum staflið að vátryggingin bæti ekki tjón af völdum utanaðkomandi vatns svo og grunnvatns, úrkomu, flóða eða snjóbráðar, eða vatns sem þrýstist upp úr skólpleiðslum. Vátryggingin bætir þó slíkar skemmdir ef þær verða beinlínis raktar til þess að leiðsla stíflast eða springur innanhúss (sbr. þó M-lið). Í undanþáguákvæði þessu felst ekki sjálfstætt ákvæði um bótasvið vátryggingarinnar. Það verður að skýra sem takmörkun á bótasviðinu sem greinir í sjálfu ákvæðinu um það sem bótasvið H-liðarins tekur til. Þar er bótasviðið takmarkað við það tjón sem hlýst þegar vatn, olía eða annar vökvi steymir skyndilega og óvænt úr leiðslum hússins. Ekkert liggur fyrir um það að tjón á innbúi M hafi orðið við það að vatn hafi streymt skyndilega og óvænt úr leiðslum hússins. Af því leiðir að tjón M bætist ekki samkvæmt þessum lið innbústryggingarinnar.

Samkvæmt M-lið á yfirlitsmyndinni bætist tjón á innbúi ef vatn flæðir inn, enda hafi það orðið af völdum skyndilegrar úrhellisrigningar (skýfalls) eða snjóbráðar (asahláku). Tekið fram að með skyndilegri úrhellisrigningu og snjóbráð sé átt við að vatn verði

skyndilega svo mikið að niðurföll leiða það ekki frá. Engin haldbær gögn liggja fyrir um að vatnslekann megi rekja til skyndilegrar úrhellisrigningar sem jafnað verði til skýfalls eða skyndilegrar snjóbráðar eða asahláku á því tímabili sem tjónið varð. Tjónið telst því heldur ekki bótaskyldt samkvæmt tédum M-lið á yfirlitsmyndinni í 7. gr. skilmálanna.

Í 10 gr. váttryggingarskilmálanna er tilgreint bótasvið þeirrar váttryggingar sem nefnist innbúskaskó, en samkvæmt ákvæðinu greiðast bætur úr váttryggingunni þegar tjón verður á váttryggðum lausafjármunum sem á rætur að rekja til skyndilegs og ófyrirsjáanlegs utanaðkomandi atviks á váttryggingartímabilinu. Eins og áður greinir verður ekki ráðið að tjónið verði rakið til skyndilegs utanaðkomandi atviks. Þegar af þeirri ástæðu tekur innbúskaskótryggingin heldur ekki til tjónsins.

Að öllu framangreindu virtu fæst tjón M ekki bætt úr innbústryggingu hans eða innbúskaskó hjá X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr innbústryggingu eða innbúskaskó hjá X.

Reykjavík, 20. janúar 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 380/2014

**M og
V v/ ábyrgðartryggingar atvinnureksturs G.**

Vinnuslys við húsbyggingu að Mýrargötu 4. mars 2013.**Gögn.**

1. Málskot móttakið 16. desember 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 30. desember 2014.

Málsatvik.

Í tilkynningu um vinnuslys til Vinnueftirlitsins sem barst stofnuninni þann 26. mars 2013 kemur fram eftirfarandi lýsing: „Verið var að hífa niður steypumót mánudaginn 4. mars um 14:00. Steypumót voru lögð niður á annað mót og upp að vegg. Mótið rann eftir að vindur tók bómu og stafismaður lenti á milli móts og styrktarbita mótsins sem undir var, með þeim afleiðingum að bein brotnaði í ökkla.“ Slysíð var ekki rannsakað af hálfu Vinnueftirlitsins.

M telur að slys hans megi rekja til þess að verkstjóri G hafi gefið fyrirmæli um vinnu við ófullnægjandi aðstæður, aftakaveður hafi verið þegar híft var og ótvírætt sé að fyrirmæli um hífingu hafi komið frá vinnuveitanda M eða starfsmanni sem hann ber ábyrgð á. Verði G því að bera skaðabótaábyrgð vegna afleiðinga líkamstjóns M.

V telur að líkamstjón M verði ekki rakið til skaðabótaábyrgðar G og vísar þar til yfirlýsingar forsvarsmanns fyrirtækisins um að hann hafi gefið fyrirmæli um að halda verki áfram en lagt ákvörðun um áframhaldandi hífingu í hendur stjórnanda krana sem hafi ekki verið starfsmaður G heldur annars fyrirtækis. V vísar til þess að sá stjórnandi hafi haft sérþekkingu til að taka ákvörðun um hvort hífing væri forsvaranleg í ljósi veðuraðstæðna. Einnig vísar V til þess að forsvarsmáður G hafi verið farinn af vettvangi þegar slys M varð. V telur að verkstjórn hafi verið í höndum stjórnanda kransins í fjarveru forsvarsmanns G.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um skaðabótaábyrgð G vegna slyss M, en ótvírætt er af gögnum málsins að M var starfsmaður G á slysdegi. M getur byggt kröfur sínar á því að G beri skaðabótaábyrgð á grundvelli ólögfestrar reglu íslensks skaðabótaréttar um vinnuveitandaábyrgð en þá þarf tjón að vera rakið til sakar starfsmanns sem lýtur boðvaldi G þannig að sú háttsemi sé í tengslum við starf hans fyrir G. Í málinu er upplýst að forsvarsmáður G beindi þeim fyrirmælum til stjórnanda krana á vettvangi að halda ætti áfram vinnu. Verður ekki annað heldur séð en að verkið hafi verið unnið í þágu G. Í ljósi víðtækrar skilgreiningar skaðabótaréttar á því hver getur talist starfsmaður í skilningi reglunnar um vinnuveitandaábyrgð verður ekki hjá því komist að skilja gögn málsins með þeim hætti að boðvald eiganda G hafi verið yfir þeim sem unnu í hans þágu á þeim stað sem verið var að vinna það verk sem M slasaðist við. Staðfest er í gögnum málsins að nokkur vindur var á vettvangi og verður ekki annað séð en að gáleysislegt hafi verið að hífa steypumót við þær aðstæður að aðrir starfsmenn væru nálægt þeim á meðan á hífingu stóð. Á því gáleysi ber G skaðabótaábyrgð þar sem hann telst hafa haft boðvald yfir öllum þeim sem unnu á staðnum í hans þágu í ljósi fyrirmæla hans um að verki skyldi haldið áfram.

Niðurstaða.

M á rétt á fullum bótum úr ábyrgðartryggingu G hjá V.

Reykjavík 22. janúar 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 381/2014
M og
V vegna slysatryggingar launþega

Starfsmaður slasast í hálfu 2.1.2012. Tilkynningarskylda.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 18.12.2014 ásamt fylgiskjölum 1-20
2. Bréf V dags. 12.1.2015.

Málsatvik.

M slasaðist þegar hún rann til í hálfu og datt aftur fyrir sig þ. 2.1.2012. Slysið var tilkynnt til V þ. 6.5.2014. M krefst bóta úr slysatryggingu launþega og byggir á að henna hafi ekki verið kunnugt um varanlegar afleiðingar slyssins fyrr en hún leitaði til lögmanns. Af hálfu M er lýst hvaða meðferð hún hafi fengið í kjölfar slyssins m.a. viðvarandi sjúkraþjálfun og telur M að hún hafi ekki tilkynnt slys sitt of seint sbr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. V hafnar bótaskyldu og telur að slysið hafi verið tilkynnt of seint sbr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga. V bendir á að M hafi orðið óvinnufær strax eftir slysið og verið það í tæpar 4 vikur. Þá vísar V til þess að M hafi skrifað undir tilkynningu um slysið til Sjúkratrygginga Íslands þ. 27.3.2012.

Álit.

M varð fyrir slysi þ. 2.1.2014 og varð óvinnufær tímabundið í tæpar fjórar vikur eftir slysið. M undirritaði tilkynningu um slysið til Sjúkratrygginga Íslands þ. 27.3.2012 og verður ekki annað séð en að þegar á þeim tíma hafi hún mátt gera sér grein fyrir atvikum að baki tjóns í skilningi umræddrar 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga. Slysið var hins vegar ekki tilkynnt til V fyrr en þ. 6.5.2014, en þá var tilkynningafrestur skv. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga liðinn. M á því ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega hjá V.

Reykjavík 5.2.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 383/2014**M****og****vátryggingafélagið X v/ sjúkra- og slysatryggingar.****Ágreiningur um rétt til bóta úr sjúkratryggingu fyrir varanlega læknisfræðilega örorku.****Gögn.**

190. Málskot, móttakið 19.12.2014, ásamt fylgigögnum.

191. Bréf X, dags. 12.1.2015, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M hefur í gildi sjúkra- og slysatryggingu hjá X. Hinn 16.10.2008 tilkynnti M félaginu að hann hafi verið óvinnufær frá ágústmánuði sama ár vegna slits í báðum hnjám og hann bíði eftir liðskiptum. Var M óvinnufær af þessum sökum frá 1.9.2008 til 30.11.2009 og fékk greidda dagpeninga vegna óvinnufærni á þessu tímabili. Hinn 22.5.2012 tilkynnti svo M um óvinnufærni vegna brottnáms hægra nýra af völdum krabbameins í nýranu, en það var fjarlægt í skurðaðgerð 4.4.2012. Var M óvinnufær vegna þessa frá aðgerðardegi til 31.3.2013 og fékk greidda dagpeninga úr sjúkratryggingunni á tímabilinu. Að beiðni M mátu læknir og lögfræðingur læknisfræðilega örorku hans vegna þeirra sjúkdóma sem hann hafi haft á árunum 2008 til 2014. Samkvæmt matsgerð þeirra, dags. 6.10.2014, var talið að M byggi við 15 stiga varanlegan miska skv. töflum örorkunefndar vegna afleiðinga á klemmu „ulnaris“ taugar við olnboga hægra megin, sem staðfest var með taugarannsókn í janúar 2014, og 10 stiga varanlegan miska vegna missis nýra. Var læknisfræðileg örorka talin hæfilega metin 25%.

Krafðist M örorkubóta úr sjúkratryggingunni á grundvelli matsgerðainnar. X hafnaði bótum.

Álit.

Samkvæmt vátryggingarskilmálum þeim sem í gildi voru er þeir sjúkdómar, sem metnir voru til örorku, greindust greiddast bætur vegna sjúkdóms sem vátryggður fær ef hann leiðir til varanlegrar læknisfræðilegrar örorku. Þá er tekið fram í báðum tilvikum að lægri varanleg örorka en 25% bætist ekki. Skilmálaákvæði þessi verða ekki skilin öðruvísi en að sérhver sjúkdómur sem vátryggður, M í þessu tilviki, býr við verði að lágmarki að vera metinn til 25% varanlegrar læknisfræðilegrar örorku svo réttur til örorkubóta stofnist úr sjúkratryggingunni. Samkvæmt fyrirbyggjandi matsgerð verður ekki ráðið að þeir sjúkdómar sem metnir voru til varanlegs miska hafi hvor fyrir sig leitt til 25% varanlegrar læknisfræðilegrar örorku eða meiri. M á því ekki rétt á örorkubótum úr sjúkratryggingu sinni hjá X. Skilmálaákvæði efnislega samhljóða hinum umdeildu ákvæðum hafa verið í skilmálum X um árabil. Ekki eru efni til að ætla að bótaskylda hafi stofnast af hálfu X vegna ófullnægjandi upplýsingagjafar við töku vátryggingarinnar eða endurnýjun hennar síðar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir varanlega læknisfræðilega örorku úr sjúkratryggingu hjá X.

Reykjavík, 5. febrúar 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 386/2014
M og
V1 v/ bifreiðarinnar A og V2 v/ bifreiðarinnar B.

Árekstur á bílastæði við Engjasel 22. október 2014.

Gögn.

1. Málskot móttækið 22. desember 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V2 dags. 30. desember 2014.
3. Tölvupóstur V2 dags. 7. janúar 2015.

Málsatvik.

Í sameiginlegri tjónstilkynningu kemur fram á framhlið að báðir ökumenn hafi ekið út frá bílastæði, lóð einkavegi e. þ.h. Nánar tiltekið óku báðir ökumenn bifreiðanna aftur á bak úr stöðureit bifreiðastæða um það bil sem árekstur varð.

M sem ökumaður bifreiðar A kveðst þrátt fyrir merkingu á framhlið tjónstilkynningar hafa verið kyrrstæður þegar bifreið B hafi verið ekið á bifreið A. M vísar einnig til þess að ökumenn hafi verið sammála í samtali eftir áreksturinn um að ökumaður bifreiðar B hafi ekki verið að fylgjast nægilega vel með umferð áður en áreksturinn varð. M telur að ökumaður bifreiðar B eigi að bera alla ábyrgð á árekstrinum þar sem hún hafi ekið á bifreið hans kyrrstæða og án aðgátar.

V1 hefur ekki sérstakar athugasemdir vegna málsins en V2 telur ljóst af framhlið tjónstilkynningar að báðum bifreiðum hafi verið ekið aftur á bak fyrir árekstur og báðum hafi því borið að gæta varúðar í samræmi við 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Ekki liggja fyrir sönnun um að bifreið A hafi verið kyrrstæð þegar árekstur varð.

Álit.

Ekki verður annað ráðið af merkingum og teikningu á framhlið sameiginlegrar tjónstilkynningar en að báðar bifreiðar hafi verið í akstri aftur á bak þegar árekstur varð. Sá sem heldur öðru fram ber sönnunarbyrði um að atvik hafi verið með öðrum hætti. Sönnunargögn þau sem liggja fyrir í málinu bera ekki með sér sérstaka skýrslu ökumanns B, framburð vitnis eða aðra frekari staðfestingu á því að bifreið A sem M ók hafi verið kyrrstæð þegar árekstur varð. Ekki verður litið svo á að orð M fyrir því sé nægileg sönnun í ljósi þess sem kemur fram á framhlið áður nefndar tjónstilkynningar. Ber M hallann af umræddum sönnunarskorti. Verður því ekki annað séð en að árekstur verði rakinn til þess að hvorugur ökumanna gætti nægrar varúðar eins og þeim bar skv. 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga við akstur aftur á bak. Verður því að skipta sök til helminga.

Niðurstaða.

Sök skiptist til helminga.

Reykjavík 22. janúar 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 390/2014
M
og V1 vegna bifreiðarinnar A V2 vegna bifreiðarinnar B.

Áræktur við akreinaskipti á Miklubraut 8. október 2014.

Gögn.

1. Málskot móttækið 26. desember 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V1 dags. 6. janúar 2015.
3. Bréf V2 dags. 16. janúar 2015.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu vegna árækturs A og B kemur fram að bifreið A hafi verið ekið á Miklubraut á hægri akrein og skipt um akrein yfir á aðreina að Grensásvegi þegar áræktur varð við bifreið B sem ók á akrein sem merkt er sérstaklega fyrir strætisvagna og leigubifreiðar. Af gögnum málsins má ráða að árækturinn hafi orðið við mörk sérmerktu akreinarinnar á Miklubraut og aðreinar fyrir alla umferð sem leiðir inn að Grensásvegi.

M kvaðst hafa skipt um akrein um leið og aðreinin tók við af sérmerktu akreininni og ekki séð umferð á þeirri akrein þegar hún ók til hliðar. M telur með hliðsjón af fyrirmælum 5. og 13. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 að ökumaður bifreiðar B beri alla sök á árækstrinum þar sem hann hafi ekið á sérmerktri akrein og sérstaklega gegn fyrirmælum 2. mgr. 13. gr. umferðarlaga um að þar sem reinar eru fyrir mismunandi ökutæki skuli ökumaður velja þá rein sem hentar fyrir hans ökutæki. Það hafi ökumaður bifreiðar B hins vegar ekki gert og verði því að bera alla sök. Undir sjónarmið M tekur V1 og vísar auk þessa til b.liðar 23. gr. reglugerðar nr. 289/1995 og telur að ökumaður bifreiðar B hafi ekki sýnt varúð þegar hann ók yfir hálfbrotna línu af sérrein yfir á almenna akrein. V2 telur ekki sýnt að orsakatengsl séu milli þess að ökumaður bifreiðar B ók á sérrein og þess að áræktur varð þar sem M hafi, sem ökumaður bifreiðar A, átt að veita allri umferð um sérreina forgang þegar hún skipti um akrein.

Álit.

Ljóst er að ökumaður bifreiðar B ók ekki í samræmi við fyrirmæli 2. mgr. 13. gr. umferðarlaga þar sem hann ók á akrein sem var ætluð öðrum ökutækjum, strætisvögnum og leigubifreiðum. Verður ekki annað séð af gögnum málsins en að sú akrein hafi verið nokkuð ljós m.v. merkingar og ekki verður séð að snjór á götum hafi verið það mikill að það villti fyrir ökumanni bifreiðar B. Við þetta braut ökumaður bifreiðar B gegn fyrirmælum umferðarlaga og umferðarskipulagi sem ökumaður bifreiðar A mátti ætla að yrði virt. Ökumaður bifreiðar A ók hins vegar til hliðar og skipti um akrein án þess að virða að fullu fyrirmæli 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga um að það sé hægt án hættu og óþæginda fyrir aðra. Telst háttsemi beggja ökumanna jafnt hafa leitt til áræktursins og verður sök því skipt til helminga.

Niðurstaða.

Sök skiptist til helminga.

Reykjavík 24. febrúar 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 392/2015
M og
V v. starfsábyrgðartryggingar byggingastjóra S.

Gildissvið starfsábyrgðartryggingar byggingarstjóra vegna bótakröfu 8.7.2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 30.12.2014 ásamt fylgiskjölum 1-8
2. Bréf V dags. 6.2.2015 ásamt fylgiskjölum 1-2.

Málsatvik.

Byggingafulltrúinn í Reykjavík gerði úttekt á fjölbýlishúsakjarna í Reykjavík dagsett 23.10.2007 og sendi byggingarstjóra húsanna bréf um það efni dagsett sama dag. M fékk íbúð sína afhenta skv. kaupsamningi 13.1.2013 og sendi bréf til V dags. 8.7.2014 eftir að hafa kynnt sér stöðu fyrrnefndrar lokaúttektar og óskaði eftir því að M og V tilnefndu sameiginlegan matsmann til að meta umfangið og stöðuna eins og M orðar það. V hafnaði málaleitan M og vísaði í bréf sem hafði verið sent íbúa annarrar eignar í sama fjölbýlishúsakjarna þar sem bótaskyldu var hafnað. M telur annað eigi við um sig og vísar til tiltekinnu galla sem eru í íbúð sinni í fyrsta lagi sé klósett skakkt uppsett. Mygla sé við útvegg á bakvið gipsvegg sem settur hafi verið upp í íbúðinni.

V hafnar bótaskyldu. Af hálfu V er tekið fram vegna fullyrðingar í málskoti að V hafi hafnað kröfu íbúa umrædds fjölbýlishúsakjarna með bréfi dags. 17.11.2011. V vísar til þess að lokaúttekt hafi verið gerð í október 2007 og þar hafi verið skráðar 18 athugasemdir auk 12 athugasemda frá íbúðareigendum. V vísar til þess að sýna þurfi fram á almennt fjártjón þess sem krefst bóta úr byggingarstjóraábyrgð sem verði rakið til þess að ekki hafi verið byggt í samræmi við samþykktu uppdrætti, lög og reglugerðir. V telur að krafa í vátrygginguna sé fyrnd en byggingarár fasteignarinnar sé árið 2004 og eignin hafi verið afhent í nóvember það ár og meintur tjónsatburður hafi verið í síðasta lagi 30.11.2004. Þá telur V að verði komist að þeirri niðurstöðu að krafan sé ekki fyrnd þá sé hún niður fallin fyrir tómlæti og vísað er til 2. mgr. 45. gr. laga um fasteignakaup nr. 40/2002. Þá telur V ósannað að bótaskylda sé fyrir hendi úr lögboðinni starfsábyrgðartryggingu S hjá V. Í því sambandi bendir V á að einungis liggi fyrir lausleg samantekt í lokaúttekt sem flest varði lítið sem ekkert ábyrgð byggingarstjóra. Auk þess segir V að ekki liggi fyrir fullnægjandi gögn sem varpi ljósi á meinta galla við uppsetningu salernis eða gipsveggs í svefnherbergi. Auk þess liggi ekki fyrir neinar athugasemdir íbúa um frágang salernis þó þeir hafi búið í eigninni í 9 ár.

Álit.

M gerir kröfu um bætur úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra S hjá V vegna gallaðrar uppsetningar á klósetti og myglu við útvegg á bak við gipsvegg. Fram kemur í málskoti að M hafi fengið íbúð sína afhenta 13.1.2013, en kaupsamningur um íbúðina, söluyfirlit eða önnur gögn þar að lútandi liggja ekki fyrir. Ekki liggur fyrir mat á þeim meintu göllum sem M vísar til eða hvað það muni kosta að lagfæra galla ef um þá er að ræða. Þá liggur ekki fyrir að um sé að ræða galla sem byggingarstjóri verður talinn bera skaðabótaábyrgð á. Íbúðir í umræddum fjölbýlishúsaklasa voru afhentar í árslok 2004 og því verður ekkert fullyrt um það rúmum 10 árum síðar með hvaða hætti og hvernig þeim atvikum var háttað við afhendingu eignarinnar sem M gerir kröfu til að hann hafi orðið fyrir tjóni sem rekja má til skaðabótaábyrgðar S. Lokaúttekt sem vísað er til og lögð fram af M tekur ekki til þeirra atriða sem M krefst bóta á. M hefur því ekki fært sönnur á tjón

sem rekja má til byggingarstjóra. Þegar af þeim ástæðum á M ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra S hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra hjá V.

Reykjavík 17.2.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 393/2014**M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar sundlaugareiganda.****Maður slasaðist er hann var á leið upp úr vaðlaug.****Gögn.**

192. Málskot, móttakið 30.12.2014, ásamt fylgigögnum.

193. Bréf X, dags. 2.2.2014, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Að kvöldi 14.1.2013 var M gestkomandi í sundlaug í sveitarfélaginu S. Er hann var á leið úr vaðlaug mun hann hafa runnið á klaka og dottið á hægri handlegg. Hlaut hann við það áverka á olnboga.

Sundlaugin er í eigu og er rekin af S. Kveður M óforsvaranlegar aðstæður hafa verið í kringum vaðlaugina þar sem hann steig upp úr henni. Þar hafi verið hálka og myrkur. Af þeim sökum hafi hann ekki orðið hálkunnar var, runnið til og slasast. Ósættanlegt sé að sundlaugargestum sé hætta búin á eðlilegri gönguleið milli vaðlaugar og sundlaugar. Beri S skaðabótaábyrgð á þessum óforsvaranlegu aðstæðum sem leiddu til tjónsins.

M hefur krafist bóta vegna líkamstjóns síns úr ábyrgðartryggingu S hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Mjög takmarkaðra gagna nýtur við í málinu um slysið og tildrög þess. Ein skýrsla liggur fyrir sem ráða má að sé unnin af starfsmanni sundlaugarinnar samkvæmt lýsingu M á málsatvikum, þar sem fram kemur að M hafi runnið á klaka á leið úr vaðlaug og dottið á hægri hendi. Þannig liggur ekki fyrir hvar M var staddur nákvæmlega er hann datt og hvernig aðstæður þar voru. Af því sem fyrir liggur í málinu verður að telja ósannað að slysið verði rakið til atvika sem S getur borið ábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu S hjá X.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist ekki úr ábyrgðartryggingu S, Mosfellsbæjar, hjá X.

Reykjavík, 17. febrúar 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 394/2014
M
og V vegna ábyrgðartryggingar ökutækisins X.

Afleiðingar umferðarslyss 21. júní 2008.

Gögn.

1. Málskot móttakið í desember 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 19. janúar 2015 ásamt gögnum.
3. Bréf M dags. 28. janúar 2015.

Málsatvik.

M ók bifreið sinni á Snæfellsvegi þegar bifreiðinni X var ekið aftan á bifreið hans. M leitaði til læknis 23. júní 2008, eða tveimur dögum eftir áreksturinn. Einnig liggur fyrir matsgerð þar sem fjallað er um líkamstjón M og afleiðingar þess metnar skv. ákvæðum skaðabótalaga nr. 50/1993. Niðurstaða matsmanna var sú að einkenni M í brjóstbaki mætti rekja til umferðarslyssins 21. júní 2008 en ekki önnur einkenni og voru afleiðingarnar metnar til 3 miskastiga en M var ekki metinn til varanlegrar örorku. V greiddi bætur m.v. umrædda matgerð án viðurkenningar á greiðsluskyldu sinni.

M telur að einkenni hans, bæði í brjóstbaki og mjóbaki, sé hægt að rekja til afleiðinga umrædds umferðarslyss og krefst viðurkenningar á bótaskyldu V vegna þess. M bendir á að áreksturinn hafi verið harður og hann hafi strax leitað til læknis og ítrekað eftir það sem og í sjúkrahjálfun. M hafi verið 18 ára á slysdegi og heilsuhraustur fyrir slysið. Ekki séu neinar aðrar skýringar á óþægindum hans í dag í brjóst- og mjóbaki aðrar en umrætt umferðarslys. M telur að matsgerð sem liggur fyrir í málinu sýni ekki rétta niðurstöðu þar sem matsmenn dragi þar rangar ályktanir varðandi ökuhraða ökutækisins X, höggið sem komið hafi af árekstri sem og dómum hæstaréttar sem vísað sé til í matsgerðinni. Einnig gerir M nokkrar athugasemdir við forsendur þær sem matsmenn leggja til grundvallar matsgerðinni.

V bendir á að þrátt fyrir að það hafi ekki viðurkennt bótaskyldu vegna afleiðinga slyssins hafi það greitt bætur til M án viðurkenningar á bótaskyldu. V telur óljóst hver krafa M sé vegna málsins vegna þessa en bendir þó á nokkur atriði varðandi orsakatengsl. Í fyrsta lagi að mat liggja fyrir um afleiðingar og því hafi ekki verið hnekkt. Einnig bendir V á að M hafi lítið leitað læknishjálpar vegna meintra afleiðinga umferðarslyssins, nánar tiltekið hafi hann leitað til læknis strax eftir slysið einu sinni en síðan ekki fyrr en einu og hálfu ári síðar eða á árinu 2010 og síðast á árinu 2013 eða um fimm árum eftir slysið. Þetta dragi úr líkum á orsakatengslum auk þess sem litlar skemmdir megi sjá á bifreið M eftir áreksturinn sem bendi til þess að áreksturinn hafi ekki verið eins harður og M lýsir sjálfur. Þessu til viðbótar bendir V á að einkenni í baki séu ekki sértæk fyrir áverka og geti komið til af öðrum orsökum. V telur því ekki sýnt að M hafi hlotið líkamstjón í árekstrinum 21. júní 2008.

Álit.

Í málinu liggja fyrir gögn um árekstur þegar bifreið X var ekið aftan á bifreið M. Ætla má að ekið hafi verið á nokkrum hraða en myndir af bifreið eftir áreksturinn sýnir ekki miklar skemmdir. Ekki verða því dregnar víðtækar ályktanir af sömu gögnum um hversu harður áreksturinn varð. Það liggur þó fyrir að M leitaði fljótlega til læknis og kvartaði þar um verk milli herðablaða. Síðan líður um eitt og hálf ári þar til M leitar næst til læknis og þar kvartar hann um óþægindi í mjóbaki og tengir það afleiðingum umferðarslyssins og síðast leitar hann til læknis á árinu 2013 vegna sömu einkenna. Þar fyrir utan er minnst á læknisheimsóknir þar sem M leitar til læknis án þess að það komi fram í þeim heimsóknum að hann hafi einkenni vegna afleiðinga þessa slyss. Í matsgerð þeirri sem liggur fyrir í málinu telja matsmenn eftir skoðun umræddra gagna um heilsufar M og læknisskoðun og viðtal á matsfundi að sýnt sé að brjóstbakseinkenni M sé hægt að

rekja til umferðarslyssins 21. júní 2008 en þeir telja ekki ljóst að mjóbakseinkenni sé hægt að rekja til slyssins.

Í málinu er ágreiningur um hvort sannað sé að einkenni sem M á við að stríða í dag sé hægt að rekja til títtnefnds umferðarslyss 21. júní 2008. Nefndin telur ágreining sem þennan tækan til úrskurðar þar sem hann varðar í raun bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu ökutækisins þar sem V hefur hafnað því að bótaskylda sé fyrir hendi á þeim grundvelli að ekki sé sannað að M hafi hlotið líkamstjón við áreksturinn. Þau sönnunargögn sem liggja fyrir eru talin hér að ofan. Af þeim verður ráðið að það séu meiri líkur en minni að M hafi hlotið eitthvað líkamstjón þegar ekið var aftan á bifreið hans þann 21. júní 2008. Gögn um það líkamstjón eru takmörkuð meðal annars sökum stopula læknisheimsókna M. Í ljósi umrædds gagnaskorts getur nefndin ekki staðreynt hvort rangar forsendur hafi verið lagðar til grundvallar mati þeirra auk þess sem nefndin leggur ekki mat á læknisfræðileg atriði málsins. Verður því lagt til grundvallar að M hafi hlotið líkamstjón en ekki sannað að það sé meira en nú þegar hefur verið metið í fyrirbyggjandi matsgerð. Þar sem V hefur greitt bætur til M skv. matsgerð, þó án viðurkenningar á bótaskyldu sé, verður ekki séð að M eigi rétt til frekari bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

Viðurkennt er að M hlaut líkamstjón í árekstri 21. júní 2008 en hann á ekki rétt á frekari bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík 24. febrúar 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 395/2014
M og
V-1 vegna bifreiðarinnar A og V-2 vegna bifreiðarinnar B.

Árekstur bifreiða á Sæmundargötu í Reykjavík þ. 1. 7. 2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 16.12.2014 ásamt fylgiskjölum 1-22
2. Bréf V-1 dags 13.1.2015.
3. Bréf V-2 dags. 2.2.2015.

Málsatvik.

A var ekið Sæmundargötu til norðurs og B var ekið á eftir A. Ökumaður B hugðist ætla að aka framúr A vinstra megin þegar A var beygt til vinstri áleiðis að bifreiðastæði og lenti B í vinstri hlið A. Ökumaður A segist hafa gefið stefnuljós til vinstri og litið í hliðarspegil og ekki séð neitt athugasvert og hafi hún því beygt og um leið hafi B verið ekið á A. Ökumaður B segir að A hafi verið kyrrstæð á miðri akbrautinni og ákveðið að aka framúr þar sem ekki hefði logað stefnuljós og um leið hafi A verið beygt til vinstri. Farþegi í B ber með sama hætti og ökumaður B. Vitni að árekstrinum segir að B hafi verið ekið á talsverðri ferð áleiðis fram úr A og vitnið sá ekki hvort það var kveikt eða slökkt á stefnuljósum.

Álit.

Ökumanni A sem beygði til vinstri bar að sýna sérstaka varúð og gæta þess að það væri gert án hættu eða óþæginda fyrir aðra, sbr. 1. mgr. 17. gr. laga nr. 50/1987. Þessa gætti ökumaður A ekki og ekki hefur verið sýnt fram á að hún hafi gefið stefnuljós áður en hún beygði til vinstri. Ökumaður A ber því meginsök á árekstrinum. Ökumaður B sýndi ekki nægjanlega aðgæslu við framúrakstur á þeim stað þar sem áreksturinn varð og ber því einnig sök í málinu. Við mat á sakarskiptingu þykir eðlilegt að ökumaður A beri 2/3 sakar og ökumaður B beri 1/3 sakar.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber 2/3 sakar og ökumaður B ber 1/3 sakar.

Reykjavík 24.2.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.